

## I EES-STOFNANIR

## 1. Sameiginlega EES-nefndin

2014/EES/36/01	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1079/2013 frá 31. október 2013 um umbreytingarráðstafanir vegna beitingar reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004	1
2014/EES/36/02	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 216/2014 frá 7. mars 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2075/2005 um sértækar reglur um opinbert eftirlit með tríkínu í kjöti	4
2014/EES/36/03	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1006/2013 frá 18. október 2013 um leyfi fyrir L-systíni sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir	12
2014/EES/36/04	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1014/2013 frá 22. október 2013 um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2380/2001, (EB) nr. 1289/2004, (EB) nr. 1455/2004, (EB) nr. 1800/2004, (EB) nr. 600/2005, (ESB) nr. 874/2010, framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 388/2011, (ESB) nr. 532/2011 og (ESB) nr. 900/2011 að því er varðar heiti leyfishafa fyrir tilteknum aukefnum í fôður	14
2014/EES/36/05	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1016/2013 frá 23. október 2013 um leyfi fyrir blöndu með örverustofni DSM 11798 af ættinni <i>Coriobacteriaceae</i> sem fôðuraukefni fyrir svín	17
2014/EES/36/06	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1061/2013 frá 29. október 2013 um leyfi fyrir blöndu með <i>Enterococcus faecium</i> NCIMB 10415 sem fôðuraukefni fyrir kálfa, kiðlinga, ketti og hunda og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1288/2004 (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional products Sp. Z o.o)	20
2014/EES/36/07	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1059/2013 frá 29. október 2013 um leyfi fyrir blöndu með <i>Saccharomyces cerevisiae</i> MUCL 39885 sem fôðuraukefni fyrir eldisnautgripi og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 492/2006 (leyfishafi er Prosol SpA)	24
2014/EES/36/08	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1077/2013 frá 31. október 2013 um leyfi fyrir blöndu með <i>Enterococcus faecium</i> NBIMCC 8270, <i>Lactobacillus acidophilus</i> NBIMCC 8242, <i>Lactobacillus helveticus</i> NBIMCC 8269, <i>Lactobacillus delbrueckii</i> ssp. <i>lactis</i> NBIMCC 8250, <i>Lactobacillus delbrueckii</i> ssp. <i>bulgaricus</i> NBIMCC 8244 og <i>Streptococcus thermophilus</i> NBIMCC 8253 sem fôðuraukefni fyrir mjólkurgrísi (leyfishafi er Lactina Ltd)	27

<b>2014/EES/36/09</b>	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1101/2013 frá 6. nóvember 2013 um leyfi fyrir blöndu með <i>Enterococcus faecium</i> DSM 7134 og <i>Lactobacillus rhamnosus</i> DSM 7133 sem fôðuraukefni fyrir kálfa til eldis og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1288/2004 (leyfishafi er Lactosan GmbH & CoKG) . . . . .	31
<b>2014/EES/36/10</b>	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1334/2013 frá 13. desember 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1290/2008 að því er varðar nafn leyfishafa og ráðlagðan skammt blöndu með <i>Lactobacillus rhamnosus</i> (CNCM-I-3698) og <i>Lactobacillus farciminis</i> (CNCM-I-3699) . . . . .	34
<b>2014/EES/36/11</b>	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/60/ESB frá 30. ágúst 2010 um tiltekna undanþágur sem varða setningu fôðurjurtufræblanda, sem ætlaðar eru til notkunar við varðveislu náttúrulegs umhverfis, á markað . . . . .	36
<b>2014/EES/36/12</b>	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1019/2013 frá 23. október 2013 um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2073/2005 að því er varðar histamín í lagarafurðum . . . . .	41
<b>2014/EES/36/13</b>	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1138/2013 frá 8. nóvember 2013 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir bítertanól, klórfenvinfos, dódín og vinklósólín í eða á tilteknum afurðum . . . . .	43
<b>2014/EES/36/14</b>	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1017/2013 frá 23. október 2013 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna . . . . .	87
<b>2014/EES/36/15</b>	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1018/2013 frá 23. október 2013 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 432/2012 um samantekt lista yfir leyfilegar heilsufullyrðingar er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna . . . . .	91
<b>2014/EES/36/16</b>	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1069/2013 frá 30. október 2013 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á natríumfosfötum (E 339) í náttúrulegar garnir fyrir pylsur . . . . .	94
<b>2014/EES/36/17</b>	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1067/2013 frá 30. október 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir aðskotaefnin díoxín, díoxínlik PCB-efni og ódíoxínlik PCB-efni í lifur landdyra . . . . .	96
<b>2014/EES/36/18</b>	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1066/2013 frá 30. október 2013 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna . . . . .	98
<b>2014/EES/36/19</b>	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1274/2013 frá 6. desember 2013 um breytingu og leiðréttingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 og viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar tiltekin matvælaaukefni . . . . .	105
<b>2014/EES/36/20</b>	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 59/2014 frá 23. janúar 2014 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á brennisteinsdíoxíði -- sulfítum (E 220-228) í afurðir, að stofni til úr kryddvíni . . . . .	112
<b>2014/EES/36/21</b>	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1056/2013 frá 29. október 2013 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið neómýsín . . . . .	115

<b>2014/EES/36/22</b>	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1057/2013 frá 29. október 2013 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið mangankarbónat. ....	118
<b>2014/EES/36/23</b>	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 7. mars 2013 um öryggiskröfur, sem uppfylla á með Evrópustöðlum, um tiltekin sæti fyrir börn samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB um öryggi vöru (2013/121/ESB) .....	121
<b>2014/EES/36/24</b>	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 681/2013 frá 17. júlí 2013 um breytingu á III. hluta II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB um öryggi leikfanga .....	133
<b>2014/EES/36/25</b>	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 4/2014 frá 6. janúar 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 640/2009 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB að því er varðar kröfur varðandi vishönnun á rafmagnshreyflum .....	135
<b>2014/EES/36/26</b>	Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1072/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir farmflutninga á vegum milli landa (endurútgefin) .....	137
<b>2014/EES/36/27</b>	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 611/2012 frá 9. júlí 2012 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir flutninga með hópbífeidum milli landa .....	153
<b>2014/EES/36/28</b>	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 612/2012 frá 9. júlí 2012 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1072/2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir farmflutninga á vegum milli landa .....	154
<b>2014/EES/36/29</b>	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 613/2012 frá 9. júlí 2012 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1071/2009 um sameiginlegar reglur varðandi skilyrði sem uppfylla þarf til þess að mega starfa sem flutningsaðili á vegum. ....	155
<b>2014/EES/36/30</b>	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. desember 2009 um lágmarkskröfur vegna gagna sem á að færa inn í rafræna landskrá yfir flutningafyrirtæki á vegum ( <i>tilkynnt með númeri C(2009)9959</i> ) (2009/992/ESB). ....	156
<b>2014/EES/36/31</b>	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1213/2010 frá 16. desember 2010 um sameiginlegar reglur varðandi samtengingu rafrænna landskráa yfir flutningafyrirtæki á vegum. ....	160
<b>2014/EES/36/32</b>	Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 530/2012 frá 13. júní 2012 um að flýta innleiðingu á kröfum um tvöfaldan byrðing eða sambærilegum hönnunarkröfum fyrir olíuflutningaskip með einföldum byrðingi (endurútgefin) .....	169
<b>2014/EES/36/33</b>	Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 frá 20. október 2010 um rannsóknir og forvarnir gegn slysum og flugatvikum í almenningssflugum og um niðurfellingu á tilskipun 94/56/EB .....	176
<b>2014/EES/36/34</b>	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 5. desember 2012 um aðgangsrétt að miðlægu evrópsku gagnasafni um öryggistilmæli og svör við þeim sem komið var á fót með 5. mgr. 18. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 um rannsóknir og forvarnir gegn slysum og flugatvikum í almenningssflugum og um niðurfellingu á tilskipun 94/56/EB (2012/780/ESB) .....	192

<b>2014/EES/36/35</b>	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr.1103/2013 frá 6.nóvember 2013 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 að því er varðar viðurkenningu á jafngildi krafna um flugvernd í þriðju löndum . . . . .	194
<b>2014/EES/36/36</b>	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr.1116/2013 frá 6. nóvember 2013 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 að því er varðar nánari útlitun, samræmingu og einföldun á tilteknum sértækum flugverndarráðstöfunum. . . . .	196
<b>2014/EES/36/37</b>	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1143/2013 frá 13. nóvember 2013 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1031/2010 um tímasetningu, stjórnun og aðra þætti í tengslum við uppboð á heimildum til losunar gróðurhúsalofttegunda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins, einkum í því skyni að skrá uppboðsvettvang sem Þýskaland tilnefni . . . . .	213
<b>2014/EES/36/38</b>	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/28/ESB frá 17. maí 2013 um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB um úr sér gengin ökutæki . . . . .	220
<b>2014/EES/36/39</b>	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr.912/2013 frá 23. september 2013 um framkvæmd á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 452/2008 um gerð og þróun hagskýrslna um menntun og símenntun að því er varðar hagskýrslur um mennta- og starfsmenntakerfi . . . . .	225
<b>2014/EES/36/40</b>	Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1260/2013 frá 20. nóvember 2013 um lýðfræðilegar hagtölur í Evrópu . . . . .	231
<b>2014/EES/36/41</b>	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1374/2013 frá 19. desember 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 36. . . . .	236
<b>2014/EES/36/42</b>	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1375/2013 frá 19. desember 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 39. . . . .	240
<b>2014/EES/36/43</b>	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 314/2012 frá 12. apríl 2012 um breytingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 555/2008 og (EB) nr. 436/2009 að því er varðar fylgiskjöl með sendingum vínafurða og skrár sem halda skal fyrir vingeirann. . . . .	245
<b>2014/EES/36/44</b>	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. desember 2011 um breytingu á ákvörðun 2002/364/EB um sameiginlegar tækniforskriftir fyrir lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi ( <i>tilkynnt með númeri C(2011) 9398</i> ) (2011/869/ESB) . . . . .	262
<b>2014/EES/36/45</b>	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 18. apríl 2011 um breytingu á ákvörðun 2009/766/EB um samræmingu á tíðnisviðunum 900 MHz og 1800 MHz fyrir landstöðvakerfi sem eru fær um að veita samevrópska, rafræna fjarskiptaþjónustu innan Bandalagsins ( <i>tilkynnt með númeri C(2011) 2633</i> ) (2011/251/ESB) . . . . .	264
<b>2014/EES/36/46</b>	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. desember 2009 um breytingu á ákvörðun 2002/622/EB um að koma á fót hópi til að marka stefnu varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar (2009/978/ESB) . . . . .	266
<b>2014/EES/36/47</b>	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. nóvember 2012 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 492/2011 að því er varðar afgreiðslu atvinnutilboða og atvinnuumsókna og endurreisn EURES-netsins ( <i>tilkynnt með númeri C(2012) 8548</i> ) (2012/733/ESB) . . . . .	268

<b>2014/EES/36/48</b>	Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1071/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur varðandi skilyrði sem uppfylla þarf til þess að mega starfa sem flutningsaðili á vegum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/26/EB. ....	274
<b>2014/EES/36/49</b>	Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir flutninga með hópbifreiðum milli landa og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 561/2006 (endurútgæfin). ....	295
<b>2014/EES/36/50</b>	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1042/2012 frá 7. nóvember 2012 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1031/2010 í því skyni að skrá uppboðsvettvang sem Breska konungsríkið tilnefnir. ....	313
<b>2014/EES/36/51</b>	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 315/2012 frá 12. apríl 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 606/2009 um tilteknar, itarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 að því er varðar flokka vinnræktarafurða, vinnfræðilegar vinnsluáðferðir og takmarkanir þar að lútandi. ....	318
<b>2014/EES/36/52</b>	Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1100/2008 frá 22. október 2008 um afnám eftirlits með flutningum á vegum og skipgengum vatnaleiðum sem fram fer á landamærum aðildarríkjanna (Kerfisbundin útgáfa). ....	322
<b>2014/EES/36/53</b>	Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 763/2008 frá 9. júlí 2008 um manntal og húsnæðistal. ....	329
<b>2014/EES/36/54</b>	Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 frá 11. mars 2009 um evrópskar hagskýrslur og niðurfellingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB, KBE) nr. 1101/2008 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalaganna, reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 um hagskýrslur Bandalagsins og ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE um að koma á fót hagskýrsluáætlunarnefnd Evrópubandalaganna. ....	336
<b>2014/EES/36/55</b>	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1200/2009 frá 30. nóvember 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1166/2008 um kannanir á framleiðsluskipan á bújörðum og könnun á framleiðsluáðferðum í landbúnaði að því er varðar reiknistuðla búfjáreininga og skilgreiningar á einkennum. ....	346
<b>2014/EES/36/56</b>	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1055/2008 frá 27. október 2008 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 184/2005 að því er varðar gæðaviðmiðanir og gæðaskýrslur varðandi hagskýrslur um greiðslujöfnuð. ....	374
<b>2014/EES/36/57</b>	Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 11. janúar 2011 um vottun fyrirtækja á sviði varnartengdra vara skv. 9. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB um að einfalda skilmála og skilyrði vegna tilflutnings varnartengdra vara innan Bandalagsins (2011/24/ESB). ....	376
<b>2014/EES/36/58</b>	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 18. desember 2012 um jafngildi milli flokka ökuskirteina ( <i>tilkynnt með númeri C(2012) 9358</i> ) (2013/21/ESB). ....	389
<b>2014/EES/36/59</b>	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 7. október 2013 um breytingu á ákvörðun 2009/821/EB að því er varðar skrána yfir skoðunarstöðvar á landamærum ( <i>tilkynnt með númeri C(2013) 6383</i> ) (2013/491/ESB). ....	458
<b>2014/EES/36/60</b>	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 13. desember 2013 um varnarráðstafanir vegna heilbrigðis dýra í tengslum við svínapest í tilteknum aðildarríkjum ( <i>tilkynnt með númeri C(2013) 8667</i> ) (2013/764/ESB). ....	462

<b>2014/EES/36/61</b>	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 29. nóvember 2013 um breytingu á I. viðauka við ákvörðun 2009/177/EB að því er varðar sjúkdómalaus stöðu Danmerkur með tilliti til veirublæðis og sjúkdómalaus stöðu Írlands og yfirráðasvæðis Breska konungsríkisins á Norður-Írlandi með tilliti til skjónakarpaherpesveiki ( <i>tilkynnt með númeri C(2013) 8385</i> ) (2013/706/ESB) . . . . .	467
<b>2014/EES/36/62</b>	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 19. júní 2013 um breytingu á II. viðauka við ákvörðun 2009/861/EB um umbreytingarráðstafanir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 að því er varðar vinnslu hrámjólkur sem uppfyllir ekki kröfur í tilteknum mjólkurvinnslustöðvum í Búlgaríu ( <i>tilkynnt með númeri C(2013) 3740</i> ) (2013/302/ESB) . . . . .	469
<b>2014/EES/36/63</b>	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1275/2013 frá 6. desember 2013 um breytingu á I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB að því er varðar hámarksgildi fyrir arsen, kadmíum, blý, nítrít, rokgjarna mustarðsolíu og skaðleg grasafraðileg óhreinindi . . . . .	474
<b>2014/EES/36/64</b>	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/60/ESB frá 27. nóvember 2013 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/24/EB um tiltekna ihluti í vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum og sérkenni slíkra ökutækja, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/24/EB um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/67/EB um uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum í því skyni að aðlaga þær að tækniframförum . . . . .	481
<b>2014/EES/36/65</b>	Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 27. mars 2013 um tilvist eiturefnanna T-2 og HT-2 í korni og kornafurðum (2013/165/ESB) . . . . .	505
<b>2014/EES/36/66</b>	Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 8. nóvember 2013 um rannsóknir á innihaldi akrýlamíðs í matvælum (2013/647/ESB) . . . . .	509
<b>2014/EES/36/67</b>	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1235/2013 frá 2. desember 2013 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið díklasúríl . . . . .	512
<b>2014/EES/36/68</b>	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1336/2013 frá 13. desember 2013 um breytingu á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB, 2004/18/EB og 2009/81/EB að því er varðar beitingu viðmiðunarfjárhæða við útboð og gerð samninga . . . . .	514
<b>2014/EES/36/69</b>	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. desember 2013 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir búnað til myndgerðar ( <i>tilkynnt með númeri C(2013) 9097</i> ) (2013/806/ESB) . . . . .	516
<b>2014/EES/36/70</b>	Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1295/2013 frá 11. desember 2013 um að koma á fót áætluninni Skapandi Evrópa (2014-2020) og um niðurfellingu ákvarðana nr. 1718/2006/EB, nr. 1855/2006/EB og nr. 1041/2009/EB . . . . .	527
<b>2014/EES/36/71</b>	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 364/2008 frá 23. apríl 2008 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 716/2007 að því er varðar tæknilegt snið á sendingum hagskýrsla um erlend hlutdeildarfélög og undanþágur sem veita skal aðildarríkjunum. . . . .	544
<b>2014/EES/36/72</b>	Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1338/2008 frá 16. desember 2008 um hagskýrslur Bandalagsins um lýðheilsu og heilbrigði og öryggi á vinnustað . . . . .	552

<b>2014/EES/36/73</b>	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 519/2010 frá 16. júní 2010 um samþykkt áætlunar um hagskýrslugögn og lýsigögn um manntal og húsnæðistal, eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 763/2008 . . . . .	564
<b>2014/EES/36/74</b>	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 21. desember 2011 um breytingu á ákvörðun 2009/861/EC um umbreytingarráðstafanir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 að því er varðar vinnslu hrámjólkur, sem uppfyllir ekki kröfur, í tilteknum mjólkurvinnslustöðvum í Búlgaríu ( <i>tilkynnt með númeri C(2011) 9568</i> ) (2011/899/ESB) . . . . .	577
<b>2014/EES/36/75</b>	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 27. nóvember 2009 um breytingu á ákvörðun 2002/364/EB um sameiginlegar tækniforskriftir fyrir lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi ( <i>tilkynnt með númeri C(2009) 9464</i> ) (2009/886/EB) . . . . .	584
<b>2014/EES/36/76</b>	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 176/2012 frá 1. mars 2012 um breytingu á viðaukum B, C og D við tilskipun ráðsins 90/429/EBE að því er varðar dýraheilbrigðiskröfur viðvíkjandi öldusótt og Aujeszky-sveiki . . . . .	600
<b>2014/EES/36/77</b>	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. júní 2012 um skipulagningu tímabundinnar tilraunar samkvæmt tilskipunum ráðsins 66/401/EBE, 66/402/EBE, 2002/54/EB, 2002/55/EB og 2002/57/EB að því er varðar akurskoðun undir opinberu eftirliti á stofnfræi og kynbættu fræi af kynslóðunum á undan stofnfræi . . . . .	609
<b>2014/EES/36/78</b>	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. janúar 2012 um breytingu á ákvörðunum 2011/263/ESB og 2011/264/ESB til að taka tillit til þróunar í flokkun ensíma í samræmi við I. viðauka við tilskipun ráðsins 67/548/EBE og VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ( <i>tilkynnt með númeri C(2012) 323</i> ) (2012/49/ESB) . . . . .	612
<b>2014/EES/36/79</b>	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 8. september 2011 um breytingu á viðaukanum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB, að því er varðar undanþágur varðandi búnað sem inniheldur blý og kadmíum, í því skyni að laga hann að tækniframförum ( <i>tilkynnt með númeri C(2011) 6309</i> ) (2011/534/ESB) . . . . .	614
<b>2014/EES/36/80</b>	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. apríl 2012 um breytingu á ákvörðun 2009/821/EB að því er varðar skrárnar yfir skoðunarstöðvar á landamærum og dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu ( <i>tilkynnt með númeri C(2012) 2377</i> ) (2012/197/ESB) . . . . .	616
<b>2014/EES/36/81</b>	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 27. júlí 2012 um breytingu á ákvörðun 2009/821/EB að því er varðar skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum ( <i>tilkynnt með númeri C(2012) 5187</i> ) (2012/450/ESB) . . . . .	622
<b>2014/EES/36/82</b>	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 6. desember 2012 um breytingu á ákvörðun 2009/821/EB að því er varðar skrárnar yfir skoðunarstöðvar á landamærum og dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu ( <i>tilkynnt með númeri C(2012) 8889</i> ) (2012/762/ESB) . . . . .	625
<b>2014/EES/36/83</b>	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 13. desember 2012 um breytingu á ákvörðun 2010/221/ESB að því er varðar landsráðstafanir til að koma í veg fyrir að tilteknir lagardýrasjúkdómar berist til hluta Írlands, Finnlands og Bretlands ( <i>tilkynnt með númeri C(2012) 9295</i> ) (2012/786/ESB) . . . . .	632
<b>2014/EES/36/84</b>	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 24. janúar 2013 um viðmiðunarreglur um framkvæmd sérstakra skilyrða sem varða heilsufullyrðingar sem mælt er fyrir um í 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.1924/2006 (2013/63/ESB) . . . . .	634

<b>2014/EES/36/85</b>	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 23. nóvember 2012 um að færa bifentrín ekki á skrá fyrir vöruflokk 18 í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna ( <i>tilkynnt með númeri C(2012) 8442</i> ) (2012/728/ESB) . . . . .	638
<b>2014/EES/36/86</b>	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 14. febrúar 2013 um að færa tiltekin efni ekki á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna ( <i>tilkynnt með númeri C(2013) 670</i> ) (2013/85/ESB). . . . .	639
<b>2014/EES/36/87</b>	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1272/2013 frá 6. desember 2013 um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi fjölhringa, arómatískum vetniskolefnum) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2009 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) . . . . .	641
<b>2014/EES/36/88</b>	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1407/2013 frá 18. desember 2013 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart minniháttaraðstoð . . . . .	644
<b>2014/EES/36/89</b>	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 4. mars 2013 um að taka saman notendahandbók þar sem lýst er nauðsynlegum áföngum til aðildar að umhverfisstjórnunarkerfi ESB samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) ( <i>tilkynnt með númeri C(2013) 1114</i> ) (2013/131/ESB) . . . . .	652
<b>2014/EES/36/90</b>	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 859/2013 frá 5. september 2013 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004 um hagskýrslur Bandalagsins um upplýsingasamfélagið . . . . .	691
<b>2014/EES/36/91</b>	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 23. mars 2011 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2002/55/EB að því er varðar skilyrði fyrir því að veita leyfi til að setja á markað litlar pakkningar með blöndum af stöðluðu fræi af mismunandi grænmetisyrkjum sem tilheyra sömu tegund ( <i>tilkynnt með númeri C(2011) 1760</i> ) (2011/180/ESB). . . . .	707
<b>2014/EES/36/92</b>	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. febrúar 2012 um breytingu á ákvörðun 2007/453/EB að því er varðar stöðu Danmerkur og Panama með tilliti til kúariðu ( <i>tilkynnt með númeri C(2012) 678</i> ) (2012/111/ESB) . . . . .	709

## **II EFTA-STOFNANIR**

- 1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna**
- 2. Eftirlitsstofnun EFTA**
- 3. EFTA-dómstóllinn**

## **III ESB-STOFNANIR**

- 1. Framkvæmdastjórnin**



# ESB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1079/2013

2014/EES/36/01

frá 31. október 2013

um umbreytingarráðstafanir vegna beitingar reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu <sup>(1)</sup>, einkum fyrstu málsgrein 9. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis<sup>(2)</sup>, einkum fyrstu málsgrein 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerðum (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 er kveðið á um umtalsverðar breytingar á reglum og verklagi sem stjórnendur matvælaþyrftækja og lögbær yfirvöld aðildarríkjanna þurfa að fylgja. Þessar reglugerðir gilda frá 1. janúar 2006. Það hefði þó í vissum tilvikum valdið erfiðleikum í framkvæmd ef sumum þeirra reglna og verklagsreglna, sem þar var mælt fyrir um, hefði verið beitt þegar frá þeim degi.
- 2) Þar af leiðandi er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1162/2009 frá 30. nóvember 2009 um bráðabirgðaráðstafanir til framkvæmdar reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004, (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004 <sup>(3)</sup> mælt fyrir um umbreytingarráðstafanir vegna umbreytingartímabils sem lýkur 31. desember 2013, til að koma á hnökralausum skiptum yfir í fulla framkvæmd nýju reglnanna og verklagsins sem mælt er fyrir um í þessum þremur reglugerðum. Lengd umbreytingartímabilsins var fastsett með hliðsjón af endurskoðun reglurammans um hollustuhætti sem kveðið er á um í þessum reglugerðum.
- 3) Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar frá 28. júlí 2009 til Evrópuþingsins og ráðsins um reynsluna af beitingu hollustuháttareglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004, (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004<sup>(4)</sup> „hefur það að markmiði að sýna á raunsannan hátt þá reynslu sem fengist hefur,

þ.m.t. þá erfiðleika sem upp komu, af framkvæmd hollustuháttapakans hjá öllum hagsmunaaðilum á árunum 2006, 2007 og 2008“ („skýrslan“).

- 4) Í skýrslunni er m.a. farið yfir reynsluna af umbreytingarráðstöfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1162/2009. Í skýrslunni kemur fram að upp hafi komið vandamál í tengslum við afhendingu á litlu magni af tilteknum matvælum á staðnum, að frekari skýringar séu nauðsynlegar við aðstæður þar sem landsbundnar reglur gilda um innflutning þegar samræmdar reglur á vettvangi Sambandsins vantar og að hættuástand, sem hefur skapast vegna innfluttra samsettra afurða, staðfesti þörf á auknu eftirliti með slíkum afurðum.
- 5) Taka þarf á þessum erfiðleikum með endurskoðun á reglugerðum (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004. Mati á áhrifum, sem fylgir slíkri endurskoðun, var hrint af stað strax að lokinni birtingu skýrslunnar. Þó þarf lengri tíma til að ljúka mati á áhrifum áður en almennri málsmeðferð vegna endurskoðunarinnar er hrint af stað.
- 6) Þar að auki ættu lögbær yfirvöld aðildarríkjanna og þeir geirar í matvælaíðnaðinum í Sambandinu sem málið varðar, á grundvelli upplýsinga frá Matvæla- og dýraheilbrigðisráðgjafstofnunni, að halda tilteknum umbreytingarráðstöfunum, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1162/2009, þar til endurskoðunarferlinu er lokið.
- 7) Rétt er því að setja ákvæði um frekara umbreytingartímabil þar sem tiltekna umbreytingarráðstafanir, sem er sem stendur mælt fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1162/2009, gilda áfram.
- 8) Bein afhending framleiðanda á litlu magni kjöts af alifuglum og nörturum, sem er slátrað á býlinu, til neytenda eða smásöluþyrftækja á staðnum sem afhenda slíkt kjöt beint til neytenda sem nýtt kjöt er undanþegin gildissviði beitingar reglugerðar (EB) nr. 853/2004. Takmörkun þeirra ákvæða við nýtt kjöt áður en endurskoðun þeirrar reglugerðar er lokið mun þó íþyngja smáframleiðendum. Þar af leiðandi er í reglugerð (EB) nr. 1162/2009 kveðið á um undanþágu frá þeim ákvæðum sem sett eru fram í reglugerð (EB) nr. 853/2004 varðandi beina afhendingu á slíkum vörum með vissum skilyrðum, án þess að takmarka hana við nýtt kjöt. Þessi undanþága ætti að vera opin meðan viðbótarumbreytingartímabilið, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, varir.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 292, 1.11.2013, bls. 10. Hennar var getið í ákvæðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 314, 1.12.2009, bls. 10.

<sup>(4)</sup> COM(2009) 403, lokagerð.

- 9) Í reglugerðum (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 er mælt fyrir um tilteknar reglur varðandi innflutning til Sambandsins á afurðum úr dýraríkinu og matvælum sem innihalda bæði afurðir úr jurtaríkinu og unnar afurðir úr dýraríkinu (samsettar afurðir). Í reglugerð (EB) nr. 1162/2009 er kveðið á um umbreytingarráðstafanir sem vikja frá sumum þessara reglna vegna tiltekinna samsettra afurða hafi lýðheilsuskilyrði fyrir innflutningi þeirra inn til Sambandsins ekki enn verið samræmd á vettvangi Sambandsins. Þeim skilyrðum var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 28/2012 frá 11. janúar 2012 um kröfur vegna útgáfu vottorða vegna innflutnings á tilteknum samsettum afurðum til Sambandsins og umflutnings þeirra gegnum það og um breytingu á ákvörðun 2007/275/EB og reglugerð (EB) nr. 1162/2009<sup>(5)</sup> og verða þau ekki að fullu samræmd fyrir 31. desember 2013. Þar til samræming á löggjöf Sambandsins hefur átt sér stað er þar af leiðandi nauðsynlegt að kveða á um undanþágur á meðan á viðbótarumbreytingartímabilinu, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, stendur.
- 10) Til glöggvunar ætti að fella reglugerð (EB) nr. 1162/2009 úr gildi.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

##### Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um umbreytingarráðstafanir vegna beitingar reglugerða (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 á umbreytingartímabili sem stendur frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2016.

##### 2. gr.

##### Bein afhending á litlu magni kjöts af alifuglum og nörturum

Þrátt fyrir d-lið 3. mgr. 1. gr. og með fyrirvara um 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004 skulu ákvæðin, sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð, ekki gilda um beina afhendingu framleiðanda á litlu magni kjöts af alifuglum og nörturum,

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 12, 14.1.2012, bls. 1.

sem er slátrað á býlinu, til neytenda eða smásölufyrirtækja á staðnum sem afhenda beint til lokaneytenda.

##### 3. gr.

##### Heilbrigðisskilyrði vegna innflutnings á afurðum úr dýraríkinu

1. Ákvæði 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004 gilda ekki við innflutning á afurðum úr dýraríkinu hafi samræmd lýðheilsuskilyrði vegna innflutnings á þeim ekki verið ákveðin á vettvangi Sambandsins.

Innflutningur á þeim afurðum úr dýraríkinu skal uppfylla lýðheilsuskilyrði innflutningsaðildarríkisins.

2. Þrátt fyrir 6. gr. (4. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 853/2004 skulu stjórnendur matvælafyrirtækja, sem flytja inn matvæli sem innihalda bæði afurðir úr jurtaríkinu og unnar afurðir úr dýraríkinu, aðrar en samsettu afurðirnar sem um getur í 3. gr. (1. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 28/2012, vera undanþegnir þeim skyldum sem kveðið er á um í 6. gr. (4. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 853/2004.

Innflutningur á slíkum matvælum skal vera í samræmi við samræmdar reglur Sambandsins, eftir því sem við á, og landsbundnar reglur sem beitt var í aðildarríkjunum í öðrum tilvikum.

##### 4. gr.

##### Verklagsreglur að því er varðar innflutning á afurðum úr dýraríkinu

Ákvæði III. kafla reglugerðar (EB) nr. 854/2004 gilda ekki um innflutning á afurðum úr dýraríkinu hafi samræmd lýðheilsuskilyrði vegna innflutnings á þeim ekki verið ákveðin á vettvangi Sambandsins, þ.m.t. skrár yfir þriðju lönd og hluta þriðju landa og starfsstöðvar sem innflutningur er leyfður frá.

Innflutningur á slíkum afurðum úr dýraríkinu skal uppfylla lýðheilsuskilyrði innflutningsaðildarríkisins.

##### 5. gr.

##### Niðurfelling reglugerðar (EB) nr. 1162/2009

Reglugerð (EB) nr. 1162/2009 er hér með felld úr gildi.

6. gr.

**Gildistaka og beiting**

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.  
Reglugerð þessi gildir frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. október 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,  
forseti.*

José Manuel BARROSO

---

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 216/2014

2014/EES/36/02

frá 7. mars 2014

## um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2075/2005 um sértækar reglur um opinbert eftirlit með trikinu í kjöti (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis <sup>(1)</sup>, einkum 6., 8., 10. og 12. lið 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2075/2005 frá 5. desember 2005 um sértækar reglur um opinbert eftirlit með trikinu í kjöti<sup>(2)</sup> er mælt fyrir um reglur um sýnatöku úr skrokkum af tegundum, sem eru næmar fyrir trikinusmiti, til að ákvarða stöðu bújarða og svæða og skilyrði fyrir innflutningi á kjöti til Sambandsins. Þar er einnig kveðið á um tilvísunaraðferðir og jafngildar aðferðir til að greina trikinu í sýnum úr skrokkum.
- 2) Hinn 3. október 2011 samþykkti Matvælaöryggisstofnun Evrópu (Matvælaöryggisstofnunin) vísindalegt álit um hættu fyrir lýðheilsu sem skoðun á kjöti (svín) á að ná yfir<sup>(3)</sup>. Í því áliti skilgreindi Matvælaöryggisstofnunin trikinu sem miðlungshættu fyrir lýðheilsu í tengslum við neyslu á svinakjöti og komst að þeirrar niðurstöðu, að því er varðar skoðunaraðferðir vegna líffræðilegrar hættu, að eina leiðin til að tryggja skilvirkt eftirlit með meginhættum sé að tryggja öryggi svinaskrokka með ýmsum forvarnaráðstöfunum og eftirliti sem er beitt á samþættan hátt á bújörðum og í sláturhúsum.
- 3) Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi tiltekna faraldsfræðilega vísa í tengslum við trikinu. Með hliðsjón af tilgangi og faraldsfræðilegum aðstæðum í landinu má beita vísunum á landsvísu, svæðisbundið, á vettvangi sláturhúsa eða bújarða.
- 4) Matvælaöryggisstofnunin viðurkennir að trikinu finnast stöku sinnum í Sambandinu, aðallega í útisvínunum og húsgerðasvínunum. Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi einnig gerð framleiðslukerfis sem helsta staka áhættuþáttinn að því er varðar trikinusmit. Að auki sýna fyrirbyggjandi gögn fram á að áhætta vegna trikinusmits í svínunum sem koma úr opinberlega viðurkenndri hýsingu við stýrð skilyrði er óveruleg.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 69, 8.3.2014, bls. 85. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 60.

<sup>(3)</sup> Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2011, 9(10), 2351. [198 bls.], birt 3. október 2011.

- 5) Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin (OIE) viðurkennir ekki lengur stöðu óverulegrar áhættu fyrir land eða svæði í alþjóðlegu samhengi. Þess í stað er slík viðurkenning tengd við hólfið með einni eða fleiri bújörðum sem beita sértækri hýsingu við stýrð skilyrði.
- 6) Með skírskotun til samræmis við alþjóðlega staðla og til að efla eftirlitskerfi í samræmi við raunverulegar áhættur fyrir lýðheilsu ætti að samþykkja ráðstafanir til að draga úr áhættu, þ.m.t. skilyrði fyrir innflutningi, vegna trikinu í sláturhúsum og skilyrði til að ákvarða stöðu landa, svæða eða bújarða að því er varðar trikinusmit og gera þau hagkvæmari og einfaldari.
- 7) Belgía og Danmörk tilkynntu árið 2011 um óverulega áhættu vegna trikinu, að því er varðar yfirráðasvæði þeirra, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2075/2005. Slík staða, að áhætta sé óveruleg fyrir land eða svæði, er þó ekki lengur viðurkennd. Þó ætti bújörðum og hólfum í Belgíu og Danmörku, sem uppfylla skilyrði fyrir stýrða hýsingu á gildistökudegi þessarar reglugerðar, að vera heimilt að beita undanþágunni fyrir slíkar bújarðir og hólfið án viðbótarforsendna, t.d. frekari krafna þess efnis að lögbært yfirvald viðurkenni þau opinberlega seinna meir.
- 8) Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á sníkllum hefur mælt með því að texti reglugerðarinnar verði gerður skýrari í tengslum við verklagsreglur fyrir tiltekna, jafngildar aðferðir fyrir trikinuþrófun.
- 9) Kveða ætti á um að stjórnendur verði að tryggja að dauðum dýrum sé safnað saman, þau auðkennd og flutt án ástæðulausrar tafar í samræmi við 21. og 22. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum)<sup>(4)</sup> og við VIII. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun<sup>(5)</sup>.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1.

- 10) Gefa ætti skýrslu um fjölda tilfella (innflutt og staðmynduð) trikinu í mönnum, þ.m.t. faraldsfræðileg gögn, í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/96/EB frá 22. desember 1999 um smitsjúkdóma sem skulu felldir undir netkerfi Bandalagsins í áföngum samkvæmt ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2119/98/EB<sup>(6)</sup>.
- 11) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 2075/2005 til samræmis við það.
- 12) Kröfurnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð fela í sér aðlögun á núverandi starfsvenjum, bæði fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja og lögbær yfirvöld. Því er rétt að heimila að beitingu sumra ákvæða þessarar reglugerðar sé frestað.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 2075/2005 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 1. gr. komi eftirfarandi:

„1. gr.

##### Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „Trikiná“: allar tegundir þráðorma sem eru af ættkvíslinni *Trichinella*.
- 2) „Hýsing við stýrð skilyrði“: starfshættir í búfjárrækt þar sem svinum er alltaf haldið, að því er varðar fôðrun og aðbúnað, við skilyrði sem stjórnandi matvælafyrirtækisins stýrir.
- 3) „Hólf“: hópur bújarða sem beita hýsingu við stýrð skilyrði. Allar bújarðir í aðildarríki, sem beita hýsingu við stýrð skilyrði, geta talist eitt hólf.“

- 2) Í stað 2. og 3. gr. komi eftirfarandi:

„2. gr.

##### Taka sýna úr skrokkum

1. Taka skal sýni úr skrokkum alisvína í sláturhúsum sem hluta af skoðun eftir slátrun á eftirfarandi hátt:

- a) allir skrokkar af gyllum til undaneldis og göltum eða a.m.k. 10% skrokka af dýrum sem send eru til slátrunar á ári hverju frá öllum bújörðum, sem eru opinberlega viðurkenndar sem bújarðir sem beita hýsingu við stýrð skilyrði, skulu rannsakaðir með tilliti til trikinu,

- b) allir skrokkar frá bújörðum, sem eru ekki opinberlega viðurkenndar sem bújarðir sem beita hýsingu við stýrð skilyrði, skulu rannsakaðir kerfisbundið með tilliti til trikinu.

Taka skal sýni úr hverjum skrokki og rannsaka það með tilliti til trikinu á rannsóknarstofu, sem lögbært yfirvald tilnefnir, með einni af eftirfarandi greiningaraðferðum:

- a) tilvísunargreiningaraðferðinni sem sett er fram í I. kafla I. viðauka eða
- b) jafngildri greiningaraðferð sem sett er fram í II. kafla I. viðauka.

2. Þar til niðurstöður liggja fyrir úr trikinurannsókninni og að því tilskildu að stjórnandi matvælafyrirtækisins ábyrgist fullan rekjanleika er heimilt að stykkja slíka skrokka í sex hluta hið mesta í sláturhúsi eða stykkjunarstöð sem er á sama athafnasvæði og sláturhúsið (athafnasvæðið).

Þrátt fyrir ákvæði fyrstu undirgreinar og í kjölfar samþykkis lögbærs yfirvalds er heimilt að stykkja skrokkana í stykkjunarstöð, hvort sem hún er tengd eða aðskilin sláturhúsinu, að því tilskildu að:

- a) það sé gert undir eftirliti lögbærs yfirvalds,
- b) hver skrokkur eða hluti hans endi ekki á fleiri en einni stykkjunarstöð,
- c) stykkjunarstöðin sé innan yfirráðasvæðis aðildarríkisins og
- d) allir hlutar skrokksins séu dæmdir óhæfir til manneldis ef niðurstöðurnar reynast jákvæðar.

3. Taka skal sýni kerfisbundið úr skrokkum hrossa, villisvína og annarra dýrategunda, alinna og villtra, sem eru næmar fyrir trikinusmiti, í sláturhúsum eða starfsstöðvum sem meðhöndla veiðidýr, sem hluta af skoðun eftir slátrun.

Taka skal sýni úr hverjum skrokki og rannsaka það í samræmi við I. og III. viðauka á rannsóknarstofu sem lögbært yfirvald tilnefnir.

3. gr.

##### Undanþágur

1. Þrátt fyrir 1. mgr. 2. gr. skal kjöt af alisvínunum, sem hefur sætt frystimeðhöndlun í samræmi við II. viðauka undir eftirliti lögbærs yfirvalds, undanþegið trikinurannsókn.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. 2. gr. skulu skrokkar og kjöt af alisvínunum, sem hafa ekki verið vanin undan og eru yngri en fimm vikna gömul, undanþegin trikinurannsókn.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 28, 3.2.2000, bls. 50.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. 2. gr. má veita undanþágu frá trikínurannsókn fyrir skrokka og kjöt af alisvínunum, ef dýrin koma frá bújörð eða hólfi sem opinberlega er viðurkennt að beiti hýsingu við stýrð skilyrði í samræmi við IV. viðauka, ef:

- a) staðmynduð trikínusmit í alisvínunum, sem haldin eru í hólfum sem eru opinberlega viðurkennd sem hólffur sem beita hýsingu við stýrð skilyrði, hafa greinst í aðildarríkinu á næstliðnum þremur árum en á meðan hafa samfelldar prófanir farið fram í samræmi við 2. gr., eða
- b) söguleg gögn um samfelldar prófanir, sem hafa farið fram á stofni slátraðra svína, veita a.m.k. 95% öryggi um það að algengi trikínunna fari ekki yfir 1 á hverja milljón í þeim stofni, eða
- c) bújarðirnar, sem beita hýsingu við stýrð skilyrði, eru staðsettar í Belgíu eða Danmörku.

4. Ef aðildarríki beitir undanþágunni sem kveðið er á um í 3. mgr. skal viðkomandi aðildarríki upplýsa framkvæmdastjórnina og önnur aðildarríki í fastanefndinni um matvælaferlið og heilbrigði dýra um það og leggja árlega skýrslu, sem hefur að geyma upplýsingarnar sem um getur í II. kafla IV. viðauka, fyrir framkvæmdastjórnina. Framkvæmdastjórnin skal birta á vefsetri sínu skrá yfir aðildarríki sem beita slíkri undanþágu.

Ef aðildarríki sendir ekki umrædda ársskýrslu eða ef hún er ófullnægjandi að því er þessa grein varðar gildir undanþágan ekki lengur fyrir viðkomandi aðildarríki.“

3) Í stað 8.–12. gr. komi eftirfarandi:

„8. gr:

#### **Opinber viðurkenning á bújörðum sem beita hýsingu við stýrð skilyrði**

1. Að því er varðar þessa reglugerð getur lögbært yfirvald opinberlega viðurkennt bújörð eða hólffur sem beitir hýsingu við stýrð skilyrði ef kröfurnar, sem mælt er fyrir um í IV. viðauka, eru uppfylltar.
2. Bújarðir eða hólffur, sem beita hýsingu við stýrð skilyrði í Danmörku eða Belgíu í samræmi við c-lið 3. mgr. 3. gr. á gildistökuþingi þessarar reglugerðar, teljast opinberlega viðurkennd sem bújarðir eða hólffur sem beita hýsingu við stýrð skilyrði eins og tilgreint er í IV. viðauka við þessa reglugerð.

9. gr:

#### **Upplýsingaskylda stjórnenda matvælafyrirtækja**

Stjórnendur matvælafyrirtækja á bújörðum, sem eru opinberlega viðurkenndar sem bújarðir sem beita hýsingu

við stýrð skilyrði, skulu upplýsa lögbær yfirvöld um allar kröfur, sem mælt er fyrir um í IV. viðauka, sem eru ekki lengur uppfylltar eða um hvers kyns breytingar aðrar sem kunna að hafa áhrif á stöðu bújarðarinnar með tilliti til trikínunna.

10. gr:

#### **Úttektir á bújörðum sem eru opinberlega viðurkenndar sem bújarðir sem beita hýsingu við stýrð skilyrði**

Lögbært yfirvald skal sjá til þess að reglubundnar úttektir fari fram á bújörðum sem eru opinberlega viðurkenndar sem bújarðir sem beita hýsingu við stýrð skilyrði.

Tíðni úttektanna skal ráðast af áhættu með tilliti til forsögu um sjúkdóma og algengi, fyrri niðurstaðna, landsvæðis, villtra dýra á staðnum sem eru smitnæm, starfsvenja í búfjárrækt, eftirlits dýralæknis og þess hve vel bændur fara að reglum.

Lögbært yfirvald skal sannreyna að alisvín frá þessum bújörðum séu rannsökuð í samræmi við 1. mgr. 2. gr.

11. gr:

#### **Vöktunaráætlanir**

Lögbær yfirvaldi er heimilt að fylgja vöktunaráætlun sem nær til alisvínastofna frá bújörð eða hólfi, sem opinberlega er viðurkennt að beiti hýsingu við stýrð skilyrði, til þess að sannreyna að trikínunni finnist í reynd ekki í viðkomandi stofni.

Í vöktunaráætluninni skal mælt fyrir um tíðni prófana, fjölda dýra sem á að prófa og sýnatökuáætlun. Í því skyni skal taka sýni úr kjöti og rannsaka þau og kanna hvort í þeim finnast trikínusníklar í samræmi við I. eða II. kafla I. viðauka.

Vöktunaráætlunin getur tekið til sermíaðferða sem viðbótarúræða þegar tilvísunarrannsóknarstofa ESB hefur fullgilt heppilega prófunaraðferð.

12. gr:

#### **Afturköllun opinberrar viðurkenningar á bújörðum sem beita hýsingu við stýrð skilyrði**

1. Ef niðurstöður úttektanna, sem fara fram í samræmi við 10. gr., sýna að kröfurnar í IV. viðauka eru ekki lengur uppfylltar skal lögbært yfirvald án tafar afturkalla opinbera viðurkenningu á bújörðinni.

2. Ef alisvín frá bújörð, sem er opinberlega viðurkennd sem bújörð sem beitir hýsingu við stýrð skilyrði, greinast jákvæð með tilliti til trikínunna skal lögbært yfirvald án tafar:

- a) afturkalla opinbera viðurkenningu bújarðarinnar,
- b) rannsaka öll alisvín frá bújörðinni við slátrun,
- c) rekja og prófa öll undaneldisdýr sem komu á bújörðina og, eftir því sem unnt er, öll undaneldisdýr sem hafa farið af bújörðinni í a.m.k. sex næstliðna mánuði áður en jákvæðu niðurstöðurnar komu fram; í því skyni skal safna sýnum úr kjöti og rannsaka þau og kanna hvort í þeim finnast tríkínusníklar með greiningaraðferðunum í I. og II. kafla I. viðauka,
- d) rannsaka, þegar það á við og eftir því sem gerlegt er, útbreiðslu sníklausmits vegna dreifingar á kjöti af alisvínnum sem var slátrað á næstliðnu tímabili áður en jákvæðar niðurstöður fengust,
- e) upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um þetta,
- f) hefja faraldsfræðilega rannsókn, þegar það á við, til að upplýsa um orsök smitsins,
- g) grípa til viðeigandi ráðstafana ef ekki reynist unnt að finna smitaðan skrokk í slátruhúsinu, þ.m.t.:
  - i. stækka hvert kjötsýni sem tekið er og notað við prófun skrokka sem hugsanlega eru smitaðir eða
  - ii. dæma skrokkana óhæfa til manneldis,
  - iii. grípa til viðeigandi ráðstafana við förgun á skrokkum sem hugsanlega eru smitaðir eða hlutum þeirra og þeim skrokkum sem greinast jákvæðir.
3. Í kjölfar afturköllunar á viðurkenningu geta bújarðir aftur fengið opinbera viðurkenningu þegar þau vandamál, sem komu í ljós, hafa verið leyst og kröfurnar, sem mælt er fyrir um í IV. viðauka, hafa verið uppfylltar á fullnægjandi hátt að mati lögbærs yfirvalds.
4. Ef rannsóknin leiddi í ljós að ekki var farið að 9. gr. eða jákvæða prófun á bújörð í hólfu skal viðkomandi bújörð fjarlægð úr hólfinu þar til reglufylgni hefur aftur verið komið á.“

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. mars 2014.

- 4) Í stað 13. gr. komi eftirfarandi:

„13. gr.

#### Heilbrigðiskröfur við innflutning

Aðeins er heimilt að flytja kjöt, sem inniheldur rákötta vöðva, af dýrategundum sem kunna að bera með sér tríkínusmit og koma frá þriðja landi inn til Sambandsins ef kjötið hefur verið rannsakað með tilliti til tríkínu, í samræmi við 2. og 3. gr., í því þriðja landi fyrir útflutning.“

- 5) Ákvæði 14. gr. falli brott.

- 6) Í stað 15. gr. komi eftirfarandi:

„15. gr.

#### Skjöl

Heilbrigðisvottorðinu, sem fylgir innfluttu kjöti eins og um getur í 13. gr., skal fylgja yfirlýsing opinbers dýralæknis þess efnis að rannsókn með tilliti til tríkínu hafi farið fram í þriðja landinu, sem er upprunaland, í samræmi við 13. gr.

Frumrit skjalsins skal fylgja kjötinu nema undanþága hafi verið veitt í samræmi við 4. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 854/2004.“

- 7) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

- 8) Í stað IV. viðauka komi texti II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. júní 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

## I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2075/2005 er breytt sem hér segir:

1) Í 3. lið I. kafla, aðferð, bætist eftirfarandi málsgrein við:

„IV. Aðferð til hreinsunar- og afmengunar eftir jákvæðar eða vafasamar niðurstöður.

Ef rannsókn á safnsýni eða stöku sýni gefur jákvæðar eða vafasamar niðurstöður í latexkekkjun skal allt efni sem hefur komist í snertingu við kjöt (blandaraskál, bikarglas, hræripinni, hitaskynjari, keilulaga síunartrekt, sigti og töng) vandlega afmengað með því að bleyta það í nokkrar sekúndur í volgu vatni (65–90 °C). Leifar af kjöti eða lifur, sem hafa verið gerðar óvirkar og kunna að vera eftir á yfirborðinu, skulu fjarlægðar með hreinum svampi og kranavatni. Ef þörf krefur er hægt að bæta nokkrum dropum af þvotta- og hreinsiefni við til að fituhreinsa búnaðinn. Síðan er mælt með því að skola hvern hlut vandlega til að fjarlægja allan vott af þvotta- og hreinsiefni.“

2) Í stað 3. liðar II. kafla D-hluta komi eftirfarandi:

„3. Aðferð

I. Heil safnsýni (100 g af sýnum hverju sinni)

- a)  $16 \pm 0,5$  ml af 25% saltsýru (endanlegur styrkleiki 0,2%) eru settir í 3 lítra bikarglas sem inniheldur  $2,0 \pm 200$  ml af kranavatni, sem hefur verið forhitað í 46–48 °C; hræripinni er settur í bikarglasið, bikarglasið er sett á forhitaða plötuna og byrjað að hræra.
- b)  $10 \pm 1$  g af pepsíni í duftformi (eða  $30 \pm 3$  ml af fljótandi pepsíni) er bætt við.
- c) 100–115 g af sýnum, sem tekin hafa verið í samræmi við 2. lið, eru söxuð í blandaranum með  $150 \pm 15$  ml af forhitaðri meltingarjafnalausn (e. *digestion buffer*).
- d) Saxaða kjötið er sett í 3 lítra bikarglasið með vatninu, pepsíninu og saltsýrunni.
- e) Hnífnúm úr blandaranum er dýft hvað eftir annað í meltingarvökvann í bikarglasinu og blandaraskálin er hreinsuð með litlu magni af meltingarvökvanum til að fjarlægja það kjöt sem loðir ennþá við.
- f) Bikarglasinu er lokað með álpappír.
- g) Segulhræripinnann verður að stilla þannig að hann viðhaldi stöðugu hitastigi á bilinu 44–46 °C meðan á aðgerðinni stendur. Meðan hrært er verður meltingarvökvinn að snúast svo hratt að djúpur svelgur myndist án þess að skvettugangur verði.
- h) Meltingarvökvinn er hræður þangað til kjötagnirnar hverfa (u.þ.b. 30 mín). Síðan er slökkt á hræribúnaðinum og meltingarvökvanum hellt á sigtið og hann látinn síga í botnfellingartrektina. Lengri meltingartími kann að vera nauðsynlegur (ekki lengri en 60 mínútur) við vinnslu tiltekinnna kjöttegunda (tungu, villibráðar o.s.frv.).
- i) Meltingarferlið telst fullnægjandi ef magnið, sem eftir verður í sigtinu, fer ekki yfir 5% af upphafsþyngd sýnisins.
- j) 20 míkrona möskvasían er sett á síuundirstöðuna. Keilulaga síunartrektin úr stáli er fest með læsingarkerfðu á undirstöðuna og stálsigtinu með möskvastærð 180 míkron er komið fyrir á trektinni. Loftæmidælan er tengd við síunarundirstöðuna og stál- eða plastgeyminn sem safnar meltingarvökvanum.
- k) Hræringu er hætt og meltingarvökvanum hellt í gegnum sigtið í síunartrektina. Bikarglasið er hreinsað með u.þ.b. 250 ml af volgu vatni. Skolvökvanum er hellt í síunartrektina eftir að allur meltur vökvi hefur verið síaður frá.
- l) Síunarhimnan er tekin upp með töngum og haldið á henni á brún. Síunarhimnan er brotin saman (a.m.k.) fjórum sinnum og sett í 15 ml. keilulaga tilraunaglasið. Val á keilulaga tilraunaglassi verður að miðast við stautinn.



- m) Síunarhimnunn er ýtt niður á botn 15 ml tilraunaglassins með stautnum og þrýst fast á hana með því að hreyfa stautinn fram og aftur u.þ.b. 20 sinnum, en hann á að vera staðsettur á innanverðu broti síunarhimnunnar, samkvæmt fyrirmælum framleiðanda.
- n)  $0,5 \pm 0,01$  ml af þynningarefnunum fyrir sýnið er bætt í 15 ml keilulaga tilraunaglassið með pípettu og síunarhimnunn er jafnblandað með stautnum með því að hreyfa hann með stuttum sveiflum fram og aftur í u.þ.b. 30 sekúndur og forðast snöggar hreyfingar til að koma í veg fyrir vökvaskvettur, samkvæmt fyrirmælum framleiðanda.
- o) Hvert sýni og neikvæða viðmiðunarsýnið og jákvæða viðmiðunarsýnið er sett á mismunandi reit á kekkjunarspjaldinu með pípettu, samkvæmt fyrirmælum framleiðanda.
- p) Latexögnunum er bætt við á hvern reit á kekkjunarspjaldinu með pípettu, samkvæmt fyrirmælum framleiðanda, án þess að láta þær snerta sýnið/sýnin og viðmiðunarsýnin. Ögnunum er svo varlega blandað saman á hverjum reit með einnota pinna, þangað til einsleitir vökvi þekur allan reitinn.
- q) Kekkjunarspjaldinu er komið fyrir á veltiborðinu og hrist í  $10 \pm 1$  mínútur samkvæmt fyrirmælum framleiðanda.
- r) Í lok tímans, sem er ákveðinn samkvæmt fyrirmælum framleiðanda, er hristingin stöðvuð og kekkjunarspjaldinu er komið fyrir á flötu yfirborði og niðurstöður efnahvarfsins lesnar samstundis, samkvæmt fyrirmælum framleiðanda. Ef um er að ræða jákvætt sýni eiga agnakekkir að birtast. Ef um er að ræða neikvætt sýni er sviflausnin einsleit, án agnakakka.

## II. Safnsýni minni en 100 g, eins og sett er fram í II. lið 3. liðar I. kafla.

Fyrir safnsýni minni en 100 g skal fylgja aðferðinni sem sett er fram í II. lið 3. liðar I. kafla.

## III. Jákvæðar eða vafasamar niðurstöður

Ef rannsókn á safnsýni gefur jákvæðar eða vafasamar niðurstöður í latexkekkjun skal taka 20 g viðbótarsýni úr hverju svíni í samræmi við a-lið 2. liðar I. kafla. 20 g sýni úr fimm svínum eru hópuð saman og rannsökuð með aðferðinni sem lýst er í I. lið. Þannig skal rannsaka sýni úr 20 hópum með fimm svínum í hverjum hópi.

Ef jákvæð latexkekkjun fæst úr hópi fimm svína skal safna 20 g sýnum til viðbótar úr hverju svíni í hópnum og rannsaka skal hvert sýni sérstaklega með aðferðinni sem lýst er í I. lið.

Ef jákvæð eða vafasöm niðurstaða fæst úr latexkekkjun skal senda a.m.k. 20 g af svínsvöðva til landsbundnu tilvísunarrannsóknarstofunnar til staðfestingar með því að nota eina af aðferðunum sem lýst er í I. kafla.

Sýni með sníklum skulu geymd í 90% etýlalkóhóli til varðveislu og tegundargreiningar hjá tilvísunarrannsóknarstofu viðkomandi aðildarríkis eða hjá tilvísunarrannsóknarstofu Sambandsins.

Eftir að sníklarnir hafa verið teknir frá skal afmenga jákvæða vökva með því að hita þá í a.m.k. 60 °C.

## IV. Aðferð til hreinsunar- og afmengunar eftir jákvæðar eða vafasamar niðurstöður.

Ef rannsókn á safnsýni eða stöku sýni gefur jákvæðar eða vafasamar niðurstöður í latexkekkjun skal allt efni sem hefur komist í snertingu við kjöt (blandaraskál, bikarglas, hræripinni, hitaskynjari, keilulaga síunartrekt, sigti og töng) vandlega afmengað með því að bleyta það í nokkrar sekúndur í volgu vatni (65–90 °C) Leifar af kjöti eða lifur, sem hafa verið gerðar óvirkar og kunna að vera eftir á yfirborðinu, skulu fjarlægðar með hreinum svampi og kranavatni. Ef þörf krefur er hægt að bæta nokkrum dropum af þvotta- og hreinsiefni við til að fituhreinsa búnaðinn. Síðan er mælt með því að skola hvern hlut vandlega til að fjarlægja allan vott af þvotta- og hreinsiefni.“

*II. VIÐAUKI**„IV. VIÐAUKI*

## I. KAFLI

**OPINBER VIÐURKENNING Á BÚJÖRD EÐA HÓLFI SEM BEITIR HÝSINGU VIÐ STÝRÐ SKILYRÐI**

- A. Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu uppfylla eftirfarandi kröfur til að bújörð fái opinbera viðurkenningu:
- a) Stjórnandinn verður að hafa gert allar hagnýtar varúðarráðstafanir að því er varðar byggingar og viðhald á þeim til að koma í veg fyrir að nagdýr, önnur spendýr og fuglar, sem eru kjötætur, hafi aðgang að byggingum þar sem dýrum er haldið.
  - b) Stjórnandinn skal fylgja skilvirkri áætlun um meindýravarnir, einkum vegna nagdýra, til þess að koma í veg fyrir smit í svínum. Stjórnandinn skal halda skrár yfir áætlunina þannig að lögbæru yfirvaldi þyki fullnægjandi.
  - c) Stjórnandinn skal sjá til þess að allt fóður hafi verið fengið hjá starfsstöð sem framleiðir fóður í samræmi við þær meginreglur sem lýst er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005 (\*).
  - d) Stjórnandinn skal geyma fóður, sem ætlað er tegundum sem eru næmar fyrir tríkínu, í lokuðum sílóum eða öðrum nagdýraheldum ílátum. Öll önnur fóðuraðföng skulu fá hitameðhöndlun eða vera framleidd og geymd þannig að lögbæru yfirvaldi þyki fullnægjandi.
  - e) Stjórnandinn skal sjá til þess að dauðum dýrum sé safnað saman, þau auðkennd og flutt án ástæðulausrar tafar í samræmi við 21. og 22. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 (\*\*) og við VIII. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 (\*\*\*).
  - f) Ef sorphaugur er í grennd við bújörðina skal stjórnandinn tilkynna lögbæru yfirvaldi um það. Lögbært yfirvald skal í framhaldi af því meta áhættuna sem í því felst og taka ákvörðun um hvort bújörðin eigi að fá viðurkenningu sem bújörð sem beitir hýsingu við stýrð skilyrði.
  - g) Stjórnandinn skal tryggja að smágrísir, sem koma annars staðar frá inn á bújörðina, og svín, sem eru keypt, séu fædd, alin og hýst við stýrð skilyrði.
  - h) Stjórnandinn skal tryggja að svínin séu auðkennd svo að rekja megi hvert dýr aftur til bújarðarinnar.
  - i) Stjórnanda er einungis heimilt að koma með ný dýr á bújörðina ef þau eru frá bújörðum sem hafa einnig verið opinberlega viðurkenndar sem bújarðir sem beita hýsingu við stýrð skilyrði.
  - j) Ekkert dýranna hefur aðgang að aðstöðu utandyra nema stjórnandi matvælafyrirtækis geti sýnt lögbæru yfirvaldi fram á það á fullnægjandi hátt með áhættugreiningu að tímabil, aðstaða og aðstæður í tengslum við aðgang að útisvæðum skapi ekki hættu á aðflutningi tríkínu á bújörðina.
- B. Stjórnendur matvælafyrirtækja á bújörðum, sem hafa verið opinberlega viðurkenndar sem bújarðir sem beita hýsingu við stýrð skilyrði, skulu upplýsa lögbært yfirvald um það ef einhver þeirra krafna, sem mælt er fyrir um í A-lið, er ekki lengur uppfyllt eða um hvers kyns breytingar aðrar sem hafa átt sér stað og kunna að hafa áhrif á stöðu bújarðarinnar.
- C. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna mega einungis viðurkenna bújörð eða flokk bújarða að því tilskildu að þau hafi sannreynt að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í A-lið, séu uppfylltar.

## II. KAFLI

## SKÝRSLUGJÖF UM ÁSTANDIÐ AÐ ÞVÍ ER VARÐAR TRÍKÍNU

- a) Gefa skal skýrslu um fjölda tilfella (innflutt og staðmynduð) tríkínu í mönnum, þ.m.t. faraldsfræðileg gögn, í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/96/EB (\*\*\*\*).
- b) Fjöldi prófana og niðurstöður úr prófunum vegna tríkínu í alisvínnum, villisvínnum, hrossum, villtum dýrum og öllum öðrum smitnæmum dýrum skulu lögð fram í samræmi við IV. viðauka við tilskipun 2003/99/EB. Í gögnum um alisvín skulu a.m.k. koma fram sérstakar upplýsingar í tengslum við:
- i. prófanir á dýrum sem eru alin í hýsingu við stýrð skilyrði,
  - ii. prófanir á gyltum til undaneldis, göltum og eldissvínnum.

---

(\*) Stjtið. ESB L 35, 8.2.2005, bls. 1.

(\*\*) Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

(\*\*\*) Stjtið. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1.

(\*\*\*\*) Stjtið. EB L 28, 3.2.2000, bls. 50.<sup>4</sup>

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)  
nr. 1006/2013****2014/EES/36/03****frá 18. október 2013****um leyfi fyrir L-systíni sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri<sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fôður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir L-systíni sem fôðuraukefni í virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir L-systíni, í aukefnaflokknum „næringaraukefni“, sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 13. mars 2013<sup>(2)</sup> að við tillögð notkunarskilyrði hafi L-systín ekki skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða dýra eða á umhverfið og að það geti talist eiga virkan þátt

í að fullnægja þörfum allra dýrategunda fyrir amínósýrur sem innihalda brennistein. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fôðuraukefnið í fôðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 5) Mat á því efni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun efnisins eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fôður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. október 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 279, 19.10.2013, bls. 59. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

<sup>(2)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(4), 3173.

## VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efniformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Ömur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilföðurs með rakainnihald	rakainnihald		
3c391	—	L-systín	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Kristallað duft sem er framleitt með vatnsrofi á náttúrulegu hými úr alifuglafjöðrum með 98,5% lágmarksinnihald L-systíns.</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>IUPAC-heiti: (2R)-2-aminó-3-[(2R)-2-aminó-3-hydroxy-3-oxopropyl]disulfanyl-própanoýsýra</p> <p>CAS-númer: 56-89-3</p> <p>Efniformúla: <math>C_6H_{12}N_2O_4S_2</math></p> <p><i>Greiningaraðferðir</i> (1)</p> <p>Til að ákvarða L-systín í fæðraukefninu: Titrunarmæling, Evrópska lyfjaskráin (Ph. Eur. 6.0, aðferð 01/2008-0998).</p> <p>Til að ákvarða systín í forblöndum, fæðublöndum og fæðurefnum: Jónagreining með afleiðumyndun efir sólu og ljósmæligreiningu: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009(2) (III. viðauki, F).</p>	Allar dýrategundir	—	—	—	<p>1. Varðandi öryggi notenda: Nota skal öndunarvörn, öryggsgleraugu og -hanska við meðhöndlun.</p> <p>2. Í notunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>— Stöðugleika við vinnslu og geymsluskilyrði.</li> <li>— Viðbót L-systíns skal háð þörfum markdýra fyrir aminósýrur sem innihalda brennistein og styrk annarra aminósýra, sem innihalda brennistein, í skammtinum.</li> </ul>	8. nóvember 2023

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi síð tilvissamarrannsóknarstofunnar: [http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL\\_feed\\_additives/authorisation/evaluation\\_reports/Pages/index.aspx](http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/authorisation/evaluation_reports/Pages/index.aspx)

(2) Sjá ESB L 54, 26.2.2009, bls. 1.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)  
nr. 1014/2013**

**2014/EES/36/04**

**frá 22. október 2013**

**um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2380/2001, (EB) nr. 1289/2004, (EB) nr. 1455/2004,  
(EB) nr. 1800/2004, (EB) nr. 600/2005, (ESB) nr. 874/2010, framkvæmdarreglugerðum  
(ESB) nr. 388/2011, (ESB) nr. 532/2011 og (ESB) nr. 900/2011 að því er varðar heiti  
leyfishafa fyrir tilteknum aukefnum í fóður (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

(EB) nr. 600/2005<sup>(6)</sup>, (ESB) nr. 874/2010<sup>(7)</sup>,  
framkvæmdarreglugerðir framkvæmdastjórnarinnar  
(ESB) nr. 388/2011<sup>(8)</sup>, (ESB) nr. 532/2011<sup>(9)</sup> og (ESB)  
nr. 900/2011<sup>(10)</sup>.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusam-  
bandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB)  
nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri <sup>(1)</sup>,  
einkum 3. mgr. 13. gr.,

- 2) Umsækjandinn fullyrðir að í kjölfar ákvörðunar Pfizer Ltd um að gera deild sína fyrir heilbrigði dýra að sjálfstæðu fyrirtæki undir heitinu Zoetis Belgium SA og yfirfæra öll markaðsleyfin fyrir hnislalyf frá Pfizer Ltd til Zoetis Belgium SA eigi það síðarnefnda markaðssetningarréttinn fyrir aukefnin dekokínat, lasalósíð-A-natríum, α-madúramísínammóníum, róbenidínhydróklóríð og salínómýsín.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Pfizer Ltd hefur lagt fram umsókn í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 þar sem lögð er til breyting á nafni handhafa leyfanna að því er varðar reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2380/2001<sup>(2)</sup>, (EB) nr. 1289/2004<sup>(3)</sup>, (EB) nr. 1455/2004<sup>(4)</sup>, (EB) nr. 1800/2004<sup>(5)</sup>,

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 281, 23.10.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

<sup>(2)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2380/2001 frá 5. desember 2001 um 10 ára leyfi fyrir aukefni í fóðri (Stjtið. EB L 321, 6.12.2001, bls. 18).

<sup>(3)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1289/2004 frá 14. júlí 2004 um leyfi til 10 ára til að nota í fóðri aukefnið Deccox®, sem er í flokknum hnislalyf og önnur lyf (Stjtið. ESB L 243, 15.7.2004, bls. 15).

<sup>(4)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1455/2004 frá 16. ágúst 2004 um leyfi til 10 ára til að nota í fóðri aukefnið Avatec 15%, sem er í flokknum hnislalyf og önnur lyf (Stjtið. ESB L 269, 17.8.2004, bls. 14).

<sup>(5)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1800/2004 frá 15. október 2004 um leyfi til 10 ára til að nota í fóðri aukefnið Cycostat 66G sem er í flokknum hnislalyf og önnur lyf (Stjtið. ESB L 317, 16.10.2004, bls. 37).

- 3) Fyrirhuguð breyting á skilmálum leyfanna er eingöngu stjórnsýslulegs eðlis og felur ekki í sér nýtt mat á viðkomandi aukefnum. Matvælaöryggisstofnun Evrópu var upplýst um umsóknina.

<sup>(6)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 600/2005 frá 18. apríl 2005 um nýtt leyfi til 10 ára til að nota hnislalyf sem aukefni í fóðri, um bráðabirgðaleyfi fyrir aukefni og varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri (Stjtið. ESB L 99, 19.4.2005, bls. 5).

<sup>(7)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 874/2010 frá 5. október 2010 um leyfi fyrir lasalósíð-A-natríumi sem föðuraufefni fyrir kalkúna upp að 16 vikna aldri (leyfishafi er Alpharma (Belgiu) og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2430/1999 (Stjtið. ESB L 263, 6.10.2010, bls. 1).

<sup>(8)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 388/2011 frá 19. apríl 2011 um leyfi fyrir α-madúramísínammóníum sem föðuraufefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Alpharma (Belgium) BVBA) og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2430/1999 (Stjtið. ESB L 104, 20.4.2011, bls. 3).

<sup>(9)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 532/2011 frá 31. maí 2011 um leyfi fyrir róbenidínhydróklóríði sem föðuraufefni fyrir kanínur til undaneldis og eldiskanínur (leyfishafi er Alpharma Belgium BVBA) og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2430/1999 og (EB) nr. 1800/2004 (Stjtið. ESB L 146, 1.6.2011, bls. 7).

<sup>(10)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 900/2011 frá 7. september 2011 um leyfi fyrir lasalósíð-A-natríum sem föðuraufefni fyrir fásana, perluhænsn, kornhænur og akurhænur sem ekki eru varpfluglar (leyfishafi er Alpharma (Belgium) BVBA) (Stjtið. ESB L 231, 8.9.2011, bls. 15).

- 4) Til að gera umsækjanda kleift að nýta markaðssetningarrétt sinn undir heitinu Zoetis Belgium SA er nauðsynlegt að breyta skilmálum leyfanna.
- 5) Því ber að breyta reglugerðum (EB) nr. 2380/2001, (EB) nr. 1289/2004, (EB) nr. 1455/2004, (EB) nr. 1800/2004, (EB) nr. 600/2005, (ESB) nr. 874/2010, og framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 388/2011, (ESB) nr. 532/2011 og (ESB) nr. 900/2011 til samræmis við það.
- 6) Þar eð breytingarnar á skilyrðunum fyrir leyfunum tengjast ekki öryggisástæðum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil svo hægt sé að nota fyrirbyggjandi birgðir.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

#### **Breytingar á reglugerð (EB) nr. 2380/2001**

Í stað orðanna „Pfizer Ltd“ í öðrum dálki viðaukans komi orðin „Zoetis Belgium SA“.

##### 2. gr.

#### **Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1289/2004**

Í stað orðanna „Pfizer Ltd“ í öðrum dálki viðaukans komi orðin „Zoetis Belgium SA“.

##### 3. gr.

#### **Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1455/2004**

Í stað orðanna „Pfizer Ltd“ í öðrum dálki viðaukans komi orðin „Zoetis Belgium SA“.

##### 4. gr.

#### **Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1800/2004**

Í stað orðanna „Pfizer Ltd“ í öðrum dálki viðaukans komi orðin „Zoetis Belgium SA“.

##### 5. gr.

#### **Breytingar á reglugerð (EB) nr. 600/2005**

Í stað orðanna „Pfizer Ltd“ í öðrum dálki I. viðauka komi orðin „Zoetis Belgium SA“.

##### 6. gr.

#### **Breyting á reglugerð (ESB) nr. 874/2010**

Reglugerð (ESB) nr. 874/2010 er breytt sem hér segir:

- a) Í stað orðanna „Alpharma (Belgium) BVBA“ í fyrirsögninni komi orðin „Zoetis Belgium SA“.

- b) Í stað orðanna „Pfizer Ltd“ í öðrum dálki viðaukans komi orðin „Zoetis Belgium SA“.

##### 7. gr.

#### **Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 388/2011**

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 388/2011 er breytt sem hér segir:

- a) Í stað orðanna „Alpharma (Belgium) BVBA“ í fyrirsögninni komi orðin „Zoetis Belgium SA“.

- b) Í stað orðanna „Pfizer Ltd“ í öðrum dálki viðaukans komi orðin „Zoetis Belgium SA“.

##### 8. gr.

#### **Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 532/2011**

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 532/2011 er breytt sem hér segir:

- a) Í stað orðanna „Alpharma Belgium BVBA“ í fyrirsögninni komi orðin „Zoetis Belgium SA“.

- b) Í stað orðanna „Pfizer Ltd“ í öðrum dálki I. viðauka komi orðin „Zoetis Belgium SA“.

##### 9. gr.

#### **Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 900/2011**

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 900/2011 er breytt sem hér segir:

- a) Í stað orðanna „Alpharma (Belgium) BVBA“ í fyrirsögninni komi orðin „Zoetis Belgium SA“.

- b) Í stað orðanna „Pfizer Ltd“ í öðrum dálki viðaukans við reglugerð (ESB) nr. 900/2011 komi orðin „Zoetis Belgium SA“.

##### 10. gr.

#### **Umbreytingarráðstafanir**

Fyrirliggjandi birgðir, sem hafa verið framléiddar og merktar fyrir 12. nóvember 2013 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 12. nóvember 2013, má áfram setja á markað og nota þar til þær eru uppnar.

##### 11. gr.

#### **Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. október 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,  
forseti.*

José Manuel BARROSO

---



**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)  
nr. 1016/2013**

**2014/EES/36/05**

**frá 23. október 2013**

**um leyfi fyrir blöndu með örverustofni DSM 11798 af ættinni *Coriobacteriaceae* sem  
fóðuraukefni fyrir svín (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusam-  
bandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB)  
nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fódri<sup>(1)</sup>,  
einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með örverustofni DSM 11798 af ættinni *Coriobacteriaceae*. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Sú umsókn varðar leyfi fyrir blöndu með örverustofni DSM 11798 af ættinni *Coriobacteriaceae* í aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ sem fóðuraukefni fyrir svín.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 16. apríl 2013<sup>(2)</sup> að við tillögð notkunar-

skilyrði sé blanda með örverustofni DSM 11798 af ættinni *Coriobacteriaceae* örugg fyrir marktegundina, fyrir heilbrigði manna og fyrir umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin viðurkennir að blandan geti mögulega lífummyndað (e. *biotransform*) trikótesen úr menguðu fódri fyrir svín. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fódri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 5) Mat á blöndu með örverustofni DSM 11798 af ættinni *Coriobacteriaceae* sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „efni til að draga úr mengun í fódri af völdum sveppaeiturs“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 282, 24.10.2013, bls. 36. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

<sup>(2)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(5), 3203.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. október 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar;*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

---

## VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyppingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
<b>Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: efni til að draga úr mengun í fóðri af völdum sveppaeyturs: Deoxýnávalenól (DON)</b>									
1m01	—	Örverustofn DSM 11798 af ættinni Coriobacteriaceae	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Blanda með örverustofni DSM 11798 af ættinni Coriobacteriaceae sem inniheldur að lágmarki: <math>5 \times 10^9</math> CFU/g aukefnis.</p> <p>Fast form</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>Lífvænlegar frumur örverustofns DSM 11798 af ættinni Coriobacteriaceae</p> <p><i>Greiningaraðferð<sup>(1)</sup></i></p> <p>Ákvörðun á heildarfjölda örverustofns DSM 11798 af ættinni Coriobacteriaceae: áhellingaraðferð þar sem notaður er VM-agar að viðbættum oxýrasa.</p> <p>Sanngreining örverustofns DSM 11798 af ættinni Coriobacteriaceae: rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE).</p>	Svin	—	$1,7 \times 10^8$	—	<p>1. Í notkunarleifðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu.</p> <p>2. Notkun aukefnisins er leyfð í fóðri sem er í samræmi við löggið Sambandsins um óæskileg efni í fóðri.</p> <p>3. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarvörn og hlífðarhanska við meðhöndlun.</p>	13. nóvember 2023

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: [http://www.jrc.ec.europa.eu/EURL.s/EURL\\_feed\\_additives/Pages/index.aspx](http://www.jrc.ec.europa.eu/EURL.s/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx)

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)  
nr. 1061/2013**

**2014/EES/36/06**

**frá 29. október 2013**

**um leyfi fyrir blöndu með *Enterococcus faecium* NCIMB 10415 sem fôðuraukefni fyrir kálfa, kiðlinga, ketti og hunda og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1288/2004 (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional products Sp. Z o.o) (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fôður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE <sup>(2)</sup>.
- 2) Í samræmi við tilskipun 70/524/EBE var blanda með *Enterococcus faecium* NCIMB 10415 leyfð án tímamarka sem fôðuraukefni fyrir kálfa með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1288/2004 <sup>(3)</sup>, fyrir gyltur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1200/2005 <sup>(4)</sup>, fyrir smágrísi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 252/2006 <sup>(5)</sup>, fyrir eldissvín með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB)

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 289, 31.10.2013, bls. 38. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 71/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

<sup>(2)</sup> Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fôðri (Stjtið. ESB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1288/2004 frá 14. júlí 2004 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fôðri og bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefnis sem þegar er leyft að nota í fôður (Stjtið. ESB L 243, 15.7.2004, bls. 10).

<sup>(4)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1200/2005 frá 26. júlí 2005 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fôðri og bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefnis sem þegar er leyft að nota í fôður (Stjtið. ESB L 195, 27.7.2005, bls. 6).

<sup>(5)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 252/2006 frá 14. febrúar 2006 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fôðri og bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun tiltekinnna aukefna sem þegar er leyft að nota í fôður (Stjtið. ESB L 44, 15.2.2006, bls. 3).

nr. 943/2005 <sup>(6)</sup> og fyrir ketti og hunda með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 102/2009 <sup>(7)</sup>. Blandan var síðan færð inn í skrána yfir fôðuraukefni sem fyrirbyggjandi vara í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

- 3) Blandan var einnig leyfð til tíu ára fyrir eldiskjúklinga með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 361/2011 <sup>(8)</sup>.
- 4) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á blöndu með *Enterococcus faecium* NCIMB 10415 sem fôðuraukefni fyrir kálfa, ketti og hunda og, í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar, til nýrrar notkunar fyrir kiðlinga og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 29. janúar 2013 <sup>(9)</sup> að við tillögð notkunarskiyrði hafi blanda með *Enterococcus faecium* NCIMB 10415 ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða á umhverfið og að notkun hennar auki endanlega líkamsþyngd og/eða daglega þyngdaraukningu hjá kálfum til eldis og slátureldis og að yfirfæra megi það á kiðlinga til eldis og slátureldis. Í álitinu var einnig viðurkennt að blandan hafi jákvæð áhrif á hunda með því að auka styrk ónæmisglóbúlins A í þörmum eða sermi. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértekum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fôðuraukefnið í fôðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stöfn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

<sup>(6)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 943/2005 frá 21. júní 2005 um varanlegt leyfi fyrir aukefnum í fôðri (Stjtið. ESB L 159, 22.6.2005, bls. 6).

<sup>(7)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 102/2009 frá 3. febrúar 2009 um varanlegt leyfi fyrir tilteknu aukefni í fôðri (Stjtið. ESB L 34, 4.2.2009, bls. 8).

<sup>(8)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 361/2011 frá 13. apríl 2011 um leyfi fyrir *Enterococcus faecium* NCIMB 10415 sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional products Sp. z o.o) og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 943/2005 (Stjtið. ESB L 100, 14.4.2011, bls. 22).

<sup>(9)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2013) 11(2), 3097 og 3098.

- 6) Komið hafa í ljós lítil en mikilvæg áhrif á gæði saurs hjá köttum og telst það nægja til að staðfesta verkun í þeirri tegund.
- 7) Mat á blöndu með *Enterococcus faecium* NCIMB 10415 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun aukefnisins eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 8) Af veitingu nýs leyfis samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1831/2003 leiðir að fella ber reglugerð (EB) nr. 102/2009 úr gildi og breyta ber reglugerð (EB) nr. 1288/2004 til samræmis við það.
- 9) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

**Leyfi**

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virku hópunum „þarmaflórustöðgarar“ og „önnur dýraræktaraukefni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fôður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. október 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

2. gr.

**Niðurfelling reglugerðar (EB) nr. 102/2009**

Reglugerð (EB) nr. 102/2009 er felld úr gildi.

3. gr.

**Breyting á reglugerð (EB) nr. 1288/2004**

Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1288/2004 falli færslan um E 1705 *Enterococcus faecium* NCIMB 10415, brott.

4. gr.

**Umbreytingarráðstafanir**

Blönduna sem er tilgreind í viðaukanum, að því er varðar notkun hennar fyrir kálfa, og fôður sem inniheldur blönduna, sem eru framleidd og merkt fyrir 19. maí 2014 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 19. nóvember 2013, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar.

Blönduna sem er tilgreind í viðaukanum, að því er varðar notkun hennar fyrir ketti og hunda, og fôður sem inniheldur blönduna, sem eru framleidd og merkt fyrir 19. nóvember 2015 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 19. nóvember 2013, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar.

5. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

## VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnamúla, lýsing, greiningaræðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyppingamyndandi eining (CFU)/kg heilföðurs með 12% rakainnihald			
<b>Flokkur dýræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaförustöðgarar</b>									
4b1705	DSM Nutritional Products Ltd., fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. Z o.o	<i>Enterococcus faecium</i> NCIMB 10415	<i>Samsetning aukefnis</i> Blanda með <i>Enterococcus faecium</i> NCIMB 10415 sem inniheldur að lágmarki: örhykljað form með skellakki og önnur örhykljuð form: $1 \times 10^{10}$ CFU/g aukefnis, óhjúpuð kornuð form: $3,5 \times 10^{10}$ CFU/g aukefnis <i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> Lífvænlegar frumur <i>Enterococcus faecium</i> NCIMB 10415 <i>Greiningaræðferð</i> ( <sup>1</sup> ) Ákvörðun á heildarfjölda: dreifingaráðferð með galleskúlínasíðagar (EN 15788). Samgreining: Raðráttur á geli í púlssviði (PFGE)	Kálfar Kiðlingar	—	$1 \times 10^9$	—	Í notkunarlíðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og kögglafestu.	19. nóvember 2023
4b1705	DSM Nutritional Products Ltd., fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. Z o.o	<i>Enterococcus faecium</i> NCIMB 10415	<i>Samsetning aukefnis</i> Blanda með <i>Enterococcus faecium</i> NCIMB 10415 sem inniheldur að lágmarki: 5 $\times 10^9$ CFU/g aukefnis, Örhykljuð form (skellakk). <i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> Lífvænlegar frumur <i>Enterococcus faecium</i> NCIMB 10415	Kettir	—	$7 \times 10^9$	—	Í notkunarlíðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og kögglafestu.	19. nóvember 2023

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyppingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			<i>Greiningaraðferð</i> <sup>(1)</sup> Ákvörðun á heildarfjölda: dreifingaraðferð með galleskúlínasiðagarr (EN 15788). Sanngreining: Rafráttur á geli í púlssviði (PFGE)						
<b>Flokkur dýræktaraukefna. Virkur hópur: önnur dýræktaraukefni (umbætur á þarmskilyrðum)</b>									
4b1705	DSM Nutritional Products Ltd., fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. Z o.o	<i>Enterococcus faecium</i> NCIMB 10415	<i>Samsetning aukefnis</i> Blanda með <i>Enterococcus faecium</i> NCIMB 10415 sem inniheldur að lágmarki 5 × 10 <sup>9</sup> CFU/g aukefnis. Órhylljuð form (skellakk). <i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> Lífvænlegar frumur <i>Enterococcus faecium</i> NCIMB 10415 <i>Greiningaraðferð</i> <sup>(1)</sup> Ákvörðun á heildarfjölda: dreifingaraðferð með galleskúlínasiðagarr (EN 15788). Sanngreining: Rafráttur á geli í púlssviði (PFGE)	Hundar	—	2,5 × 10 <sup>9</sup>		Í notkunarlíðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskið og kögglafestu.	19. nóvember 2023

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir fóðurukefni: [http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL\\_feed\\_additives/Pages/index.aspx](http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx)

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)  
nr. 1059/2013**

2014/EES/36/07

frá 29. október 2013

**um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 sem fôðuraukefni fyrir  
eldisnautgripi og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 492/2006 (leyfishafi er Prosol SpA) (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusam-  
bandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB)  
nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri <sup>(1)</sup>,  
einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fôður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE <sup>(2)</sup>.
- 2) Blanda með *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 var leyfð án tímamarka, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fôðuraukefni til notkunar handa eldisnautgripum með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 492/2006<sup>(3)</sup>. Blandan var síðan færð inn í skrána yfir fôðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Blanda með *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 var einnig leyfð til 10 ára fyrir gyltur með reglu-  
gerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 896/2009<sup>(4)</sup>,

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 289, 31.10.2013, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

<sup>(2)</sup> Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fôðri (Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 492/2006 frá 27. mars 2006 um bráðabirgðaleyfi og varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fôðri (Stjtið. ESB L 89, 28.3.2006, bls. 6).

<sup>(4)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 896/2009 frá 25. september 2009 um leyfi fyrir nýrri notkun á *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 sem fôðuraukefni fyrir gyltur (leyfishafi er Prosol SpA) (Stjtið. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 6).

fyrir mjólkurkúr og hesta með reglugerð framkvæmda-  
stjórnarinnar (ESB) nr. 1119/2010 <sup>(5)</sup> og fyrir fráfarugrísí  
með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr.  
170/2011 <sup>(6)</sup>.

- 4) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á þeirri blöndu sem fôðuraukefni fyrir eldisnautgripi og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktarukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

- 5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu á álitinu sínu frá 13. mars 2013<sup>(7)</sup> að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að hún geti mögulega bætt endanlega líkamsþyngd, fôðurstuðul og daglegan meðalvöxt. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fôðuraukefnið í fôðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 6) Mat á blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

<sup>(5)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1119/2010 frá 2. desember 2010 um leyfi fyrir *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 sem fôðuraukefni fyrir mjólkurkúr og hesta og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1520/2007 (handhafi leyfis er Prosol SpA) (Stjtið. ESB L 317, 3.12.2010, bls. 9).

<sup>(6)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 170/2011 frá 23. febrúar 2011 um leyfi fyrir *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 sem fôðuraukefni fyrir fráfarugrísí og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1200/2005 (leyfishafi er Prosol SpA) (Stjtið. ESB L 49, 24.2.2011, bls. 8).

<sup>(7)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(4), 3174.



- 7) Af veitingu nýs leyfis samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1831/2003 leiðir að fella skal ákvæðin um *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 brott úr reglugerð (EB) nr. 492/2006. Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 492/2006 til samræmis við það.
- 8) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreind í

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. október 2013.

viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

*2. gr.*

Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 492/2006 falli færslan um E 1710, *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885, brott.

*3. gr.*

Blönduna, sem er tilgreind í viðaukanum, og fóður sem inniheldur blönduna, sem eru framleidd og merkt fyrir 19. maí 2014 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 19. nóvember 2013, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar.

*4. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

## VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnisformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Hámarksinnihald		Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Lágmarksinnihald Þypringamyndandi eining (CFU)/kg heilföðurs með 12% rakainnihald	Hámarksinnihald		
<b>Flokkur dýraraketaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórastöðgarar</b>									
4b1710	Prosol SpA	<i>Saccharomyces cerevisiae</i> MUCL 39885	<i>Samsetning aukefnis</i> Blanda með <i>Saccharomyces cerevisiae</i> MUCL 39885 sem inniheldur að lágmarki: Duft: $1 \times 10^9$ CFU/g aukefnis Fast form <i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> Lífvenlegar frumur <i>Saccharomyces cerevisiae</i> MUCL 39885 <i>Greiningaraðferð</i> ( <sup>1</sup> ) Ákvörðun á heildarfjölda: áhellingsaðferð þar sem notaður er agar með klórámfeníkóglúkósa og útdrætti úr geri (EN15789:2009) Samngreining: kjarnsýrumögnun (PCR-aðferð)	Eldis- nautgripir	—	$4 \times 10^9$	—	1. Í notkunarléiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og kögglafestu. 2. Ráðlagt lágmarksinnihald aukefnis fyrir hvert dýr á dag: $3,6 \times 10^{10}$ CFU. 3. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota gleraugu og hlífðarhanska.	19. nóvember 2023

(<sup>1</sup>) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fánlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: [http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL\\_feed\\_additives/Pages/index.aspx](http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx)

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)  
nr. 1077/2013**

**2014/EES/36/08**

**frá 31. október 2013**

**um leyfi fyrir blöndu með *Enterococcus faecium* NBIMCC 8270, *Lactobacillus acidophilus* NBIMCC 8242, *Lactobacillus helveticus* NBIMCC 8269, *Lactobacillus delbrueckii* ssp. *lactis* NBIMCC 8250, *Lactobacillus delbrueckii* ssp. *bulgaricus* NBIMCC 8244 og *Streptococcus thermophilus* NBIMCC 8253 sem fóðurukefni fyrir mjólkurgrísi (leyfishafi er Lactina Ltd) (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

8244 og *Streptococcus thermophilus* NBIMCC 8253, í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðurukefni fyrir mjólkurgrísi.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 12. mars 2013<sup>(2)</sup> að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með *Enterococcus faecium* NBIMCC 8270, *Lactobacillus acidophilus* NBIMCC 8242, *Lactobacillus helveticus* NBIMCC 8269, *Lactobacillus delbrueckii* ssp. *lactis* NBIMCC 8250, *Lactobacillus delbrueckii* ssp. *bulgaricus* NBIMCC 8244 og *Streptococcus thermophilus* NBIMCC 8253 ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin viðurkenndi að blandan geti mögulega aukið líkamsþyngd hjá mjólkurgrísnum. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðurukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri<sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með *Enterococcus faecium* NBIMCC 8270, *Lactobacillus acidophilus* NBIMCC 8242, *Lactobacillus helveticus* NBIMCC 8269, *Lactobacillus delbrueckii* ssp. *lactis* NBIMCC 8250, *Lactobacillus delbrueckii* ssp. *bulgaricus* NBIMCC 8244 og *Streptococcus thermophilus* NBIMCC 8253. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

- 5) Mat á blöndunni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*I. gr.*

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 292, 1.11.2013, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(2) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(4), 3170.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. október 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

---

## VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnafornúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Ömmur ákvæði	Leyfi rennur út
						Pyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilföðurs með 12% rakainnihald			
<b>Flokkur dýrarræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaförustöðgarar</b>									
4b1891	Lactina Ltd	<i>Enterococcus faecium</i> NBIMCC 8270  <i>Lactobacillus acidophilus</i> NBIMCC 8242, <i>Lactobacillus helveticus</i> NBIMCC 8269,  <i>Lactobacillus delbrueckii</i> ssp. <i>lactis</i> NBIMCC 8250, <i>Lactobacillus delbrueckii</i> ssp. <i>bulgaricus</i> NBIMCC 8244,  og  <i>Streptococcus thermophilus</i> NBIMCC 8253	<i>Samsetning aukefnis</i>  Blanda með:  <i>Enterococcus faecium</i> NBIMCC 8270 (að lágmarki $1,4 \times 10^9$ CFU/g aukefnis),  <i>Lactobacillus acidophilus</i> NBIMCC 8242 (að lágmarki $8 \times 10^8$ CFU/g aukefnis), <i>Lactobacillus helveticus</i> NBIMCC 8269 (að lágmarki $5 \times 10^8$ CFU/g aukefnis), <i>Lactobacillus delbrueckii</i> ssp. <i>lactis</i> NBIMCC 8250 (að lágmarki $2 \times 10^8$ CFU/g aukefnis), <i>Lactobacillus delbrueckii</i> ssp. <i>bulgaricus</i> NBIMCC 8244 (að lágmarki $3 \times 10^8$ CFU/g aukefnis) og  <i>Streptococcus thermophilus</i> NBIMCC 8253 (að lágmarki $1,8 \times 10^9$ CFU/g aukefnis), sem inniheldur að lágmarki $5 \times 10^9$ CFU/g aukefnis (heilðarmagn)  Fast form  Lýsing á eiginleikum virka efnisins  Lífvenlegar frumur:  <i>Enterococcus faecium</i> NBIMCC 8270  <i>Lactobacillus acidophilus</i> NBIMCC 8242, <i>Lactobacillus helveticus</i> NBIMCC 8269, <i>Lactobacillus delbrueckii</i> ssp. <i>lactis</i> NBIMCC 8250, <i>Lactobacillus delbrueckii</i> ssp. <i>bulgaricus</i> NBIMCC 8244 og	Mjólkur- grisir	—	$5 \times 10^9$	—	1. Í notkunarléiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og kögglafestu.  2. Fyrir mjólkurgrisi allt að 35 daga.  3. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunaryörn og hlífðarhanska við meðhöndlun.	21. nóvember 2023

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Ömmur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyngingamyndandi eining (CFU)/kg heilföðurs með 12% rakainnihald			
			<p><i>Streptococcus thermophilus</i> NBIMCC 8253</p> <p><i>Greiningaraðferð</i> (1)</p> <p>Ákvörðun á heildarfjölda:</p> <p><i>Enterococcus faecium</i> NBIMCC 8270, <i>Lactobacillus acidophilus</i> NBIMCC 8242, <i>Lactobacillus helveticus</i> NBIMCC 8269, <i>Lactobacillus delbrueckii</i> ssp. <i>lactis</i> NBIMCC 8250, <i>Lactobacillus delbrueckii</i> ssp. <i>bulgaricus</i> NBIMCC 8244 og <i>Streptococcus thermophilus</i> NBIMCC 8253: Dreifingaraðferð (EN 15787).</p> <p>Sanngreining á <i>Enterococcus faecium</i> NBIMCC 8270, <i>Lactobacillus acidophilus</i> NBIMCC 8242, <i>Lactobacillus helveticus</i> NBIMCC 8269, <i>Lactobacillus delbrueckii</i> ssp. <i>lactis</i> NBIMCC 8250, <i>Lactobacillus delbrueckii</i> ssp. <i>bulgaricus</i> NBIMCC 8244 og <i>Streptococcus thermophilus</i> NBIMCC 8253: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE).</p>						

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fánlegar á eftirfarandi síðu tilvísunarrannsóknarstofunnar: [http://imm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL\\_feed\\_additives/Pages/index.aspx](http://imm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx)

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2014/EES/36/09**  
**nr. 1101/2013**

frá 6. nóvember 2013

**um leyfi fyrir blöndu með *Enterococcus faecium* DSM 7134 og *Lactobacillus rhamnosus* DSM 7133 sem fôðuraukefni fyrir kálfa til eldis og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1288/2004 (leyfishafi er Lactosan GmbH & CoKG) (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri<sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fôður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE<sup>(2)</sup>.
- 2) Blanda með *Enterococcus faecium* DSM 7134 og *Lactobacillus rhamnosus* DSM 7133 var leyfð án tímamarka, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fôðuraukefni fyrir kálfa með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1288/2004<sup>(3)</sup>. Blandan var síðan færð inn í skrána yfir fôðuraukefni sem fyrirbyggjandi vara í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 296, 7.11.2013, bls. 1. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

<sup>(2)</sup> Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fôðri (Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1288/2004 frá 14. júlí 2004 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fôðri og bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefnis sem þegar er leyft að nota í fôður (Stjtið. ESB L 243, 15.7.2004, bls. 10).

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á blöndu með *Enterococcus faecium* DSM 7134 og *Lactobacillus rhamnosus* DSM 7133 sem fôðuraukefni fyrir kálfa til eldis og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 13. mars 2013<sup>(4)</sup> að við tillögð skilyrði um notkun í fôður hafi blanda með *Enterococcus faecium* DSM 7134 og *Lactobacillus rhamnosus* DSM 7133 ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða neytenda eða á umhverfið og að hún geti bætt kynbótalegt gildi hjá marktegundunum. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fôðuraukefnið í fôðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með *Enterococcus faecium* DSM 7134 og *Lactobacillus rhamnosus* DSM 7133 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Af veitingu nýs leyfis samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1831/2003 leiðir að fella ætti ákvæðin um *Enterococcus faecium* DSM 7134 og *Lactobacillus rhamnosus* DSM 7133 brott úr reglugerð (EB) nr. 1288/2004. Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1288/2004 til samræmis við það.

<sup>(4)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(4), 3175.

- 7) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. nóvember 2013.

*2. gr.*

Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1288/2004 falli ákvæðin um E 1706 *Enterococcus faecium* NCIMB 7134 og *Lactobacillus rhamnosus* DSM 7133 brott.

*3. gr.*

Blönduna, sem er tilgreind í viðaukanum, og fóður sem inniheldur blönduna, sem eru framleidd og merkt fyrir 27. maí 2014 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 27. nóvember 2013, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru upurnar.

*4. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,  
forseti.*

José Manuel BARROSO



## VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Pyppingsfjöldi (CFU)/ kg heilfóðurs með 12% rakarinnihald eða staðgöngumjólkur			
<b>Flokkur dýræktaraukefna. Virkur hópur: parmaflórastöðgarar</b>									
4b1706	Lactosan GmbH & Co KG	<i>Enterococcus faecium</i> DSM 7134 <i>Lactobacillus rhamnosus</i> DSM 7133	Samsetning aukefnis Blanda með: <i>Enterococcus faecium</i> DSM 7134 sem inniheldur að lágmarki $7 \times 10^9$ CFU/g aukefnis og <i>Lactobacillus rhamnosus</i> DSM 7133: $3 \times 10^9$ CFU/g aukefnis (hlutfall 7:3) Fast form <i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> Lífvænlegar frumur: <i>Enterococcus faecium</i> DSM 7134 og <i>Lactobacillus rhamnosus</i> DSM 7133 <i>Greiningaraðferð</i> ( <sup>1</sup> ) Ákvörðun á heildarfjölda: <i>Enterococcus faecium</i> DSM 7134: dreifingaraðferð með gallestúlinasíðagar (EN 15788) <i>Lactobacillus rhamnosus</i> DSM 7133: dreifingaraðferð með MRS-agar (EN 15787) Sanngreining á <i>Enterococcus faecium</i> DSM 7134 og <i>Lactobacillus rhamnosus</i> DSM 7133: Rafdráttur á geli í púlsviði (PFGE).	Kálfar til eldis	4 mánaða	$1 \times 10^9$	—	1. Í notkunarleifbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskiyrði og kögglafestu. 2. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarvörn og hlífðarhanska við meðhöndlun.	27. nóvember 2023

(<sup>1</sup>) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi síðu tilvísunarrannsóknarstofunnar fyrir fóðuraufkefni: [http://irimm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURLs\\_feed\\_additives/Pages/index.aspx](http://irimm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURLs_feed_additives/Pages/index.aspx)

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)  
nr. 1334/2013**

2014/EES/36/10

frá 13. desember 2013

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1290/2008 að því er varðar nafn leyfishafa og ráðlagðan skammt blöndu með *Lactobacillus rhamnosus* (CNCM-I-3698) og *Lactobacillus farciminis* (CNCM-I-3699) (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í föðri <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Danisco France SAS hefur lagt fram umsókn í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 þar sem lögð er til breyting á nafni handhafa leyfisins að því er varðar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1290/2008 <sup>(2)</sup>.
- 2) Umsækjandinn fullyrðir að hann hafi framselt markaðsleyfið fyrir blöndu með *Lactobacillus rhamnosus* (CNCM-I-3698) og *Lactobacillus farciminis* (CNCM-I-3699) til Danisco (UK) Ltd og að sá síðarnefndi eigi nú markaðssetningarréttinn fyrir þetta aukefni.
- 3) Markmiðið með umsókninni er einnig að gera það kleift að setja föðuraukefnið á markað í styrk sem er fimmfalt hærrí en lágmarksstyrkleikinn. Til að tryggja að lágmarks- og hámarksinnihaldið, sem sett er fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1290/2008, sé virt þarf að breyta ráðlögðum skammti á hvert kíló af heilföðri.
- 4) Fyrirhuguð breyting á handhafa leyfisins er eingöngu stjórnsýslulegs eðlis og felur ekki í sér nýtt mat á viðkomandi aukefni. Það síðarnefnda var leyft á grundvelli

álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu <sup>(3)</sup>. Síðari beiðni um breytingu á ráðlögðum skammti er í samræmi við sama álit og felur ekki í sér nýtt mat. Matvælaöryggisstofnun Evrópu var upplýst um umsóknina.

- 5) Til þess að aðlagast núgildandi venjum ætti að fella viðskiptaheitið brott úr reglugerð (EB) nr. 1290/2008.
- 6) Til að gera Danisco (UK) Ltd kleift að nýta markaðssetningarrétt sinn er nauðsynlegt að breyta skilmálum viðkomandi leyfis.
- 7) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1290/2008 til samræmis við það.
- 8) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingunum, sem eru gerðar á reglugerð (EB) nr. 1290/2008 með þessari reglugerð af öryggisástæðum, þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil svo hægt sé að nota fyrirbyggjandi birgðir.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*I. gr.*

**Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1290/2008**

Reglugerð (EB) nr. 1290/2008 er breytt sem hér segir:

- 1) Í titlinum falli orðið „(Sorbiflore)“ brott.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 335, 14.12.2013, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

<sup>(2)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1290/2008 frá 18. desember 2008 um leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus rhamnosus* (CNCM-I-3698) og *Lactobacillus farciminis* (CNCM-I-3699) (Sorbiflore) sem föðuraukefni (Stjtið. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 20).

<sup>(3)</sup> Álit visindanefndarinnar um aukefni og afurðir eða efni, sem notuð eru í föður (FEEDAP), að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um öryggi og verkun vörunnar Sorbiflore, blöndu með *Lactobacillus rhamnosus* og *Lactobacillus farciminis*, sem föðuraukefnis fyrir smágrísi. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2008) 771, 1–13.

2) Viðaukanum er breytt sem hér segir:

- a) Í öðrum dálki komi „Danisco (UK) Ltd“ í stað „Danisco France SAS“.
- b) Í þriðja dálki falli orðið „(Sorbiflore)“ brott.
- c) Í níunda dálki komi eftirfarandi í stað 2. liðar:

„2. Ráðlagður skammtur á hvert kílógramm heilföðurs:  $5 \times 10^8$  flúrljómunareiningar (FU)“.

2. gr.

#### **Umbreytingarráðstafanir**

Fyrirliggjandi birgðir, sem hafa verið framleiddar og merktar fyrir 3. janúar 2014 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 3. janúar 2014, má áfram setja á markað og nota til 3. júlí 2014.

3. gr.

#### **Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. desember 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

---

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2010/60/ESB

2014/EES/36/11

frá 30. ágúst 2010

## um tilteknar undanþágur sem varða setningu fódurjurtafræblandna, sem ætlaðar eru til notkunar við varðveislu náttúrulegs umhverfis, á markað

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fódurjurtafræja<sup>(1)</sup>, einkum fjórðu undirgrein 1. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Mikilvægi líffræðilegrar fjölbreytni og varðveislu erfðaauðlinda plantna hefur orðið æ ljósari undanfarin ár og það kemur fram í þróuninni, bæði á alþjóðavettvangi og á vettvangi Evrópusambandsins. Dæmi um þetta eru ákvörðun ráðsins 93/626/EBE frá 25. október 1993 um gerð samnings um líffræðilega fjölbreytni<sup>(2)</sup>, ákvörðun ráðsins 2004/869/EB frá 24. febrúar 2004 um gerð alþjóðlegs sáttmála fyrir hönd Evrópubandalagsins um erfðaauðlindir plantna á sviði matvæla og landbúnaðar<sup>(3)</sup>, reglugerð ráðsins (EB) nr. 870/2004 frá 26. apríl 2004 um áætlun Bandalagsins um varðveislu, lýsingu á eiginleikum, söfnun og nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1467/94<sup>(4)</sup> og reglugerð ráðsins (EB) nr. 1698/2005 frá 20. september 2005 um stuðning Dreifbýlisþróunarsjóðs evrópsks landbúnaðar (EAFRD) við dreifbýlisþróun<sup>(5)</sup>. Koma ætti á sérstökum skilyrðum samkvæmt löggjöf Evrópusambandsins sem gildir um setningu fódurjurtafræblandna á markað, nánar tiltekið í tilskipun 66/401/EB, til að taka tillit til þessara atriða.
- 2) Til að gera það kleift að setja á markað fódurjurtafræblöndur, sem eru ætlaðar til notkunar við varðveislu náttúrulegs umhverfis í tengslum við verndun erfðaauðlinda (hér á eftir nefndar varðveislublöndur (e. *preservation mixtures*),

jafnvel þegar efnisþættir í þessum blöndum uppfylla ekki hluta af almennum kröfum varðandi markaðssetningu sem kveðið er á um í tilskipun 66/401/EBE, er nauðsynlegt að kveða á um tilteknar undanþágur.

- 3) Til að tryggja að blöndur, sem eru markaðssettar sem varðveislublöndur, uppfylli kröfurnar er varða þessar undanþágur er nauðsynlegt að setja reglur um það að setning slíkra blandna á markað sé háð leyfi. Veita ætti leyfi eftir umsókn.
- 4) Að því er varðar varðveislublöndur sem innihalda varðveisluyrki í skilningi tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2008/62/EB frá 20. júní 2008 um tilteknar undanþágur sem varða samþykki fyrir staðaryrkjum og yrkjum í landbúnaði sem eru náttúrulega löguð að stað- og svæðisbundnum skilyrðum og eru í hættu vegna erfðatæringar, og um setningu fræs og útsæðiskartaflna af þessum staðaryrkjum og yrkjum á markað<sup>(6)</sup> ætti þessi tilskipun þó ekki að hafa áhrif á tilskipun 2008/62/EB.
- 5) Sérstök varðveislusvæði, sem aðildarríkin hafa tilnefnt í samræmi við tilskipun ráðsins 92/43/EBE frá 21. maí 1992 um varðveislu vistgerða og villtra plantna og dýra<sup>(7)</sup>, eru fyrir náttúruleg og hálfnáttúruleg búsvæði sem verðskulda verndun. Líta ætti á slík svæði sem uppsprettusvæði (e. *source area*) fyrir varðveislublöndur. Aðildarríkin ættu einnig að eiga kost á því að tilnefna önnur svæði sem stuðla að varðveislu erfðaauðlinda plantna ef þau eru í samræmi við sambærilegar reglur.
- 6) Kveða ætti á um að efnisþættir varðveislublöndunnar séu tilgreindir sem tegundir og, ef við á, undirtegundir í leyfinu og á merkimiðanum. Einnig ætti að kveða á um sértækt spirunarhlutfall (e. *germination rate*) fyrir efnisþætti blöndunnar, sem falla undir tilskipun 66/401/EBE, sem eru ekki í samræmi við kröfur um spirun sem settar eru fram í II. viðauka við þá tilskipun. Að því er varðar þessar kröfur er nauðsynlegt, að því er varðar varðveislublöndur sem eru uppskornar beint, að taka tillit til uppskeruáferðarinnar.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 228, 31.8.2010, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 125, 11.7.1966, bls. 2298/66.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 309, 13.12.1993, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 378, 23.12.2004, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 162, 30.4.2004, bls. 18.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 277, 21.10.2005, bls. 1.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 162, 21.6.2008, bls. 13.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 206, 22.7.1992, bls. 7.

- 7) Nauðsynlegt er að kveða á um undanþágur varðandi athugun aðildarríkjanna á varðveislublöndunni áður en hún er leyfð til setningar á markað. Við athugun á þessum blöndum ætti í ákveðnum tilvikum einnig að gera ráð fyrir mismunandi uppskeruáðferðum eftir því hvort um er að ræða varðveislublöndur sem eru ræktaðar (e. *crop-grown*) eða uppskornar beint.
- 8) Til þess að tryggja að markaðssetning varðveislublandna fari fram í tengslum við varðveislu á erfðaauðlindum skal kveða á um takmarkanir, einkum að því er varðar uppruna- og uppsprettusvæði.
- 9) Ákveða ætti hámarks magn varðveislublandna sem setja má á markað. Til þess að ganga úr skugga um að farið sé eftir þessu hámarks magni ættu aðildarríkin að krefjast þess að framleiðendur tilkynni um það magn af varðveislublöndum sem þeir hyggjast sækja um leyfi fyrir og ættu þau að úthluta magninu til framleiðenda ef nauðsyn krefur.
- 10) Tryggja ætti rekjanleika varðveislublandna með viðeigandi kröfum um lokun og merkingar.
- 11) Til að tryggja að reglunum, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, sé beitt á réttan hátt ætti opinber vöktun að fara fram.
- 12) Eftir hæfilegan tíma ætti framkvæmdastjórnin að meta hvort ráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, séu skilvirkar.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

#### Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „uppsprettusvæði“:
- svæði sem aðildarríki tilnefnir sem sérstakt varðveislusvæði í samræmi við 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 92/43/EBE eða
  - svæði sem stuðlar að varðveislu erfðaauðlinda plantna og sem aðildarríki tilnefnir í samræmi við landsbundna málsmeðferð sem byggst á viðmiðunum sem eru sambærilegar þeim sem kveðið er á um í 4. mgr. 4. mgr. tilskipunar 92/43/EBE, í tengslum við k- og l-lið 1. gr. þeirrar tilskipunar, og sem er stjórnað, verndað og undir eftirliti á þann hátt sem jafngildir 6. og 11. gr. þeirrar tilskipunar,
- b) „söfnunarstaður“: hluti af uppsprettusvæðinu þar sem fræinu var safnað,

- c) „blanda sem er uppskorin beint“: fræblanda sem er markaðssett sem safnað á söfnunarstað, einnig hreinsuð,
- d) „ræktuð blanda“: fræblanda sem er framleidd í samræmi við eftirfarandi ferli:
- fræ einstakra tegunda er tekið á söfnunarstað,
  - fræinu, sem um getur í i. lið, er fjölgað utan söfnunarstaðar sem einni tegund,
  - fræjum þessara tegunda er síðan blandað saman til að búa til blöndu sem er samsett af ættkvíslum, tegundum og, ef við á, undirtegundum sem eru dæmigerðar fyrir vistgerð söfnunarstaðarins.

2. gr.

#### Varðveislublöndur

1. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 66/401/EBE geta aðildarríkin heimilað setningu blandna af ýmsum ættkvíslum og tegundum og, ef við á, undirtegundum á markað ef nota á blöndurnar við varðveislu náttúrulegs umhverfis í tengslum við verndun erfðaauðlinda, sem um getur í b-lið 1. mgr. 22. gr. a í þeirri tilskipun.

Slíkar blöndur geta innihaldið fræ föðurjurta, sem falla undir tilskipun 66/401/EBE, og auk þess fræ jurta sem eru ekki föðurjurtir í skilningi þeirrar tilskipunar.

Slíkar blöndur eru hér á eftir nefndar „varðveislublöndur“.

2. Ef varðveislublanda inniheldur varðveisluyrki skal tilskipun 2008/62/EB gilda.

3. Tilskipun 66/401/EBE skal gilda nema kveðið sé á um annað í þessari tilskipun.

3. gr.

#### Upprunasvæði

Ef aðildarríki heimilar setningu varðveislublöndu á markað skal það skilgreina svæði sem blandan tengist á náttúrulegan hátt, hér á eftir nefnt „upprunasvæði“. Aðildarríkið skal taka tillit til upplýsinga frá yfirvöldum sem bera ábyrgð á erfðaauðlindum plantna eða frá stofnunum sem aðildarríkin hafa viðurkennt í þessu skyni. Ef upprunasvæðið er staðsett í fleiri en einu aðildarríki skulu öll viðkomandi aðildarríki ákvarða það með samhljóða samkomulagi.

4. gr.

#### Leyfi

1. Aðildarríkin geta heimilað setningu varðveislublandna á markað á upprunasvæðum sínum að því tilskildu að þessar blöndur uppfylli kröfurnar í 5. gr. ef um er að ræða varðveislublöndur sem eru uppskornar beint eða kröfurnar í 6. gr. ef um er að ræða ræktaðar varðveislublöndur.

2. Í leyfinu skal eftirfarandi koma fram:

- a) nafn og heimilisfang framleiðandans,
- b) uppskeruaðferð: uppskorið beint eða ræktað,
- c) hundraðshluti efnisþáttanna eftir tegundum, miðað við þyngd, og, ef við á, undirtegundum,
- d) ef um er að ræða ræktaðar varðveislublöndur: sértækt spírunarhlutfall fyrir efnisþætti blöndunnar, sem fellur undir tilskipun 66/401/EBE, sem er ekki í samræmi við kröfur um spírur sem settar eru fram í II. viðauka við þá tilskipun,
- e) magn blöndunnar sem leyfið á að gilda um,
- f) upprunasvæði,
- g) höft á setningu á markað á upprunasvæðinu,
- h) uppsprettusvæði,
- i) söfnunarstaður og, ef um er að ræða ræktaða varðveislublöndu, einnig fjölgunarstaður,
- j) vistgerð söfnunarstaðarins og
- k) söfnunarár.

3. Að því er varðar c-lið 2. mgr. skal nægja, að því er varðar varðveislublöndur sem eru uppskornar beint, að gefa þessa efnisþætti upp sem tegundir og, ef við á, undirtegundir sem eru dæmigerðar fyrir vistgerðina á söfnunarstaðnum og sem eru, sem efnisþættir blöndunnar, mikilvægar fyrir varðveislu náttúrlegs umhverfis í tengslum við verndun erfðauðlinda.

5. gr.

#### Leyfiskröfur vegna varðveislublöndna sem eru uppskornar beint

1. Varðveislublöndu, sem er uppskorin beint, skal hafa verið safnað á uppsprettusvæði sínu á söfnunarstað þar sem ekki hefur verið sáð næstliðin 40 ár fyrir dagsetningu umsóknar framleiðandans sem um getur í 1. mgr. 7. gr. Uppsprettusvæðið skal staðsett á upprunasvæðinu.
2. Hlutfall efnisþátta í varðveislublöndu sem er uppskorin beint, sem eru tegundir og, ef við á, undirtegundir sem eru dæmigerðar fyrir vistgerðina á söfnunarstaðnum og sem eru, sem efnisþættir blöndunnar, mikilvægir fyrir varðveislu náttúrlegs umhverfis í tengslum við verndun erfðauðlinda, skal nægja til að endurskapa vistgerð söfnunarstaðarins.
3. Spírunarhlutfall efnisþáttanna, sem um getur í 2. mgr., skal nægja til þess að endurskapa vistgerð söfnunarstaðarins.
4. Hámarksinnihald tegunda og, ef við á, undirtegunda, sem uppfylla ekki kröfurnar í 2. mgr., skal ekki fara yfir 1% miðað við þyngd. Varðveislublöndna sem er uppskorin beint skal ekki innihalda *Avena fatua*, *Avena sterilis* eða *Cuscuta* spp.

Hámarksinnihald *Rumex* spp., annað en *Rumex acetosella* og *Rumex maritimus*, skal ekki fara yfir 0,05% miðað við þyngd.

6. gr.

#### Leyfiskröfur vegna ræktaðra varðveislublöndna

1. Að því er varðar ræktaðar varðveislublöndur skal fræinu sem safnað hefur verið, sem ræktaða fræblandan er framleidd úr, hafa verið safnað á uppsprettusvæði sínu á söfnunarstað þar sem ekki hefur verið sáð næstliðin 40 ár fyrir dagsetningu umsóknar framleiðandans sem um getur í 1. mgr. 7. gr. Uppsprettusvæðið skal staðsett á upprunasvæðinu.

2. Fræin í ræktaðu varðveislublöndunni skulu vera af tegundum og, ef við á, undirtegundum sem eru dæmigerðar fyrir vistgerðina á söfnunarstaðnum og sem eru, sem efnisþættir blöndunnar, mikilvægar fyrir varðveislu náttúrlegs umhverfis í tengslum við verndun erfðauðlinda.

3. Efnisþættir ræktaðrar varðveislublöndu, sem eru fræ fódurjurta í skilningi tilskipunar 66/401/EBE, skulu, áður en þeim er blandað saman, uppfylla kröfurnar fyrir sölufræ sem settar eru fram í III. hluta II. viðauka við tilskipun 66/401/EBE að því er varðar greiningarhreinleika eins og sett er fram í 4. til 11. dálki í töflunni í A-lið 2. liðar í I. lið þess viðauka, að því er varðar hámarksinnihald annarra plöntutegunda í sýni af þeirri þyngd sem tilgreind er í 4. dálki III. viðauka við hana (alls fyrir hvern dálk) eins og sett er fram í 12., 13. og 14. dálki í töflunni í A-lið 2. liðar í I. lið II. viðauka við hana og að því er varðar skilyrði varðandi lúpínufræ eins og sett er fram í 15. dálki töflunnar í A-lið 2. liðar í I. lið þess viðauka.

4. Fjölgun má eiga sér stað í fimm kynslóðir.

7. gr.

#### Kröfur um málsmeðferð

1. Veita skal leyfi eftir umsókn framleiðandans.

Með umsókninni skulu fylgja upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að sannreyna að farið sé að 4. og 5. gr., ef um er að ræða varðveislublöndur sem eru uppskornar beint, eða 4. og 6. gr. ef um er að ræða ræktaðar varðveislublöndur.

2. Að því er varðar varðveislublöndur sem eru uppskornar beint skal aðildarríkið, þar sem söfnunarstaðurinn er staðsettur, annast sjónræna skoðun.

Þessar sjónrænu skoðanir skulu fara fram á söfnunarstað á vaxtartíma með millibili sem er viðeigandi til að tryggja að blandan uppfylli a.m.k. leyfiskröfurnar sem kveðið er á um í 2. og 4. mgr. 5. gr.

Aðildarríkið sem annaðist sjónrænu skoðanirnar skal skjalfesta niðurstöðurnar.

3. Þegar aðildarríki kannar umsókn skal það, að því er varðar ræktaðar varðveislublöndur, annast prófanir eða prófanir skulu fara fram undir opinberu eftirliti aðildarríkisins til að ganga úr skugga um að varðveislublandan uppfylli a.m.k. leyfiskröfur sem kveðið er á um í 2. og 3. mgr. 6. gr.

Slíkar prófanir skulu fara fram í samræmi við gildandi alþjóðlegar aðferðir eða, ef slíkar aðferðir eru ekki fyrir hendi, í samræmi við viðeigandi aðferðir.

Viðkomandi aðildarríki skal sjá til þess að sýnin séu tekin úr einsleitum framleiðslutotum fyrir þessar prófanir. Það skal sjá til þess að reglum um þyngd framleiðslueininga og sýna, sem kveðið er á um í 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 66/401/EBE, sé fylgt.

8. gr.

#### Magntakmörkun

Hvert aðildarríki skal sjá til þess að heildarmagn fræs úr varðveislublöndum, sem eru settar á markað á hverju ári, fari ekki yfir 5% af heildarþyngd allra fódurjurtafræblandna sem falla undir tilskipun 66/401/EBE og eru settar á markað á viðkomandi ári í aðildarríkinu sem um ræðir.

9. gr.

#### Beiting magntakmarkana

1. Ef um er að ræða varðveislublöndur sem eru uppskornar beint skulu aðildarríkin sjá til þess að framleiðendur tilkynni um magn fræs í varðveislublöndunum, sem þeir ætla sér að sækja um leyfi fyrir, svo og um stærð og staðsetningu fyrirhugaðs söfnunarstaðar eða -staða, áður en hvert framleiðsluskeið hefst.

Ef um er að ræða ræktaðar varðveislublöndur skulu aðildarríkin sjá til þess að framleiðendur tilkynni um magn fræs í varðveislublöndunum, sem þeir ætla sér að sækja um leyfi fyrir, svo og um stærð og staðsetningu fyrirhugaðs söfnunarstaðar eða -staða og stærð og staðsetningu fyrirhugaðs fjölgunarstaðs eða -staða, áður en hvert framleiðsluskeið hefst.

2. Ef líklegt er, á grundvelli tilkynninganna sem um getur í 1. mgr., að farið verði yfir magnið, sem mælt er fyrir um í 8. gr., skulu aðildarríkin úthluta hverjum hlutaðeigandi framleiðanda því magni sem honum er heimilt að setja á markað á viðkomandi framleiðsluskeiði.

10. gr.

#### Lokun pakkninga og íláta

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fræ varðveislublandna megi eingöngu setja á markað í lokuðum umbúðum eða ílátum með lokunarbúnaði.

2. Til að tryggja að umbúðir séu lokaðar skal a.m.k. vera merkimiði eða innsigli á lokunarbúnaðinum.

3. Pakkningum og ílátum, sem um getur í 1. mgr., skal lokað þannig að lokunarbúnaðurinn eyðileggist þegar þau eru opnuð eða ummerki sjáist annaðhvort á merkimiða framleiðandans eða á pakkningunni eða ílátinu.

11. gr.

#### Merkingar

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að á pakkningum eða ílátum með varðveislublöndum sé merkimiði framleiðanda eða prentuð eða stimpluð tilkynning þar sem a.m.k. eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- a) orðin „ESB-reglur og -staðlar“,
- b) nafn og heimilisfang einstaklingsins, sem ber ábyrgð á að festa merkimiðana á, eða auðkenni hans,
- c) uppskeruáferð: uppskorið beint eða ræktað,
- d) lokunarár, gefið upp sem: „lokað ...“ (ár),
- e) upprunasvæði,
- f) uppsprettusvæði,
- g) söfnunarstaður,
- h) vistgerð söfnunarstaðarins,
- i) orðin „varðveislublanda fódurjurtafræja, sem ætluð er til notkunar á svæði með sömu vistgerð og söfnunarstaðurinn, án tillits til lífrænna skilyrða“,
- j) tilvísunarnúmer framleiðslueiningarinnar, sem úthlutað er af þeim aðila sem ber ábyrgð á því að festa merkimiðana á,
- k) hundraðshluti efnisþáttanna eftir tegundum, miðað við þyngd, og, ef við á, undirtegundum,
- l) uppgefin eigin þyngd eða heildarþyngd,
- m) tegund aukefnis og einnig nálgunarhlutfall milli þyngdar klasa eða hreinna fræja og heildarþyngdar skulu tilgreind ef notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur aukefni í föstu formi, og
- n) ef um er að ræða ræktaðar varðveislublöndur: sértækt spírunarhlutfall fyrir efnisþætti blöndunnar, sem fellur undir tilskipun 66/401/EBE, sem er ekki í samræmi við kröfur um spírur sem settar eru fram í II. viðauka við þá tilskipun.

2. Að því er varðar k-lið 1. mgr. skal nægja að tilgreina efnisþætti varðveislublandna sem eru uppskornar beint eins og kveðið er á um í 3. mgr. 4. gr.

3. Að því er varðar n-lið 1. mgr. skal nægja að tilgreina meðaltal fyrir þetta sértæka spírunarhlutfall sem krafist er ef gerð er krafa um að fjöldinn, að því er varðar sértæka spírunarhlutfallið, fari yfir fimm.

12. gr.

#### Vöktun

Aðildarríkin skulu sjá til þess með opinberri vöktun að farið sé að þessari tilskipun.

13. gr.

#### Skýrslugjöf

Aðildarríkin skulu sjá til þess að framleiðendur, sem starfa á yfirráðasvæði þeirra, gefi skýrslu fyrir hvert framleiðsluskeið um það magn af varðveislublöndum sem sett er á markað.

Aðildarríkin skulu, sé þess óskað, gefa framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum skýrslu um það magn af varðveislublöndum sem sett er á markað á yfirráðasvæði þeirra.

14. gr.

#### Tilkynning um viðurkenndar stofnanir sem bera ábyrgð á erfðaauðlindum plantna

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni, sé þess óskað, um yfirvöld sem bera ábyrgð á erfðaauðlindum plantna eða stofnanir sem aðildarríkin hafa viðurkennt í þessu skyni.

15. gr.

#### Mat

Framkvæmdastjórnin skal meta framkvæmd þessarar tilskipunar eigi síðar en 31. desember 2014.

16. gr.

#### Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar

en 30. nóvember 2011. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu yfir viðkomandi ákvæði og þessa tilskipun.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

17. gr.

#### Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

18. gr.

#### Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. ágúst 2010.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO



## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1019/2013

2014/EES/36/12

frá 23. október 2013

## um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2073/2005 að því er varðar histamín í lagarafurðum (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli<sup>(1)</sup>, einkum 4. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 frá 15. nóvember 2005 um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir matvæli<sup>(2)</sup> er mælt fyrir um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir tiltekna örverur og framkvæmdarreglur sem stjórnendur matvælafyrirtækja verða að uppfylla þegar þeir hrinda almennum og sértækum ráðstöfunum um hollustuhætti, sem um getur í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004, í framkvæmd. Einkum er þar kveðið á um matvælaöryggisviðmiðanir fyrir histamín og sýnatökuáætlanir fyrir lagarafurðir fisktegunda sem vitað er að eru auðugar af histidíni.
- 2) Fisksósa, sem er framleidd með gerjun, er lagarafurð í fljótandi formi. Alþjóðamatvæslaskráráðið<sup>(3)</sup> hefur fastsett ný hámarksgildi, sem mælt er með að verði notuð fyrir histamín í slíkri fisksósu, sem eru frábrugðin þeim sem sett eru fram í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2073/2005. Þau tilmæli eru í samræmi við upplýsingar um váhrif, sem neytendur verða fyrir, sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu (Matvælaöryggisstofnunin) lagði fram í vísindalegu álitinu sínu um áhættumiðaðar varnir gegn myndun lifrænna amína í gerjuðum matvælum<sup>(4)</sup> (*Scientific Opinion on risk based control of biogenic amine formation in fermented foods*).
- 3) Þar eð fisksósa er lagarafurð í fljótandi formi má reikna með að histamín dreifist jafnt í henni. Sýnatökuáætlunin getur því verið einfaldari en fyrir lagarafurðir á öðru formi.

- 4) Rétt þykir að fastsetja aðskilda matvælaöryggisviðmiðun fyrir fisksósu, sem er framleidd með gerjun lagarafurða, til að laga viðmiðunina að hinum nýja staðli Alþjóðamatvæslaskrárinnar og álitinu Matvælaöryggisstofnunarinnar. Einnig ætti að breyta 2. neðanmálgrein.
- 5) Venjuleg sýnatökuáætlun fyrir histamín úr lagarafurðum felst í töku 9 sýna sem krefst mikils sýnatökuefnis. Í 18. neðanmálgrein við matvælaöryggisviðmiðun 1.26 fyrir lagarafurðir kemur fram að taka meggi stök sýni á smásölustigi. Í slíkum tilvikum ætti ekki öll lotan að teljast örugg, eingöngu á grundvelli niðurstaðna úr einu sýni. Hins vegar, ef gildið í einu af níu sýnum sem eru greind reynist fara yfir M, skal öll lotan teljast örugg. Þetta ætti einnig að eiga við þegar stök sýni reynast fara yfir M. Af þessum sökum er rétt að breyta 18. neðanmálgrein. Einnig ætti 18. neðanmálgrein að gilda um báðar matvælaöryggisviðmiðanirnar 1.26 og 1.27.
- 6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 2073/2005 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2073/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. október 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,  
forseti.

José Manuel BARROSO

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 282, 24.10.2013, bls. 46. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Staðall Alþjóðamatvæslaskrárinnar fyrir fisksósu (CODEX STAN 302 – 2011).

<sup>(4)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(10), 2393.

## VIÐAUKI

Ákvæðum 1. kafla I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2073/2005 er breytt sem hér segir:

1) Í stað línu 1.27 komi eftirfarandi:

„1.27. Lagarafurðir, að undanteknum þeim sem falla undir matvælaflokk 1.27a, sem hafa verið meðhöndlaðar þannig að beitt er ensímþroskun í saltþækli, framleiddar úr fisktegundum sem vitað er að eru auðugar af histidíni <sup>(17)</sup>	Histamín	9 <sup>(18)</sup>	2	200 mg/kg	400 mg/kg	Háþrýstivökva-skiljun (HPLC) <sup>(19)</sup>	Afurðir sem settar eru á markað á geymsluþolstíma þeirra“
--	----------	-------------------	---	-----------	-----------	--	---

2) Eftirfarandi lína 1.27a bætist við:

„1.27a. Fisksósa framleidd með gerjun lagarafurða	Histamín	1		400 mg/kg	Háþrýstivökva-skiljun (HPLC) <sup>(19)</sup>	Afurðir sem settar eru á markað á geymsluþolstíma þeirra“
---	----------	---	--	-----------	--	---

3) Í stað 2. neðanmálgreinar komi eftirfarandi:

„<sup>(2)</sup> Að því er varðar líði 1.1–1.25, 1.27a og 1.28 m = M.“

4) Í stað 18. neðanmálgreinar komi eftirfarandi:

„<sup>(18)</sup> Stök sýni má taka á smásölustigi. Í því tilviki gildir ekki forsendan, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 en samkvæmt henni skal öll lotan teljast óörugg, nema niðurstaðan sé hærrí en M.“

5) Undir fyrirsögninni „Túlkun niðurstaðna úr prófunum“ komi eftirfarandi í stað síðustu málgreinar textans sem varðar histamín í lagarafurðum:

„Histamín í lagarafurðum:

Histamín í lagarafurðum fisktegunda sem vitað er að eru auðugar af histidíni, að undanskilinni fisksósu sem er framleidd með gerjun lagarafurða:

— fullnægjandi ef eftirfarandi kröfur eru uppfylltar:

1. mælt meðalgildi er  $\leq m$
2. hæsta gildið af mældum c/n-gildum er á milli m og M
3. engin mæld gildi eru stærri en M,

— ófullnægjandi ef mælt meðalgildi fer yfir m eða ef fleiri gildi en c/n-gildi eru á milli m og M eða ef eitt eða fleiri mæld gildi eru  $> M$ .

Histamín í fisksósu sem er framleidd með gerjun lagarafurða:

- fullnægjandi ef öll mæld gildi eru  $\leq$  en tilgreinda gildið,
- ófullnægjandi ef öll mæld gildi eru  $>$  en tilgreinda gildið.“

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1138/2013

2014/EES/36/13

frá 8. nóvember 2013

um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB)  
nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir bitertanol, klórfenvinfos, dódín  
og vínklösólín í eða á tilteknum afurðum (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE<sup>(1)</sup>, einkum 14. gr. (a-lið 1. mgr.), 18. gr. (b-lið 1. mgr.) og 49. gr. (2. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka og B-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir bitertanol, klórfenvinfos og vínklösólín. Í A-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir dódín.
- 2) Í tengslum við málsmeðferð sem varðaði leyfi fyrir plöntuvarnarefni sem inniheldur virka efnið dódín til notkunar á kjarnaáavexti, ferskjur, apríkósur, kirsuber, ólífur til átu og ólífur til olíuframleiðslu var sótt um, skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, að fá að breyta gildandi hámarksgildum leifa.
- 3) Í samræmi við 2. og 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 var lögð fram umsókn um notkun dódíns á banana. Umsækjandinn fullyrðir að leyfð notkun dódíns á slíkar nytjaplöntur í Norður-, Mið- og Suður-Ameríku leiði til þess að styrkur leifa verður meiri en hámarksgildi

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 307, 16.11.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

leifa í reglugerð (EB) nr. 396/2005 segir til um og að nauðsynlegt sé að setja hærra hámarksgildi leifa til að komast hjá viðskiptahindrunum við innflutning á banönum.

- 4) Viðkomandi aðildarríki mátu þessar umsóknir í samræmi við 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 og matsskýrslurnar voru sendar framkvæmdastjórninni.
  - 5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin, lagði mat á umsóknirnar og matsskýrslurnar og rannsakaði einkum áhættu fyrir neytendur og, þar sem við átti, fyrir dýr og skilaði rökstuddum álitum um tillögð hámarksgildi leifa<sup>(2)</sup>. Matvælaöryggisstofnunin sendi þessi álit til framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna og gerði þau aðgengileg almenningi.
  - 6) Breska konungsríkið lagði beiðni fyrir Matvælaöryggisstofnunina skv. 43. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 um að meta áhættu, sem gætu skapast af núverandi hámarksgildum leifa fyrir bitertanol á banönum, í ljósi viðmiðunarskammts bráðrar eitrunar fyrir bitertanol sem var fastsettur í október 2010<sup>(3)</sup>.
  - 7) Að því er varðar dódín komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að allar kröfur um gögn hefðu verið uppfylltar og að breytingarnar, sem umsækjandinn óskaði
- (2) Visindaskýrslur Matvælaöryggisstofnunar Evrópu eru aðgengilegar á Netinu á: [http://www.efsa.europa.eu:Reasoned opinion on the modification of the existing MRLs for dodine in various fruit crops](http://www.efsa.europa.eu:Reasoned%20opinion%20on%20the%20modification%20of%20the%20existing%20MRLs%20for%20dodine%20in%20various%20fruit%20crops). Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2013 11(1), 3077 (31 bls.). doi:10.2903/j.efsa.2013.3077. Reasoned opinion on the modification of the existing MRL for dodine in pome fruit, apricots and olives. Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2013, 11(2), 3112, [25 bls]. doi:10.2903/j.efsa.2013.3112.
- (3) Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance bitertanol. Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2010, 8(10), 1850, [63 bls], doi:10.2903/j.efsa.2010.1850.

- eftir að yrðu gerðar á hámarksgildunum, væru viðunandi að því er varðar öryggi neytenda, á grundvelli mats fyrir 27 sérstaka evrópska neytendahópa á váhrifum sem neytendur verða fyrir. Hún tók tillit til nýjustu upplýsinga um eiturefnafræðilega eiginleika efnisins. Hvorki ævilöng váhrif af völdum þessa efnis vegna neyslu á öllum matvælum sem geta innihaldið umrætt efni né skammtímaváhrif vegna mikillar neyslu á viðkomandi nytjaplöntum og afurðum sýndu hættu á að farið yrði yfir ásettannlega, daglega inntöku eða viðmiðunarskammt bráðrar eitrunar.
- 8) Að því er varðar bitertanol greindi Matvælaöryggisstofnunin frá bráðri áhættu fyrir heilsu neytenda í álitinu sínu frá 21. febrúar 2012 og mælti með því að lækka hámarksgildi leifa fyrir bitertanol á banönum<sup>(4)</sup>. Eftir að Matvælaöryggisstofnunin hafði greint bráða áhættu fyrir heilsu neytenda að því er varðar bitertanol á banönum lagði hún mat á öryggi gildandi hámarksgilda leifa fyrir bitertanol á öðrum nytjaplöntum með hámarksgildi leifa sem hafa verið fastsett yfir magngreiningarmörkum. Matvælaöryggisstofnunin mælti með því að lækka hámarksgildi leifa fyrir kjarnaáavexti, steinaldin, aldin af graskersætt (ætt hýði) og tómata. Hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir skulu fastsett við viðeigandi magngreiningarmörk fyrir tiltekna samsetningu efna/afurða.
- 16) Hinn 17. júlí 2012 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á útdrætti úr *Rhodiola rosea* L. og fullyrtu áhrifanna. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.
- 17) Í kjölfar umsóknar frá Nutrilinks Sarl, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila álitni á heilsufullyrðingu sem varðar áhrif blöndu af hörfræolíu og E-vítamíni og viðhaldi á gegndræpistálma húðarinnar (e. *skin permeability barrier*) (spurning nr. EFSA-Q-2012-00337) <sup>(8)</sup>. Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var m.a. svohljóðandi: „Stuðlar að því að viðhalda gegndræpistálma húðarinnar“.
- 18) Hinn 17. júlí 2012 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á blöndu af hörfræolíu og E-vítamíni og fullyrtu áhrifanna. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.
- 19) Í kjölfar umsóknar frá Nutrilinks Sarl, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila álitni á heilsufullyrðingu sem varðar áhrif *Opti<sub>EFAX</sub>*<sup>TM</sup> og viðhald á eðlilegum styrk LDL-kólesteróls í blóði (spurning nr. EFSA-Q-2012-00339) <sup>(9)</sup>. Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „*Opti<sub>EFAX</sub>*<sup>TM</sup> stuðlar að því að viðhalda heilbrigðu LDL-kólesterólmagni í blóði“.
- 20) Hinn 17. júlí 2012 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á *Opti<sub>EFAX</sub>*<sup>TM</sup> og fullyrtu áhrifanna. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.
- 21) Í kjölfar umsóknar frá Nutrilinks Sarl, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila álitni á heilsufullyrðingu sem varðar áhrif *Opti<sub>EFAX</sub>*<sup>TM</sup> og viðhald á eðlilegum styrk HDL-kólesteróls í blóði (spurning nr. EFSA-Q-2012-00340) <sup>(10)</sup>. Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „*Opti<sub>EFAX</sub>*<sup>TM</sup> stuðlar að því að viðhalda heilbrigðu HDL-kólesterólmagni í blóði“.
- 22) Hinn 17. júlí 2012 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á *Opti<sub>EFAX</sub>*<sup>TM</sup> og fullyrtu áhrifanna. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.
- 23) Í kjölfar umsóknar frá Nutrilinks Sarl, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila álitni á heilsufullyrðingu sem varðar áhrif KF2BL20, sem er blanda af hynni (keratín), kopar, sinki, níasíni, pantópensýru, píridoxíni og D-bíótíni, og viðhald á eðlilegu hári (spurning nr. EFSA-Q-2012-00381) <sup>(11)</sup>. Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var m.a. svohljóðandi: „Stuðlar að því að viðhalda styrk hársins“.

<sup>(6)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(7), 2807.<sup>(7)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(7), 2805.<sup>(8)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(7), 2819.<sup>(9)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(7), 2802.<sup>(10)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(7), 2803.<sup>(11)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(7), 2808.

- 24) Hinn 17. júlí 2012 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á KF2BL20 og fullyrtu áhrifanna. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.
- 25) Í kjölfar umsóknar frá Nutrilinks Sarl, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila álitni á heilsufullyrðingu sem varðar áhrif hýalúrónsýru og verndun húðarinnar gegn þornun (spurning nr. EFSA-Q-2012-00382) <sup>(12)</sup>. Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var m.a. svohljóðandi: „Stuðlar að því að viðhalda góðum raka húðarinnar“.
- 26) Hinn 17. júlí 2012 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á hýalúrónsýru og fullyrtu áhrifanna. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.
- 27) Í kjölfar umsóknar frá Nutrilinks Sarl, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila álitni á heilsufullyrðingu sem varðar áhrif *Opti<sub>EFAX</sub>*<sup>TM</sup> og viðhald á eðlilegum styrk þriglýseríðs í blóði (spurning nr. EFSA-Q-2012-00383) <sup>(13)</sup>. Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „*Opti<sub>EFAX</sub>*<sup>TM</sup> stuðlar að því að viðhalda heilbrigðum styrk þriglýseríðs í blóði“.
- 28) Hinn 17. júlí 2012 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á *Opti<sub>EFAX</sub>*<sup>TM</sup> og fullyrtu áhrifanna. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.
- 29) Í kjölfar umsóknar frá Vivatech, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila álitni á heilsufullyrðingu sem varðar áhrif Transitech® og „bætur færslu um meltingarveginn og veitir varanlega stjórn á henni“ (spurning nr. EFSA-Q-2012-00296) <sup>(14)</sup>. Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Bætur færslu um meltingarveginn og veitir varanlega stjórn á henni“.
- 30) Hinn 26. september 2012 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á Transitech® og fullyrtu áhrifanna. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.
- 31) Í kjölfar umsóknar frá Nutrilinks Sarl, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila álitni á heilsufullyrðingu sem varðar áhrif Femilub®s og viðhald raka í leggöngum (spurning nr. EFSA-Q-2012-00571) <sup>(15)</sup>. Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var m.a. svohljóðandi: „Stuðlar að því að minnka þurrk í leggöngum“.
- 32) Hinn 26. september 2012 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á Femilub® og fullyrtu áhrifanna. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.
- 33) Í kjölfar umsóknar frá Nutrilinks Sarl, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila álitni á heilsufullyrðingu sem varðar áhrif blöndu af lýkópeni, E-vítamíni, lútíni og seleni og verndun húðarinnar gegn skaða af völdum útfjólublárra geisla (spurning nr. EFSA-Q-2012-00592) <sup>(16)</sup>. Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var m.a. svohljóðandi: „Stuðlar að því að styrkja viðkvæma húð innan frá til að bæta þol hennar gegn sólarljósi“.
- 34) Hinn 27. september 2012 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á blöndu af lýkópeni, E-vítamíni, lútíni og seleni og fullyrtu áhrifanna. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.
- 35) Í kjölfar umsóknar frá Glanbia Nutritionals plc, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila álitni á heilsufullyrðingu sem varðar áhrif Prolibra® og „stuðlar að því að minnka líkamsfitu og viðhalda um leið vöðvamassa (e. *lean muscle*)“ (spurning nr. EFSA-Q-2012-00001) <sup>(17)</sup>. Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Stuðlar að því að minnka líkamsfitu og viðhalda um leið vöðvamassa“.
- 36) Hinn 8. nóvember 2012 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna

<sup>(12)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(7), 2806.<sup>(13)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(7), 2804.<sup>(14)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(9), 2887.<sup>(15)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(9), 2888.<sup>(16)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(9), 2890.<sup>(17)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(11), 2949.

stofnunarinnar þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á Prolibra® og fullyrtu áhrifanna. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.

- 37) Í kjölfar umsóknar frá Nutrilinks Sarl, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila álit á heilsufullyrðingu sem varðar áhrif *Eff<sub>EXT</sub>*<sup>TM</sup> og „stuðlar að því að styrkja starfsemi liðamóta með því að viðhalda lágum styrk á C-virku prótíni í blóðvökva“ (spurning nr. EFSA-Q-2012-00386) <sup>(18)</sup>. Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var m.a. svohljóðandi: „Stuðlar að því að styrkja starfsemi liðamóta með því að viðhalda lágum styrk á C-virku prótíni í blóðvökva“.
- 38) Hinn 27. september 2012 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem þess er getið að fullyrðingin vísar til minnkunar á bólgu, sem gefin er til kynna með lægri styrk á C-virku prótíni í blóðvökva, og komist að þeirri niðurstöðu, á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram, að minnkun á bólgu í tengslum við sjúkdóma, s.s. slitgigt eða iktsýki, er meðferðarlegt markmið meðhöndlunar á sjúkdómi.
- 39) Reglugerð (EB) nr. 1924/2006 kemur til fyllingar almennum meginreglum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB frá 20. mars 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla <sup>(19)</sup>. Í b-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2000/13/EB er kveðið á um að merkingarnar skulu ekki eigna matvælum þá eiginleika að fyrirbyggja, vinna á eða lækna sjúkdóma manna eða gefa í skyn slíka eiginleika. Þar eð bannað er að eigna matvælum lækningaeiginleika ætti ekki að leyfa fullyrðinguna varðandi áhrif *Eff<sub>EXT</sub>*<sup>TM</sup>.
- 40) Heilsufullyrðingin sem varðar áhrif *Eff<sub>EXT</sub>*<sup>TM</sup> og „stuðlar að því að styrkja starfsemi liðamóta með því að viðhalda lágum styrk á C-virku prótíni í blóðvökva“ er heilsufullyrðing sem eignar matvælunum sem falla undir fullyrðinguna lækningaeiginleika og er því bönnuð í tengslum við matvæli.
- 41) Heilsufullyrðingin sem varðar Prolibra® og „stuðlar að því að minnka líkamsfitu og viðhalda um leið vöðvamassa“ er heilsufullyrðing eins og þær sem um getur í c-lið 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 sem falla undir umbreytingartímabilið sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 28. gr. þeirrar reglugerðar. Þar eð umsóknin

var ekki lögð fram fyrir 19. janúar 2008 er krafan, sem kveðið er á um í b-lið 6. mgr. 28. gr. þeirrar reglugerðar, ekki uppfyllt og umbreytingartímabilið, sem kveðið er á um í þeirri grein, á því ekki við um þessar fullyrðingar.

- 42) Aðrar heilsufullyrðingarnar, sem falla undir þessa reglugerð, eru heilsufullyrðingar eins og um getur í a-lið 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, sem falla undir umbreytingartímabilið sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 28. gr. þeirrar reglugerðar þar til listinn yfir leyfilegar heilsufullyrðingar er samþykktur, að því tilskildu að þær séu í samræmi við reglugerðina.
- 43) Listanum yfir leyfilegar heilsufullyrðingar var komið á með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 432/2012<sup>(20)</sup> og hefur verið í gildi síðan 14. desember 2012. Að því er varðar fullyrðingar sem um getur í 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, sem Matvælaöryggisstofnunin hefur ekki lokið við að meta eða framkvæmdastjórnin ekki tekið afstöðu til fyrir 14. desember 2012 og eru samkvæmt þessari reglugerð ekki á listanum yfir leyfilegar heilsufullyrðingar, þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil þar sem heimilt er að nota þær, til að gera bæði stjórnendum matvælaferlið og lögbærum landsyfirvöldum kleift að aðlagast banninu við fullyrðingunum.
- 44) Tekið hefur verið tillit til athugasemda frá umsækjendum og almenningi sem framkvæmdastjórninni hafa borist, skv. 6. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, við ákvörðun þeirra ráðstafana sem kveðið er á um í þessari reglugerð.
- 45) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

1. Heilsufullyrðingarnar, sem settar eru fram í viðaukanum við þessa reglugerð, skal ekki færa á lista Sambandsins yfir leyfðar fullyrðingar sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

2. Þó má halda áfram að nota heilsufullyrðingar, sem um getur í 1. mgr. og hafa verið notaðar fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, að hámarki í sex mánuði frá gildistöku þessarar reglugerðar.

##### 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

<sup>(18)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(9), 2889.

<sup>(19)</sup> Stjtið. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29.

<sup>(20)</sup> Stjtið. ESB L 136, 25.5.2012, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. október 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,  
forseti.*

José Manuel BARROSO

---

## VIÐAUKI

## Heilsufullyrðingar sem hefur verið hafnað

Umsókn — viðeigandi ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1924/2006	Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Tilvísunarnúmer áhlits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/ eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Glúkósamín	Glúkósamín stuðlar að því að vernda brjóska í liðamótum sem eru hreyfð mikið eða undir álagi og stuðlar að því að bæta hreyfingu í liðamótum	Q-2011-00907
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/ eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Glúkósamín	Glúkósamín stuðlar að því að viðhalda eðlilegu brjóska í liðamótum	Q-2011-01113
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/ eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Skautuð lípíð dregin úr hveiti	Stuðlar að því að bæta raka húðarinnar	Q-2011-01122
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/ eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	<i>Saccharomyces cerevisiae</i> var. <i>boulardii</i> CNCM I-3799	<i>Saccharomyces cerevisiae</i> var. <i>boulardii</i> CNCM I-3799 stuðlar að því að viðhalda velliðan í þörmum	Q-2012-00271
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/ eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Blanda af þíamíni, ribóflavíni, níasíni, pantóþensýru, píridoxíni, D-bíótíni og olíu úr graskersfræi ( <i>Cucurbita pepo</i> L.)	Stuðlar að því að fjölga hárum	Q-2012-00334 & Q-2012-00335
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/ eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Útdráttur úr <i>Rhodiola rosea</i> L.	Stuðlar að því að draga úr þreytu undir álagi	Q-2012-00336
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/ eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Blanda af hörfræoliu og E-vítamíni	Stuðlar að því að viðhalda gegndræpistálma húðarinnar	Q-2012-00337
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/ eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	<i>Opti<sub>EFAX</sub></i> <sup>TM</sup>	<i>Opti<sub>EFAX</sub></i> <sup>TM</sup> stuðlar að því að viðhalda heilbrigðu LDL-kólesterólmagni í blóði	Q-2012-00339

Umsókn — viðeigandi ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1924/2006	Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fulldýring	Tilvísunarnúmer álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu
Heilsufullrýðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/ eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	<i>Opti</i> <sub>EFAX</sub> <sup>TM</sup>	<i>Opti</i> <sub>EFAX</sub> <sup>TM</sup> stuðlar að því að viðhalda heilbrigðu HDL-kólesterólmagni í blóði	Q-2012-00340
Heilsufullrýðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/ eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	KF2BL20	Stuðlar að því að viðhalda styrk hársins	Q-2012-00381
Heilsufullrýðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/ eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Hýalúrónsýra	Stuðlar að því að viðhalda góðum raka húðarinnar	Q-2012-00382
Heilsufullrýðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/ eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	<i>Opti</i> <sub>EFAX</sub> <sup>TM</sup>	<i>Opti</i> <sub>EFAX</sub> <sup>TM</sup> stuðlar að því að viðhalda heilbrigðum styrk þríglýseríðs í blóði	Q-2012-00383
Heilsufullrýðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/ eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Transitech®	Bætir færslu um meltingarveginn og veitir varanlega stjórn á henni	Q-2012-00296
Heilsufullrýðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/ eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Femilub®	Stuðlar að því að minnka þurrk í leggöngum	Q-2012-00571
Heilsufullrýðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/ eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Blanda af lýkópeni, E-vítamíni, lútíni og seleni	Stuðlar að því að styrkja viðkvæma húð innan frá til að bæta þol hennar gegn sólarljósi	Q-2012-00592
Heilsufullrýðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/ eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Prolibra®	Stuðlar að því að minnka líkamsfitu og viðhalda um leið vöðvamassa	Q-2012-00001
Heilsufullrýðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/ eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	<i>Eff</i> <sub>EXT</sub> <sup>TM</sup>	Stuðlar að því að styrkja starfsemi liðamóta með því að viðhalda lágum styrk á C-virku prótíni í blóðvökva	Q-2012-00386



## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1274/2013

2014/EES/36/19

frá 6. desember 2013

um breytingu og leiðréttingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins  
(EB) nr. 1333/2008 og viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB)  
nr. 231/2012 að því er varðar tiltekin matvælaaukefni (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum<sup>(1)</sup>, einkum 10. gr. (3. mgr.), 14. gr. og 30. gr. (5. mgr.),

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum<sup>(2)</sup>, einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvælaaukefni, matvælaensím, bragðefni, næringarefni og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 3) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 er mælt fyrir um nákvæmar skilgreiningar fyrir matvælaaukefni sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008<sup>(3)</sup>.
- 4) Þessar skrár má uppfæra í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 5) Þegar nákvæmar skilgreiningar eru uppfærðar er nauðsynlegt að taka mið af nákvæmum skilgreiningum

og greiningaraðferðum fyrir matvælaaukefni, sem eru settar fram í nákvæmum skilgreiningum sameiginlegrar sérfræðinganefnar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum sem Alþjóðamatvælaáskráráðið samþykkti, og einnig af alþjóðlegu númerakerfi fyrir matvælaaukefni, (e. *International Numbering System for Food Additives*) þ.e. INS-heiti<sup>(4)</sup>.

- 6) Tilglöggvunar og til að samræma heiti matvælaaukefnisins „Gljáandisvart BN, Svart PN“ (E 151), sem nú er leyft, við skráð heiti þess í alþjóðlega númerakerfinu fyrir matvælaaukefni ætti það að fá nýja heitið „Gljáandisvart PN“ í skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og í skilyrðum fyrir notkun þess og í nákvæmum skilgreiningum.
- 7) Sem stendur er skilgreiningin á matvælaaukefninu þörungakarótín (E 160a (iv)) í nákvæmu skilgreiningunni svohljóðandi: „Blönduð karótín er einnig hægt að vinna úr stofnum þörungsins *Dunaliella salina* sem er ræktaður í stórum saltvötnum í Whyalla í Suður-Ástralíu. (...)“ sem vísar til sérstaks staðar þar sem þörungarnir eru ræktaðir, þ.e.a.s. Whyalla. Hnattræn eftirspurn eftir þörungakarótínnum hefur þó aukist á undanförunum árum og fleiri saltvötnum hefur verið komið upp í Ástralíu og í öðrum löndum. Í núverandi nákvæmum skilgreiningum sameiginlegrar sérfræðinganefnar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum sem varða þörungakarótín<sup>(5)</sup> er hvergi minnst á staðsetningu/staðsetningar þar sem *Dunaliella salina* er ræktaður eða neina takmörkun á þeim né heldur í álit Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um endurmat á blönduðum karótínnum (E 160a (i)) og betakarótínnum (E 160a (ii)) sem matvælaaukefni<sup>(6)</sup>. Til þess að forðast röskun á markaði ætti því að breyta lýsingunni á þörungakarótínnum (E 160a (iv)) í nákvæmu skilgreiningunum.
- 8) Í reglugerð (ESB) nr. 231/2012 eru villur í nákvæmu skilgreiningunum fyrir kalsíumbísúlfít (E 227) og kalíumbísúlfít (E 228). Þessar villur ber að leiðrétta.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 328, 7.12.2013, bls. 79. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegrar EES-nefndarinnar nr. 78/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Alþjóðlegt númerakerfi fyrir matvælaaukefni (INS).

<sup>(5)</sup> Gæðalýsing efnis nr. 4 (2007) um KARÓTÍN (þörunga) er aðgengileg á <http://www.fao.org/ag/agn/jecfa-additives/specs/Monograph1/Additive-114.pdf>

<sup>(6)</sup> Visindalegt álit nefndar Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aukefni í matvælum og næringarefni sem bætt er við matvæli varðandi endurmat á blönduðum karótínnum (E 160a (i)) og betakarótíni (E 160a (ii)) sem matvælaaukefni (Scientific Opinion on the re-evaluation of Mixed Carotenes (E 160a (i)) and beta-Carotene (E 160a (ii)) as a food additive). *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(3), 2593.

- 9) Í reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er einnig mælt fyrir um nákvæmar skilgreiningar fyrir örkrystallaðan sellulósa (E 460(i)) sem gefa til kynna að samheiti fyrir þetta matvælaaukefni sé beðmishlaup. Þar eð Alþjóðamatvælaaskráin samþykkti tvö heiti á örkrystölluðum sellulósa (E 460(i)) er tilnefnt INS-heiti hans „örkrystallaður sellulósi (beðmishlaup)“. Að teknu tilliti til fyrri venju <sup>(7)</sup> og til að tryggja samræmi og forðast alla röskun á viðskiptum ætti að samþykkja tvö heiti á matvælaaukefninu (E 460(i)), örkrystallaður sellulósi, beðmishlaup. Til samræmis við það ætti að fjarlægja heitið „Beðmishlaup“ úr færslunni „Samheiti“ í nákvæmu skilgreiningunum fyrir matvælaaukefnið og breyta heiti þess í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 10) Til glöggvunar og til að samræma heiti matvælaaukefnisins „Karbóxymetýlsellulósi, natríumkarbóxymetýlsellulósi, sellulósagúmmi“ (E 466) við skráð heiti þess í alþjóðlega númerakerfinu fyrir matvælaaukefni ætti það að fá nýja heitið „Natríumkarbóxymetýlsellulósi, sellulósagúmmi“ í skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, og í nákvæmum skilgreiningum fyrir þetta aukefni.
- 11) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 ber framkvæmdastjórninni að leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að uppfærslurnar, sem um er að ræða, hafi áhrif á heilbrigði manna. Þar eð ólíklegt er að uppfærslurnar í skrá Evrópusambandsins, sem um getur hér að framan, hafi áhrif á heilbrigði manna er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.
- 12) Því ber að breyta og leiðrétta reglugerðir (EB) nr. 1333/2008 og (ESB) nr. 231/2012 til samræmis við það.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## 1. gr.

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

## 2. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

## 3. gr.

Matvælaaukefnin „Gljáandisvart BN, Svart PN“ (E 151) eða „Karbóxymetýlsellulósi, natríumkarbóxymetýlsellulósi, sellulósagúmmi“ (E 466) og matvæli sem innihalda þessi matvælaaukefni, sem eru merkt eða sett á markað í allt að tuttugu og fjóra mánuði eftir gildistöku þessarar reglugerðar og sem eru ekki í samræmi við kröfurnar í henni, má setja á markað þar til birgðir eru uppnar.

## 4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. desember 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

<sup>(7)</sup> Tillögð breyting er í samræmi við önnur svipuð tilvik, s.s. natríumkarbóxymetýlsellulósi (E 466), víxltengdur natríumkarbóxymetýlsellulósi (E 468) og karbóxymetýlsellulósi, vatnsrofinn með ensími (E 469) sem hafa fengið tvö heiti.

## I. VIDAUKI

A. Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í stað færslunnar fyrir matvælaaukefnið E 151 í töflu 3 í A-hluta komi eftirfarandi:

„E 151	Gljáandisvart PN“
--------	-------------------

2) Í B-hluta:

a) Í stað færslunnar fyrir matvælaaukefnið E 151 í 1. lið, „Litarefni“ komi eftirfarandi:

„E 151	Gljáandisvart PN“
--------	-------------------

b) Í stað færslunnar fyrir matvælaaukefnið E 466 í 3. lið, „Matvælaaukefni önnur en litarefni og sætuefni“ komi eftirfarandi:

„E 466	Natríumkarboxýmetylsellúsi, sellulósagúmmi“
--------	---

3) Í C-hluta:

a) Í III. flokki: Í stað færslunnar fyrir matvælaaukefnið E 151 í „Matvælitarefni með samsett hámarksgildi“ komi eftirfarandi:

„E 151	Gljáandisvart PN“
--------	-------------------

b) Í stað færslunnar fyrir matvælaaukefnið E 466 í I. flokki komi eftirfarandi:

„E 466	Natríumkarboxýmetylsellúsi, sellulósagúmmi	<i>eftir þörfum</i> “
--------	--	-----------------------

4) Í E-hluta:

a) Í stað færslunnar fyrir matvælaaukefnið E 151 í matvælaflokki 09.2 „Unninn fiskur og lagarafurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr“ komi eftirfarandi:

„E 151	Gljáandisvart PN	100	(35)	Einungis maulk úr fiski og krabbadýrum“
--------	------------------	-----	------	---

b) Í stað færslunnar fyrir matvælaaukefnið E 151 í matvælafllokki 09.2 „Unninn fiskur og lagarafurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr“ komi eftirfarandi:

„E 151	Gljáandisvart PN	250	(36)	Einungis forsoðin krabbadýr“
--------	------------------	-----	------	------------------------------

c) Í stað færslunnar fyrir matvælaaukefnið E 151 í matvælafllokki 09.2 „Unninn fiskur og lagarafurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr“ komi eftirfarandi:

„E 151	Gljáandisvart PN	100	(37)	Einungis reyktur fiskur“
--------	------------------	-----	------	--------------------------

d) Í stað færslunnar fyrir matvælaaukefnið E 460 (i) í matvælafllokki 11.4.1 „Borðsetuefni í fljótandi formi“ komi eftirfarandi:

„E 460 (i)	Örkristallaður sellulósi, beðmishlaup			<i>eftir þörfum</i> “
------------	---------------------------------------	--	--	-----------------------

e) Í stað færslunnar fyrir matvælaaukefnið E 460 (i) í matvælafllokki 11.4.3 „Borðsetuefni í töfluformi“ komi eftirfarandi:

„E 460 (i)	Örkristallaður sellulósi, beðmishlaup			<i>eftir þörfum</i> “
------------	---------------------------------------	--	--	-----------------------

f) Í stað færslunnar fyrir matvælaaukefnið E 466 í matvælafllokki 01.6.1 „Óbragðbættur gerilsneyddur rjómi (að undanskildum fínskertum rjóma)“ komi eftirfarandi:

„E 466	Natriumkarboxýmetylsellulósi, sellulósagúmmi			<i>eftir þörfum</i> “
--------	--	--	--	-----------------------

g) Í stað færslunnar fyrir matvælaaukefnið E 466 í matvælafllokki 01.6.2. „Óbragðbættar rjómaafurðir með lifandi gerlum og staðgönguefni sem innihalda minna en 20% fitu“ komi eftirfarandi:

„E 466	Natriumkarboxýmetylsellulósi, sellulósagúmmi			<i>eftir þörfum</i> “
--------	--	--	--	-----------------------

h) Í stað færslunnar fyrir matvælaaukefnið E 466 í matvælafllokki 11.4.1 „Borðsetuefni í fljótandi formi“ komi eftirfarandi:

„E 466	Natriumkarboxýmetylsellulósi, sellulósagúmmi			<i>eftir þörfum</i> “
--------	--	--	--	-----------------------

i) Í stað færslunnar fyrir matvælaaukefnið E 466 í matvælafllokki 11.4.2 „Borðsætuferni í duftformi“ komi eftirfarandi:

„E 466	Natriumkarboxýmetylsellulósi, sellulósagúmmí	<i>efir þörfum</i> “	
--------	--	----------------------	--

j) Í stað færslunnar fyrir matvælaaukefnið E 466 í matvælafllokki 11.4.3 „Borðsætuferni í töfluformi“ komi eftirfarandi:

„E 466	Natriumkarboxýmetylsellulósi, sellulósagúmmí	<i>efir þörfum</i> “	
--------	--	----------------------	--

k) Í stað færslunnar fyrir matvælaaukefnið E 466 í matvælafllokki 13.1.5.1 „Sérfaða fyrir ungbörn, notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi og sérstakar blöndur fyrir ungbörn“ komi eftirfarandi:

„E 466	Natriumkarboxýmetylsellulósi, sellulósagúmmí	10 000	Frá fæðingu í afurðum sem notaðar eru til sérfaðisméðferðar vegna ehaskiptaraskana“
--------	--	--------	---

l) Í stað færslunnar fyrir matvælaaukefnið E 466 í matvælafllokki 13.1.5.2 „Sérfaða fyrir ungbörn og smábörn til notkunar í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi eins og skilgreint er í tilskipun 1999/21/EB“ komi eftirfarandi:

„E 466	Natriumkarboxýmetylsellulósi, sellulósagúmmí	10 000	Frá fæðingu í afurðum sem notaðar eru til sérfaðisméðferðar vegna ehaskiptaraskana“
--------	--	--------	---

m) Í stað færslunnar fyrir matvælaaukefnið E 466 í matvælafllokki 14.1.3 „Aldinnektar eins og skilgreint er í tilskipun 2001/112/EB og grænmetisnektar og svipaðar vörur“ komi eftirfarandi:

„E 466	Natriumkarboxýmetylsellulósi, sellulósagúmmí	<i>efir þörfum</i>	Einungis hefðbundin sænsk og finnsk ávaxtasiróp úr sitrusávöxtum“
--------	--	--------------------	---

B. Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í stað færslunnar fyrir matvælaaukefnið E 466 í 1. hluta komi eftirfarandi:

„E 466	Natriumkarboxýmetylsellulósi, sellulósagúmmí	<i>efir þörfum</i>	Öll matvælaaukefni“
--------	--	--------------------	---------------------

2) Í stað færslunnar fyrir matvælaaukefnið E 466 í 3. hluta komi eftirfarandi:

„E 466	Natriumkarboxýmetylsellulósi, Sellulósagúmmí	<i>efir þörfum</i>	<i>efir þörfum</i>	<i>efir þörfum</i>	Já“
--------	---	--------------------	--------------------	--------------------	-----

3) Í stað færslunnar fyrir matvælaaukefnið E 466 í A-þætti 5. hluta komi eftirfarandi:

„E 466	Natriumkarboxýmetylsellulósi, Sellulósagúmmí	<i>efir þörfum</i>	Öll næringarefni	Öll næringarefni	Já“
--------	---	--------------------	------------------	------------------	-----

4) Í stað færslunnar fyrir matvælaaukefnið E 466 í B-þætti 5. hluta komi eftirfarandi:

„E 466	Natriumkarboxýmetylsellulósi, Sellulósagúmmí	Til notkunar í næringarefnaþöndur með því skilyrði að ekki sé farið yfir hámarksgildi í matvælum sem getið er um í lið 13.1. í E-hluta II. viðauka.	Öll næringarefni	Öll næringarefni	Sérfaða fyrir ungbörn og smábörn til notkunar í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi eins og skilgreint er í tilskipun 1999/21/EB“
--------	---	---	------------------	------------------	---

5) Í stað færslunnar fyrir matvælaaukefnið E 466 í töflu 1 í 6. hluta komi eftirfarandi:

„E 466	Natriumkarboxýmetylsellulósi, sellulósagúmmí“				
--------	---	--	--	--	--

## II. VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað nákvæmu skilgreiningarinnar að því er varðar skilgreiningu í færslunni fyrir E 160a (iv), þörungakarótín, komi eftirfarandi:

<b>„Skilgreining</b>	Blönduð karótín er einnig hægt að vinna úr stofnum þörungsins <i>Dunaliella salina</i> . β-karótín er útdregið með ilmkjarnaolíu. Blandan er 20 til 30% sviflausn í matarolíu. Hlutfall snið- og hliðhverfa er á bilinu 50/50 til 71/29.  Helsti litandi efnisþátturinn er samsettur úr karótenóíðum þar sem stærsti hlutinn er β-karótín. Einnig kunna að fyrirfinnast α-karótín, lútín, seaxatín og β-kryptóxantín. Auk fastlitarefnanna kann þetta efni að innihalda olíur, fituefni og vaxefni sem eru í grunnefninu frá náttúrunnar hendi.“
----------------------	--

- 2) Færslunni fyrir E 151, gljáandisvart BN, svart PN, er breytt sem hér segir:

- a) Í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

**„E 151 GLJÁANDISVART PN“**

- b) Í stað nákvæmu skilgreiningarinnar að því er varðar skilgreiningu komi eftirfarandi:

<b>„Skilgreining</b>	Gljáandisvart PN samanstendur aðallega af tetranatríum-4-asetamídó-5-hýdroxý-6-[7-súlfónató-4-(4-súlfónatófénýlasó)-1-naftýlasó]naftalín-1,7-dísúlfónati og öðrum litunarefnum ásamt natríumklóríði og/eða natríumsúlfati sem helstu ólituðu efnisþáttunum.  Lýsingin á gljáandisvörtu PN á við efnið sem natríumsalt.  Kalsíum- og kalíumsöltin eru einnig leyfileg.“
----------------------	--

- 3) Í stað fyrirsagnarinnar í færslunni fyrir E 227, kalsíumbísúlfít, komi eftirfarandi:

**„E 227 KALSÍUMBRENNISTEINSVETNI“**

- 4) Í stað fyrirsagnarinnar í færslunni fyrir E 228, kalíumbísúlfít, komi eftirfarandi:

**„E 228 KALÍUMVETNISSÚLFÍT“**

- 5) Færslunni fyrir E 460(i), örkristallaður sellulósi, er breytt sem hér segir:

- a) Í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

**„E 460 (i) ÖRKRYSTALLAÐUR SELLULÓSI, BEÐMISHLAUP“**

- b) Í stað nákvæmu skilgreiningarinnar að því er varðar samheiti komi eftirfarandi:

**„Samheiti“**

- 6) Færslunni fyrir E 466, natríumkarboxýmetýlsellulósi, karboxýmetýlsellulósi, sellulósagúmmí, er breytt sem hér segir:

- a) Í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

**„E 466 NATRÍUMKARBOXÝMETÝLSELLULÓSI, SELLULÓSAGÚMMÍ“**

- b) Í stað nákvæmu skilgreiningarinnar að því er varðar samheiti komi eftirfarandi:

**„Samheiti** NaCMC, natríum CMC“

- c) Í stað nákvæmu skilgreiningarinnar að því er varðar skilgreiningu komi eftirfarandi:

**„Skilgreining** Natríumkarboxýmetýlsellulósi er natríumsalt að hluta af sellulósakarboxýmetýleter, þar sem sellulósinn er unninn beint úr trefjariku plöntuefni“

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 59/2014

2014/EES/36/20

frá 23. janúar 2014

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á brennisteinsdíoxíði — súlfítum (E 220–228) í afurðir, að stofni til úr kryddvíni (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum<sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Uppfæra má skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008<sup>(2)</sup>, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 3) Umsókn um leyfi fyrir notkun á brennisteinsdíoxíði og súlfítum (E 220–228) í afurðir, að stofni til úr kryddvíni, eins og skilgreint er í 2. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1601/91<sup>(3)</sup> var lögð fram 27. mars 2013 af framleiðendum þessara afurða og hefur verið gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin.
- 4) Aftæknilegum ástæðum er þörf á að nota brennisteinsdíoxíð og súlfít (E 220–228) í afurðir, að stofni til úr kryddvíni. Brennisteinsdíoxíði og súlfítum (E 220–228) er bætt við til að stöðva oxun og koma í veg fyrir örverumengun og

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 21, 24.1.2014, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlega EES-nefndarinnar nr. 78/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91 frá 10. júní 1991 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á kryddvínnum, drykkjum blönduðum með kryddvínnum og hanastélum blönduðum með kryddvínnum (Stjtið. EB L 149, 14.6.1991, bls. 1).

leiðir til þess að bragð og litur afurðanna varðveitist betur. Einkum ætti að verja þessar afurðir, s.s. vermút, þar eð þær eru oft geymdar lengi eftir að flaskan hefur verið opnuð.

- 5) Vísindanefndin um matvæli hefur fastsett gildi fyrir ásættanlega, daglega inntöku brennisteinsdíoxíðs og súlfíta (E 220–228)<sup>(4)</sup>. Afurðir, að stofni til úr kryddvíni, eru áfengir drykkir sem er alla jafna neytt sem valkosti í stað annarra áfengra drykkja, s.s. víns, sem notkun á brennisteinsdíoxíði og súlfítum er leyfð í. Aukin váhrif af völdum brennisteinsdíoxíðs og súlfíta (E 220–228) á grundvelli þessarar nýju notkunar verða áfram takmörkuð og munu ekki leiða til aukinnar heildarinntöku. Því er rétt að leyfa notkun á brennisteinsdíoxíði og súlfítum (E 220–228) sem rotvarnarefnum og þrávarnarefnum í afurðir, að stofni til úr kryddvíni.
- 6) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að uppfærslan, sem um er að ræða, hafi áhrif á heilbrigði manna. Þar eð leyfi fyrir notkun á brennisteinsdíoxíði og súlfítum (E 220–228) sem rotvarnarefni og þrávarnarefni í afurðir, að stofni til úr kryddvíni, telst uppfærsla á þeirri skrá, sem ólíklegt er að hafi áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu.
- 7) Því ber að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

(4) [http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/reports/scf\\_reports\\_35.pdf](http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/reports/scf_reports_35.pdf)



## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. janúar 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

---

## VIÐAUKI

Ákvæðum E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

- 1) Í matvælafllokki 14.2.7.1 „Kryddvín“ bætist eftirfarandi færsla við á eftir færslunni fyrir E 200–203:

„E 220–228	Brennisteinsdíoxíð — súlfít	200	(3)
	(3): Hámarksgildi eru gefin upp sem heildarmagn SO <sub>2</sub> frá öllum uppsprettum; SO <sub>2</sub> innihald sem er 10 mg/kg eða 10 mg/l eða minna er ekki reiknað með.“		

- 2) Í matvælafllokki 14.2.7.2 „Drykkir, að stofni til úr kryddvín“ bætist eftirfarandi færsla við á eftir færslunni fyrir E 200–203:

„E 220–228	Brennisteinsdíoxíð — súlfít	200	(3)
	(3): Hámarksgildi eru gefin upp sem heildarmagn SO <sub>2</sub> frá öllum uppsprettum; SO <sub>2</sub> innihald sem er 10 mg/kg eða 10 mg/l eða minna er ekki reiknað með.“		

- 3) Í matvælafllokki 14.2.7.3 „Hanastéj, blönduð með kryddvín“ bætist eftirfarandi færsla við á eftir færslunni fyrir E 200–203:

„E 220–228	Brennisteinsdíoxíð — súlfít	200	(3)
	(3): Hámarksgildi eru gefin upp sem heildarmagn SO <sub>2</sub> frá öllum uppsprettum; SO <sub>2</sub> innihald sem er 10 mg/kg eða 10 mg/l eða minna er ekki reiknað með.“		

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)  
nr. 1056/2013**

2014/EES/36/21

frá 29. október 2013

**um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið neómýsín (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

dýralyfjanefndin til breytingu á núverandi hámarksgildum leifa fyrir neómýsín.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004<sup>(1)</sup>, einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af álitum Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Evrópusambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða í sæfivörur sem eru notaðar í búfjárrækt, eru ákvörðuð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 470/2009.
- 2) Lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra, að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu, eru sett fram í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010<sup>(2)</sup>.
- 3) Neómýsín er sem stendur tilgreint í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 sem leyft efni fyrir allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis, sem gildir um vöðva, fitu, lifur, nýru, mjólk og egg.
- 4) Umsókn um breytingu á gildandi færslu fyrir neómýsín hefur verið lögð fyrir Lyfjastofnun Evrópu.
- 5) Lögð voru fram viðbótargögn varðandi neómýsín sem dýralyfjanefndin lagði mat á. Í kjölfar þess leggur

- 6) Samkvæmt 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 skal Lyfjastofnun Evrópu íhuga að nota hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í tilteknum matvælum, fyrir önnur matvæli, sem unnin eru úr sömu dýrategund, eða hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í einni eða fleiri dýrategundum, fyrir aðrar tegundir dýra.
- 7) Dýralyfjanefndin mælti með því að fastsetja endurskoðuð hámarksgildi leifa fyrir neómýsín fyrir nautgrip, sem gildir um nýru og lifur, og að yfirfæra endurskoðuð hámarksgildi leifa fyrir neómýsín af nautgripum yfir á allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis.
- 8) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til samræmis við það.
- 9) Rétt þykir að veita viðkomandi hagsmunaaðilum hæfilegan frest til að gera ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að fylgja nýjum ákvæðum um hámarksgildi leifa.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 30. desember 2013.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 288, 30.10.2013, bls. 60. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. október 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

---

## VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir efnið neómýsín í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 komi eftirfarandi:

Lyfjafraeðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leiða	Markvefir	Önnur ákvæði (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðarfræðileg flokkun	
„Neómýsín (þ.m.t. framýsétin)	Neómýsín B	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	500 µg/kg	Vöðvi	Fyrir fiska varðar leyfilegt hámarksgildi leiða fyrir vöðva „vöðva og roð í eðlilegum hlutföllum“.	Sýkingalyf/sýklalyf.	
			500 µg/kg	Fita			
			5500 µg/kg	Lifur			
			9000 µg/kg	Nýru			Hámarksgildi leiða fyrir fitu, lifur og nýru gilda ekki fyrir fiska.
			1500 µg/kg	Mjólk			Fyrir svin og alifugla varðar þetta leyfilega hámarksgildi leiða fyrir fitu „huð og fitu í eðlilegum hlutföllum“.
			500 µg/kg	Egg			

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)  
nr. 1057/2013**

2014/EES/36/22

frá 29. október 2013

**um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið mangankarbónat (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004<sup>(1)</sup>, einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af álitum Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Evrópusambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til mannelis eða í sæfivörur sem eru notaðar í búfjárrækt, eru ákvörðuð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 470/2009.
- 2) Lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra, að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu, eru sett fram í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010<sup>(2)</sup>.
- 3) Mangankarbónat er sem stendur tilgreint í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 sem leyft efni fyrir allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis, einungis til inntöku.

4) Umsókn um rýmku á gildandi færslu fyrir mangankarbónat, þannig að hún nái einnig yfir stungu- eða innrennslisnotkun hjá nautgripum, hefur verið lögð fyrir Lyfjastofnun Evrópu.

Ökumannsvottorðið skal tilheyra farmflytjandanum sem afhendir það ökumanninum sem er nafngreindur í leyfinu þegar sá ökumaður ekur ökutæki<sup>(16)</sup> í flutningum samkvæmt Bandalagsleyfi sem er gefið út fyrir það flutningafyrirt ki. Óheimilt er að framselja ökumannsvottorðið til annars manns. Ökumannsvottorð gildir einungis svo framarlega sem skilyrðin fyrir útgáfu þess eru uppfyllt og farmflytjandanum ber skylda til að skila því til yfirvaldanna sem gáfu þau út jafnskjótt og þau skilyrði eru ekki lengur uppfyllt.

Lögbært yfirvald í aðildarríkinu, þar sem leyfið er gefið út, getur afturkallað það, einkum ef handh

- hefur ekki virt öll skilyrði um notkun vottorðsins,
- hefur veitt rangar upplýsingar að því er varðar nauðsynleg gögn vegna útgáfu eða framlengingar á vottorðinu.

Staðfest, rétt endurrit af vottorðinu skal geymt hjá farmflytjandanum

Frumrit vottorðsins skal geymt í ökutækinu og skal ökumaður framvísa því hvenær sem viðurkenndur eftirlitsmaður krefst þess.

---

<sup>(16)</sup> „Ökutæki“: vélknúð ökutæki, skráð í aðildarríki, eða samtengt ökutæki þar sem a.m.k. vélknúna ökutækið er skráð í aðildarríki og eingöngu notað til vöruflutninga.

## IV. VIÐAUKI

## Samsvörunartafla

Reglugerð (EBE) nr. 881/92	Reglugerð (EBE) nr. 3118/93	Tilskipun 2006/94/EB	Þessi reglugerð
1. mgr. 1. gr.			1. mgr. 1. gr.
2. mgr. 1. gr.			2. mgr. 1. gr.
3. mgr. 1. gr.			3. mgr. 1. gr.
II. viðauki		1. og 2. mgr. 1. gr., I. viðauki; 2. gr.	5. mgr. 1. gr.
		2. gr.	6. mgr. 1. gr.
2. gr.			2. gr.
1. mgr. 3. gr.			3. gr.
2. mgr. 3. gr.			1. mgr. 4. gr.
3. mgr. 3. gr.			1. mgr. 5. gr.
4. gr.			
1. mgr. 5. gr.			2. mgr. 4. gr.
2. mgr. 5. gr.			3. mgr. 4. gr.
3. mgr. 5. gr.			4. mgr. 4. gr.
			5. mgr. 4. gr.
4. mgr. 5. gr., I. viðauki			6. mgr. 4. gr.
5. mgr. 5. gr.			2. mgr. 4. gr.
1. mgr. 6. gr.			2. mgr. 5. gr.
2. mgr. 6. gr.			2. mgr. 5. gr.
3. mgr. 6. gr.			3. mgr. 5. gr.
4. mgr. 6. gr.			6. mgr. 5. gr.
5. mgr. 6. gr.			7. mgr. 5. gr.
7. gr.			6. gr.
1. mgr. 8. gr.			1. mgr. 7. gr.
2. mgr. 8. gr.			2. mgr. 7. gr.
3. mgr. 8. gr.			1. mgr. 12. gr.
4. mgr. 8. gr.			2. mgr. 12. gr.
1. og 2. mgr. 9. gr.			6. mgr. 12. gr.
	1. mgr. 1. gr.		1. mgr. 8. gr.
	2. mgr. 1. gr.		5. mgr. 8. gr.
	3. og 4. mgr. 1. gr.		6. mgr. 8. gr.
	2. gr.		
	3. gr.		
	4. gr.		
	5. gr.		
	1. mgr. 6. gr.		1. mgr. 9. gr.
	2. mgr. 6. gr.		
3. mgr. 6. gr.		2. mgr. 9. gr.	
4. mgr. 6. gr.			
7. gr.		10. gr.	

Reglugerð (EBE) nr. 881/92	Reglugerð (EBE) nr. 3118/93	Tilskipun 2006/94/EB	Þessi reglugerð
10. gr.			1. mgr. 17. gr.
1. mgr. 11. gr.	1. mgr. 8. gr.		11. gr.
2. mgr. 11. gr.			1. mgr. 13. gr.
3. mgr. 11. gr.			4. mgr. 12. gr.
11. gr. a			
	2. og 3. mgr. 8. gr.		2. mgr. 13. gr.
	Fyrsta og þriðja undirgrein 4. mgr. 8. gr.		
	Önnur undirgrein 4. mgr. 8. gr.		4. mgr. 12. gr.
	Fjórða og fimmta undirgrein 4. mgr. 8. gr.		5. mgr. 12. gr.
	9. gr.		3. mgr. 13. gr.
12. gr.			18. gr.
13. gr.			
14. gr.	10. gr.		
	11. gr.		
15. gr.	12. gr.	4. gr.	19. gr.
		3. gr.	
		5. gr.	
		II. viðauki, III. viðauki	
I. viðauki			II. viðauki
III. viðauki			III. viðauki
	I. viðauki		
	II. viðauki		
	III. viðauki		
	IV. viðauki		



## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 611/2012

2014/EES/36/27

frá 9. júlí 2012

**um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir flutninga með hópbifreiðum milli landa (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir flutninga með hópbifreiðum milli landa og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 561/2006 <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1073/2009 er litur fyrirmyndarinnar að Bandalagsleyfinu skilgreindur sem „Pantone ljósblár“.
- 2) Nauðsynlegt er að skilgreina litinn af meiri nákvæmni til að stuðla að einsleitni og samræmingu í túlkun og beitingu reglugerðar (EB) nr. 1073/2009.

- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 26. gr. reglugerðar (EB) nr. 1073/2009.

SAMBÝKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað setningarinnar „Pantone ljósblár sellulósapappír, hið minnsta 100 g/m<sup>2</sup>, snið: DIN A4“ í fjórðu línu II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1073/2009 komi eftirfarandi:

„Pantone ljósblár 290, eða eins nálægt þeim lit og mögulegt er, sellulósapappír, hið minnsta 100 g/m<sup>2</sup>, snið: DIN A4“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. júlí 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 178, 10.7.2012, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 88.

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 612/2012

2014/EES/36/28

frá 9. júlí 2012

**um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1072/2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir farmflutninga á vegum milli landa (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1072/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir farmflutninga á vegum milli landa <sup>(1)</sup>, einkum 4. mgr. 4. gr. og 5. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fremst í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1072/2009 er litur fyrirmyndarinnar að Bandalagsleyfinu skilgreindur sem „Pantone ljósblár“.
- 2) Fremst í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1072/2009 er litur fyrirmyndarinnar að ökumannsvottorðinu skilgreindur sem „Pantone bleikur“.
- 3) Nauðsynlegt er að skilgreina litina af meiri nákvæmni til að stuðla að einsleitni og samræmingu í túlkun og beitingu reglugerðar (EB) nr. 1072/2009.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1072/2009.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Reglugerð (EB) nr. 1072/2009 er breytt sem hér segir:

- 1) í stað setningarinnar „Pantone ljósblár sellulósapappír, hið minnsta 100 g/m<sup>2</sup>, snið: DIN A4“ í fjórðu línu II. viðauka komi eftirfarandi:

„Pantone ljósblár 290, eða eins nálægt þessum lit og mögulegt er, sellulósapappír, hið minnsta 100 g/m<sup>2</sup>, snið: DIN A4“,

- 2) í stað setningarinnar „Pantone bleikur sellulósapappír, hið minnsta 100 g/m<sup>2</sup>, snið: DIN A4“ í fjórðu línu III. viðauka komi eftirfarandi:

„Pantone bleikur 182, eða eins nálægt þessum lit og mögulegt er, sellulósapappír, hið minnsta 100 g/m<sup>2</sup>, snið: DIN A4“.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. júlí 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 178, 10.7.2012, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, bíður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 72.

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 613/2012

2014/EES/36/29

frá 9. júlí 2012

**um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1071/2009 um sameiginlegar reglur varðandi skilyrði sem uppfylla þarf til þess að mega starfa sem flutningsaðili á vegum (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1071/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur varðandi skilyrði sem uppfylla þarf til þess að mega starfa sem flutningsaðili á vegum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/26/EB<sup>(1)</sup>, einkum 9. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1071/2009 er litur fyrirmyndarinnar að vottorði um starfshæfni skilgreindur sem „Pantone gulbrúnn“.
- 2) Nauðsynlegt er að skilgreina litinn af meiri nákvæmni til að stuðla að einsleitni og samræmingu í túlkun og beitingu reglugerðar (EB) nr. 1071/2009.

- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 1071/2009.

SAMBYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað setningarinnar „Pantone gulbrúnn sellulósapappír, hið minnsta 100 g/m<sup>2</sup>, snið: DIN A4“ í þriðju línu III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1071/2009 komi eftirfarandi:

„Pantone gulbrúnn 467, eða eins nálægt þeim lit og mögulegt er, sellulósapappír, hið minnsta 100 g/m<sup>2</sup>, snið: DIN A4“.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. júlí 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 178, 10.7.2012, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 51.

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/36/30

frá 17. desember 2009

## um lágmarkskröfur vegna gagna sem á að færa inn í rafræna landskrá yfir flutningafyrirtæki á vegum

(tilkynnt með númeri C(2009) 9959)

(2009/992/ESB) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1071/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur varðandi skilyrði sem uppfylla þarf til þess að mega starfa sem flutningsaðili á vegum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/26/EB <sup>(1)</sup>, einkum 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 1. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1071/2009 er gerð krafa um að hvert aðildarríki haldi rafræna landskrá yfir flutningafyrirtæki á vegum sem hefur verið veitt leyfi til að starfa sem flutningsaðili á vegum af hálfu lögbærs yfirvalds sem aðildarríkið hefur tilnefnt. Í rafrænum landskrám ættu að vera a.m.k. þeir þættir sem settir eru fram í 2. mgr. 16. gr. í reglugerðinni. Viðbótarþættir s.s. fæðingardagur og fæðingarstaður einstaklinga skulu einnig koma fram til að tryggja rétta auðkenningu þeirra einstaklinga sem um er að ræða.
- 2) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1072/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir farmflutninga á vegum milli landa <sup>(2)</sup> og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir flutninga með hópþifreiðum milli landa <sup>(3)</sup> eru einnig gerðar kröfur um að tiltekin gögn verði færð inn í þessar rafræna landskrár.

- 3) Ákvæðin um verndun persónuupplýsinga, eins og einkum er mælt fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga <sup>(4)</sup>, gilda um vinnslu á öllum persónuupplýsingum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1071/2009.
- 4) Til að greiða fyrir samtengingu rafrænna landskráa, eins og gerð er krafa um í 5. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1070/2009, þarf framkvæmdastjórnin að samþykkja skv. 1. mgr. 16. gr. þeirrar reglugerðar ákvörðun um lágmarkskröfur vegna gagna sem á að færa í rafrænu landskrána,

## SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr:

Lágmarkskröfur vegna gagna sem á að færa í rafræna landskrá sem aðildarríki koma á í samræmi við 1. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1071/2009 skulu vera eins og fram kemur í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr:

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. desember 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Antonio TAJANI

varaforseti.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 339, 22.12.2009, bls. 36. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 51.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 72.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 88.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

## VIÐAUKI

Gagnaflokkur	Gagnaatriði	Viðbótarlýsing á gagnareit	Lengd
Flutningafyrirtæki	Nafn	Reitur fyrir frjálstan texta í alstafakóða	1-100
	Rekstrarform að lögum	Reitur fyrir frjálstan texta í alstafakóða	1-50
Heimilisfang	Heimilisfang	Reitur fyrir frjálstan texta í alstafakóða	1-150
	Póstnúmer	Reitur fyrir frjálstan texta í alstafakóða	1-10
	Borg	Reitur fyrir frjálstan texta í alstafakóða	1-50
	Landskóði	Valið úr tveggja stafa kóða ISO 3166-1 alpha 2	2
Leyfi	Gerð	Yfirlýsing um: – „Bandalagsleyfi fyrir farþegaflutninga“ – „Landsbundið leyfi fyrir farþegaflutninga“ eða: – „Bandalagsleyfi fyrir vöruflutninga“ – „Landsbundið leyfi fyrir vöruflutninga“	1-50
	Raðnúmer Bandalagsleyfis	Reitur fyrir frjálstan texta í alstafakóða	1-20
	Upphafsdagur Bandalagsleyfis	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD)	10
	Síðasti gildisdagur Bandalagsleyfis	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD)	10
	Fjöldi ökutækja sem falla undir leyfið	Reitur fyrir frjálstan texta í tölustöfum	1-4
	Skráningarnúmer ökutækis (*)	Reitur fyrir frjálstan texta í alstafakóða	1-15
	Leyfisstaða	Yfirlýsing um – „Virkt“ – „Tímabundið fellt úr gildi“ – „Afturkallað“ – „Fallið úr gildi“ – „Tapað/stolið“ – „Ógilt“ – „Skilað“	1-20
	Dagsetning afturköllunar á Bandalagsleyfinu	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD)	10
	Dagsetning tímabundinnar niðurfellingar Bandalagsleyfis	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD)	10
	Dagsetning þegar tímabundin niðurfelling Bandalagsleyfis fellur úr gildi	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD)	10

Gagnaflokkur	Gagnaatriði	Viðbótarlýsing á gagnareit	Lengd
	Ástæður fyrir tímabundinni niðurfellingu eða afturköllun Bandalagsleyfis	Yfirlýsing um að: – „Staðfesta er ekki virk og traust“ – „Fjárhagsstaða er ekki fullnægjandi“ – „Tilskilin starfshæfni er ekki til staðar“ – „Mannorð er ekki óflekkað“ – „Annað“	1-100
	Raðnúmer staðfests, réttis endurrits af Bandalagsleyfinu	Reitur fyrir frjálstan texta í alstafakóða	1-20
	Dagsetning afturköllunar á staðfestu, réttu endurriti	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD)	10
	Dagsetning þegar afturköllun á staðfestu endurriti fellur úr gildi	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD)	10
Lagalegur fyrirvarsmáður fyrirtækis (eftir því sem við á) (**)	Eiginnafn	Reitur fyrir frjálstan texta í alstafakóða	1-100
	Kenninafn (-nöfn)	Reitur fyrir frjálstan texta í alstafakóða	1-100
	Fæðingardagur	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD)	10
	Fæðingarstaður	Frjálst alstafatexti	1-50
Flutningastjóri	Eiginnafn	Reitur fyrir frjálstan texta í alstafakóða	1-100
	Kenninafn (-nöfn)	Reitur fyrir frjálstan texta í alstafakóða	1-100
	Fæðingardagur	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD)	10
	Fæðingarstaður	Frjálst alstafatexti	1-50
	Númer vottorðs um starfshæfni	Reitur fyrir frjálstan texta í alstafakóða	1-20
	Útgáfudagur vottorðs um starfshæfni	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD)	10
	Land þar sem vottorð um starfshæfni er gefið út	Valið úr tveggja stafa kóða ISO 3166-1 alpha 2	2
Alvarlegt brot	Flokkur	Reitur fyrir kóðuð gildi í alstafakóða	
	Gerð	Reitur fyrir kóðuð gildi í alstafakóða	
	Dagsetning brots	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD)	10
	Dagsetning athugunar þar sem fullvissa fæst um brot	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD)	10

Gagnaflokkur	Gagnaatriði	Viðbótarlýsing á gagnareit	Lengd
	Aðildarríkið þar sem fullvissa fékkst um brot	Valið úr tveggja stafa kóða ISO 3166-1 alpha 2	2
	Ástæður fyrir því að missir á óflekkuðu mannorði eru óhófleg viðbrögð (***)	Reitur fyrir frjálstan texta í alstafakóða	1-500
Óhæfur aðili	Eiginnafn	Reitur fyrir frjálstan texta í alstafakóða	1-100
	Kenninafn (-nöfn)	Reitur fyrir frjálstan texta í alstafakóða	1-100
	Fæðingardagur	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD)	10
	Fæðingarstaður	Frjálst alstafatexti	1-50
	Númer vottorðs um starfshæfni	Reitur fyrir frjálstan texta í alstafakóða	1-20
	Útgáfudagur vottorðs um starfshæfni	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD)	10
	Land þar sem vottorð um starfshæfni er gefið út	Valið úr tveggja stafa kóða ISO 3166-1 alpha 2	2
	Ástæður fyrir yfirlýsingu um óhæfi	Yfirlýsing um eftirfarandi: – „Brot á landsreglum“ – „Brot á reglum Bandalagsins“	1-100
	Núverandi ráðstafanir til uppreisnar æru	Yfirlýsing um eftirfarandi: – „Þjálfun endurtekin“ – „Viðbótarþjálfun“ – „Leyfisferli endurhafið“ – „Viðbótarskilyrði vegna leyfis“ – „Annað“	1-100
	Upphafsdagur yfirlýsingar um óhæfi	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD)	10
Dagsetning þegar yfirlýsing um óhæfi fellur úr gildi	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD)	10	

(\*) Ekki er skylda að skrá dagsetningu vegna skráningarnúmers ökutækis

(\*\*) Sjá c-lið 2. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1071/2009.

(\*\*\*) Ekki skal skrá neinar persónuupplýsingar í þennan reit, aðrar en þær sem nauðsynlegar eru vegna flutningastjóra.

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1213/2010****2014/EES/36/31**

frá 16. desember 2010

**um sameiginlegar reglur varðandi samtengingu rafrænna landsskráa yfir flutningafyrirtæki á vegum (\*)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1071/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur varðandi skilyrði sem uppfylla þarf til þess að mega starfa sem flutningsaðili á vegum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/26/EB<sup>(1)</sup>, einkum 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til að auðvelda samtengingu rafrænna landsskráa eins og gerð er krafa um skv. 5. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1071/2009 skal framkvæmdastjórnin samþykkja sameiginlegar reglur við að koma á þessari samtengingu í samræmi við 6. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1071/2009.
- 2) Ákvæðin um verndun persónuupplýsinga, eins og einkum er kveðið á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga<sup>(2)</sup>, gilda um alla vinnslu á persónuupplýsingum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1071/2009. Einkum skulu aðildarríkin taka upp viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir misnotkun persónuupplýsinga.

- 3) Ákvæðin um verndun persónuupplýsinga, eins og mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga<sup>(3)</sup>, gilda eftir atvikum um alla vinnslu á persónuupplýsingum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1071/2009.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 18. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3821/85<sup>(4)</sup>.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## 1. gr.

Sameiginlegu reglurnar sem gera kleift að samtengja rafrænar landsskrár skulu vera eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 31. desember 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. desember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 335, 18.12.2010, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 51.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 370, 31.12.1985, bls. 8.



## VIÐAUKI

Kerfi samtengdra rafræna landsskráa yfir flutningafyrirtæki á vegum nefnist Evrópskar skrár yfir flutningafyrirtæki á vegum (ERRU, European Registers of Road Transport Undertakings).

## 1. UPPLÝSINGASKIPTI

## 1.1. Upplýsingaskipti um brot

## 1.1.1. Tilkynning um brot

Þegar skipst er á upplýsingum skv. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1072/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir farmflutninga á vegum milli landa <sup>(1)</sup> eða 1. mgr. 23. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir flutninga með hópbifreiðum milli landa og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 561/2006 <sup>(2)</sup> skulu aðildarríki nota boð með eftirfarandi sniði (Tilkynning um brot):

Gagnatag	Gagnaatriði	Skyldubundið eða valkvætt	Viðbótarlýsing á gagnareit
Aðildarríki sem tilkynnir	Aðildarríki sem tilkynnir	Skyldubundið	Valið úr tveggja stafa kóða ISO 3166-1 alpha 2
Lögbært yfirvald sem tilkynnir	Auðkenni lögbærs yfirvalds sem tilkynnir	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
Aðildarríki ákvörðunarstaðar	Aðildarríki ákvörðunarstaðar	Skyldubundið	Valið úr tveggja stafa kóða ISO 3166-1 alpha 2
Upplýsingar um tilkynningu	Númer tilkynningar	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
	Dagsetning tilkynningar	Skyldubundið	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (AAAA-MM-DD)
	Tímasetning tilkynningar	Skyldubundið	Töluleg gagnafærsla með sniðinu KK:MM:SS
Flutningafyrirtæki	Heiti	Valkvætt	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
Leyfi	Raðnúmer staðfests, réttis endurrits af Bandalagsleyfinu	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
	Skráningarnúmer ökutækis,	Valkvætt	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
Alvarlegt brot	Flokkur	Skyldubundið	
	Gerð	Skyldubundið	

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 72.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 88.

Gagnatag	Gagnaatriði	Skyldubundið eða valkvætt	Viðbótarlýsing á gagnareit
	Dagsetning brots	Skyldubundið	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD)
	Dagsetning athugunar þar sem fullvissa fæst um brot	Skyldubundið	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD)
Viðurlögum beitt og komið til framkvæmda	Dagsetning endanlegrar ákvörðunar	Skyldubundið	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD)
	Viðurlögum beitt	Skyldubundið	Yfirlýsing um eftirfarandi: „Viðvörðun“ „Tímabundið bann við gestaflutningum“ „Sekt“ „Bann“ „Kyrretning“ „Annað“
	Ef við á: upphafsdagur viðurlaga	Valkvætt	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD)
	Ef við á: lokadagur viðurlaga	Valkvætt	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD)
	Viðurlögum komið til framkvæmda	Skyldubundið	Yfirlýsing um eftirfarandi: „Já“ „Nei“ „Óþekkt“
	Viðurlög sem farið er fram á	Tegund stjórnsluviðurlaga sem farið er fram á	Valkvætt
Lengd viðurlaga sem farið er fram á (almanaksdagar)		Valkvætt	Töluleg gagnafærsla DDDDD

## 1.1.2. Svar við tilkynningu um brot

Þegar skipst er á upplýsingum skv. 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1072/2009 eða 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1073/2009 skulu aðildarríkin nota boð með eftirfarandi sniði (svar við tilkynningu um brot):

Gagnatag	Gagnaatriði	Skyldubundið eða valkvætt	Viðbótarlýsing á gagnareit
Aðildarríki sem svarar	Aðildarríki sem svarar	Skyldubundið	Valið úr tveggja stafa kóða ISO 3166-1 alpha 2
Lögbært yfirvald sem svarar	Auðkenni lögbærs yfirvalds sem svarar	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
Aðildarríki ákvörðunarstaðar	Aðildarríki ákvörðunarstaðar	Skyldubundið	Valið úr tveggja stafa kóða ISO 3166-1 alpha 2
Lögbært yfirvald á ákvörðunarstað	Auðkenni lögbærs yfirvalds á ákvörðunarstað	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
Upplýsingar um svar	Númer tilkynningar	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
	Dagsetning svars	Skyldubundið	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD)
	Tímasetning svars	Skyldubundið	Töluleg gagnafærsla með sniðinu KK:MM:SS
Flutningafyrirtæki	Heiti	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
Yfirvald sem leggur á viðurlög	Heiti yfirvalds sem leggur á viðurlög	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
Viðurlögum sem hefur verið beitt	Staðfesting á beittum viðurlögum	Skyldubundið	Yfirlýsing um eftirfarandi: „Já“ „Nei“
	Viðurlögum sem hefur verið beitt	Skyldubundið	Yfirlýsing um eftirfarandi: „Viðvörðun“ „Tímabundin afturköllun á sumum eða öllum staðfestum, réttum endurritum af Bandalagsleyfinu“ „Varanleg afturköllun á sumum eða öllum staðfestum, réttum endurritum af Bandalagsleyfinu“ „Tímabundin afturköllun á Bandalagsleyfinu“ „Varanleg afturköllun á Bandalagsleyfinu“ „Tímabundin frestun á útgáfu ökumansvottorða“ „Afturköllun ökumansvottorða“ „Viðbótarskilyrði sett fyrir útgáfu ökumansvottorða til að koma í veg fyrir misnotkun“ „Annað“

Gagnatag	Gagnaatriði	Skyldubundið eða valkvætt	Viðbótarlýsing á gagnareit
	Dagsetning beitingar viðurlaga	Valkvætt	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (AAAA-MM-DD)
	Lokadagsetning beitingar viðurlaga	Valkvætt	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (AAAA-MM-DD)
	Ástæða þess að viðurlögum er ekki beitt	Valkvætt	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða

## 1.2. Athugun á óflekkuðu mannorði flutningastjóra

### 1.2.1. Beiðni um leit

Þegar staðfest er í samræmi við 4. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1071/2009 hvort flutningastjóri sé lýstur óhæfur í einhverju aðildarríkanna til að stjórna flutningastarfsemi fyrirtækis skulu aðildarríkin nota boð með eftirfarandi sniði (Beiðni um leit):

Gagnaflokkur	Gagnaatriði	Skyldubundið eða valkvætt	Viðbótarlýsing á gagnareit
Aðildarríki sem leggur fram beiðni	Aðildarríki sem leggur fram beiðni	Skyldubundið	Valið úr tveggja stafa kóða ISO 3166-1 alpha 2
Lögbært yfirvald sem leggur fram beiðni	Auðkenni lögbærs yfirvalds sem leggur fram beiðni	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
Upplýsingar um leitarbeiðni	Númer beiðni um leit	Skyldubundið	
	Dagsetning leitarbeiðni	Skyldubundið	
	Tímasetning leitarbeiðni	Skyldubundið	
Flutningastjóri	Eiginnafn	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
	Kenninafn (-nöfn)	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
	Fæðingardagur	Skyldubundið	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (AAAA-MM-DD)
	Fæðingarstaður	Valkvætt	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
	Númer vottorðs um starfshæfni	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
	Útgáfudagur vottorðs um starfshæfni	Skyldubundið	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (AAAA-MM-DD)
	Land þar sem vottorð um starfshæfni er gefið út	Skyldubundið	Valið úr tveggja stafa kóða ISO 3166-1 alpha 2

## 1.2.2. Svar við leitarbeiðni

Þegar leitarbeiðni samkvæmt lið 1.2.1 er svarað skulu aðildarríkin nota boð með eftirfarandi sniði (svar við leitarbeiðni):

Gagnatag	Gagnaatriði	Skyldubundið eða valkvætt	Viðbótarlýsing á gagnareit
Aðildarríki sem leggur fram beiðni	Aðildarríki sem leggur fram beiðni	Skyldubundið	Valið úr tveggja stafa kóða ISO 3166-1 alpha 2
Lögbært yfirvald sem leggur fram beiðni	Auðkenni lögbærs yfirvalds sem leggur fram beiðni	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
Aðildarríki sem svarar	Aðildarríki sem svarar	Skyldubundið	Valið úr tveggja stafa kóða ISO 3166-1 alpha 2
Lögbært yfirvald sem svarar	Auðkenni lögbærs yfirvalds sem svarar	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
Upplýsingar um svar við leitarbeiðni	Númer beiðni um leit	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
	Dagsetning svars	Skyldubundið	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD)
	Tímasetning svars	Skyldubundið	Töluleg gagnafærsla með sniðinu (KK:MM:SS)
Niðurstöður leitar	Staða	Skyldubundið	Yfirlýsing um eftirfarandi:  Fannst  Fannst ekki
Flutningastjóri	Eiginnafn	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
	Kenninafn (-nöfn)	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
	Fæðingardagur	Skyldubundið	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD)
	Fæðingarstaður	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
	Númer vottorðs um starfshæfni	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
	Útgáfudagur vottorðs um starfshæfni	Skyldubundið	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD)
	Land þar sem vottorð um starfshæfni er gefið út	Skyldubundið	Valið úr tveggja stafa kóða ISO 3166-1 alpha 2
	Fjöldi fyrirtækja sem stjórnað er	Skyldubundið	Töluleg gagnafærsla
	Fjöldi ökutækja sem stjórnað er	Skyldubundið	Töluleg gagnafærsla

Gagnatag	Gagnaatriði	Skyldubundið eða valkvætt	Viðbótarlýsing á gagnareit
Hæfi	Hæfi	Skyldubundið	Yfirlýsing um annað hvort „Óhæfur“ „Hæfur“
	Síðasti dagur sem aðilinn er lýstur óhæfur	Valkvætt	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD) Á við ef „óhæfur“

### 1.3. Staðfesting

Þegar aðildarríki staðfesta móttöku skilaboða skulu þau nota skilaboð með eftirfarandi snið (staðfestingarboð):

Gagnatag	Gagnaatriði	Skyldubundið eða valkvætt	Viðbótarlýsing á gagnareit
Aðildarríki sem staðfestir	Aðildarríki sem staðfestir	Skyldubundið	Valið úr tveggja stafa kóða ISO 3166-1 alpha 2
Lögbært yfirvald sem staðfestir	Auðkenni lögbærs yfirvalds sem staðfestir	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
Aðildarríki ákvörðunarstaðar	Aðildarríki ákvörðunarstaðar	Skyldubundið	Valið úr tveggja stafa kóða ISO 3166-1 alpha 2
Lögbært yfirvald á ákvörðunarstað	Auðkenni lögbærs yfirvalds á ákvörðunarstað	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
Upplýsingar um upprunaleg skilaboð	Auðkenni upprunalegra skilaboða	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
Upplýsingar um staðfestingu	Auðkenni staðfestingarboða	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
	Dagsetning staðfestingar	Skyldubundið	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ÁÁÁÁ-MM-DD
	Tímasetning staðfestingar	Skyldubundið	Töluleg gagnafærsla með sniðinu KK:MM:SS

## 2. HÖGUN ERRU-KERFISINS


Samtengingin skal vera í formi XML-skilaboðakerfis sem veitir þjónustu fyrir aðildarríkin með miðlun XML-boða með áreiðanlegu, öruggu og stjórnuðu verkflæði.

ERRU-kerfið skal samanstanda af kerfi sem felur í sér högun með „miðlægu netaldi“ (biðlari-miðlari með skynvæddum beini) og „jafningjaneti“. Aðildarríki geta valið hvora högunina þau vilja nota til að skiptast á XML-boðum um sTESTA-netkerfið (með notkun HTTP-samskiptareglna).

ERRU-kerfinu er lýst á mynd 1 hér fyrir neðan:

Mynd 1

ERRU-kerfið



Aðildarríki skulu hafa tvo valkosti til að miðla boðum, með hliðsjón af þeirri högun sem notuð er af þeim aðildarríkjum sem taka þátt í miðluninni: nota högun með miðlægu netaldi eða nota jafningjanet.

Miðlæga netaldið skal vera í umsjón framkvæmdastjórnarinnar. Framkvæmdastjórnin skal bera ábyrgð á tæknilegum rekstri, viðhaldi og heildaröryggi sTESTA-netkerfisins og miðlæga netaldinu. Aðeins skal vista skráningargögn á miðlæga netaldinu. Framkvæmdastjórnin skal ekki hafa aðgang að viðskiptagögnum nema vegna viðhalds og villuleitar.

Aðildarríkin skulu bera ábyrgð á landsskrám. Aðildarríki sem nota jafningjanet skulu bera ábyrgð á rekstrarsamhæfi jafningjanetsins og miðlæga netaldsins.

Vegna samtengingar um ERRU-kerfisins skulu aðildarríkin nota:

- staðlaðar IP-samskiptareglur (XML, HTTPS, XML-vefþjónustur) og
- sTESTA-netkerfið í einkaeign framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

### 3. TÖLFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING

Aðildarríki sem nota jafningjanet skulu vikulega fá framkvæmdastjórninni til ráðstöfunar upplýsingar sem nauðsynlegar eru í tölfraðilegum tilgangi.

Til að tryggja persónuvernd skulu tölfraðilegu gögnin vera nafnlaus.

Skráningarupplýsingar skulu halda utan um allar færslur vegna vöktunar og villuleitar og skal vera hægt að taka fram tölfraðilegar upplýsingar um þessar færslur. Eftirfarandi gerðir skráningarupplýsinga skulu vistaðar og vaktaðar:

- notkunarskrá (t.d. boð sem er miðlað, þ.m.t. tegund boða, dagsetning, uppbygging boða),
- öryggisskrá (t.d. innskráningartilraunir, aðgangur að skrár),
- kerfisskrá (t.d. kerfisbilanir).

Ekki skal geyma skráningarupplýsingar lengur en 6 mánuði.

Aðildarríki sem nota jafningjanet skulu bera ábyrgð á skráningarupplýsingum varðandi færslur sem fara um jafningjanetstengingar.

Innlendu tengiliðirnir sem aðildarríkin tilnefna skv. 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1071/2009 skulu bera ábyrgð á aðgangi að gögnum sem skipt er á og frekari notkun og uppfærslu gagna að aðgangi loknum.

#### 4. LÁGMARKSÞJÓNUSTUSTIG

Aðildarríkin skulu beita eftirfarandi lágmarkskröfum um þjónustu að því er varðar ERRU-kerfið:

##### 4.1. Tímalengd og umfang þjónustunnar

allan sólarhringinn sjö daga vikunnar

##### 4.2. Hlutfall tiltækileika tæknilega kerfisins

98%

Hlutfall tiltækileika kerfisins er hundraðshluti árangursríkra færslna á mánuði.

##### 4.3. Svörunartími kerfisins

Hámark 60 sekúndur.

Ef kerfið uppfyllir ekki kröfur um svörunartíma skal aðildarríki grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana til þess að koma kerfinu aftur til eðlilegs svörunartíma svo fljótt sem auðið er.

##### 4.4. Viðhaldsregla

Aðildarríkin skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um allar venjubundnar viðhaldsaðgerðir í gegnum viðhaldsgáttina með viku fyrirvara.

##### 4.5. Eðlilegu ástandi komið á eftir bilun

Bilun er þegar upp koma þær aðstæður að kerfi aðildarríkis er ekki tiltækt af ófyrirsjáanlegum ástæðum.

Ef ekki er unnt að gera við bilun innan 30 mínútna skal aðildarríkið, þar sem kerfið sem bilunin var rakin til er staðsett, fylgja eftirfarandi verklagsreglum:

- a) tilkynna skal hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um bilunina með tölvupósti innan 30 mínútna,
- b) þegar kerfið er aftur komið í lag skal senda aftur boð með tölvupósti til að upplýsa hin aðildarríkin og framkvæmdastjórnina um að kerfið starfi aftur með eðlilegum hætti.

\_\_\_\_\_



## REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 530/2012

2014/EES/36/32

frá 13. júní 2012

## um að flýta innleiðingu á kröfum um tvöfaldan byrðing eða sambærilegum hönnunarkröfum fyrir olíuflutningaskip með einföldum byrðingi (\*)

(endurútgöfin)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS  
HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins <sup>(1)</sup>,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð <sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 417/2002 frá 18. febrúar 2002 um að flýta innleiðingu á hönnunarkröfum fyrir olíuskip með tvöföldum byrðingi eða sambærilegum kröfum fyrir olíuskip með einföldum byrðingi <sup>(3)</sup> hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum <sup>(4)</sup>. Þar sem frekari breytingar eru nauðsynlegar skal til glöggvunar endurútgæfa þessa reglugerð.
- 2) Samþykking skal ráðstafanir innan ramma sameiginlegrar stefnu í flutningamálum til að tryggja öryggi og koma í veg fyrir mengun í sjóflutningum.
- 3) Sambandið hefur þungar áhyggjur af sjóslysum þar sem olíuflutningaskip koma við sögu og þeirri mengun strandlengja sem þeim fylgir, sem og af þeim skaða sem dýra- og plönturíkið og aðrar auðlindir hafsins verða fyrir.
- 4) Í orðsendingu sinni um „sameiginlega stefnu um öryggi á hafi úti“ ítrekaði framkvæmdastjórnin tilmæli aukafundar ráðsins um umhverfis- og flutningamál frá 25. janúar 1993

um að styðja aðgerð Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) til að draga úr misræmi, að því er varðar öryggi, milli nýrra og gamalla skipa með því að endurbæta og/ eða úrelða gömul skip í áföngum.

- 5) Með ályktun sinni frá 8. júní 1993 um sameiginlega stefnu um öryggi á hafi úti <sup>(5)</sup> lýsti ráðið yfir fullum stuðningi við markmiðin í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar.
- 6) Í ályktun sinni frá 11. mars 1994 um sameiginlega stefnu um öryggi á hafinu <sup>(6)</sup> fagnaði Evrópuþingið orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar og hvatti einkum til þess að gripið yrði til aðgerða til að herða öryggiskröfur sem gerðar eru til tankskipa.
- 7) Í ályktun sinni frá 20. janúar 2000 um stórslysið sem varð af völdum olíubrúkar úr flaki olíuflutningaskipsins Eriku <sup>(7)</sup> fagnaði Evrópuþingið hvers konar viðleitni framkvæmdastjórnarinnar til flýta þeirri dagsetningu þegar þess verður krafist að olíuflutningaskip skuli hafa tvöfaldan byrðing.
- 8) Í ályktun sinni frá 21. nóvember 2002 um stórslysið sem Prestige-olíuflutningaskipið olli undan strönd Galísíu <sup>(8)</sup>, krafðist Evrópuþingið öflugri ráðstafana sem geta öðlast gildi með skemmri fyrirvara og staðhæfði að þetta nýja stórslys hafi undirstrikað enn á ný þörfina fyrir markvissar aðgerðir á alþjóðavettvangi og á vettvangi Sambandsins til að auka til siglingaöryggi.
- 9) Í alþjóðasamningnum um varnir gegn mengun fráskipum frá 1973 og bókun við hann frá 1978 (MARPOL-samningnum frá '73/78) setti Alþjóðasiglingamálastofnunin reglur, sem samþykktar hafa verið á alþjóðavettvangi, um varnir gegn mengun sem hafa áhrif á hönnun og starfrækslu olíuflutningaskipa. Aðildarríkin eru aðilar að MARPOL-samningnum frá '73/78.
- 10) Samkvæmt grein 3.3 í MARPOL-samningnum frá '73/78 gildir samningurinn ekki um herskip, hjálparskip í flota eða önnur skip í ríkiseign eða skip starfrækt af ríkinu, sem eru nýtt í þágu hins opinbera til annars en í atvinnuskyni.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 172, 30.6.2012, bls. 3. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegrar EES-nefndarinnar nr. 94/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 43, 15.2.2012, bls. 98.

<sup>(2)</sup> Afstaða Evrópuþingsins frá 23. maí 2012 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 7. júní 2012.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 64, 7.3.2002, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Sjá I. viðauka.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB C 271, 7.10.1993, bls. 1.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB C 91, 28.3.1994, bls. 301.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB C 304, 24.10.2000, bls. 198.

<sup>(8)</sup> Stjtið. ESB C 25, 29.1.2004, bls. 415.

- 11) Samanburður á aldri tankskipa og tölfraði um slys hefur leitt í ljós aukna tíðni slysa meðal eldri skipa. Einhugur ríkir um það á alþjóðavettvangi að samþykkt breytinganna frá 1992 á MARPOL-samningnum frá '73/78, þar sem krafist er tvöfalds byrðings eða sambærilegra hönnunarkrafna fyrir gömul olíuflutningaskip með einföldum byrðingi þegar þau ná tilteknum aldri, muni veita þessum olíuflutningaskipum aukna vernd gegn olíumengun af slysi af völdum áreksturs eða strands.
- 12) Það er Sambandinu í hag að samþykkja ráðstafanir til að tryggja að olíuflutningaskip, sem koma til hafna og endastöðva undan strönd eða leggjast við akkeri á svæði innan lögsögu aðildarríkja, og olíuflutningaskip sem sigla undir fána aðildarríkja, uppfylli reglu 20 í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/78, eins og hann var endurskoðaður árið 2004 með ályktun MEPC 117(52) og samþykktur af sjávarumhverfisverndarnefnd Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, til að draga úr hættunni á olíumengun af slysi á hafsvæði Evrópu.
- 13) Með ályktun MEPC 114(50), sem var samþykkt 4. desember 2003, var nýrri reglu 21 bætt inn í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/78 um varnir gegn olíumengun frá olíuflutningaskipum sem flytja þunga olíu (HGO) þar sem lagt er bann við því að olíuflutningaskip með einföldum byrðingi flytji þunga olíu. Í 5., 6. og 7. mgr. í reglu 21 er kveðið á um möguleika á undanþágum frá beitingu tiltekinna ákvæða þeirrar reglu. Í yfirlýsingu frá formennskuríki leiðtoga ráðsins, Ítalíu, fyrir hönd Evrópusambandsins, sem var skráð í opinbera skýrslu á 50. fundi sjávarumhverfisverndarnefndar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (MEPC-50/3), er látin í ljós pólitísk skuldbinding þess efnis að nýta ekki þessar undanþágur.
- 14) Breytingar á MARPOL-samningnum frá '73/78, sem Alþjóðasiglingamálastofnunin samþykkti 6. mars 1992, öðluðust gildi 6. júlí 1993. Í þessum ráðstöfunum eru settar fram kröfur um að olíuflutningaskip, sem eru afhent 6. júlí 1996 eða síðar, hafi tvöfaldan byrðing eða að gerðar séu samsvarandi hönnunarkröfur til þeirra til þess að koma í veg fyrir olíumengun af völdum áreksturs eða strands. Breytingarnar fela m.a. í sér áætlun, sem öðlaðist gildi 6. júlí 1995, um að úrelða í áföngum olíuflutningaskip með einföldum byrðingi sem afhent voru fyrir þann dag, þar sem þess var krafist að olíuflutningaskip, sem afhent voru fyrir 1. júní 1982 uppfylltu kröfur um tvöfaldan byrðing eða samsvarandi hönnunarkröfur eigi síðar en 25 árum, og, í sumum tilvikum, 30 árum eftir afhendingardag þeirra. Óheimilt verður að starfrækja slík gömul olíuflutningaskip með einföldum byrðingi eftir 2005 og, í sumum tilvikum, eftir 2012, nema skipin uppfylli kröfurnar um tvöfaldan byrðing eða samsvarandi hönnunarkröfur í reglu 19 í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/78. Að því er varðar gömul olíuflutningaskip með einföldum byrðingi, sem afhent voru eftir 1. júní 1982 eða sem afhent voru fyrir 1. júní 1982 en sem hefur verið breytt þannig að þau uppfylli kröfur MARPOL-samningsins frá '73/78 um aðgreinda sjókjölfestugeyma og varða staðsetningu þeirra, rennur þessi frestur út í síðasta lagi árið 2026.
- 15) Mikilvægar breytingar á reglu 20 í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/78 voru samþykktar 27. apríl 2001 á 46. fundi sjávarumhverfisverndarnefndar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar með ályktun MEPC 95(46) og 4. desember 2003 með ályktun MEPC 111(50) þar sem komið var á fót nýrri áætlun um að hraða úreldingu í áföngum á olíuflutningaskipum með einföldum byrðingi. Viðkomandi frestir fyrir olíuflutningaskip, svo þau uppfylli reglu 19 í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/78, ráðast af stærð og aldri skipsins. Samkvæmt þeirri áætlun eru olíuflutningaskip því flokkuð í þrjá flokka eftir tonnatölu, smíði og aldri. Allir þessir flokkar eru mikilvægir fyrir viðskipti innan Sambandsins, jafnvel sá lægsti, 3. flokkur.
- 16) Fresturinn, sem gefinn er til að úrelða olíuflutningaskip með einföldum byrðingi í áföngum, miðast við árlega dagsetningu afhendingar skipsins samkvæmt áætlun sem nær frá 2003 til 2005 fyrir olíuflutningaskip í 1. flokki og til 2010 fyrir olíuflutningaskip í 2. og 3. flokki.
- 17) Í reglu 20 í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/78 er sett fram krafa um að ekki megi halda áfram að starfrækja olíuflutningaskip með einföldum byrðingi nema þau samræmist áætlun um ástandsmat sem var samþykkt 27. apríl 2001 með ályktun MEPC 94(46), eins og henni var breytt með ályktun MEPC 99(48) frá 11. október 2002 og með ályktun MEPC 112(50) frá 4. desember 2003. Áætlunin um ástandsmat leggur stjórnýslyslu fánaríkisins þær skyldur á herðar að gefa út yfirlýsingu um að skilyrði hafi verið uppfyllt og taka þátt í framkvæmd könnunar á vegum áætlunar um ástandsmat. Áætluninni um ástandsmat er ætlað að greina byggingarfræðilega annmarka á olíuflutningaskipum sem eru komin til ára sinna og því skal hún gilda um öll olíuflutningaskip sem eru eldri en 15 ára.
- 18) Með reglu 20.5 í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/78 er heimiluð undanþága til að starfrækja olíuflutningaskip í 2. og 3. flokki við tilteknar aðstæður, fram yfir þann frest sem gefinn var til að úrelða þau í áföngum. Með reglu 20.8.2 í sama viðauka er aðilum að MARPOL-samningnum frá '73/78 veittur réttur til að synja olíuflutningaskipum, sem starfrækt eru samkvæmt þessari undanþágu, aðgang að höfnum eða endastöðvum undan strönd innan lögsögu þeirra. Aðildarríkin hafa lýst yfir þeim ásetningi sínum að nýta sér þennan rétt. Tilkynna verður Alþjóðasiglingamálastofnuninni um ákvörðun um að skírskota til þessa réttar.
- 19) Mikilvægt er að tryggja að ákvæði þessarar reglugerðar stofni ekki öryggi áhafnar eða olíuflutningaskipa, við leit að öruggri höfn eða skipaafdrepi, í hættu.
- 20) Til að gera skipasmíðastöðvum í aðildarríkjunum kleift að sinna viðgerðum á olíuflutningaskipum með einföldum byrðingi geta aðildarríkin gert undantekningar og heimilað slíkum skipum aðgang að höfnum sínum, að því tilskildu að enginn farmur sé um borð.
- 21) Það er mjög ólíklegt að Alþjóðasiglingamálastofnunin breyti innihaldi viðeigandi reglna í MARPOL-

samningnum frá '73/78 og ályktunum MEPC 111(50) og 94(46) sem sjávarumhverfisverndarnefnd Alþjóða siglingamálastofnunarinnar hefur samþykkt og vísað er til í þessari reglugerð. Smávægilegar breytingar, s.s. númerabreytingar, gætu þó verið gerðar á þessum textum. Til að þessi reglugerð samrýmist nýjustu þróun á viðeigandi alþjóðalögum skal framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, einungis að því er varðar slíkar breytingar, svo fremi að þær rýmki ekki gildissvið þessarar reglugerðar. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Framkvæmdastjórnin skal, við undirbúning og samningu framseldra gerða, tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi sendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

#### Markmið

Markmiðið með þessari reglugerð er að innleiða áætlun um að flýta beitingu krafna um tvöfaldan byrðing eða samsvarandi hönnunarkrafna fyrir olíuflutningaskip með einföldum byrðingi, sem kveðið er á um í MARPOL-samningnum frá '73/78, eins og skilgreint er í 3. gr. þessarar reglugerðar, sem og að banna flutning á þungri olíu í olíuflutningaskipum með einföldum byrðingi, til hafnar eða frá höfnum aðildarríkjanna.

##### 2. gr.

#### Gildissvið

1. Reglugerð þessi gildir um olíuflutningaskip með 5 000 tonna burðargetu og þar yfir:

- a) sem sigla undir fána aðildarríkis,
- b) sem koma til hafnar eða leggja úr höfn eða sigla frá endastöð undan strönd eða leggjast við akkeri á svæði innan lögsögu aðildarríkis, án tillits til þess undir hvaða fána þau sigla.

Að því er varðar 3. mgr. 4. gr. gildir reglugerð þessi um olíuflutningaskip með 600 tonna burðargetu og þar yfir.

2. Reglugerð þessi gildir ekki um herskip, hjálparskip í flota eða önnur skip í ríkiseign eða skip starfrækt af ríkinu, sem eru um stundarsakir einungis nýtt í þágu hins opinbera til annars en í atvinnuskyni. Aðildarríkin skulu, að svo miklu leyti sem sanngjarnt er að ætla og unnt er, leitast við að virða ákvæði þessarar reglugerðar að því er varðar þau skip sem um getur í þessari málsgrein.

##### 3. gr.

#### Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „MARPOL-samningurinn frá '73/78“: alþjóðasamningur frá 1973 um varnir gegn mengun frá skipum, eins og honum var breytt með bókuninni við hann frá 1978, í uppfærðum útgáfum sínum,
- 2) „olíuflutningaskip“: olíuflutningaskip samkvæmt skilgreiningu í reglu 1.5 í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/78,
- 3) „burðargeta“: burðargeta samkvæmt skilgreiningu í reglu 1.23 í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/78,
- 4) „olíuflutningaskip í 1. flokki“: olíuflutningaskip með 20 000 tonna burðargetu eða þar yfir, sem flytur jarðolíu, eldsneytisolíu, þunga gasolíu eða smurolíu sem farm, eða með 30 000 tonna burðargetu eða þar yfir, sem flytur aðrar tegundir olíu en framangreindar, sem uppfylla ekki kröfur í reglum 18.1 til 18.9, 18.12 til 18.15, 30.4, 33.1, 33.2, 33.3, 35.1, 35.2 og 35.3 í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/78,
- 5) „olíuflutningaskip í 2. flokki“: olíuflutningaskip með 20 000 tonna burðargetu eða þar yfir, sem flytur jarðolíu, eldsneytisolíu, þunga gasolíu eða smurolíu sem farm, eða með 30 000 tonna burðargetu eða þar yfir, sem flytur aðrar tegundir olíu en framangreindar og sem uppfylla kröfur í reglum 18.1 til 18.9, 18.12 til 18.15, 30.4, 33.1, 33.2, 33.3, 35.1, 35.2 og 35.3 í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/78 og sem búin eru aðgreindum sjókjölfestugeymum með varða staðsetningu (SBT/PL),
- 6) „olíuflutningaskip í 3. flokki“: olíuflutningaskip með 5 000 tonna burðargetu eða þar yfir en þó undir þeirri burðargetu sem tilgreind er í 4. og 5. lið,
- 7) „olíuflutningaskip með einföldum byrðingi“: olíuflutningaskip sem uppfyllir ekki kröfur um tvöfaldan byrðing eða sambærilegar hönnunarkröfur í reglum 19 og 28.6 í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/78,
- 8) „olíuflutningaskip með tvöföldum byrðingi“:
  - a) olíuflutningaskip með 5 000 tonna burðargetu eða þar yfir, sem uppfyllir kröfur um tvöfaldan byrðing eða sambærilegar hönnunarkröfur í reglu 19 og 28.6 í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/78 eða kröfur í reglu 20.1.3 eða
  - b) olíuflutningaskip með 600 tonna burðargetu eða þar yfir en undir 5 000 tonnum, með tvöföldum botni eða rýmum, sem uppfyllir reglu 19.6.1 í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/78, og hliðargeymum eða rýmum, sem komið er fyrir í samræmi við reglu 19.3.1 og uppfyllir kröfuna um fjarlægðina w í reglu 19.6.2,

- 9) „aldur“: aldur skipsins, gefinn til kynna í fjölda ára frá afhendingardegi þess,
- 10) „þung gasolía“: dísilolía samkvæmt skilgreiningu í reglu 20 í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/78,
- 11) „eldsneytisolía“: þung eimi úr jarðolíu eða leifar þeirra eða blöndur slíkra efna samkvæmt skilgreiningu í reglu 20 í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/78.
- 12) „þung olía“:
- jarðolía með þéttleika við 15°C yfir 900 kg/m<sup>3</sup> (samsvarar API-hreinleika sem er minni en 25,7),
  - olía, önnur en jarðolía, með þéttleika við 15 °C yfir 900 kg/m<sup>3</sup> eða eðlisseigju við 50 °C yfir 180 mm<sup>2</sup>/s (samsvarar eðlisseigju sem er yfir 180 cSt),
  - jarðbik og tjara og ýrulausnir þeirra.

4. gr.

**Oliuflutningaskip með einföldum byrðingi skulu uppfylla kröfur um tvöfaldan byrðing eða sambærilegar hönnunarkröfur**

- Hvorki skal heimila oliuflutningaskipi að sigla undir fána aðildarríkis né leyfa því, án tillits til þess undir hvaða fána það siglir, að koma til hafna eða endastöðva undan strönd innan lögsögu aðildarríkis nema slíkt flutningaskip hafi tvöfaldan byrðing.
- Þrátt fyrir 1. mgr. er heimilt að halda áfram að starfrækja oliuflutningaskip í 2. eða 3. flokki, sem eru einungis útbúin með tvöföldum botni eða með tvöföldum síðum, sem eru ekki notuð til oliuflutninga og sem ná yfir alla lengd farmgeymisins eða með rými með tvöföldum byrðingi sem eru ekki notuð til oliuflutninga og ná yfir alla lengd farmgeymisins en sem uppfylla ekki skilyrði um undanþágu frá ákvæðum reglu 20.1.3 í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/78, en ekki eftir árlega dagsetningu afhendingar skipsins árið 2015 eða þann dag sem skipið nær 25 ára aldri frá afhendingardegi þess, hvort heldur ber fyrir að.
- Oliuflutningaskipi, sem flytur þunga olíu, er óheimilt að sigla undir fána aðildarríkis nema slíkt oliuflutningaskip hafi tvöfaldan byrðing.

Oliuflutningaskipi, sem flytur þunga olíu, er óheimilt að koma til hafnar eða fara frá höfnum eða endastöðvum undan strönd eða liggja við akkeri innan lögsögu aðildarríkis nema slíkt flutningaskip sé með tvöföldum byrðingi, án tillits til þess undir hvaða fána það siglir.

- Heimilt er að veita oliuflutningaskipum, sem starfa eingöngu innan hafnarvæða og á skipgengum vatnaleiðum, undanþágu frá 3. mgr., að því tilskildu að þau séu viðurkennd samkvæmt löggjöf um skipgengur vatnaleiðir.

5. gr.

**Um að uppfylla kröfur áætlunar um ástandsmat**

Oliuflutningaskipi með einföldum byrðingi, sem er eldra en 15 ára, er óheimilt, án tillits til þess undir hvaða fána það siglir, að koma til hafnar eða fara frá höfn eða endastöðvum undan strönd eða leggjast við akkeri á svæðum innan lögsögu aðildarríkis nema það uppfylli kröfur áætlunar um ástandsmat sem um getur í 6. gr.

6. gr.

**Áætlun um ástandsmat (CAS)**

Að því er varðar 5. gr. gildir áætlunin um ástandsmat, sem samþykkt var með ályktun MEPC 94(46) frá 27. apríl 2001, eins og henni var breytt með ályktun MEPC 99(48) frá 11. október 2002 og ályktun MEPC 112(50) frá 4. desember 2003.

7. gr.

**Frestur**

Eftir árlega dagsetningu afhendingar skipsins árið 2015 er óheimilt:

- að halda áfram, í samræmi við reglu 20.5 í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/78, starfrækslu oliuflutningaskipa í 2. og 3. flokki, sem sigla undir fána aðildarríkis, og
- að önnur oliuflutningaskip í 2. og 3. flokki komi til hafna eða endastöðva undan strönd innan lögsögu aðildarríkis, án tillits til þess hvort þau sigli áfram undir fána þriðja ríkis, í samræmi við reglu 20.5 í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/78.

8. gr.

**Undanþágur fyrir skip í neyð eða skip sem á að gera við**

Þrátt fyrir 4., 5. og 7. gr. er lögbæru yfirvaldi aðildarríkis heimilt, með fyrirvara um ákvæði landslaga og við sérstakar aðstæður, að leyfa skipi að koma til hafnar eða fara frá höfn eða endastöð undan strönd eða leggjast við akkeri á svæði innan lögsögu þess aðildarríkis:

- ef oliuflutningaskip er í neyð og í leit að skipaafdrepi,
- ef oliuflutningaskip án farms er á leið til hafnar til viðgerðar.

9. gr.

**Tilkynning til Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO)**

- Hvert aðildarríki skal tilkynna Alþjóðasiglingamálastofnuninni ef það ákveður að synja oliuflutningaskipum, skv. 7. gr. þessarar reglugerðar, sem starfrækt eru í samræmi við ákvæði reglu 20.5 í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/78, um að koma til hafna eða endastöðva undan strönd innan lögsögu sinnar á grundvelli reglu 20.8.2 í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/78.

2. Hvert aðildarríki skal tilkynna Alþjóðasiglingamálastofnuninni ef það veitir leyfi, ógildir tímabundið, afturkallar eða synjar um leyfi til að starfrækja olíuflutningaskip í 1. eða 2. flokki, sem er heimilt að sigla undir fána þess í samræmi við 5. gr. þessarar reglugerðar, á grundvelli reglu 20.8.1 í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/78.

10. gr.

#### Málsmeðferð vegna breytinga

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 11. gr., að því er varðar að samræma tilvísanir í þessari reglugerð og gera smávægilegar breytingar, s.s. númerabreytingar, sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur samþykkt, á reglum í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/78, sem og á ályktunum MEPC 111(50) og MEPC 94(46), eins og þeim hefur verið breytt með ályktunum MEPC 99(48) og 112(50), svo fremi að þær rýmki ekki gildissvið þessarar reglugerðar.

2. Breytingar á MARPOL-samningnum frá '73/78 geta fallið utan gildissviðs þessarar reglugerðar, skv. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 frá 5. nóvember 2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) og um breytingu á reglugerðum um siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum <sup>(9)</sup>.

11. gr.

#### Beiting framseldra gerða

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir, sbr. þó skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 1. mgr. 10. gr., í fimm ár frá 20. júlí 2012. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu, að því er varðar framsal valds, eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 13. júní 2012.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

forseti.

M. SCHULZ

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

N. WAMMEN

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er, hvenær sem er, heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 1. mgr. 10. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 1. mgr. 10. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

12. gr.

#### Niðurfelling

Reglugerð (EB) nr. 417/2002 er felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka.

13. gr.

#### Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

<sup>(9)</sup> Stjtið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1.

*I. VIÐAUKI***Niðurfelld reglugerð með skrá yfir síðari breytingar hennar**

(sem um getur í 12. gr.)

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 417/2002  
(Stjtið. EB L 64, 7.3.2002, bls. 1)

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002  
(Stjtið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1)

Einungis 11. gr.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1726/2003  
(Stjtið. ESB L 249, 1.10.2003, bls. 1)

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2172/2004  
(Stjtið. ESB L 371, 18.12.2004, bls. 26)

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 457/2007  
(Stjtið. ESB L 113, 30.4.2007, bls. 1)

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 219/2009  
(Stjtið. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 109)

Eingöngu liður 7.4 í viðaukanum

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1163/2009  
(Stjtið. ESB L 314, 1.12.2009, bls. 13)

---

## II. VIÐAUKI

## Samsvörunartafla

Reglugerð (EB) nr. 417/2002	Þessi reglugerð
1. gr.	1. gr.
Inngangsorð 1. mgr. 2. gr.	Inngangsorð 1. mgr. 2. gr.
Fyrsti undirliður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 2. gr.	b-liður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 2. gr.
Annar undirliður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 2. gr.	a-liður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 2. gr.
Önnur undirgrein 1. mgr. 2. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 2. gr.
2. mgr. 2. gr.	2. mgr. 2. gr.
3. gr.	3. gr.
Inngangsorð 1. mgr. 4. gr.	1. mgr. 4. gr.
a-liður 1. mgr. 4. gr.	—
b-liður 1. mgr. 4. gr.	—
2. mgr. 4. gr.	2. mgr. 4. gr.
3. mgr. 4. gr.	3. mgr. 4. gr.
4. mgr. 4. gr.	4. mgr. 4. gr.
5. mgr. 4. gr.	—
6. mgr. 4. gr.	—
5. gr.	5. gr.
6. gr.	6. gr.
Inngangsorð 7. gr.	Inngangsorð 7. gr.
Fyrsti undirliður 7. gr.	a-liður 7. gr.
Annar undirliður 7. gr.	b-liður 7. gr.
Lokaorð 7. gr.	Inngangsorð 7. gr.
Inngangsorð 1. mgr. 8. gr.	Inngangsorð 8. gr.
Fyrsti undirliður 1. mgr. 8. gr.	a-liður 8. gr.
Annar undirliður 1. mgr. 8. gr.	b-liður 8. gr.
2. mgr. 8. gr.	—
1. mgr. 9. gr.	—
2. mgr. 9. gr.	9. mgr. 1. gr.
3. mgr. 9. gr.	9. mgr. 2. gr.
10. gr.	—
11. gr.	10. gr.
—	11. gr.
—	
—	
12. gr.	Fyrsta málsgrein 12. gr.
—	Önnur málsgrein 12. gr.
13. gr.	13. gr.
—	I. viðauki
—	II. viðauki

## REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 996/2010

2014/EES/36/33

frá 20. október 2010

## um rannsóknir og forvarnir gegn slysum og flugatvikum í almenningsflugi og um niðurfellingu á tilskipun 94/56/EB (\*)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS  
HAFA,

fram tillögu um að endurskoða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB frá 13. júní 2003 um tilkynningu atvika í almenningsflugi <sup>(4)</sup>, fyrir 31. desember 2011.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 100. gr.,

- 4) Eina markmið öryggisrannsókna skal vera að koma í veg fyrir slys og flugatvik í framtíðinni, án þess að skipta sök eða ábyrgð.

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins <sup>(1)</sup>,

- 5) Taka skal tillit til samþykktar um alþjóðaflugmál, sem undirrituð var í Chicago 7. desember 1944 (Chicago-samningurinn), þar sem kveðið er á um framkvæmd nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja örugga starfrækslu loftfara. Sérstaklega skal taka tillit til 13. viðauka Chicago-samningsins og síðari breytinga á honum, þar sem mælt er fyrir um alþjóðlega staðla og ráðlagðar starfsvenjur vegna rannsókna á slysum og flugatvikum loftfara, sem og til skilgreininga á hugtökunum „skráningarríki“, „ríki flugrekanda“, „hönnunarríki“, „framleiðsluríki“ og „ríki þar sem atvik á sér stað“, sem þar eru notuð.

að höfðu samráði við svæðanefndina,

með hliðsjón af álitum Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tryggja skal hátt, almennt öryggisstig í almenningsflugi í Evrópu og leggja skal áherslu á að fækka slysum og flugatvikum til að tryggja tiltrú almennings á flutningum í lofti.
- 2) Skjót framkvæmd öryggisrannsókna á slysum og flugatvikum í almenningsflugi eykur flugöryggi og stuðlar að því að koma í veg fyrir slys og flugatvik.
- 3) Skýrslugjöf, greining og miðlun niðurstaðna um flugatvik sem varða öryggi eru grundvallaratriði þegar kemur að því að auka flugöryggi. Framkvæmdastjórnin skal því leggja

- 6) Samkvæmt alþjóðlegum stöðlum og ráðlögðum starfsvenjum, sem sett eru fram í 13. viðauka við Chicago-samninginn, skal rannsókn á slysum og alvarlegum flugatvikum vera á ábyrgð þess ríkis þar sem slysið eða alvarlega flugatvikið átti sér stað, eða skráningarríkis, ef ekki er hægt að fullyrða að slysið eða alvarlega flugatvikið hafi átt sér stað innan yfirráðasvæðis einhvers ríkis. Ríki er heimilt að fela öðru ríki að annast rannsóknina eða óska eftir aðstoð þess. Öryggisrannsóknir innan Evrópusambandsins skulu fara fram með svipuðum hætti.
- 7) Lærdómurinn af framkvæmd tilskipunar ráðsins 94/56/EB frá 21. nóvember 1994 um setningu grundvallarreglna við rannsóknir á slysum og óhöppum í almenningsflugi <sup>(5)</sup> skal notaður til að bæta skilvirkni rannsókna og forvarna gegn slysum og flugatvikum í almenningsflugi innan Sambandsins.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 295, 12.11.2010, bls. 35. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 95/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Álit frá 27. maí 2010 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 132, 21.5.2010, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Afstaða Evrópuþingsins frá 21. september 2010 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 11. október 2010.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 167, 4.7.2003, bls. 23.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 319, 12.12.1994, bls. 14.



- 8) Taka skal tillit til breytinga á stofnana- og regluramma, sem gildir um öryggi í almenningssflugi innan Sambandsins, sem hafa átt sér stað síðan tilskipun 94/56/EB var samþykkt og þá einkum til þess að Flugöryggisstofnun Evrópu (EASA) hefur verið komið á fót. Einnig skal taka tillit til þáttar Sambandsins í öryggistilmælum, þar sem flugöryggi er í auknum mæli stjórnað á vettvangi Sambandsins.
- 9) Flugöryggisstofnun Evrópu annast, fyrir hönd aðildarríkjanna, starfsemi og verkefni hönnunarríkis, framleiðsluríkis og skráningarríkis þegar um er að ræða samþykkt hönnunar, eins og tilgreint er í Chicago-samningnum og viðaukum við hann. Því skal Flugöryggisstofnun Evrópu, í samræmi við 13. viðauka við Chicago-samninginn, bjóðast til að taka þátt í öryggisrannsókn til að stuðla að, innan síns valdsviðs, skilvirkni hennar og tryggja örugga hönnun loftfara, án þess að það hafi áhrif á óhæði rannsóknarinnar. Á sama hátt skal bjóða landsbundnum flugmálayfirvöldum á sviði almenningssflugs að taka þátt í öryggisrannsóknum.
- 10) Með tilliti til öryggisábyrgðar þeirra skulu einstaklingar, sem Flugöryggisstofnun Evrópu tilnefnir, ásamt landsbundnum flugmálayfirvöldum á sviði almenningssflugs, hafa aðgang að viðeigandi upplýsingum við mat á skilvirkni öryggiskrafna.
- 11) Til að tryggja betri forvarnir gegn flugslysum og flugatvikum skal Flugöryggisstofnun Evrópu, í samstarfi við lögbær yfirvöld aðildarríkjanna, einnig taka þátt í miðlun og greiningu upplýsinga innan ramma tilkynningakerfis um atvik, í samræmi við tilskipun 2003/42/EB, en jafnframt forðast hvers konar hagsmunaárekstra. Þessar upplýsingar skulu njóta fullnægjandi verndar gegn óleyfilegri notkun eða birtingu.
- 12) Viðurkennt er að þátttaka Flugöryggisstofnunar Evrópu og lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna í tengslum við miðlun og greiningu upplýsinga, sem falla undir tilskipun 2003/42/EB, getur verið til bóta fyrir öryggisrannsóknir fyrir tilstuðlan beinlínutengds aðgangs að viðeigandi upplýsingum sem varða öryggi og sem geymdar eru í miðlægu gagnasafni um atvik í almenningssflugi.
- 13) Umfang öryggisrannsókna skal háð því hvaða lærdóm megi draga af þeim til að auka flugöryggi, einkum með tilliti til þess að þörf er á kostnaðarhagkvæmri notkun á tilföngum til rannsókna innan Sambandsins.
- 14) Óháð yfirvald öryggisrannsókna skal annast öryggisrannsóknir á slysum og flugatvikum eða stýra þeim, til að koma í veg fyrir hvers konar hagsmunaárekstra og hugsanlega utanaðkomandi truflun í tengslum við að ákvarða orsakir þeirra atvika sem eru til rannsókna.
- 15) Yfirvöld öryggisrannsókna gegna lykilhlutverki í ferli öryggisrannsókna. Starf þeirra er afar mikilvægt við að ákvarða orsakir slysa eða flugatvika. Því er nauðsynlegt að þau geti framkvæmt rannsóknir sínar á algjörlega óháðan hátt ásamt því að þau hafi yfir að ráða því fjármagni og þeim mannauð sem þarf til að framkvæma árangursríkar og skilvirkar rannsóknir.
- 16) Styrkja skal getu yfirvalda öryggisrannsókna í aðildarríkjunum og samstarf þeirra á milli er nauðsynlegt til að bæta skilvirkni rannsókna og forvarnir gegn slysum og flugatvikum í almenningssflugi innan Sambandsins.
- 17) Viðurkenna skal og efla samræmingarhlutverk yfirvalda öryggisrannsókna í evrópsku samhengi, til að skapa aukið vægi fyrir flugöryggi með því að byggja á því samstarfi sem þegar er til staðar á milli slíkra yfirvalda og á þeim tilföngum til rannsókna sem tiltæk eru í aðildarríkjunum og sem nýta skal á sem kostnaðarhagkvæmasta hátt. Þessari viðurkenningu og eflingu væri best náð með evrópsku neti fyrir yfirvöld öryggisrannsókna innan almenningssflugs (netið), sem skal hafa skýrt skilgreint hlutverk og verkefni.
- 18) Með netinu skal samræmingarstarfseminni haldið áfram á gagnsæjan og óháðan hátt og skal það hljóta virkan stuðning Sambandsins.
- 19) Það kann að vera að markmiðum þessarar reglugerðar verði betur náð með samstarfi við þriðju lönd sem heimila mætti þátttöku í starfi netsins sem áheyrnarfulltrúar.
- 20) Þar sem nauðsynlegt er að tryggja skýran rétt til öryggisrannsókna skulu aðildarríki, í samræmi við gildandi löggjöf um valdsvið þeirra yfirvalda sem bera ábyrgð á réttarfarslegum rannsóknum og, eftir því sem við á, í nánú samstarfi við þau yfirvöld, tryggja að yfirvöld öryggisrannsókna sé gert kleift að framkvæma verkefni sín við bestu hugsanlegu skilyrði í þágu flugöryggis. Yfirvöldum öryggisrannsókna skal því veittur tafarlaus og ótakmarkaður aðgangur að slysstað og þeir skulu hafa aðgang að öllum þáttum, sem nauðsynlegir eru til að uppfylla kröfur um öryggisrannsóknir, án þess að stofna markmiðum réttarfarslegrar rannsóknar í hættu.

- 21) Öryggisrannsókn getur einungis orðið skilvirk ef mikilvægir hlutar sönnunargagna eru varðveittir á viðeigandi hátt.
- 22) Kerfið fyrir öryggi í almenningssflugum byggist á endurgjöf og lærdómi, sem draga má af slysum og flugatvikum, sem þarfnast strangrar beitingar á reglum um trúnaðarkvöð til að tryggja aðgengi að mikilvægum upplýsingum í framtíðinni. Í þessu samhengi skal vernda viðkvæmar öryggisupplýsingar á viðeigandi hátt.
- 23) Þegar slys ber að höndum er tilefni til að huga að almannahagsmunum af ýmsum toga, s.s. að koma í veg fyrir slys og tryggja tilhlýðilega réttarvörslu. Þessir hagsmunir ganga lengra en eiginhagsmunir hlutaðeigandi aðila og lengra en tilgreindur atburður. Til að tryggja heildaralmannahagsmunum er nauðsynlegt að koma á réttu jafnvægi milli allra hagsmuna.
- 24) Almenningsflugkerfið skal að sama skapi stuðla að umhverfi án refsiakvæða sem greiðir fyrir tafarlausri tilkynningu atvika og eflir því meginregluna um „sann-girnismenningu“.
- 25) Upplýsingar, sem einstaklingur lætur í té innan ramma öryggisrannsóknar, skulu ekki notaðar gegn þeim honum, að teknu fullu tilliti til stjórnskipulegra meginreglna og landslaga.
- 26) Aðildarríki skulu eiga kost á að takmarka þau tilvik þar sem taka þarf ákvörðun um að birta upplýsingar sem aflað er við öryggisrannsókn án þess að það hafi áhrif á að dómskerfið starfi snurðulaust.
- 27) Nauðsynlegt er, til að koma í veg fyrir slys og flugatvik, að miðla viðeigandi upplýsingum á sem stystum tíma, þ.m.t. skýrslum og öryggistilmælum sem leiða af öryggisrannsóknnum.
- 28) Lögbær yfirvöld skulu ávallt taka tillit til öryggistilmæla sem leiða af rannsóknnum á slysum eða alvarlegum flugatvikum eða öðrum þáttum, s.s. öryggiskönnunum og, eins og við á, bregðast við þeim til að tryggja fullnægjandi forvarnir gegn slysum og flugatvikum í almenningssflugum.
- 29) Hvetja skal til framfara á sviði rannsókna á því að ákvarða staðsetningu loftfars á rauntíma og á þeim möguleika að fá aðgang að upplýsingum úr flugrita án þess að hann sé raunverulega til staðar, til að bæta möguleika rannsakenda á að ákvarða orsakir slysa og til að auka getu til að koma í veg fyrir endurtekin flugatvik. Slík þróun myndi vera mikilvægt skref fram á við í þágu flugöryggis.
- 30) Reynslan hefur sýnt að það getur verið seinlegt að útvega áreiðanlegar skrár yfir einstaklinga um borð í loftfari en einnig að það sé mikilvægt að ákvarða frest þannig að unnt sé að krefjast þess að flugrekendur framvísi slíkri skrá innan þessa frests. Að auki skulu gögnin í slíkum skráum vernduð gegn óleyfilegri notkun eða birtingu. Til að lágmarka áhættu öryggisrannsakenda á þeim stað þar sem atvik á sér stað er að sama skapi nauðsynlegt að til staðar séu upplýsingar um hættulegan farm um borð í loftfari sem tengist slysi.
- 31) Í kjölfar slyss er erfitt að finna viðeigandi tengilið með skjótum hætti til að tilkynna honum að farþegi sé um borð í loftfari. Því skal bjóða farþegum upp á þann möguleika að tilnefna tengilið.
- 32) Tilgreina skal aðstoð við fórnarlömb flugslysa og skyldmenni þeirra með fullnægjandi hætti.
- 33) Það hefur mikla þýðingu til hvaða ráðstafana aðildarríki grípa í því skyni að bregðast við slysum og afleiðingum þeirra. Í þessu samband skulu aðildarríki hafa neyðaráætlun sem felur m.a. í sér neyðarþjónustu á flugvöllum og aðstoð við fórnarlömb slysa í almenningssflugum og við skyldmenni þeirra. Flugrekendur skulu einnig hafa áætlun um aðstoð við fórnarlömb slysa í almenningssflugum og við skyldmenni þeirra. Sérstök áhersla skal lögð á stuðning og samskipti við fórnarlömb og skyldmenni þeirra, sem og við samtök þeirra.
- 34) Við beitingu þessarar reglugerðar skal virða að fullu reglur um aðgang að gögnum, gagnavinnslu og verndun einstaklinga, sem mælt er fyrir um í viðeigandi lagagerningum Sambandsins.
- 35) Það skal einkum vera mögulegt að beita alla einstaklinga, sem brjóta í bága við þessa reglugerð, viðurlögum þegar þeir afhenda upplýsingar sem reglugerðin verndar, hindra aðgerðir yfirvalds öryggisrannsóknar með því að koma í veg fyrir að rannsakendur geti sinnt skyldum sínum eða neita að láta í té gagnlegar upptökur, mikilvægar upplýsingar og skjöl eða fela, breyta eða eyðileggja þau eða í því tilviki þegar einstaklingar búa yfir vitneskju um slys eða alvarlegt flugatvik og greina ekki viðeigandi lögbærum yfirvöldum frá henni.

36) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að setja sameiginlegar reglur á sviði öryggisrannsókna í almenningssflugum, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs og áhrifa aðgerðarinnar innan Evrópu, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná megi því markmiði.

37) Því ber að fella tilskipun 94/56/EB úr gildi.

38) Yfirlýsing ráðherra um flugvöllinn á Gíbraltar, sem samþykkt var í Cordoba 18. september 2006 á fyrsta ráðherrafundi samráðsvettvangs um Gíbraltar, mun koma í stað sameiginlegrar yfirlýsingar um flugvöllinn á Gíbraltar, sem gefin var í London 2. desember 1987, og ef henni er fylgt í einu og öllu er litið svo á að yfirlýsingunni frá 1987 sé einnig fylgt.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

##### Efni

1. Markmiðið með þessari reglugerð er að auka öryggi í almenningssflugum með því að tryggja mjög mikla skilvirkni, hagkvæmni og gæði evrópskra öryggisrannsókna í almenningssflugum en eina markmið þeirra er að koma í veg fyrir slys og flugatvik, án þess að skipta sök eða ábyrgð, þ.m.t. með því að koma á fót evrópsku neti fyrir yfirvöld öryggisrannsókna í almenningssflugum. Í henni er einnig kveðið á um reglur þess efnis að upplýsingar, sem varða alla einstaklinga og hættulegan farm um borð í loftfari sem tengist slysi, séu aðgengilegar í tæka tíð. Markmið hennar er einnig að bæta aðstoð við fórnarlömb flugslýsa og skyldmenn þeirra.

2. Beiting þessarar reglugerðar gagnvart flugvöllum á Gíbraltar telst hvorki hafa áhrif á lagalega stöðu Konungsríkisins Spánar né Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands að því er varðar ágreining um yfirráðarétt yfir landsvæðinu þar sem flugvöllurinn er staðsettur.

##### 2. gr.

##### Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „slys“: atvik sem á sér stað í tengslum við starfrækslu loftfars, ef um er að ræða mannað loftfar, sem á sér stað frá

því að einstaklingur fer um borð í loftfarið í þeim tilgangi að fljúga með því og þar til allir eru farnir frá borði eða, ef um er að ræða ómannað loftfar, sem á sér stað frá því að loftfarið er tilbúið til hreyfingar í þeim tilgangi að fara á loft þar til það hefur verið stöðvað við lok flugferðar og slökkt hefur verið á meginknúningskerfinu þar sem:

a) einstaklingur lætur lífið eða slasast alvarlega vegna þess:

– að hann var um borð í loftfarinu eða

– að hann var í beinni snertingu við einhvern hluta loftfarsins, þar á meðal hluta sem hafa losnað frá loftfarinu, eða

– að hann varð fyrir útblæstri þotuhreyfils,

nema þegar meiðslin eiga sér eðlilegar orsakir, eru af völdum einstaklingsins sjálfs eða annarra, eða þegar meiðsl verða á laumufarþegum, sem leynast utan svæðis sem farþegar og áhöfn hafa venjulega aðgang að, eða

b) loftfarið verður fyrir skemmdum eða bilun eða brestur verður í burðarvirki sem hefur veruleg áhrif á styrkleika þess, afkastagetu eða flugeiginleika loftfarsins og myndi að öllu jöfnu krefjast mikillar viðgerðar eða þess að skipt væri um viðkomandi íhlut, nema um sé að ræða hreyfilbilun eða skemmd sem takmarkast við hreyfil, (þ.m.t. hlífar hans eða fylgibúnað), loftskrufur, vængenda, loftnet, þreifara, loka, hjólbarða, hemla, hjól, vindhlífar, klæðningar, hurðir landingarbúnaðar, framrúður, ytra byrði loftfars (s.s. smádædir eða göt) eða minni háttar skemmdir á þyrilblöðum aðalþyrils, stélþyrilblöðum, landingarbúnaði og skemmdir sem verða af völdum hagls eða áreksturs við fugl (þ.m.t. göt á loftneta- og ratsjánhlífum) eða

c) loftfarsins er saknað eða ógerlegt að komast að því,

2) „viðurkenndur fulltrúi“: einstaklingur sem ríki tilnefni á grundvelli menntunar hans og hæfis, í þeim tilgangi að taka þátt í öryggisrannsókn sem annað ríki annast; viðurkenndur fulltrúi, sem aðildarríki tilnefni, skal vera á vegum yfirvalds öryggisrannsóknar,

3) „ráðgjafi“: einstaklingur sem ríki tilnefni á grundvelli menntunar hans og hæfis, í þeim tilgangi að aðstoða viðurkenndan fulltrúa við öryggisrannsókn,

- 4) „orsakir“: aðgerðir, aðgerðaleyfi, atburðir, aðstæður eða samsetning þeirra, sem hafði í för með sér slys eða flugatvik; greining á orsökum gefur ekki til kynna að sök eða stjórnábyrgð sé ábyrgð, opinber ábyrgð eða refsíábyrgð sé ákvörðuð,
- 5) „meiðsl sem draga til dauða“: meiðsl sem einstaklingur hefur hlotið í slysi sem draga hann til dauða innan 30 daga frá slysinu,
- 6) „flugriti“: hvers konar upptökutæki sem komið er fyrir í loftfari til að auðvelda öryggisrannsóknir á slysum eða flugatvikum,
- 7) „flugatvik“: atvik, annað en slys, sem tengist starfrækslu loftfars og sem hefur eða getur haft áhrif á öryggi starfrækslunnar,
- 8) „alþjóðlegir staðlar og ráðlagðar starfsvenjur“: alþjóðlegir staðlar og ráðlagðar starfsvenjur, í tengslum við rannsókn á flugslysi og flugatviki, sem eru samþykkt í samræmi við 37. gr. Chicago-samningsins,
- 9) „rannsóknarstjóri“: einstaklingur sem, á grundvelli menntunar sinnar og hæfis, ber ábyrgð á skipulagningu, framkvæmd og stjórn öryggisrannsóknar,
- 10) „flugrekandi“: einstaklingur eða lögaðili sem starfrækir eða hyggst starfrækja eitt eða fleiri loftför,
- 11) „tengdur einstaklingur“: eigandi, flugverji eða rekstraraðili loftfars, sem tengist slysi eða alvarlegu flugatviki, allir einstaklingar sem tengjast viðhaldi, hönnun eða framleiðslu loftfarsins eða þjálfun áhafnar þess, allir einstaklingar sem tengjast veitingu flugumferðarstjórnar, flugupplýsinga- eða flugvallþjónustu og hafa veitt loftfarinu þjónustu, starfsfólk landsbundinna flugmálayfirvalda á sviði almenningsflugs eða starfsfólk Flugöryggisstofnunar Evrópu,
- 12) „bráðabirgðaskýrsla“: samskipti sem notuð eru til skjótrar útbreiðslu gagna sem aflað á fyrstu stigum rannsóknarinnar,
- 13) „skyldmenni“: nánasta fjölskylda og/eða náinn ættingi og/eða annar einstaklingur sem tengist náði fórnarlambi slyss, eins og það er skilgreint samkvæmt landslögum fórnarlambins,
- 14) „öryggisrannsókn“: ferli sem yfirvald öryggisrannsóknar framkvæmir til að koma í veg fyrir slys og flugatvik, sem felur í sér að afla upplýsinga, að greina þær, að draga ályktanir af þeim, þ.m.t. að ákvarða orsök eða orsakir og/ eða áhrifaþætti og, ef við á, að undirbúa öryggistilmæli,
- 15) „öryggistilmæli“: tillaga frá yfirvaldi öryggisrannsóknar, byggð á upplýsingum úr öryggisrannsókn eða upplýsingum sem fengist hafa með öðrum leiðum, s.s. úr öryggiskönnunum, sem sett er fram í því skyni að koma í veg fyrir slys og flugatvik,
- 16) „alvarlegt flugatvik“: flugatvik sem verður við aðstæður sem benda til þess að miklar líkur hafi verið á slysi og sem tengist starfrækslu loftfars sem, ef um er að ræða mannað loftfar, á sér stað frá því að einstaklingur kemur um borð í loftfarið í þeim tilgangi að fljúga með því og þar til allir einstaklingar hafa farið frá borði, eða, ef um er að ræða ómannað loftfar, sem á sér stað frá því að loftfarið er tilbúið til hreyfingar í þeim tilgangi að fara á loft, þar til það hefur verið stöðvað við lok flugferðar og slökkt hefur verið á meginknúningskerfinu; skrá yfir dæmi um alvarleg flugatvik er að finna í viðaukanum.
- 17) „alvarleg meiðsl“: meiðsl sem einstaklingur hefur hlotið í slysi og sem tengist einu af eftirfarandi:
- a) sjúkrahúsvist sem varir lengur en 48 klukkustundir og hefst innan sjö daga frá þeim degi sem einstaklingurinn slasaðist,
  - b) beinbrotum (að frátöldum minni háttar brotum á fingrum, tám eða nefi),
  - c) skurðsárum sem leiðir af sér alvarlegar blæðingar eða skemmdir á taugum, vöðvum eða sinum,
  - d) áverkum á innri líffærum,
  - e) annars eða þriðja stigs bruna eða brunasárum sem þekja meira en 5% af yfirborði líkamans,

- f) snertingu við smitandi efni eða skaðlega geislun sem hefur verið staðfest.

eða hafi eftirlit með öryggisrannsóknnum án utanaðkomandi truflunar.

### 3. gr.

#### Gildissvið

1. Reglugerð þessi gildir um öryggisrannsóknir á slysum og alvarlegum flugatvikum:

- a) sem orðið hafa á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, sem sáttmálinn nær til, í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar aðildarríkjanna,
- b) sem tengjast loftfari, sem skráð er í aðildarríki eða starfrækt af fyrirtæki með staðfestu í aðildarríki og hafa átt sér stað utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna sem sáttmálinn nær til, þegar annað ríki framkvæmir ekki slíkar rannsóknir,
- c) þegar aðildarríki hefur rétt á að tilnefna viðurkenndan fulltrúa, samkvæmt alþjóðlegum stöðlum og ráðlögðum starfsvenjum, til að taka þátt í öryggisrannsóknnum sem skráningarríki, ríki flugrekanda, hönnunarríki, framleiðsluríki eða ríki sem veitir upplýsingar, aðstöðu eða sérfræðipækningu, að beiðni ríkisins þar sem rannsóknin fer fram,
- d) þegar aðildarríki, sem hefur sérstakra hagsmuna að gæta vegna dauðsfalla eða alvarlegra meiðsla ríkisborgara þess, fær leyfi ríkisins þar sem rannsóknin fer fram til að tilnefna sérfræðing.

2. Þessi reglugerð gildir einnig um málefni er lúta að því að upplýsingar, sem varða alla einstaklinga og hættulegan farm um borð í loftfari sem tengist slysi, séu aðgengilegar í tæka tíð og um aðstoð við fórnarlömb flugslysa og skyldmenni þeirra.

3. Þessi reglugerð gildir ekki um öryggisrannsóknir á slysum og alvarlegum flugatvikum sem tengjast loftförum sem eru notuð á vegum hers eða toll- og lögreglu yfirvalda eða á vegum sambærilegrar þjónustu, nema þegar hlutaðeigandi aðildarríki ákveður það í samræmi við 4. mgr. 5. gr. og landslögjöf.

### 4. gr.

#### Yfirvald öryggisrannsókna á sviði almenningsflugs

1. Hvert aðildarríki skal tryggja að varanlegt, landsbundið yfirvald öryggisrannsókna á sviði almenningsflugs (yfirvald öryggisrannsókna), sem getur á óháðan hátt annast fulla öryggisrannsókn, annaðhvort eitt og sér eða á grundvelli samkomulags við önnur yfirvöld öryggisrannsókna, framkvæmi

2. Yfirvald öryggisrannsókna skal vera óháð í starfi sínu, einkum gagnvart flugmálayfirvöldum sem bera ábyrgð á loftþæfi, útgáfu skirteina, flugrekstri, viðhaldi, leyfisveitingum, flugumferðarstjórn eða rekstri flugvalla og yfirleitt öllum öðrum aðilum eða einingum þar sem hagsmunir eða verkefni þeirra gætu stangast á við verkefnið sem yfirvaldi öryggisrannsókna er falið eða haft áhrif á hlutlægni þess.

3. Yfirvald öryggisrannsókna skal við framkvæmd öryggisrannsóknna hvorki leita eftir leiðbeiningum né taka við leiðbeiningum frá öðrum aðilum og hafa ótakmarkað vald yfir framkvæmd öryggisrannsóknna.

4. Færa má út þá starfsemi sem yfirvaldi öryggisrannsókna er falið að sinna þannig að hún nái til söfnunar og greiningar á upplýsingum sem tengjast flugöryggi, einkum í því skyni að koma í veg fyrir slys, að því tilskildu að þessi starfsemi hafi ekki áhrif á óhæði þess og feli ekki í sér ábyrgð á málum sem varða reglusetningu, stjórnun eða stöðlun.

5. Árlega skal gefa út öryggisskýrslu á landsvísu til að upplýsa almenning um almenna stöðu á sviði flugöryggismála. Ekki skal upplýsa í þessari greiningu hver það var sem veitti trúnaðarupplýsingar.

6. Viðkomandi aðildarríki skal veita yfirvaldi öryggisrannsókna þau tilföng sem því eru nauðsynleg til að inna óháð af hendi skyldur sínar og skal það hafa yfir að ráða fullnægjandi úrræðum til þess. Einkum:

- a) skal yfirmaður hjá yfirvaldi öryggisrannsókna og/eða, ef um er að ræða fjölþátta yfirvald, yfirmaður flugmáladeildar þess hafa reynslu og hæfni á sviði öryggis í almenningsflugi til að sinna verkefnum sínum í samræmi við þessa reglugerð og landslög,
- b) skulu rannsakendur öðlast þá stöðu sem veitir þeim nauðsynlega tryggingu fyrir óhæði,
- c) skal yfirvald öryggisrannsókna hafa a.m.k. yfir að ráða einum tiltækum rannsakanda sem er fær um að sinna starfi rannsóknarstjóra ef um meiri háttar flugslys er að ræða,
- d) skal yfirvaldi öryggisrannsókna úthlutað fjármagni sem gerir því kleift að sinna verkefnum sínum,

e) skal yfirvaldi öryggisrannsóknar hafa á sínum vegum hæft starfsfólk og viðunandi aðstoðu, annaðhvort á eigin vegum eða fyrir tilstuðlan samstarfsins, sem um getur í 6. gr., eða á grundvelli samkomulags við önnur landsyfyrvöld eða einingar, þ.m.t. skrifstofur og flugskýli til að unnt sé að geyma og skoða loftfar, innihald loftfars og brak úr því.

5. gr.

**Rannsóknarskylda**

1. Öll slys eða alvarleg flugatvik sem tengjast loftförum, önnur en þau sem tilgreind eru í II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu<sup>(6)</sup>, skulu sæta öryggisrannsókn í því aðildarríki sem hefur yfirráð á svæðinu þar sem slysið eða alvarlega flugatvikið átti sér stað.

2. Þegar loftfar, sem ekki er tilgreint í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og skráð í aðildarríki, sem tengist slysi eða alvarlegu flugatviki, sem ekki er hægt að staðsetja nákvæmlega innan yfirráðasvæðis einhvers ríkis, skal yfirvald öryggisrannsóknar í skráningaraðildarríki framkvæma öryggisrannsóknina.

3. Yfirvald öryggisrannsóknar skal ákvarða umfang öryggisrannsókna, sem um getur í 1., 2. og 4. mgr., og verklagið sem fylgja skal við framkvæmd slíkra öryggisrannsókna, að teknu tilliti til þess hvaða lærdóm það gerir ráð fyrir að draga megi af slíkum rannsóknum í því skyni að auka flugöryggi, þ.m.t. að því er varðar þau loftför sem hafa hámarksflugtaksmassa sem er 2250 kg eða minni.

4. Yfirvöld öryggisrannsókna geta ákveðið að rannsaka önnur flugatvik en þau sem um getur í 1. og 2. mgr., ásamt slysum eða alvarlegum flugatvikum annarra tegunda loftfara, í samræmi við landslöggiöf aðildarríkjanna, ef þau gera ráð fyrir að draga megi af þeim lærdóm um flugöryggi.

5. Öryggisrannsóknirnar, sem um getur í 1., 2. og 4. mgr., skulu ekki í neinu tilviki miðast við að skipta sök eða ábyrgð. Þær skulu vera óháðar, aðskildar frá og með fyrirvara um öll dóms- eða stjórnsýslumál til að skipta sök eða ábyrgð.

6. gr.

**Samstarf milli yfirvalda öryggisrannsókna**

1. Yfirvald öryggisrannsóknar hjá einu aðildarríki getur óskað eftir aðstoð yfirvalda öryggisrannsókna hjá öðrum

aðildarríkjum. Ef yfirvald öryggisrannsóknar samþykkir að veita slíka aðstoð, í kjölfar beiðni, skal hún veitt án endurgjalds, eftir því sem unnt er.

2. Yfirvald öryggisrannsóknar getur falið öðru yfirvaldi öryggisrannsóknar að sjá um rannsókn á slysi eða alvarlegu flugatviki, með fyrirvara um gagnkvæmt samkomulag og skal þá greiða fyrir rannsóknarferli þess yfirvalds.

7. gr.

**Evrópskt net fyrir yfirvöld öryggisrannsókna í almenningflug**

1. Aðildarríki skulu tryggja að yfirvöld öryggisrannsókna komi á fót sín á milli evrópsku neti fyrir yfirvöld öryggisrannsókna í almenningflug (netið), sem samanstendur af yfirmönnum meðal yfirvalda öryggisrannsókna í hverju aðildarríki og/eða, ef um er að ræða fjölþátta yfirvald, yfirmönnum flugmáladeilda þeirra eða fulltrúum þeirra, þ.m.t. formanni sem valinn er þeirra á meðal til þriggja ára.

Formaðurinn skal, í nánú samráði við aðila að netinu, gera árlega starfsáætlun netsins, sem skal samrýmast markmiðunum og uppfylla skyldurnar, sem settar eru fram í 2. og 3. mgr, eftir því sem við á. Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu og ráðinu starfsáætlunina. Formaðurinn skal einnig gera áætlun um fundi á vegum netsins.

2. Netið skal stuðla að því að bæta enn frekar gæði rannsókna sem yfirvöld öryggisrannsókna framkvæma og styrkja óhæði þeirra. Einkum skal það hvetja til að gerðar verði strangar kröfur varðandi rannsóknaraðferðir og þjálfun rannsakenda.

3. Til að ná markmiðunum, sem sett eru fram í 2. mgr., skal netið einkum bera ábyrgð á:

a) að undirbúa tillögur fyrir stofnanir Sambandsins og ráðleggja þeim á öllum sviðum þróunar og framkvæmdar á sviði stefnumála og reglna Sambandsins að því er varðar öryggisrannsóknir og forvarnir gegn slysum og flugatvikum,

b) að stuðla að skiptum á upplýsingum, sem eru gagnlegar til að auka flugöryggi og stuðla með virkum hætti að skipulegu samstarfi á milli yfirvalda öryggisrannsókna, framkvæmdastjórnarinnar, Flugöryggisstofnunar Evrópu og landsbundinna flugmálafyrirvalda,

<sup>(6)</sup> Stjórnartíð. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

- c) að samræma og skipuleggja, eftir því sem við á, „jafningjarni“, viðeigandi þjálfunarstarfsemi og þróunaráætlanir til að meta hæfi rannsakenda,
- d) að stuðla að bestu starfsvenjum á sviði öryggisrannsókna, með það í huga að þróa sameiginlega aðferðafræði Sambandsins fyrir öryggisrannsóknir og gera skrá yfir slíkar starfsvenjur,
- e) að styrkja rannsóknargetu yfirvalda öryggisrannsókna, einkum með því að þróa og hafa umsjón með kerfi um samnýtingu á tilföngum,
- f) að veita viðeigandi aðstoð, að beiðni yfirvalda öryggisrannsókna, að því er varðar beitingu 6. gr., þ.m.t., en þó ekki eingöngu, skrá yfir rannsakendur, búnað og getu, sem fánleg er í hinum aðildarríkjunum og gæti hugsanlega nýst yfirvaldi sem framkvæmir rannsókn,
- g) að hafa aðgang að upplýsingum í gagnagrunninum, sem um getur í 18. gr., og greina öryggistilmælin sem þar er að finna, með það í huga að tilgreina mikilvæg öryggistilmæli sem hafa þýðingu í öllu Sambandinu.

4. Framkvæmdastjórnin skal reglulega upplýsa Evrópuþingið og ráðið um starfsemi netsins. Evrópuþingið skal einnig upplýst um það þegar ráðið eða framkvæmdastjórnin senda inn beiðnir til netsins.

5. Aðilar að netinu skulu hvorki leita eftir né taka við leiðbeiningum frá aðila sem gæti haft áhrif á óhæði öryggisrannsókna.

6. Flugöryggisstofnun Evrópu skal, eins og við á, boðið að sækja fundi netsins sem áheyrnarfulltrúi. Netið getur einnig boðið áheyrnarfulltrúum frá yfirvöldum öryggisrannsókna í þriðju löndum og öðrum viðeigandi sérfræðingum að sækja fundi á vegum netsins.

7. Framkvæmdastjórnin skal vera í nánnum tengslum við starfsemi netsins og skal njóta nauðsynlegs stuðnings frá netinu á viðeigandi sviðum sem tengjast þróun forvarnarstefnu og reglusetningar á sviði rannsókna á slysum í almenningsflugum innan Sambandsins. Framkvæmdastjórnin skal veita netinu nauðsynlegan stuðning, þ.m.t., en þó ekki eingöngu, stuðning við undirbúning og skipulagningu funda ásamt útgáfu ársskýrslu um starfsemi netsins. Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu og ráðinu ársskýrsluna.

8. gr.

**Þátttaka Flugöryggisstofnunar Evrópu og landsbundinna flugmálayfirvalda á sviði almenningsflugs í öryggisrannsóknum**

1. Yfirvöld öryggisrannsókna skulu bjóða Flugöryggisstofnun Evrópu og landsbundnum flugmálayfirvöldum á sviði almenningsflugs í hlutaðeigandi aðildarríkjum, innan valdsviðs hvers um sig, að því tilskildu að krafa um að engir hagsmunaárekstrar séu til staðar sé uppfyllt, að tilnefna fulltrúa til þátttöku:

- a) sem ráðgjafi rannsóknarstjóra í öllum öryggisrannsóknum, skv. 1. og 2. mgr. 5. gr., sem framkvæmdar eru innan yfirráðasvæðis aðildarríkis eða á þeim stað sem um getur í 2. mgr. 5. gr., undir stjórn og ákvörðunarvaldi rannsóknarstjórans,
- b) sem ráðgjafi sem er tilnefndur samkvæmt þessari reglugerð til að aðstoða viðurkenndan fulltrúa eða viðurkennda fulltrúa aðildarríkis við hvers konar öryggisrannsóknir sem framkvæmdar eru í þriðja landi þar sem yfirvaldi öryggisrannsókna er boðið að tilnefna viðurkenndan fulltrúa, í samræmi við alþjóðlega staðla og ráðlagðar starfsvenjur í tengslum við rannsókn á flugslysum og flugatvikum, undir eftirliti viðurkennda fulltrúans.

2. Þátttakendurnir, sem um getur í 1. mgr., skulu einkum hafa rétt til:

- a) að heimsækja slysstað og skoða flakið,
- b) að stinga upp á atriðum, sem unnt er að spyrja um, og afla upplýsinga frá vitnum,
- c) að fá afrit af öllum viðeigandi skjölum og afla viðeigandi upplýsinga um staðreyndir,
- d) að taka þátt í aflestri á uppteknu efni, að undanskildum hljóðritunum og myndupptökum í stjórnklefa,
- e) að taka þátt í rannsóknarstarfsemi sem ekki á sér stað á slysstað, s.s. athugunum, prófunum og hermun, tæknilegum kynningum og fundum um framvindu rannsóknar, nema þegar verið er að ákvarða orsakir eða setja fram öryggistilmæli.

3. Flugöryggisstofnun Evrópu og landsbundin flugmálayfirvöld á sviði almenningsflugs skulu styðja við rannsóknina sem þau taka þátt í með því að útvega yfirvaldi öryggisrannsókna, sem stýrir rannsókninni, umbeðnar upplýsingar, ráðgjafa og búnað.

*9. gr.***Skyldan að tilkynna um slys og alvarleg flugatvik**

1. Hver einstaklingur, sem hefur vitneskju um að slys eða alvarlegt flugatvik hafi átt sér stað, skal án tafar tilkynna það lögbærri yfirvaldi öryggisrannsóknar í því ríki sem það átti sér stað.

2. Yfirvald öryggisrannsóknar skal án tafar tilkynna framkvæmdastjórninni, Flugöryggisstofnun Evrópu, Alþjóðaflugmálastofnuninni, aðildarríkjunum og hlutaðeigandi þriðju löndum, í samræmi við alþjóðlega staðla og ráðlagðar starfsvenjur, um öll slys eða alvarleg flugatvik sem eiga sér stað og því hefur verið tilkynnt um.

*10. gr.***Þátttaka aðildarríkjanna í öryggisrannsóknnum**

1. Við móttöku á tilkynningu um slys eða alvarlegt flugatvik frá öðru aðildarríki eða þriðja landi skulu aðildarríkin, sem eru skráningarríki, ríki flugrekanda, hönnunarríki og framleiðsluríki, eins fljótt og auðið er, upplýsa aðildarríki eða þriðja land, sem hefur yfirráð á því svæði þar sem slys eða alvarlegt flugatvik á sér stað, hvort þau hafi í hyggju að tilnefna viðurkenndan fulltrúa í samræmi við alþjóðlega staðla og ráðlagðar starfsvenjur. Ef viðurkenndur fulltrúi er skipaður skal einnig gefa upp nafn hans og samskiptaupplýsingar, ásamt fyrirhugaðri komudagsetningu, ef viðurkenndi fulltrúinn hyggst ferðast til landsins sem sendi tilkynninguna.

2. Viðurkenndir fulltrúar hönnunarríkisins skulu skipaðir af yfirvaldi öryggisrannsókna í aðildarríkinu sem hefur yfirráð á svæðinu þar sem höfuðstöðvar handhafa vottorðsins fyrir tegundahönnun loftfarsins eða fullbúins hreyfils, eru staðsettar.

*11. gr.***Staða öryggisrannsakenda**

1. Þegar yfirvald öryggisrannsókna hefur skipað rannsóknarstjóra skal hann, án þess að það hafi áhrif á rannsókn sakamáls, hafa vald til þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að uppfylla kröfur öryggisrannsóknarinnar.

2. Þrátt fyrir allar kvaðir um þagnarskyldu samkvæmt lagagerningum Sambandsins eða landslögum skal rannsóknarstjóri einkum eiga rétt á:

a) að fá tafarlausan, ótakmarkaðan og óhindraðan aðgang að staðnum þar sem slysið eða flugatvikið átti sér stað og einnig að loftfarinu, innihaldi þess eða flakinu,

b) að tryggja tafarlausu skráningu sönnunargagna og skipulegan brottflutning á brakinu eða íhlutum til rannsóknar eða greiningar,

c) að fá tafarlaust aðgang að og afnot af flugritum, innihaldi þeirra og öðrum viðeigandi upptökum,

d) að óska eftir og stuðla að því að lík þeirra sem fórust af slysförum verði krufin til fulls og að fá tafarlausan aðgang að niðurstöðum úr slíkum rannsóknnum eða prófunum sem gerðar eru á sýnum,

e) að óska eftir að þeir sem eru viðriðnir starfrækslu loftfars sæti lækni skoðun eða óska eftir að gerðar séu prófanir á sýnum sem tekin eru úr þessu fólki og að fá tafarlausan aðgang að niðurstöðum úr slíkum skoðunum eða prófunum,

f) að kalla til og yfirheyra vitni og óska eftir að þau veiti eða afli upplýsinga eða sannana sem skipta máli fyrir öryggisrannsókn,

g) að fá frjálstan aðgang að öllum viðkomandi upplýsingum eða skráum sem eigandi, handhafi vottorðs tegundahönnunar, ábyrgt viðhaldsfyrirtæki, þjálfunarfyrirtæki, flugrekandi eða framleiðandi loftfarsins, yfirvöld sem bera ábyrgð á almenningsflugi, Flugöryggisstofnun Evrópu, veitendur flugleiðsöguþjónustu eða flugvallarrekendur, hafa yfir að ráða.

3. Rannsóknarstjóri skal veita sérfræðingum sínum og ráðgjöfum, ásamt viðurkenndum fulltrúum, sérfræðingum þeirra og ráðgjöfum, réttindin, sem talin eru upp í 2. mgr., að því marki sem nauðsynlegt er til að gera þeim kleift að taka þátt í öryggisrannsókn með skilvirkum hætti. Sá réttur hefur ekki áhrif á rétt rannsakenda og sérfræðinga sem yfirvald, sem fer með rannsókn sakamáls, tilnefnir.

4. Allir þeir sem taka þátt í öryggisrannsóknnum skulu inna skyldur sínar af hendi á óháðan hátt og skulu hvorki leita eftir né taka við leiðbeiningum frá neinum öðrum en rannsóknarstjóra eða viðurkenndum fulltrúa.



## 12. gr.

**Samræming rannsókna**

1. Ef hafin er rannsókn á sakamáli skal rannsóknarstjóra tilkynnt um það. Í slíkum tilvikum skal rannsóknarstjóri tryggja rekjanleika flugrita og hvers konar efnislegra sönnunargagna sem hann fær til varðveislu. Dómsmálafirvöld geta tilnefnt einn af embættismönnum sínum til að fylgja flugritunum eða efnislegu sönnunargögnunum þangað sem aflestur eða meðhöndlun fer fram. Ef skoðun eða greining slíkra efnislegra sönnunargagna getur breytt þeim eða eyðilagt þau skal liggja fyrir undanfarandi samþykki dómsmálafyrivalda, sbr. þó landslög. Ef slíkt samþykki fæst ekki, í samræmi við fyrirframákveðna fyrirkomulagið sem um getur í 3. mgr., innan hæfilegs frests og eigi síðar en tveimur vikum eftir að óskað er eftir því, kemur það þó ekki í veg fyrir að rannsóknarstjóri framkvæmi skoðunina eða greininguna. Ef dómsmálafirvöld eiga rétt á að leggja hald á einhver sönnunargögn skal rannsóknarstjóri hafa tafarlausan og ótakmarkaðan aðgang að slíkum sönnunargögnum og not af þeim.

2. Ef í ljós kemur, meðan á öryggisrannsókn stendur, eða grunur vaknar um að ólöglegt athæfi samkvæmt landslögum, t.d. landslögum um rannsóknir slysa, hafi átt þátt í slysinu eða alvarlega flugatvikinu, skal rannsóknarstjórinn tafarlaust tilkynna lögbærum yfirvöldum um slíkt. Með fyrirvara um 14. gr. skal tafarlaust deila öllum viðeigandi upplýsingum, sem aflað er í öryggisrannsókninni, með þessum yfirvöldum og, að fenginni beiðni, má einnig flytja viðeigandi efni til þeirra. Skipti á upplýsingum og þessu efni skal ekki áhrif á rétt yfirvalda öryggisrannsókna til að halda öryggisrannsókninni áfram, í samstarfi við þau yfirvöld sem kunna að hafa fengið afhenta stjórn á staðnum.

3. Aðildarríki skulu tryggja að yfirvöld öryggisrannsókna annars vegar og þau yfirvöld sem líklegt er að koma muni að aðgerðum í tengslum við öryggisrannsóknina hins vegar, s.s. dómsmálafirvöld, yfirvöld almenningsflugs ásamt leitar- og björgunaryfirvöldum, starfi saman samkvæmt fyrirframákveðnu fyrirkomulagi.

Í þessu fyrirkomulagi skal virða óhæði yfirvalda öryggisrannsókna og gera það mögulegt að tæknilega rannsóknin sé framkvæmd af kostgæfni og skilvirkni. Fyrirframákveðna fyrirkomulagið skal m.a. ná yfir eftirfarandi atriði:

- a) aðgang að slyssað,
- b) varðveislu sönnunargagna og aðgang að þeim,
- c) upphaflegar og áframhaldandi skýrslugerð um stöðu hvers ferlis,

d) upplýsingaskipti,

e) viðeigandi notkun öryggisupplýsinga,

f) lausn ágreinings.

Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þetta fyrirkomulag og framkvæmdastjórnin skal síðan senda það formanni netsins, Evrópuþinginu og ráðinu til upplýsingar.

## 13. gr.

**Varðveisla sönnunargagna**

1. Aðildarríki, sem hafa yfirráð á því svæði þar sem slys eða alvarlegt flugatvik á sér stað, skulu bera ábyrgð á því að tryggja örugga meðhöndlun allra sönnunargagna og gera allar skynsamlegar ráðstafanir til að vernda slík sönnunargögn ásamt því að viðhalda öruggri vörslu loftfarsins, innihalds þess og flaksins í eins langan tíma og nauðsynlegt getur verið vegna öryggisrannsóknarinnar. Verndun sönnunargagna skal fela í sér varðveislu sönnunargagna, sem hægt er að fjarlægja, afmá, glata eða eyðileggja, með ljósmyndun eða öðrum aðferðum. Örug varsla skal fela í sér verndun gegn frekari skemmdum, óheimiluðum aðgangi einstaklinga, hnupli og rýrnun gæða.

2. Á meðan komu öryggisrannsakenda er beiðni skal enginn einstaklingur breyta ástandi á slyssað, taka sýni þaðan, framkvæma hreyfingu á loftfarinu, innihaldi þess eða flaki eða taka þaðan sýni, færa loftfarið eða fjarlægja það, nema slíkar aðgerðir séu nauðsynlegar af öryggisástæðum eða til að aðstoða þá sem slasaðir eru, eða með skýlausu samþykki þeirra yfirvalda sem fara með stjórn á slyssað og, ef mögulegt er, að höfðu samráði við yfirvöld öryggisrannsókna.

3. Allir einstaklingar skulu grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana til að varðveita skjöl, efni og upptökur í tengslum við atburðinn, einkum til að koma í veg fyrir að upptökur á samtölum og viðvörðunum í lok flugs eyðist.

## 14. gr.

**Verndun viðkvæmra öryggisupplýsinga**

1. Eftirtaldir skrár skulu ekki vera aðgengilegar eða notaðar í öðrum tilgangi en við öryggisrannsókn:

- a) allar skýrslur sem yfirvald öryggisrannsóknar tekur af einstaklingum meðan á öryggisrannsókn stendur,
- b) skrár sem leiða í ljós deili á einstaklingum sem hafa borið vitni í tengslum við öryggisrannsókn,

- c) sérstaklega viðkvæmar og persónulegar upplýsingar sem yfirvald öryggisrannsóknar aflar, þ.m.t. upplýsingar um heilbrigði einstaklinga,
- d) efni sem til verður meðan á rannsókn stendur, s.s. athugasemdir, drög, álit sem rannsakandi skrifar niður, álit sem látið er í ljós við greiningu upplýsinga, þ.m.t. upplýsingar í flugrita,
- e) upplýsingar og sönnunargögn, sem rannsakendur frá öðrum aðildarríkjum eða þriðju löndum afla í samræmi við alþjóðlega staðla og ráðlagðar starfsvenjur, ef yfirvald öryggisrannsóknar óskar eftir þeim,
- f) drög að bráðabirgðaskýrslum eða lokaskýrslum eða bráðabirgðayfirlýsingar,
- g) hljóðritanir og myndupptökur í stjórnklefa og eftirrit af þeim, ásamt hljóðritunum frá flugstjórnardeildum, þar sem einnig er tryggt að upplýsingar, sem ekki skipta máli fyrir öryggisrannsóknina, einkum upplýsingar sem varða friðhelgi einkalífsins, njóti viðeigandi verndar, sbr. þó 3. mgr.
2. Eftirtaldar skrár skulu ekki gerðar aðgengilegar eða notaðar í öðrum tilgangi en við öryggisrannsóknina eða öðrum tilgangi en þeim sem miðar að því að auka flugöryggi:
- a) öll samskipti á milli einstaklinga sem tengjast starfrækslu loftfarsins,
- b) skriflegar eða rafrænar upptökur og afrit af upptökum frá flugstjórnardeildum, þ.m.t. skýrslur og niðurstöður sem eru til innri nota,
- c) fylgibréf vegna sendingar öryggistilmæla frá yfirvaldi öryggisrannsóknar til viðtakanda, ef yfirvald öryggisrannsóknar, sem gefur út tilmælin, óskar eftir því,
- d) tilkynningar um atvik sem skráð er samkvæmt tilskipun 2003/42/EB.

Upptökur úr flugrita skulu ekki gerðar aðgengilegar eða notaðar í öðrum tilgangi en við öryggisrannsókn eða í tengslum við lofthæfi eða viðhald, nema þegar slíkar skrár eru brenglaðar svo ekki verði borin kennsl á neinn eða birtar í samræmi við leyndarreglur.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. getur yfirvaldið, sem fer með réttarvörslu, eða yfirvaldið, sem er til þess bært að taka ákvörðun um að birta skrár samkvæmt landslögum, ákveðið að ávinningurinn af birtingu skrána, sem um getur í 1. og 2. mgr., í öðrum tilgangi en heimilt er samkvæmt lögum, vegi þyngra en óhagstæð áhrif innanlands eða alþjóðleg áhrif sem slík aðgerð getur haft á þessa öryggisrannsókn eða allar síðari öryggisrannsóknir. Aðildarríki geta ákveðið að takmarka þau tilvik, þar sem heimilt er að taka slíka ákvörðun um birtingu, en virða jafnframt lagagerninga Sambandsins.

Heimilt er að senda skrárnar, sem um getur í 1. og 2. mgr., til annarra aðildarríkja í öðrum tilgangi en vegna öryggisrannsóknna og að auki, að því er varðar 2. mgr., í öðrum tilgangi en þeim sem miðar að því að auka flugöryggi, að því marki sem landslög ríkisins, sem sendir skrárnar, leyfa það. Yfirvöldum í móttökuaðildarríkinu er eingöngu heimilt að meðhöndla og birta skrár, sem þau fá afhentar með slíkri sendingu, eftir fyrirframsamráð við sendingaraðildarríkið, sbr. þó landslög móttökuaðildarríkisins.

4. Aðeins er heimilt að birta upplýsingar, sem eru algjörlega nauðsynlegar í þeim tilgangi sem um getur í 3. mgr.

#### 15. gr.

#### Miðlun upplýsinga

1. Starfsfólk yfirvalds öryggisrannsóknar sem er í forsvari eða aðrir aðilar, sem eru kallaðir til að taka þátt í öryggisrannsókninni eða leggja sitt af mörkum til hennar, skulu bundnir af gildandi reglum um þagnarskyldu, þ.m.t. að því er varðar nafnleynd þeirra sem tengjast slysi eða flugatviki, samkvæmt gildandi löggjöf.

2. Með fyrirvara um skuldbindingarnar, sem settar eru fram í 16. og 17. gr., skal yfirvald öryggisrannsóknar, sem er í forsvari, senda upplýsingarnar, sem það telur skipta máli vegna forvarna gegn slysum eða alvarlegum flugatvikum, til þeirra aðila sem bera ábyrgð á framleiðslu eða viðhaldi loftfarsins eða loftfarsbúnaðarins og til einstaklinga og lögaðila sem bera ábyrgð á starfrækslu loftfarsins eða þjálfun starfsfólks.

3. Með fyrirvara um skuldbindingarnar, sem settar eru fram í 16. og 17. gr., skal yfirvald öryggisrannsóknar sem er í forsvari og viðurkenndur fulltrúi eða viðurkenndir fulltrúar, sem um getur í 8. gr., veita Flugöryggisstofnun Evrópu og viðkomandi landsbundnum flugmálayfirvöldum á sviði almenningssflugs upplýsingar um staðreynir, sem aflað er við öryggisrannsóknina, að undanskildum upplýsingunum, sem um getur í 1. mgr. 14. gr., eða upplýsingum sem valda hagsmunaárekstrum. Upplýsingarnar, sem Flugöryggisstofnun Evrópu og landsbundin flugmálayfirvöld á sviði almenningssflugs, fá afhentar, skulu verndaðar í samræmi við 14. gr. og gildandi lagagerninga Sambandsins og landslöggjöf.

4. Yfirvaldi öryggisrannsóknar sem er í forsvari skal heimilt að upplýsa fórnarlömb og skyldmenni þeirra eða samtök þeirra eða birta allar upplýsingar um athugasemdir byggðar á staðreyndum, framvindu öryggisrannsóknarinnar, hugsanlegar bráðabirgðaskýrslur eða -niðurstöður og/eða öryggistilmæli, að því tilskildu að það tefli ekki markmiðum öryggisrannsóknarinnar í tvísýnu og samrýmist að fullu gildandi löggjöf um vernd persónuupplýsinga.

5. Áður en upplýsingarnar, sem um getur í 4. mgr., eru birtar skal yfirvald öryggisrannsóknar sem er í forsvari áframsenda fórnarlömbunum og skyldmönnum þeirra eða samtökum þeirra þessar upplýsingar með þeim hætti að það tefli ekki markmiðum öryggisrannsóknarinnar í tvísýnu.

#### 16. gr.

##### Rannsóknarskýrsla

1. Við lok hvernar öryggisrannsóknar skal leggja fram skýrslu á því formi sem er viðeigandi miðað við tegund og alvarleika slyssins eða alvarlega flugatviksins. Í skýrslunni skal tekið fram að eina markmið öryggisrannsóknar sé að koma í veg fyrir frekari slys og flugatvik án þess að skipta sök eða ábyrgð. Í skýrslunni skulu vera öryggistilmæli, eftir því sem við á.

2. Í skýrslunni skal vernda nafnleynd allra einstaklinga sem tengjast slysinu eða alvarlega flugatvikinu.

3. Ef ástæða þykir til að leggja fram skýrslur áður en öryggisrannsóknnum er lokið getur yfirvald öryggisrannsóknar, áður en skýrslurnar eru birtar, óskað eftir athugasemdum frá hlutaðeigandi yfirvöldum, þ.m.t. Flugöryggisstofnun Evrópu, og, fyrir tilstuðlan þeirrar stofnunar, frá handhafa vottorðsins fyrir tegundahönnun, framleiðandanum og hlutaðeigandi flugrekanda. Þessir aðilar skulu bundnir af gildandi reglum um þagnarskyldu að því er varðar efni samráðsins.

4. Áðurenlokaskýrslan er birt skali yfirvald öryggisrannsóknar óska eftir athugasemdum frá hlutaðeigandi yfirvöldum, þ.m.t. Flugöryggisstofnun Evrópu, og, fyrir tilstuðlan þeirrar stofnunar, frá handhafa vottorðsins fyrir tegundarhönnun, framleiðandanum og hlutaðeigandi flugrekanda og skulu þessir aðilar bundnir af gildandi reglum um þagnarskyldu að því er varðar efni samráðsins. Þegar slíkra athugasemda er óskað skal yfirvald öryggisrannsóknar fylgja alþjóðlegum stöðlum og ráðlögðum starfsvenjum.

5. Upplýsingarnar, sem falla undir 14. gr., skulu aðeins koma fram í skýrslunni þegar það skiptir máli fyrir greiningu á slysinu eða alvarlega flugatvikinu. Ekki skal birta upplýsingar, eða hluta upplýsinga, sem skipta ekki máli fyrir greininguna.

6. Yfirvald öryggisrannsóknar skal birta lokaskýrsluna opinberlega, eins fljótt og auðið er og, ef mögulegt er, innan 12 mánaða frá slysinu eða alvarlega flugatvikinu.

7. Ef ekki er unnt að birta lokaskýrsluna opinberlega innan 12 mánaða skal yfirvald öryggisrannsóknar birta bráðabirgðayfirlýsingu, a.m.k. á hverri ártíð slyssins eða alvarlega flugatviksins, þar sem gefnar eru upplýsingar um framvindu rannsóknarinnar og hvers konar öryggismál sem hafa komið upp.

8. Yfirvald öryggisrannsóknar skal, eins fljótt og auðið er, áframsenda afrit af lokaskýrslunni og öryggistilmælunum til:

a) yfirvalda öryggisrannsóknar og flugmálayfirvalda á sviði almenningsflugs í hlutaðeigandi ríkjum og Alþjóðaflugmálastofnunarinnar samkvæmt alþjóðlegum stöðlum og ráðlögðum starfsvenjum,

b) viðtakenda öryggistilmællanna sem koma fram í skýrslunni,

c) framkvæmdastjórnarinnar og Flugöryggisstofnunar Evrópu, nema þegar skýrslan er aðgengileg öllum á rafrænu formi en í slíku tilviki skal yfirvald öryggisrannsóknar aðeins tilkynna þeim þar að lútandi.

#### 17. gr.

##### Öryggistilmæli

1. Að höfðu viðeigandi samráði við viðeigandi aðila skal yfirvald öryggisrannsóknar, á einhverju stigi öryggisrannsóknarinnar, senda hlutaðeigandi yfirvöldum, þ.m.t. í hinum aðildarríkjunum eða þriðju löndum, í dagsettu bréfi, tilmæli um hvers konar forvarnarstarf sem það telur nauðsynlegt að gripið verði til þegar í stað, til þess að auka flugöryggi.

2. Yfirvald öryggisrannsóknar getur einnig gefið út öryggistilmæli á grundvelli kannana eða greininga á rannsóknnum eða öðrum aðgerðum sem framkvæmdar hafa verið í samræmi við 4. mgr. 4. gr.

3. Öryggistilmæli skulu í engum tilvikum skapa forsendu fyrir skiptingu sakar eða ábyrgðar í tengslum við slys, alvarlegt flugatvik eða flugatvik.

*18. gr.***Eftirfylgni og gagnagrunnur fyrir öryggistilmæli**

1. Viðtakandi öryggistilmæla skal staðfesta móttöku bréfsins sem var sent og skal, innan 90 daga frá móttöku þess, upplýsa yfirvald öryggisrannsóknar, sem gaf tilmælin út, um þær aðgerðir sem gripið hefur verið til eða sem eru til athugunar og, eftir því sem við á, um þann tíma sem nauðsynlegur er til að ljúka við aðgerðirnar og, ef ekki er gripið til neinna aðgerða, um ástæðurnar sem liggja þar að baki.

2. Innan 60 daga frá móttöku svarsins skal yfirvald öryggisrannsóknar tilkynna viðtakanda um það hvort svarið teljist fullnægjandi og færa rök fyrir því ef það er ekki sammála ákvörðuninni um að gripa ekki til aðgerða.

3. Hvert yfirvald öryggisrannsóknar skal framkvæma verklagsreglur til að skrá svör við öryggistilmælum sem það gefur út.

4. Hver aðili, sem móttækur öryggistilmæli, þ.m.t. þau yfirvöld, sem bera ábyrgð á öryggi í almenningsflugi á vettvangi aðildarríkjanna og Sambandsins, skulu framkvæma verklagsreglur til að hafa eftirlit með þeim aðgerðum, sem gripið er til sem svar við öryggistilmælum sem borist hafa.

5. Yfirvöld öryggisrannsóknar skulu skrá öll öryggistilmæli, sem gefin eru út í samræmi við 1. og 2. mgr. 17. gr., sem og svör við þeim, í miðlægt gagnasafn, sem komið er á fót í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1321/2007 frá 12. nóvember 2007 um reglur um framkvæmd skráningar upplýsinga um atvik í almenningsflugi, sem skipst er á í samræmi við reglugerð 2003/42/EB, í miðlægt gagnasafn<sup>(7)</sup>. Með sambærilegum hætti skulu yfirvöld öryggisrannsóknar skrá öll öryggistilmæli, sem berast frá þriðju löndum, í miðlægt gagnasafn.

*19. gr.***Tilkynning atvika**

1. Flugöryggisstofnun Evrópu og lögbær yfirvöld aðildarríkja skulu reglulega hafa samstarf um að skiptast á og greina upplýsingar sem falla undir tilskipun 2003/42/EB. Þetta á við um netaðgang tilnefndra aðila að upplýsingum í miðlæga gagnasafninu, sem komið var á fót samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1321/2007, þ.m.t. að upplýsingum þar sem loftfarið, sem tilkynning þessa atviks varðar, er tilgreint með beinum hætti, s.s. rað- og skráningarnúmer þess, ef hægt er. Slíkur aðgangur skal ekki ná til upplýsinga, þar sem flugrekandinn, sem tilkynning þessa atviks varðar, er tilgreindur.

2. Flugöryggisstofnun Evrópu og yfirvöld aðildarríkjanna, sem um getur í 1. mgr., skulu tryggja leynd slíkra upplýsinga, í samræmi við gildandi löggjöf, og takmarka notkun þeirra við það sem er algjörlega nauðsynlegt til að þau geti sinnt öryggisskuldbindingum sínum. Í þessu samhengi skulu upplýsingarnar eingöngu notaðar við greiningu á þróun öryggismála, sem getur skapað grunn fyrir nafnlaus öryggistilmæli eða lofhæfifyrirmæli án þess að skipta sök eða ábyrgð.

*20. gr.***Upplýsingar um einstaklinga og hættulegan farm um borð**

1. Flugrekendur í Sambandinu, sem starfrækja flug til eða frá flughöfn og flugrekendur í þriðju löndum, sem fljúga frá flughöfn, sem er staðsett á yfirráðasvæði aðildarríkja sem sáttmálinn gildir um, skulu framkvæma verklagsreglur, sem gera kleift:

- eins fljótt og auðið er og eigi síðar en innan tveggja klukkustunda frá því að tilkynnt hefur verið um að loftfar hafi átt hlut að máli í slysi, að gera fullgilda skrá yfir alla einstaklinga um borð, á grundvelli bestu upplýsinga sem liggja fyrir, og
- um leið og tilkynnt hefur verið um að loftfar hafi átt hlut að máli í slysi, að gera skrá yfir hættulegan farm um borð.

2. Skrárnar, sem um getur í 1. mgr., skulu gerðar aðgengilegar fyrir yfirvald öryggisrannsóknar, rannsóknaryfirvald sem er í forsvari og hvert aðildarríki tilnefni til að hafa samskipti við skyldmenni einstaklinga um borð og, ef nauðsyn krefur, við lækningaeiningar, sem gætu þurft upplýsingar vegna meðhöndlunar fórnarlamba.

3. Til þess að gera skyldmönnum farþega kleift að fá upplýsingar sem fyrst um veru skyldmenna þeirra um borð í loftfari sem tengist slysi, skulu flugrekendur bjóða ferðamönnum upp á þann möguleika að gefa nafn og samskiptaupplýsingar einstaklings sem hafa skal samband við ef slys ber að höndum. Flugrekendum er einungis heimilt að nota þessar upplýsingar ef slys ber að höndum og skulu þeir hvorki gefa þriðju aðilum þessar upplýsingar né nota þær í viðskiptalegum tilgangi.

4. Nafn einstaklings, sem er um borð, skal ekki birt opinberlega fyrr en viðeigandi yfirvöld hafa upplýst skyldmenni einstaklingsins um það. Skráin, sem um getur í a-lið 1. mgr., skal vera trúnaðarmál, í samræmi við lagagerninga Sambandsins og landslög, og nafn hvers einstaklings, sem kemur fram í skránni, skal aðeins birt opinberlega svo fremi að skyldmenni viðkomandi einstaklings um borð hreyfi ekki andmælum.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 294, 13.11.2007, bls. 3.

## 21. gr.

**Aðstoð við fórnarlömb flugslysa og skyldmenni þeirra**

1. Til þess að tryggja viðtækari og samræmdari viðbrögð við slysum á vettvangi Evrópusambandsins skal hvert aðildarríki koma á fót neyðaráætlun á landsvísu vegna slysa í almenningsflugi. Slík neyðaráætlun skal einnig ná yfir aðstoð við fórnarlömb flugslysa í almenningsflugi og skyldmenni þeirra.

2. Aðildarríki skulu tryggja að allir flugrekendur, sem hafa staðfestu á yfirráðasvæði þeirra, hafi áætlun til að aðstoða fórnarlömb flugslysa í almenningsflugi og skyldmenni þeirra. Í þessum áætlunum verður sérstaklega að taka tillit til sálræns stuðnings við fórnarlömb flugslysa í almenningsflugi og skyldmenni þeirra og flugrekendum skal gert kleift að bregðast við stórslysum. Aðildarríki skulu gera úttekt á aðstoðaráætlunum flugrekenda sem hafa staðfestu á yfirráðasvæði þeirra. Aðildarríki skulu einnig hvetja flugrekendur í þriðju löndum, sem starfrækja flug innan Sambandsins, til að samþykkja á sama hátt áætlun til að aðstoða fórnarlömb flugslysa í almenningsflugi og skyldmenni þeirra.

3. Þegar slys ber að höndum skal aðildarríkið, sem er í forsvari fyrir rannsókninni, aðildarríkið þar sem flugrekandi loftfarsins sem tengist slysinu hefur staðfestu eða aðildarríkið, þaðan sem margir ríkisborgarar um borð í loftfarinu, sem tengist slysinu, voru, tilnefna tilvísunaraðila sem ber ábyrgð á samskiptum og upplýsingagjöf til fórnarlamba og skyldmenna þeirra.

4. Aðildarríki eða þriðja land sem, sökum dauðsfalla eða alvarlegra meiðsla á ríkisborgurum sínum, hefur sérstakra hagsmuna að gæta í slysi sem hefur átt sér stað á yfirráðasvæði aðildarríkja sem sáttmálinn gildir um, hefur rétt á að tilnefna sérfræðing sem hefur heimild til:

- a) að heimsækja slysstað,
- b) að fá aðgang að viðeigandi upplýsingum um staðreyndir, sem yfirvald öryggisrannsókna sem er í forsvari samþykkir að birta opinberlega, og að upplýsingum um framvindu rannsókna þeirra,
- c) að fá afrit af lokaskýrslunni.

5. Með fyrirvara um viðeigandi gildandi löggjöf er sérfræðingi, sem er tilnefndur í samræmi við 4. mgr., heimilt að aðstoða við að bera kennsl á fórnarlömb og sækja fundi með eftirlifendum hins ríkis.

6. Í samræmi við ákvæði 1. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 785/2004 frá 21. apríl 2004 um kröfur um váttryggingar fyrir flugrekendur og umráðendur loftfara<sup>(8)</sup>, skulu flugrekendur í þriðju löndum einnig uppfylla tryggingarkvaðirnar sem settar eru fram í þeirri reglugerð.

<sup>(8)</sup> Stjtið. ESB L 138, 30.4.2004, bls. 1.

## 22. gr.

**Aðgangur að gögnum og vernd persónuupplýsinga**

1. Þessi reglugerð gildir með fyrirvara um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar<sup>(9)</sup>.

2. Þessi reglugerð gildir í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga<sup>(10)</sup> og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga<sup>(11)</sup>.

## 23. gr.

**Viðurlög**

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

## 24. gr.

**Breytingar á reglugerðinni**

Endurskoða skal reglugerð þessa eigi síðar en 3. desember 2012. Ef framkvæmdastjórnin telur að breyta skuli þessari reglugerð skal hún óska eftir að gefið verði út bráðabirgðaálit á vegum netsins, sem skal einnig senda til Evrópuþingsins, ráðsins, aðildarríkja og Flugöryggisstofnunar Evrópu.

## 25. gr.

**Niðurfelling**

Tilskipun 94/56/EB er hér með felld úr gildi.

## 26. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

<sup>(9)</sup> Stjtið. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43.

<sup>(10)</sup> Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

<sup>(11)</sup> Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 20. október 2010.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

*forseti.*

J. BUZEK

*Fyrir hönd ráðsins,*

*forseti.*

O. CHASTEL

---

## VIÐAUKI

**Skrá yfir dæmi um alvarleg flugatvik**

Flugatvikin sem talin eru upp hér eru dæmigerð fyrir flugatvik sem eru líkleg til að vera alvarleg flugatvik. Skráin er ekki tæmandi og er einungis til viðmiðunar við skilgreiningu á „alvarlegu flugatviki“:

- Við árekstri liggur, sem krefst flugbragðs til að forðast árekstur eða rétt hefði verið að sveigja af leið til forðast árekstur eða ótryggar aðstæður.
- Naumlega er afstýrt að fljúga í jörð undir fullri stjórn.
- Hætt er við flugtak á flugbraut sem er lokuð eða upptekin, á akbraut loftfara, að undanskildu þegar heimiluð er starfræksla þyrlna, eða á flugbraut sem hefur ekki verið úthlutað.
- Flugtak frá flugbraut sem er lokuð eða upptekin, frá akbraut loftfara, að undanskildu þegar heimiluð er starfræksla þyrlna, eða á flugbraut sem hefur ekki verið úthlutað.
- Lent er eða gerð tilraun til landingar á flugbraut sem er lokuð eða upptekin, á akbraut loftfara, að undanskildu þegar heimiluð er starfræksla þyrlna, eða á flugbraut sem hefur ekki verið úthlutað.
- Alvarlegt frávik frá tilætlaðri afkastagetu í flugtaki eða frumklifri.
- Eldur og reykmyndun í farþegarými, farmrymi eða hreyflum, jafnvel þótt slíkur eldur hann sé slökktur með slökkviefnum.
- Öll tilvik sem verða til þess að flugáhöfn þarf að grípa til sýrefnis í neyð.
- Bilun eða brot verður á burðarvirki loftfars eða hreyfill sundrast, þ.m.t. bilun í hverfihreyfli, sem flokkast ekki undir slys.
- Margþætt bilun í einu eða fleiri kerfum loftfarsins sem hefur alvarleg áhrif á starfrækslu þess.
- Öll tilvik þegar flugáhöfn verður óstarfhæf meðan á flugi stendur.
- Eldsneytismagn sem veldur því að flugmaðurinn verður að lýsa yfir neyðarástandi.
- Brautarátroðningur sem flokkast undir alvarleika A, samkvæmt Handbók um forvarnir gegn brautarátroðningi (skjal Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 9870) sem inniheldur upplýsingar um alvarleikaflokkun.
- Flugatvik í flugtaki eða landingu. Flugatvik eins og þegar loftfar skammlendir, rennur út af brautarenda eða rennur út af hlið flugbrautar.
- Kerfisbilanir, óvenjuleg veðurskilyrði, flug utan viðurkennds flugamma eða önnur atvik sem gætu hafa valdið erfíðleikum við stjórn loftfarsins.
- Bilun í fleiri en einu kerfi varakerfa sem skylda er að nota við stjórn loftfara og flugleiðsögu.

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/36/34

frá 5. desember 2012

**um aðgangsrétt að miðlægu evrópsku gagnasafni um öryggistilmæli og svör við þeim sem komið var á fót með 5. mgr. 18. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 um rannsóknir og forvarnir gegn slysum og flugatvikum í almenningssflugi og um niðurfellingu á tilskipun 94/56/EB**

(2012/780/ESB) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

rannsóknna. Í öllum þessum tilvikum felur opinber birting öryggistilmæla í sér mikinn hvata fyrir móttakendur þeirra til að svara þeim og til að bæta öryggi flugkerfisins.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

- 6) Ekki er skilgreint í reglugerð (ESB) nr. 996/2010 hver sé staða svörunar varðandi öryggistilmæli.

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 frá 20. október 2010 um rannsóknir og forvarnir gegn slysum og flugatvikum í almenningssflugi og um niðurfellingu á tilskipun 94/56/EB<sup>(1)</sup>, einkum 5. mgr. 18. gr. þeirrar reglugerðar,

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

**Efni**

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 5. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 996/2010 hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins þróað evrópskt gagnasafn um öryggistilmæli sem tekið var í notkun í febrúar 2012.
- 2) Samkvæmt 5. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 996/2010 nær gagnasafnið, sem tilgreint er í 1. mgr., yfir öll öryggistilmæli, sem yfirvöld öryggisrannsókna gefa út í samræmi við 1. og 2. mgr. 17. gr., sem og yfir svör við þeim. Það nær einnig yfir öryggistilmæli sem yfirvöld öryggisrannsókna taka við frá þriðju löndum.
- 3) Samkvæmt g-lið 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 996/2010 hafa yfirvöld öryggisrannsókna fullan aðgang að gagnasafninu sem tilgreint er í 1. mgr.
- 4) Samkvæmt a-lið 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 996/2010 óskaði framkvæmdastjórnin eftir álitum frá evrópska netinu fyrir yfirvöld öryggisrannsókna í almenningssflugi.
- 5) Öryggistilmæli eru skilyrðislaust opinber þar sem þau fela oft í sér skýrslur um öryggisrannsóknir sem eru opinberar samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 996/2010. Til viðbótar má einnig birta öryggistilmæli í formi bréfa, bráðabirgðayfirlýsinga eða -skýrslna eða öryggis-

Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um ráðstafanir er varða aðgangsrétt að evrópsku gagnasafni um öryggistilmæli sem komið var á fót í samræmi við 5. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 996/2010 um rannsóknir og forvarnir gegn slysum og flugatvikum í almenningssflugi, sem fela í sér öryggistilmæli sem yfirvöld öryggisrannsókna gefa út eða taka við sem og svör við útgefnum öryggistilmælum þeirra.

2. gr.

**Staða öryggistilmæla**

Öll öryggistilmæli í gagnasafninu, sem tilgreint er í 1. gr., skulu gerð aðgengileg almenningi á opinberu vefsetri.

3. gr.

**Staða svörunar varðandi öryggistilmæli**

1. Aðgengi að svörum við öryggistilmælum skal takmarkast við viðtakendur öryggistilmæla.

2. Allir viðtakendur öryggistilmæla geta farið fram á aðgang að svörum í gagnasafninu, sem tilgreint er í 1. gr., einkum flugmálafyrirvöld á sviði almenningssflugs í aðildarríkjunum og Flugöryggisstofnun Evrópu. Yfirvöld öryggisrannsókna utan Evrópusambandsins geta einnig farið fram á aðgang að svörum í gagnasafninu sem tilgreint er í 1. gr.

3. Viðtakendur öryggistilmæla skulu senda framkvæmdastjórn Evrópusambandsins beiðni sína.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 342, 14.12.2012, bls. 46. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 295, 12.11.2010, bls. 35.



4. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins skal leggja mat á beiðnina og taka, í hverju tilviki fyrir sig, ákvörðun um það hvort beiðnin sé réttlæt看anleg og framkvæmanleg.

4. gr.

#### Notkun upplýsinga úr gagnasafni

Hvorki skal öryggistilmæli né svör við þeim til að skipta sök eða ábyrgð.

5. gr.

#### Staða atvika í almenningsflugi sem tengjast öryggistilmælum

Aðgangur að atvikum í almenningsflugi í tengslum við öryggistilmæli, sem tilgreindur er í 1. gr., er skilgreindur í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1321/2007 frá 12. nóvember 2007 um reglur um framkvæmd skráningar upplýsinga um atvik í almenningsflugi, sem skipst er á í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB, í miðlægt gagnasafn<sup>(2)</sup> og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1330/2007 frá 24. september 2007 um reglur um framkvæmd miðlunar upplýsinga til hagsmunaaðila um atvik í almenningsflugi sem um getur í 2. mgr. 7. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB<sup>(3)</sup>.

6. gr.

#### Aðgangur að gögnum og vernd persónuupplýsinga

Þessi ákvörðun gildir með fyrirvara um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um

almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar<sup>(4)</sup>.

Þessi ákvörðun gildir í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga<sup>(5)</sup> og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga<sup>(6)</sup>.

7. gr.

#### Gildistaka

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 5. desember 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 294, 13.11.2007, bls. 3.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 295, 14.11.2007, bls. 7.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 145, 31.5.2001, bls. 43.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)  
nr. 1103/2013****2014/EES/36/35****frá 6. nóvember 2013****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 að því er varðar viðurkenningu á jafngildi  
krafna um flugvernd í þriðju löndum (\*)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusam-  
bandsins,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB)  
nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um  
flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu reglugerðar  
(EB) nr. 2320/2002 <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar  
(EB) nr. 272/2009 frá 2. apríl 2009 um viðbætur við  
sameiginlegar grunnkröfur um flugvernd í almennings-  
flugi sem mælt er fyrir um í viðauka við reglugerð  
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 <sup>(2)</sup>, viður-  
kennir framkvæmdastjórnin jafngildi krafna um flugvernd  
í þriðju löndum, að því tilskildu að viðmiðanirnar, sem  
settar eru fram í þeirri reglugerð, séu uppfylltar.
- 2) Framkvæmdastjórnin hefur sannreynt að Vagar-flug-  
völlurinn í Færeyjum og Kangerlussuaq-flugvöllurinn á

Grænlandi uppfylli viðmiðanirnar sem settar eru fram í  
E-hluta viðaukans við reglugerð (EB) nr. 272/2009.

- 3) Í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010 <sup>(3)</sup>  
eru tilgreind þau þriðju lönd sem teljast beita  
flugverndarkröfum sem eru jafngildar sameiginlegu  
grunnkröfunum sem eru ákvarðaðar með reglugerð (EB)  
nr. 272/2009.
- 4) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 185/2010 til  
samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð,  
eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í  
almenningsflugi.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## 1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010 er breytt í  
samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í  
*Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. nóvember 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,**forseti.*

José Manuel BARROSO

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 296, 7.11.2013, bls. 6. Hennar var getið  
í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2014 frá 16. maí 2014 um  
breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, bíður  
birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 91, 3.4.2009, bls. 7.

<sup>(3)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 185/2010 um ítarlegar  
ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd  
(Stjtið. ESB L 55, 5.3.2010, bls. 1).

*VIÐAUKI*

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi færslur bætist við í fylgiskjal 3-B í 3. kafla:

**„Vagar-flugvöllur í Færeyjum  
Kangerlussuaq-flugvöllur á Grænlandi“**

- 2) Eftirfarandi færslur bætist við í fylgiskjal 4-B í 4. kafla:

**„Vagar-flugvöllur í Færeyjum  
Kangerlussuaq-flugvöllur á Grænlandi“**

- 3) Eftirfarandi færslur bætist við í fylgiskjal 5-A í 5. kafla:

**„Vagar-flugvöllur í Færeyjum  
Kangerlussuaq-flugvöllur á Grænlandi“**

---

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)  
nr. 1116/2013****2014/EES/36/36****frá 6. nóvember 2013****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 að því er varðar nánari útlistun,  
samræmingu og einföldun á tilteknum sértækum flugverndarráðstöfunum (\*)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningssflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reynslan af framkvæmd reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 185/2010 frá 4. mars 2012 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd <sup>(2)</sup>, hefur sýnt að gera þarf smávægilegar breytingar á fyrirkomulagi á framkvæmd tiltekinna sameiginlegra grunnkrafna.
- 2) Í því skyni að auka skýrleika laga, staðla sameiginlega túlkun á löggjöfnni og til að tryggja enn frekar bestu framkvæmd sameiginlegra grunnkrafna um flugvernd ætti að útlista, samræma eða einfalda tilteknar sértækar flugverndarráðstafanir.

- 3) Breytingarnar varða framkvæmd takmarkaðs fjölda ráðstafana í tengslum við aðgangseftirlit, vernd loftfara, skimun handfarangurs og lestarfarangurs, umsjón með starfsmönnum flugverndar að því er varðar farm, póst, birgðir til notkunar um borð og flugvallarbirgðir, þjálfun einstaklinga og verndarbúnað.
- 4) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 185/2010 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningssflugi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. nóvember 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,**forseti.*

José Manuel BARROSO

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 299, 9.11.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, bíður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 97, 9.4.2008, bls. 72.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 55, 5.3.2010, bls. 1.

## VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 1. kafla er breytt sem hér segir:
  - a) Eftirfarandi liður 1.0.4 bætist við:

„1.0.4. „Hlutir sem aðrir einstaklingar en farþegar hafa meðferðis“ eru eigur sem ætlaðar eru til nota fyrir einstaklinginn sem hefur þær meðferðis.“
  - b) Eftirfarandi málslíður bætist aftan við lið 1.2.1.1:

„Skoðunarferðir á flugvelli í fylgd leiðsögumanna með aðgangsheimild telst vera lögmæt ástæða.“
  - c) Eftirfarandi málslíður bætist aftan við lið 1.2.2.1:

„Skoðunarferðir á flugvelli í fylgd leiðsögumanna með aðgangsheimild telst vera lögmæt ástæða.“
  - d) Eftirfarandi setning bætist aftan við lið 1.2.7.2:

„Heimilt er að undanþiggja einstakling kröfunum um fylgdarmann ef hann framvísar heimild og er handhafi gilds aðgangskorts að flugvelli.“
  - e) Eftirfarandi liður 1.2.7.5 bætist við:

„1.2.7.5 Þegar farþegi ferðast ekki fyrir tilstilli samnings um loftflutninga, þar sem gert er ráð fyrir að brottfararspjald eða sambærilegt skjal sé lagt fram, er heimilt að undanþiggja flugverja, sem fylgir þessum farþega, kröfunum í a-lið liðar 1.2.7.3.“
  - f) Í stað liðar 1.3.1.5 komi eftirfarandi:

„1.3.1.5 Liðirnir 4.1.2.4–4.1.2.7 og liður 4.1.2.11 gilda um skimun hluta sem einstaklingar aðrir en farþegar hafa meðferðis.“
2. Ákvæðum 3. kafla er breytt sem hér segir:
  - a) Í stað liðar 3.1.1.3 komi eftirfarandi:

„3.1.1.3 Framkvæma skal flugverndarleit í loftfari, sem kemur inn á viðkvæmasta hluta haftasvæðis, frá þriðja landi og sem er ekki skráð í fylgiskjali 3-B, hvenær sem farþegar hafa farið frá borði og af svæðinu þar sem leitin á að fara fram og/eða þegar lestin hefur verið losuð.“
  - b) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lið 3.1.3:
    - i. annar og fjórði undirliður falli brott,
    - ii. í stað þriðja undirliðar komi eftirfarandi:

„— upprunaflugvöllur síðasta flugs.“
  - c) Í stað b-liðar liðar 3.2.1.1 komi eftirfarandi:

„b) að loka ytri dyrum loftfarsins. Þegar loftfarið er á viðkvæmasta hluta haftasvæðis teljast ytri dyr, sem ekki eru aðgengilegar einstaklingi frá jörðu, lokaðar ef landgöngubúnaður hefur verið fjarlægður og honum komið fyrir nægilega langt frá loftfarinu til að hindra, með nokkuð öruggum hætti, aðgang einstaklings eða“.
  - d) Í stað annars málslíðar liðar 3.2.2.1 komi eftirfarandi:

„Ákvæði a-liðar eiga ekki við um dyr sem eru aðgengilegar einstaklingi frá jörðu.“
  - e) Í stað liðar 3.2.2.2 komi eftirfarandi:

„3.2.2.2 Þegar landgöngubúnaður er fjarlægður frá dyrum, sem eru ekki aðgengilegar einstaklingi frá jörðu, skal honum komið fyrir nægilega langt frá loftfarinu til að hindra, með nokkuð öruggum hætti, aðgang að því.“

3. Í stað fylgiskjals 3-B komi eftirfarandi:

**„FYLGISKJAL 3-B**

**FLUGVERND LOFTFARA**

*ÞRIÐJU LÖND SEM OG LÖND OG YFIRRÁÐASVÆÐI HANDAN HAFSINS, SEM HAFA SÉRSTÖK TENGLI VIÐ SAMBANDIÐ, SAMKVÆMT SÁTTMÁLANUM UM STARFSHÆTTI EVRÓPUSAMBANDSINS OG ÞAR SEM BÁLKURINN UM FLUTNINGA Í ÞEIM SÁTTMÁLA GILDIR EKKI, SEM BEITA VERNDARKRÖFUM SEM VIÐURKENNT ER AÐ JAFNGILDI SAMEIGINLEGUM GRUNNKRÖFUM*

Að því er varðar flugvernd loftfara er viðurkennt að eftirfarandi þriðju lönd sem og lönd og yfirráðasvæði handan hafsins, sem hafa sérstök tengsl við Sambandið samkvæmt sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og þar sem bálkurinn um flutninga í þeim sáttmála gildir ekki, beiti verndarkröfum sem viðurkennt er að jafngildi sameiginlegum grunnkröfum:

**Bandaríki Ameríku**

Framkvæmdastjórnin skal tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi yfirvöldum aðildarríkjanna ef hún hefur upplýsingar sem benda til þess að flugverndarkröfur, sem þriðja land beitir og hafa veruleg áhrif á almenna flugvernd í Sambandinu, séu ekki lengur jafngildar sameiginlegum grunnkröfum Sambandsins.

Tilkynna skal hlutaðeigandi yfirvöldum aðildarríkjanna tafarlaust ef framkvæmdastjórnin hefur upplýsingar um aðgerðir, þ.m.t. aðrar ráðstafanir, sem staðfesta að flugverndarkröfur, sem þriðja landið beitir, séu aftur orðnar jafngildar sameiginlegu grunnkröfunum.“

4. Í stað liðar 4.1.2.11 í 4. kafla komi eftirfarandi:

„4.1.2.11 Einstaklingar, sem nota röntgenbúnað eða búnað til greiningar sprengiefnis við skimun handfarangurs, skulu að jafnaði ekki rýna í myndir lengur en 20 mínútur samfelld. Að loknu hverju 20 mínútna tímabili skal vopnleitarmaðurinn ekki rýna í myndir í a.m.k. 10 mínútur. Þessi krafa gildir einungis þegar flæði þeirra mynda sem þarf að rýna í er óslitið.

Umsjónarmaður skal bera ábyrgð á vopnleitarmönnum, sem annast leit í handfangri, til að tryggja bestu samsetningu hópsins, gæði starfsins, þjálfun, stuðning og mat.“

5. Í stað fylgiskjals 4-B komi eftirfarandi:

**„FYLGISKJAL 4-B**

**FARÞEGAR OG HANDFARANGUR**

*ÞRIÐJU LÖND SEM OG LÖND OG YFIRRÁÐASVÆÐI HANDAN HAFSINS, SEM HAFA SÉRSTÖK TENGLI VIÐ SAMBANDIÐ, SAMKVÆMT SÁTTMÁLANUM UM STARFSHÆTTI EVRÓPUSAMBANDSINS OG ÞAR SEM BÁLKURINN UM FLUTNINGA Í ÞEIM SÁTTMÁLA GILDIR EKKI, SEM BEITA VERNDARKRÖFUM SEM VIÐURKENNT ER AÐ JAFNGILDI SAMEIGINLEGUM GRUNNKRÖFUM*

Að því er varðar farþega og handfarangur er viðurkennt að eftirfarandi þriðju lönd sem og lönd og yfirráðasvæði handan hafsins, sem hafa sérstök tengsl við Sambandið, samkvæmt sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og þar sem bálkurinn um flutninga í þeim sáttmála gildir ekki, beiti verndarkröfum sem viðurkennt er að jafngildi sameiginlegum grunnkröfum.

**Bandaríki Ameríku**

Framkvæmdastjórnin skal tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi yfirvöldum aðildarríkjanna ef hún hefur upplýsingar, sem benda til þess að flugverndarkröfur, sem þriðja land beitir og hafa veruleg áhrif á almenna flugvernd í Sambandinu, séu ekki lengur jafngildar sameiginlegum grunnkröfum Sambandsins.

Tilkynna skal hlutaðeigandi yfirvöldum aðildarríkjanna tafarlaust ef framkvæmdastjórnin hefur upplýsingar um aðgerðir, þ.m.t. aðrar ráðstafanir, sem staðfesta að flugverndarkröfur, sem þriðja landið beitir, séu aftur orðnar jafngildar sameiginlegu grunnkröfunum.“

6. Í 5. kafla bætist eftirfarandi liður 5.1.7 við:

„5.1.7 Einstaklingar, sem nota röntgenbúnað eða búnað til greiningar sprengiefnis við skimun lestarfarangurs, skulu að jafnaði ekki rýna í myndir lengur en 20 mínútur samfelld. Að loknu hverju 20 mínútna tímabili skal vopnleitarmaðurinn ekki rýna í myndir í a.m.k. 10 mínútur. Þessi krafa gildir einungis þegar flæði þeirra mynda sem þarf að rýna í er óslitið.

Umsjónarmaður skal bera ábyrgð á vopnleitarmönnum, sem annast leit í lestarfangri, til að tryggja bestu samsetningu hópsins, gæði starfsins, þjálfun, stuðning og mat.“

7. Í stað fylgiskjals 5-A komi eftirfarandi:

**„FYLGISKJAL 5-A**

**LESTARFARANGUR**

*ÞRIÐJU LÖND SEM OG LÖND OG YFIRRÁÐASVÆÐI HANDAN HAFSINS, SEM HAFA SÉRSTÖK TENGLI VIÐ SAMBANDIÐ, SAMKVÆMT SÁTTMÁLANUM UM STARFSHÆTTI EVRÓPUSAMBANDSINS OG ÞAR SEM BÁLKURINN UM FLUTNINGA Í ÞEIM SÁTTMÁLA GILDIR EKKI, SEM BEITA VERNDARKRÖFUM SEM VIÐURKENNT ER AÐ JAFNGILDI SAMEIGINLEGUM GRUNNKRÖFUM*

Að því er varðar lestarfarangur er viðurkennt að þriðju lönd sem og lönd og yfirráðasvæði handan hafsins, sem hafa sérstök tengsl við Sambandið, samkvæmt sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og þar sem bálkurinn um flutninga í þeim sáttmála gildir ekki, beiti verndarkröfum sem viðurkennt er að jafngildi sameiginlegum grunnkröfum.

**Bandaríki Ameríku**

Framkvæmdastjórnin skal tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi yfirvöldum aðildarríkjanna ef hún hefur upplýsingar sem benda til þess að flugverndarkröfur, sem þriðja land beitir og hafa veruleg áhrif á almenna flugvernd í Sambandinu, séu ekki lengur jafngildar sameiginlegum grunnkröfum Sambandsins.

Tilkynna skal hlutaðeigandi yfirvöldum aðildarríkjanna tafarlaust ef framkvæmdastjórnin hefur upplýsingar um aðgerðir, þ.m.t. aðrar ráðstafanir, sem staðfesta að flugverndarkröfur, sem þriðja landið beitir, séu aftur orðnar jafngildar sameiginlegu grunnkröfunum.“

8. Ákvæðum 6. kafla er breytt sem hér segir:

- a) Í c- og d-lið liðar 6.3.1.2, lið 6.3.1.5, c- og e-lið liðar 6.4.1.2, liðar 6.4.1.5. liðum 6.8.1.4, 6.8.1.5, 6.8.4.1, 6.8.5.1.2, 6.8.5.1.3, 6.8.5.2, fylgiskjali 6-A, fylgiskjali 6-H1, lið 11.6.4.1 og 11.6.4.3 komi tilvísun í „gagnagrunn Sambandsins um verndaða aðfangakeðju“ í stað tilvísunar í „gagnagrunn EB yfir viðurkennda umboðsaðila og þekktu sendendur“ eða „gagnagrunn Sambandsins yfir viðurkennda umboðsaðila og þekktu sendendur“.

- b) Eftirfarandi liður 6.2.1.4 bætist við:

„6.2.1.4 Einstaklingar, sem nota röntgenbúnað eða búnað til greiningar sprengiefnis við skimun á farni, skulu að jafnaði ekki rýna í myndir lengur en 20 mínútur samfelld. Að loknu hverju 20 mínútna tímabili skal vopnaleitarmaðurinn ekki rýna í myndir í a.m.k. 10 mínútur. Þessi krafa gildir aðeins þegar flæði þeirra mynda sem þarf að rýna í er óslitið.“

- c) Í stað liðar 6.3.2.4 komi eftirfarandi:

„6.3.2.4 Þegar höfð hefur verið umsjón með starfsmönnum flugverndar, sem um getur í liðum 6.3.2.1–6.3.2.3 þessarar reglugerðar og lið 6.3 í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/774/ESB, skal viðurkenndur umboðsaðili sjá til þess:

- a) að aðgangur að þessum sendingum án fylgdar sé takmarkaður við starfsmenn með aðgangshæmild og
- b) að þessar sendingar séu varðar gegn óheimilum aðgangi þar til þær hafa verið afhentar öðrum viðurkenndum umboðsaðila eða flugrekanda. Farm- og póstsendingar, sem eru á viðkvæmasta hluta haftasvæðis flugverndar, teljast varðar gegn óheimilum aðgangi. Farm- og póstsendingar, sem eru á öðrum svæðum en viðkvæmasta hluta haftasvæðis flugverndar, skulu staðsettar á þeim hlutum athafnarsvæða viðurkennda umboðsaðilans þar sem eftirlit er haft með aðgangi en þegar þær eru staðsettar utan slíkra svæða skal:
- verja þær með áþreifanlegum hætti til að koma í veg fyrir að bannaður hlutur sé fluttur inn á svæðið eða
  - ekki skilja þær eftir eftirlitslausar og aðgangur að þeim takmarkast við starfsfólk sem tekur þátt í að verja og meðhöndla farm.“

- d) Eftirfarandi málslíður bætist aftan við lið 6.3.2.6:

„Viðurkenndur umboðsaðili, sem hefur milligöngu um að koma sendingum til annars viðurkennds umboðsaðila eða flugrekanda, er einnig heimilt að ákveða að senda upplýsingarnar, sem krafist er samkvæmt a- til e-lið og g-lið, og að halda eftir upplýsingunum, sem krafist er samkvæmt f-lið, meðan á flugi stendur eða í 24 klukkustundir, hvort sem er lengra.“

- e) Eftirfarandi liður 6.3.2.9 bætist við:
- „6.3.2.9 Viðurkenndur umboðsaðili skal tryggja að allt starfsfólk, sem hefur umsjón með starfsmönnum flugverndar, sé ráðið og þjálfað í samræmi við kröfurnar í 11. kafla og að allt starfsfólk, sem hefur aðgang að auðgreinanlegum flugfarmi eða flugpósti, þar sem tilskilin umsjón hefur verið höfð með starfsmönnum flugverndar, sé ráðið og þjálfað í flugverndarvitund í samræmi við kröfurnar í 11. kafla.“
- f) Í stað b-liðar í lið 6.4.2.1 komi eftirfarandi:
- „b) að allt starfsfólk, sem hefur umsjón með starfsmönnum flugverndar, sé ráðið og þjálfað í samræmi við kröfurnar í 11. kafla, og að allt starfsfólk, sem hefur aðgang að auðgreinanlegum flugfarmi eða flugpósti, þar sem tilskilin umsjón hefur verið höfð með starfsmönnum flugverndar, hafi verið ráðið og þjálfað í flugverndarvitund í samræmi við kröfurnar í 11. kafla og“.
- g) Í stað fyrirsagnar liðar 6.6.2 komi eftirfarandi:
- „6.6.2 **Vörn farms og pósts á flugvöllum þegar hann er settur um borð í loftfar**“
- h) Í stað liðar 6.6.2.2 komi eftirfarandi:
- „6.6.2.2 Farm- og póstsendingar, sem eru á öðrum svæðum en viðkvæmasta hluta haftasvæðis flugverndar, skulu staðsettar á þeim hlutum athafnasvæðis viðurkennda umboðsaðilans þar sem eftirlit er haft með aðgangi en þegar þær eru staðsettar utan slíkra svæða, teljast þær varðar gegn óheimilum aðgangi ef:
- a) þær eru varðar með áþreifanlegum hætti til að koma í veg fyrir að bannaður hlutur sé fluttur inn á svæðið eða
- b) þær eru ekki skildar eftir eftirlitslausar og aðgangur að þeim takmarkast við starfsfólk sem tekur þátt í að verja farm og póst og setja hann um borð í loftfarið.“
- i. Eftirfarandi setning bætist aftan við lið 6.8.2.2:
- „Hlutaðeigandi yfirvöldum er heimilt að samþykkja ESB-fullgildingarskýrslu flugverndar af hálfu einingar í þriðja landi, með hliðsjón af ACC3-tilnefningu, þegar sú eining annast alla vinnu við farm, þ.m.t. lestun loftfarsins, fyrir hönd ACC3-flugrekanda og þegar í ESB-fullgildingarskýrslu flugverndar er fjallað um alla þessa starfsemi.“
- j) Í stað liðar 6.8.3.2 komi eftirfarandi:
- „6.8.3.2 Þar til 30. júní 2014 skulu skimunarkröfurnar að lágmarki uppfylla kröfur Alþjóðaflugmála-stofnunarinnar. Eftir það skal farmur og póstur, sem fluttur er til Sambandsins, skimaður með því að nota eitt af úrræðunum eða aðferðunum, sem um getur í lið 6.2.1 í ákvörðun 2010/774/ESB, sem eru af fullnægjandi staðli til að tryggja, með nokkurri vissu, að hann innihaldi enga bannaða hluti.“
9. Í stað fylgiskjals 6-B komi eftirfarandi:

#### „FYLGISKJAL 6-B

##### LEIÐBEININGAR FYRIR ÞEKKTA SENDENDUR

Þessar leiðbeiningar munu aðstoða við mat á fyrirliggjandi verndarfyrirkomulagi samanborið við tilskildar viðmiðanir fyrir þekktu sendendur, eins og lýst er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningflugum og framkvæmdargerðum hennar. Þetta ætti að gera þér kleift að tryggja að þú uppfyllir kröfurnar áður en þú skipuleggur opinbera vettvangsheimsókn í tengslum við fullgildingu.

Mikilvægt er að matsmaður geti rætt við rétta fólkið meðan á fullgildingarheimsókninni stendur (t.d. einstaklinginn sem ber ábyrgð á flugvernd og þann sem ber ábyrgð á ráðningu starfsfólks). Notast verður við gátlista ESB til að skrá mat matmannsins. Þegar lokið hefur verið við að semja gátlistann um fullgildingu munu upplýsingarnar á gátlistanum verða flokkaðar sem trúnaðarupplýsingar.

Athugið að spurningarnar á gátlista ESB eru tvíþættar: 1) spurningar þar sem neikvætt svar mun sjálfkrafa þýða að ekki sé mögulegt að viðurkenna þig sem þekktan sendanda og 2) spurningar sem munu verða notaðar til að afla almennra upplýsinga um flugverndarráðstafanir þínar svo matsmaðurinn geti komist að heildarniðurstöðu. Sviðin, þar sem staðan „ekki staðið“ mun verða skráð sjálfkrafa, eru gefin til kynna með hliðsjón af kröfunum sem eru feitlettraðar hér á eftir. Ef staðan „ekki staðið“ er tilgreind í tengslum við kröfu sem er feitlettrað, eru þær gefnar ástæðurnar fyrir því og ráðleggingar um nauðsynlegar aðlaganir til að öðlast stöðuna „staðið“.



### *Inngangur*

Farmurinn verður að eiga uppruna sinn í þínu fyrirtæki, á staðnum þar sem skoðun fer fram. Þetta tekur til framleiðslu á staðnum og **geymslu- og pökkunarþjónustu** (e. *pick and pack*) þar sem hlutir eru ekki auðgreinanlegir sem flugfarmur fyrr en þeir eru valdir til að afgreiða pöntun. (Sjá einnig athugasemd).

Þú munt þurfa að **ákveða hvenær sending með farmi eða pósti verður auðgreinanleg sem flugfarmur eða flugpóstur** og sýna fram á að þú hafir gert viðeigandi ráðstafanir til að verja hana gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að hróflað sé við henni. Þetta mun fela í sér upplýsingar um framleiðslu, pökkun, geymslu og/eða sendingu.

### *Stofnun og ábyrgð*

Þess er krafist að þú veitir **upplýsingar um stofnunina þína (nafn, virðisaukaskattsnúmer, númer hjá verslunarráði eða skráningarnúmer fyrirtækis, ef við á), heimilisfang staðarins sem á að fullgilda** og aðalheimilisfang stofnunarinnar (ef það er annað en heimilisfang staðarins sem á að fullgilda). Þar að auki er krafist upplýsinga um hvenær síðasta fullgildingarheimsókn átti sér stað og hvert var síðasta einstaka alstafakennimerkið (ef við á), ásamt eðli viðskiptanna, áætluðum fjölda starfsmanna á staðnum,  **nafni og titli einstaklingsins, sem ber ábyrgð á vernd flugfarms eða flugpósts auk samskiptaupplýsinga.**

### *Reglur um ráðningu starfsfólks*

Þess er krafist að þú veitir upplýsingar um reglur um ráðningu alls starfsfólks (fastráðið, í tímabundnu starfi eða afleysingafólk, bílstjórar) sem hefur aðgang að auðgreinanlegum flugfarmi eða flugpósti. Reglur um ráðningu skulu fela í sér **athugun áður en ráðning fer fram eða bakgrunnsskoðun** í samræmi við lið 11.1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010. Vettvangsheimsókn í tengslum við fullgildinguna mun fela í sér viðtal við þann einstakling sem ber ábyrgð á ráðningu starfsfólks. Hann eða hún þarf að leggja fram sönnunargögn (t.d. útfyllt eyðublað) til að sanna tilvist verklagsreglna hjá fyrirtækinu. Þessar reglur um ráðningu gilda um starfsfólk sem er ráðið eftir 29. apríl 2010.

### *Verklagsreglur um hjálfun starfsfólks í flugvernd*

Þú munt þurfa að sýna fram á að **allt starfsfólk** (fastráðið, í tímabundnu starfi eða afleysingafólk, bílstjórar) **sem hefur aðgang að flugfarmi eða flugpósti hafi fengið viðeigandi hjálfun í málefnum sem snerta flugverndarvitund.** Þessi hjálfun skal fara fram í samræmi við lið 11.2.7 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010. Geyma skal einstakar hjálfunarskrár. **Enn fremur er þess krafist að þú sýnir fram á að allt viðeigandi starfsfólk, sem hefur umsjón með starfsmönnum flugverndar, hafi fengið hjálfun eða reglubundna hjálfun í samræmi við 11. kafla í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010.**

### *Áþreifanleg vernd*

Þess verður krafist að þú sýnir fram á hvernig þinn staður er varinn (t.d. með girðingu eða tálma) og að til staðar séu viðeigandi verklagsreglur um aðgangseftirlit. Þess verður krafist, eftir atvikum, að þú veitir upplýsingar um öll hugsanleg viðvörðunarkerfi og/eða sjónvarpsmyndavélakerfi. **Mikilvægt er að hafa eftirlit með aðgangi að svæðinu þar sem flugfarmur eða flugpóstur er meðhöndlaður eða geymdur.** Vernda þarf allar dyr, glugga og aðrar aðgangsléiðir að flugfarmi eða flugpósti eða hafa eftirlit með þessum leiðum.

### *Framleiðsla (eftir atvikum)*

Þú munt þurfa að sýna fram á að eftirlit sé haft með aðgangi að framleiðslusvæðinu og umsjón sé höfð með framleiðsluferlinu. Ef framleiðsluvaran er auðgreinanleg sem flugfarmur eða flugpóstur á framleiðsluferlinu, muntu verða að sýna fram á að **ráðstafanir séu gerðar til að verja flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að hróflað sé við honum á þessu stigi.**

### *Pökkun (eftir atvikum)*

Þú munt þurfa að sýna fram á að eftirlit sé haft með aðgangi að pökkunarsvæðinu og umsjón sé höfð með pökkunarferlinu. Ef framleiðsluvaran er auðgreinanleg sem flugfarmur eða flugpóstur, meðan á pökkun stendur, muntu verða að sýna fram á að **ráðstafanir séu gerðar til að verja flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að hróflað sé við honum á þessu stigi.**

Þess mun verða krafist að þú veitir upplýsingar um pökkunarferlið og sýnir fram á að allar fullunnar vörur séu skoðaðar áður en þeim er pakkað.

Þú munt þurfa að lýsa fullfrágengnum ytri umbúðum og sýna fram á að þær séu traustar. Þú þarft einnig að sýna fram á að fullfrágengnar ytri umbúðir sé útbúnar þannig að augljóst sé ef hróflað hefur verið við þeim, t.d. með því að nota innsigli snúmer, verndarlímband, sérstaka stimpla eða pappakassa sem er lokað með límbandi. Þú þarft enn fremur að sýna að þú geymir framangreinda hluti við öruggar aðstæður þegar þeir eru ekki í notkun og hafa eftirlit með afhendingu þeirra.

#### *Geymsla (eftir atvikum)*

Þú munt þurfa að sýna fram á að eftirlit sé haft með aðgangi að geymslusvæði. Ef framleiðsluvaran er auðgreinanleg sem flugfarmur eða flugpóstur meðan hún er í geymslu, muntu verða að sýna fram á **að ráðstafanir séu gerðar til að verja flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að hróflað sé við honum á þessu stigi.**

Að lokum muntu verða að sýna fram á að fullfrágenginn og pakkaður flugfarmur eða flugpóstur sé skoðaður áður en hann er sendur burtu.

#### *Sending (eftir atvikum)*

Þú munt þurfa að sýna fram á að eftirlit sé haft með aðgangi að sendingasvæðinu. Ef framleiðsluvaran er auðgreinanleg sem flugfarmur eða flugpóstur meðan á sendingu stendur muntu verða að sýna fram á **að ráðstafanir séu gerðar til að verja flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að hróflað sé við honum á þessu stigi.**

#### *Flutningar*

Þú munt verða að veita upplýsingar um hvernig farmur eða póstur verður fluttur til viðurkennda umboðsaðilans.

Ef þú notar eigin flutningastarfsemi muntu verða að sýna fram á að bílstjórar þínir hafi fengið fullnægjandi þjálfun. Ef fyrirtækið þitt notar verkataka muntu verða að tryggja a) að þú sjálfur hafir innsiglað eða pakkað flugfarminum eða flugpóstinum til að tryggja að augljóst sé ef hróflað hefur verið við honum og b) að farmflytjandinn hafi undirritað yfirlýsingu farmflytjanda samkvæmt fylgiskjali 6-E í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010.

Ef þú berð ábyrgð á flutningi flugfarms eða flugpósts muntu verða að sýna fram á að **hægt sé að tryggja vernd** flutningatækja, annaðhvort með notkun innsigla, ef mögulegt er, eða með öðrum aðferðum. Þegar innsigli snúmer eru notuð muntu verða að sýna fram á að eftirlit sé haft með aðgangi að innsigli num og að númerin séu skráð. Ef aðrar aðferðir eru notaðar muntu verða að sýna hvernig augljóst sé ef hróflað hefur verið við farmi eða pósti og/ eða hvernig hann sé verndaður. Að auki muntu þurfa að sýna fram á að til staðar séu ráðstafanir til að sannprófa deili á bílstjórum ökutækja sem sækja flugfarminn eða flugpóstinn þinn. Þú munt einnig þurfa að sýna að þú tryggir að farmur eða póstur sé verndaður þegar hann yfirgefur athafnasvæðið. **Þú munt þurfa að sýna fram á að flugfarmur eða flugpóstur sé varinn gegn óheimilum aðgangi meðan á flutningi stendur.**

Þú munt ekki þurfa að leggja fram sönnun um þjálfun bílstjóra eða afrit af yfirlýsingu farmflytjanda ef viðurkenndur umboðsaðili hefur séð um flutninginn þegar flugfarmur eða flugpóstur er fluttur af athafnasvæði þínu.

#### *Ábyrgð sendanda*

**Þú munt þurfa að lýsa því yfir að þú samþykkir fyrirvaralausar skoðanir skoðunarmanna hlutaðeigandi yfirvalda í þeim tilgangi að vakta þessar kröfur.**

**Þú munt einnig þurfa að lýsa því yfir að þú munir veita [nafn hlutaðeigandi yfirvalds] viðeigandi upplýsingar tafarlaust og a.m.k. innan 10 virkra daga:**

- a) ef allri ábyrgð á vernd er úthlutað einhverjum öðrum en tilgreindum einstaklingi,
- b) ef einhverjar aðrar breytingar verða á athafnasvæði eða verklagsreglum sem líklegt er að hafi veruleg áhrif á vernd,
- c) ef fyrirtækið þitt hættir viðskiptum, hættir að meðhöndla flugfarm eða flugpóst eða getur ekki lengur uppfyllt kröfur viðeigandi ESB-löggjafar.

**Að lokum muntu þurfa að lýsa því yfir að þú munir viðhalda verndarkröfum fram að næstu vettvangsheimsókn og/eða skoðun í tengslum við fullgildinguna.**

Þess mun svo verða krafist að þú berir fulla ábyrgð á yfirlýsingunni og skrifir undir fullgildingarskjalið.

**ATHUGASEMDIR****Sprengi- og íkveikjubúnaður**

Heimilt er að hafa samsettan sprengi- og íkveikjubúnað í farmsendingum ef kröfur allra öryggisreglna eru uppfylltar að fullu.

**Sendingar frá öðrum aðilum**

Þekktum sendanda er heimilt að áframsenda viðurkenndum umboðsaðila sendingar, sem eiga ekki uppruna sinn hjá honum sjálfum, að því tilskildu:

- a) að þær séu aðskildar frá sendingum, sem eiga uppruna sinn hjá honum, og
- b) að uppruni þeirra komi skýrt fram á sendingunni eða á meðfylgjandi gögnum.

Allar slíkar sendingar verður að skima áður en þær eru settar um borð í loftfar.“

10. Í stað fylgiskjals 6-C komi eftirfarandi:

**„FYLGISKJAL 6-C****GÁTLISTI UM FULLGILDINGU FYRIR ÞEKKTA SENDENDUR****Athugasemdir til útskýringar:**

Þegar þetta eyðublað er útfyllt ber að athuga:

- að liðir, sem eru stjórnumerkir (\*), eru skyldubundnir og þá VERÐUR að fylla út.
- að ef svarið við einhverri spurningu, sem er **feitletruð**, er **NEI VERÐUR** að meta fullgildinguna sem **EKKI STADID**; þetta gildir ekki þegar spurningarnar eiga ekki við,
- að aðeins er hægt að meta heildarmatið sem **STADID** eftir að sendandinn hefur undirritað yfirlýsingu um skuldbindingar á síðustu blaðsíðunni.
- Hlutaðeigandi yfirvald verður að viðhalda upprunalegu yfirlýsingunni um skuldbindingar eða gera verður yfirlýsinguna aðgengilega hlutaðeigandi yfirvaldi þar til hún fellur úr gildi. Sendandi skal einnig fá afrit af yfirlýsingunni.

**1. HLUTI****Stofnun og ábyrgð**

1.1.	Dagsetning fullgildingar*	
	Vinsamlegast notaðu nákvæmt dagsetningarsnið, t.d. 1.10.2010	
	dd/mm/áááá	
1.2.	Dagsetning fyrri fullgildingar og einstakt kennermerki, eftir atvikum.	
	dd/mm/áááá	
	UNI	
1.3.	Heiti stofnunar sem á að fullgilda*	
	Heiti	
	Virðisaukaskattsnúmer/númer hjá verslunarráði/skráningarnúmer fyrirtækis (ef við á)	
1.4.	Heimilisfang staðarins sem á að fullgilda*	
	Númer/Deild/Bygging	
	Gata	
	Bæjarfélag	
	Póstnúmer	
	Land	

1.5. Aðalheimilisfang stofnunar (ef það er annað en heimilisfang staðarins sem á að fullgilda, að því tilskildu að það sé í sama landi).

Númer/Deild/Bygging	
Gata	
Bæjarfélag	
Póstnúmer	
Land	

1.6. Eðli viðskipta – tegundir farms sem eru meðhöndlaðar

1.7. Ber umsækjandi ábyrgð á ...?

<ul style="list-style-type: none"> <li>a) framleiðslu</li> <li>b) pökkun</li> <li>c) geymslu</li> <li>d) sendingu</li> <li>e) öðru (tilgreina skal um hvað er að ræða).</li> </ul>	
--	--

1.8. Áætlaður fjöldi starfsmanna á staðnum

1.9. Nafn og titill einstaklings sem ber ábyrgð á vernd flugfarms eða flugpósts

Nafn	
Starfsheiti	

1.10. Símanúmer þar sem hægt er að ná í viðkomandi

Símanúmer	
-----------	--

1.11. Tölvupóstfang\*

Tölvupóstur	
-------------	--

## 2. HLUTI

### Auðgreinanlegur flugfarmur eða flugpóstur („sigtanleiki“ (e. targetability))

**Markmið:** Að staðfesta hvenær eða hvar farmur eða póstur verður auðgreinanlegur sem flugfarmur eða flugpóstur. Hugtakið sigtanleiki er skilgreint sem möguleikinn á því að geta metið hvenær eða hvar farmur eða póstur verður auðgreinanlegur sem flugfarmur eða flugpóstur.

2.1. Staðfesta skal með skoðun á sviði framleiðslu, pökkunar, geymslu, vals, sendingar og á hvers konar öðrum sviðum, sem máli skipta, hvar og hvernig flugfarmur eða flugpóstur verður auðgreinanlegur sem slíkur.

Lýsa skal nánar:

**Athugasemd Gefa ætti ítarlegar upplýsingar um vörn auðgreinanlegs flugfarms eða flugpósts gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að hróflað sé við honum í 5. – 8. hluta.**

## 3. HLUTI

### Ráðning og þjálfun starfsfólks

**Markmið:** Til að tryggja að allt starfsfólk (fastráðið, í tímabundnu starfi, afleysingafólk, bílstjórar), sem hefur aðgang að auðgreinanlegum flugfarmi eða flugpósti, hafi gengist undir viðeigandi athugun áður en ráðning fer fram og/eða bakgrunnsskoðun ásamt viðeigandi þjálfun í samræmi við lið 11.2.7 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010. Enn fremur skal tryggja að allt starfsfólk, sem hefur umsjón með starfsmönnum flugverndar að því er varðar birgðir, hafi fengið þjálfun í samræmi við 11. kafla í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010.

Hvort liðir 3.1 og 3.2 eru **feitletraðar** spurningar eða ekki (og þar sem meta verður svarið NEI sem „ekki staðið“) byggist á gildandi reglum í viðkomandi ríki þar sem staðurinn er. Þó skal a.m.k. önnur þessara spurninga vera **feitletruð** og þar af leiðandi ætti einnig að leyfa að ekki sé lengur þörf á að fram fari athugun áður en ráðning fer fram ef bakgrunnsskoðun hefur verið framkvæmd. Sá sem ber ábyrgð á umsjón með starfsmönnum flugverndar skal ávallt hafa gengist undir bakgrunnsskoðun.

**3.1. Eru til staðar reglur um ráðningu fyrir allt starfsfólk, sem hefur aðgang að auðgreinanlegum flugfarmi eða flugpósti, þ.m.t. athugun áður en ráðning fer fram, í samræmi við lið 11.1.4 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010?** Þetta gildir um starfsfólk sem var ráðið eftir [gildistökudag reglugerðar (EB) nr. 300/2008].

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, hvaða reglur?	

**3.2. Fela þessar reglur um ráðningu í sér bakgrunnsskoðun, þ.m.t. athugun á sakaskrá, í samræmi við lið 11.1.3 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010?**

Þetta gildir um starfsfólk sem var ráðið eftir [gildistökudag reglugerðar (EB) nr. 300/2008].

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, hvaða reglur?	

**3.3. Felur tilnefningarferli tilgreinds einstaklings, sem ber ábyrgð á beitingu flugverndar og umsjón með starfsmönnum flugverndar á staðnum, í sér kröfur um bakgrunnsskoðun, þ.m.t. athugun á sakaskrá í samræmi við lið 11.1.3 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010?**

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því.	

**3.4. Fær starfsfólk með aðgang að auðgreinanlegum flugfarmi eða flugpósti þjálfun í flugverndarvitund, í samræmi við lið 11.2.7 í viðauka við reglugerð (ESB) nr. 185/2010, áður en því er veittur aðgangur að auðgreinanlegum flugfarmi eða flugpósti? Fær starfsfólk, sem hefur umsjón með starfsmönnum flugverndar að því er varðar birgðir, þjálfun í samræmi við 11. kafla í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010?**

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því.	

**3.5. Fær starfsfólkið (sem um getur að framan) upprifjunarþjálfun eins oft og ákveðið hefur verið fyrir þessa þjálfun?**

JÁ eða NEI	
------------	--

**3.6. Mat — Eru ráðstafanir fullnægjandi til að tryggja að allt starfsfólk með aðgang að auðgreinanlegum flugfarmi eða flugpósti og þeir sem hafa umsjón með starfsmönnum flugverndar, hafi verið ráðin með tilhlýðilegum hætti og fengið viðeigandi þjálfun í samræmi við 11. kafla í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010?**

JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.	

#### 4. HLUTI

##### Áþreifanleg vernd

**Markmið:** Að staðfesta hvort á staðnum eða athafnasvæðinu sé nægileg vernd (áþreifanleg) til að verja auðgreinanlegan flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi.

4.1. Er staðurinn varinn með girðingu eða tálma?

JÁ eða NEI	
------------	--

4.2. Er aðgangseftirlit haft með öllum aðgönguleiðum staðarins?	
JÁ eða NEI	
4.3. Ef JÁ, eru aðgangsleiðirnar...?	
mannaðar starfsfólki	
handvirkar	
sjálfvirkar	
rafknúnar	
annað, tilgreina skal nánar.	
4.4. Er byggingin traustbyggð?	
JÁ eða NEI	
4.5. Er skilvirkt viðvörðunarkerfi í byggingunni?	
JÁ eða NEI	
4.6. Er skilvirkt sjónvarpsmyndavélakerfi í byggingunni?	
JÁ eða NEI	
4.7. Ef svarið er JÁ, eru myndirnar úr sjónvarpsmyndavélinni teknar upp?	
JÁ eða NEI	
4.8. Eru allar dyr, gluggar og aðrar aðgangsleiðir að flugfarmi eða flugpósti verndaðar eða sæta þær aðgangseftirliti?	
JÁ eða NEI	
4.9. Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.	
<b>4.10. Mat: Eru ráðstafanir stofnunar fullnægjandi til að koma í veg fyrir óheimilan aðgang að þeim hlutum staðarins eða athafnasvæðisins þar sem auðgreinanlegur flugfarmur eða flugpóstur er meðhöndlaður eða geymdur?</b>	
JÁ eða NEI	
<b>Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.</b>	

## 5. HLUTI

## Framleiðsla

**Markmið: Að verja auðgreinanlegan flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að hróflað sé við honum.**

Svara skal þessum spurningum ef unnt er að auðkenna framleiðsluvöruna sem flugfarm eða flugpóst meðan á framleiðsluferlinu stendur.

5.1. Er eftirlit með aðgangi að framleiðslusvæðinu?	
JÁ eða NEI	
5.2. Ef svarið er JÁ, hvernig er því háttáð?	
5.3. Er umsjón höfð með framleiðsluferlinu?	
JÁ eða NEI	
5.4. Ef svarið er JÁ, hvernig?	
5.5. Er til staðar eftirlit til að koma í veg fyrir að hróflað sé við framleiðsluvöru á framleiðslustigi?	
JÁ eða NEI	

Ef svarið er JÁ, skal lýsa því.

**5.6. Mat:** Eru ráðstafanir stofnunar fullnægjandi til að verja auðgreinanlegan flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að hróflað sé við honum á framleiðslustigi?

JÁ eða NEI

Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.

## 6. HLUTI

### Pökkun

**Markmið:** Að verja auðgreinanlegan flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að hróflað sé við honum.

Svara skal þessum spurningum ef unnt er að auðkenna framleiðsluvöruna sem flugfarm eða flugpóst meðan á pökkunarferlinu stendur.

6.1. Er umsjón höfð með pökkunarferlinu?

JÁ eða NEI

6.2. Ef svarið er JÁ, hvernig?

6.3. Lýsa skal fullfrágengnum ytri umbúðum:

a) Eru fullfrágengnar ytri umbúðir traustar?

JÁ eða NEI

Lýsa skal nánar:

b) Sést það auðveldlega á fullfrágengnum ytri umbúðum ef hróflað hefur verið við þeim?

JÁ eða NEI

Lýsa skal nánar:

6.4.a) Eru notuð innsigli snúmer, verndarlímband, sérstakir stimplar eða pappakassar, sem er lokað með límbandi, til að augljóst sé hvort hróflað hafi verið við flugfarmi eða flugpósti?

JÁ eða NEI

Ef JÁ:

6.4.b) Eru innsigli, öryggislímband eða sérstakir stimplar geymdir við öruggar aðstæður þegar þeir eru ekki í notkun?

JÁ eða NEI

Lýsa skal nánar:

6.4.c) Er eftirlit með úthlutun innsigli snúmera, verndarlímbands og/eða stimpla?

JÁ eða NEI

Lýsa skal nánar:

6.5. Ef svarið við a-lið liðar 6.4 er JÁ, hvernig fer eftirlitið fram?

**6.6. Mat:** Eru til staðar fullnægjandi verklagsreglur til að verja auðgreinanlegan flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi og/eða gegn því að hróflað sé við honum?

JÁ eða NEI

Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.

## 7. HLUTI

## Geymsla

**Markmið:** Að verja auðgreinanlegan flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að hróflað sé við honum.

Svara skal þessum spurningum ef unnt er að auðkenna framleiðsluvöruna sem flugfarm eða flugpóst meðan á geymsluferlinu stendur.

7.1. Er fullfrágenginn og pakkaður flugfarmur eða flugpóstur geymdur á verndaðan hátt og gengið úr skugga um að ekki sé hróflað við honum?

JÁ eða NEI	
------------	--

7.2. **Mat:** Eru verklagsreglur við geymslu fullnægjandi til að verja auðgreinanlegan flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi og/eða gegn því að hróflað sé við honum?

JÁ eða NEI	
------------	--

Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.

## 8. HLUTI

## Sending

**Markmið:** Að verja auðgreinanlegan flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að hróflað sé við honum.

Svara skal þessum spurningum ef unnt er að auðkenna framleiðsluvöruna sem flugfarm eða flugpóst meðan á sendingarferlinu stendur.

8.1. Er eftirlit með aðgangi að sendingarsvæðinu?

JÁ eða NEI	
------------	--

8.2. Ef svarið er JÁ, hvernig er því háttað?

8.3. Hver hefur aðgang að sendingarsvæðinu?

Starfsmenn?

JÁ eða NEI	
------------	--

Bilstjórar?

JÁ eða NEI	
------------	--

Gestir?

JÁ eða NEI	
------------	--

Verktakar?

JÁ eða NEI	
------------	--

8.4. **Mat:** Er vörnin fullnægjandi til að verja flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að hróflað sé við honum á sendingarsvæðinu?

JÁ eða NEI	
------------	--

Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.

## 8. HLUTI A

## Sendingar frá öðrum aðilum

**Markmið:** að setja verklagsreglur um meðhöndlun sendinga sem eru ekki verndaðar.

Einungis skal svara þessum spurningum ef tekið er við sendingum sem koma flugleiðis frá öðrum fyrirtækjum.



**8A.1. Tekur fyrirtækið við farmsendingum sem ætlunin er að senda flugleiðis frá öðrum fyrirtækjum?**

JÁ eða NEI	
------------	--

**8A.2. Ef svarið er JÁ, hvernig er þessum sendingum haldið aðskildum frá farni fyrirtækisins og hvernig eru þær auðkenndar fyrir viðurkenndan umboðsaðila eða farmflytjanda?**

## 9. HLUTI

**Flutningar**

**Markmið: Að verja auðgreinanlegan flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að hróflað sé við honum.**

**9.1. Hvernig er flugfarmur eða flugpóstur fluttur til viðurkennds umboðsaðila?**

a) Flytur viðurkenndi umboðsaðilinn hann eða einhver fyrir hans hönd?

JÁ eða NEI	
------------	--

b) Notar sendandinn eigin flutningastarfsemi?

JÁ eða NEI	
------------	--

c) Notar sendandinn verktaka?

JÁ eða NEI	
------------	--

**9.2. Ef sendandinn notar verktaka:**

- er flugfarmurinn eða flugpósturinn innsiglaður eða honum pakkað fyrir flutning til að tryggja að augljóst sé ef hróflað er við honum og
- hefur farmflytjandinn undirritað yfirlýsingu farmflytjanda?

JÁ eða NEI	
------------	--

Einungis skal svara eftirfarandi spurningum ef b- eða c-liður liðar 9.1 eiga við.

**9.3. Er hægt að tryggja vernd farmrýmis í ökutæki til vöruflutninga?**

JÁ eða NEI	
------------	--

Ef svarið er JÁ, skal tilgreina hvernig:

**9.4.a) Í þeim tilvikum þegar hægt er að tryggja vernd farmrýmis í ökutæki til vöruflutninga, eru þá notuð innsiglisnúmer?**

JÁ eða NEI	
------------	--

**9.4.b) Í þeim tilvikum sem innsiglisnúmer eru notuð er þá eftirlit með aðgangi að innsiglum og eru númerin skráð þegar þeim er úthlutað?**

JÁ eða NEI	
------------	--

Ef svarið er JÁ, skal tilgreina hvernig:

**9.5. Er augljós hvort hróflað hafi verið við flugfarni eða flugpósti þegar ekki er hægt að tryggja vernd farmrýmis í ökutæki til vöruflutninga?**

JÁ eða NEI	
------------	--

**9.6. Ef svarið er JÁ, skal lýsa hvaða aðferðir eru notaðar.****9.7. Ef svarið er NEI, hvernig er vernd sendingarinnar tryggð?****9.8. Mat: eru ráðstafanir fullnægjandi til að verja flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi meðan á flutningi stendur?**

JÁ eða NEI	
------------	--

Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.	
---	--

## Yfirlýsing um skuldbindingar

Ég lýsi því yfir:

- að ég samþykki fyrirvaralausar skoðanir skoðunarmanna hlutaðeigandi yfirvalda í þeim tilgangi að vakta þessar kröfur. Ef skoðunarmaður kemst að raun um að það séu alvarlegir ágallar á verndinni gæti það leitt til þess að staða mín sem þekkt sendanda verði afturkölluð.
- Ég mun veita [nafn hlutaðeigandi yfirvalds] viðeigandi upplýsingar tafarlaust og a.m.k. innan 10 virkra daga:
  - ef heildarábyrgð á vernd er úthlutað einhverjum öðrum en þeim einstaklingi sem er tilgreindur í lið 1.9,
  - ef það eru einhverjar aðrar breytingar á athafnasvæði eða verklagsreglum sem líklegt er að hafi veruleg áhrif á vernd og
  - ef fyrirtækið hættir viðskiptum, hættir að meðhöndla flugfarm eða flugpóst eða getur ekki lengur uppfyllt kröfur viðeigandi ESB-löggjafar.
- Ég mun viðhalda verndarkröfum þar til næsta vettvangsheimsókn og/eða skoðun í tengslum við fullgildingu fer fram.
- Ég tek fulla ábyrgð á þessari yfirlýsingu.

## Undirskrift

Staða innan fyrirtækis

Mat (og tilkynning)

Staðið/Ekki staðið

Þegar niðurstaða heildarmatsins sýnir að viðkomandi hafi ekki staðist matið skal skrá hér á eftir þau svið þar sem sendandanum hefur ekki tekist að uppfylla tilskildar verndarkröfur eða ef um er að ræða sérstaka brest. Einnig má gefa ráð varðandi þær breytingar sem gera þarf til að uppfylla tilskildar kröfur og þar með að fá stöðuna „staðið“.

## Undirskrift

(Nafn matsmanns)“

11. Fylgiskjali 6-C3 er breytt sem hér segir:

a) orðin „Tilvísun: Liður 6.8.3.1“ í fimmtu málsgrein 4. hluta falli brott.

b) Í stað sjöundu málsgreinar 5. hluta komi eftirfarandi:

„Tilvísun: Liður 6.8.3“

c) Í stað fimmtu málsgreinar 7. hluta komi eftirfarandi:

„Tilvísun: Liðir 6.8.3.1, 6.8.3.2, 6.8.3.3 svo og 6.2.1 og 6.7“.

d) Í stað fyrstu málsgreinar 11. hluta komi eftirfarandi:

„Markmið: Eftir að hafa lagt mat á framangreinda tíu hluta þessa gátlista skal ESB-matsmaður fyrir flugvernd komast að niðurstöðu um það hvort sannpröfun á staðnum samsvari innihaldi þess hluta flugverndaráætlunar flugrekanda þar sem lýst er ráðstöfunum, sem gripið er til í tengslum við flugfarm eða flugpóst sem fluttur er til ESB/EES, og hvort við umsjón með starfsmönnum flugverndar séu uppfyllt markmið þessa gátlista með fullnægjandi hætti.“

12. Í stað liðar 6-Fiii í fylgiskjali 6-F komi eftirfarandi:

„6-Fiii

*FULLGILDINGARSTARFSEMI ÞRIÐJU LANDA SEM OG LANDA OG YFIRRÁÐASVÆÐA HANDAN HAFSINS, SEM HAFA SÉRSTÖK TENGL VÍÐ SAMBANDIÐ SAMKVÆMT SÁTTMÁLANUM UM STARFSHÆTTI EVRÓPUSAMBANDSINS OG ÞAR SEM BÁLKURINN UM FLUTNINGA Í ÞESSUM SÁTTMÁLA GILDIR EKKI, SEM VIÐURKENNT ER AÐ JAFNGILDI FULLGILDINGU FLUGVERNDAR“.*

13. Í stað fyrstu undirliðar b-liðar í fylgiskjali 8-B komi eftirfarandi:

„b) muni sjá til þess að einstaklingar með aðgang að birgðum til notkunar um borð fái almenna þjálfun í flugverndarvitund, í samræmi við lið 11.2.7 í viðauka við reglugerð (ESB) nr. 185/2010, áður en þeim er veittur aðgangur að birgðunum. Enn fremur skal tryggja að einstaklingar, sem annast skimun birgða til notkunar um borð, fái þjálfun samkvæmt lið 11.2.3.3 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010 og einstaklingar, sem hafa annars konar umsjón með starfsmönnum flugverndar, að því er varðar birgðir til notkunar um borð, fái þjálfun samkvæmt lið 11.2.3.10 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010 og“.

14. Ákvæðum 9. kafla er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar liðar 9.0.2 komi eftirfarandi:

„a) „flugvallarbirgðir“: allir hlutir sem ætlunin er að selja, nota eða gera tiltæka á haftasvæði flugverndar á flugvöllum, í hvaða tilgangi eða til hvers konar starfsemi sem er, að undanskildum „hlutum sem aðrir einstaklingar en farþegar hafa meðferðis“.

b) Í stað b-liðar í lið 9.1.1.1 komi eftirfarandi:

„b) nema höfð sé tilskilin umsjón með starfsmönnum flugverndar að því er varðar birgðir af hálfu þekktis eða viðurkennds birgis og þær hafi verið varðar gegn óheimilum aðgangi frá því þetta eftirlit fór fram þar til þær voru fluttar inn á haftasvæði flugverndar.“

15. Í stað fyrsta undirliðar b-liðar í fylgiskjali 9-A komi eftirfarandi:

„b) muni sjá til þess að einstaklingar með aðgang að flugvallarbirgðum fái almenna þjálfun í flugverndarvitund, í samræmi við lið 11.2.7 í viðauka við reglugerð (ESB) nr. 185/2010, áður en þeim er veittur aðgangur að birgðunum. Enn fremur skal hann tryggja að einstaklingar, sem annast framkvæmd skimunar flugvallarbirgða, fái þjálfun, samkvæmt lið 11.2.3.3 í viðauka við reglugerð (ESB) nr. 185/2010 og einstaklingar, sem hafa annars konar umsjón með starfsmönnum flugverndar að því er varðar flugvallarbirgðir, fái þjálfun, samkvæmt lið 11.2.3.10 í viðauka við reglugerð (ESB) nr. 185/2010, og“.

16. Ákvæðum 11. kafla er breytt sem hér segir:

a) Í stað liðar 11.1.5 komi eftirfarandi:

„11.1.5 Bakgrunnsskoðun og athugun áður en ráðning fer fram skal lokið áður en einstaklingur fær þjálfun í flugvernd sem felur í sér aðgang að upplýsingum sem eru ekki aðgengilegar öllum. Endurtaka skal bakgrunnsskoðanir með reglulegu millibili og eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.“

b) Í stað b-liðar liðar 11.2.3.7 komi eftirfarandi:

„b) þekkingu á verklagsreglum við innsiglu loftfars, ef það á við einstaklinginn sem á að þjálfa,“.

c) Í stað fyrsta málsliðar liðar 11.2.3.9 komi eftirfarandi:

„Að lokinni þjálfun skulu einstaklingar, sem hafa umsjón með starfsmönnum flugverndar að því er varðar farm og póst, að undanskilinni skimun, búa yfir eftirfarandi hæfni:“

d) Eftirfarandi málsliður bætist aftan við lið 11.2.6.1:

„Af hlutlægum ástæðum getur hlutaðeigandi yfirvald undanþegið einstaklinga frá þessari kröfu um þjálfun ef aðgangur þeirra takmarkast við svæði í flugstöðinni sem eru aðgengileg farþegum.“

e) Eftirfarandi setning bætist við í lok liðar 11.3.1:

„Heimilt er að undanþiggja einstaklinga, sem framkvæma verkefni, sem talin eru upp í lið 11.2.3.3, þessum kröfum ef þeir hafa aðeins heimild til að framkvæma sjónræna skoðun og/eða handleit.“

f) Í stað a-liðar í lið 11.5.3 komi eftirfarandi:

„a) um að þeir hafi þekkingu og hæfni eins og tilgreint er í lið 11.5.4 og“.

g) Í stað fyrsta málsliðar liðar 11.5.4 komi eftirfarandi:

„Til að leiðbeinandi fái vottun um að hann hafi menntun og hæfi til að sjá um þjálfunina, sem skilgreind er í lið 11.2.3.1–11.2.3.5 og í liðum 11.2.4 (nema það varði þjálfun umsjónarmanna sem hafa eingöngu umsjón með einstaklingunum sem um getur í liðum 11.2.3.6–11.2.3.10) og 11.2.5, skal einstaklingur þekkja starfsumhverfi viðkomandi flugverndarsvæðis og hafa menntun og hæfi ásamt hæfni á eftirfarandi sviðum:“.

17. Ákvæðum 12. kafla er breytt sem hér segir:

a) Í stað liðar 12.1.2.2 komi eftirfarandi:

„12.1.2.2 Öll málmleitarhlöð, sem eru eingöngu notuð við skimun annarra einstaklinga en farþega, skulu a.m.k. uppfylla kröfu 1.“

b) Eftirfarandi liðir 12.5.1.4 og 12.5.1.5 bætist við:

„12.5.1.4 Sá sem stýrir vörpun hættuhermimynda skal bera ábyrgð á stillingu kerfis fyrir vörpun hættuhermimynda.

12.5.1.5. Hlutaðeigandi yfirvald skal reglulega vakta rétta framkvæmd kerfa fyrir vörpun hættuhermimynda, tryggja að kerfin séu rétt stillt, þ.m.t. raunveruleg og viðeigandi vörpun hluta, að kerfin samrýmist kröfunum og að söfn sýndarmynda séu uppfærð.“

c) Í stað liðar 12.8.2 komi eftirfarandi:

„12.8.2 Hlutaðeigandi aðildarríki, sem hefur í hyggju að leyfa notkun skimunaraðferðar, skal, áður en áætluð notkun hefst, tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum skriflega um skimunaraðferðina, sem það ætlar að leyfa, og láta fylgja með mat þar sem tilgreint er hvernig aðildarríkið skuli tryggja að beiting nýju aðferðarinnar uppfylli kröfuna í b-lið liðar 12.8.1. Í tilkynningunni skulu einnig koma fram ítarlegar upplýsingar um þann stað eða þá staði þar sem skimunaraðferðin verður notuð og fyrirhugaða lengd matstímabilsins.“

d) Eftirfarandi liður 12.10 bætist við:

„12.10. MÁLMLEITARTÆKI

Í sérstakri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar er mælt fyrir um ítarleg ákvæði um málmleitartæki.“

---

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1143/2013

2014/EES/36/37

frá 13. nóvember 2013

**um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1031/2010 um tímasetningu, stjórnun og aðra þætti í tengslum við uppboð á heimildum til losunar gróðurhúsalofttegunda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins, einkum í því skyni að skrá uppboðsvettvang sem Þýskaland tilnefnir (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB<sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 3. gr. d og 4. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Aðildarríkjum, sem ekki taka þátt í sameiginlegu aðgerðinni sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 26. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1031/2010 frá 12. nóvember 2010 um tímasetningu, stjórnun og aðra þætti í tengslum við uppboð á heimildum til losunar gróðurhúsalofttegunda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins <sup>(2)</sup>, er heimilt að tilnefna sína eigin uppboðsvettvanga til að bjóða upp sinn hluta af þeim fjölda losunarheimilda sem falla undir II. og III. kafla tilskipunar 2003/87/EB. Samkvæmt þriðju málsgrein 5. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010 er tilnefning slíkra uppboðsvettvanga með fyrirvara um að viðkomandi uppboðsvettvangur sé skráður í III. viðauka við þá reglugerð.
- 2) Í samræmi við 4. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010 tilkynnti Þýskaland framkvæmdastjórninni um ákvörðun sína um að taka ekki þátt í sameiginlegu aðgerðinni, eins og kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 26. gr. þeirrar reglugerðar, og að tilnefna sinn eigin uppboðsvettvang.
- 3) Hinn 15. mars 2013 tilkynnti Þýskaland framkvæmdastjórninni að það hygðist tilnefna European Energy Exchange AG („EEX“) sem uppboðsvettvang eins og getur í 1. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010.
- 4) Hinn 20. mars 2013 lagði Þýskaland tilkynninguna fyrir nefndina um loftslagsbreytingar sem var stofnuð skv. 9. gr. ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins

280/2004/EB frá 11. febrúar 2004 um aðferð til að vakta losun gróðurhúsalofttegunda í Bandalaginu og um framkvæmd Kyótóbókarinnar <sup>(3)</sup>.

- 5) Til að sjá til þess að fyrirhuguð tilnefning EEX sem uppboðsvettvangs, eins og um getur í 1. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010, samrýmist kröfunum í þeirri reglugerð og sé í samræmi við markmiðin, sem sett eru fram í 4. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB, er nauðsynlegt að leggja ýmsar skyldur og skilyrði á EEX.
- 6) Þess er krafist, í samræmi við b-lið 3. mgr. 35 gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010, að tilnefndur uppboðsvettvangur veiti litlum og meðalstórum fyrirtækjum óhindraðan, sanngjarnan og jafnan aðgang að uppboðunum og leyfi til að leggja fram tilboð á uppboðunum fyrir smálosendur. Til að sjá til þess ætti EEX að veita slíkum litlum og meðalstórum fyrirtækjum og smálosendum gagnsæjar, ítarlegar og uppfærðar upplýsingar um möguleika á aðgangi að uppboðum sem EEX stjórnar fyrir Þýskaland, þ.m.t. allar nauðsynlegar, hagnýtar leiðbeiningar um hvernig er hægt að nýta sem best þá möguleika. Slíkar upplýsingar ættu að vera aðgengilegar öllum á vefsíðu EEX. EEX ætti auk þess að tilkynna uppboðsvaktara, sem á að tilnefna eins og kveðið er á um í 2. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010, um það umfang sem náðst hefur, þ.m.t. umfang landfræðilegrar útbreiðslu sem náðst hefur, og taka fullt tillit til ráðlegginga uppboðsvaktara hvað þetta varðar til að sjá til þess að skyldur þess skv. a- og b-lið 3. mgr. 35. gr. þeirrar reglugerðar séu uppfylltar.
- 7) Þegar aðildarríki tilnefna uppboðsvettvang verða þau að taka tillit til þess, í samræmi við e-lið 3. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010, að hve miklu marki hugsanlegur uppboðsvettvangur getur komist hjá röskun á samkeppni á innri markaðinum, þ.m.t. kolefnismarkaðinum. Uppboðsvettvangur ætti einkum ekki fá færi á að nota samninginn um tilnefningu sína til að auka samkeppnishæfni annarrar starfsemi sinnar, einkum að því er varðar eftirmarkaðinn sem hann skipuleggur. Uppboðsvettvangur ætti að veita hugsanlegum bjóðendum þann valkost að fá leyfi til að leggja fram tilboð í uppboðunum án þess að þurfa að gerast kauphallarmeðlimir eða þátttakendur í eftirmarkaðnum sem uppboðsvettvangurinn skipuleggur eða á nokkru öðru viðskiptatorgi sem uppboðsvettvangurinn eða þriðji aðili starfrækir.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 303, 14.11.2013, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 302, 18.11.2010, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 49, 19.2.2004, bls. 1.

- 8) Þegar aðildarríki tilnefna uppboðsvettvang verða þau að taka tillit til þess, í samræmi við h-lið 3. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010, að hve miklu marki viðunandi ráðstafanir eru gerðar til að uppboðsvettvangur verði að afhenda allar efnislegar og óefnislegar eignir sem nauðsynlegar eru til að uppboðsvettvangurinn sem tekur við geti haldið uppboð. Mæla ætti fyrir um slíkar ráðstafanir skýrt og tímanlega í útgönguáætlun sem uppboðsvaktari ætti að endurskoða. Allir uppboðsvettvangar, ekki einungis EEX sem Þýskaland útnefnir, ættu að móta slíka útgönguáætlun og taka fullt tillit til álits uppboðsvaktarans þar að lútandi.
- 9) Í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur ber að breyta ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010 sem varða innkaupferli til að tilnefna uppboðsvettvanga og uppboðsvaktara og halda uppboð.
- 10) Þar eð afhenda þarf losunarheimildir innan fimm daga frá uppboði og unnt er að eiga viðskipti með losunarheimildirnar sjálfar þarf ekki að vera unnt að eiga viðskipti með uppboðsvöruna.
- 11) Uppboðsvettvangi er skylt að hafa samráð við uppboðsvaktarann eftir þörfum. Svar við slíku samráði hefur í för með sér ábyrgð og skuldbindingar fyrir uppboðsvaktarann. Í því skyni að draga úr slíkri ábyrgð og skuldbindingum, einkum í brýnum málum, ætti uppboðsvettvangurinn sem leitar samráðsins að hafa heimild til að hefja fyrirhugaðar ráðstafanir áður en hann fær álit uppboðsvaktarans. Sú skylda uppboðsvettvangsins að taka fullt tillit til álits uppboðsvaktarans, þegar það er veitt, ætti að gilda áfram.
- 12) Einnig ætti að endurskoða ákvarðanatöku varðandi uppboðsalmanökin. Í fyrsta lagi er hvorki framkvæmanlegt né nauðsynlegt að taka ákvörðun varðandi uppboðsalmanökin svo snemma sem í febrúar og mars árið áður. Í öðru lagi ætti sá fjöldi sem bjóða á upp í ágúst að vera helmingur þess fjölda sem er boðinn upp í öðrum mánuðum, sem unnt er að ná fram með því að halda færri uppboð sem og að bjóða upp minni fjölda. Í þriðja lagi er fjöldinn ákvarðaður með 3. gr. d í tilskipun 2003/87/EB sem og hluti aðildarríkjanna af losunarheimildum vegna flugs, sem bjóða á upp, og í ákvæðunum í reglugerð (ESB) nr. 1031/2010 um árlegan fjölda losunarheimilda vegna flugs sem bjóða á upp ætti að taka til greina óvissu í tengslum við suma af þeim undirliggjandi þáttum sem ákvarða þennan fjölda og hluta. Auk þess er meiri sveigjanleiki við dreifingu á þeim fjölda losunarheimilda vegna flugs, sem bjóða á upp á tilteknu almanaksári, réttlætanlegur með hliðsjón af þeirri óvissu sem ríkir um niðurstöður alþjóðlegra samningaviðræðna. Í fjórða lagi, ef um er að ræða samfelldar niðurfellingar, ætti að dreifa losunarheimildunum á fleiri uppboð en næstu fjögur ráðgerðu uppboð. Að lokum ætti að bæta við ákvæðum um uppboðsalmanakið að því er varðar uppboð sameiginlega uppboðsvettvangsins fyrir aðildarríki sem kys að taka ekki þátt í sameiginlegu aðgerðinni en þarf að nota sameiginlega uppboðsvettvanginn meðan það bíður eftir tilnefningu á sínum eigin uppboðsvettvangi. Þessi ákvæði ættu að endurspeglu ákvæði um uppboðsalmanök sem uppboðsvettvangar, sem slík aðildarríki tilnefna, taka ákvörðun um.
- 13) Aðgangur að uppboðunum skal ekki háður því skilyrði að gerast meðlimur eða þátttakandi í eftirmarkaðnum sem uppboðsvettvangurinn skipuleggur eða nokkru öðru viðskiptatorgi sem er starfrækt af uppboðsvettvangi eða af þriðja aðila. Þessi krafa ætti að gilda um alla uppboðsvettvanga, ekki einungis um uppboðsvettvanga sem aðildarríki, sem ekki taka þátt í sameiginlegu aðgerðinni í því skyni að halda sameiginlega uppboðsvettvanga, tilnefna.
- 14) Uppboðsvettvangur getur boðið upp á eina eða fleiri aðrar aðgangsgleiðir að uppboðum sínum ef aðaladgangsgleiðin verður óaðgengileg af einhverjum orsökum, að því tilskildu að slíkar varaaðgangsgleiðir séu öruggar og áreiðanlegar og að notkun þeirra orsaki ekki mismunun á milli bjóðenda. Til að taka af allan vafa skal skýrt að aðildarríki geta krafist þess að uppboðsvettvangur bjóði annars konar leiðir af þessu tagi.
- 15) Það að hrinda í framkvæmd banni á aðildarríki sem greina aðilum, sem vinna fyrir uppboðshaldara, frá innherjaupplýsingum getur verið óraunhæft eða haft neikvæð áhrif á skilvirkni starfs tilnefnds uppboðshaldara eða aðila sem vinna fyrir uppboðshaldarann. Uppboðshaldarar gegna einungis takmörkuðu hlutverki við uppboðshald og fyrir hendi eru fjölbreyttar ráðstafanir til að draga úr áhættu á innherjasvikum, þ.m.t. ráðstafanir sem taka á aðstæðum þar sem uppboðshaldarinn eða aðilar sem vinna fyrir uppboðshaldarann hafa aðgang að innherjaupplýsingum. Í þessu samhengi er algert bann óhóflegt. Samt sem áður ættu aðildarríkin að bera ábyrgð á því að tryggja að tilnefndur uppboðshaldari hafi yfir að ráða viðeigandi ráðstöfunum til að koma í veg fyrir innherjasvik áður en þau upplýsa um slíkar innherjaupplýsingar.
- 16) Tilkynning aðildarríkis, sem tekur ekki þátt í sameiginlegri aðgerð í því skyni að halda sameiginlega uppboðsvettvanga í tengslum við uppboðsvettvanginn sem það ætlar sér að tilnefna, getur ekki innihaldið allt uppboðsalmanakið en ætti að innihalda þær upplýsingar sem máli skipta til að samræma uppboðsalmanök á síðari stigum.
- 17) Endurskoðun reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010 ætti að njóta góðs af skýrslu uppboðsvaktarans yfir uppboð, sem haldin voru árið 2014, sem búast má við að verði skilað í byrjun næsta árs á eftir.

- 18) Í reglugerð (ESB) nr. 1031/2010 er kveðið á um að uppboðsvettvangur verði að vera skipulegur markaður. Til að nýta viðeigandi reynslu og sérþekkingu og draga úr áhættu við framkvæmd uppboðanna er rétt að skýra að þetta ætti að vera skipulegur markaður og stjórnandi hans á að skipuleggja markað með losunarheimildir eða afleiður losunarheimilda.
- 19) Þar eð heimilt er að greiða uppboðsvaktara af uppboðstekjum getur verið æskilegt fyrir uppboðsvettvang að koma fram sem greiðslufulltrúi vegna kostnaðar uppboðsvaktarans.
- 20) Takmarkað innkaupaferli vegna tilnefningar uppboðsvaktarans hefur ekki endað með samningi sökum þess að enginn þátttakendanna lagði fram beiðni um að taka þátt í þessu sameiginlega innkaupaferli. Ný málsmeðferð mun þurfa að fjalla um flókin atriði, t.d. sem varða val á útboðsferli, form samningsins og nákvæma lýsingu á verkefnunum, sem tekur tíma að leysa úr. Þó að uppboðsvaktari sé ekki fyrir hendi hefur það þó ekki í för með sér áhættu í tengslum við uppboðshald að því marki að það eigi að stöðva þau meðan þess er beðið að vaktari sé tilnefndur.
- 21) Uppboðsvettvangur getur heimilað framlagningu rafrænnar umsóknar um leyfi til að leggja fram tilboð en ætti einnig að vera heimilt að gera kröfu um slíka framlagningu á pappírformi.
- 22) Ef um er að ræða að uppboðsvettvangur, sem aðildarríki, sem ekki tekur þátt í sameiginlegu aðgerðinni um að koma á sameiginlegum uppboðsvettvöngum, tilnefnir, getur ekki haldið uppboðin ætti viðkomandi aðildarríki að snúa sér til sameiginlega uppboðsvettvangsins varðandi uppboð á hluta aðildarríkisins af þeim fjölda losunarheimilda sem bjóða á upp. Það skal skýrt að fyrirkomulag milli sameiginlega uppboðsvettvangsins og uppboðshaldara sem þessi aðildarríki tilnefna verður að vera fyrir hendi áður en öll slík uppboð á sameiginlegum uppboðsvettvangi fara fram en eigi fyrr en þá.
- 23) Allir uppboðsvettvangar ættu að ákvarða útgönguáætlun og hafa samráð við uppboðsvaktarann þar að lútandi. Þessi skylda ætti ekki að gilda eingöngu um uppboðsvettvanga sem aðildarríki, sem ekki taka þátt í sameiginlegu aðgerðinni um að tilnefna sameiginlega uppboðsvettvanga, tilnefna.
- 24) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.
- 25) Samningurinn milli Þýskalands og EEX í hlutverki þess sem séruppboðsvettvangs á umbreytingatímabili fellur úr gildi í desember 2013. Til að tryggja að uppboð EEX haldi áfram að vera fyrirsjáanleg og á réttum tíma er brýnt að þessi reglugerð öðlist gildi sem fyrst.

- 26) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 1031/2010 til samræmis við það.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 1031/2010 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 1. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„1. Bjóða skal losunarheimildir til sölu á uppboðsvettvangi með stöðluðum, rafrænum samningum („uppboðsvaran“).“

- 2) Í stað 7. og 8. mgr. 7. gr. komi eftirfarandi:

„7. Fyrir upphaf uppboðs skal uppboðsvettvangurinn ákvarða hvaða aðferð skal nota við beitingu 6. mgr. eftir að haft hefur verið samráð við uppboðsvaktarann, ef hann er tilnefndur, og lögbæru landsyfirvöldin, sem um getur í 56. gr., hafa verið látin vita.

Viðkomandi uppboðsvettvangur getur breytt aðferðinni milli tveggja tilboðsglugga á sama uppboðsvettvangi. Hann skal án tafar tilkynna það uppboðsvaktaranum, ef hann er tilnefndur, og lögbærum landsyfirvöldum sem um getur í 56. gr.

Viðkomandi uppboðsvettvangur skal taka fullt tillit til álits uppboðsvaktarans, ef það er veitt.

8. Ef eitt eða fleiri uppboð eru felld niður hvert á eftir öðru skv. 5. eða 6. mgr. skal miðla þeim samanlagða fjölda losunarheimilda, sem bjóða áttu upp á þessum uppboðum, jafnt á næstu uppboð sem eru á áætlun á sama uppboðsvettvanginum.

Ef um er að ræða losunarheimildir sem falla undir III. kafla tilskipunar 2003/87/EB skal fjöldi uppboða, sem samanlögðum fjölda losunarheimilda sem bjóða á upp skal miðlað á, vera fjórfalt meiri en sá fjöldi uppboða sem felldur var niður.

Ef um er að ræða losunarheimildir sem falla undir II. kafla tilskipunar 2003/87/EB skal fjöldi uppboða, sem samanlögðum fjölda losunarheimilda sem bjóða á upp skal miðlað á, vera tvöfalt meiri en sá fjöldi uppboða sem felldur var niður.“

- 3) Ákvæðum 8. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Að höfðu samráði við uppboðsvaktarann, ef hann er tilnefndur, getur hver uppboðsvettvangur í undantekningartilvikum breytt tímasetningum tilboðsglugga með því að tilkynna það öllum aðilum sem geta orðið fyrir áhrifum af því. Viðkomandi uppboðsvettvangur skal taka fullt tillit til álits uppboðsvaktarans, ef það er veitt.“

b) Í stað 5. mgr. komi eftirfarandi:

„5. Þeim fjölda losunarheimilda, sem fellur undir III. kafla tilskipunar 2003/87/EB, sem bjóða á upp á uppboðsvettvanginum sem tilnefndur er skv. 1. eða 2. mgr. 26. gr., skal miðlað jafnt á uppboð á tilteknu ári, en þó þannig að fjöldinn sem boðinn er upp í ágúst ár hvert sé helmingurinn af þeim fjölda sem boðinn er upp á uppboðum aðra mánuði ársins.

Þeim fjölda losunarheimilda, sem fellur undir II. kafla tilskipunar 2003/87/EB, sem bjóða á upp á uppboðsvettvanginum sem tilnefndur er skv. 1. eða 2. mgr. 26. gr., skal að meginreglu til miðlað jafnt á uppboð á tilteknu ári, en þó þannig að fjöldinn sem boðinn er upp á uppboðum í ágúst ár hvert sé helmingurinn af þeim fjölda sem boðinn er upp á uppboðum aðra mánuði ársins.“

4) Í stað 9. gr. komi eftirfarandi:

„9. gr.

#### **Aðstæður sem geta komið í veg fyrir uppboðshald**

Með fyrirvara um beitingu reglnanna sem um getur í 58. gr., eftir því sem við á, getur uppboðsvettvangur felldur niður uppboð þegar truflun verður til þess að ekki er rétt staðið að uppboðinu eða ef líklegt er að truflun verði á því. Ef eitt eða fleiri uppboð eru felld niður hvert á eftir öðru skal miðla þeim samanlagða fjölda losunarheimilda, sem bjóða áttí upp á þessum uppboðum, jafnt á næstu uppboð sem eru á áætlun á sama uppboðsvettvanginum.

Ef um er að ræða losunarheimildir sem falla undir III. kafla tilskipunar 2003/87/EB skal fjöldi uppboða, sem samanlögðum fjölda losunarheimilda sem bjóða á upp skal miðlað á, vera fjórfalt meiri en sá fjöldi uppboða sem felldur var niður, hvert á eftir öðru.

Ef um er að ræða losunarheimildir sem falla undir II. kafla tilskipunar 2003/87/EB skal fjöldi uppboða, sem samanlögðum fjölda losunarheimilda sem bjóða á upp skal miðlað á, vera tvöfalt meiri en sá fjöldi uppboða sem felldur var niður, hvert á eftir öðru.“

5) Ákvæðum 11. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Uppboðsvettvangarnir, sem tilnefndir eru skv. 1. eða 2. mgr. 26. gr. þessarar reglugerðar, skulu ákvarða og birta upplýsingar um tilboðsglugga, fjölda í hverju tilviki og uppboðsdagsetningar, sem og um uppboðsvöruna, greiðslur og afhendingardaga fyrir losunarheimildirnar, sem falla undir III. kafla tilskipunar 2003/87/EB og bjóða á upp á einstökum uppboðum á hverju almanaksári, eigi síðar en 30. september árið á undan eða eins fljótt og unnt er eftir þá dagsetningu, að höfðu samráði við

framkvæmdastjórnina og að fengnu álitni hennar þar að lútandi. Viðkomandi uppboðsvettvangar skulu taka fullt tillit til álits framkvæmdastjórnarinnar.“

b) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Almanakið fyrir sérstök uppboð á losunarheimildum, sem falla undir III. kafla tilskipunar 2003/87/EB og eru haldin á öðrum uppboðsvettvangi en þeim sem tilnefndir eru skv. 1. eða 2. mgr. 26. gr. þessarar reglugerðar, skal ákvarðað og birt í samræmi við 32. gr. þessarar reglugerðar.

Ákvæði 32. gr. gilda einnig að því er varðar uppboð sem uppboðsvettvangurinn, sem er tilnefndur skv. 1. eða 2. mgr. 26. gr., heldur skv. annarri undirgrein 7. mgr. 30. gr.“

6) Í stað 12. gr. komi eftirfarandi:

„12. gr.

#### **Árlegur fjöldi uppboðinna losunarheimilda sem falla undir II. kafla tilskipunar 2003/87/EB**

1. Sá fjöldi losunarheimilda sem fellur undir II. kafla tilskipunar 2003/87/EB, sem bjóða á upp á hverju ári, skal vera 15% af væntanlegum fjölda þessara losunarheimilda sem eru í dreifingu á því ári. Ef sá fjöldi sem boðinn er upp á tilteknu ári er meiri eða minni en 15% af þeim fjölda sem er í raun settur í dreifingu á því ári skal leiðrétta magnið, sem á að bjóða upp á næsta ári, um sem nemur mismuninum. Allar losunarheimildir, sem á eftir að bjóða upp eftir síðasta ár viðskiptatímabils, skulu boðnar upp á fyrstu fjórum mánuðum næsta árs.

Taka skal tillit til þeirra losunarheimilda sem eftir eru í sérstaka varasjóðnum sem um getur í 3. gr. f í tilskipun 2003/87/EB þegar fjöldi losunarheimilda, sem bjóða á upp á síðasta ári hvers viðskiptatímabils, er ákveðinn.

2. Hlutfall losunarheimilda, sem fellur undir II. kafla tilskipunar 2003/87/EB og hvert aðildarríki fær til að bjóða upp á hverju almanaksári á tilteknu viðskiptatímabili, skal ákvarðað í samræmi við 3. mgr. 3. gr. d í þeirri tilskipun.“

7) Ákvæðum 13. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu undirgreinar 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Frá og með 2013 skulu uppboðsvettvangarnir, sem tilnefndir eru skv. 1. eða 2. mgr. 26. gr. þessarar reglugerðar, að jafnaði ákvarða og birta upplýsingar um tilboðsgluggana, fjöldann í hverju tilviki og uppboðsdagsetningarnar, sem og um uppboðsvöruna, greiðslur og afhendingardaga fyrir losunarheimildirnar, sem falla undir II. kafla tilskipunar 2003/87/EB og bjóða á upp á einstökum uppboðum á hverju almanaksári, eigi síðar en 30. september árið á undan eða eins fljótt og unnt er eftir þá dagsetningu, að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina og að fengnu álitni hennar þar að lútandi. Viðkomandi uppboðsvettvangar skulu taka fullt tillit til álits framkvæmdastjórnarinnar.“



- b) Eftirfarandi annar undirliður bætist við í 4. málsgrein:
- „Ákvæði 32. gr. gilda einnig að því er varðar uppboð sem uppboðsvettvangurinn, sem er tilnefndur skv. 1. eða 2. mgr. 26. gr., heldur skv. annarri undirgrein 7. mgr. 30. gr.“
- 8) Ákvæðum 16. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Eftirfarandi 1. mgr. a bætist við:
- „1a. Aðgangur að uppboðunum skal ekki háður því skilyrði að gerast meðlimur eða þátttakandi í eftirmarkaðnum sem uppboðsvettvangurinn skipuleggur eða nokkru öðru viðskiptatorgi sem er starfrækt af uppboðsvettvangi eða af þriðja aðila.“
- b) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:
- „3. Uppboðsvettvangur getur boðið upp á og aðildarríki geta krafist þess að uppboðsvettvangur bjóði upp á eina eða fleiri aðrar aðgangsléiðir að uppboðum sínum ef aðalaðgangsléiðin verður óðagengileg af einhverjum orsökum, að því tilskildu að slíkar varaaðgangsléiðir séu öruggar og áreiðanlegar og að notkun þeirra orsaki ekki mismunun á milli bjóðenda.“
- 9) Í stað a-liðar 1. mgr. 18. gr. komi eftirfarandi:
- „a) rekstraraðili eða umráðandi loftfars, sem hefur vörslureikning rekstaraðila eða vörslureikning umráðanda loftfara, gerir tilboð fyrir eigin reikning, þ.m.t. fyrir hönd móðurfélags, dótturfélags eða hlutdeildarfélags sem tilheyrir sama fyrirtækjahópi og rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars.“
- 10) Í stað 2. mgr. 20. gr. komi eftirfarandi:
- „2. Umsókn um leyfi til að leggja fram tilboð skv. 1. málsgrein skal lögð fram með því að leggja fram fullgerða umsókn hjá uppboðsvettvanginum. Viðkomandi uppboðsvettvangur skal bjóða upp á umsóknareyðublaðið og viðhalda því og aðganginum að því á Netinu.“
- 11) Ákvæðum 22. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:
- „3. Að því er varðar aðildarríki sem taka ekki þátt í sameiginlegu aðgerðunum sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 26. gr. skal tilnefningaraðildarríkið tilnefna uppboðshaldarann til að unnt sé að ganga frá og koma í framkvæmd nauðsynlegum samþykktum við uppboðsvettvangana sem eru tilnefndir skv. 1. og 2. mgr. 26. gr., þ.m.t. greiðslumiðlunarkerfi og uppgjörskerfi sem þeim tengjast, til að gera uppboðshaldaranum kleift að bjóða upp losunarheimildir fyrir hönd tilnefningaraðildarríkisins á slíkum uppboðsvettvöngum samkvæmt skilmálum og skilyrðum sem gagnkvæmt samkomulag er um, í samræmi við aðra undirgrein 7. mgr. 30. gr. og fyrstu undirgrein 8. mgr. 30. gr.“
- b) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:
- „4. Aðildarríkin skulu láta vera að greina aðilum sem vinna fyrir uppboðshaldara frá innherjaupplýsingum nema aðilinn sem starfar fyrir eða kemur fram fyrir hönd aðildarríkisins veiti slíkar upplýsingar á grundvelli vitneskjuþarfar sem telst vera eðlilegur liður í starfi hans, starfsgrein eða hlutverki og að viðkomandi aðildarríki sé þess fullvisst að uppboðshaldarinn hafi yfir að ráða viðeigandi ráðstöfunum til að koma í veg fyrir innherjasvik, í skilningi 28. mgr. 3. gr. eða eins og lagt er bann við með 38. gr., af völdum aðila sem vinnur fyrir uppboðshaldara, til viðbótar við þær ráðstafanir sem fyrirhugaðar eru í 1. og 2. mgr. 42. gr.“
- 12) Í stað þriðju undirgreinar 1. mgr. 24. gr. komi eftirfarandi:
- Ef uppboðsvaktarinn getur vegna óviðráðanlegra aðstæðna ekki sinnt verkefnum sínum, að fullu eða að hluta til, að því er varðar tiltekið uppboð getur viðkomandi uppboðsvettvangur ákveðið að halda uppboðið, að því tilskildu að hann geri viðeigandi ráðstafanir til að tryggja viðeigandi vöktun uppboðsins sjálfs. Framangreint ákvæði gildir einnig þar til fyrsti uppboðsvaktarinn, sem er tilnefndur skv. 2. mgr., hefur vöktun á viðkomandi uppboðum eins og nánar er tilgreint í samningnum þar sem hann er tilnefndur.“
- 13) Í stað 6. mgr. 25. gr. komi eftirfarandi:
- „6. Uppboðsvaktari skal gefa álit skv. 7. gr. (7. mgr.), 8. gr. (3. mgr.), 27. gr. (3. mgr.) og 31. gr. (1. mgr.) og eins og kveðið er á um í III. viðauka. Skila skal álitum innan hæfilegs tíma.“
- 14) Eftirfarandi 3. mgr. bætist við 27. gr.:
- „3. Innan þriggja mánaða frá dagsetningu tilnefningar skal uppboðsvettvangurinn leggja ítarlega útgönguáætlun sína fyrir framkvæmdastjórnina sem mun hafa samráð við uppboðsvaktarann þar að lútandi. Innan tveggja mánaða frá viðtöku álits uppboðsvaktarans skv. 6. mgr. 25. gr. skal uppboðsvettvangurinn endurskoða útgönguáætlun sína og, eftir því sem við á, breyta henni og taka fullt tillit til álitsins.“
- 15) Í stað c-liðar 6. mgr. 30. gr. komi eftirfarandi:
- „c) uppboðsvaran og allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar fyrir framkvæmdastjórnina til að meta hvort fyrirhugað uppboðsalmanak er samrýmanlegt við gildandi eða fyrirhugað uppboðsalmanak uppboðsvettvanganna, sem eru tilnefndir skv. 1. eða 2. mgr. 26. gr., sem og önnur uppboðsalmanök sem önnur aðildarríki, sem taka ekki þátt í sameiginlegu aðgerðinni sem kveðið er á um í 26. gr. heldur kjósa að tilnefna sína eigin uppboðsvettvanga, leggja til“.

## 16) Í stað 1. mgr. 31. gr. komi eftirfarandi:

„1. Uppboðsvettvangur sem tilnefndur er skv. 1. mgr. 30. gr. skal sinna sömu verkefnum og uppboðsvettvangurinn sem tilnefndur er skv. 1. mgr. 26. gr., eins og kveðið er á um í 27. gr.

Þó skal uppboðsvettvangur, sem er tilnefndur skv. 30. gr. (1. mgr.), undanþeginn ákvæðum 27. gr. (c-liður 1. mgr.) og skal leggja útgönguáætlunina, sem um getur í 27. gr. (3. mgr.), fyrir tilnefningaraðildarríkið sem skal hafa samráð við uppboðsvaktarann þar að lútandi.“

## 17) Í stað fyrstu undirgreinar 4. mgr. 32. gr. komi eftirfarandi:

„4. Uppboðsvettvangarnir, sem tilnefndir eru skv. 1. eða 2. mgr. 30. gr. þessarar reglugerðar, skulu ákvarða og birta upplýsingar um tilboðsglugga, fjölda í hverju tilviki og uppboðsdagsetningar, sem og um uppboðsvöruna, greiðslur og afhendingardaga fyrir losunarheimildirnar, sem falla undir II. og III. kafla tilskipunar 2003/87/EB og bjóða á upp á einstökum uppboðum á hverju almanaksári, eigi síðar en 31. október árið á undan eða eins fljótt og unnt er eftir þá dagsetningu. Viðkomandi uppboðsvettvangar skulu ganga frá sinni ákvörðun og birtingu einungis eftir að uppboðsvettvangar, sem tilnefndir eru skv. 26. gr. (1. eða 2. mgr.) þessarar reglugerðar, hafa gengið frá sinni ákvörðun og birtingu skv. 11. gr. (1. mgr.) og 13. gr. (1. mgr.) þessarar reglugerðar, nema slíkur uppboðsvettvangur hafi ekki enn verið tilnefndur. Viðkomandi uppboðsvettvangar skulu aðeins taka ákvörðun og gera hana opinbera að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina og að fengnu álitni hennar þar að lútandi. Viðkomandi uppboðsvettvangar skulu taka fullt tillit til álits framkvæmdastjórnarinnar.“

## 18) Í stað fyrstu undirgreinar 33. gr. komi eftirfarandi:

„Eftir afhendingu uppboðsvaktarans á árlegu, samsteyptu skýrslunni sem varðar uppboðin sem haldin eru árið 2014

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. nóvember 2013.

skal framkvæmdastjórnin endurskoða fyrirkomulagið sem kveðið er á um í þessari reglugerð, þ.m.t. rekstur allra uppboðsferlanna.“

## 19) Í stað 1. mgr. 35. gr. komi eftirfarandi:

„1. Einungis skal halda uppboð á uppboðsvettvangi sem er viðurkenndur sem skipulegur markaður þar sem rekstraraðilinn skipuleggur markað með losunarheimildir eða afleiður losunarheimilda.“

## 20) Í stað 2. mgr. 44. gr. komi eftirfarandi:

„2. Uppboðsvettvangur, ásamt greiðslumiðlunarkerfi eða -kerfum og uppgjörskerfi eða -kerfum sem tengjast honum, skal millifera greiðslurnar frá bjóðendum eða síðari handhöfum réttinda þeirra, sem koma til vegna uppboðs á losunarheimildum sem falla undir II. og III. kafla tilskipunar 2003/87/EB, til uppboðshaldaranna sem buðu upp viðkomandi losunarheimildir að undanskilinni upphæð sem farið er fram á að uppboðsvettvangurinn annist hlutverk greiðslufulltrúa fyrir að því er varðar uppboðsvaktarann.“

## 21) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við textann í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

## VIÐAUKI

Töflunni í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1031/2010 er breytt sem hér segir:

Eftirfarandi lína bætist við í 1. hluta á eftir heiti uppboðsvettvangsins sem Þýskaland tilnefndi:

„Lagagrundvöllur	2. mgr. 30. gr.“
------------------	------------------

Eftirfarandi lína bætist við í 2. hluta á eftir heiti uppboðsvettvangsins sem Breska konungsríkið tilnefndi:

„Lagagrundvöllur	1. mgr. 30. gr.“
------------------	------------------

Eftirfarandi 3. hluti bætist við:

<b>„Uppboðsvettvangar sem Þýskaland tilnefnir</b>		
3	Uppboðsvettvangur	European Energy Exchange AG (EEX)
	Lagagrundvöllur	1. mgr. 30. gr.
	Tilnefningartímabil	Í fyrsta lagi frá 15. nóvember 2013 þar til í síðasta lagi 14. nóvember 2018, með fyrirvara um aðra undirgrein 5. mgr. 30. gr.
	Skilyrði	Aðgangur að uppboðunum skal ekki háður því skilyrði að gerast meðlimur eða þátttakandi í eftirmarkaðnum sem EEX skipuleggur eða nokkru öðru viðskiptatorgi sem er starfrækt af EEX eða af þriðja aðila.
	Skyldur	<ol style="list-style-type: none"> <li>EEX skal leggja útgönguáætlun sína fyrir Þýskaland til umsagnar hjá uppboðsvaktaranum innan tveggja mánaða frá 15. nóvember 2013. Útgönguáætlunin skal vera með fyrirvara um þær skyldur sem lagðar eru á EEX samkvæmt samningi við framkvæmdastjórnina og aðildarríkin, sem er gerður skv. 26. gr., og réttindi framkvæmdastjórnarinnar og þessara aðildarríkja samkvæmt þeim samningi.</li> <li>EEX skal taka saman og viðhalda ítarlegri og uppfærðri skrá á vefsíðu sinni yfir meðlimi sem fá leyfi til að leggja fram tilboð, sem hafa leyfi til að leggja fram tilboð fyrir hönd lítilla og meðalstórra fyrirtækja og smálosenda, ásamt auðskiljanlegum, hagnýtum leiðbeiningum sem veita litlum og meðalstórum fyrirtækjum og smálosendum upplýsingar um hvaða ráðstafanir þarf að gera til að fá aðgang að uppboðunum gegnum slíka meðlimi.</li> <li>EEX skal tilkynna uppboðsvaktara um það umfang sem náðst hefur, þ.m.t. umfang landfræðilegrar útbreiðslu sem náðst hefur, innan sex mánaða frá upphafi uppboðanna eða tveggja mánaða frá því að uppboðsvaktari er tilnefndur, hvort sem síðar verður, og taka fullt tillit til ráðlegginga uppboðsvaktara hvað þetta varðar til að tryggja að skyldur þess skv. a- og b-lið 3. mgr. 35. gr. séu uppfylltar.</li> <li>Þýskaland skal tilkynna framkvæmdastjórninni um allar umtalsverðar breytingar á viðkomandi samningsbundnum tengslum við EEX, sem voru tilkynnt framkvæmdastjórninni 15. mars 2013 og tilkynnt nefndinni um loftslagsbreytingar 20. mars 2013.“</li> </ol>

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2013/28/ESB

2014/EES/36/38

frá 17. maí 2013

## um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB um úr sér gengin ökutæki

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB frá 18. september 2000 um úr sér gengin ökutæki <sup>(1)</sup>, einkum b-lið 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ákvæði a-liðar 2. mgr. 4. gr. í tilskipun 2000/53/EB banna notkun blýs, kvikasilfurs, kadmíums og sexgilds króms í smíðaeftum og íhlutum ökutækja sem sett eru á markað eftir 1. júlí 2003.
- 2) Í II. viðauka við tilskipun 2000/53/EB eru tilgreind smíðaefti og íhlutir ökutækja sem eru undanþegin banninu í a-lið 2. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar. Ökutæki, sem sett eru á markað áður en tiltekin undanþága fellur úr gildi og varahlutir fyrir slík ökutæki geta innihaldið blý, kvikasilfur, kadmíum eða sexgilt króm í smíðaeftum og íhlutum sem eru tilgreind í II. viðauka við tilskipun 2000/53/EB.
- 3) Í i-lið 8. liðar í II. viðauka er kveðið á um undanþágu fyrir blý í lóðningarefti í rafbúnað á rúðum, að frátöldu til lóðunar á lagskiptum rúðum, sem fellur úr gildi 1. janúar 2013.
- 4) Mat á tækni- og vísindafrámförum hefur sýnt á fram á að notkun blýs í búnaði sem fellur undir i-lið 8. liðar er óhjákvæmileg þar sem staðgönguefti eru enn ekki til staðar.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 39. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB <sup>(2)</sup>.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr:

Í stað II. viðauka við tilskipun 2000/53/EB komi texti viðaukans við þessa tilskipun.

2. gr:

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en þremur mánuðum eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr:

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr:

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. maí 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,  
forseti.*

José Manuel BARROSO

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 135, 22.5.2013, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 269, 21.10.2000, bls. 34.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3.

## VIÐAUKI

## „II. VIÐAUKI

## Smíðafni og íhlutir sem eru undanþegin a-lið 2. mgr. 4. gr.

Smíðafni og íhlutir	Gildissvið og hvaða dag undanþágan fellur úr gildi	Skulu merkt eða auðkennd í samræmi við iv. lið b-liðar 2. mgr. 4. gr.
<i>Blý sem hluti málmblendis</i>		
1(a) Stál, sem notað er til vinnslu, og lotuunnir, heitgalvanhúðaðir stálíhlutir sem innihalda allt að 0,35% af blýi miðað við þyngd		
1(b) Stálplötur galvanhúðaðar í samfelluhúðun (e. continuously galvanized) sem innihalda allt að 0,35% af blýi miðað við þyngd	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2016, og varahlutir í þessi ökutæki	
2(a) Ál, sem notað er til vinnslu, með blýinnihald sem er allt að 2%, miðað við þyngd	Sem varahlutir í ökutæki sem eru sett á markað fyrir 1. júlí 2005	
2(b) Ál með blýinnihald sem er allt að 1,5%, miðað við þyngd	Sem varahlutir í ökutæki sem eru sett á markað fyrir 1. júlí 2008	
2(c) Ál með blýinnihald sem er allt að 0,4%, miðað við þyngd	( <sup>1</sup> )	
3. Koparblendi sem inniheldur allt að 4% af blýi, miðað við þyngd	( <sup>1</sup> )	
4(a) Legubakkar og fódoringar	Sem varahlutir í ökutæki sem eru sett á markað fyrir 1. júlí 2008	
4(b) Legubakkar og fódoringar í vélar, girskiptingar og loftræstiþjoppur	1. júlí 2011 og varahlutir í ökutæki sem eru sett á markað fyrir 1. júlí 2011	
<i>Blý og blýsambönd í íhlutum</i>		
5. Rafgeymar	( <sup>1</sup> )	X
6. Titringsdeyfar	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2016, og varahlutir í þessi ökutæki	X
7(a) Súlfunarefni og stöðgarar í teygju-efnum í hemlaslögum, eldsneytis-slögum, loftræstislögum, teygju-efnum/málmhlutum í festingum á hlutum í undirvögnum og hreyfil-festingum	Sem varahlutir í ökutæki sem eru sett á markað fyrir 1. júlí 2005	
7(b) Súlfunarefni og stöðgarar í teygju-efnum í hemlaslögum, eldsneytis-slögum, loftræstislögum, teygju-efnum/málmhlutum í festingum á hlutum í undirvögnum og hreyfil-festingum, sem innihalda allt að 0,5% af blýi miðað við þyngd	Sem varahlutir í ökutæki sem eru sett á markað fyrir 1. júlí 2006	

Smíðaeefni og íhlutir	Gildissvið og hvaða dag undanþágan fellur úr gildi	Skulu merkt eða auðkennd í samræmi við iv. lið b-liðar 2. mgr. 4. gr.
7(c) Viðlöðunarefni fyrir teygjuefni í aflrásarbúnaði sem inniheldur allt að 0,5% af blýi, miðað við þyngd	Sem varahlutir í ökutæki sem eru sett á markað fyrir 1. júlí 2009	
8(a) Blý í lóðningarefni til að festa rafmagns- og rafeindaíhluti við prentplötur og blý í húðun á tengjum á íhlutum, öðrum en rafkleyfum álþéttum, á pinnum í íhlutum og á prentplötum	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2016, og varahlutir í þessi ökutæki	X <sup>(2)</sup>
8(b) Blý í lóðningarefni í rafbúnaði, annað en til lóðunar á prentplötur eða gler	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2011, og varahlutir í þessi ökutæki	X <sup>(2)</sup>
8(c) Blý í húðun á tengiklemmur á rafvökvapéttum úr áli	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2013, og varahlutir í þessi ökutæki	X <sup>(2)</sup>
8(d) Blý sem er notað til lóðunar á gler í loftmassaskynjurum	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2015, og varahlutir í slík ökutæki	X <sup>(2)</sup>
8(e) Blý í lóðningarefni með háu bræðslumarki (þ.e. málmblendi sem eru að stofni til úr blýi og styrkur blýs í þeim er 85% eða meiri)	(2)	X <sup>(2)</sup>
8(f) Blý í tengikerfi með sveigjanlegum pinnum	(2)	X <sup>1(2)</sup>
8(g) Blý í lóðningarefni til að koma á stöðugri raftengingu milli hálfleiðaraflögu og burðarefnis í samrásastöflum af viðsnúnum flögum	(2)	X <sup>1(2)</sup>
8(h) Blý í lóðningarefni til að festa varmadreifara við varmasveig í hálfleiðarasamsetningum með flögustærð sem er með a.m.k. 1 cm <sup>2</sup> ofanvarpsflöt og nafnþéttleika straums sem er a.m.k. 1 A/mm <sup>2</sup> af fleti kísilflögunnar	(2)	X <sup>(2)</sup>
8(i) Blý í lóðningarefni í rafbúnað á rúðum, að frátöldu til lóðunar á lagskiptum rúðum	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2016, og eftir þann dag sem varahlutir í þessi ökutæki	X <sup>(2)</sup>
8(j) Blý í lóðningarefni til lóðunar í lagskiptar rúður	(2)	X <sup>(2)</sup>

Smíðaeefni og íhlutir	Gildissvið og hvaða dag undanþágan fellur úr gildi	Skulu merkt eða auðkennd í samræmi við iv. lið b-liðar 2. mgr. 4. gr.
9. Ventilsæti	Sem varahlutir fyrir hreyflagerðir sem voru þróaðar fyrir 1. júlí 2003	
10(a) Rafmagns- og rafeindaíhlutir, sem innihalda blý, í gleri eða keramíki, í gleri eða uppistöðuefnasambandi úr keramíki, í efni úr glerkeramísku efni eða í uppistöðuefnasambandi glerkeramíks Þessi undanþága nær ekki yfir notkun á blýi í: — gler í perum og glerung í kertum, — rafefnakeramíkefni í íhlutum sem eru taldir upp í færslum 10(b), 10(c) og 10(d)		X <sup>(4)</sup> (í íhluti aðra en þrýstirafíhluti í hreyflum)
10(b) Blý í rafefnakeramíkefnum sem innihalda keramíkþrýstirafefni (e. piezoelectric ceramic material (PZT)) í þéttum sem eru hluti af samrásnum eða stökum hálfleiðurum		
10(c) Blý í rafefnakeramíkefnum í þéttum með málspennu sem er lægri en 125 V riðstraumur eða 250 V jafnstraumur	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2016, og varahlutir í þessi ökutæki	
10(d) Blý í rafefnakeramíkefnum í þéttum sem jafna út hitatengd frávik í skynjurum í úthljóðshljóðsjárkerfum (e. ultrasonic sonar system)	( <sup>3</sup> )	
11. Sprengihleðslur	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. júlí 2006, og varahlutir í þessi ökutæki	
12. Hitarafefni, sem innihalda blý, í rafbúnaði í vélknúnum ökutækjum til að draga úr losun á koltvísýringi með því að endurnýta útblástursvarma	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2019, og varahlutir í þessi ökutæki	X

*Sexgilt króm*

13(a) Tæringarvarnarhúð	Sem varahlutir í ökutæki sem eru sett á markað fyrir 1. júlí 2007	
13(b) Tæringarvarnarhúð fyrir bolta og rær til festingar á hlutum í undirvögnum	Sem varahlutir í ökutæki sem eru sett á markað fyrir 1. júlí 2008	

Smíðaeefni og íhlutir	Gildissvið og hvaða dag undanþágan fellur úr gildi	Skulu merkt eða auðkennd í samræmi við iv. lið b-liðar 2. mgr. 4. gr.
14. Sem tæringarvarnarefni í kolstáls-kælikerfinu í ísogskælum í húsbílum, upp að 0,75%, miðað við þyngd, í kænilausninni, nema notkun annarrar kælingartækni sé raunhæf (þ.e. fánleg á markaði til notkunar í húsbíla) og leiði ekki til neikvæðra áhrifa á umhverfið, heilbrigði og/eða öryggi neytenda		X

*Kvikasilfur*

15(a) Úrhlæðslulampar í aðalljósker	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. júlí 2012, og varahlutir í þessi ökutæki	X
15(b) Flúrperur sem eru notaðar í álestrarbúnaði í mælaborð	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. júlí 2012, og varahlutir í þessi ökutæki	X

*Kadmíum*

16. Rafgeymar fyrir rafknúin ökutæki	Sem varahlutir í ökutæki sem eru sett á markað fyrir 31. desember 2008	
--------------------------------------	--	--

(<sup>1</sup>) Endurskoða skal þessa undanþágu árið 2015.

(<sup>2</sup>) Sundurhlutun ef farið er yfir meðalviðmiðunarmörkin 60 grömm á ökutæki í tengslum við færslu 10(a). Að því er varðar beitingu þessa ákvæðis skal aðeins taka tillit til rafeindabúnaðar sem framleiðandi setur upp í framleiðslulínunni.

(<sup>3</sup>) Endurskoða skal þessa undanþágu árið 2014.

(<sup>4</sup>) Sundurhlutun ef farið er yfir meðalviðmiðunarmörkin 60 grömm á ökutæki í tengslum við færslur 8(a) til 8(j). Að því er varðar beitingu þessa ákvæðis skal aðeins taka tillit til rafeindabúnaðar sem framleiðandi setur upp í framleiðslulínunni.

*Athugasemdir:*

— Viðunandi hámarksstyrkur skal vera allt að 0,1%, miðað við þyngd og þegar um einsleitt efni er að ræða, fyrir blý, sexgilt króm og kvikasilfur, og allt að 0,01%, miðað við þyngd og þegar um einsleitt efni er að ræða, fyrir kadmíum.

— Endurnotkun ökutækjahluta, sem voru þegar á markaði er undanþága féll úr gildi, skal heimil án takmarkana þar eð hún fellur ekki undir a-lið 2. mgr. 4. gr.

— Varahlutir, sem settir eru á markað eftir 1. júlí 2003 sem notaðir eru í ökutæki sem sett eru á markað fyrir 1. júlí 2003, eru undanþegnir ákvæðum a-liðar 2. mgr. 4. gr. (\*).

(\*) Þetta ákvæði á ekki við um jafnvægisstillingarlóð fyrir hjól, kolbursta fyrir rafmagnshreyfla eða hemlaborða.“



## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 912/2013

2014/EES/36/39

frá 23. september 2013

um framkvæmd á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 452/2008 um gerð og þróun hagskýrslna um menntun og símenntun að því er varðar hagskýrslur um mennta- og starfsmenntakerfi (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 452/2008 frá 23. apríl 2008 um gerð og þróun hagskýrslna um menntun og símenntun <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 452/2008 er komið á fót sameiginlegum ramma fyrir kerfisbundna evrópska hagskýrslugerð á sviði menntunar og ævináms á þremur tilgreindum sviðum sem hrint verður í framkvæmd með hagskýrslu-aðgerðum.
- 2) Nauðsynlegt er að samþykkja ráðstafanir til að hrinda í framkvæmd sérstökum hagskýrslu-aðgerðum fyrir hagskýrslugerð um mennta- og starfsmenntakerfi, eins og þær falla undir svið 1 í reglugerð (EB) nr. 452/2008.
- 3) Við gerð og miðlun evrópskra hagskýrslna um mennta- og starfsmenntakerfi skulu innlend hagskýrslufyrirvöld og hagskýrslufyrirvöld á vettvangi Sambandsins hafa hliðsjón af meginreglunum sem settar eru fram í starfsreglum um evrópskar hagskýrslur sem nefndin um evrópska hagskýrslukerfið studdi í september 2011.
- 4) Í framkvæmdarráðstöfunum fyrir hagskýrslugerð um mennta- og starfsmenntakerfi ber að hafa hliðsjón af hugsanlegri byrði á menntastofnanir og einstaklinga og síðasta samkomulagi Hagskýrslustofnunar Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (e. *UIS*), Efnahags- og framfarastofnunarinnar (e. *OECD*) og framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) um hugtök, skilgreiningar, gagnavinnslu, tíðni og frest sem veittur er vegna afhendingar niðurstaðna.
- 5) Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (e. *UNESCO*) hefur endurskoðað þá útgáfu alþjóðlegru menntunarflokkunarinnar (e. *ISCED*) sem hingað til hefur verið notuð (frá 1997) með það markmið að tryggja samræmi við þróun í stefnu og skipulagi á menntun og þjálfun.
- 6) Vegna alþjóðlegs samanburðarhæfis hagskýrslna um menntamál er þess krafist að aðildarríkin og stofnanir Sambandsins noti menntunarflokkun sem samrýmist endurskoðuðu alþjóðlegru menntunarflokkuninni frá

2011 (hér á eftir nefnd „alþjóðlega menntunarflokkunin frá 2011“) sem aðildarríki að Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna samþykktu á 36. aðalráðstefnu sinni í nóvember 2011.

- 7) Bæta þarf gagnasöfnun frá stjórnsýsluheimildum og öðrum aðilum um hreyfanleika háskólanema á öllum námsstigum í því skyni að fylgjast með framvindu og greina áskoranir, sem og við að leggja sitt af mörkum til gagnreyndrar stefnumótunar.
- 8) Fella ber reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 88/2011 frá 2. febrúar 2011 um framkvæmd á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 452/2008 um gerð og þróun hagskýrslna um menntun og símenntun að því er varðar hagskýrslur um menntun og starfsmenntakerfi<sup>(2)</sup> úr gildi.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

**Efni**

Með þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 452/2008 að því er varðar söfnun, afhendingu og vinnslu hagskýrslugagna á sviði 1 um mennta- og starfsmenntakerfi.

2. gr.

**Viðfangsefni sem eiga í hlut og einkenni þeirra**

Setja skal val og lýsingu viðfangsefna, sem falla undir svið 1 um mennta- og starfsmenntakerfi, fram í I. viðauka, ásamt ítarlegri skrá um einkenni og sundurliðanir.

3. gr.

**Viðmiðunartímabil og afhending niðurstaðna**

1. Gögn um innritun, nýliða og starfsfólk skulu vísa til skólaársins, eins og það er skilgreint á innlendum vettvangi (ár  $t/t + 1$ ). Senda skal framkvæmdastjórninni (Hagstofa Evrópusambandsins) ársöggn um innritun, nýliða og starfsfólk fyrir 30. september á árinu  $t + 2$ . Fyrsta afhending gagna í september 2014 skal vísa til skólaársins 2012/2013, eins og það er skilgreint á innlendum vettvangi.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 252, 24.9.2013, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 105/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 145, 4.6.2008, bls. 227.

(2) Stjtið. ESB L 29, 3.2.2011, bls. 5.

2. Útskriftarnemar skulu vísa til skólaárs, eins og það er skilgreint á innlendum vettvangi (ár  $t/t + 1$ ) eða almanaksárs (ár  $t + 1$ ). Senda skal framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) ársöggn um útskriftarnema árlega fyrir 30. nóvember á árinu  $t + 2$ .

3. Fyrsta afhending gagna um útskriftarnema (önnur en gögn um útskriftarnema sem höfðu verið gistinemar með hreyfanlegar námseiningar alla námsdvöl sína) skal fara fram í nóvember 2014 og vísa til skólaársins 2012/2013, eins og það er skilgreint á innlendum vettvangi, eða almanaksársins 2013.

4. Fyrsta afhending gagna um útskriftarnema, sem höfðu verið gistinemar með hreyfanlegar námseiningar alla námsdvöl sína, skal fara fram í nóvember 2017 og vísa til skólaársins 2015/2016, eins og það er skilgreint á innlendum vettvangi, eða almanaksársins 2016.

5. Hreyfanlegir háskólanemar/útskriftarnemar skulu, burtséð frá ríkisfangi, skilgreindir með upprunalandi (forgangur vegna fyrri menntunar, gagnvart búsetu, gagnvart ríkisfangi). Afhenda skal gögn um „hreyfanlega háskólanema/útskriftarnema“ fyrir 2016 með því að nota innlenda skilgreiningu á „upprunalandi“. Frá 2016 skal nota þá skilgreiningu á upprunalandi að þar eigi í hlut landið þar sem framhaldsskólaprófi var lokið eða besta innlenda mat.

6. Gögn um útgjöld vegna menntamála skulu vísa til fjárhagsárs aðildarríkisins, eins og það er skilgreint á innlendum vettvangi (ár  $t$ ). Afhenda skal framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) ársöggn um útgjöld vegna menntamála og fjölda háskólanema, þar sem umfangið er aðlagð hagskýrslum um útgjöld vegna menntamála á hverju ári, fyrir 30. nóvember á árinu  $t + 2$ . Fyrsta afhending gagna í nóvember 2014 skal vísa til fjárhagsársins 2012.

4. gr.

#### Kröfur um gæði gagna og skýrslugjafarramma

1. Kröfur um gæði gagna og skýrslur með staðalgæðum um mennta- og starfsmenntakerfi skulu vera eins og sett er fram í II. viðauka.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. september 2013.

2. Aðildarríki skulu á hverju ári afhenda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) skýrslu í staðalgæðum í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í II. viðauka. Afhenda skal skýrslur í staðalgæðum ásamt alþjóðlegu menntunarflokkuninni, samþætta við innlendar áætlanir, menntun og hæfi, með því að nota sniðið sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) leggur til.

Fyrsta skýrslan skal vísa til gagnasöfnunarársins 2014 (skólaár 2012/2013). Afhenda skal framkvæmdastjórninni gæðaskýrsluna um viðmiðunartímabilin, sem mælt er fyrir um í 3. gr., fyrir 31. janúar á árinu  $t + 3$ .

3. Aðildarríki skulu afla nauðsynlegra gagna með samsetningu ýmissa heimilda, s.s. úrtakskannana, stjórnsýslugagna og annarra gagnalinda.

4. Aðildarríki skulu afhenda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) upplýsingar um aðferðirnar og gæði gagnanna frá öðrum heimildum en úrtakskönnunum og stjórnsýslugögnum sem um getur í 3. málsgrein.

5. gr.

#### Niðurfelling

Reglugerð (ESB) nr. 88/2011 er felld úr gildi.

6. gr.

#### Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

## I. VIÐAUKI

## Viðfangsefni sem eiga í hlut, ítarleg skrá um einkenni og sundurliðun þeirra

Gögn sem verða send eftir ISCED-stigum skulu vísa til alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar 2011. Gera skal aðgreininguna milli stefnumiða fræðimanna og sérfræðinga (6. og 7. flokks alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar á 2 stafa sundurliðunarstigi), sem hefur ekki verið nákvæmlega skilgreind í alþjóðlegu menntunarflokkuninni frá 2011 eins og aðildarríki að Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna samþykktu á 36. aðalráðstefnu sinni í nóvember 2011, í samræmi við ítarlegar leiðbeiningar fyrir gagnasöfnun Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna/Efnahags- og framfarastofnunarinnar/Hagstofu Evrópusambandsins um menntakerfi.

Gögn sem afhent verða eftir „sviðum menntunar“ skulu vísa til „Handbókar um svið menntunar og þjálfunar, útgáfu frá 1999“ og flokkunarinnar í „Svið alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar um menntun og þjálfun“ frá og með skólaárinu sem kemur í kjölfar samþykktar síðustu endurskoðuðu útgáfu þessarar flokkunar.

## Gögn um innritun

- Fjöldi nema, sem innritaðir eru á ISCED-stig 0 – 8 (0. og 2. flokkur alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar: 2 stafa sundurliðunarstig, 1. flokkur alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar: 1 stafa sundurliðunarstig, 3. – 7. flokkur alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar: 3 stafa sundurliðunarstig, 8. flokkur alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar: 1 stafa sundurliðunarstig), tegund stofnunar (opinber eða í einkaeigu), þátttökustyrkur (fullt nám, hlutanám, ígildi fulls náms) og kynferði. Afhending gagna til 1. flokks alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar er valkvæð,
- fjöldi nema, sem innritaðir eru á ISCED-stig 0 – 8 (0. og 2. – 5. flokkur alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar: 2 stafa sundurliðunarstig, 1. og 6. – 8. flokkur alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar: 1 stafa sundurliðunarstig), kynferði og aldur. Afhending gagna til 1. flokks alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar er valkvæð. Afhending gagna fyrir 6. og 7. flokk alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar með 2 stafa sundurliðunarstigi er valkvæð,
- fjöldi nema, sem innritaðir eru á ISCED-stig 3 – 8 (ISCED-stig 3 og 4: aðeins starfsþjálfun, 5. flokkur alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar: 2 stafa sundurliðunarstig, ISCED-stig 6 – 8: 1 stafa sundurliðunarstig), svið menntunar (3. sundurliðunarstig) og kynferði. Afhending gagna fyrir 6. og 7. flokk alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar með 2 stafa sundurliðunarstigi er valkvæð,
- fjöldi nema sem innritaðir eru í „sameinaðar náms- og vinnuáætlanir“ frá ISCED-stigum 3 – 5, aðeins starfsþjálfun, tegund stofnunar (opinber eða í einkaeigu), þátttökustyrkur (fullt nám, hlutanám, ígildi fulls náms) og kynferði,
- fjöldi háskólanema sem innritaðir eru á ISCED-stig 0 – 8 (alþjóðlega menntunarflokkunin 0 og 2 – 5: 2 stafa sundurliðunarstig, 1. og 6. – 8. flokkur alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar: 1 stafa sundurliðunarstig), flokkun hagskýrslusvæða 2<sup>(1)</sup> svæði og kynferði. Afhending gagna til 1. flokks alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar er valkvæð,
- samanlagður fjöldi háskólanema, sem innritaðir eru í ISCED-stig 0 – 8, samkvæmt flokkun hagskýrslusvæða 2<sup>(3)</sup> eftir svæðum, kynferði og aldri,
- fjöldi háskólanema, sem innritaðir eru á ISCED-stig 1 – 3 (1. og 2. flokkur alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar: 1 stafa sundurliðunarstig, 3. flokkur alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar: 2 stafa sundurliðunarstig) og erlent nútímamál sem numið var,
- fjöldi háskólanema, sem innritaðir eru á ISCED-stig 1 – 3 (1. og 2. flokkur alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar: 1 stafa sundurliðunarstig, 3. flokkur alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar: 2 stafa sundurliðunarstig) og fjöldi erlendra nútímamála sem numin voru.

## Gögn um nýliða

- Fjöldi nýliða, sem innritaðir eru á ISCED-stig 3 – 8 (3. – 5. flokkur alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar: 2 stafa sundurliðunarstig, 6. – 8. flokkur alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar: 1 stafa sundurliðunarstig), kynferði og aldur. Afhending gagna fyrir 6. og 7. flokk alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar með 2 stafa sundurliðunarstigi er valkvæð,
- fjöldi nýliða, sem innritaðir eru á ISCED-stig 3 – 8 (ISCED-stig 3 og 4: aðeins starfsþjálfun, 5. flokkur alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar: 2 stafa sundurliðunarstig, 6. – 8. flokkur alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar: 1 stafa sundurliðunarstig), kynferði og svið menntunar (2. sundurliðunarstig). Afhending gagna fyrir 6. og 7. flokk alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar með 2 stafa sundurliðunarstigi er valkvæð.

## Gögn um hreyfanleika háskólanema

- Fjöldi hreyfanlegra háskólanema, sem innritaðir eru eftir ISCED-stigum 5 – 8 (1 stafa sundurliðunarstig), sviði menntunar (3. sundurliðunarstig) og kynferði,
- fjöldi hreyfanlegra háskólanema, sem innritaðir eru eftir ISCED-stigum 5 – 8 (1 stafa sundurliðunarstig), upprunalandi og kynferði,
- fjöldi af gráðum hreyfanlegra útskriftarnema, sem innritaðir eru eftir ISCED-stigum 5 – 8 (1 stafa sundurliðunarstig), upprunalandi og kynferði. Afhending gagna fyrir 5. flokk alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar með 2 stafa sundurliðunarstigi er valkvæð,

(1) Flokkun hagskýrslusvæða stig 2 gildir um öll lönd nema Þýskaland og Bretland (flokkun hagskýrslusvæða stig 1).

- fjöldi útskriftarnema, sem höfðu verið gistinemar með „hreyfanlegar námseiningar“ í þrjá mánuði hið minnsta á námstíma sínum, eftir ISCED-stigum 5 – 8 (1 stafa sundurliðunarstig) og tegund hreyfanleikaáætlunar (ESB-áætlanir, aðrar alþjóðlegar/innlendar áætlanir, aðrar áætlanir). Afhending gagna fyrir 5. flokk alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar með 2 stafa sundurliðunarstigi er valkvæð. Afhending gagna til frekari sundurliðunar eftir tegundum hreyfanleika (námstímabil, starfsþjálfunarstöðvar) er valkvæð.
- fjöldi útskriftarnema sem höfðu verið gistinemar með „hreyfanlegar námseiningar“ í þrjá mánuði hið minnsta á námstíma sínum, eftir ISCED-stigum 5 – 8 (1 stafa sundurliðunarstig) og viðtökuland. Afhending gagna fyrir 5. flokk alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar með 2 stafa sundurliðunarstigi er valkvæð. Afhending gagna til frekari sundurliðunar eftir tegundum hreyfanleika (námstímabil, starfsþjálfunarstöðvar) er valkvæð.
- valkvæð afhending gagna um fjölda útskriftarnema, sem höfðu verið gistinemar með „hreyfanlegar námseiningar“ í mesta lagi þrjá mánuði á námstíma sínum, eftir ISCED-stigum 5–8 (5. flokkur alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar: 2 stafa sundurliðunarstig, 6. – 8. flokkur alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar: 1 stafa sundurliðunarstig), viðtökuland og tegund hreyfanleika (námstímabil, starfsþjálfunarstöðvar).

#### Gögn um útskriftarnema

- Fjöldi útskriftarnema, eftir ISCED-stigum 3 – 8 (3. – 7. flokkur alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar: 3 stafa sundurliðunarstig, 8. flokkur alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar: 1 stafa sundurliðunarstig), kynferði og aldur,
- fjöldi útskriftarnema, eftir ISCED-stigum 3 – 8 (ISCED-stig 3 og 4: aðeins starfsþjálfun, 5. flokkur alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar: 2 stafa sundurliðunarstig, 6. – 8. flokkur alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar: 1 stafa sundurliðunarstig), svið menntunar (3. sundurliðunarstig) og kynferði. Afhending gagna fyrir 6. og 7. flokk alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar með 2 stafa sundurliðunarstigi er valkvæð.

#### Gögn um starfsfólk

Afhenda skal gögn um kennara, eftir ISCED-stigum 0 – 4 með eftirfarandi sundurliðun: 0. flokkur alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar: 2 stafa sundurliðunarstig, 1. og 2. flokkur alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar: 1 stafa sundurliðunarstig, 3. og 4. flokkur alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar: 2 stafa sundurliðunarstig. Afhenda skal gögn um starfsfólk menntastofnana eftir samanlægðum 5. – 8. flokki alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar. Afhending gagna til 1. flokks alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar er valkvæð. Afhending samanlagðra gagna um fræðimenn fyrir 5. – 8. flokk alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar og samanlögð ISCED-stig 5 – 8 sérfræðinga er valkvæð:

- fjöldi kennara (eftir ISCED-stigum 0 – 4) og starfsfólks menntastofnana, eftir kynferði og aldursflokkum,
- fjöldi kennara (eftir ISCED-stigum 0 – 4) og starfsfólks menntastofnana, eftir tegundum stofnana (opinber eða í einkaeigu), atvinnustaða (fullt starf, hlutastarf, ígildi fulls starfs) og kynferði,
- fjöldi háskólanema, sem innritaðir eru með aðlögun við gögn um starfsfólk kennslustofnana, á ISCED-stigum 0 – 8 (0., 3. og 4. flokkur alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar: 2 stafa sundurliðunarstig, 1. og 2. flokkur alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar: 1 stafa sundurliðunarstig, samanlagðir 5. – 8. flokkur alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar), tegund stofnunar (opinber eða í einkaeigu), þáttökustyrkur (fullt starf, hlutastarf, ígildi fulls starfs). Afhending gagna til 1. flokks alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar er valkvæð. Afhending samanlagðra gagna um fræðimenn fyrir 5. – 8. flokk alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar og samanlögð ISCED-stig 5 – 8 sérfræðinga er valkvæð,
- valkvæð afhending gagna um fjölda starfsmanna í stjórnunarstöðum á skólastigi eftir ISCED-stigum 0 – 3 (1 stafa sundurliðunarstig), atvinnustaða (fullt starf, hlutastarf, ígildi fulls starfs) og kynferði.

#### Gögn um útgjöld til menntamála og fjölda háskólanema þar sem umfangið er aðlagð útgjöldum til menntamála

Afhenda skal gögn um útgjöld til menntamála og fjölda háskólanema þar sem umfangið er aðlagð hagskýrslum um útgjöld vegna menntamála fyrir ISCED-stig 0 – 8 í samræmi við eftirfarandi sundurliðun: 0. flokkur alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar: 2 stafa sundurliðunarstig (valkvæður 1. flokkur alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar), 1. og 2. flokkur alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar: 1 stafa sundurliðunarstig, samanlagðir 3. og 4. flokkur alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar við 2 stafa sundurliðunarstig (almennt stig, starfsþjálfunarstig), 5. flokkur alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar: 1 stafa sundurliðunarstig, samanlagðir 6. – 8. flokkur alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar. Afhending samanlagðra gagna um fræðimenn fyrir 5. – 8. flokk alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar og ISCED-stig 5 – 8 samanlagðra sérfræðinga eru valkvæð. Valkvæð sundurliðun er fyrir öll gögn um útgjöld til menntamála fyrir einkareknar stofnanir yfir í einkareknar stofnanir á framfæri hins opinbera og sjálfstæðar einkareknar stofnanir. útgjöld vegna rannsókna og þróunar gilda aðeins um háskólastig:

- útgjöld vegna menntamála eftir ISCED-stigi, uppruni fjármagns og tegund færslna:
  - uppruni útgjalda: útgjöld hins opinbera (miðlæg, svæðisbundin og staðbundin), fjármunir frá alþjóðlegum stofnunum og öðrum erlendum aðilum, útgjöld við heimilishald og vegna annarra einkaaðila,
  - tegundir færslna fyrir útgjöld hins opinbera: bein útgjöld vegna opinberra stofnana, bein útgjöld vegna einkarekinna stofnana, heildartala beinna útgjalda fyrir allar tegundir menntastofnana (þar af: bein

útgjöld vegna fjármagns, hliðarstarfsemi eða vegna rannsóknar- og þróunarstarfa), yfirfærslur (hreinar) til héraðsstjórna, yfirfærslur (hreinar) til sveitarfélaga, námsstyrkir og aðrir styrkir til háskólanema/heimila, námslán, yfirfærslur og greiðslur til annarra einkarekinna stofnana,

- tegundir færslna á fjármunum frá alþjóðlegum stofnunum og öðrum erlendum aðilum: beinar alþjóðlegar greiðslur til allra tegunda stofnana (þar af: greiðslur vegna útgjalda til rannsókna og þróunar), yfirfærslur frá alþjóðlegum aðilum til allra stiga hins opinbera; valkvæðar: beinar alþjóðlegar greiðslur til einkarekinna stofnana, yfirfærslur frá alþjóðlegum aðilum til ríkisstjórna, héraðsstjórna og sveitarstjórna,
- tegundir færslna vegna útgjalda heimila: greiðslur (hreinar) til opinberra stofnana, greiðslur (hreinar) til einkarekinna stofnana, greiðslur fyrir kennsluefni og þjónustu, aðra en til kennslustofnana; valkvæðar: gjöld greidd til stofnana fyrir hliðarstarfsemi, greiðslur fyrir vörur sem kennslustofnanir höfðu óskað eftir, beint eða óbeint, greiðslur fyrir vörur sem komu ekki beinlínis að notum við þátttökuna, greiðslur vegna einkakennslu,
- tegundir færslna fyrir útgjöld annarra einkaaðila: greiðslur til opinberra stofnana, greiðslur til einkarekinna stofnana, greiðslur til allra tegunda stofnana (þar af: greiðslur til annarra einkaaðila fyrir útgjöld vegna rannsókna og þróunar), námsstyrkir og aðrir styrkir til háskólanema/heimila, námslán; valkvæðar: greiðslur til einkafyrirtækja fyrir sérstaka kennslustarfsemi, gjöld greidd til stofnana fyrir hliðarstarfsemi,
- útgjöld vegna menntamála eftir ISCED-stigi, eðlis- og tekjuflokki. Eðli útgjalda: útgjöld opinberra stofnana og einkarekinna stofnana. Tekjuflokkar: núverandi útgjöld vegna þóknunar starfsfólks, önnur núverandi útgjöld, útgjöld vegna fjármagns, aðlaganir vegna breytinga á tekjuafgangi, útgjöld vegna hliðarstarfsemi og rannsóknar- og þróunarstarfa. Til er valkvæð sundurliðun á núverandi útgjöldum vegna þóknunar starfsfólks: kennarar, annað starfsfólk sem sinnir kennslustörfum, stjórnun, sérfræðistörfum og stuðningsverkum, laun, útgjöld vegna eftirlauna, önnur þóknun sem fellur ekki undir laun,
- fjöldi nemenda þar sem umfangið er aðlagð hagskýrslum um útgjöld vegna menntamála fyrir ISCED-stig, tegund stofnunar og þátttökustyrk. Tegundir stofnana: opinberar stofnanir og einkareknar stofnanir. Þátttökustyrkur: fullt nám, hlutanám, ígildi fulls náms.

*II. VIÐAUKI***Kröfur um gæði gagna og staðalgæði skýrslugjafar****Kröfur um gæði gagna**

Kröfur um gæði gagna fyrir gögn um mennta- og starfsmenntakerfi vísa til gæðastaðla evrópska hagskýrslukerfisins<sup>(1)</sup> sem ná yfir mikilvægi, nákvæmni, tímanleika og stundvísi, aðgengi og skýrleika, samanburðarhæfi og samræmi.

Gögnin skulu einkum fylgja skilgreiningum og hugtökum, eins og þau koma fyrir í ítarlegum leiðbeiningum fyrir gagnasöfnun Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna/Efnahags- og framfarastofnunarinnar/Hagstofu Evrópusambandsins um menntakerfi.

**Stöðluð skýrsla um gæði gagna**

Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal á hverju ári afhenda aðildarríkjunum staðlaða skýrslu um gæði gagna, með þriggja mánaða fyrirvara fyrir afhendingarfrestinn, sem um getur í 2. mgr. 4. gr., að hluta til útfyllta fyrirfram með upplýsingum sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) hafði þegar undir höndum. Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) í té fullgerðu gæðaskýrslurnar sem um getur í 2. mgr. 4. gr.

Staðlaða skýrslan um gæði gagna skal skjalfesta hlítinu við þætti er varða mikilvægi, nákvæmni, tímanleika og stundvísi, aðgengi og skýrleika, samanburðarhæfi og samræmi.

Skýrslan um gæði gagna skal einkum skjalfesta hlítinu á skilgreiningum og hugtökum eins og þau voru nefnd í ítarlegum leiðbeiningum fyrir gagnasöfnun Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna/Efnahags- og framfarastofnunarinnar/Hagstofu Evrópusambandsins um menntakerfi.

Skjalfesta og útskýra skal frávik, og ákveða fjölda þeirra ef unnt er, frá skilgreiningum og hugtökum eins og þau voru nefnd í ítarlegum leiðbeiningum fyrir gagnasöfnun Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna/Efnahags- og framfarastofnunarinnar/Hagstofu Evrópusambandsins um menntakerfi.

Aðildarríki skulu einkum láta í té lýsingu á heimildum sem notaðar voru á því breytustigi sem lýst er í I. viðauka, og notkun áætlana og endurskoðana skal greinilega auðkennd á stigi taflna og sundurliðana.

---

<sup>(1)</sup> Evrópska hagskýrslukerfið.

## REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 1260/2013

2014/EES/36/40

frá 20. nóvember 2013

um lýðfræðilegar hagtölur í Evrópu (\*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS  
Hafa,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 338. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð<sup>(1)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 4. mgr. 16. gr. sáttmálans um Evrópusambandið (e. *TEU*), frá og með 1. nóvember 2014, mun aukinn meirihluti fulltrúa í ráðinu meðal annars verða skilgreindur á grundvelli fólksfjölda í aðildarríkjunum.
- 2) Efnahags- og fjármálaráðið veitir efnahagsstefnufundinni reglulega umboð til að meta langtíma sjálfbærni og gæði fjármála hins opinbera á grundvelli fólksfjöldaspáa sem Hagstofa Evrópusambandsins tekur saman.
- 3) Í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1059/2003 <sup>(2)</sup> eiga allar hagskýrslur, sem sendar eru framkvæmdastjórninni um aðildarríkin og eru sundurliðaðar eftir svæðisbundnum einingum, að notast við NUTS-flokkunina. Af þessum sökum ætti að skilgreina svæðisbundnar einingar í samræmi við NUTS-flokkunina til að koma á fót sambærilegum svæðishagskýrslum.
- 4) Framkvæmdastjórnin á, í samræmi við aðra málsgrein 175. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (e. *TFEU*), að leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina á þriggja ára fresti um það hvernig miðar að því að

ná efnahagslegri samheldni, félagslegri samheldni og samheldni milli svæða. Árleg svæðisgögn á vettvangi NUTS 3-svæða eru nauðsynleg fyrir undirbúning þessara skýrslna og til að fylgjast reglulega með lýðfræðilegri þróun og mögulegum lýðfræðilegum áskorunum í framtíðinni á svæðum í Sambandinu, þ.m.t. á ólíkum tegundum svæða eins og landamærsvæðum, stórborgarsvæðum, og svæðum í dreifbýli, í fjalllendi og á eyjum. Hagstofu Evrópusambandsins ber skylda til að útbúa reglulega svæðisbundnar spár, þar sem lýðfræðileg öldrun er greinilega mismunandi eftir svæðum, til að bæta við lýðfræðilega mynd af NUTS 2-svæðunum í Sambandinu.

- 5) Framkvæmdastjórnin mun ár hvert, í samræmi við 159. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, taka saman skýrslu um hvernig miðar að ná markmiðum 151. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, þ.m.t. um lýðfræðilega stöðu mála í Sambandinu.
- 6) Framkvæmdastjórnin, í orðsendingu sinni frá 20. október 2009 undir yfirskriftinni „Samábyrgð í heilbrigði: dregið úr ójfnuði í heilbrigðismálum innan Evrópusambandsins“, studdi frekari þróun og söfnun gagna og frekari þróun heilsufarslegra vísbenda eftir aldri, kyni, félagslegri og hagrænni stöðu og landfræðilegum þáttum.
- 7) Áætlun Sambandsins um sjálfbæra þróun, sem leiðtogaráðið ýtti af stað í Gautaborg 2001 og endurnýjaði í júní 2006, hefur það markmið að halda áfram að bæta lífsgæði núverandi kynslóða og þeirra komandi. Vöktunarskýrsla framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins), sem er gefin út á tveggja ára fresti, veitir hlutlæga tölfræðilega mynd af framförum, byggða á vísbendum Sambandsins um sjálfbæra þróun.
- 8) Árlegar lýðfræðilegar hagtölur eru grundvöllur rannsóknar og skilgreiningar á margvíslegum stefnumálum, einkum að því er varðar félags- og efnahagslega þætti á landsvísi og einstaka svæðum. Hagskýrslur um fólksfjölda eru mikilvægur deilistuðull fyrir margs konar stefnuvísa.
- 9) Í stefnumótandi markmiðum H.3. í IV. kafla Peking-aðgerðaáætlunarinnar (1995) er myndaður viðmiðunarrammi fyrir kynslóðina og miðlun kyngreindra gagna og upplýsinga af skipulagslegum og stefnumatslegum ástæðum.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 330, 10.12.2013, bls. 39. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, bíður birtingar.

<sup>(1)</sup> Afstaða Evrópuþingsins frá 22. október 2013 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 15. nóvember 2013.

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1059/2003 frá 26. maí 2003 um að taka upp sameiginlega flokkun hagskýrslusvæða (NUTS) (Stjtið. ESB L 154, 21.6.2003, bls. 1).

- 10) Lýðfræðilegar hagtölur mynda mikilvægan þátt í áætlunum um heildarmannfjölda í ramma evrópska þjóðhagsreikningakerfisins. Mikilvægt er að uppfæra og endurskoða gögn þegar komið er á fót hagskýrslum á evrópskum vettvangi.
- 11) Byggja ætti notuðu gögnin á sömu hugtökum til að tryggja gæði og einkum sambærileika gagna sem aðildarríkin veita og til að taka meg saman áreiðanleg gögn á vettvangi Sambandsins og ætti að vísa til sömu viðmiðunardagsetningar eða tímabils.
- 12) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 <sup>(3)</sup> er kveðið á um tilvísunarramma fyrir lýðfræðilegar hagtölur í Evrópu. Þar er einkum krafist reglufylgni við meginreglur faglegs óhæðis, óhlutdrægni, hlutlægni, áreiðanleika, trúnaðarkvaða í hagskýrslum og kostnaðarhagkvæmni.
- 13) Lýðfræðiupplýsingunum ber að vera í samræmi við viðkomandi upplýsingar sem safnað var saman samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 862/2007 <sup>(4)</sup> og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 763/2008 <sup>(5)</sup>. Í þessu skyni ber að meta vísindalega grundvallaðar og vandlega skráðar tölfræðilegar áætlanaaðferðir og hvetja til notkunar á þeim.
- 14) Innlend og evrópsk hagskýrslufyrirvöld og, eftir atvikum, viðkomandi innlend og svæðisbundin yfirvöld ættu, við þróun og samantekt evrópskra hagskýrslna og miðlun þeirra, að hafa hliðsjón af meginreglunum sem greint er frá í Starfsreglum um evrópskar hagskýrslur, eins og nefndin um evrópska hagskýrslukerfið endurskoðaði og uppfærði þær 28. september 2011.
- 15) Reglugerð þessi ábyrgist að tekið sé tillit til réttar til einkalífs og fjölskyldu og til verndar persónuupplýsinga eins og fram kemur í 7. og 8. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.

<sup>(3)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 frá 11. mars 2009 um evrópskar hagskýrslur og niðurfellingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB, KBE) nr. 1101/2008 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalaganna, reglugerðar ráðsins (EB) nr. 322/97 um hagskýrslur Bandalagsins og ákvörðunar ráðsins 89/382/EBE, KBE um að koma á fót hagskýrsluáætlunarnefnd Evrópubandalaganna (Stjtið. ESB. L 87, 31.3.2009, bls. 164).

<sup>(4)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 862/2007 frá 11. júlí 2007 um hagskýrslur Bandalagsins um fólksflutninga og alþjóðlega vernd og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 311/76 um tölfræðilega skráningu erlends vinnuafls (Stjtið. ESB. L 199, 31.7.2007, bls. 23).

<sup>(5)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 763/2008 frá 9. júlí 2008 um manntal og húsnæðistal (Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 14).

- 16) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB <sup>(6)</sup> og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 <sup>(7)</sup> gilda að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga með skírskotun til þessarar reglugerðar.
- 17) Sambandinu er heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, eins og segir í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, þar eð aðildarríkin geta ekki með fullnægjandi hætti náð því markmiði sem reglugerðin felur í sér, þ.e. að setja sameiginlegan lagaramma um kerfisbundnar lýðfræðilegar hagtölur í Evrópu og því auðveldara að ná markmiðinu á vettvangi Bandalagsins vegna umfangs aðgerðarinnar eða áhrifa. Í samræmi við meðalhöfsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar reglugerðar ekki lengra en nauðsynlegt er til að þessu markmiði verði náð.
- 18) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar skal framkvæmdastjórninni falið framkvæmdarvald. Þessu valdi ber að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 <sup>(8)</sup>.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

##### Efni

Með þessari reglugerð er settur sameiginlegur lagarammi um þróun, gerð og miðlun evrópskra hagskýrslna um fólksfjölda og lýðfræðilegar breytingar.

##### 2. gr.

##### Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka eins og hér segir:

- a) „innlendur“ vísar til yfirráðasvæðis aðildarríkis í skilningi reglugerðar (EB) nr. 1059/2003, gildandi á viðmiðunartímanum,

<sup>(6)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

<sup>(7)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

<sup>(8)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).



- b) „svæðisbundinn“: NUTS 1, NUTS 2 eða NUTS 3 í skilningi reglugerðar (EB) nr. 1059/2003, gildandi á viðmiðunartímanum; „svæðisbundinn“: hagskýrslusvæði 1, 2, 3, ef þetta hugtak er notað í tengslum við lönd sem standa utan Sambandsins, eins og samið er um milli þessara landa og framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) á viðmiðunartímanum,
- c) „íbúar með fasta búsetu“: allir einstaklingar sem búa að jafnaði í aðildarríkinu á viðmiðunartímanum,
- d) „föst búseta“: sá staður þar sem einstaklingur ver venjulega daglegum hvíldartíma sínum, án tillits til tímabundinna fjarvista vegna tómsunda, leyfa, heimsóknna til vina og ættingja, viðskipta, lækni meðferðar eða trúarlegra píligrimsferða. Einungis eftirfarandi aðilar skulu teljast hafa fasta búsetu á tilgreindu landsvæði:
- þeir sem hafa haft fasta búsetu á sama stað samfelld í 12 mánuði hið minnsta fyrir viðmiðunartímann, eða
  - þeir sem hafa flutt á fastan búsetustað sinn á undangengnum 12 mánuðum fyrir viðmiðunartímann með þá fyrirætlan að búa þar í eitt ár hið minnsta.

Ef ekki er unnt að staðfesta þær aðstæður, sem lýst er í i.- eða ii.-lið, er heimilt að túlka „fasta búsetu“ þannig að hún merki þann stað þar sem aðili hefur lögheimili eða skráða búsetu, nema að því er varðar 4. gr.

Aðildarríkin skulu, við beitingu á skilgreiningu „fastrar búsetu“, meðhöndla sérstök tilfelli í samræmi við viðaukann við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar<sup>(9)</sup>,

- e) „lifandi fæðing“: fæðing barns sem andar og gefur frá sér annað lifsmark svo sem hjartslátt, æðaslátt í naflastreng eða aðrar ákveðnar hreyfingar í viljastýrðum vöðvum (e. *voluntary muscles*), án tillits til meðgönguvalds,
- f) „dauði“: varanlegt hvarf allra vísbendinga um líf á einhverjum tíma eftir að lifandi fæðing hefur átt sér stað (stöðvun á lífsnauðsynlegri starfsemi eftir fæðingu án möguleika á endurlífgun),
- g) „lýðfræðilegar breytingar“: lifandi fæðingar og dauði, eins og viðkomandi er skilgreint í e- og f-lið.

### 3. gr.

#### Gögn um fólksfjölda og lýðfræðilegar breytingar

1. Aðildarríki skulu veita framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) gögn um íbúa með fasta búseta innan

<sup>(9)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1201/2009 frá 30. nóvember 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 763/2008 um manntal og húsnæðistal að því er varðar tækniforskriftir efnisþáttanna og sundurliðanir þeirra (Stj.útd. ESB L 329, 15.12.2009, bls. 29).

þeirra á viðmiðunartímanum. Veittu gögnin skulu ná yfir íbúafjölda eftir aldri, kyni og búsetusvæði.

2. Aðildarríki skulu veita framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) gögn um lýðfræðilegar breytingar sem gerðust á viðmiðunartímabilinu. Aðildarríki skulu nota sömu skilgreiningu á mannfjölda og þau nota fyrir gögnin sem um getur í 1. mgr. Veittu gögnin skulu ná yfir eftirfarandi breytur:

- lifandi fæðing eftir kyni, mánuðinum þegar viðkomandi atburður átti sér stað, hvar fætt barn er í röð systkina, fæðingarlandi móður, ríkisfangslandi móður og búsetusvæði hennar,
- dauði eftir aldri, kyni, fæðingarári, búsetusvæði, fæðingarlandi, ríkisfangslandi og mánuðinum þegar atburðurinn á sér stað.

3. Aðildarríki skulu nota sömu skilgreiningar á fólksfjölda fyrir „innlendan“ og „svæðisbundinn“ vettvang, eins og viðkomandi skilgreiningar hljóða í þessari reglugerð.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir sem mæla fyrir um samræmd skilyrði til að sundurliða gögnin sem um getur í 1. og 2. mgr. fyrir tímamörk og endurskoðun gagna. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 10. gr.

### 4. gr.

#### Heildarmannfjöldi í tilteknum tilgangi Sambandsins

1. Aðildarríki skulu veita framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) gögn um heildarmannfjölda á landsvísi á viðmiðunartímanum að því er varðar aukinn meirihluta sem kýs í ráðinu og í samræmi við c-lið 2. gr., innan átta mánaða frá lokum viðmiðunarársins.

2. Aðildarríkjum er heimilt að áætla heildarmannfjöldann sem um getur í 1. mgr. út frá löglega búsettum einstaklingum eða skráðum mannfjölda með vísindalega grundvölluðum, vandlega skráðum og aðgengilegum tölfræðilegum áætlanaaðferðum.

### 5. gr.

#### Tíðni og viðmiðunartími

1. Aðildarríki skulu árlega veita framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) gögn um mannfjölda þeirra og um lýðfræðilegar breytingar þeirra á undangengnu ári, eins og um getur í 1. mgr. 3. gr. og í a- og b-lið 2. mgr. 3. gr.

2. Aðildarríki skulu árlega veita framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) gögn um heildarmannfjölda á landsvísi eins og um getur í 4. gr.

3. Í þessari reglugerð er „viðmiðunartími“ annaðhvort viðmiðunardagsetningin sem um getur í 4. mgr. eða viðmiðunartímabilið sem um getur í 5. mgr., eins og við á.

4. Viðmiðunardagsetningin fyrir mannfjöldagögn skal vera lokadagur viðmiðunartímabilsins (á miðnætti 31. desember). Fyrsta viðmiðunardagsetningin skal vera á árinu 2013 og síðasta viðmiðunardagsetningin skal vera á árinu 2027.

5. Viðmiðunartímabilið fyrir gögn um lýðfræðilegar breytingar skal vera almanaksárið þegar atburðirnir áttu sér stað. Fyrsta viðmiðunartímabilið skal vera 2013 og síðasta viðmiðunartímabilið skal vera 2027.

6. gr.

#### Miðlun gagna og lýsigagna

Aðildarríki skulu gera aðgengileg fyrir framkvæmdastjórnina (Hagstofu Evrópusambandsins) þau gögn og lýsigögn sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð í samræmi við gagnaskiptistaðla sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) tilgreinir fyrir gögn og lýsigögn. Aðildarríki skulu annaðhvort veita þessi gögn og lýsigögn fyrir milligöngu miðlægrar gagnagrunnsþjónustu svo að framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) geti sótt þau eða senda þeim þau með því að nota miðlæga gagnagrunnsþjónustu.

7. gr.

#### Gagnagjafar

Skjölín skulu grundvölluð á gagnagjöfum sem aðildarríkið velur í samræmi við innlend lög og venjur. Nota skal vísindalega grundvallaðar og vandlega skráðar tölfraðilegar áætlanaaðferðir þegar við á.

8. gr.

#### Hagkvæmniathuganir

1. Aðildarríki skulu framkvæma hagkvæmniathuganir á notkun skilgreiningarinnar á „fastri búsetu“ um mannfjölda og lýðfræðilegar breytingar, eins og um getur í 1. og 2. mgr. 3. gr.

2. Senda skal niðurstöður hagkvæmnirannsóknanna sem um getur í 1. mgr. til framkvæmdastjórnarinnar fyrir 31. desember 2016.

3. Sambandinu er heimilt, til að greiða fyrir framkvæmd hagkvæmniathugananna sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, að veita fjárstuðning til hagstofa aðildarríkja og annarra landsyfirvalda sem um getur í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 223/2009.

9. gr.

#### Gæðakröfur

1. Aðildarríkin skulu tryggja gæði gagna sem send eru.

2. Í reglugerð þessari gildir gæðaviðmiðunin, sem um getur í 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 223/2009, fyrir öll gögn sem senda skal.

3. Aðildarríki skulu gefa framkvæmdastjórninni (Hagstofa Evrópusambandsins) skýrslu um viðmiðunarlýsigögn og notast við staðla evrópska hagskýrslukerfisins, einkum um gagnagjafa, skilgreiningar og áætlunaraðferðir sem notaðar eru á fyrsta viðmiðunarárinu og skulu aðildarríkin halda framkvæmdastjórninni (Hagstofa Evrópusambandsins) upplýstri um breytingar þar að lútandi.

4. Aðildarríkin skulu, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna), veita allar nauðsynlegar upplýsingar til að meta gæði tölfraðilegra upplýsinga.

5. Aðildarríki skulu tryggja að gögn um mannfjölda, sem krafist er í 3. gr. þessarar reglugerðar, séu í samræmi við þau sem krafist er í c-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 862/2007.

10. gr.

#### Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 223/2009. Nefnd þessi skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

11. gr.

#### Endurskoðunarákvæði

1. Framkvæmdastjórnin skal leggja fyrstu skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um framkvæmd þessarar reglugerðar eigi síðar en 31. desember 2018 og aðra skýrslu eigi síðar en 31. desember 2023. Framkvæmdastjórnin skal, í þessum skýrslum, hafa hliðsjón af viðkomandi upplýsingum sem aðildarríkin veita og skal meta gæði sendra gagna, notaðra gagnaöflunaraðferða, viðbótarbyrða sem lagðar eru á aðildarríkin og svarendurna og sambærileika þessara hagskýrslna. Í skýrslum þessum skal meta vísindalega grundvallaðar og vandlega skráðar tölfraðilegar áætlanaaðferðir við mat á „íbúum með fasta búsetu“ út frá hópi lagalega búsettra eða skráðra íbúa. Fyrsta skýrslan skal einnig ná yfir niðurstöður hagkvæmniathugananna sem um getur í 8. gr.

2. Skýrslum þessum skulu, ef við á, fylgja tillögur sem miða að því að bæta frekar sameiginlegan lagaramma fyrir þróun, gerð og miðlun evrópskra hagskýrslna um fólksfjölda og lýðfræðilegar breytingar samkvæmt þessari reglugerð.

12. gr.

**Gildistaka**

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi fellur úr gildi 31. ágúst 2028.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 20. nóvember 2013.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

*forseti.*

M. SCHULZ

*Fyrir hönd ráðsins,*

*forseti.*

V. LEŠKEVIČIUS

---

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1374/2013

2014/EES/36/41

frá 19. desember 2013

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 36 (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008<sup>(2)</sup> voru samþykktir alþjóðlegir staðlar og túlkanir sem voru fyrir hendi 15. október 2008.
- 2) Þann 29. maí 2013 birti Alþjóðareikningsskilaráðið breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS-staðli 36, *virðisrýrnun eigna*. Markmiðið með breytingunum er að skýra að umfang upplýsingagjafar um endurheimtanlega fjárhæð eigna, ef sú fjárhæð byggist á gangvirði að frádregnum ráðstöfunarkostnaði, takmarkast við eignir sem hafa rýrnað að virði.
- 3) Með samráði við sérfræðingahóp Evrópsku ráðgjafarnefndarinnar um reikningsskil er staðfest að breytingar

á IAS-staðli 36 uppfylli tæknilegu skilyrðin fyrir innleiðingu sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

- 4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrinfundarinnar um reikningsskil,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS-staðli 36, *virðisrýrnun eigna* breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Félög skulu beita breytingunum á stöðlunum, sem vísað er til í 1. gr., eigi síðar en frá og með upphafsdagsetningu fyrsta fjárhagsárs þeirra sem hefst 1. janúar 2014 eða síðar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,  
forseti.*

José Manuel BARROSO

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 346, 20.12.2013, bls. 38. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1.

## VIÐAUKI

## ALÞJÓÐLEGIR REIKNINGSSKILASTAÐLAR

IAS-staðall 36	IAS-staðall 36, virðisrýrnun eigna
----------------	------------------------------------

**Breytingar á IAS-staðli 36 Virðisrýrnun eigna*****Birting upplýsinga um endurheimtanlegar fjárhæðir að því er varðar eignir sem eru ekki fjáreignir***

Liðum 130 og 134 og fyrisögn liðar 138 er breytt og lið 140J er bætt við.

***BIRTING UPPLÝSINGA***

...

**130** Eining skal birta eftirfarandi fyrir sérstaka eign (þ.m.t. viðskiptavild) eða fjárskapandi einingu, sem virðisrýrnunartap hefur verið fært eða bakfært vegna á tímabilinu:

- a) ...
- e) endurheimtanlega fjárhæð eignarinnar (fjárskapandi einingarinnar) og hvort endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar (fjárskapandi einingarinnar) er gangvirði að frádregnum ráðstöfunarkostnaði eða notkunarvirði,
- f) ef endurheimtanlega fjárhæðin er gangvirði að frádregnum ráðstöfunarkostnaði skal einingin birta eftirfarandi upplýsingar:
  - i. stig í stigskiptri flokkun gangvirðis (sjá IFRS-staðal 13) þar sem gangvirðismat eignarinnar (fjárskapandi einingarinnar) er flokkað í heild sinni (án þess að taka tillit til þess hvort „sölu­kostnaður“ sé sannreynanlegur),
  - ii. fyrir gangvirðismöt sem flokkuð eru innan 2. og 3. stigs í stigskiptri flokkun gangvirðis, lýsingu á virðismatsaðferðunum sem notaðar voru við mat á gangvirði að frádregnum ráðstöfunarkostnaði. Ef breyting hefur orðið á virðismatsaðferð skal einingin gera grein fyrir þeirri breytingu/þeim breytingum og á hverju hún er byggð, og
  - iii. fyrir gangvirðismöt sem flokkuð eru innan 2. og 3. stigs í stigskiptri flokkun gangvirðis, sérhverja lykilsöfnun sem stjórnendur hafa byggt ákvörðun sína á um gangvirði að frádregnum ráðstöfunarkostnaði. Lykilsöfnunir eru þær sem endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar (fjárskapandi einingarinnar) er næmest fyrir. Einingin skal einnig birta upplýsingar um afvöxtunarskiptulinn eða -skiptulana sem notaðir eru við núverandi mat og fyrra mat ef gangvirði að frádregnum ráðstöfunarkostnaði er metið með núvirðisaðferð,

g) ...

...

Mat notað til að meta endurheimtanlegar fjárhæðir fjárskapandi eininga, sem innihalda viðskiptavild, eða óefnislegra eigna með ótakmarkaðan nýtingartíma

**134** Eining skal birta upplýsingarnar sem krafist er í a- til f-lið fyrir sérhverja fjárskapandi einingu (einingaflokk) þar sem bókfært verð viðskiptavildar eða óefnislegra eigna með ótakmarkaðan nýtingartíma sem skipt er á þá einingu (einingaflokk) er verulegt í samanburði við bókfært heildarverð viðskiptavildar eða óefnislegra eigna með ótakmarkaðan nýtingartíma einingarinnar:

a) ...

c) á hvaða grundvelli endurheimtanleg fjárhæð einingarinnar (einingaflokksins) hefur verið ákvörðuð á (þ.e. notkunarvirði eða gangvirði að frádregnum ráðstöfunarkostnaði),

d) ...

...

## BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI OG GILDISTÖKUDAGUR

138 ...

140J Í maí 2013 var liðum 130 og 134 og fyrirsögninni yfir lið 138 breytt. Eining skal beita þessum breytingum afturvirktt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar. Heimilt er að beita túlkuninni fyrr. Eining skal ekki beita þessum breytingum á tímabilum (þ.m.t. samanburðartímabilum) þar sem hún beitir ekki einnig IFRS-staðli 13.

---

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1375/2013

2014/EES/36/42

frá 19. desember 2013

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 39 (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

mótaðilar tiltekinna áhættuvarnargerninga að koma sér saman um að skipta út upphaflegum mótaðila áhættuvarnarviðskiptanna fyrir miðlægan mótaðila sem uppfyllir kröfur þeirrar reglugerðar.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 3. gr.,

- 4) Til að koma í veg fyrir reikningsskilaálag vegna skuldskeytinga OTC-afleiðna til miðlægs mótaðila, sem afleiðing laga eða reglna eða innleiðingar laga eða reglna, er nauðsynlegt að kveða á um undanþágu frá gildandi kröfum um aflagningu áhættuvarnarreikningsskila í IAS-staðli 39.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008<sup>(2)</sup> voru samþykktir alþjóðlegir staðlar og túlkanir sem voru fyrir hendi 15. október 2008.

- 5) Með samráði við sérfræðingahóp Evrópsku ráðgjafarnefndarinnar um reikningsskil er staðfest að breytingar á IAS-staðli 39 uppfylli tæknilegu skilyrðin fyrir innleiðingu sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

- 2) Þann 27. júní 2013 birti Alþjóðareikningsskilaráðið breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS-staðli 39, *fjármálagerningar: færsla og mat* sem bera heitið *Skuldskeyting afleiðna og áframhald áhættuvarnarreikningsskila*. Markmiðið með breytingunum er að veita lausn við aðstæður þar sem afleiða, sem hefur verið tilgreind sem áhættuvarnargerningur, er skuldskeytt frá einum mótaðila til miðlægs mótaðila vegna laga eða reglna. Slík lausn þýðir að áhættuvarnarreikningsskil geta haldið áfram án tillits til skuldskeytingarinnar sem, án breytingarinnar, væru ekki leyfð.

- 6) Því ber að breyta reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 til samræmis við það.

- 3) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012<sup>(3)</sup> er krafist miðlægrar greiðslujöfnunar tiltekinna flokka OTC-afleiðna. Af þeim sökum ættu

- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrinfndarinnar um reikningsskil,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS-staðli 39, *fjármálagerningar: færsla og mat*, breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 346, 20.12.2013, bls. 42. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, bíður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuvíðskiptaskrár (Stjtið. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).



2. gr.

Félög skulu beita breytingunum á stöðlunum, sem vísað er til í 1. gr., eigi síðar en frá og með upphafsdagsetningu fyrsta fjárhagsárs þeirra sem hefst 1. janúar 2014 eða síðar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

---

## VIÐAUKI

## ALÞJÓÐLEGIR REIKNINGSSKILASTAÐLAR

IAS-staðall 39	IAS-staðall 39, fjármálagerningar: færsla og mat
----------------	--

Breytingar á IAS-staðli 39, fjármálagerningar: færsla og mat  
Skuldskeyting afleiðna og áframhald áhættuvarnarreikningsskila

Ákvæðum 91. og 101. liðar er breytt.

Gangvirðisvarnir

...

91 Eining skal hætta framvirkt þeim áhættuvarnarreikningsskilum, sem tilgreind eru í 89. lið, ef:

- a) áhættuvarnargerningurinn rennur út eða er seldur, honum er slitið eða hann er nýttur. Þegar áhættuvarnargerningur er endurnýjaður eða framlengdur með öðrum áhættuvarnargerningi telst hann í þessu tilviki ekki renna út eða vera slitið ef slík skipti eða endurnýjun er hluti af staðfestri áhættuvarnaráætlun einingarinnar. Til viðbótar við þetta rennur áhættuvarnargerningur hvorki út né er slitið ef:
- i. aðilarnir að áhættuvarnargerningnum koma sér saman um, vegna laga eða reglugerða eða innleiðingar á lögum eða reglugerðum, að einn eða fleiri mótaðilar komi í stað upphaflegs mótaðila þeirra og verði nýr mótaðili sérhvers aðila. Hvað þetta varðar er greiðslujöfnunarmótaðili miðlægur mótaðili (stundum kallaður „greiðslujöfnunarfyrirtæki“ eða „greiðslujöfnunarstofnun“) eða eining eða einingar, t.d. greiðslujöfnunaraðili greiðslujöfnunarfyrirtækis eða viðskiptavinur greiðslujöfnunaraðila eða greiðslujöfnunarfyrirtækis, sem kemur fram sem mótaðili við framkvæmd greiðslujöfnunar miðlægs mótaðila. Ef aðilarnir að áhættuvarnargerningnum skipta út upphaflegum mótaðilum sínum fyrir aðra mótaðila skal þessi liður þó aðeins gilda ef hver þessara aðila framkvæmir greiðslujöfnun hjá sama miðlæga mótaðila,
- ii. aðrar breytingar, ef einhverjar eru, á áhættuvarnargerningnum takmarkast við þær sem eru nauðsynlegar til að framkvæma slík útskipti á mótaðila. Slíkar breytingar takmarkast við þær sem eru í samræmi við skilmálana sem vænst er ef áhættuvarnargerningurinn væri upphaflega greiðslujafnaður hjá greiðslujöfnunarmótaðilanum. Þessar breytingar eru m.a. breytingar á kröfum um tryggingar, réttindum til að skuldaafna viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir og á álögdum gjöldum.

b) ...

...

Sjódstreymisvarnir

...

101 Þegar um er að ræða einhverjar af eftirfarandi aðstæðum skal eining hætta framvirkt þeim áhættureikningsskilum sem tilgreind eru í 95.–100. lið:

- a) áhættuvarnargerningurinn rennur út eða er seldur, honum er slitið eða hann er nýttur. Í því tilviki skal uppsafnaður ágóði eða uppsafnað tap á áhættuvarnargerningnum, sem hefur verið fært í aðra heildarafkomu frá því tímabili þegar vörnin hafði áhrif (sjá a-lið 95. liðar), áfram vera fært sér í eigin fé þar til áætluðu framtíðarviðskiptin fara fram. Þegar viðskiptin fara fram eiga 97., 98. og 100. liður við. Þegar áhættuvarnargerningur er endurnýjaður eða framlengdur með öðrum áhættuvarnargerningi telst hann, að því er varðar þennan undirlið, ekki renna út eða vera slitið ef slík skipti eða endurnýjun er hluti af staðfestri áhættuvarnaráætlun einingarinnar. Til viðbótar við þetta rennur áhættuvarnargerningur, að því er þennan lið varðar, hvorki út né er slitið ef:

- i. aðilarnir að áhættuvarngerningnum koma sér saman um, vegna laga eða reglugerða eða innleiðingar á lögum eða reglugerðum, að einn eða fleiri mótaðilar komi í stað upphaflegs mótaðila þeirra og verði nýr mótaðili sérhvers aðila. Hvað þetta varðar er greiðslujöfnunarmótaðili miðlægur mótaðili (stundum kallaður „greiðslujöfnunarfyrirtæki“ eða „greiðslujöfnunarstofnun“) eða eining eða einingar, t.d. greiðslujöfnunaraðili greiðslujöfnunarfyrirtækis eða viðskiptavinur greiðslujöfnunaraðila eða greiðslujöfnunarfyrirtækis, sem kemur fram sem mótaðili við framkvæmd greiðslujöfnunar miðlægs mótaðila. Ef aðilarnir að áhættuvarngerningnum skipta út upphaflegum mótaðilum sínum fyrir aðra mótaðila skal þessi liður þó aðeins gilda ef hver þessara aðila framkvæmir greiðslujöfnun hjá sama miðlæga mótaðila,
- ii. aðrar breytingar, ef einhverjar eru, á áhættuvarngerningnum takmarkast við þær sem eru nauðsynlegar til að framkvæma slík útskipti á mótaðila. Slíkar breytingar takmarkast við þær sem eru í samræmi við skilmálana sem vænst er ef áhættuvarngerningurinn væri upphaflega greiðslujafnaður hjá greiðslujöfnunarmótaðilanum. Þessar breytingar eru m.a. breytingar á kröfum um tryggingar, réttindum til að skuldajafna viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir og álögðum gjöldum.

b) ...

Liðum 108D og, í viðbæti A, lið AG113A er bætt við.

#### Gildistökudagur og bráðabirgðaákvæði

...

108D *Skuldskeyting afleiðna og áframhald áhættureikningsskila* (breytingar á IAS-staðli 39), útgefnar í júní 2013, breyttu 91. og 101. lið og bættu við lið AG113A. Eining skal beita þessum liðum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar. Eining skal beita þessum breytingum afturvirk, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaáferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*. Heimilt er að beita túlkuninni fyrir. Eining skal greina frá því ef hún beitir þessum breytingum fyrir fyrra tímabil.

...

#### Mat á skilvirkni áhættuvarnar

...

AG113A Til að taka af allan vafa skal endurspegla áhrif þess að skipta út upphaflega mótaðilanum fyrir greiðslujöfnunarmótaðila og áhrif þess að gera tengdar breytingar, eins og lýst er í ii-lið a-liðar 91. liðar og ii-lið a-liðar 101. liðar, í matinu á áhættuvarngerningnum og þar af leiðandi í matinu á skilvirkni áhættuvarnar og mælingunni á skilvirkni áhættuvarnar.

\_\_\_\_\_

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)  
nr. 314/2012**

**2014/EES/36/43**

**frá 12. apríl 2012**

**um breytingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 555/2008 og (EB)  
nr. 436/2009 að því er varðar fylgiskjöl með sendingum vínafurða og skrár sem halda  
skal fyrir vingeirann (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 frá 22. október 2007 um sameiginlegt markaðskerfi í landbúnaði og um sértæk ákvæði varðandi tiltekna landbúnaðarvörur (reglugerðin um eitt sameiginlegt markaðskerfi) <sup>(1)</sup>, einkum 121. gr. (k- og m-lið), 185. gr. a, 185. gr. c (3. mgr.) og 192. gr. (2. mgr.) í tengslum við 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 555/2008 frá 27. júní 2008 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir vín að því er varðar stuðningsáætlanir, viðskipti við þriðju lönd, framleiðslugetu og eftirlit innan vingeirans <sup>(2)</sup> er mælt fyrir um í V. bálki og einkum í 82. gr. að ef aðildarríki tilnefnir nokkra þar til bæra aðila til að hafa eftirlit með því hvort farið sé að reglunum, sem gilda um vingeirann, skuli aðildarríkið samhæfa starf þessara aðila. Þetta ákvæði uppfyllir ekki að fullu samhæfingarþörf hinna ýmsu eftirlitsaðila, innan ramma flutnings á vínafurðum sem bera vörugjald, vegna notkunar á skjölum í vingeiranum sem tekin eru saman í samræmi við tilskipun ráðsins 2008/118/EB frá 16. desember 2008 um almennt fyrirkomulag á vörugjaldi <sup>(3)</sup>. Einkum skal tilgreina hvaða ráðstafanir aðildarríkin skulu gera til að veita þeim aðilum, sem eru til þess bærir að hafa eftirlit með því hvort farið er að þeim reglum sem gilda um vingeirann, aðgang að upplýsingum um flutning á vörum sem bera vörugjald samkvæmt tilskipun 2008/118/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 684/2009 frá 24. júlí 2009 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2008/118/EB að því er varðar málsmeðferðarreglur á tölvutæku formi um flutning vara sem bera vörugjald með tímabundna frestun á vörugjaldi <sup>(4)</sup>. Einkum er rétt að taka tillit til eftirlitskerfisins vegna flutnings vörugjaldsskyldra vara sem komið var á fót með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1152/2003/EB frá 16. júní 2003 um tölvu- væðingu upplýsinga um flutning afurða sem borið geta vörugjald og um eftirlit með þeim <sup>(5)</sup>.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 103, 13.4.2012, bls. 21. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á bókun 47 um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 170, 30.6.2008, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 9, 14.1.2009, bls. 12.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 197, 29.7.2009, bls. 24.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 162, 1.7.2003, bls. 5.

2) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 555/2008 með því að koma nýjum ákvæðum til framkvæmda í áföngum með tilliti til þess tíma sem stjórnsýslustofnanir aðildarríkjanna þurfa til að gera ráðstafanir varðandi samhæfingu eftirlits og aðgangs að upplýsingum.

3) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 436/2009 frá 26. maí 2009 um nákvæmar reglur um beitingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 að því er varðar skrána yfir vénekrur, lögboðnar yfirlýsingar og söfnun upplýsinga til að vakta vínmarkaðinn, fylgiskjöl með sendingum vínafurða og skrár sem halda skal fyrir vingeirann <sup>(6)</sup> er samkvæmt III. bálki og einkum 21. til 31. gr. kveðið á um eðli fylgiskjala sem eru gild í tengslum við sendingar vínafurða, reglur um notkun þessara skjala á landsvisu og á vettvangi Sambandsins og um útflutning og skilyrði er varða sannvottun upprunavottorða fyrir vín með verndaða upprunatáknun (VUT) eða verndaða, landfræðilega merkingu (VLM). Þessi ákvæði eru að hluta til orðin úrelt eða taka ekki mið af öllum þeim breytingum sem hafa verið gerðar á löggjöf Sambandsins um þessi málefni frá því að reglugerð (EB) nr. 436/2009 tók gildi. Þetta á einkum við um notkun frá 1. janúar 2011 á rafræna stjórnsýsluskjalinu, sem um getur í 1. mgr. 21. gr. tilskipunar 2008/118/EB, sem komið var á fót í samræmi við reglugerð (EB) nr. 684/2009 til breytinga á málsmeðferðarreglum í tengslum við eftirlit með flutningi á vörum frá yfirráðsvæði Sambandsins eftir að töllyfirvöld í Sambandinu hafa almennt tekið upp rafræna málsmeðferð og að lokum til breytinga á reglum sem gilda um verndaða upprunatáknun, verndaða, landfræðilega merkingu og merkingar varðandi árgang eða vínþrúguyrki eftir umbæturnar í vingeiranum frá 1. janúar 2009. Því er nauðsynlegt að breyta viðkomandi greinum og fella brott tiltekna úreltar skilgreiningar.

4) Breytingar, sem gerðar eru í þessu samhengi, skulu greiða fyrir notkun fylgiskjala, sem eru viðurkennd samkvæmt reglugerð (EB) nr. 436/2009, fyrir vínafurðir til að votta verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu og árgang eða vínþrúguyrki, þ.m.t. þegar sendandinn útbýr þessi skjöl. Hvað þetta varðar skal mæla fyrir um skilyrðin fyrir því að fylgiskjölín séu talin gild.

5) Formsatriðum í tengslum við flutning afurða frá tollsvæði Sambandsins hefur verið breytt frá því að reglugerð (EB) nr. 436/2009 var samþykkt. Þeim er fullnægt samkvæmt nýju skilyrðunum sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2454/93 frá 2. júlí 1993 um ákvæði til framkvæmdar reglugerðar

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 128, 27.5.2009, bls. 15.

ráðsins (EBE) nr. 2913/92 um tollalög Bandalagsins <sup>(7)</sup>. Því skal mæla fyrir um reglur um tilhögun útflutnings og skilvirkan flutning á vínafurðum frá tollsvæði Sambandsins í samræmi við þessi nýju skilyrði með því að tilgreina hverjar skyldur sendandans eða fulltrúa hans eru.

- 6) Að því er varðar sendingar ópakkaðra vínafurða, þykir rétt, með tilliti til þess að aðildarríkin hafa komið á upplýsingakerfum með sjálfvirkum upplýsingaskiptum, að einfalda kröfurnar sem var komið á með 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 436/2009.
- 7) Þegar um er að ræða sendingu vínafurða innan tollsvæðis Sambandsins þar sem tilgreint er, eftir því sem við á, að afurðirnar séu upprunnar í þriðja landi eða í Sambandinu og þær voru upphaflega sendar til þriðja lands eða yfirráðasvæðis, eins og skilgreint er í 2. og 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2008/118/EB, eru reglurnar um eftirlit með uppruna þeirra ekki nógu ítarlegar. Mæla skal fyrir um upplýsingarnar, sem fylgiskjalið skal innihalda, til að staðfesta upprunann.
- 8) Til glöggvunar og til að draga út stjórnsýsluálagi skal enn fremur kveða á um eða tilgreina efni tiltekinnar skuldbindinga, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 436/2009, og einfalda málsmeðferðarreglur í tengslum við vottorðin sem krafist er fyrir fylgiskjölín og sönnunargögn og skjöl, sem rekstraraðilar skulu leggja fyrir yfirvöld og þar til bæra aðila í aðildarríkjunum og þriðju löndum ef þörf krefur, einkum í tengslum við vottorð fyrir verndaða upprunatáknun og verndaða, landfræðilega merkingu og vottun vína og vínafurða sem eru sett á markað með upplýsingum um árgang eða vínþrúguyrki og til að taka tillit til, vegna aukins gagnsæis og rekjanleika, tilvísana til þessara merkinga í E-Bacchus-skránni, sem framkvæmdarstjórnin kom á fót og uppfærir, í samræmi við 18. gr. reglugerðar framkvæmdarstjórnarinnar (EB) nr. 607/2009 frá 14. júlí 2009 þar sem mælt er fyrir um tiltekna, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 um verndaðar upprunatáknanir, verndaðar, landfræðilegar merkingar, hefðbundin heiti, merkingu og framsetningu tiltekinnar vínafurða<sup>(8)</sup>.
- 9) Í því skyni að draga úr stjórnsýsluálagi skal fella niður skuldbindingarnar, sem komið var á með 41. gr. reglugerðar (EB) nr. 436/2009, varðandi upplýsingar í skránum um viðbót súlfíts þar eð súlfítum er bætt við á mismunandi stigum framleiðslu og meðhöndlunar vína og lokainnihaldið samsvarar ekki því magni af súlfítum sem gefið er upp.
- 10) Til að auka skilvirkni í rekstri stjórnsýslu og með tilliti til fenginnar reynslu af notkun á upplýsingakerfum sem

framkvæmdastjórnin hefur komið upp skal, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 436/2009, einfalda og bæta hvernig framkvæmdastjórnin heldur utan um tiltekna upplýsingar og gerir þær aðgengilegar.

- 11) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 436/2009 og kveða um leið á um að fresta skuli beitingu tiltekinnar ákvæða með tilliti til þess tíma sem aðildarríkin þurfa til að gera ráðstafanir varðandi notkun fylgiskjala og vottunarskjala samkvæmt þessari reglugerð.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnarnefndarinnar um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

#### **Breyting á reglugerð (EB) nr. 555/2008**

Í V. kafla V. bálks reglugerðar (EB) nr. 555/2008 bætist við eftirfarandi 95. gr. a:

„95. gr. a

#### **Samræming eftirlits og aðgangur að upplýsingum**

Að því er varðar eftirlit með sendingum, sem fer fram á grundvelli fylgiskjalanna sem tilgreind eru í i. lið a-liðar 1. mgr. 24. gr. reglugerðar framkvæmdarstjórnarinnar (EB) nr. 436/2009<sup>(9)</sup>, skulu aðildarríkin, eigi síðar en 1. mars 2014, samþykkja ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að veita þar til bærnum aðilum, sem eru tilnefndir skv. 1. mgr. 82. gr. þessarar reglugerðar, aðgang að upplýsingunum sem finna má í tölvukerfinu, sem um getur í 21. gr. tilskipunar ráðsins 2008/118/EB<sup>(10)</sup>, og varða flutning vínafurða sem eru í dreifingu samkvæmt fyrirkomulaginu sem mælt er fyrir um í IV. kafla þeirrar tilskipunar.

Að því er varðar eftirlit með sendingum, sem fer fram á grundvelli fylgiskjala sem tilgreind eru í ii. og iii. lið a-liðar 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 436/2009, skulu aðildarríkin, eigi síðar en 1. mars 2014, samþykkja ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að veita þar til bærnum aðilum, sem eru tilnefndir skv. 1. mgr. 82. gr. þessarar reglugerðar, aðgang að upplýsingum sem finna má í upplýsingakerfunum sem komið er á fót með það að markmiði að hafa eftirlit með flutningum vínafurða, annarra en þeirra sem um getur í fyrstu málsgrein þessarar greinar.

Upplýsingarnar sem eru geymdar samkvæmt fyrstu og annari undirgrein má einungis nota, að því er varðar þessa reglugerð, í tengslum við tiltekið eftirlit sem mælt er fyrir um í reglunum um víngeirann.“

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 253, 11.10.1993, bls. 1.

<sup>(8)</sup> Stjtið. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 60.

<sup>(9)</sup> Stjtið. ESB L 128, 27.5.2009, bls. 15.

<sup>(10)</sup> Stjtið. ESB L 9, 14.1.2009, bls. 12.

2. gr.

### Breyting á reglugerð (EB) nr. 436/2009

Reglugerð (EB) nr. 436/2009 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 21. gr. komi eftirfarandi:

„21. gr.

#### Tilgangur og gildissvið

1. Í þessum bálki er mælt fyrir um nákvæmar reglur um beitingu 185. gr. c í reglugerð (EB) nr. 1234/2007, í tengslum við vínafurðir, sem fjallað er um í XII. hluta I. viðauka við þá reglugerð (hér á eftir nefndar „vínafurðir“).

2. Í þessum bálki eru fastsett þau skilyrði sem eru nauðsynleg fyrir:

- samantekt og notkun skjala sem fylgja sendingum af vínafurðum, hér á eftir nefnd „fylgiskjöl“;
- samantekt upprunavottorða fyrir vín og hlutgerjað þrúgumust, sem falla undir verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu, og vottun vína og afurða úr víngeiranum sem falla ekki undir verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu og eru sett á markað með upplýsingum um árgang eða vínþrúguyrki,
- skrár sem einstaklingar halda sem hafa undir höndum afurðir úr víngeiranum vegna starfsgreinar sinnar.“

2) Ákvæði d-, e- og f-liðar 22. gr. falli brott.

3) Í stað 23. og 24. gr. komi eftirfarandi:

„23. gr.

#### Almennar reglur

Allir einstaklingar eða lögaðilar og allir hópar einstaklinga eða lögaðila, sem eiga lögheimili eða hafa skráða starfsstöð innan tollsvæðis Sambandsins og standa að eða stuðla að sendingu vínafurða, skulu sjá til þess að flutningsaðgerðir fara fram á grundvelli fylgiskjala.

Einungis er heimilt að nota fylgiskjalið vegna einnar sendingar.

Það skal vera mögulegt að leggja fylgiskjalið fyrir lögðær yfirvöld og aðila meðan á flutningsaðgerð stendur.

24. gr.

#### Viðurkennd fylgiskjöl

1. Eftirfarandi skjöl skulu viðurkennd sem fylgiskjöl í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein og í VI. viðauka:

- þegar um er að ræða vínafurðir sem sendar eru innan aðildarríkis eða frá einu aðildarríki til annars, án þess að það hafi áhrif á b-lið hér á eftir:

i. eitt af þeim skjölum sem um getur í 6. mgr. 21. gr. eða a-lið 1. mgr. 26. gr. tilskipunar ráðsins 2008/118/EB(\*) þegar um er að ræða afurðir sem eru fluttar samkvæmt skattfrestunarkerfi innan yfirráðasvæðis Sambandsins,

ii. einfaldaða fylgiskjalið, sem um getur í 1. mgr. 34. gr. tilskipunar 2008/118/EB, sem er útbúið og notað í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3649/92(\*\*) þegar um er að ræða vörur sem bera vörugjald og eru fluttar innan yfirráðasvæðis Sambandsins, eftir að þær hafa verið afhentar til neyslu í aðildarríkinu þar sem flutningsaðgerðin hófst,

iii. eitt af eftirfarandi skjölum, sem er útbúið í samræmi við skilyrðin sem sendingaraðildarríkið mælir fyrir um, þegar um er að ræða vínafurðir sem eru ekki vörugjaldsskyldar og vínafurðir sem bera vörugjald og smáframleiðendur senda, skv. 40. gr. tilskipunar 2008/118/EB:

— þegar aðildarríkið notar upplýsingakerfi, prentað afrit af rafræna stjórnsýsluskjalinu, sem er gert á grundvelli þess kerfis, eða annað viðskiptaskjal þar sem greinilega kemur fram sérstaka stjórnsýslunúmerið („MVV númerið“) sem kerfið úthlutar,

— þegar aðildarríki notar ekki upplýsingakerfi, stjórnsýsluskjal eða viðskiptaskjal með MVV númerinu sem þar til bæri aðilinn eða sendandinn úthlutar,

b) þegar um er að ræða vínafurðir sem eru sendar til þriðja lands eða yfirráðasvæðis eins og skilgreint er í 2. og 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2008/118/EB, eitt af skjölunum sem um getur í i. eða iii. lið a-liðar 1. mgr. þessarar greinar.

2. Á fylgiskjölunum, sem um getur í a-lið 1. mgr., skulu koma fram upplýsingarnar sem eru tilgreindar í C-hluta VI. viðauka eða þar til bærum aðilum veittur aðgangur að þessum upplýsingum.

Þegar þessi skjöl eru með stjórnsýslulegt tilvísunarkóðanúmer, sem tölvukerfið, sem um getur í 2. mgr. 21. gr. tilskipunar 2008/118/EB, eða upplýsingakerfi sem sendingaraðildarríkið kemur á fót úthlutar skulu upplýsingarnar, sem um getur í C-hluta VI. viðauka við þessa reglugerð, geymdar í kerfinu sem er notað.

3. Á fylgiskjölunum, sem um getur í b-lið 1. mgr., skulu koma fram upplýsingarnar sem eru tilgreindar í C-hluta VI. viðauka.

4. Efst á fylgiskjölunum, sem um getur í iii. lið a-liðar 1. mgr., skal vera merki Sambandsins, orðið „Evrópusambandið“, heiti sendingaraðildarríkisins og tákn eða kennimerki sem auðkennir sendingaraðildarríkið.

Á fylgiskjölunum, sem um getur í i. og ii. lið a-liðar 1. mgr., mega koma fram upplýsingarnar sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar.

5. Þrátt fyrir 1. mgr. geta aðildarríkin viðurkennt önnur fylgiskjöl, þ.m.t. skjöl sem eru gerð með tölvuvæddum aðferðum, sem er ætlað að einfalda málsmeðferðina að því er varðar flutning vínafurða sem fer eingöngu fram á yfirráðasvæði þeirra.“

(\*) Stjtið. ESB L 9, 14.1.2009, bls. 12.

(\*\*) Stjtið. EB L 369, 18.12.1992, bls. 17.

4) Í stað 26. gr. komi eftirfarandi:

„26. gr.

### Sannvottun fylgiskjalsins

Fylgiskjalið skal teljast ósvikið við eftirfarandi skilyrði:

- a) þegar eitt af skjölunum, sem um getur í 6. mgr. 21. gr. tilskipunar 2008/118/EB og fyrsta undirlið iii. liðar í a-lið 1. mgr. 24. gr. þessarar reglugerðar er notað, að því tilskildu að viðkomandi rafrænt stjórnsýsluskjal sé útbúið í samræmi við gildandi reglur,
- b) þegar skjalið, sem um getur í a-lið 1. mgr. 26. gr. tilskipunar 2008/118/EB er notað, að því tilskildu að sendandi fari að ákvæðum 1. mgr.,
- c) þegar notað er skjal sem er unnið með upplýsingakerfi sem sendingaraðildarríkið kemur á fót, með það að markmiði að útbúa skjalið sem um getur í ii. lið a-liðar 1. mgr. 24. gr. þessarar reglugerðar, eða unnið með einfaldaðri rafrænni málsmeðferð skv. 5. mgr. 24. gr., að því tilskildu að samsvarandi rafrænt skjal sé gert í samræmi við gildandi reglur,
- d) í öðrum tilvikum, að því tilskildu að upprunalega fylgiskjalið og afrit af því sé fullgilt fyrir flutning:
  - i. með stimpli þar til bærrar stofnunar, dagsetningu og undirritun aðila sem ber ábyrgð á þeirri stofnun eða
  - ii. með dagsetningu og undirritun sendanda og að sendandi setji á, eftir því sem við á:
    - sérstakan stimpil í samræmi við fyrirmyndina sem um getur í VIII. viðauka,
    - stimpil sem lögbæru yfirvöldin mæla fyrir um, eða
    - merki eftir stimpilvél sem lögbær yfirvöld hafa samþykkt.

Sérstaka stimpilinn eða stimpilinn sem mælt er fyrir um, sem um getur í ii. lið d-liðar í fyrstu málsgrein hér að framan, má prenta fyrirfram á eyðublöðin þegar prentun fer fram með prentara sem er viðurkenndur til slíkrar notkunar.“

5) Ákvæðum 27. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæði 1. mgr. falli brott.

b) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Þegar vínafurðir fara í dreifingu á grundvelli fylgiskjala sem um getur í i. lið a-liðar 1. mgr. 24. gr. skal sönnun fyrir útflutningi frá tollsvæði Sambandsins vera á forni útflutningsskýrslu, sem um getur í 25. gr. tilskipunar 2008/118/EB, og útflutningstollstöðin útbýr í samræmi við 796 gr. e í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2454/93(\*).

Þegar vínafurðir fara í dreifingu á grundvelli fylgiskjala sem um getur í iii. lið a-liðar 1. mgr. 24. gr. skal leggja fram sönnun fyrir útflutningi frá tollsvæði Sambandsins í samræmi við 796 gr. e í reglugerð (EBE) nr. 2454/93. Í því tilviki skal sendandi eða fulltrúi hans skrá tilvísun útflutningsfylgiskjalsins, sem um getur í 796 gr. e í reglugerð (EBE) nr. 2454/93 og sem útflutningstollstöðin gefur út, á fylgiskjalið með einhverri af þeim tilvísunum sem settar eru fram í IX. viðauka við þessa reglugerð.“

(\*) Stjtið. EB L 253, 11.10.1993, bls. 1.

c) Ákvæði 4. mgr. falli brott.

6) Ákvæði 28. gr. falli brott.

7) Í stað 29., 30. og 31. gr. komi eftirfarandi:

„29. gr.

### Sendingar ópakkaðra vínafurða

Þegar um er að ræða sendingar ópakkaðra vínafurða og ef tölvu- eða upplýsingakerfið, sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr. 24. gr., er ekki notað eða ef þetta kerfi gerir það ekki mögulegt að tilkynna lögbæra yfirvaldinu á affermingarstaðnum um flutningsmátann skal sendandi, í síðasta lagi þegar sendingin er send af stað, senda lögbæra yfirvaldinu á yfirráðasvæðinu, þar sem fermingarstaðurinn er staðsettur, afrit af fylgiskjalinu og þetta lögbæra yfirvald skal tilkynna það lögbæra yfirvaldinu á yfirráðasvæðinu þar sem affermingarstaðurinn er staðsettur.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar skulu gilda um eftirfarandi vínafurðir:

- a) afurðir upprunnar í Sambandinu, þegar um er að ræða meira magn en 60 lítra:
  - i. vín sem er ætlað til framleiðslu á víni með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu eða einyrkisvíni eða árgangsvíni (e. *vintage year wine*), eða ætlað til átöppunar og setningar á markað sem slíkt,
  - ii. hlutgerjað þrúgumust,
  - iii. þrúgumustsþykki, einnig hreinsað,
  - iv. ferskt þrúgumust þar sem gerjun var stöðvuð með íblöndun alkóhóls,



- v. þrúgusafi,
- vi. þrúgusafabýkkni,
- b) afurðir sem eru ekki upprunnar í Sambandinu, þegar um er að ræða meira magn en 60 lítra:
  - i. ferskar þrúgur, þó ekki vínber til neyslu,
  - ii. þrúgumust,
  - iii. þrúgumustsþykkni,
  - iv. hlutgerjað þrúgumust,
  - v. þrúgumustsþykkni, einnig hreinsað,
  - vi. ferskt þrúgumust þar sem gerjun var stöðvuð með íblöndun alkóhóls,
  - vii. þrúgusafi,
  - viii. þrúgusafabýkkni,
  - ix. líkjörvín sem er notað við framleiðslu afurða sem falla ekki undir SAT-númer 2204.
- c) afurðir, óháð uppruna þeirra og því magni sem er flutt, með fyrirvara um undanþágur sem um getur í 25. gr.:
  - i. vındreggjar,
  - ii. þrúguhvat sem er ætlað til eimingar eða annarrar iðnaðarvinnslu,
  - iii. piquette-vín,
  - iv. vín styrkt til eimingar,
  - v. vín úr þrúgum af yrkjum sem eru ekki skráð sem vínþrúguyrki í flokkunum sem aðildarríkin tóku saman skv. 120. gr. a í reglugerð (EB) nr. 1234/2007 fyrir þá stjórnsýslueiningu sem þær eru uppskornar á,
  - vi. afurðir sem ekki má bjóða eða afhenda til beinnar neyslu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar geta aðildarríkin ákveðið ólík tímabil að því er varðar flutning vínafurða sem fer eingöngu fram innan yfirráðasvæðis þeirra.

30. gr.

#### Sendingar afurðar frá þriðja landi sem sett er í frjálsa dreifingu

1. Þegar um er að ræða sendingar afurða frá þriðja landi, sem eru settar í frjálsa dreifingu innan tollsvæðis Sambandsins, skal fylgiskjalið fela í sér eftirfarandi upplýsingar eða veita þar til bæru aðilunum aðgang að þeim:

- a) númer skjals VI 1, sem fylgir flutningsaðgerðinni og er útbúið í samræmi við 43. gr. reglugerðar (EB) nr. 555/2008 eða tilvísanir í jafngilt skjal, sem lögbær yfirvöld upprunalsins samþykkja samkvæmt skilyrðunum sem eru sett fram í 45. gr. sömu

reglugerðar og er viðurkennt innan ramma tvíhliða samskipta Sambandsins við upprunalandið,

- b) nafn og heimilisfang þess yfirvalds í þriðja landinu sem fyllti skjalið út eða heimilaði framleiðanda að fylla það út,
- c) hvenær skjalið var fyllt út.

2. Þegar um er að ræða sendingu innan tollsvæðis Sambandsins á vínafurðum sem eiga uppruna sinn innan Sambandsins og hafa áður verið fluttar út til þriðja lands eða yfirráðasvæðis eins og skilgreint er í 2. og 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2008/118/EB skal fylgiskjalið fela í sér eftirfarandi upplýsingar eða þar til bærum aðilum veittur aðgangur að þessum upplýsingum:

- a) tilvísun í fylgiskjalið, sem um getur í b-lið 1. mgr. 24. gr. þessarar reglugerðar, og er útbúið fyrir upphaflegu sendinguna eða
- b) tilvísanir í önnur fylgiskjöl sem innflytjandi leggur fram til sönnunar á uppruna afurðarinnar og þar til bæri aðilinn telur fullnægjandi þegar afurðin er sett í frjálsa dreifingu í Sambandinu.

3. Þegar tölvukerfið, sem um getur í 2. mgr. 21. gr. tilskipunar 2008/118/EB, eða upplýsingakerfi, sem sendingaraðildarríkið kemur á fót, er notað skulu upplýsingarnar sem eru tilgreindar í fyrstu og annarri málsgrein þessarar greinar geymdar í kerfinu sem er notað.

31. gr.

#### Vottun um verndaða upprunatáknun, verndaða, landfræðilegra merkingu, árgang og vínþrúguyrki

1. Litið skal svo á að fylgiskjalið votti verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu og árganginn eða vínþrúguyrkið eða -yrkin í samræmi við skilyrðin sem kveðið er á um í 2. til 6. mgr. hér á eftir.

2. Þegar um er að ræða vínafurðir sem eru sendar innan aðildarríkis eða frá einu aðildarríki til annars skal fylgiskjalið fela í sér allar viðeigandi upplýsingar sem mælt er fyrir um í A-hluta IX. viðauka a eða þar til bærum aðilum veittur aðgangur að þessum upplýsingum. Í því markmiði skal nota eina af færslunum sem settar eru fram í B-hluta IX. viðauka a.

- 1) Í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 676/2002/EB frá 7. mars 2002 um lagamma að því er varðar stefnu innan Evrópubandalagsins um fjarskiptatíðnirófið [áður tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar] (ákvörðun um fjarskiptatíðnirófið) <sup>(1)</sup> er komið á lagamma í Evrópusambandinu í því skyni að tryggja samræmdar leiðir við stefnumótun og, eftir því sem við á, samhæfð skilyrði með tilliti til aðgengis og skilvirkrar notkunar á fjarskiptatíðnirófi en það er nauðsynlegt til að koma á innri markaði og fyrir starfsemi hans í málaflokkum Evrópusambandsins, s.s. í rafrænum fjarskiptum, flutningum og rannsóknnum og þróun. Í þessari ákvörðun er minnt á heimild framkvæmdastjórnarinnar til að skipuleggja samráð þannig að tekið verði tillit til sjónarmiða aðildarríkja, stofnana Evrópusambandsins, iðnaðarins og allra notenda fjarskiptatíðnirófs, sem í hlut eiga, hvort sem um er að ræða viðskiptalegs eðlis eða ekki, sem og allra annarra hagsmunaaðila um málefni á sviði tækni- og markaðsþróunar og þróunar á sviði reglusetningar, sem geti tengst notkun á fjarskiptatíðnirófi. Samkvæmt þessum ákvæðum samþykkti framkvæmdastjórnin þann 26. júlí 2002 ákvörðun 2002/622/EB um að koma á fót hópi til að marka stefnu varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar <sup>(2)</sup> (hér á eftir „hópurinn“).

„2. gr:

**Verkefni**

Hópurinn skal veita framkvæmdastjórninni aðstoð og ráðgjöf í málum sem tengjast stefnu varðandi fjarskiptatíðniróf, samræmdar leiðir við stefnumótun, undirbúning stefnuáætlaða til margra ára varðandi fjarskiptatíðniróf og, eftir því sem við á, samræmd skilyrði fyrir aðgengi og skilvirkri notkun fjarskiptatíðnirófs sem nauðsynlegt er fyrir stofnun og starfsemi innri markaðarins.

Enn fremur skal hópurinn aðstoða framkvæmdastjórnina við að leggja til sameiginleg stefnumarkmið við Evrópuþingið og ráðið, ef nauðsyn krefur til að tryggja skilvirka samræmingu hagsmuna Evrópusambandsins í alþjóðastofnunum sem fara með mál varðandi fjarskiptatíðniróf.“

- 2) Við endurskoðun á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun) <sup>(3)</sup>, virtist nauðsynlegt að breyta ákvörðun 2002/622/EB til að laga verkefni hópsins að nýjum regluramma.
- 3) Breyta ber ákvörðun 2002/622/EB til samræmis við það.

2. Í 4. gr. bætist annar undirliður við:

„Að beiðni Evrópuþingsins og/eða ráðsins um álit framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins eða skýrslu um hóp til að marka stefnu varðandi fjarskiptatíðniróf að því er varðar rafræn fjarskipti, skal hópurinn samþykkja álit eða skýrsluna, samkvæmt sömu reglum og í undirliðnum þar á undan. Framkvæmdastjórnin skal senda þessi álit og skýrslur til þeirra stofnana sem fara fram á það. Eftir því sem við á má formaður hópsins eða fulltrúi sem hópurinn tilnefnir koma skýrslu eða álit munnlega á framfæri við Evrópuþingið og/eða ráðið.“

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 336, 18.12.2009, bls. 50. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 170/2012 frá 28. september 2012 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 13.12.2012, bls. 26.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 198, 27.7.2002, bls. 49.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 108, 24. 4. 2002, bls. 33.

2. gr.

**Gildistaka.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 16. desember 2009.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

---

## FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/36/47

frá 26. nóvember 2012

## um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 492/2011 að því er varðar afgreiðslu atvinnutilboða og atvinnuumsókna og endurreisn EURES-netsins

(tilkynnt með númeri C(2012) 8548)

(2012/733/ESB) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 492/2011 frá 5. apríl 2011 um frjálsa för launafólks innan Sambandsins <sup>(1)</sup>, einkum 38. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Miklar framfarir hafa orðið síðan EURES-netinu var hrint úr vör, en því var komið á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/569/EBE frá 22. október 1993 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1612/68 um frelsi launþega til flutninga innan Bandalagsins, einkum að því er varðar Eures-netið (Vinnumiðlun Evrópu) <sup>(2)</sup> til framkvæmdar reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68 <sup>(3)</sup>. Netið var endurskipulagt og lagður nýr grunnur að því með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/8/EB <sup>(4)</sup> til að festa það í sessi og styrkja.
- 2) Leiðtogaráðið studdi á fundi sínum 17. júní 2010 stefnumörkunina fyrir Evrópu 2020 um hugvitssaman og sjálfbæran hagvöxt fyrir alla, samhliða því að kalla eftir því að viðeigandi fjármögnunarleiðir og stefnur ESB yrðu virkjaðar að fullu til að styðja við að sameiginlegum markmiðum yrði náð, og hvatti aðildarríkin til að efla samræmdar aðgerðir.
- 3) Á fundi leiðtogaráðsins 28. og 29. júní 2012 var tekin ákvörðun um „sáttmála um hagvöxt og atvinnu“ og vísað til þess, á grundvelli orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar „Uppsveifla með aukinni atvinnu“ frá 18. apríl 2012, að vefgátt EURES-netsins bæri að þróa í raunverulegt evrópskt atvinnumiðlunar- og ráðningartæki.

- 4) EURES-netið á að stuðla að betri starfhæfni vinnumarkaða og tryggja enn frekar að efnahagslegum þörfum sé fullnægt með því að greiða fyrir hreyfanleika launafólks á milli landa og yfir landamæri við sanngjörn skilyrði þar sem gildandi vinnustaðlar eru virtir. Netið á að skapa meira gagnsæi á vinnumörkuðum, tryggja skipti á og miðlun atvinnutilboða og umsókna um atvinnu (þ.e. „afgreiðslu“ (e. „clearance“) eða „þörun atvinnuleitenda og starfa“ (e. „matching“) í skilningi reglugerðarinnar) og styðja við starfsemi á sviði ráðninga, ráðgjafar og leiðsagnar á innlendum vettvangi og yfir landamæri, og stuðla þar með að markmiðum stefnumörkunarinnar fyrir Evrópu 2020.
- 5) Í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur síðan starfsemin hófst árið 1993 og frá endurskipulagningunni árið 2003, og að teknu tilliti til þarfarinnar á að styrkja og stækka netið enn frekar til að styðja að öllu leyti við markmið stefnumörkunarinnar fyrir Evrópu 2020, er nauðsynlegt að endurmóta núverandi samsetningu netsins, skiptingu ábyrgðarsviða og tilhögun ákvarðanatöku, ásamt skránni yfir þjónustu.
- 6) Í þessu skyni ætti innan EURES-netsins að leggja meiri áherslu á innleiðingu markmiða og árangurs í stjórnun í því samhengi að para saman atvinnuleitendur og störf og að því er varðar atvinnumiðlun og ráðninga. Í þessu sambandi má líta á atvinnumiðlun (e. placement) sem þjónustu milliliðar milli framboðs og eftirspurnar á vinnumarkaði sem hefur það að markmiði að stuðla að ráðningu, en ráðning (e. recruitment) felur í sér að ráðið er í laust starf.
- 7) Afnám einokunar ásamt annarri þróun hefur leitt til þess að á vinnumarkaðnum hefur komið fram fjöldi ýmiss konar þjónustuveitenda á sviði vinnumiðlunar. Til að nýta möguleika EURES-netsins til fulls þarf að heimila þeim rekstraraðilum þátttöku í því, sem skuldbinda sig til að virða að öllu leyti gildandi vinnustaðla og lagaskilyrði og aðra gæðastaðla netsins.
- 8) Nauðsynlegt er að þjónusta EURES-netsins sé vel skilgreind til að tryggja að staðið sé við þær skuldbindingar, sem reglugerðin leggur aðildarríkjunum á herðar, á skilvirkan og árangursríkan hátt, þ.e. afgreiðslu atvinnutilboða og atvinnuumsókna ásamt því að miðla og veita upplýsingar um vinnumarkaðinn. Þetta myndi fela í sér þátttöku mismunandi aðila, þ.m.t. aðila vinnumarkaðarinnar, eftir því sem við á.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 328, 28.11.2012, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 199/2013 frá 8. nóvember 2012 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 141, 27.5.2011, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 274, 6.11.1993, bls. 32.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 257, 19.10.1968, bls. 2.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 5, 10.1.2003, bls. 16.

- 9) Í „sáttmálanum um hagvöxt og atvinnu“ fór leiðtogaárið fram á að kannaðir yrðu möguleikar þess að vikka út EURES-netið þannig að það næði einnig yfir nám á námssamningi og starfsþjálfun. Til að skapa samlegðaráhrif og til að netið geti að öllu leyti stutt við markmið stefnumörkunarinnar fyrir Evrópu 2020, einkum það að koma atvinnuþátttöku upp í 75% eigi síðar en árið 2020, jafnframt því að virða gildissvið reglugerðarinnar, ætti EURES-netið að geta náð yfir nám á námssamningi og starfsþjálfun að svo miklu leyti sem hlutaðeigandi einstaklingar teljast vera launafólk í skilningi reglugerðarinnar og eru 18 ára eða eldri, svo fremi það teljist gerlegt að miðla slíkum upplýsingum í samræmi við viðeigandi staðla.
- 10) Til að veita megi þjónustuna með sem skilvirkustum hætti, ætti að samþætta og fella EURES-netið inn í almennt þjónustuframboð þeirra sem taka þátt, sem gætu fengið fjármagn úr Félagsmálasjóði Evrópu vegna innlestrar starfsemi og starfsemi sem nær yfir landamæri.
- 11) Til að stuðla á skilvirkan hátt að betri starfhæfni vinnumarkaða og þróun í átt að samevrópskum vinnumarkaði ætti EURES-netið einnig að gegna meira áberandi hlutverki við að ráða í lausar stöður þar sem myndast hefur flöskuháls og við að aðstoða tiltekna hópa launafólks og vinnuveitendur með því að vikka netið út þannig að það styðji við tiltekna starfsemi sem felur í sér hreyfanleika á vettvangi ESB og hvetji einkum til skipta á ungu launafólki.
- 12) Einnig ber að taka fullt tillit til þeirra tækifæra sem ný upplýsinga- og fjarskiptatæknitól bjóða upp á til að efla frekar og hagræða í þeirri þjónustu sem veitt er.
- 13) Öll vinnsla persónuupplýsinga innan ramma þessarar ákvörðunar skal vera í samræmi við löggjöf ESB og landslög um vernd persónuupplýsinga.
- 14) Til glöggvunar er rétt að leggja nýjan grunn að EURES-netinu og skilgreina um leið með nákvæmari hætti samsetningu þess, uppbyggingu og hlutverk.
- 15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit ráðgjafarnefndarinnar um frjálsa för launþega.

#### SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

##### 1. gr.

#### EURES-netið

Til að uppfylla þær skuldbindingar, sem mælt er fyrir um í II. kafla reglugerðar (ESB) nr. 492/2011, skal framkvæmdastjórnin stofna og reka með aðildarríkjunum samevrópskt vinnumiðlunarnet sem nefnist EURES-netið.

##### 2. gr.

#### Markmið

Í þágu atvinnuleitenda, launafólks og vinnuveitenda skal EURES-netið, í samstarfi við aðra evrópska þjónustu eða önnur Evrópunet, stuðla að:

- þróun evrópsks vinnumarkaðar er sé öllum opin og aðgengilegur og þar sem gildandi vinnustaðlar og lagaskilyrði eru virt að öllu leyti,
- afgreiðslu atvinnutilboða og atvinnuumsókna og atvinnumiðlun milli landa, milli svæða og yfir landamæri með því að skiptast á atvinnutilboðum og umsóknum um atvinnu, og þátttöku í tiltekinni starfsemi sem felur í sér hreyfanleika á vettvangi ESB,
- gagnsæi og upplýsingaskiptum um evrópska vinnumarkaði, þ.m.t. um líf skjör og vinnuskilyrði og tækifæri til að afla sér færni,
- þróun ráðstafana sem hvetja til og auðvelda hreyfanleika ungs launafólks,
- upplýsingaskiptum um starfsþjálfun og nám á námssamningi í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 492/2011 og atvinnumiðlun einstaklinga í starfsþjálfun og lærlinga, eins og við á,
- þróun aðferðafræði og vísu í þessu skyni.

##### 3. gr.

#### Samsetning

EURES-netið skal ná yfir eftirfarandi:

- evrópsku samráðsskrifstofuna sem samræmir afgreiðslu atvinnutilboða og atvinnuumsókna (e. European Coordination Office for Coordinating the Clearance of Vacancies and Applications for Employment), í samræmi við 18., 19. og 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 492/2011,
- aðila að EURES-netinu (e. EURES Members), sem eru sérstakar þjónustuskrifstofur, tilnefndar af aðildarríkjunum í samræmi við 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 492/2011 („landsbundnar samræmingarskrifstofur“), eins og kveðið er á um í 5. gr.,
- samstarfsaðila EURES-netsins (e. EURES Partners), sbr. 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 492/2011. Samstarfsaðilar EURES-netsins eru tilnefndir af viðkomandi aðila að netinu og geta verið opinberir eða einkareknir þjónustuveitendur, sem starfa á viðeigandi sviði atvinnumiðlunar og ráðningar, sem og stéttarfélög og samtök vinnuveitenda. Til að koma til álita sem samstarfsaðili EURES-netsins verður viðkomandi að skuldbinda sig til að gegna þeim hlutverkum og þeirri ábyrgð sem mælt er fyrir um í 7. gr.,

d) tengda samstarfsaðila EURES-netsins (e. Associated EURES Partners) sem í samræmi við 6. gr. veita takmarkaða þjónustu undir eftirliti og á ábyrgð samstarfsaðila netsins eða evrópsku samráðsskrifstofunnar.

4. gr.

**Hlutverk og ábyrgðarsvið evrópsku samráðsskrifstofunnar**

1. Framkvæmdastjórnin ber ábyrgð á stjórnun evrópsku samráðsskrifstofunnar.

2. Evrópska samráðsskrifstofan skal hafa umsjón með því að ákvæði II. kafla reglugerðar (ESB) nr. 492/2011 séu uppfyllt og skal styðja við starfsemi netsins.

3. Hún skal einkum:

a) móta samfellda heildarstefnu og veita EURES-netinu og notendum þess þverlægan stuðning, s.s. með:

1) rekstri og þróun á evrópskri vefgátt fyrir hreyfanleika á vinnumarkaði („EURES-vefgáttinni“) og tengdri upplýsingatækniþjónustu, þ.m.t. kerfum og málsmeðferðarreglum til að skiptast á atvinnutilboðum, umsóknum um atvinnu í formi umsóknarbréfa, ferilskráa, færniþess (e. skills passports) o.þ.u.l. og öðrum upplýsingum, í samstarfi við aðra viðeigandi evrópska þjónustu eða Evrópunet,

2) upplýsingum og samskiptum varðandi EURES-netið,

3) þjálfun starfsfólks sem vinnur við EURES-netið,

4) eflingu netsamstarfs og miðlun bestu starfsvenja milli aðila og samstarfsaðila EURES-netsins og stuðla að því að þeir læri hver af öðrum,

5) þátttöku EURES-netsins í tiltekinni starfsemi sem felur í sér hreyfanleika á vettvangi ESB,

b) greina hreyfanleika á milli landa og á milli starfa með tilliti til þess að ná jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar og þróa almenna stefnu að því er varðar hreyfanleika í samræmi við evrópsku vinnumálaáætlunina,

c) sjá um heildarvöktun og –mat á starfsemi EURES-netsins, skilgreina árangur, atvinnumiðlun og aðra árangursvísa ásamt aðgerðum til að ganga úr skugga um að framangreint sé gert í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 492/2011 og þessa ákvörðun.

4. Evrópska samráðsskrifstofan skal samþykkja starfsáætlanir sínar og markmið fyrir EURES-netið í samstarfi við samræmingarhóp EURES-netsins og að höfðu samráði við stjórn þess.

5. gr.

**Hlutverk og ábyrgðarsvið landsbundinna samræmingarskrifstofa**

1. Sérhvert aðildarríki skal tilnefna sérstaka þjónustuskrifstofu, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 492/2011, sem ber að skipuleggja starfsemi EURES-netsins í viðkomandi aðildarríki.

2. Landsbundna samræmingarskrifstofan skal sjá til þess að öllum skuldbindingum aðildarríkis, sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 492/2011, einkum þeim sem varða skipti á upplýsingum, sbr. 12., 13. og 14. gr., sé fullnægt með því:

a) að koma á fót og viðhalda öllum tæknilegum og starfrænum grunnvirkjum og kerfum sem eru nauðsynleg til að samstarfsaðilar og tengdir samstarfsaðilar EURES-netsins geti tekið þátt í að skiptast á upplýsingum,

b) að veita tilskildar upplýsingar, sjálf eða gegnum samstarfsaðila EURES-netsins á ábyrgð skrifstofunnar.

3. Hún skal, í nánusamstarfi við evrópsku samráðsskrifstofuna og aðrar landsbundnar samræmingarskrifstofur, einkum:

a) tilnefna einn eða fleiri samstarfsaðila EURES-netsins, á grundvelli val- og viðurkenningarkerfisins sem kveðið er á um í vii. lið b-liðar 2. mgr. 10. gr., og hafa eftirlit með starfsemi þeirra,

b) skipuleggja og gefa evrópsku samráðsskrifstofunni reglulega skýrslu um starfsemi og árangur EURES-netsins í landinu,

c) samræma þátttöku EURES-netsins í viðeigandi tiltekinni starfsemi sem felur í sér hreyfanleika á vettvangi ESB.

4. Þegar landsbundin samræmingarskrifstofa tilnefnir samstarfsaðila EURES-netsins skal hún leggja áherslu á að ná til eins stórs landfræðilegs svæðis og eins stórs hluta af vinnumarkaðnum og mögulegt er og ná bestu mögulegu þjónustu fyrir atvinnuleitendur, launafólk og vinnuveitendur með því að tryggja fullnægjandi þátttöku viðeigandi vinnumiðlana og aðila á vinnumarkaði.

5. Landsbundna samræmingarskrifstofan skal semja starfsáætlunir fyrir landsbundna netið á grundvelli umsaminnar rekstrarmarkmiða og leggja fyrir evrópsku samráðsskrifstofuna. Í starfsáætluninni skal einkum tilgreina:

a) aðalstarfsemi landsbundnu samræmingarskrifstofunnar, samstarfsaðila og tengdra samstarfsaðila EURES-netsins á

ábyrgð skrifstofunnar innan ramma netsins, þ.m.t. starfsemi milli landa, yfir landamæri og innan atvinnugreina sem kveðið er á um í 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 492/2011,

- b) þann mannafla og það fjármagn sem úthlutað er til framkvæmdar á II. kafla reglugerðar (ESB) nr. 492/2011,
- c) tilhögun vöktunar og mats á fyrirhugaðri starfsemi.

Í starfsáætluninum skal einnig vera að finna mat á starfsemi og árangri sem náðist á fyrra tímabili.

Hafa skal samráð um starfsáætlanirnar við aðila vinnumarkaðarins og aðra hlutaðeigandi hagsmunaaðila EURES-netsins á viðkomandi stigi.

6. Landsbundin samræmingarskrifstofa getur ákveðið að veita sjálf atvinnuleitendum og vinnuveitendum þjónustu EURES-netsins beint og skal í því tilliti falla undir reglur sem gilda um þá samstarfsaðila netsins sem veita sömu þjónustu. Í því tilviki skal skrifstofan fara fram á það við evrópsku samráðsskrifstofuna að verða viðurkennd sem samstarfsaðili EURES-netsins.

7. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að landsbundin samræmingarskrifstofa fái það starfsfólk og þau tilföng önnur sem hún þarf til að geta leyst verkefni sín af hendi.

8. Landsbundinn samræmingaraðili EURES-netsins veitir landsbundnu samræmingarskrifstofunni forstöðu eins og tilgreint er í iii. lið b-liðar 2. mgr. 10. gr.

6. gr.

#### Hlutverk og ábyrgðarsvið samstarfsaðila EURES-netsins

1. Stofnun, sem óskar eftir að gerast samstarfsaðili EURES-netsins, skal sækja um það hjá landsbundnu samræmingarskrifstofunni sem getur tilnefnt hana í samræmi við b-lið 3. gr. að því tilskildu að stofnunin skuldbindi sig til samstarfs, undir eftirliti landsbundnu samræmingarskrifstofunnar, á svæðisbundnum, innlendum og evrópskum vettvangi innan EURES-netsins og til að veita a.m.k. alla alþjónustu eins og um getur í 7. gr.

2. Samstarfsaðili EURES-netsins skal, sjálfur eða í samstarfi við aðra samstarfsaðila þess, tilnefna einn eða fleiri tengiliði, s.s. atvinnumiðlunar- og ráðningarskrifstofur, þjónustuver, sjálfsafgreiðslubúnað o.þ.u.l., þar sem atvinnuleitendur, launafólk og vinnuveitendur geta fengið aðgang að þjónustu hans.

3. Samstarfsaðili EURES-netsins skal gefa skýrt til kynna hvaða þjónustu á þjónustuskra EURES-netsins hann veitir. Þjónustustig og innihald þjónustunnar má vera breytilegt frá einum tengilið til annars svo framarlega sem þjónustupakki samstarfsaðilans í heild feli í sér alla tilskilda alþjónustu.

4. Allir samstarfsaðilar EURES-netsins skulu skuldbinda sig til að taka fullan þátt í skiptum á atvinnutilboðum jafnt sem umsóknum um atvinnu frá atvinnuleitendum sem hafa hug á að starfa í öðru aðildarríki, sbr. a- og b-lið 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 492/2011 og i. lið a-liðar 4. gr. þessarar ákvörðunar. Þeir skulu sjá til þess að allt starfsfólk, sem vinnur við að veita þjónustu EURES-netsins, hafi fullan aðgang að upplýsinga- og fjarskiptatæknitólum sem netið hefur til umráða.

5. Samstarfsaðili EURES-netsins, sem býður ekki tiltekna viðbótarþjónustu sem er á þjónustuskra netsins, skal sjá til þess að beiðni um þá þjónustu sé vísað til annarra samstarfsaðila netsins sem veita hana.

6. Samstarfsaðili EURES-netsins getur falið annarri stofnun að veita þjónustu sem eykur virði hans eigin þjónustu. Sú stofnun telst í því tilliti vera tengdur samstarfsaðili EURES-netsins og starfa á fullri ábyrgð þess samstarfsaðila netsins sem hann tengist.

7. Til að rækja hlutverk sitt getur samstarfsaðili EURES-netsins stofnað samtök með einum eða fleiri samstarfsaðilum netsins í öðrum aðildarríkjum.

8. Gera má kröfu um að samstarfsaðili eða tengdur samstarfsaðili EURES-netsins leggi eitthvað af mörkum til tæknilega og starfræna grunnvirkisins og kerfanna sem um getur í a-lið 2. mgr. 5. gr.

9. Til að halda viðurkenningu sinni sem slíkur, skal samstarfsaðili EURES-netsins halda uppteknum hætti við að uppfylla skuldbindingar sínar og veita umsamda þjónustu, auk þess að gangast undir reglubundna endurskoðun, eins og tilgreint er í kerfinu fyrir val og viðurkenningu sem kveðið er á um í vii. lið b-liðar 2. mgr. 10. gr.

7. gr.

#### Þjónusta EURES-netsins

1. Þjónusta EURES-netsins í heild sinni skal taka til ráðninga, pörunar atvinnuleitenda og starfa og atvinnumiðlunar og ná yfir öll stig atvinnumiðlunar frá undirbúningi fyrir ráðningu til aðstoðar eftir ráðningu, og tengdrar upplýsingagjafar og ráðgjafar.

2. Nánari útlistanir er að finna í þjónustuskra EURES-netsins, sem skal vera hluti af EURES-sáttmálanum, eins og kveðið er á um í 10. gr., og samanstanda af alþjónustu, sem allir samstarfsaðilar EURES-netsins veita, ásamt viðbótarþjónustu.

3. Alþjónusta er sú þjónusta sem kveðið er á um í II. kafla reglugerðar (ESB) nr. 492/2011, einkum 3. mgr. 12. gr. og í 13. gr. Viðbótarþjónusta er ekki skyldubundin í skilningi II. kafla reglugerðar (ESB) nr. 492/2011 en fullnægir mikilvægum þörfum vinnumarkaðarins.

4. Öll þjónusta við atvinnuleitendur og launafólk skal vera án endurgjalds. Ef samstarfsaðilar EURES-netsins taka gjald fyrir þjónustu við aðra notendur skal ekki vera neinn munur á þeim gjöldum sem eru innheimt fyrir þjónustu EURES-netsins og gjöldum fyrir aðra sambærilega þjónustu sem viðkomandi samstarfsaðili netsins veitir. Taka skal tillit til hvers konar fjármögnunar frá Evrópusambandinu vegna veitingar þjónustu EURES-netsins við ákvörðun gjalda til að forðast hugsanlega tvíþjármögnun.

8. gr.

#### Stjórn EURES-netsins

1. Stjórn EURES-netsins skal vera framkvæmdastjórninni, evrópsku samráðsskrifstofunni og landsbundnu samræmingarskrifstofunum til aðstoðar við að stuðla að og hafa umsjón með þróun netsins.

2. Stjórnin skal skipuð einum fulltrúa frá hverju aðildarríki.

3. Fáir starfsemi EURES-netsins í aðildarríki fjármagn samkvæmt fjármögnunarleið Evrópusambandsins, s.s. úr Félagsmálasjóði Evrópu, getur landsyfirvaldið, sem annast það, tengst því ef nauðsyn krefur.

4. Fulltrúum evrópskra samtaka aðila vinnumarkaðarins skal boðið að taka þátt í fundum stjórnarinnar sem áheyrnarfulltrúar.

5. Stjórnin ákveður vinnuaðferðir sínar og setur sér starfsreglur. Að jafnaði skal formaður boða til fundar tvisvar á ári. Stjórnin skal skila álitinu með einföldum meirihluta.

6. Með formennsku í stjórninni fer fulltrúi evrópsku samráðsskrifstofunnar, sem skal láta í té skrifstofuaðstöðu.

7. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við stjórn EURES-netsins um spurningar varðandi stefnumótandi áætlanagerð, þróun, framkvæmd, vöktun og mat á þeirri þjónustu og starfsemi sem um getur í þessari ákvörðun, þ.m.t.:

a) EURES-sáttmálann í samræmi við 10. gr.,

b) áætlanir, rekstrarmarkmið og starfsáætlanir EURES-netsins,

c) skýrslu framkvæmdastjórnarinnar, sem er áskilin skv. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 492/2011.

9. gr.

#### Samræmingarhópur EURES-netsins

1. Sér til aðstoðar við þróun, framkvæmd og vöktun á starfsemi EURES-netsins skal evrópska samráðsskrifstofan stofna samræmingarhóp sem skipaður er landsbundnum samræmingaraðilum EURES-netsins sem hver um sig er fulltrúi aðila að EURES-netinu. Evrópska samráðsskrifstofan getur boðið fulltrúum aðila vinnumarkaðarins í Evrópu og, eftir því sem við á, fulltrúum annarra samstarfsaðila EURES-netsins og sérfræðingum að sitja fundi samræmingarhópsins.

2. Samræmingarhópurinn skal taka virkan þátt í gerð starfsáætlana og samræmingu á framkvæmd þeirra.

3. Samræmingarhópurinn getur stofnað varanlega eða sérstaka vinnuhópa, einkum til að skipuleggja þverlæga stoðstarfsemi og hrinda henni í framkvæmd.

4. Evrópska samráðsskrifstofan skal skipuleggja vinnu samræmingarhópsins.

10. gr.

#### EURES-sáttmálann

1. Framkvæmdastjórnin skal samþykka EURES-sáttmálann í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 12. gr. (2. mgr.), 13. gr. (2. mgr.), 19. gr. (1. mgr.) og 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 492/2011, að höfðu samráði við stjórn EURES-netsins sem komið er á fót með 8. gr. þessarar ákvörðunar.

2. Á grundvelli meginreglunnar um að öll atvinnutilboð og umsóknir um atvinnu, sem aðilar EURES-netsins birta opinberlega, verði að vera aðgengileg í gervöllu Sambandinu skal í EURES-sáttmálanum einkum fastsetja:

a) þjónustuskra EURES-netsins, þar sem lýst er alþjónustu og viðbótarþjónustu sem aðilar og samstarfsaðilar netsins veita, þ.m.t. þjónustu við þróun atvinnuleitenda og starfa, s.s. persónulega ráðgjöf og ráðleggingar til viðskiptavina, hvort sem þeir eru atvinnuleitendur, launafólk eða vinnuveitendur,

b) þróun nýjunga í samstarfi milli landa og yfir landamæri milli vinnumiðlana, s.s. sameiginlegar vinnumiðlanir, í því skyni að bæta virkni vinnumarkaða, samþættingu þeirra og aukinn hreyfanleika, Samstarfið getur náð til félagslegrar þjónustu, aðila vinnumarkaðarins og annarra stofnana sem hlut eiga að máli,

c) að stuðla að samræmdri vöktun og mati á umframfærni og skorti á færni,



- d) rekstrarmarkmið EURES-netsins, gæðastaðla sem beitt er og skyldur aðila og samstarfsaðila netsins, þ.m.t.:
- i. rekstrarsamhæfi milli viðeigandi gagnagrunna fyrir atvinnutilboð og umsóknir um vinnu og atvinnumiðlunarkerfis EURES-netsins og þeirra þjónustustiga sem eiga skulu við,
  - ii. hvers konar upplýsingar, svo sem upplýsingar um vinnumarkaðinn, upplýsingar um lífskjör og starfsskilyrði, upplýsingar um atvinnutilboð og óskir um vinnu, upplýsingar um starfsþjálfun og nám á námssamningi, ráðstafanir til að hvetja til hreyfanleika ungs fólks, öflun færni og hindranir á hreyfanleika, þeir þurfa að veita viðskiptavinum sínum og öðrum innan netsins, í samstarfi við aðra viðeigandi evrópska þjónustu eða Evrópunet,
  - iii. verkefnalýsingar og viðmiðanir vegna tilnefninga landsbundinna samræmingaraðila, ráðgjafa EURES-netsins og annarra lykilstarfsmanna á landsvísi,
  - iv. þjálfun og hæfni sem krafist er af starfsfólki EURES-netsins og skilyrði og aðferðir vegna skipulags heimsóknna og verkefna embættismanna og sérhæfðs starfsfólks,
  - v. gerð starfsáætlana, framlagningu þeirra til evrópsku samráðsskrifstofunnar og framkvæmd þeirra,
  - vi. skilyrði fyrir notkun aðila og samstarfsaðila EURES-netsins á kennimerki netsins,
  - vii. val- og viðurkenningarkerfi fyrir samstarfsaðila EURES-netsins,
  - viii. meginreglur um vöktun og mat á starfsemi EURES-netsins,
- e) aðferðir við að koma á samræmdu kerfi til skipta á upplýsingum og sameiginlegum fyrirmyndum að slíkum upplýsingaskiptum um vinnumarkaðinn og um hreyfanleika innan EURES-netsins eins og kveðið er á um í 12., 13. og 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 492/2011, þ.m.t. upplýsingum um störf og um námstækifæri innan Evrópusambandsins sem fella skal inn í vefgátt EURES-netsins.

11. gr.

#### Kynning á EURES-netinu

1. Aðilar og samstarfsaðilar EURES-netsins skulu kynna það ötullega.

2. Þeir skulu gera yfirgripsmikla samskiptaáætlun, sem er ætlað að tryggja að netið sé samræmt og heildstætt gagnvart notendum, og taka þátt í sameiginlegu upplýsinga- og kynningarstarfi.

3. Upphafsstafaorðið EURES skal eingöngu notað vegna starfsemi innan EURES-netsins. Myndræn útfærsla þess skal vera staðlað kennimerki (logo) með skilgreinda hönnunarforskrift, sem evrópska samráðsskrifstofan samþykkir.

4. Kennimerkið, sem skal skráð hjá samhæfingarskrifstofu innri markaðarins (OHIM) sem vörumerki Bandalagsins, skal notað af aðilum og samstarfsaðilum EURES-netsins í allri starfsemi, sem tengist EURES-netinu, til að tryggja sameiginlega sjónræna ímynd.

12. gr.

#### Samstarf við aðra þjónustu og net

Aðilar og samstarfsaðilar EURES-netsins skulu starfa með virkum hætti með annarri evrópskri upplýsinga- og ráðgjafarþjónustu og Evrópunetum á evrópskum, landsbundnum og svæðisbundnum vettvangi til að ná fram samlegðaráhrifum og komast hjá skörun.

13. gr.

#### Niðurfelling

Ákvörðun 2003/8/EB er hér með felld úr gildi. Hún skal þó gilda áfram um starfsemi í tengslum við umsóknir sem bárust áður en þessi ákvörðun tók gildi.

14. gr.

#### Dagurinn þegar ákvörðunin kemur til framkvæmda

Ákvörðun þessi kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2014.

15. gr.

#### Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. nóvember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

László ANDOR

framkvæmdastjóri.

**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1071/2009****2014/EES/36/48**

frá 21. október 2009

**um sameiginlegar reglur varðandi skilyrði sem uppfylla þarf til þess að mega starfa sem flutningsaðili á vegum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/26/EB (\*)**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 71. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar (e. European Data Protection Supervisor) <sup>(2)</sup>,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Nauðsynlegt er að beita sameiginlegum reglum um aðgang að starfsgrein farmflytjenda á vegum og starfsgrein aðila sem stunda farþegaflutninga á vegum (starfsgrein flutningsaðila á vegum) til þess að koma á innri markaði í flutningum á vegum með eðlilegum samkeppnisskilyrðum. Sameiginlegar reglur af þessum toga stuðla að því að flutningsaðilar á vegum öðlist betri faglega menntun og hæfi, jafnvægi á markaðnum og auknum gæðum þjónustunnar, í þágu flutningsaðila á vegum, viðskiptavina þeirra og efnahagslífsins almennt og að auknu öryggi á vegum. Þær munu einnig greiða fyrir því að flutningsaðilar á vegum geti í reynd neytt staðfesturéttarins.
- 2) Í tilskipun ráðsins 96/26/EB frá 29. apríl 1996 um aðgang að starfsgrein farmflytjenda á vegum og starfsgrein aðila sem stunda farþegaflutninga á vegum og um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi, sem á að auðvelda þessum aðilum að neyta staðfesturéttarins í innanlands- og millilandaflutningum <sup>(4)</sup>, er mælt fyrir um lágmarksskilyrði varðandi aðgang að

starfsgrein flutningsaðila á vegum og um gagnkvæma viðurkenningu á skjölum sem krafist er í þessu tilliti. Hins vegar hafa reynsla, mat á áhrifum og ýmiss konar rannsóknir sýnt fram á að þessari tilskipun er beitt á mismunandi hátt í aðildarríkjunum. Slíkt misræmi hefur í för með sér ýmsar neikvæðar afleiðingar, m.a. röskun á samkeppni, ófullnægjandi gagnsæi á markaði og ósamræmt eftirlit ásamt hættu á því að fyrirtæki, sem ráða til sín starfsfólk með faglega menntun og hæfi á lægra stigi, kunni að fara á svig við reglur um umferðaröryggi og félagsleg réttindi eða fylgi þeim síður sem kann að skaða ímynd geirans.

- 3) Þessar afleiðingar eru enn alvarlegri fyrir þá sök að þær eru líklegar til að raska eðlilegri starfsemi innri markaðarins, að því er varðar flutninga á vegum, þar sem markaður fyrir vöruflutninga milli landa og tilteknir gestaflutningar eru aðgengilegir fyrirtækjum alls staðar í Bandalaginu. Eina skilyrðið sem þessi fyrirtæki þurfa að uppfylla er að hafa Bandalagsleyfi, sem fæst að því tilskildu að þau uppfylli skilyrði varðandi aðgang að starfsgrein flutningsaðila á vegum, sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1072/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir farmflutninga á vegum milli landa <sup>(5)</sup> og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir flutninga með hópþíreiðum milli landa <sup>(6)</sup>.
- 4) Af þeim sökum er viðeigandi að færa gildandi reglur um aðgang að starfsgrein flutningsaðila á vegum til nútímahorfs og tryggja þannig að reglunum verði beitt með samræmdum og skilvirkum hætti. Þar sem aðgangur að markaði Bandalagsins er einkum bundinn því skilyrði að þessum reglum sé fylgt og viðeigandi gerningar Bandalagsins á þessu sviði eru reglugerðir virðist reglugerð vera sá gerningur sem best á við til að stýra aðgangi að starfsgrein flutningsaðila á vegum.
- 5) Heimila skal aðildarríkjum að aðlaga þau skilyrði sem ber að uppfylla til að mega starfa sem flutningsaðili á vegum á ystu svæðum, sem um getur í 2. mgr. 299. gr. sáttmálans, vegna sérstakra einkenna og takmarkana sem þau svæði búa við. Fyrirtæki, sem hafa staðfestu á þessum svæðum og uppfylla skilyrði til að mega starfa sem flutningsaðilar á vegum eingöngu á grundvelli slíkrar aðlögunar, skulu þó ekki hafa möguleika á að fá Bandalagsleyfi. Aðlögun skilyrðanna fyrir því að mega starfa sem flutningsaðilar á vegum skal þó ekki

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 51. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 151, 17.6.2008, bls. 16.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 14, 19.1.2008, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 21. maí 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum), sameiginleg afstaða ráðsins frá 9. janúar 2009 (Stjtið. ESB C 62 E, 17.3.2009, bls. 1), afstaða Evrópuþingsins frá 23. apríl 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum) og ákvörðun ráðsins frá 24. september 2009.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 124, 23.5.1996, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 72.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 88.

- koma í veg fyrir að fyrirtæki, sem hefðu fengið aðgang að starfsgrein flutningsaðila á vegum og uppfylla almenn skilyrði sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, geti stundað flutningastarfsemi á ystu svæðum.
- 6) Sameiginlegar reglur um að mega starfa sem flutningsaðili á vegum skulu, í þágu sanngjarnrar samkeppni, gilda með eins viðtækum hætti og unnt er um öll fyrirtæki. Á hinn bóginn er ekki nauðsynlegt að fella undir gildissvið þessarar reglugerðar fyrirtæki sem stunda flutninga sem hafa óveruleg áhrif á flutningsmarkaðinn.
  - 7) Það skal vera á ábyrgð staðfestuáildarríkis að ganga úr skugga um að fyrirtæki uppfylli ætíð þau skilyrði sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð svo að lögbær yfirvöld í því aðildarríki geti, ef nauðsyn krefur, tekið ákvörðun um að fella tímabundið úr gildi eða afturkalla þær heimildir sem fyrirtækið hefur til að starfa á markaðnum. Gert er ráð fyrir því að það að uppfylla skilyrði fyrir aðgangi að starfsgrein flutningsaðila á vegum, með viðeigandi hætti, og áreiðanlegt eftirlit með því að þau séu uppfyllt feli í sér að fyrirtæki hafi staðfestu sem er virk og traust.
  - 8) Tilgreina skal og skrá hjá lögbærum yfirvöldum þá einstaklinga sem uppfylla kröfur um góðan orðstír og starfshæfni. Þessir einstaklingar (flutningastjórar) skulu vera búsettir í aðildarríki og annast í reynd og að staðaldri stjórnun flutningastarfsemi í flutningafyrirtækjum á vegum. Því er viðeigandi að tilgreina þau skilyrði sem uppfylla þarf til að líta megi svo á að einstaklingur annast í reynd og að staðaldri stjórnun flutningastarfsemi fyrirtækis.
  - 9) Góður orðstír flutningastjóra veltur á því að þeir hafi ekki hlotið dóm fyrir alvarlegan refsiverðan verknað eða fengið á sig sekt vegna alvarlegs brots, einkum á reglum Bandalagsins um flutninga á vegum. Dómur eða sekt sem flutningastjóri eða flutningafyrirtæki á vegum fær á sig í einu aðildarríki eða fleiri vegna grófasta mögulega brots á reglum Bandalagsins skal leiða til þess að góður orðstír tapist enda hafi lögbært yfirvald gengið úr skugga um að rannsókn hafi verið lokið og hún skrásett með tilhlýðilegum hætti og að virtur hafi verið grundvallarréttur og viðeigandi málskotsréttur í málsmeðferðinni áður en endanleg ákvörðun var tekin.
  - 10) Gerð er sú krafa að flutningsfyrirtæki á vegum hafi fullnægjandi fjárhagsstöðu til að geta hafið starfsemi og stjórnað henni með viðeigandi hætti. Einföld og kostnaðarhagkvæm leið til að sýna fram á fjárhagsstöðu fyrirtækja er að leggja fram bankaábyrgð eða starfsábyrgðartryggingu.
  - 11) Fagleg menntun og hæfi á hærra stigi eykur félagslega og hagræna skilvirkni í flutningum á vegum. Af þessum sökum er rétt að umsækjendur um stöðu flutningastjóra búi yfir yfirgripsmikilli fagþekkingu. Rétt er að gera ráð fyrir því að aðildarríki geti veitt próf- og námsmiðstöðvum starfsleyfi í samræmi við viðmiðanir sem verða skilgreindar í þeim, í því skyni að tryggja auknið samræmi milli prófa og til að stuðla að auknum gæðum námsins. Flutningastjórar skulu hafa nauðsynlega þekkingu á stjórnun flutninga bæði innanlands og á milli landa. Líklegt má telja að skrá yfir námsgreinar, þar sem þekkingar er krafist til þess að fá vottorð um starfshæfni, og fyrirkomulag á skipulagi prófa muni þróast á grundvelli tækniframfara og gera skál ráð fyrir uppfærslu þeirra. Aðildarríki skulu hafa möguleika á því að veita þeim einstaklingum undanþágu frá próftöku sem geta lagt fram sannanir um samfellda reynslu af stjórnun flutningastarfsemi.
  - 12) Til að tryggja sanngjörn samkeppnisskilyrði og að flutningar á vegum séu í fullu samræmi við reglur er nauðsynlegt að samræma eftirlit af hálfu aðildarríkjanna. Yfirvöld í aðildarríkjunum, sem annast eftirlit með fyrirtækjum og að þau hafi gild starfsleyfi, hafa veigamiklu hlutverki að gegna í þessu tilliti og rétt er að tryggja að þau geti gripið til viðeigandi ráðstafana, ef nauðsyn krefur, einkum í alvarlegustu tilvikunum, með því að fella starfsleyfi tímabundið úr gildi eða afturkalla þau eða lýsa þá flutningastjóra óhæfa sem hafa ítrekað sýnt vanrækslu eða gengið fram gegn betri vitund. Áður skal fara fram tilhlýðileg athugun á ráðstöfuninni með hliðsjón af meðalhófsreglunni. Engu að síður skal vara fyrirtæki við fyrir fram og skal það fá hæfilegan frest til að ráða bót á ástandinu áður en gripið er til slíkra viðurlaga.
  - 13) Bætt skipulag samvinnu á sviði stjórnsýslu milli aðildarríkjanna myndi bæta skilvirkni eftirlits með fyrirtækjum sem starfa í nokkrum aðildarríkjum og draga úr stjórnsýslukostnaði síðar meir. Rafrænar skrár yfir fyrirtæki, sem eru samtengdar í gervöllu Bandalaginu og uppfylla reglur Bandalagsins um vernd persónuupplýsinga, myndu auðvelda slíka samvinnu og draga úr kostnaði við eftirlit, bæði fyrir fyrirtæki og stjórnsýslustofnanir. Rafrænar skrár eru þegar fyrir hendi í nokkrum aðildarríkjum. Einnig hefur verið komið á fót grunnvirkjum til að stuðla að samtengingu milli aðildarríkjanna. Kerfisbundnari notkun rafrænna skráa gæti því lagt umtalsvert af mörkum til að draga úr stjórnsýslukostnaði við eftirlit og til að bæta skilvirkni eftirlitsins.
  - 14) Sumt af þeim upplýsingum sem er að finna í rafrænum landsskrám yfir brot og sektir er persónulegs eðlis. Af þeim sökum skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að farið sé að ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga<sup>(1)</sup>, einkum með tilliti til eftirlits með vinnslu

(<sup>1</sup>) Stjóttíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

- persónuupplýsinga á vegum opinberra stjórnvalda, réttar einstaklinga, sem upplýsingarnar varða, til að fá upplýsingar, réttar til aðgangs og réttar til andmæla. Að því er þessa reglugerð varðar virðist nauðsynlegt að geyma slíkar upplýsingar í a.m.k. tvö ár til að tryggja að fyrirtæki, sem svipt hafa verið starfsleyfi, öðlist ekki staðfestu í öðrum aðildarríkjum.
- 15) Veita skal almenningi aðgang að tilteknum upplýsingum í rafrænu landsskránni til þess að auka gagnsæi og gera viðskiptavinum flutningafyrirtækis kleift að sannreyna að fyrirtækið hafi viðeigandi starfsleyfi undir höndum, enda hafi viðeigandi ákvæði um vernd persónuupplýsinga verið uppfyllt.
- 16) Nauðsynlegt er að koma á samtengingu rafrænna landsskráa í áföngum til þess að unnt verði að skiptast með skjótum og skilvirkum hætti á upplýsingum milli aðildarríkja og til að tryggja að flutningsaðilar á vegum falli ekki í þá freistni að fremja eða taka þá áhættu að fremja alvarleg brot í öðrum aðildarríkjum en staðfestu-aðildarríki sínu. Samtenging af þessu tagi felur í sér sameiginlega skilgreiningu á nákvæmu sniði upplýsinga, sem skipst er á, og skilgreiningu tæknaðgerða sem eru notaðar til upplýsingaskipta.
- 17) Tilnefna skal tengiliði í hverju ríki og tilgreina sameiginlegar verklagsreglur, a.m.k. varðandi tímafresti og eðli þeirra upplýsinga sem eru framsendar, til að tryggja skilvirk upplýsingaskipti milli aðildarríkjana.
- 18) Til að greiða fyrir því að unnt sé að neyta staðfestu-réttarins skal viðurkenna framlagningu viðeigandi skjala, sem lögbært yfirvald í því aðildarríki þar sem flutningastjórnin var áður búsettur gefur út, sem fullnægjandi sönnun fyrir góðum orðstír vegna aðgangs að starfsgrein flutningsaðila á vegum í staðfestu-aðildarríkinu, að því tilskildu að því hafi ekki verið lýst yfir að hlutaðeigandi aðilar séu óhæfir til að stunda þá starfsgrein í öðrum aðildarríkjum.
- 19) Að því er varðar starfshæfni og til að greiða fyrir því að unnt sé að neyta staðfesturéttarins skal líta á vottorð eftir sameiginlegri fyrirmynd, sem er gefið út í samræmi við þessa reglugerð, sem fullnægjandi sönnun af hálfu staðfestu-aðildarríkis.
- 20) Þörf er á nánara eftirliti með beitingu þessarar reglugerðar á vettvangi Bandalagsins. Í þessu tilliti er gert ráð fyrir að framkvæmdastjórninni séu reglulega sendar skýrslur, sem eru samdar á grundvelli landsskráa, um góðan orðstír, fjárhagsstöðu og starfshæfni fyrirtækja sem stunda flutninga á vegum.
- 21) Aðildarríkin skulu kveða á um viðurlög sem beita má við brotum gegn þessari reglugerð. Viðurlögin skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.
- 22) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að færa reglur um aðgang að starfsgrein flutningsaðila á vegum til nútímahorfs til að tryggja að þeim verði beitt með samræmdum og skilvirkum hætti í aðildarríkjunum, og því verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, vegna umfangs og áhrifa aðgerðarinnar, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhöfsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná því markmiði.
- 23) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið <sup>(1)</sup>.
- 24) Framkvæmdastjórnin hefur einkum umboð til að taka saman skrá yfir flokka, tegundir og alvarleika brota er leiða til þess að góður orðstír flutningsaðila á vegum tapist, til þess að laga I., II. og III. viðauka við þessa reglugerð að tækniframförum, að því er varðar þekkingu sem taka ber tillit til vegna viðurkenningar aðildarríkjana á starfshæfni og á fyrirmynd að vottorði um starfshæfni og til að taka saman skrá yfir brot sem kunna, ásamt þeim brotum sem eru sett fram í IV. viðauka við þessa reglugerð, að leiða til þess að góður orðstír tapist. Þar sem þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalítlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana nýjum, veigalítlum þáttum, skulu þær samþykktar í samræmi við reglu-nefndarmeðferðina með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.
- 25) Fella ber tilskipun 96/26/EB úr gildi.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## I. KAFLI

## ALMENN ÁKVÆÐI

## 1. gr.

## Efni og gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um aðgang að starfsgrein flutningsaðila á vegum og ástundun slíkrar starfsemi.
2. Þessi reglugerð gildir um öll fyrirtæki með staðfestu í Bandalaginu sem starfa sem flutningsaðilar á vegum. Hún gildir einnig um fyrirtæki sem hyggjast starfa sem flutningsaðilar á vegum. Litið skal á vísanir til fyrirtækja, sem starfa sem flutningsaðilar á vegum, sem vísun, eftir því sem við á, til fyrirtækja sem hyggjast starfa innan slíkrar starfsgreinar.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

3. Hlutaðeigandi aðildarríkjum er heimilt, að því er varðar þau svæði sem um getur í 2. mgr. 299. gr. sáttmálans, að aðlaga þau skilyrði sem þarf að uppfylla til að mega starfa sem flutningsaðili á vegum ef fyrirtæki, sem hafa staðfestu á þessum svæðum, fullnægja flutningsþörf á þeim svæðum.

4. Þrátt fyrir 2. mgr. gildir þessi reglugerð ekki, nema kveðið sé á um annað í landslögum:

a) um fyrirtæki sem stundar farmflutninga á vegum einungis með vélknúnum ökutækjum eða samtengdum ökutækjum þar sem leyfilegur massi með hleðslu fer ekki yfir 3,5 tonn. Aðildarríkin geta þó lækkað þessi mörk í öllum eða sumum greinum flutningastarfsemi á vegum,

b) um fyrirtæki sem stunda farþegaflutninga á vegum sem eru ekki stundaðir í ábataskyni eða sem hafa aðra aðalstarfsemi en farþegaflutninga á vegum,

c) um fyrirtæki sem stunda flutninga á vegum einungis með vélknúnum ökutækjum sem hafa leyfilegan hámarkshraða undir 40 km/klst.

5. Aðildarríki geta veitt flutningsaðilum á vegum, sem stunda eingöngu flutninga innanlands, undanþágu frá öllum eða sumum ákvæðum þessarar reglugerðar enda hafi þessir flutningar hverfandi áhrif á flutningsmarkaðinn:

a) vegna eðlis varanna sem fluttar eru eða

b) vegna þess hversu stutta vegalengd er um að ræða.

## 2. gr.

### Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „starfsgrein farmflytjenda á vegum“: starfsemi fyrirtækis sem flytur vörur gegn gjaldi, annaðhvort með vélknúnum ökutækjum eða samtengdum ökutækjum,

2. „starfsgrein aðila sem stunda farþegaflutninga á vegum“: starfsemi fyrirtækis sem notar til starfsins vélknúin ökutæki sem eru byggð og útbúin til þess að flytja fleiri en níu manns, að meðtöldum bílstjóra, og notuð í þeim tilgangi til farþegaflutninga fyrir almenning eða til að flytja sérstaka hópa fólks gegn greiðslu farþega eða þess aðila sem skipuleggur flutningana,

3. „starfsgrein flutningsaðila á vegum“: starfsgrein aðila sem stundar farþegaflutninga á vegum eða starfsgrein farmflytjenda á vegum,

4. „fyrirtæki“: einstaklingur, lögaðili, hvort sem viðskiptin eru stunduð í ábataskyni eða ekki, samtök eða hópur einstaklinga án réttarstöðu lögaðila, hvort sem viðskiptin eru stunduð í

ábataskyni eða ekki, eða opinber stofnun sem hefur réttarstöðu lögaðila eða heyrir undir yfirvald með slíka réttarstöðu sem stundar farþegaflutninga á vegum eða einstaklingur eða lögaðili sem stundar vöruflytninga í viðskiptalegum tilgangi,

5. „flutningastjóri“: einstaklingur sem starfar hjá fyrirtæki eða, ef fyrirtækið er einstaklingur, sá einstaklingur eða, þar sem kveðið er á um slíkt, annar einstaklingur sem fyrirtækið tilnefnir í samningi og annast í reynd og að staðaldri flutningastarfsemi fyrirtækisins,

6. „leyfi til að mega starfa sem flutningsaðili á vegum“: opinber ákvörðun sem heimilar fyrirtæki, sem uppfyllir þau skilyrði sem mælt er fyrir í þessari reglugerð, að starfa sem flutningsaðili á vegum,

7. „lögbært yfirvald“: landsyfirvald, svæðisyfirvald eða sveitarstjórn í aðildarríki sem gengur úr skugga um, í þeim tilgangi að veita leyfi til að mega starfa sem flutningsaðili á vegum, að fyrirtæki uppfylli þau skilyrði sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og hefur umboð til að veita, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla leyfi til að starfa sem flutningsaðili á vegum,

8. „staðfestuaðildarríki“: aðildarríkið þar sem fyrirtæki hefur staðfestu, óháð því hvort flutningastjóri þess komi frá öðru landi.

## 3. gr.

### Kröfur með tilliti til þess að starfa sem flutningsaðili á vegum

1. Fyrirtæki sem starfa sem flutningsaðilar á vegum:

a) skulu hafa staðfestu í aðildarríki sem er virk og traust,

b) skulu hafa góðan orðstír,

c) hafa fullnægjandi fjárhagsstöðu og

d) uppfylla tilskildar kröfur um starfshæfni.

2. Aðildarríkjum er heimilt að gera viðbótarkröfur, sem skulu vera hóflegar og án mismununar, sem fyrirtæki skulu fullnægja til þess að mega starfa sem flutningsaðilar á vegum.

## 4. gr.

### Flutningastjóri

1. Fyrirtæki, sem starfar sem flutningsaðili á vegum, skal tilnefna a.m.k. einn einstakling sem flutningastjóra og skal hann uppfylla kröfurnar í b- og d-lið 1. mgr. 3. gr. og:

a) sinna í reynd og að staðaldri flutningastarfsemi fyrirtækisins,

- b) hafa raunveruleg tengsl við fyrirtækið, t.d. sem launþegi, forstjóri, eigandi eða hluthafi, eða stýra því, eða, ef fyrirtækið er einstaklingur, að vera sá einstaklingur,

## II. KAFLI

**SKILYRÐI SEM Á AÐ UPPFYLLA TIL AÐ  
FULLNÆGJA KRÖFUM SEM MÆLT ER FYRIR UM Í  
3. GR.**

- c) vera búsettur í Bandalaginu.

2. Ef fyrirtæki uppfyllir ekki kröfur um starfshæfni, sem mælt er fyrir í d-lið 1. mgr. 3. gr., getur lögbært yfirvald veitt því leyfi til að starfa sem flutningsaðili á vegum án flutningastjóra, sem er tilnefndur í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar, að því tilskildu:

- a) að fyrirtækið tilnefni einstakling sem er búsettur í Bandalaginu og uppfyllir þær kröfur sem mælt er fyrir um í b- og d-lið 1. mgr. 3. gr. og sem hefur rétt, samkvæmt samningi, til að gegna störfum flutningastjóra fyrir hönd fyrirtækisins,
Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum þessarar reglugerðar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þessi ákvæði eigi síðar en 4. desember 2011 og skulu tilkynna henni, án tafar, um hvers konar breytingar sem síðar verða á þeim.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 370, 31.12.1985, bls. 8.

Þau skulu sjá til þess að öllum slíkum ráðstöfunum sé beitt án mismununar á grundvelli ríkisfangs eða staðfestustaðar flutningafyrirtækisins.

28. gr.

**Skýrslugjöf**

1. Aðildarríkin skulu á tveggja ára fresti tilkynna framkvæmdastjórninni hve mörg Bandalagsleyfi fyrir reglubundnum flutningum voru gefin út á næstliðnu ári og hve mörg leyfi fyrir reglubundnum flutningum voru í gildi við lok skýrslutímabilsins. Þessar upplýsingar skulu gefnar sérstaklega fyrir hvert ákvörðunarland reglubundnu flutninganna. Aðildarríkin skulu einnig senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um gestaflutninga í formi sérstakra áætlunarferða og óreglubundinna flutninga, sem starfræktir eru af hálfu flutningafyrirtækja með aðsetur í þeim aðildarríkjum á skýrslutímabilinu.

2. Lögbær yfirvöld í gístiaðildarríkinu skulu á tveggja ára fresti senda framkvæmdastjórninni tölfraðilegt yfirlit um það hve mörg leyfi hafa verið gefin út til gestaflutninga í formi reglubundinna flutninga sem um getur í c-lið 15. gr.

3. Framkvæmdastjórnin skal ákvarða snið töflunnar sem nota skal til að greina frá tölfraðilegu upplýsingunum sem um getur í 2. mgr. Samþykkja skal þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, með því að bæta við hana, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun, sem um getur í 2. mgr. 26. gr.

4. Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina, eigi síðar en 31. janúar ár hvert, um það hve mörg flutningafyrirtæki voru handhafar Bandalagsleyfis 31. desember á næstliðnu ári og hversu mörg staðfest, rétt endurrit, jafnmörg ökutækjunum, voru þá í umferð.

29. gr.

**Breyting á reglugerð (EB) nr. 561/2006**

Eftirfarandi málsgrein bætist við í 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 561/2006:

„6a. Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. er öikumanni í stökum óreglubundnum flutningum með farþega á milli landa, eins og þeir eru skilgreindir í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir flutninga með hópþifreiðum milli landa (\*), heimilt að fresta vikulegum hvíldartíma í allt að 12 sólarhringa samfelld frá síðasta vikulega hvíldartíma svo fremi:

a) að þjónustan vari minnst 24 klukkustundir samfelld í aðildarríki eða þriðja landi, þar sem reglugerðin gildir, en í öðru ríki en því þar sem þjónustan hófst,

b) að öikumadurinn taki, eftir að undanþágan var nýtt:

i. annaðhvort tvisvar sinnum vikulegan hvíldartíma eða

- ii. einn reglubundinn, vikulegan hvíldartíma og einn styttn, vikulegan hvíldartíma sem varir í a.m.k. sólarhring; slíka styttingu skal þó bæta upp með samsvarandi samfelldum hvíldartíma innan þriggja vikna frá lokum undanþágutímabilsins,
- c) að eftir 1. janúar 2014 sé ökutækið búið skráningarbúnaði í samræmi við kröfur I. viðauka B í reglugerð (EBE) nr. 3821/85 og
- d) að eftir 1. janúar 2014, ef ekið er á milli 22.00 og 06.00, sé ökutækið fjölmannað eða akstur tíminn, sem um getur í 7. gr., stuttur í þrjár klukkustundir.

Framkvæmdastjórnin skal fylgjast náið með notkun þessarar undanþágu til að tryggja mjög ströng skilyrði fyrir öryggi á vegum, einkum með því að fylgjast með því að samanlagður akstur tími á tímabilinu sem undanþágan tekur til sé ekki óhóflegur. Eigi síðar en 4. desember 2012 skal framkvæmdastjórnin taka saman skýrslu þar sem lagt er mat á afleiðingar undanþágunnar að því er varðar umferðaröryggi og félagslega þætti. Ef framkvæmdastjórnin telur það viðeigandi skal hún leggja til breytingar á reglugerðinni hvað þetta varðar.

(\*) Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 88.“

## VIII. KAFLI

### Lokaákvæði

30. gr.

### Niðurfelling

Reglugerðir (EBE) nr. 684/92 og (EB) nr. 12/98 eru hér með felldar úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðirnar sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í III. viðauka.

31. gr.

### Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda 4. desember 2011, að undanskilinni 29. gr. sem kemur til framkvæmda 4. júní 2010.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 21. október 2009.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

J. BUZEK

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

C. MALMSTRÖM

*forseti.*

*I. VIÐAUKI***Öryggisþættir Bandalagsleyfis**

Bandalagsleyfið verður að hafa a.m.k. tvo af eftirfarandi öryggisþáttum:

- almynd,
  - sérstakar trefjar í pappírnum sem eru sýnilegar í útfjólubláu ljósi,
  - minnst eina örprentaða línu (prentun aðeins sýnileg með stækkunargleri og ekki endurgerð með ljósrítunarfólum),
  - áþreifanleg rittákn, tákn eða myndur,
  - tvöfalda númeraröð: raðnúmer og útgáfunúmer,
  - öryggisbakgrunn með fingerðu, prentuðu bakgrunnsmyndum og regnbogaprentun.
-

II. VIÐAUKI

Fyrirmynd Bandalagsleyfis

EVROPUBANDALAGIÐ

(a)

(Pantone ljósblár sellulósapappír, hið minnsta 100 g/m<sup>2</sup>, snið: DIN A4)

(Fyrsta síða leyfisins)

(Texti á opinberu tungumáli/tungumálum aðildarríkisins sem gefur leyfið út)

<b>Auðkennisstafir aðildarríkisins <sup>(1)</sup> sem gefur leyfið út</b>		<b>Heiti lögbærs yfirvalds eða stofnunar</b>
---	--	--

LEYFI NR. ...

(eða)

STAÐFEST, RÉTT ENDURRIT NR.

fyrir farþegaflutninga milli landa með hópþjófeyðum gegn gjaldi

Handhafi þessa leyfis <sup>(2)</sup> .....

hefur heimild til að stunda farþegaflutninga á vegum milli landa gegn gjaldi á yfirráðasvæði Bandalagsins samkvæmt þeim skilyrðum, sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir flutninga með hópþjófeyðum milli landa og í samræmi við almenn ákvæði þessa leyfis.

Athugasemdir: .....	
.....	
Þetta leyfi gildir frá .....	til .....
Gefið út í .....	hinn .....
..... <sup>(3)</sup>	

<sup>(1)</sup> Auðkennisstafir aðildarríkjanna eru: (B) Belgía, (BG) Búlgaría, (CZ) Tékkland, (DK) Danmörk, (D) Þýskaland, (EST) Eistland, (IRL) Írland, (GR) Grikkland, (E) Spánn, (F) Frakkland, (I) Ítalía, (CY) Kýpur, (LV) Lettland, (LT) Litháen, (L) Lúxemborg, (H) Ungverjaland, (MT) Malta, (NL) Holland, (A) Austurríki, (PL) Pólland, (P) Portúgal, (RO) Rúmenía, (SLO) Slóvenía, (SK) Slóvakía, (FIN) Finnland, (S) Svíþjóð, (UK) Breska konungsríkið.

<sup>(2)</sup> Fullt heiti eða firmaheiti og heimilisfang flutningafyrirtækisins.

<sup>(3)</sup> Undirskrift og stimpill lögbærs yfirvalds eða stofnunar sem gefur leyfið út.

(b)

(Önnur síða leyfisins)

(Texti á opinberu tungumáli/tungumálum aðildarríkisins sem gefur leyfið út)

**ALMENN ÁKVÆÐI**

1. Þetta leyfi er gefið út samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1073/2009.
2. Leyfið er gefið út af lögbærum yfirvöldum í staðfestuáðildarríki fyrirtækisins sem stundar flutninga gegn gjaldi og:
  - a) sem hefur heimild í staðfestuáðildarríkinu til að stunda reglubundna flutninga, þ.m.t. sérstakar áætlanarferðir eða óreglubundnir flutningar með hóp bifreiðum,
  - b) sem uppfyllir þau skilyrði sem mælt er fyrir um í reglum Bandalagsins um aðgang að starfsgrein aðila sem stunda farþegaflutninga á vegum innanlands og milli landa,
  - c) sem uppfyllir lagaskilyrði að því er varðar staðla sem gilda um ökumenn og ökutæki.
3. Þetta leyfi veitir rétt til að stunda farþegaflutninga milli landa með hóp bifreiðum gegn gjaldi, á öllum flutningsleiðum sem farnar eru um yfirráðasvæði Bandalagsins:
  - a) þar sem brottfararstaður og komustaður eru hvor í sínu aðildarríkinu, hvort sem farið er í gegnum eitt eða fleiri aðildarríki eða þriðju lönd,
  - b) þar sem brottfararstaður og komustaður eru í sama aðildarríki en farþegar eru sóttir eða þeim skilað í öðru aðildarríki eða í þriðja landi,
  - c) frá aðildarríki til þriðja lands og öfugt, hvort sem farið er í gegnum eitt eða fleiri aðildarríki eða þriðju lönd,
  - d) milli þriðju landa þar sem farið er um yfirráðasvæði eins eða fleiri aðildarríkja,

og akstur án farþega í tengslum við flutninga samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1073/2009.

Ef um er að ræða flutningastarfsemi frá aðildarríki til þriðja lands og öfugt gildir reglugerð (EB) nr. 1073/2009 á þeim hluta leiðarinnar sem farinn er í gegnum yfirráðasvæði aðildarríkja. Hún gildir ekki um þann hluta ferðarinnar innan yfirráðasvæðis aðildarríkisins þar sem farþegar eru sóttir eða þeim skilað svo framarlega sem ekki hafi verið lokið við nauðsynlega samninga milli Bandalagsins og hlutaðeigandi þriðja lands.

4. Leyfið er bundið við leyfishafa og er ekki framseljanlegt.
5. Lögbært yfirvald í aðildarríkinu, þar sem leyfið er gefið út, getur afturkallað það, einkum ef flutningafyrirtækið:
  - a) uppfyllir ekki lengur þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 3. gr., reglugerðar (EB) nr. 1073/2009,
  - b) hefur veitt rangar upplýsingar að því er varðar gögn sem krafist er vegna útgáfu eða endurnýjunar leyfisins,
  - c) hefur framið alvarlegt brot eða alvarleg brot á lögum Bandalagsins um flutninga á vegum í einhverju aðildarríki, einkum með tilliti til reglna um ökutæki, aksturstíma og hvíldartíma ökumanna og veitingu, án heimildar, samhliða eða tímabundinnar þjónustu sem um getur í fimmtu undirgrein 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1073/2009. Lögbær yfirvöld í staðfestuáðildarríki hins brotlega flutningafyrirtækis, geta m.a. afturkallað Bandalagsleyfi eða afturkallað tímabundið eða varanlega sum eða öll staðfest, rétt endurrit Bandalagsleyfisins.

Slík viðurlög skulu ákveðin í samræmi við það hversu alvarlegt brot handhafa Bandalagsleyfis telst og hve mörg staðfest, rétt endurrit hann hefur undir höndum vegna millilandaflutninga sinna.

6. Frumrit leyfisins skal geymt hjá flutningafyrirtækinu. Staðfest, rétt endurrit leyfisins skal vera um borð í ökutækinu sem er notað til millilandaflutninganna.
7. Framvísa verður leyfinu að beiðni viðurkennds eftirlitsmanns.
8. Handhafinn verður að fara að gildandi lögum og stjórnsýslufyrirmælum á yfirráðasvæði hvers aðildarríkis, einkum þeim er varða flutninga og umferð.
9. „Reglubundnir flutningar“: flutningar á farþegum milli tiltekinnna staða með tilteknu millibili á ákveðnum leiðum þar sem farþegar eru sóttir og þeim skilað á fyrirfram ákveðnum viðkomustöðum og sem eru opnir öllum, sbr. þó, eftir því sem við á, hvort nauðsynlegt geti verið að panta far.

Flutningar teljast áfram til reglubundinna flutninga þótt breytingar séu gerðar á rekstrarskilyrðum þeirra.

Veita þarf leyfi fyrir reglubundnum flutningum.

„Sérstakar áætlunarferðir“: reglubundnir flutningar, óháð skipuleggjanda, þar sem séð er fyrir flutningi á tilteknum hópum farþega, en aðrir farþegar eru útilokaðir, með tilteknu millibili á ákveðnum leiðum þar sem farþegar eru sóttir eða þeim skilað á fyrirfram ákveðnum viðkomustöðum.

Til sérstakra áætlunarferða teljast:

- a) flutningar á starfsmönnum til og frá vinnustað,
- b) flutningur á nemendum til og frá skóla.

Sérstakar áætlunarferðir teljast áfram til reglubundinna flutninga jafnvel þótt þær kunni að vera lagaðar að mismunandi þörfum notenda.

Ekki þarf að sækja um leyfi fyrir sérstökum áætlunarferðum ef skipuleggjandi og flutningafyrirtæki hafa gert með sér samning um þá.

Skipulagning samhliða eða tímabundinnar þjónustu sem er ætlað að þjóna sömu farþegahópum og reglubundnir flutningar sem fyrir eru, skal vera leyfisbundin.

„Óreglubundnir flutningar“: flutningar sem falla ekki undir skilgreininguna á reglubundnum flutningum, þ.m.t. sérstakar áætlunarferðir, og sem einkennast öðru fremur af því að fluttir eru hópar sem eru settir saman að frumkvæði viðskiptavinar eða flutningafyrirtækisins sjálfs. Skipulagning samhliða eða tímabundinna flutninga, sem eru sambærilegir við reglubundna flutninga, sem fyrir eru, og þjóna sömu farþegahópum, skal háð leyfi í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í III. kafla reglugerðar (EB) nr. 1073/2009. Þessir flutningar teljast áfram til óreglubundinna flutninga jafnvel þótt þeir séu stundaðir með ákveðnu millibili.

Ekki þarf leyfi til að stunda óreglubundna flutninga.

## III. VIÐAUKI

## SAMSVÖRUNARTAFLA

Reglugerð (EBE) nr. 684/92	Reglugerð (EB) nr. 12/98	Þessi reglugerð
1. gr.		1. gr.
Liður 1.1 í 2. gr.	1. mgr. 2. gr.	2. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 5. gr.
Liður 1.2 í 2. gr.	2. mgr. 2. gr.	3. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 5. gr.
Liður 1.3 í 2. gr.		Fimmta undirgrein 1. mgr. 5. gr.
Liður 3.1 í 2. gr.	3. mgr. 2. gr.	4. mgr. 2. gr., 3. mgr. 5. gr.
Liður 3.3 í 2. gr.		3. mgr. 5. gr.
Liður 3.4 í 2. gr.		3. mgr. 5. gr.
4. liður 2. gr.		5. mgr. 2. gr., 5. mgr. 5. gr.
3. gr.		3. gr.
3. gr. a		4. gr.
4. gr.		5. gr.
5. gr.		6. gr.
6. gr.		7. gr.
7. gr.		8. gr.
8. gr.		9. gr.
9. gr.		10. gr.
10. gr.		11. gr.
11. gr.		12. gr.
12. gr.		13. gr.
13. gr.		5. mgr. 5. gr.
	1. gr.	14. gr.
	4. mgr. 2. gr.	
	3. gr.	15. gr.
	4. gr.	16. gr.
	5. gr.	3. mgr. 4. gr.
	6. gr.	17. gr.
	7. gr.	3. mgr. 28. gr.
	8. gr.	26. gr.
	9. gr.	
14. gr.		18. gr.
15. gr.		19. gr.
	1. mgr. 11. gr.	20. gr.
1. mgr. 16. gr.		1. mgr. 21. gr.
2. mgr. 16. gr.		2. mgr. 21. gr.
3. mgr. 16. gr.		1. mgr. 22. gr.
4. mgr. 16. gr.		1. mgr. 23. gr.
5. mgr. 16. gr.		2. mgr. 22. gr.
	2. mgr. 11. gr.	2. mgr. 23. gr.
	3. mgr. 11. gr.	2. mgr. 23. gr.
	4. mgr. 11. gr.	
	12. gr.	5. mgr. 22. gr., 23. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 684/92	Reglugerð (EB) nr. 12/98	Þessi reglugerð
	13. gr.	
16. gr. a	10. gr.	26. gr.
17. gr.		
18. gr.		25. gr.
19. gr.	14. gr.	27. gr.
20. gr.		
21. gr.		30. gr.
22. gr.	15. gr.	31. gr.
Viðauki		II. viðauki



## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1042/2012

2014/EES/36/50

frá 7. nóvember 2012

## um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1031/2010 í því skyni að skrá uppboðsvettvang sem Breska konungsríkið tilnefnir (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB<sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 3. gr. d og 4. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Aðildarríkjum, sem ekki taka þátt í sameiginlegu aðgerðinni sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 26. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1031/2010 frá 12. nóvember 2010 um tímasetningu, stjórnun og aðra þætti í tengslum við uppboð á heimildum til losunar gróðurhúsalofttegunda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins<sup>(2)</sup>, er heimilt að tilnefna sinn eigin uppboðsvettvang til að bjóða upp þeirra hluta af þeim fjölda losunarheimilda sem falla undir II. og III. kafla tilskipunar 2003/87/EB. Samkvæmt þriðju undirgrein 5. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010 er tilnefning slíkra uppboðsvettvanga með fyrirvara um að viðkomandi uppboðsvettvangur sé skráður í III. viðauka við þá reglugerð.
- 2) Í samræmi við 4. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010 tilkynnti Breska konungsríkið framkvæmdastjórninni um ákvörðun sína um að taka ekki þátt í sameiginlegu aðgerðinni, eins og kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 26. gr. þeirrar reglugerðar, og að tilnefna sinn eigin uppboðsvettvang.
- 3) Hinn 30. apríl 2012 tilkynnti Breska konungsríkið framkvæmdastjórninni að það hygðist tilnefna ICE Futures Europe („ICE“) sem uppboðsvettvang eins og um getur í 1. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010.
- 4) Hinn 25. apríl 2012 lagði Breska konungsríkið tilkynninguna fyrir nefndina um loftslagsbreytingar sem var stofnuð skv. 9. gr. ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins 280/2004/EB frá 11. febrúar 2004 um aðferð til

að vakta losun gróðurhúsalofttegunda í Bandalaginu og um framkvæmd Kýótóbókunarinnar<sup>(3)</sup>. Að auki hefur Breska konungsríkið veitt framkvæmdastjórninni nánari upplýsingar og skýringar til viðbótar við tilkynninguna.

- 5) Til að sjá til þess að fyrirhuguð tilnefning ICE sem uppboðsvettvangs, eins og um getur í 1. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010, samrýmist kröfunum í þeirri reglugerð og sé í samræmi við markmiðin, sem sett eru fram í 4. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB, er nauðsynlegt að leggja ýmsar skyldur og skilyrði á ICE.
- 6) Í samræmi við 18. til 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010 ber uppboðsvettvangi að sinna verkefnum varðandi leyfi til aðila fyrir því að leggja fram tilboð á uppboðunum, þ.m.t. að gera ráðstafanir vegna könnunar á áreiðanleika viðskiptamanna til að sjá til þess að einungis tækir aðilar sækji um leyfi til að leggja fram tilboð á uppboðum. Uppboðsvettvangur hefur einnig skyldum að gegna í tengslum við að athuga hvort umsækjendur fara að tilteknum lágmarkskröfum vegna leyfa til að leggja fram tilboð, vegna innlagnar og vinnslu á umsóknum um leyfi til að leggja fram tilboð og að því er varðar ákvarðanir vegna veitingar eða synjunar á leyfum til að leggja fram tilboð og að afturkalla eða synja tímabundið um leyfi til að leggja fram tilboð sem þegar hafa verið veitt. Samkvæmt gerð samstarfslíkans ICE og kauphallarmeðlima þess (e. *exchange members*) og viðskiptavina þeirra munu kauphallarmeðlimir ICE og sumir viðskiptavina þeirra annast slíkar leyfisveitingar að því er varðar núverandi eða væntanlega viðskiptavinum þeirra. Slíkt samstarfslíkan getur samrýmst ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010 að því tilskildu að ICE sjái til þess að þær skyldur sem hvíla á uppboðsvettvanginum samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1031/2010 séu uppfylltar.
- 7) Þess er einnig krafist, í samræmi við b-lið 3. mgr. 35 gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010, að tilnefndur uppboðsvettvangur veiti litlum og meðalstórum fyrirtækjum óhindraðan, sanngjarnan og jafnan aðgang að uppboðunum og leyfi til að leggja fram tilboð á uppboðunum fyrir smálosendur. Til að sjá til þess skal ICE veita slíkum litlum og meðalstórum fyrirtækjum og smálosendum gagnsæjar, ítarlegar og uppfærðar upplýsingar um möguleika á aðgangi að uppboðum sem ICE stjórnar fyrir Breska konungsríkið, þ.m.t. allar nauðsynlegar, hagnýtar leiðbeiningar um hvernig er hægt að nýta sem best þá möguleika. Slíkar upplýsingar skulu vera aðgengilegar öllum á vefsíðu ICE. ICE skal auk þess tilkynna uppboðsvaktara, sem er tilnefndur skv. 2. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010, hverjir falla undir samstarfslíkan þess með kauphallarmeðlimum og viðskiptavinum þeirra, þ.m.t. umfang landfræðilegrar

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 310, 9.11.2012, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, bíður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 302, 18.11.2010, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 49, 19.2.2004, bls. 1.

- útbreiðslu þeirra, og taka fullt tillit til ráðlegginga uppboðsvaktara hvað þetta varðar til að sjá til þess að skyldur þess skv. a- og b-lið 3. mgr. 35. gr. þeirrar reglugerðar séu uppfylltar.
- 8) Þegar aðildarríki tilnefna uppboðsvettvang verða þau að taka tillit til þess, í samræmi við e-lið 3. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010, að hve miklu marki hugsanlegur uppboðsvettvangur getur komist hjá röskun á samkeppni á innri markaðinum, þ.m.t. kolefnismarkaðinum. Uppboðsvettvangur skal einkum ekki fá færi á að nota samninginn um tilnefningu sína til að auka samkeppnishæfni annarrar starfsemi sinnar, einkum að því er varðar eftirmarkaðinn sem hann skipuleggur. Auk þess skal skráning ICE sem uppboðsvettvangs háð því skilyrði að ICE, þ.m.t. allir kauphallarmeðlimir eða uppgjörsaðilar sem ICE viðurkennir, veiti hugsanlegum bjóðendum þann valkost að fá leyfi til að leggja fram tilboð í uppboðunum án þess að þurfa að gerast kauphallarmeðlimir eða þátttakendur í eftirmarkaðnum sem ICE skipuleggur eða á nokkru öðru viðskiptatorgi sem er starfrækt af ICE eða af þriðja aðila.
- 9) Þegar aðildarríki tilnefna uppboðsvettvang verða þau að taka tillit til þess, í samræmi við h-lið 3. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010, að hve miklu marki viðunandi ráðstafanir eru gerðar til að uppboðsvettvangur verði að afhenda allar efnislegar og óefnislegar eignir sem nauðsynlegar eru til að uppboðsvettvangurinn sem tekur við geti haldið uppboð. Mælt hefur verið fyrir um slíkar ráðstafanir í útgönguáætlun sem uppboðsvaktari skal endurskoða. ICE skal móta útgönguáætlun sína skýrt og tímanlega og taka ýtrasta tillit til álits uppboðsvaktarans.
- 10) Öll gjöld og skilyrði sem uppboðsvettvangur leggur á, sem og greiðsluöfnunarkerfi eða uppgjörskerfi, verða að vera skýrt sett fram, auðskiljanleg og aðgengileg öllum, í samræmi við 3. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010. Með hliðsjón af samstarfslikaninu sem ICE gerir ráð fyrir skulu öll viðbótargjöld og -skilyrði sem kauphallarmeðlimir og viðskiptavinir þeirra leggja á, í tengslum við leyfisveitingar sem þeir sjá um, einnig sett fram á skýran og auðskiljanlegan hátt og vera aðgengileg öllum á vefsíðum þeirra sem bjóða þjónustuna ásamt beinum tilvísunum í þær vefsíður á vefsíðu ICE.
- 11) Endanlegur uppboðsvettvangur skal sjá til þess að hann hafi yfir að ráða kerfi til að fjalla utan dómstóla um kvartanir frá umsækjendum um leyfi til að leggja fram tilboð, bjóðendum sem hafa fengið leyfi til að leggja fram tilboð og bjóðendum sem neitað hefur verið um leyfi til að leggja fram tilboð eða leyfið þeirra hefur verið afturkallað eða synjað tímabundið um það í samræmi við 1. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010. Umsækjendur um leyfi til að leggja fram tilboð, bjóðendur sem hafa fengið leyfi til að leggja fram tilboð eða sem neitað hefur verið um leyfi til að leggja fram tilboð eða leyfi þeirra hefur verið afturkallað eða synjað tímabundið um það skulu geta nýtt sér rétt sinn til málskots skv. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010, jafnvel þó að þær ákvarðanir séu teknar af kauphallarmeðlimum ICE og viðskiptavinum þeirra.
- 12) Auk þeirra breytinga sem ICE þarf að gera á eigin kauphallarreglum (e. *exchange rules*) til að sjá til þess að farið sé að fullu að þeim skilyrðum og skyldum, sem eru sett fram í viðaukanum við þessa reglugerð, skal ICE einnig gera allar nauðsynlegar, frekari ráðstafanir til að sjá til fullrar reglufylgni, sem gæti haft í för með sér aðlaganir á samningsbundnu fyrirkomulagi milli ICE og kauphallarmeðlima þess, milli kauphallarmeðlimanna og viðskiptavinanna og milli viðskiptavina neðar í keðjunni.
- 13) Auk þess skal breyta tilteknum tilvísunum í 2. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010 til að koma í veg fyrir gloppur í vöktun uppboðsvaktarans á uppboðunum og til að tryggja samræmi við önnur ákvæði þeirrar reglugerðar.
- 14) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 1031/2010 til samræmis við það.
- 15) Til að tryggja að uppboðshald uppboðsvettvangsins, sem Breska konungsríkið kemur til með að tilnefna, sé fyrirsjáanlegt og verði á réttum tíma er brýnt að þessi reglugerð öðlist gildi sem fyrst.
- 16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*I. gr.*

Reglugerð (ESB) nr. 1031/2010 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 2. mgr. 25. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað c-liðar komi eftirfarandi:

„c) vísbendingar um samkeppnishamlandi háttarni eða markaðssvik, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða afbrotastarfsemi“.

b) Í stað f-liðar komi eftirfarandi:

„f) upplýsingar um fjölda, eðli og stöðu hvers kyns kvartana sem fram hafa verið bornar skv. 4. mgr. 59. gr. eða 1. mgr. 64. gr., sem og annarra kvartana yfir uppboðsvettvangi sem fram hafa verið bornar við lögbær landsyfírvöld sem hafa eftirlit með þeim uppboðsvettvangi, dómstólana eða lögbærar stjórn-sýslustofnanir sem kveðið er á um í landsráðstófunum til að lögleiða 2. mgr. 52. gr. tilskipunar 2004/39/EB“.

2) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún er birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel BARROSO

*forseti.*

---

## VIÐAUKI

Eftirfarandi bætist við í töflunni í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1031/2010:

<b>„Uppboðsvettvangur sem Breska konungsríkið tilnefnir</b>		
2	Uppboðsvettvangur	ICE Futures Europe (ICE)
	Tilnefningartímabil	Í fyrsta lagi frá 10. nóvember 2012 þar til í síðasta lagi 9. nóvember 2017, með fyrirvara um aðra undirgrein 5. mgr. 30. gr.
	Skilgreiningar	<p>Hvað varðar skilyrði og skyldur sem gilda um ICE er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:</p> <p>a) „kauphallarreglur ICE“: reglusetning ICE sem felur einkum í sér samningsreglur og málsmeðferðarreglur varðandi ICE FUTURES EUA AUCTION CONTRACT og ICE FUTURES EUAA AUCTION CONTRACT,</p> <p>b) „kauphallarmeðlimur“: meðlimur eins og skilgreint er í lið A.1 í kauphallarreglum ICE,</p> <p>c) „viðskiptavinur“: viðskiptavinur kauphallarmeðlims, sem og viðskiptavinir þeirra viðskiptavina neðar í keðjunni, sem greiða fyrir leyfi aðila til að leggja fram tilboð og aðhafast fyrir hönd bjóðenda.</p>
	Skilyrði	Aðgangur að uppboðunum skal ekki háður því skilyrði að gerast kauphallarmeðlimur eða þátttakandi í eftirmarkaðnum sem ICE skipuleggur eða nokkru öðru viðskiptatorgi sem er starfrækt af ICE eða af þriðja aðila.
	Skyldur	<p>1. ICE skal krefjast þess að allar ákvarðanir, sem kauphallarmeðlimir ICE, eða viðskiptavinir þeirra, hafa tekið að því er varðar veitingu leyfis til að leggja fram tilboð á uppboðunum, afturköllun eða tímabundna synjun slíks leyfis, séu tilkynntar ICE af kauphallarmeðlimum sem taka slíkar ákvarðanir, eða viðskiptavinum þeirra, á eftirfarandi hátt:</p> <p>a) á einstaklingsgrundvelli og án tafar ef um er að ræða ákvarðanir um að synja um leyfi til að leggja fram tilboð og afturkalla eða synja tímabundið um aðgang að uppboðum,</p> <p>b) ef um aðrar ákvarðanir eru að ræða: samkvæmt beiðni.</p> <p>ICE skal sjá til þess að því sé heimilt að taka slíkar ákvarðanir til athugunar, að því er varðar hvort þær skyldur sem hvíla á uppboðsvettvanginum samkvæmt þessari reglugerð séu uppfylltar, og að kauphallarmeðlimir ICE, eða viðskiptavinir þeirra, fari að niðurstöðum úr slíkri athugun af hálfu ICE. Þetta getur falið í sér, en er ekki takmarkað við, að gripið sé til hverra þeirra kauphallarreglna ICE sem við eiga, þ.m.t. viðurlaga eða annarra viðeigandi aðgerða til að greiða fyrir veitingu leyfis til að leggja fram tilboð á uppboðunum.</p> <p>2. ICE skal taka saman ítarlegan og uppfærðan lista, og viðhalda honum, yfir kauphallarmeðlimi, eða viðskiptavini þeirra, sem geta greitt fyrir aðgangi smárra og meðalstórra fyrirtækja og smáloenda að uppboðum Breska konungsríkisins, á vefsíðu sinni, ásamt auðskiljanlegum, hagnýtum leiðbeiningum sem veita litlum og meðalstórum fyrirtækjum og smáloendum upplýsingar um hvaða ráðstafanir þarf að gera til að fá aðgang að uppboðunum gegnum þá kauphallarmeðlimi, eða viðskiptavini þeirra.</p> <p>3. ICE skal tilkynna uppboðsvaktara hverjir falla undir samstarfslikan þess og kauphallarmeðlimanna og viðskiptavina þeirra, þ.m.t. umfang landfræðilegrar útbreiðslu þeirra, innan sex mánaða frá upphafi uppboðanna eða tveggja mánaða frá því að uppboðsvaktari er tilnefndur, hvort sem síðar verður, og taka ítrasta tillit til ráðlegginga uppboðsvaktara hvað þetta varðar til að tryggja að skyldur þess samkvæmt a- og b-lið 3. mgr. 35. gr. þessarar reglugerðar séu uppfylltar.</p>

		<p>4. Öll gjöld og skilyrði sem ICE leggur á og greiðsluþjónunarkerfi þess fyrir aðila sem hafa fengið leyfi til að leggja fram tilboð á uppboðum, eða bjóðendur, skulu vera sett skýrt fram, auðskiljanleg og aðgengileg öllum á vefsíðu ICE sem skal uppfærð reglulega. ICE skal sjá til þess að ef kauphallarmeðlimur eða viðskiptavinur hans leggur á viðbótargjöld og -skilyrði að því er varðar leyfi til að leggja fram tilboð skuli slík gjöld og skilyrði einnig sett skýrt fram, auðskiljanleg og öllum aðgengileg á vefsíðum þeirra sem bjóða þjónustuna með beinni tilvísun í þær vefsíður á vefsíðu ICE.</p> <p>5. Án þess að það hafi áhrif á önnur lagaleg úrræði skal ICE sjá til þess að tiltækar séu málsmeðferðarreglur vegna úrlausna kvartana til að hægt sé að taka ákvarðanir vegna kvartana sem kunna að koma upp í tengslum við ákvarðanir kauphallarmeðlima ICE, eða viðskiptavina þeirra, um veitingu leyfa til að leggja fram tilboð á uppboðunum, synjanir um leyfi til að leggja fram tilboð á uppboðunum eða afturköllun eða tímabundna synjun á leyfum til að leggja fram tilboð sem þegar hafa verið veitt, eins og um getur í 1. lið á ítarlegri hátt.</p> <p>6. ICE skal breyta kauphallarreglum sínum til að sjá til þess að farið sé að fullu að þeim skilyrðum og skyldum vegna skráningar þess sem sett eru fram í þessum viðauka. Í breyttum kauphallarreglum ICE skal einkum mælt fyrir um skyldurnar sem settar eru fram í 1., 2., 4. og 5. lið.</p> <p>7. ICE skal leggja ítarlega útgönguáætlun sína fyrir Breska konungsríkið til umsagnar hjá uppboðsvaktaranum innan tveggja mánaða frá 10. nóvember 2012. ICE skal endurskoða útgönguáætlun sína innan tveggja mánaða frá viðtöku álits uppboðsvaktarans og taka við það ytrasta tillit til þess álits.</p> <p>8. Breska konungsríkið skal tilkynna framkvæmdastjórninni um allar umtalsverðar breytingar á samningsbundna fyrirkomulaginu við ICE, sem var tilkynnt framkvæmdastjórninni 30. apríl, 4. maí og 14. júní 2012, og tilkynnt nefndinni um loftslagsbreytingar 15. maí og 3. júlí 2012.“</p>
--	--	--

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)  
nr. 315/2012**

2014/EES/36/51

frá 12. apríl 2012

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 606/2009 um tiltekna, ítarlegar reglur um framkvæmd  
reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 að því er varðar flokka vinnræktarafurða, vinnfræðilegar  
vinnsluáðferðir og takmarkanir þar að lútandi (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 frá 22. október 2007 um sameiginlegt markaðskerfi í landbúnaði og um sértæk ákvæði varðandi tiltekna landbúnaðarvörur (reglugerðin um eitt sameiginlegt markaðskerfi) <sup>(1)</sup>, einkum þriðju og fjórðu málsgrein 121. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009 <sup>(2)</sup> er mælt fyrir um leyfilegar, vinnfræðilegar vinnsluáðferðir í I. viðauka við þá reglugerð. Alþjóðavinstofnunin (OIV) hefur breytt skilyrðum fyrir notkun á tilteknum vinnfræðilegum vinnsluáðferðum sem þegar eru leyfðar í Evrópusambandinu. Til að uppfylla alþjóðlega stöðla á þessu sviði og veita framleiðendum innan Evrópusambandsins sömu möguleika og standa framleiðendum í þriðju löndum til boða skal breyta skilyrðum fyrir notkun þessara vinnfræðilegu vinnsluáðferða í ESB í samræmi við þau notkunarskilyrði sem Alþjóðavinstofnunin skilgreinir.
- 2) Notkun á pólývínylimídasól-/pólývínýlpýrrólíðónsamfjöllidum (PVI/PVP) til að minnka kopar-, járn- og þungmálmáinnihald var leyfð með reglugerð (EB) nr. 606/2009 að því tilskildu að þær væru í samræmi við kröfurnar í Alþjóðlegu, vinnfræðilegu skránni, sem Alþjóðavinstofnunin gefur út, einkum að því er varðar hámarksinnihald einliða. Vegna lagalegs skýrleika og þar eð Alþjóðavinstofnunin hefur enn ekki samþykkt slíkar kröfur skal fella þessa aðferð brott úr I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 606/2009.
- 3) Notkun á kítósani og kítínglúkani, sem er unnið úr sveppum, var leyfð með reglugerð (EB) nr. 606/2009. Innan ESB eru þessar afurðir sem stendur eingöngu tilreiddar úr sveppnum *Aspergillus niger*. Þar eð Alþjóðavinstofnunin leyfir þessar afurðir og í Alþjóðlegu, vinnfræðilegu skránni, sem Alþjóðavinstofnunin gefur út, er tilgreint að þær komi úr sveppnum *Aspergillus niger* skulu þessar upplýsingar koma fram í reglugerð (EB) nr. 606/2009.

- 4) Vín sem mega bera vernduðu upprunatáknunina „Douro“ og vernduðu, landfræðilegu merkinguna „Duriense“ og þar á eftir yfirlýsinguna „colheita tardia“ eru undanþegin leyfilegu hámarksinnihaldi brennisteinsdíoxíðs. Portúgal hefur farið fram á að öll portúgólsk vín, sem hafa sömu eiginleika og þessi vín og mega bera verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu og þar á eftir yfirlýsinguna „colheita tardia“, fái sömu undanþágu. Leyfa skal hámarksinnihald brennisteinsdíoxíðs sem nemur 400 milligrömmum á lítra í þessum vínunum.
- 5) Þar eð hefðbundna sérheitið „vino generoso“ á ekki lengur eingöngu við um líkjörvín skal breyta ákvæðinu um notkunina á þessu hugtaki sem um getur í 8. lið B-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 606/2009.
- 6) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 606/2009 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnsýslunefndarinnar sem komið var á fót skv. 3. mgr. 195. gr. reglugerðar (EB) nr. 1234/2007.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 606/2009 er breytt sem hér segir:

- a) Ákvæðum I. viðauka A er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.
- b) Ákvæðum I. viðauka B er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.
- c) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 103, 13.4.2012, bls. 38. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 112/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á bókun 47 um afnáam tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. apríl 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel BARROSO

*forseti.*

---

## I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009 er breytt sem hér segir:

- 1) Tölfunni er breytt sem hér segir:
  - a) Í stað tíunda og ellefta undirliðar í fyrsta dálki 10. línu komi eftirfarandi:

„— kítósan sem er fengið úr *Aspergillus niger*,  
— kítínglúkan sem er fengið úr *Aspergillus niger*.“
  - b) Í stað þriðja dálks 31. línu komi eftirfarandi:

„Ekki meira en 1 g/hl, að því tilskildu að koparinnihald afurðarinnar sem þannig er meðhöndluð fari ekki yfir 1 mg/hl, að undanskildum líkjörvínnum sem eru löguð úr fersku, ógerjuðu eða lítillaga gerjuðu þrúgumusti, en í þeim má koparinnihald ekki fara yfir 2 mg/l“.
  - c) 41. lína falli brott.
  - d) Í stað fyrsta dálks 44. línu komi eftirfarandi:

„Meðhöndlun með kítósani sem er fengið úr *Aspergillus niger*“,
  - e) Í stað fyrsta dálks 45. línu komi eftirfarandi:

„Meðhöndlun með kítínglúkani sem er fengið úr *Aspergillus niger*“,
- 2) Í stað 6. viðbætur komi eftirfarandi:

## 6. viðbætur

**Kröfur varðandi dímetýldikarbónat**

## NOTKUNARSVIÐ

Heimilt er að bæta dímetýldikarbónati í vín vegna eins eða fleiri eftirtalinna markmiða:

- a) örverufræðileg stöðgun átappaðs vins sem inniheldur sykur sem getur gerjast,
- b) til að koma í veg fyrir þróun óæskilegra gersveppa og mjólkursýrugerla,
- c) til að koma í veg fyrir gerjun í sætu, hálfsetu og hálfþurru víni.

## KRÓFUR

- Að því er varðar a-lið má aðeins bæta efninu í rétt fyrir átöppun.
- Afurðin sem notuð er verður að vera í samræmi við hreinleikaskilyrðin sem mælt er fyrir um í tilskipun 2008/84/EB.
- Gera skal grein fyrir meðhöndluninni í skránni sem um getur í 2. mgr. 185. gr. c í reglugerð EB nr. 1234/2007.“

- 3) 11. viðbætur falli brott.
- 4) Í stað fyrsta undirliðar 1. liðar í kröfuhluta 12. viðbætur komi eftirfarandi:

„— Fyrst af öllu má kæla vínið.“
- 5) Í stað fyrirsagnar 13. viðbætur komi eftirfarandi:

„**Kröfur varðandi meðhöndlun á vínnum með kítósani, sem er fengið úr *Aspergillus niger*, og með kítínglúkani, sem er fengið úr *Aspergillus niger*“.**

\_\_\_\_\_



---

*II. VIÐAUKI*

Í stað níunda undirliðar e-liðar í 2. lið A-hluta I. viðauka B við reglugerð (EB) nr. 606/2009 komi eftirfarandi:

„— vínur frá Portúgal sem mega bera verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu og yfirlýsinguna „colheita tardia“;“

---

*III. VIÐAUKI*

Í stað inngangsmálsliðar fyrsta liðar í 8. lið B-hluta III. viðauka komi eftirfarandi:

„Að því er varðar líkjörvín skal aðeins nota hefðbundna sérheitið „vino generoso“ fyrir þurr líkjörvín með verndaða upprunatáknun sem eru framleidd undir gerskán að hluta til eða að öllu leyti og.“

---

**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1100/2008****2014/EES/36/52**

frá 22. október 2008

**um afnám eftirlits með flutningum á vegum og skipgengum vatnaleiðum sem fram fer á landamærum aðildarríkjanna****(Kerfisbundin útgáfa) (\*)**

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,

ekki nota ferðir yfir landamæri sem átyllu fyrir slíkum aðgerðum.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 71. gr.,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

1. gr.

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna <sup>(1)</sup>,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

Þessi reglugerð gildir um eftirlit aðildarríkja samkvæmt lögum Bandalagsins eða landslögum á sviði flutninga á vegum og skipgengum vatnaleiðum sem fara fram með flutningatækjum sem eru skráð eða tekin í notkun í aðildarríki.

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(2)</sup>,

2. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4060/89 frá 21. desember 1989 um afnám eftirlits á landamærum aðildarríkjanna vegna flutninga á vegum og skipgengum vatnaleiðum <sup>(3)</sup> hefur verið breytt í veigamiklum atriðum <sup>(4)</sup>. Til glöggvunar og hagræðingar ber því að kerfisbinda reglugerðina.
- 2) Frelsi til að veita þjónustu á sviði flutninga er mikilvægur þáttur í sameiginlegri stefnu í flutningamálum samkvæmt sáttmálanum. Af þessum sökum er markmið þeirrar stefnu að liðka fyrir flæði umferðar hinna ýmsu flutningatækja í Bandalaginu.
- 3) Samkvæmt nógildandi löggjöf Bandalagsins og landslögum á sviði flutninga á vegum og skipgengum vatnaleiðum framkvæma aðildarríkin athuganir, skoðanir og sannprófanir á því hvort ökutæki og skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum uppfylli tæknileg atriði, leyfi og önnur skjöl. Að jafnaði er réttmætt að halda þessum athugunum, sannprófunum og skoðunum áfram til að komast hjá röskun á skipulagningu flutningsmarkaðarins og til að tryggja öryggi á vegum og skipgengum vatnaleiðum.
- 4) Samkvæmt nógildandi löggjöf Bandalagsins er aðildarríkjum heimilt að skipuleggja og framkvæma fyrrnefndar athuganir, sannprófanir og skoðanir hvar sem þeim sýnist.
- 5) Heimilt er að framkvæma slíkar athuganir, sannprófanir og skoðanir af sömu skilvirkni hvar sem er á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis og því skal

a) „landamæri“: annaðhvort innri landamæri innan Bandalagsins eða ytri landamæri þar sem flutningar milli aðildarríkja fela í sér að farið er um þriðja land,

b) „eftirlit“: hvers konar athugun, skoðun, sannprófun eða formsatriði sem landsbundin yfirvöld viðhafa á landamærum aðildarríkja og fela í sér stöðvun eða hindrun frjálsrar umferðar hlutaðeigandi ökutækja eða skipa.

3. gr.

Eftirlitið, sem um getur í I. viðauka og fram fer samkvæmt lögum Bandalagsins eða landslögum á sviði flutninga á vegum og skipgengum vatnaleiðum milli aðildarríkja, skal ekki lengur framkvæmt sem landamæraeftirlit heldur einvörðungu sem hluti af eðlilegri eftirlitsaðgerð sem beitt er án mismununar hvarvetna á yfirráðasvæði aðildarríkis.

4. gr.

Framkvæmdastjórnin skal, ef og þegar nauðsyn krefur, leggja til breytingar á I. viðauka þar sem tekið er tillit til tækniþróunar á því sviði sem reglugerðin tekur til.

5. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 4060/89, eins og henni var breytt með reglugerðinni sem skráð er í II. viðauka, er felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í III. viðauka.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 304, 14.11.2008, bls. 63. Henni var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2009 frá 17. mars 2009 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 28, 28.5.2009, bls. 24.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 324, 30.12.2006, bls. 47.

<sup>(2)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 14. desember 2006 (Stjtið. ESB C 317 E, 23.12.2006, bls. 599) og ákvörðun ráðsins frá 15. september 2008.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 390, 30.12.1989, bls. 18.

<sup>(4)</sup> Sjá II. viðauka.

*6. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 22. október 2008.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

H.-G. PÖTTERING

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

J.-P. JOUYET

*forseti.*

---

*I. VIÐAUKI***1. HLUTI****LÖG BANDALAGSINS***1. þáttur***Tilskipanir**

- a) Ákvæði 4. mgr. 6. gr. tilskipunar ráðsins 96/53/EB frá 25. júlí 1996 um að ákveða leyfileg hámarksból vegna umferðar innan aðildarríkja og milli landa og leyfilega hámarksþyngd vegna umferðar milli landa fyrir tiltekin ökutæki sem eru í notkun í Bandalaginu <sup>(1)</sup>, þar sem kveðið er á um að heimilt sé að framkvæma slembiathuganir, að því er varðar sameiginlega staðla um þyngd, og að einungis megi framkvæma athuganir, að því er varðar sameiginlega staðla um stærðarmál, ef grunur leikur á um að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum.
- b) Ákvæði 2. mgr. 3. gr. tilskipunar ráðsins 96/96/EB frá 20. desember 1996 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um prófanir á aksturshæfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra <sup>(2)</sup>, þar sem kveðið er á um að hvert aðildarríki skuli viðurkenna sönnun sem gefin hefur verið út í öðru aðildarríki og sýnir fram á að ökutæki hafi staðist prófun á aksturshæfni. Slík viðurkenning gefur til kynna að sannprófun yfirvalda í hverju aðildarríki geti farið fram hvar sem er innan yfirráðasvæða þeirra.
- c) Ákvæði 2. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/1/EB frá 18. janúar 2006 um notkun ökutækja sem leigð eru án ökumanna til vöruflutninga á vegum <sup>(3)</sup>, þar sem mælt er fyrir um að lögð skuli fram sönnun þess efnis að farið sé að tilskipuninni með því að framvísa nokkrum skjölum, sem verða að vera um borð í hinu leigða ökutæki, þ.m.t. leigusamningur og ráðningarsamningur ökumanns.
- d) Ákvæði 3., 4. og 5. mgr. 3. gr. tilskipunar ráðsins 76/135/EBE frá 20. janúar 1976 um gagnkvæma viðurkenningu á siglingaskírteinum skipa á skipgengum vatnaleiðum <sup>(4)</sup>, þar sem kveðið er á um að framvísa beri siglingaskírteinum, vottorðum eða leyfum þegar landsbundin yfirvöld fara fram á það.
- e) Ákvæði 1. mgr. 17. gr. tilskipunar ráðsins 82/714/EBE frá 4. október 1982 um tæknilegar kröfur vegna skipa á skipgengum vatnaleiðum <sup>(5)</sup>, þar sem kveðið er á um að aðildarríkjunum sé heimilt að athuga, hvenær sem er, hvort skip hafi gilt skírteini samkvæmt skilmálum tilskipunarinnar.

*2. þáttur***Reglugerðir**

- a) Ákvæði 14. og 15. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 684/92 frá 16. mars 1992 um setningu sameiginlegra reglna um farþegaflutninga milli landa með hópbifreiðum <sup>(6)</sup>, þar sem viðurkenndur eftirlitsmaður hefur rétt til að sannprófa og hafa eftirlit með farseðli, leyfi eða eftirlitsskjali sem kveðið er á um í reglugerðinni.
- b) Ákvæði 18. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 frá 15. mars 2006 um samhæfingu tiltekinna ákvæða félagsmálalöggjafarinnar er varða flutninga á vegum <sup>(7)</sup>, þar sem aðildarríkin hafa rétt til að samþykkja ráðstafanir sem taka m.a. til skipulagningar, aðferða og úrræða til að starfrækja eftirlitskerfi til að tryggja að farið sé að ákvæðum reglugerðarinnar.
- c) Ákvæði 19. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3821/85 frá 20. desember 1985 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum <sup>(8)</sup> þar sem aðildarríkin hafa rétt til að samþykkja ráðstafanir sem taka m.a. til skipulagningar, aðferða og úrræða til að athuga hvort búnaðurinn uppfylli ákvæði reglugerðarinnar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 235, 17.9.1996, bls. 59.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 46, 17.2.1997, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 33, 4.2.2006, bls. 82.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 21, 29.1.1976, bls. 10.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 301, 28.10.1982, bls. 1.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 74, 20.3.1992, bls. 1.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 1.

<sup>(8)</sup> Stjtið. EB L 370, 31.12.1985, bls. 8.

- d) Ákvæði 4. mgr. 5. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 881/92 frá 26. mars 1992 um aðgang að vöruflutningamarkaðinum á vegum innan Bandalagsins til eða frá yfirráðasvæði aðildarríkis eða um yfirráðasvæði eins eða fleiri aðildarríkja <sup>(1)</sup>, þar sem kveðið er á um að staðfest eintak af heimild Bandalagsins skuli geymt í ökutækinu og því framvísað þegar viðurkenndur eftirlitsmaður óskar eftir því.

## 2. HLUTI

### Landslög

- a) Eftirlit með ökuskríteinum einstaklinga sem aka ökutækjum sem flytja vörur og fólk.
- b) Eftirlit í tengslum við flutningatæki, sem eru notuð til að flytja hættulegan farm, einkum:
- i. skjöl:
- vottorð um hjálfun ökumanns,
  - öryggisleiðbeiningar,
  - viðurkenningarvottorð (Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum (ADR-samningurinn) eða sambærilegir staðlar),
  - afrit af undanþágu, ef við á, (ADR-samningurinn eða sambærilegir staðlar),
- ii. auðkenning ökutækis sem flytur hættulegan farm:
- appelsínugult hættuskilti,
  - í samræmi við fyrirmæli,
  - staðsetning á ökutæki,
  - hættumerki á ökutæki,
  - í samræmi við fyrirmæli,
  - staðsetning á ökutæki,
  - auðkenniplate tanks (fyrir tanka, sem eru fastir, tanka, sem hægt er að losa, eða tankgáma),
  - tilvist og læsileiki plötunnar,
  - dagsetning síðustu skoðunar,
  - stimpill skoðunaraðila,
- iii. búnaður ökutækis (ADR-samningurinn eða sambærilegir staðlar),
- viðbótarslökkvitæki,
  - sérstakur búnaður,
- iv. hleðsla ökutækis,
- ofhleðsla (samkvæmt rúmtaki tanks),
  - öryggi pakkinga,
  - bann við farmblöndun.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 95, 9.4.1992, bls. 1.

- c) Eftirlit með flutningatækjum sem eru notuð til að flytja matvæli sem eru viðkvæm fyrir skemmdum, einkum:
- i. skjöl:
    - samræmisskírteini fyrir búnað,
  - ii. sérstakur búnaður sem er notaður til að flytja matvæli sem eru viðkvæm fyrir skemmdum,
    - plata sem sýnir að farið sé að tilskildum ákvæðum,
    - auðkennismerki,
  - iii. notkun á sérstökum búnaði
    - hitaskilyrði.
-

*II. VIÐAUKI***NIÐURFELLD REGLUGERÐ ÁSAMT BREYTINGUM****(sem um getur í 5. gr.)**

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4060/89

Stjtið. EB L 390, 30.12.1989, bls. 18.

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3356/91

Stjtið. EB L 318, 20.11.1991, bls. 1.

—

*III. VIÐAUKI*  
**SAMSVÖRUNARTAFLA**

Reglugerð (EBE) nr. 4060/89	Þessi reglugerð
1. gr.	1. gr.
2. gr.	2. gr.
3. gr.	3. gr.
3. gr. a	4. gr.
4. gr.	6. gr.
—	5. gr.
a-liður Tilskipana í 1. hluta viðaukans	a-liður 1. þáttar 1. hluta I. viðauka
b-liður Tilskipana í 1. hluta viðaukans	b-liður 1. þáttar 1. hluta I. viðauka
c-liður Tilskipana í 1. hluta viðaukans	c-liður 1. þáttar 1. hluta I. viðauka
d-liður Tilskipana í 1. hluta viðaukans	—
e-liður Tilskipana í 1. hluta viðaukans	d-liður 1. þáttar 1. hluta I. viðauka
f-liður Tilskipana í 1. hluta viðaukans	e-liður 1. þáttar 1. hluta I. viðauka
a-liður Reglugerða í 1. hluta viðaukans	a-liður 2. þáttar 1. hluta I. viðauka
b-liður Reglugerða í 1. hluta viðaukans	—
c-liður Reglugerða í 1. hluta viðaukans	—
d-liður Reglugerða í 1. hluta viðaukans	b-liður 2. þáttar 1. hluta I. viðauka
e-liður Reglugerða í 1. hluta viðaukans	c-liður 2. þáttar 1. hluta I. viðauka
f-liður Reglugerða í 1. hluta viðaukans	d-liður 2. þáttar 1. hluta I. viðauka
2. hluti viðaukans	2. hluti I. viðauka
—	II. viðauki
—	III. viðauki



## REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 763/2008

2014/EES/36/53

frá 9. júlí 2008

## um manntal og húsnæðistal (\*)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFNA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 285. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(1)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) þarf að búa yfir fullnægjandi traustum, ítarlegum og samanburðarhæfum gögnum um mannfjölda og húsnæði, til þess að gera Bandalaginu kleift að framkvæma þau verkefni sem því er úthlutað, einkum skv. 2. og 3. gr. sáttmálans. Fullnægjandi samanburðarhæfi skal tryggt á vettvangi Bandalagsins að því er varðar aðferðafræði, skilgreiningar og áætlunina um tölfræðileg gögn og lýsigögn.
- 2) Reglubundin hagskýrslugögn um íbúa og helstu einkenni þeirra að því er varðar fjölskyldu, félagsaðstæður, efnahag og húsnæði eru nauðsynleg til rannsóknar og skilgreiningar á svæðisbundinni, félagslegri og umhverfislegri stefnumótun sem hefur áhrif á tiltekna hluta Bandalagsins. Einkum er þörf á að safna ítarlegum upplýsingum um húsnæði til stuðnings ýmiss konar starfsemi Bandalagsins, svo sem eflingu félagslegrar aðlögunar og eftirliti með félagslegri samheldni á svæðisvísu, eða verndun umhverfisins og eflingu orkunýtni.
- 3) Með tilliti til þróunar á sviði aðferðafræði og tækni, skal skilgreina bestu starfsvenjur og stuðla að umbótum á gagnalindum og aðferðafræði sem notuð er við manntal og húsnæðistal innan aðildarríkjanna.
- 4) Til að tryggja samanburðarhæfi gagna, sem aðildarríkin leggja fram, og áreiðanleika yfirlita, sem gerð eru á vettvangi Bandalagsins, skulu þau gögn sem notuð eru vísa til sama viðmiðunarárs.

- 5) Í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 frá 17. febrúar 1997 um hagskýrslur Bandalagsins <sup>(2)</sup>, sem telst vera viðmiðunarrámi fyrir ákvæði þessarar reglugerðar, er nauðsynlegt við söfnun tölfræðilegra upplýsinga að fylgja meginreglum um óhlutdrægni, sérstaklega með tilliti til hlutlægni og vísindalegs sjálfstæðis, ásamt gagnsæi, áreiðanleika, mikilvægi, kostnaðarhagkvæmni og trúnaðarkvöðum.
- 6) Afhending gagna, sem eru háð trúnaðarkvöðum, ákvarðast af reglugerð (EB) nr. 322/97 og reglugerð ráðsins (KBE, EBE) nr. 1588/90 frá 11. júní 1990 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalagsins <sup>(3)</sup>. Ráðstafanir, sem gerðar eru í samræmi við þessar reglugerðir, tryggja raun- og röklega verndun trúnaðargagna og að engin ólögleg birting upplýsinga eða notkun gagnanna til annars en hagskýrslugerðar eigi sér stað við gerð og miðlun hagskýrslna Bandalagsins.
- 7) Við gerð og miðlun á hagtölum Bandalagsins samkvæmt þessari reglugerð eiga hagskýrslufyrirvöld Bandalagsins og einstakra landa að taka mið af meginreglum evrópskra reglna um starfsvenjur á sviði hagskýrslna, sem samþykktar voru af hálfu hagskýrsluáætlunarnefndarinnar sem komið var á fót 24. febrúar 2005 með ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE <sup>(4)</sup> og sem fylgja tilmælum framkvæmdastjórnarinnar um óhæði, trúverðugleika og ábyrgð hagskýrslufyrivalda í Bandalaginu og í einstökum löndum.
- 8) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, nánar tiltekið söfnun og samantekt samanburðarhæfra og ítarlegra hagskýrslugagna Bandalagsins um mannfjölda og húsnæði, vegna þess að sameiginleg einkenni hagskýrslugagna og gæðakrafna eru ekki fyrir hendi sem og vegna skorts á aðferðafræðilegu gagnsæi, og geta því, með sameiginlegum ramma fyrir hagskýrslugögn, náð betri árangri á vettvangi Bandalagsins, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og hún er sett fram í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar reglugerðar ekki lengra en nauðsynlegt er til að þessum markmiðum verði náð.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/2009 frá 24. apríl 2009 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 33, 26.5.2009, bls. 26.

(<sup>1</sup>) Álit Evrópuþingsins frá 20. febrúar 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 23. júní 2008.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB L 52, 22.2.1997, bls. 1. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins eins og henni var breytt með Reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

(<sup>3</sup>) Stjtið. EB L 151, 15.6.1990, bls. 1. Reglugerðin eins og henni var síðast breytt með Reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

(<sup>4</sup>) Stjtið. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

- 9) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð ætti að samþykkja í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdarvalds sem framkvæmdastjórninni er falið <sup>(1)</sup>.
- 10) Framkvæmdastjórnin skal m.a. hafa heimild til að setja skilyrði fyrir ákvörðun síðari viðmiðunarára og samþykkt áætlunar um hagskýrslugögn og lýsigögn. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og ætlaðar til breytinga á atriðum sem ekki teljast grundvallaratriði í þessari reglugerð, m.a. með viðbótum, sem ekki teljast grundvallaratriði, skulu þær samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.
- 11) Samráð hefur verið haft við hagskýrsluáætlunarnefndina í samræmi við 3. gr. ákvörðunar ráðsins 89/382/EBE, KBE.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

#### Efni

Með þessari reglugerð eru settar sameiginlegar reglur um afhendingu ítarlegra gagna um mannfjölda og húsnæði á tíu ára fresti.

2. gr.

#### Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „þýði“: íbúar lands, svæðis og staðar á föstum búsetustað sínum á viðmiðunardagsetningu,
- b) „húsnæði“: vistarverur og byggingar sem og húsnæðiskostur og tengsl milli íbúanna og vistarveranna á lands-, svæðis- og staðarvísu á viðmiðunardegi,
- c) „byggingar“: varanlegar byggingar þar sem eru vistarverur ætlaðar sem mannabústaður, eða hefðbundið húsnæði sem ætlað er til árstíðabundinnar notkunar eða sem aukabústaður eða stendur autt,
- d) „föst búseta“: sá staður þar sem einstaklingur ver venjulega daglegum hvíldartíma sínum, án tillits til tímabundinna fjarvista vegna tómsunda, leyfa, heimsóknna til vina og ættingja, viðskipta, lækni meðferðar eða trúarlegra pílagrímsferða.

Einungis eftirfarandi aðilar skulu teljast hafa fasta búsetu á viðkomandi landsvæði:

- i. þeir sem hafa haft fasta búsetu á sama stað samfelld í það minnsta í 12 mánuði fyrir viðmiðunardagsetningu eða

- ii. þeir sem hafa flutt á fastan búsetustað sinn á undangengnum 12 mánuðum fyrir viðmiðunardagsetningu með þá fyrirætlan að búa þar í eitt ár hið minnsta.

Ef ekki er unnt að staðfesta þær aðstæður sem lýst er í i-eða ii-lið, skal „föst búseta“ merkja þann stað þar sem aðili hefur lögheimili eða skráða búsetu;

- e) „viðmiðunardagsetning“: sú dagsetning sem gögn viðkomandi aðildarríkis vísa til, í samræmi við 1. mgr. 5. gr.,
- f) „innanlands“: á landssvæði aðildarríkis,
- g) „svæðisbundinn“: eftir flokkun hagskýrslusvæða (NUTS) á 1. stigi, eftir flokkun hagskýrslusvæða á 2. stigi eða eftir flokkun hagskýrslusvæða á 3. stigi, eins og það er skilgreint í flokkun hagskýrslusvæða, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1059/2003 <sup>(2)</sup>, í þeirri útgáfu sem er í gildi á viðmiðunardagsetningu,
- h) „staðbundinn“: staðbundin stjórnsýslueining á 2. stigi (2. stig LAU),
- i) „nauðsynlegir þættir mann- og húsnæðistals“: talning einstaklinga, framkvæmt samtímis, með einsleitum hætti innan skilgreinds svæðis, tiltækileiki gagna á litlum svæðum og skilgreind tíðni.

3. gr.

#### Framlagning gagna

Aðildarríki skulu senda inn gögn um íbúa til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna) sem taka til lýðfræðilegra, félagslegra og efnahagslegra einkenna einstaklinga, fjölskyldna og heimila, sem og húsnæðis á lands-, svæðis- og staðarvísu, eins og fram kemur í viðaukanum.

4. gr.

#### Gagnalindir

1. Aðildarríki geta byggt hagskýrslurnar á mismunandi gagnalindum, einkum:

- a) hefðbundnu manntali,
- b) manntali á grundvelli skráa,
- c) samsetningu á hefðbundnum manntölum og úrtakskönnunum,
- d) samsetningu á manntölum á grundvelli skráa og úrtakskannana,
- e) samsetningu á manntölum á grundvelli skráa og hefðbundnum manntölum,

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23. Ákvörðun eins og henni var breytt með ákvörðun 2006/512/EB (Stjtið. ESB L 200. 22.7.2006, bls. 11).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 154, 21.6.2003, bls. 1. Reglugerðin eins og henni var síðast breytt með Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 176/2008 (Stjtið. ESB L 61, 5.3.2008, bls. 1).

f) samsetningu á manntölum á grundvelli skráa, úrtakskönnunum og hefðbundnum manntölum,

g) viðeigandi könnunum með skiptiúrtaki (hlaupandi manntal).

2. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að uppfylla kröfur um gagnavernd. Reglugerð þessi skal ekki hafa áhrif á eigin ákvæði aðildarríkis um gagnavernd.

3. Aðildarríki skulu upplýsa framkvæmdastjórnina (Hagstofu Evrópubandalaganna) um hvers konar endurskoðun eða leiðréttingu á hagskýrslum sem afhentar eru samkvæmt þessari reglugerð, sem og hvers konar breytingum á völdum gagnalindum og aðferðafræði, eigi síðar en einum mánuði fyrir birtingu endurskoðuðu gagnanna.

4. Aðildarríki skulu tryggja að gagnalindir og aðferðir, sem notaðar eru til að fullnægja kröfum þessarar reglugerðar, taki, eins og framast er unnt, til nauðsynlegra þátta manntals og húsnæðistals, eins og þeir eru skilgreindir í i-lið 2. gr. Þau skulu leggja sig fram um að auka samkvæmni við þessa nauðsynlegu þætti.

5. gr.

### Sending upplýsinga

1. Hvert aðildarríki skal ákvarða viðmiðunardag. Viðmiðunardagurinn skal vera innan tiltekins árs á grundvelli þessarar reglugerðar (viðmiðunarár). Fyrsta viðmiðunarárið skal vera 2011. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal fastsetja síðari viðmiðunarár til samræmis við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 8. gr. Viðmiðunarár skulu vera í upphafi hvers áratugar.

2. Aðildarríki skulu afhenda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) endanleg, staðfest og samantekin gögn ásamt lýsigögnum, eins og krafist er í þessari reglugerð, innan 27 mánaða frá lokum viðmiðunarárs.

3. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal samþykkja áætlun um sendingu hagskýrslugagna og lýsigagna til þess að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 8. gr.

4. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal, eins og krafist er í þessari reglugerð, samþykkja tækniforskrift fyrir efnisþætti í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 8. gr., sem og sundurliðun á þeim.

5. Aðildarríkin skulu afhenda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) fullgilt gögn og lýsigögn á rafrænu formi. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal samþykkja viðeigandi tæknilegt

snið við sendingu þeirra gagna í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 8. gr.

6. Ef um er að ræða endurskoðun eða leiðréttingu í samræmi við 3. mgr. 4. gr., skulu aðildarríki senda leiðrétt gögn til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna) eigi síðar en á birtingardegi endurskoðuðu gagnanna.

6. gr.

### Gæðamat

1. Í þessari reglugerð gilda eftirfarandi viðmiðanir um gæðamat á þeim gögnum sem skal skilað:

- „mikilvægi“: það að hve miklu leyti tölfræðilegar upplýsingar uppfylla núverandi og hugsanlegar þarfir notenda,
- „nákvæmni“: það hversu nærri áætlanir eru óþekktum sanngildum,
- „innan tímamarka“ og „á réttum tíma“: tímabilið milli viðmiðunartímabils og tiltækileika niðurstaðna,
- „aðgengileiki“ og „skýrleiki“: skilyrði og tilhögun að því er varðar aðgang notenda að gögnum, notkun þeirra og túlkun á þeim,
- „samanburðarhæfi“: mat á áhrifum af mismunandi beitingu hagtoluhugta, mælitækja og verklagsreglna þegar bornar eru saman hagtolur mismunandi landssvæða, greinasviða eða tímabila og
- „samfella“: það að unnt er að setja gögnin margvíslega saman og í margvíslegum tilgangi á áreiðanlegan hátt.

2. Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) í té skýrslu um gæði gagnanna sem er skilað. Í þessu sambandi skulu aðildarríki tilgreina að hve miklu leyti valdar gagnalindir og aðferðir uppfylla þá nauðsynlegu þætti manntals og húsnæðistals sem skilgreindir eru í i-lið 2. gr.

3. Við beitingu þeirra viðmiðana um gæðamat, sem mælt er fyrir í 1. mgr., á þau gögn, sem þessi reglugerð tekur til, skal fara með tilhögun og uppbyggingu gæðaskýrslna í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 8. gr. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal meta gæði gagna sem send eru.

4. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal, í samvinnu við lögbær yfirvöld aðildarríkjanna, gera tillögur um aðferðafræði til þess að tryggja gæði þeirra gagna og lýsigagna sem lögð eru fram, með sérstöku tilliti til ráðstefnu evrópskra tölfræðinga um manntal og húsnæðistal árið 2010.

## 7. gr.

**Framkvæmdarráðstafanir**

1. Eftirfarandi ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til framkvæmdar þessari reglugerð, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 8. gr.:

- a) tækniforskriftir efnisþáttanna, sem krafist er í þessari reglugerð, sem og sundurliðana þeirra sem kveðið er á um í 4. mgr. 5. gr.,
- b) tekið upp viðeigandi tæknilegt snið, sem kveðið er á um í 5. mgr. 5. gr., og
- c) fyrirkomulag og uppbygging gæðaskýrslna, sem kveðið er á um í 3. mgr. 6. gr.

2. Eftirfarandi ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar og sem er ætlað að breyta þeim þáttum hennar sem ekki teljast grundvallaratriði, með því að auka við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 8. gr.:

- a) fastsetja viðmiðunarár, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 5. gr. og
- b) innleiða áætlun að því er varðar hagskýrslugögn og lýsigögn, eins og lagt er fram í 3. mgr. 5. gr.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 9. júlí 2008.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

H.-G. PÖTTERING

*forseti.*

3. Taka skal tillit til þeirra meginreglna að ávinningur af gerðum ráðstöfunum skal veða þyngra en kostnaðurinn við þær og að viðbótarkostnaður og fyrirhöfn skulu vera áfram innan hæfilegra marka.

## 8. gr.

**Nefndarmeðferð**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar hagskýrslu-áætlunarnefndarinnar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

## 9. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*Fyrir hönd ráðsins,*

J.-P. JOUYET

*forseti.*

## VIÐAUKI

**Efnisþættir sem mann- og húsnæðistöl taka til**

1. Efnisþættir um mannfjölda
  - 1.1. Skyldubundnir efnisþættir varðandi landfræðileg þrep: Flokkun hagskýrslusvæða 3. stig (NUTS 3), staðbundin stjórnsýslueining 2. stig (LAU 2)
    - 1.1.1. Efnisþættir sem ekki eru afleiddir
      - fastur búsetustaður
      - kyn
      - aldur
      - hjúskaparstaða
      - fæðingarstaður/-land
      - ríkisfang
      - fyrri fastur búsetustaður og komudagsetning á núverandi stað eða fastur búsetustaður einu ári fyrir manntal
      - vensl milli heimilismanna
    - 1.1.2. Afleiddir efnisþættir
      - heildarmannfjöldi
      - staður
      - staða heimilis
      - fjölskyldustaða
      - gerð kjarnafjölskyldu
      - stærð kjarnafjölskyldu
      - gerð einkaheimilis
      - stærð einkaheimilis
  - 1.2. Skyldubundnir efnisþættir landfræðilegra þrepa: flokkun hagskýrslusvæða 1. stig (NUTS 1), flokkun hagskýrslusvæða 2. stig (NUTS 2)
    - 1.2.1. Efnisþættir sem ekki eru afleiddir
      - fastur búsetustaður
      - land vinnustaðar
      - kyn
      - aldur
      - hjúskaparstaða
      - núverandi atvinnustaða
      - starf

- atvinnugrein
- staða á vinnumarkaði
- menntunargráða
- fæðingarstaður/-land
- ríkisfang
- hvort viðkomandi hafi haft fasta búsetu erlendis og komuár í landið (frá 1980)
- fyrri fastur búsetustaður og komudagsetning á núverandi stað eða fastur búsetustaður einu ári fyrir manntal
- vensl milli heimilismanna
- umráð húsnæðis

#### 1.2.2. Afleiddir efnisþættir

- heildarmannfjöldi
- staður
- staða heimilis
- fjölskyldustaða
- gerð kjarnafjölskyldu
- stærð kjarnafjölskyldu
- gerð einkaheimilis
- stærð einkaheimilis

#### 2. Efnisþættir varðandi húsnæði

##### 2.1. Skyldubundnir efnisþættir varðandi landfræðileg þrep: flokkun hagskýrsluvæða 3. stig (NUTS 3), staðbundin stjórnsýslueining 2. stig (LAU 2)

##### 2.1.1. Efnisþættir sem ekki eru afleiddir

- gerð vistarvera
- staðsetning vistarvera
- íbúastaða hefðbundins húsnæðis
- fjöldi íbúa
- nýtanlegur gólfloður og/eða fjöldi herbergja í íbúð
- húsnæði eftir tegund byggingar
- húsnæði eftir byggingartíma

- 2.1.2. Afleiddir efnisþættir
    - þéttleiki byggðar
  - 2.2. Skyldubundnir efnisþættir landfræðilegra þrepa: flokkun hagskýrsluvæða 1. stig, flokkun hagskýrsluvæða 2. stig
  - 2.2.1. Efnisþættir sem ekki eru afleiddir
    - húsnæðiskostur
    - gerð vistarvera
    - staðsetning vistarvera
    - íbúastaða hefðbundins húsnæðis
    - fyrirkomulag eignarhalds
    - fjöldi íbúa
    - nýtanlegur gólfloður og/eða fjöldi herbergja í íbúð
    - vatnsveita
    - salernisaðstaða
    - hreinlætisaðstaða
    - hitunarfyrirkomulag
    - húsnæði eftir tegund byggingar
    - húsnæði eftir byggingartíma
  - 2.2.2. Afleiddir efnisþættir
    - þéttleiki byggðar
-

## REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 223/2009

2014/EES/36/54

frá 11. mars 2009

**um evrópskar hagskýrslur og niðurfellingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB, KBE) nr. 1101/2008 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalaganna, reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 um hagskýrslur Bandalagsins og ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE um að koma á fót hagskýrsluáætlunarnefnd Evrópubandalaganna (\*)**

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 285. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Seðlabanka Evrópu <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar (European Data Protection Supervisor) <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til að tryggja samfellu og samanburðarhæfi í evrópskum hagskýrslum, sem gerðar eru í samræmi við þær meginreglur sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 285. gr. sáttmálans, skal efla samstarf og samræmingu milli þeirra yfirvalda sem leggja eitthvað að mörkum til þróunar, gerðar og miðlunar á evrópskum hagskýrslum.
- 2) Í því skyni skal þróa samstarf og samræmingu þessara yfirvalda á kerfisbundnari og skipulagðari hátt en taka jafnframt fullt tillit til heimilda og fyrirkomulags stofnana aðildarríkjanna og Bandalagsins með hliðsjón af nauðsyn þess að endurskoða nügildandi lagaramma sem liggur til grundvallar og aðlaga hann að þeim veruleika sem nú á við svo að hann svari betur kröfum framtíðarinnar og til að tryggja meira samræmi í evrópskum hagskýrslum.
- 3) Því er nauðsynlegt að sameina starfsemi Evrópska hagskýrslukerfisins (ESS) og bæta verklag innan þess, einkum í því skyni að greina skýrar það hlutverk sem hagstofur aðildarríkjanna, ásamt öðrum landsyfirvöldum, og hagskýrsluyfirvald Bandalagsins hafa.

- 4) Vegna sérstöðu hagstofa aðildarríkjanna og annarra landsyfirvalda í hverju aðildarríki við að þróa og taka saman evrópskar hagskýrslur og miðla þeim skal þeim vera heimilt að taka við styrkjum án auglýsingar skv. d-lið 1. mgr. 168. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB, KBE) nr. 2342/2002 frá 23. desember 2002 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framvæmd reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna <sup>(4)</sup>.

- 5) Með tilliti til skiptingar fjárútgjalda milli fjárlaga Evrópusambandsins og aðildarríkjanna í tengslum við framkvæmd hagskýrsluáætlunarinnar skal Bandalagið einnig, í samræmi við reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 frá 25. júní 2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna <sup>(5)</sup>, leggja fram fê til hagstofa aðildarríkjanna og annarra landsyfirvalda til að sá jaðarkostnaður sem hagstofur aðildarríkjanna og önnur landsyfirvöld stofna til við framkvæmd hinna tímabundnu beinu hagskýrsluáðgerða, sem framkvæmdastjórnin ákveður, verði að fullu greiddur.

- 6) Hagskýrsluyfirvöld í aðildarríkjum Fríverslunarsamtaka Evrópu, sem eru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu <sup>(6)</sup>, og í Sviss skulu taka þátt í því nána og efla samstarfi og samræmingu, eins og kveðið er á um í Samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, einkum 76. gr. og bókun 30 við þann samning, og í samningnum milli Evrópubandalagsins og Svissneska sambandslýðveldisins um samstarf á sviði hagskýrslna <sup>(7)</sup>, einkum 2. gr.

- 7) Enn fremur er, með hliðsjón af 285. gr. sáttmálans og 5. gr. bókunar (nr. 18) um stofnsáttmála og stofnsamþykkt seðlabankakerfis Evrópu og Seðlabanka Evrópu, sem eru í viðauka við sáttmálann, mikilvægt að tryggja náið samstarf og viðeigandi samræmi milli Evrópska hagskýrslukerfisins og Seðlabankakerfis Evrópu (ESCB), einkum til að greiða fyrir skiptum á trúnaðargögnum milli kerfanna tveggja að því er varðar hagskýrslur.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 164. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2009 frá 4. desember 2009 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn og bókun 30 við EES-samninginn um sérstök ákvæði varðandi skipulagningu samvinnu á sviði hagskýrslugerðar, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 12, 11.3.2010, bls. 54.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 291, 5.12.2007, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 308, 3.12.2008, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 19. nóvember 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 19. febrúar 2009.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 357, 31.12.2002, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 248, 16.9.2002, bls. 1.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 1, 3.1.1994, bls. 3.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 90, 28.3.2006, bls. 2.



- 8) Bæði Evrópska hagskýrslukerfið og seðlabankakerfi Evrópu munu því þróa og gera hagskýrslur og miðla þeim, en þó hvort innan sérstaks lagaramma sem tekur mið af skipan verklagsreglna hvors kerfis. Reglugerð þessi gildir því með fyrirvara um reglugerð ráðsins (EB) nr. 2533/98 frá 23. nóvember 1998 um söfnun Seðlabanka Evrópu á tölfraeðilegum upplýsingum <sup>(1)</sup>.
- 9) Af þessum sökum mega þó hagstofur aðildarríkjanna, önnur landsyfirvöld þeirra og hagskýrsluyfirvald Bandalagsins, þrátt fyrir að aðilar að seðlabankakerfi Evrópu taki ekki þátt í gerð evrópskra hagskýrslna samkvæmt reglugerð þessari, samkvæmt samkomulagi milli seðlabanka aðildarríkja og hagskýrsluyfirvalds Bandalagsins, nota, beint eða óbeint, gögn seðlabanka aðildarríkis til að gera evrópskar hagskýrslur, hver á sínu valdsviði og án þess að það hafi áhrif á fyrirkomulag innan hvers lands milli seðlabanka, hagstofu eða annarra landsyfirvalda. Eins mega aðilar að Seðlabankakerfi Evrópu, hver á sínu valdsviði, nota gögn sem tekin eru saman í Evrópska hagskýrslukerfinu, beint eða óbeint, svo framarlega sem nauðsyn þess hafi verið rökstudd.
- 10) Að því er varðar samband milli Evrópska hagskýrslukerfisins og seðlabankakerfis Evrópu hefur hagskýrslunefnd um peningamál, fjármál og greiðslujöfnuð, sem stofnuð var með ákvörðun ráðsins 2006/856/EB <sup>(2)</sup>, mikilvægu hlutverki að gegna, einkum með þeirri aðstoð sem framkvæmdastjórninni er veitt við samantekt og framkvæmd starfsáætlana um hagskýrslur um peningamál, fjármál og greiðslujöfnuð.
- 11) Taka skal tillit til alþjóðlegra tilmæla og bestu starfsvenja í þróun, gerð og miðlun evrópskra hagskýrslna.
- 12) Mikilvægt er að tryggja náði samstarf og viðeigandi samræmi milli Evrópska hagskýrslukerfisins og annarra aðila í alþjóðlega hagskýrslukerfinu í því skyni að efla notkun alþjóðlegra hugtaka, flokkunar og aðferða, einkum með það fyrir augum að tryggja samfelldari og samanburðarhæfari hagskýrslur á alþjóðlegum vettvangi.
- 13) Koma skal á viðunandi þverfaglegu samstarfi háskólastofnana í því skyni að samræma hugtök og aðferðafræði að því er varðar hagskýrslur.
- 14) Einnig þarf að endurskoða rekstur Evrópska hagskýrslukerfisins þar eð þörf er á sveigjanlegri aðferðum við þróun, gerð og miðlun evrópskra hagskýrslna og skýrri forgangsröðun til að draga úr fyrirhöfn svarenda og aðila Evrópska hagskýrslukerfisins og bæta aðgengi að evrópskum hagskýrslum og tímanleika þeirra. Evrópsk hagskýrsluaðferð skal við þetta miðuð.
- 15) Evrópskar hagskýrslur eru yfirleitt byggðar á landsgögnum sem landsbundin hagskýrsluyfirvöld í aðildarríkjunum taka saman og miðla en þær geta einnig verið unnar úr óbirtum landsgögnum, hlutmengjum úr landsgögnum, gögnum úr sérhönnuðum Evrópukönnunum eða byggðar á samræmdum hugmyndum eða aðferðum.
- 16) Í sérstökum tilvikum, og þegar það er vel rökstutt, skal vera unnt að nota „evrópska aðferð við hagskýrslur“ sem felst í hagnýtri áætlun um að auðvelda samantekt á samandregnum evrópskum hagtölum sem tekur til Evrópusambandsins í heild eða evrusvæðisins í heild og eru mikilvægar fyrir stefnumörkun í Bandalaginu.
- 17) Einnig væri hægt að koma á eða þróa frekar sameiginlega uppbyggingu, verkfæri og ferla með tilstyrk samstarfskerfa sem hagstofur aðildarríkjanna eða önnur landsyfirvöld og hagskýrsluyfirvald Bandalagsins taka þátt í og greiða fyrir með sérhæfingu tiltekinnna aðildarríkja á sérstökum hagskýrslusviðum í þágu Evrópska hagskýrslukerfisins í heild. Í þessu samstarfskerfi aðila að Evrópska hagskýrslukerfinu skal reynt að komast hjá tvíverknadi og auka þar með skilvirkni og draga úr svarbyrði rekstraraðila.
- 18) Jafnframt skal gefa sérstakan gaum að samfelldri meðferð gagna sem safnað er í margs konar könnunum. Stofna skal þverfaglega starfshópa í þessu skyni.
- 19) Bætt lagaumhverfi evrópskra hagskýrslna skal einkum uppfylla þarfir um að dregið sé úr svarbyrði svarenda í könnunum og stuðlað að almennara markmiði sem felst í að minnka stjórnsýsluálag á evrópskum vettvangi í samræmi við ályktanir forseta fundar leiðtogaráðsins 8. og 9. mars 2007. Áhersla skal þó einnig lögð á stórt hlutverk hagstofa aðildarríkjanna og annarra landsyfirvalda í því að draga úr fyrirhöfn evrópskra fyrirtækja í einstökum aðildarríkjum.
- 20) Í því skyni að auka trú á evrópskum hagskýrslum skulu hagskýrsluyfirvöld aðildarríkjanna, sem og hagskýrsluyfirvald Bandalagsins innan framkvæmdastjórnarinnar, njóta faglegs sjálfstæðis og sjá til þess að hlutleysi og vönduð vinnubrögð séu viðhöfð við gerð evrópskra hagskýrslna í samræmi við þær meginreglur sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 285 gr. sáttmálans, sem og þær meginreglur sem eru útfærðar nánar í starfsreglum um evrópskar hagskýrslur sem framkvæmdastjórnin samþykkti með tilmælum sínum frá 25. maí 2005 um sjálfstæði, ráðvendni og ábyrgð hagskýrsluyfirvalda aðildarríkjanna og Bandalagsins (sem hafa að geyma starfsreglur um evrópskar hagskýrslur). Einnig skal 320 taka tillit til grundvallarreglna um opinberar hagskýrslur sem efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (UNECE) samþykkti 15 apríl 1992 og hagtölunefnd Sameinuðu þjóðanna þann 14. apríl 1994.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 318, 27.11.1998, bls. 8.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 332, 30.11.2006, bls. 21.

- 21) Þessi reglugerð tryggir að tekið sé tillit til réttar til einkalífs og fjölskyldu og til verndar persónuupplýsinga eins og fram kemur í 7. og 8. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi <sup>(1)</sup>.
- 22) Með þessari reglugerð er einnig tryggð vernd einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga og tilgreindar, að því er varðar evrópskar hagskýrslur, þær reglur sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga <sup>(2)</sup> og í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga <sup>(3)</sup>.
- 23) Vernda skal trúnaðarupplýsingar sem hagskýrsluyfirvöld aðildarríkjanna og Bandalagsins afla vegna gerðar evrópskra hagskýrslna til að öðlast og halda trúnað við þá aðila sem eru ábyrgir fyrir veitingu þess háttar upplýsinga. Fara skal með trúnaðargögn eftir sömu meginreglum í öllum aðildarríkjunum.
- 24) Í því skyni er nauðsynlegt að setja sameiginlegar megin- og viðmiðunarreglur sem tryggja þagnarskyldu að því er varðar gögn, sem notuð eru við gerð evrópskra hagskýrslna, og aðgang þeim trúnaðargögnum, að teknu tillýðilegu tilliti til tækniþróunar og krafna notenda í lýðræðisþjóðfélagi.
- 25) Aðgengi að trúnaðargögnum vegna þarfa Evrópska hagskýrslukerfisins skiptir afar miklu máli til fá sem mestan ávinning af gögnunum í því skyni að auka gæði evrópskra hagskýrsla og tryggja sveigjanleg viðbrögð við nýjum þörfum í hagskýrslum Bandalagsins.
- 26) Rannsóknarsamfélagið skal, til greiningar í þágu vísindalegra framfara í Evrópu, hafa greiðari aðgang að trúnaðargögnum sem notuð eru við þróun, gerð og miðlun evrópskra hagskýrslna. Aðgangur rannsóknarfólks að trúnaðargögnum í vísindaskyni skal því bættur án þess að það tefli í tvísýnu þeirri öflugu vernd sem krafist er vegna trúnaðargagna á hagskýrslusviði.
- 27) Notkun trúnaðargagna, sem er ekki einvörðungu á hagskýrslusviði, s.s. í stjórnsýslulegum, lagalegum eða skattalegum tilgangi eða til sannprófunar með samamburði við hagskýrsluciningar, skal vera stranglega bönnuð.
- 28) Reglugerð þessi gildir með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um aðgang almennings að upplýsingum um umhverfismál <sup>(4)</sup> og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1367/2006 frá 6. september 2006 um beitingu ákvæða Árósasamningsins um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum hjá stofnunum og aðilum Bandalagsins <sup>(5)</sup>.
- 29) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að setja lagaramma um þróun, gerð og miðlun evrópskra hagskýrslna, hvert í sínu lagi og þeim verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná því markmiði og hefur það af þeim sökum ekki áhrif á sérstakt fyrirkomulag, hlutverk og skilyrði í hagskýrslum einstakra aðildarríkja.
- 30) Ráðstafanirnar, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari reglugerð, ber að samþykkja í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdarvalds sem framkvæmdastjórninni er falið <sup>(6)</sup>.
- 31) Framkvæmdastjórnin skal því hafa vald til að samþykkja ráðstafanir um gæðaviðmiðanir fyrir evrópskar hagskýrslur og ákveða fyrirkomulag, reglur og skilyrði um aðgang að trúnaðargögnum í vísindaskyni á vettvangi Bandalagsins. Þar eð þessar ráðstafanir eru almennar ráðstafanir og miða að því að breyta atriðum sem ekki teljast grundvallaratriði í þessari reglugerð með því að bæta við hana nýjum atriðum, sem ekki teljast grundvallaratriði, skulu þær samþykktar í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferð með athugun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.
- 32) Ráðstafanirnar, sem settar eru fram í reglugerð þessari, koma í staðinn fyrir ráðstafanir í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB, KBE) nr. 1101/2008 <sup>(7)</sup>, reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 <sup>(8)</sup> og ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE <sup>(9)</sup>. Því ber að fella þær gerðir úr gildi. Framkvæmdarráðstafanirnar sem kveðið er á um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 831/2002 frá 17. maí 2002 um framkvæmd á reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 um hagskýrslur Bandalagsins að því er varðar aðgang að gögnum háðum trúnaðarkvöðum í vísindaskyni <sup>(10)</sup> og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/452/EB frá 29. apríl 2004 um skrá yfir þær stofnanir þar sem rannsóknarfólk hefur aðgang að trúnaðargögnum í vísindaskyni <sup>(11)</sup>, skulu gilda áfram.
- 33) Samráð hefur verið haft við hagskýrsluáætlunarnefndina,

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 364, 18.12.2000, bls. 1.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26.<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 264, 25.9.2006, bls. 13.<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 304, 14.11.2008, bls. 70.<sup>(8)</sup> Stjtið. EB L 52, 22.2.1997, bls. 1.<sup>(9)</sup> Stjtið. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.<sup>(10)</sup> Stjtið. EB L 133, 18.5.2002, bls. 7.<sup>(11)</sup> Stjtið. ESB L 156, 30.4.2004, bls. 1; leiðrétt í Stjtið. ESB L 202, 7.6.2004, bls. 1.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

**Efni og gildissvið**

Með þessari reglugerð er settur lagarammi um þróun, gerð og miðlun evrópskra hagskýrslna.

Í samræmi við dreifræðisregluna og sjálfstæði, ráðvendni og ábyrgð hagskýrslufirvalda aðildarríkjanna og Bandalagsins eru evrópskar hagskýrslur viðeigandi hagskýrslur sem eru nauðsynlegar fyrir starfsemi Bandalagsins. Evrópskar hagskýrslur eru ákvarðaðar í hagskýrsluáætlun Evrópu-bandalaganna. Þær eru þróaðar og gerðar og þeim miðlað í samræmi við meginreglur um hagskýrslur sem settar eru fram í 2. mgr. 285. gr. sáttmálans og útfærðar nánar skv. 11. gr. starfsreglna um evrópskar hagskýrslur. Þær skulu framkvæmdar í samræmi við reglugerð þessa.

2. gr.

**Meginreglur um hagskýrslur**

1. Þróun, gerð og miðlun evrópskra hagskýrslna fellur undir eftirfarandi meginreglur um hagskýrslur:

- „faglegt sjálfstæði“: hagskýrslur skal þróa, gera og þeim miðlað á sjálfstæðan hátt, einkum að því er varðar val á tækni, skilgreiningum, aðferðafræði og heimildum, sem nota skal, og tímasetning og efni miðlunar af öllu tagi skulu vera laus við þrýsting frá stjórn mála- eða hagsmunahópum og frá yfirvöldum Bandalagsins eða aðildarríkis, án tillits til stofnanalegar umgjörðar, þ.m.t. ákvarðanir Bandalagsins eða aðildarríkis um stofnanir, fjárlög og skilgreiningar á þörfum fyrir hagskýrslur,
- „óhlutdrægni“: þróa skal og gera hagskýrslur og miðla þeim á hlutlausan hátt og allir notendur verða að fá sömu meðferð,
- „hlutlægni“ þróa skal og gera hagskýrslur og miðla þeim á kerfisbundinn, áreiðanlegan og óhlutdrægan hátt; í því felst notkun faglegra og síðferðilegra staðla og að stefnumið og venjur, sem fylgt er, séu gagnsæ notendum og svarendum í könnunum,
- „áreiðanleiki“: hagskýrslur verða að mæla eins trúverðulega, nákvæmlega og með eins samræmdum hætti og kostur er þannig veruleika sem þær eru hannaðar til að lýsa og fela í sér að vísindalegar viðmiðanir eru notaðar til að velja heimildir, aðferðir og verklagsreglur,

e) „trúnaðarkvaðir í hagskýrslum“: vernd trúnaðargagna í tengslum við einstakar hagskýrslueiningar, sem er aflað beint vegna hagskýrslugerðar eða óbeint úr stjórnsýsluheimildum eða öðrum heimildum, felur í sér að notkun gagnanna, sem aflað er, til annars en hagskýrslugerðar og ólögleg upplýsingagjöf úr þeim er bönnuð,

f) „kostnaðarhagkvæmni“: kostnaður við gerð hagskýrslna skal vera í réttu hlutfalli við mikilvægi niðurstaðna og þann ávinning sem sóst er eftir, úrræði skal nota á sem bestan hátt og svarbyrði skal vera í lágmarki. Ef þess er kostur skal vera auðvelt að ná í þær upplýsinga sem óskað er eftir úr tiltækum skráum eða heimildum.

Fjallað er nánar um þær meginreglur hagskýrslna sem settar eru fram í þessari málsgrein í starfsreglum í samræmi við 11. gr.

2. Við þróun, gerð og miðlun evrópskra hagskýrslna skal taka mið af alþjóðlegum tilmælum og bestu starfsvenjum.

3. gr.

**Skilgreiningar**

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „hagskýrslur“: meginlegar og eigindlegar upplýsingar, heildarupplýsingar og dæmigerðar upplýsingar sem einkenna sameiginlegt fyrirbæri í því þýði sem verið er að rannsaka,
- „þróun“: starfsemi sem miðar að því að setja upp, efla og bæta tölfræðilegar aðferðir, staðla og verklagsreglur sem notaðar eru til að gera hagskýrslur og miðla þeim svo og við hönnun nýrra hagskýrslna og hagvísu,
- „gerð“ öll starfsemi í tengslum við öflum, geymslu, úrvinnslu og greiningu sem nauðsynleg er við samantekt á hagtölum,
- „miðlun“: starfsemi sem miðar að því að gera hagskýrslur og greiningu hagtalna aðgengilega notendum,
- „gagnaöflun“: kannanir og allar aðrar aðferðir við að afla upplýsinga úr mismunandi heimildum, þ.m.t. stjórnsýsluheimildir,
- „hagskýrslueining“: grunneining könnunar, þ.e. einstaklingur, heimili, rekstraraðili og önnur fyrirtæki sem vísað er til í gögnunum,
- „trúnaðargögn“: gögn sem gera kleift að bera kennsl á hagskýrslueiningar, annaðhvort beint eða óbeint, og veita þannig persónuupplýsingar. Þegar ákvarðað er hvort unnt sé að bera kennsl á hagskýrslueiningu skal taka tillit til allra viðeigandi úrræða sem ástæða er að ætla að þriðji aðili gæti beitt til að bera kennsl á hagskýrslueiningu.

8. „notkun vegna hagskýrslugerðar“: notkun sem er einvörðungu til að þróa og komast að tölfræðilegum niðurstöðum og til greiningar,
9. „bein kennsl“: það að bera kennsl á hagskýrslueiningu út frá nafni, heimilisfangi eða kennitölu sem almenningur hefur aðgang að,
10. „óbein kennsl“ það að bera kennsl á hagskýrslueiningu með öðrum aðferðum en með beinum kennum.
11. „embættismenn framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna)“: embættismenn Bandalaganna í skilningi 1. gr. starfsmannareglna embættismanna Evrópubandalaganna sem starfa fyrir hagskýrslufirvöld Bandalagsins.
12. „aðrir starfsmenn framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna)“: starfsmenn Bandalaganna í skilningi 2.–5. gr. vinnuskilmála annarra starfsmanna Evrópubandalaganna sem starfa fyrir hagskýrslufirvöld Bandalagsins.

## II. KAFLI

### VERKLAGSREGLUR UM HAGSKÝRSLUR

#### 4. gr.

#### Evrópska hagskýrslukerfið

Starfsemi Evrópska hagskýrslukerfisins (ESS) fer fram í samvinnu hagskýrslufirvalda Bandalagsins, sem er framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna), og hagstofa aðildarríkjanna (NSI) og annarra landsyfirvalda í aðildarríkjunum sem eru ábyrg í hverju aðildarríki fyrir þróun, gerð og miðlun evrópskra hagskýrslna.

#### 5. gr.

#### Hagstofur aðildarríkjanna og önnur landsyfirvöld

- Hagskýrslufirvaldið, sem hvert aðildarríki tilnefnir sem þann aðila sem er ábyrgur fyrir samræmingu allrar starfsemi á landsvísi fyrir þróun, gerð og miðlun evrópskra hagskýrslna (hagstofur aðildarríkjanna), skal vera tengiliður við framkvæmdastjórnina (Hagstofu Evrópubandalaganna) um hagskýrslumál. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja beitingu þessa ákvæðis.
- Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal birta og viðhalda á vefsetri sínu skrá yfir hagstofur aðildarríkjanna og önnur landsyfirvöld sem eru ábyrg fyrir þróun, gerð og miðlun evrópskra hagskýrslna og aðildarríkin tilnefna.
- Hagstofum aðildarríkjanna og öðrum landsyfirvöldum, sem eru tilgreind í skránni, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, skal heimilt að taka við styrkjum án auglýsingar skv. d-lið 1. mgr. 168. gr. reglugerðar (EB, KBE) nr. 2342/2002.

#### 6. gr.

#### Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna)

- Hagskýrslufirvöld Bandalagsins, sem framkvæmdastjórnin tilnefnir til að þróa og gera evrópskar hagskýrslur og miðla þeim, nefnast „framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna)“ í þessari reglugerð.
- Á vettvangi Bandalagsins skal framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) sjá til þess að gerð evrópskra hagskýrslna sé samkvæmt settum reglum og meginreglum um hagskýrslur. Í þessu tilliti skal hún bera alla ábyrgð á ákvörðunum um ferli, tölfræðilegar aðferðir, staðla og verklagsreglur og um efni og tímasetningu á útgáfu hagskýrslna.
- Með fyrirvara um 5. gr. bókunar við stofnsamþykkt seðlabankakerfis Evrópu (ESCB) og Seðlabanka Evrópu, skal framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) samræma hagskýrslustarfsemi stofnana og aðila í Bandalaginu, einkum með það í huga að tryggja samræmi og gæði gagnanna og að létta svarbyrði eftir því sem kostur er. Í því skyni getur framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) boðið hvaða stofnun eða aðila sem er innan Bandalagsins til ráðgjafar eða samstarfs í þeim tilgangi að þróa aðferðir og kerfi vegna hagskýrslugerðar á valdsviði viðkomandi stofnunar eða aðila. Þessar stofnanir eða aðilar, sem takast á hendur að gera hagskýrslur, skulu ráðfæra sig við framkvæmdastjórnina (Hagstofu Evrópubandalaganna) og taka tillit til allra tilmæla sem hún kann að setja fram í þá veru.

#### 7. gr.

#### Nefnd Evrópska hagskýrslukerfisins

- Nefnd Evrópska hagskýrslukerfisins (ESS-nefndin) er hér með stofnuð. Hún skal veita Evrópska hagskýrslukerfinu ráðgjöf um þróun, gerð og miðlun evrópskra hagskýrslna í samræmi við meginreglur um hagskýrslur sem settar eru fram í 1. mgr. 2. gr.
- Í nefnd Evrópska hagskýrslukerfisins skulu sitja fulltrúar hagstofa aðildarríkjanna sem eru sérfræðingar þeirra í hagskýrslum. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal gegna formennsku í nefndinni.
- Nefnd Evrópska hagskýrslukerfisins setur sér starfsreglur sem miðast við verkefni hennar.
- Framkvæmdastjórnir hefur samráð við nefnd Evrópska hagskýrslukerfisins að því er varðar:
  - þær ráðstafanir sem framkvæmdastjórnin hyggst gera til þróunar, gerðar og miðlunar evrópskra hagskýrslna, rökstuðning fyrir þeim á grundvelli kostnaðarhagkvæmni, aðferðir og tímaáætlanir til að koma þeim í framkvæmd og svarbyrði þeirra sem spurðir eru í könnuninni,

b) tillögur um þróun og forgangsröðun í hagskýrsluáætlun Evrópubandalaganna,

12. gr.

c) framtaksverkefni sem miða að því að koma í framkvæmd nýrri forgangsröðun og að draga úr svarbyrði,

### Gæði hagskýrslna

d) mál sem snerta trúnaðarkvaðir í hagskýrslum,

1. Til að tryggja gæði niðurstaðna skal þróa og gera evrópskar hagskýrslur og miðla þeim á grundvelli samræmdra staðla og með samhæfðum aðferðum. Í þessu sambandi gilda eftirfarandi gæðaviðmiðanir:

e) frekari þróun starfsreglnanna og

a) „mikilvægi“, sem vísar til þess að hve miklu leyti hagskýrslur uppfylla núverandi og hugsanlegar þarfir notenda,

f) ýmis önnur atriði, einkum varðandi aðferðafræði, vegna gerðar eða framkvæmdar hagskýrsluáætlana sem formaður vekur máls á, ýmist að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis.

b) „nákvæmni“, sem vísar til þess hversu nærri áætlanir eru óþekktum sanngildum,

8. gr.

### Samstarf við aðra aðila

Hafa skal samráð við evrópsku ráðgjafarnefndina um hagskýrslugerð og evrópsku ráðgjafarnefndina um verklagsreglur í hagskýrslugerð eftir því undir hvora nefndina mál falla.

c) „innan tímamarka“, sem vísar til tímabilsins frá því atburður eða fyrirbæri eiga sér stað þar til upplýsingarnar, sem lýsa þeim, verða tiltækar.

d) „rétt tímasetning“, sem vísar til tímans milli birtingardags gagna og áætlaðs markdags (þ.e. dagsins þegar hefði átt að afhenda gögnin),

9. gr.

### Samstarf við seðlabankakerfi Evrópu

Til að minnka svarbyrði og tryggja þá samfellu sem nauðsynleg er til að gera evrópskar hagskýrslur skulu Evrópska hagskýrslukerfið og seðlabankakerfi Evrópu eiga náð samstarf og fylgja jafnframt meginreglum um hagskýrslur eins og þær eru settar fram í 1. mgr. 2. gr.

e) „aðgengileiki“ og „skýrleiki“, sem vísar til þeirra skilyrða og með hvaða hætti notendur geta fengið gögn, notað þau og túlkað,

f) „samanburðarhæfi“, sem vísar til mats á áhrifum af mismunandi beitingu hagtoluhugta, mælitækja og verklagsreglna þegar bornar eru saman hagtolur mismunandi landssvæða, greinasviða eða tímabila.

10. gr.

### Alþjóðlegt samstarf

Með fyrirvara um stöðu og hlutverk einstakra aðildarríkja skal staða Evrópska hagskýrslukerfisins, að því er varðar mál sem snerta sérstaklega evrópskar hagskýrslur á alþjóðlegum vettvangi sem og sérstakt fyrirkomulag fyrirsvars í alþjóðlegum hagskýrslustofnunum, vera undirbúin í nefnd Evrópska hagskýrslukerfisins en samræmd í framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna).

g) „samfella“, sem vísar til þess að unnt er að setja gögnin margvíslega saman og í margvíslegum tilgangi á áreiðanlegan hátt.

11. gr.

### Starfsreglur um evrópskar hagskýrslur

1. Markmiðið með starfsreglunum skal vera að tryggja að almenningur treysti evrópskum hagskýrslum með því að koma þróun, gerð og miðlun evrópskra hagskýrslna á fastan grundvöll í samræmi við meginreglur hagskýrslna, eins og þær eru settar fram í 1. mgr. 2. gr., og bestu starfsvenjur um alþjóðlegar hagskýrslur.

2. Við beitingu gæðaviðmiðana, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar, á gögn, sem löggjöf, sem bundin er við tiltekna geira á sérstökum hagskýrslusviðum, tekur til, skal framkvæmdastjórnin skilgreina tilhögun, uppbyggingu og tíðni gæðaskýrslna, sem kveðið er á um í löggjöf, sem bundin er við tiltekna geira, í samræmi við þá málsmeðferð í stjórnsýslunni sem um getur í 2. mgr. 27. gr.

Mæla má fyrir um sérstakar gæðakröfur, s.s. markgildi og lágmarkskröfur um gerð hagskýrslna, í löggjöf sem bundin er við tiltekna geira. Ef ekki er kveðið á um slíkt í löggjöf, sem bundin er við tiltekna geira, getur framkvæmdastjórnin samþykkt ráðstafanir. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta þeim þáttum þessarar reglugerðar sem ekki teljast grundvallaratriði, með því að auka við hana, skulu samþykktar í samræmi við þá stjórnsýslumálsmeðferð með athugun sem um getur í 3. mgr. 27. gr.

2. Nefnd Evrópska hagskýrslukerfisins skal endurskoða og uppfæra starfsreglurnar eftir því sem þörf krefur. Framkvæmdastjórnin skal birta breytingar á þeim.

3. Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) í té skýrslu um gæði gagnanna sem er skilað. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal meta gæði þeirra gagna sem send eru og semja og birta skýrslur um gæði evrópskra hagskýrslna.

## III. KAFLI

**GERÐ EVRÓPSKRA HAGSKÝRSLNA***13. gr.***Hagskýrsluáætlun Evrópubandalaganna**

1. Með hagskýrsluáætlun Evrópubandalaganna er settur rammur um þróun, gerð og miðlun evrópskra hagskýrslna og helstu svið og markmið áætlaðra aðgerða á tímabili sem er allt að fimm ár. Evrópuþingið og ráðið taka ákvörðun þar að lútandi. Meta skal áhrif og kostnaðarhagkvæmni áætlunarinnar og kveðja til þess óháða sérfræðinga.

2. Í hagskýrsluáætlun Evrópubandalaganna skal mælt fyrir um forgangsröðun að því er varðar þörf fyrir upplýsingar vegna framkvæmdar á starfsemi Bandalagsins. Þær þarfir skulu metnar með hliðsjón af þeim úrræðum sem þarf á vettvangi Bandalagsins og á landsvísi við öflun tilskilinna hagskýrslna og jafnframt með hliðsjón af svarbyrði og tilheyrandi kostnaði svarenda.

3. Framkvæmdastjórnin skal hefja framtaksverkefni til að ákveða forgangsröð og að draga úr svarbyrði vegna hagskýrsluáætlunar Evrópubandalaganna í heild eða að hluta til.

4. Framkvæmdastjórnin skal leggja drög að hagskýrsluáætlun Evrópubandalaganna fyrir nefnd Evrópska hagskýrslukerfisins til forathugunar.

5. Framkvæmdastjórnin skal fyrir hverja hagskýrsluáætlun Evrópubandalaganna, að höfðu samráði við nefnd Evrópsku hagskýrslukerfisins, leggja fram áfangaskýrslu og lokamatsskýrslu og leggja þær fyrir Evrópuþingið og ráðið.

*14. gr.***Framkvæmd evrópskrar hagskýrsluáætlunar**

1. Evrópsk hagskýrsluáætlun skal framkvæmd í einstökum hagskýrsluáætlunum sem ákvörðun er tekin um:

- af hálfu Evrópuþingsins og ráðsins,
- af hálfu framkvæmdastjórnarinnar í sérstökum og vel rökstuddum tilvikum, einkum til að uppfylla ófyrirséðar þarfir, í samræmi við ákvæði 2. mgr., eða
- með samningi milli hagstofa aðildarríkjanna eða annarra landsyfirvalda og framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna) innan heimilda hverra þeirra um sig. Þess háttar samningar skulu vera skriflegir.

2. Framkvæmdastjórnin getur ákveðið beina hagskýrsluáætlun til bráðabirgða í samræmi við þá málsmeðferð í stjórnsýslunni sem um getur í 2. mgr. 27. gr., að því tilskildu:

- að ekki sé með aðgerðinni gerð krafa um gagnasöfnun sem nær yfir fleiri en þrjú viðmiðunarár,

- að gögnin séu þegar fyrir hendi eða aðgengileg á hagstofum aðildarríkjanna og hjá öðrum viðkomandi landsyfirvöldum eða að unnt sé að afla þeirra beint með því að nota viðeigandi úrtök til athugunar á tölfræðilegu þýði á evrópskum vettvangi með fullnægjandi samræmingu við hagstofur aðildarríkjanna og önnur landsyfirvöld og

- Bandalagið skal, í samræmi við reglugerð (EB, KBE) nr. 1605/2002, leggja fram fé til hagstofa aðildarríkjanna og annarra landsyfirvalda til að standa straum af þeim jaðarkostnaði sem þau stofna til.

3. Þegar ákveðna skal um aðgerð að tillögu framkvæmdastjórnarinnar skv. a- eða b-lið 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin veita upplýsingar um:

- ástæður sem réttlæta aðgerðina, einkum í ljósi markmiða samkvæmt viðkomandi stefnu Bandalagsins,
- markmiðin með aðgerðinni og áætlaðar niðurstöður,
- greiningu á kostnaðarhagkvæmni, þ.m.t. mat á fyrirhöfn svarenda og á kostnaði við gerðina, og
- hvernig á að framkvæma aðgerðina, þ.m.t. lengd hennar og hlutverk framkvæmdastjórnar og aðildarríkja.

*15. gr.***Samstarfsnet**

Í sérstökum hagskýrsluáætlunum skal, þegar kostur er, þróa samvirkni innan Evrópska hagskýrslukerfisins með samstarfsnetum með því að samnýta sérþekkingu og niðurstöður eða með því að stuðla að sérhæfingu á sérstökum sviðum. Í þessu skyni skal byggja upp fullnægjandi fjármagnsskipan.

Niðurstaða þessara aðgerða, s.s. sameiginleg uppbygging, verkfæri, ferli og aðferðir, skal verða tiltæk alls staðar í Evrópska hagskýrslukerfinu. Nefnd Evrópska hagskýrslukerfisins skal rannsaka framtaksverkefni um myndun samstarfsneta og niðurstöður.

*16. gr.***Evrópsk aðferð við gerð hagskýrslna**

1. Með evrópsku aðferðinni við hagskýrslugerð er með einstökum, vel rökstuddum tilvikum og innan ramma evrópsku hagskýrsluáætlunarinnar miðað að því:

- að hámarka tiltækileika samandreginna hagtalna á evrópskum vettvangi og bæta tímanleika evrópskra hagskýrslna,
- að minnka svarbyrði svarenda, hagstofa aðildarríkjanna og annarra landsyfirvalda á grundvelli greiningar á kostnaðarhagkvæmni.

2. Meðal þeirra tilvika þar sem evrópska hagskýrsluaðferðin á við eru:

- a) gerð evrópskra hagskýrslna með því að nota:
  - i. óbirt gagnaframlag lands eða framlag lands úr hlutmengi aðildarríkja.
  - ii. sérhannaðar könnunaráætlanir,
  - iii. hlutaupplýsingar með reiknilíkönum,
- b) miðlun samandreginna hagtalna á evrópskum vettvangi með því að beita sérstakri tækni við eftirlit með upplýsingagjöf um hagtölur sem brýtur ekki gegn landsbundnum ákvæðum um miðlun.

3. Aðgerðir til að koma í framkvæmd evrópskri hagskýrsluaðferð skulu fara fram með fullri þátttöku aðildarríkja. Mælt skal fyrir um ráðstafanir til framkvæmdar á evrópskri hagskýrsluaðferð í einstökum hagskýrsluaðgerðum sem um getur í 1. mgr. 14. gr.

4. Ef nauðsyn krefur skal móta samræmda stefnu um birtingu og endurskoðun í samstarfi við aðildarríkin.

#### 17. gr.

##### Árleg starfsáætlun

Fyrir lok maí ár hvert skal framkvæmdastjórnin leggja starfsáætlun sína fyrir næsta ár fyrir nefnd Evrópska hagskýrslukerfisins. Framkvæmdastjórnin skal taka ýtrasta tillit til athugasemda nefndar Evrópska hagskýrslukerfisins. Þessi starfsáætlun skal byggð á evrópskri hagskýrsluáætlun og skulu þar einkum koma fram:

- a) þær aðgerðir sem framkvæmdastjórnin hefur gefið forgang, að teknu tilliti til stefnu Bandalagsins og fjárhagslegs aðhalds, jafnt á vettvangi Bandalagsins sem á landsvísi, ásamt svarbyrðinni,
- b) framtaksverkefni um endurskoðun á forgangsroðun og minni svarbyrði og,
- c) verklagsreglur og lagagæringar sem framkvæmdastjórnin hefur í hyggju fyrir framkvæmd áætlunarinnar.

#### IV. KAFLI

##### MIDLUN EVRÓPSKRA HAGSKÝRSLNA

###### 18. gr.

##### Miðlunarráðstafanir

1. Miðlun evrópskra hagskýrslna skal fara fram í fullu samræmi við meginreglur hagskýrslna, sem settar eru fram í 1. mgr. 2. gr., einkum að því er varðar verndun trúnaðarkvaða í hagskýrslum og tryggingu á jöfnum aðgangi eins og krafist er samkvæmt meginreglunni um óhlutdrægni.

2. Miðlun evrópskra hagskýrslna skal fara fram á vegum framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna), hagstofa aðildarríkja og annarra landsyfírvalda eftir því sem heimildir þeirra ná til.

3. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu, eftir því sem heimildir þeirra ná til, veita þann stuðning sem þarf til að tryggja öllum notendum jafnan aðgang að evrópskum hagskýrslum.

###### 19. gr.

##### Almannaskrár

Miðla má gögnum um einstakar hagskýrslueiningar með almannaskrár með nafnlausum gögnum sem hafa verið unnin þannig að ekki er unnt að bera kennsl á hagskýrslueiningu, hvorki beint né óbeint, að teknu tilliti til allra þeirra aðferða sem raunhæft er að ætla að þriðji aðili gæti beitt.

Ef gögnin hafa verið send framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) er krafist ótvíræðs samþykkis hagstofu aðildarríkis eða annars landsyfírvalds sem lætur gögnin í té.

#### V. KAFLI

##### TRÚNAÐARKVAÐIR Í HAGSKÝRSLUM

###### 20. gr.

##### Verndun trúnaðargagna

1. Eftirfarandi reglur og ráðstafanir skulu gilda til að tryggja að trúnaðargögn séu einvörðungu notuð við hagskýrslugerð og til að koma í veg fyrir ólöglega birtingu þeirra.

2. Hagstofur aðildarríkja, önnur landsyfírvöld og framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skulu vegna hagskýrslugerðar ein nota trúnaðargögn sem einvörðungu er aflað til að gera evrópskar hagskýrslur nema hagskýrslueiningin hafi ótvírætt veitt leyfi til að nota þau í einhverjum öðrum tilgangi.

3. Hagstofur aðildarríkjanna, önnur landsyfírvöld og framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) mega miðla niðurstöðum hagskýrslna, sem geta gert kleift að bera kennsl á hagskýrslueiningu, í eftirfarandi undantekningartilvikum:

- a) ef sérstakar aðstæður og nánari viðmiðunarreglur ákvarðast af löggjöf Evrópuþingsins og ráðsins, í samræmi við 251. gr. sáttmálans, og niðurstöðum hagskýrslna er breytt að beiðni hagskýrslueiningarinnar, þó ekki þannig að miðlun þeirra hafi áhrif á tölfræðilegan trúverðugleika þeirra, eða
- b) ef hagskýrslueiningin hefur ótvírætt samþykkt að gögnin séu birt.

4. Hagstofur aðildarríkjanna, önnur landsyfírvöld og framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skulu, eftir því sem heimildir þeirra ná til, gera allar nauðsynlegar lagalegar, stjórnsýslulegar, tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja verndun raun- og rökagna sem trúnaðarkvaðir eru á (eftirlit með upplýsingagjöf úr hagskýrslum, SDC).

Hagstofur aðildarríkjanna, önnur landsyfírvöld og framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja samræmi í meginreglum og viðmiðunarreglum að því er varðar raun- og röklega verndun trúnaðargagna. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja þessar ráðstafanir í samræmi við þá málsmeðferð í stjórnsýslunni sem um getur í 2. mgr. 27. gr.

5. Embættismenn og aðrir starfsmenn hagstofa aðildarríkjanna og annarra landsyfírvalda, sem aðgang hafa að trúnaðargögnum, skulu hlíta þess háttar trúnaðarkvöð, jafnvel eftir að þeir hætta störfum.

21. gr.

#### Sending trúnaðargagna

1. Sending trúnaðargagna frá yfirvaldi í evrópska hagskýrslukerfinu, eins og um getur í 4. gr., sem safnaði gögnunum, til annars yfirvalds í Evrópska hagskýrslukerfinu er heimil að því tilskildu að sendingin sé nauðsynleg fyrir skilvirka þróun, gerð og miðlun evrópskra hagskýrslna eða til að auka gæði evrópskra hagskýrslna.

2. Sending trúnaðargagna milli yfirvalds í Evrópska hagskýrslukerfinu, sem safnaði gögnunum, og aðila í seðlabankakerfi Evrópu er heimil, að því tilskildu að sendingin sé nauðsynleg fyrir skilvirka þróun, gerð og miðlun evrópskra hagskýrslna eða til að auka gæði evrópskra hagskýrslna, innan heimilda Evrópska hagskýrslukerfisins og seðlabankakerfis Evrópu, og færð hafi verið rök fyrir þeirri nauðsyn.

3. Gerð skal krafá um ótvírætt leyfi yfirvaldsins sem aflaði gagnanna vegna frekari sendinga umfram fyrstu sendinguna.

4. Ekki skal skírskota til landsbundinna ákvæða um trúnaðarkvaðir í hagskýrslum til að koma í veg fyrir sendingu trúnaðargagna skv. 1. og 2. mgr. ef löggjöf Evrópuþingsins og

ráðsins, sem samþykkt er í samræmi við 251. gr. sáttmálans, kveður á um sendingu þess háttar gagna.

5. Trúnaðargögn, sem send eru í samræmi við þessa grein, skulu einungis notuð vegna hagskýrslugerðar og aðeins starfsmenn, sem vinna við hagskýrslur innan síns starfssviðs, skulu hafa aðgang að þeim.

6. Ákvæði um trúnaðarkvaðir í hagskýrslum, sem kveðið er á um í reglugerð þessari gildir um öll trúnaðargögn sem send eru innan Evrópska hagskýrslukerfisins og milli þess og seðlabankakerfis Evrópu.

22. gr.

#### Vernd trúnaðargagna innan framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna)

1. Aðeins embættismenn framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna) hafa, með þeim undantekningum sem mælt er fyrir um í 2. mgr., aðgang að trúnaðargögnum innan síns starfssviðs.

2. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) getur í undantekningartilvikum veitt öðrum starfsmönnum og öðrum einstaklingum, sem vinna fyrir framkvæmdastjórnina (Hagstofu Evrópubandalaganna) samkvæmt samningi, aðgang að trúnaðargögnum á sérsviði þeirra.

3. Aðilar, sem hafa aðgang að trúnaðargögnum, skulu einvörðungu nota þau gögn við gerð hagskýrslna. Þeir skulu einnig sæta þessum takmörkunum eftir að þeir eru hættir störfum.

23. gr.

#### Aðgangur að trúnaðargögnum í vísindaskyni

Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna), hagstofur aðildarríkjanna og önnur landsyfírvöld geta, hvert innan sinna heimilda, veitt rannsóknarfólki, sem vinnur að tölfræðigreiningu í vísindaskyni, aðgang að trúnaðargögnum þar sem einungis er unnt að bera óbein kennsl á hagskýrslueiningar. Ef gögnin hafa verið send framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) er krafist samþykkis hagstofu aðildarríkjanna eða þess annars landsyfírvalds sem lætur gögnin í té.

Framkvæmdastjórnin ákveður fyrirkomulag á aðgangi á vettvangi Bandalagsins, skilyrði fyrir honum og reglur þar að lútandi. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta þeim þáttum þessarar reglugerðar sem ekki teljast grundvallaratriði, með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við stjórnsýslu-meðferðina með athugun sem um getur í 3. mgr. 27. gr.

24. gr.

#### Aðgangur að opinberum skrá

Í því skyni að draga úr fyrirhöfn svarenda skulu hagstofur aðildarríkjanna, önnur landsyfírvöld og framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) hafa aðgang að heimildum í stjórnsýslugögnum úr opinberu stjórnsýslukerfi sínu að því marki sem þessi gögn eru nauðsynleg fyrir þróun, gerð og miðlun evrópskra hagskýrslna.



Ef nauðsyn krefur skal hvert aðildarríki og framkvæmdastjórnin, eftir því sem heimildir þeirra ná til, ákvarða um fyrirkomulag og aðstæður til að skilvirkur aðgangur náist í framkvæmd.

25. gr.

#### Gögn sem fengin eru frá opinberum aðilum

Gögn, sem fengin eru úr heimildum, sem lögum samkvæmt eru tiltækar almenningi og verða áfram tiltækar almenningi í samræmi við landslög, skulu ekki teljast trúnaðargögn að því er varðar miðlun hagskýrslna sem unnar eru úr þessum gögnum.

26. gr.

#### Brot á trúnaðarkvöðum í hagskýrslum

Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir öll brot á trúnaðarkvöðum í hagskýrslum og beita viðurlögum við þeim.

### VI. KAFLI

#### LOKAÁKVÆÐI

27. gr.

#### Nefnd

1. Nefndin skal njóta aðstoðar nefndar Evrópska hagskýrslukerfisins.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem um getur í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 11. mars 2009.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

H.-G. PÖTTERING

*forseti.*

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

28. gr.

#### Niðurfelling

1. Reglugerð (EB, KBE) nr. 1101/2008 er hér með felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð.

Líta ber á tilvísanir til nefndarinnar um trúnaðarkvaðir í hagskýrslum, sem stofnuð var samkvæmt reglugerðinni, sem felld er úr gildi, sem tilvísanir til nefndar Evrópska hagskýrslukerfisins sem stofnuð er með 7. gr. reglugerðar þessarar.

2. Reglugerð (EB) nr. 322/97 er hér með felld úr gildi. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð.

3. Ákvörðun 89/382/EBE, KBE er hér með felld úr gildi. Líta ber á tilvísanir til hagskýrsluáætlunarnefndarinnar sem tilvísanir til nefndar Evrópska hagskýrslukerfisins sem stofnuð er með 7. gr. reglugerðar þessarar.

29. gr.

#### Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

---

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1200/2009

2014/EES/36/55

frá 30. nóvember 2009

**um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1166/2008 um kannanir á framleiðsluskipan á bújörðum og könnun á framleiðsluaðferðum í landbúnaði að því er varðar reiknistuðla búfjäreininga og skilgreiningar á einkennum (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

framleiðsluaðferðum í landbúnaði, í samræmi við b-lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1166/2008.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1166/2008 frá 19. nóvember 2008 um kannanir á framleiðsluskipan á bújörðum og könnun á framleiðsluaðferðum í landbúnaði og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 571/88 <sup>(1)</sup>, einkum b-lið 2. gr., 4. mgr. 7. gr. og 7. mgr. 11. gr.,

- 5) Vegna samanburðarhæfis þarf að skilja og beita hugtökum á skrá yfir einkenni á samræmdan hátt innan Bandalagsins alls.
- 6) Í samræmi við 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1166/2008 er nauðsynlegt að samþykkja skilgreiningar á einkennum sem nota á við framleiðsluskipan bújarða.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 1166/2008 er nýjum ramma komið á fyrir gerð samanburðarhæfra hagskýrslna Bandalagsins um framleiðsluskipan á bújörðum og um könnun á framleiðsluaðferðum í landbúnaði.
- 2) Til að samsöfnun mismunandi dýraflokka sé samanburðarhæf eru notaðir reiknistuðlar búfjäreininga í stað raunverulegs fjölda dýra.
- 3) Til að tryggja að reikningsstuðull búfjäreininga sé samanburðarhæfur innan alls Bandalagsins hvað varðar umfang og nákvæmni þarf að byggja hann á sameiginlegum gildum.
- 4) Nauðsynlegt er að samþykkja reiknistuðla búfjäreininga, sem nota skal við kannanir á framleiðsluskipan á bújörðum og könnun á
- 7) Í samræmi við 7. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1166/2008 er nauðsynlegt að samþykkja skilgreiningar á einkennum sem nota við könnun á framleiðsluaðferðum í landbúnaði.
- 8) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/115/EB frá 24. nóvember 1999 að því er varðar skilgreiningar könnunaratriða, skrána yfir landbúnaðarafurðir, undantekningar frá skilgreiningunum og svæði og héruð er varða kannanir á framleiðsluskipan á bújörðum <sup>(2)</sup>, er til framkvæmdar á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 571/88 <sup>(3)</sup>. Rétt er að þessi reglugerð komi í stað þeirrar ákvörðunar.
- 9) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um landbúnaðarskýrslur sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 72/279/EBE <sup>(4)</sup>.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 329, 15.12.2009, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2011 frá 30. september 2011 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 65, 1.12.2011, bls. 24.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 321, 1.12.2008, bls. 14.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 38, 12.2.2000, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 56, 2.3.1988, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 179, 7.8.1972, bls. 1.

## SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Tilgreina skal reiknistuðla búfjáreininga, sem nota skal við beitingu krafna um umfang og nákvæmni í könnunum Bandalagsins á framleiðsluskipan í landbúnaði og könnun á framleiðsluaðferðum í landbúnaði, í I. viðauka.

*2. gr.*

Skilgreiningar á einkennum í könnunum Bandalagsins á framleiðsluskipan á bújörðum skulu vera eins og tilgreint er í II. viðauka.

*3. gr.*

Skilgreiningar á einkennum í könnun Bandalagsins á framleiðsluaðferðum í landbúnaði skulu vera eins og tilgreint er í III. viðauka.

*4. gr.*

Ákvörðun 2000/115/EB er felld úr gildi.

*5. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel, 30. nóvember 2009.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Joaquín ALMUNIA

*forseti.*

## I. VIÐAUKI

## REIKNISTUÐLAR BÚFJÁREININGA

Nautgripir	Á fyrsta ári	0,400
	Eins árs en yngri en tveggja ára	0,700
	Naut, tveggja ára og eldri	1,000
	Kvígur, tveggja ára og eldri	0,800
	Mjólkurkúr	1,000
	Aðrar kúr, tveggja ára og eldri	0,800
Sauðfé og geitur		0,100
Dýr af hestaætt		0,800
Svín	Grísir með minni lífþyngd en 20 kg	0,027
	Gyltur til undaneldis sem vege 50 kg og meira	0,500
	Önnur svín	0,300
Alifuglar	Kjúklingar	0,007
	Varphænur	0,014
	Strútar	0,350
	Aðrir alifuglar	0,030
Kanínur, kvendýr til undaneldis		0,020

## II. VIÐAUKI

Skilgreiningar á einkennum fyrir kannanir bandalagsins á framleiðsluskipan á bújörðum <sup>(1)</sup>

## I. ALMENN EINKENNI

## 1.01 Staðsetning bújarðar

Staðsetning bújarðar er skilgreind í e-lið 2. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1166/2008.

1.01.01 Breiddargráða (innan 5 bogamínútna)

1.01.02 Lengdargráða (innan 5 bogamínútna)

## 1.02 Lögformleg staða bújarðarinnar

Lögformleg staða bújarðarinnar er háð stöðu ábúanda.

## 1.02.01 Er lagaleg og efnahagsleg ábyrgð bújarðar í umsjá:

## 1.02.01 einstaklings sem er eini eigandi bújarðar með sjálfstæðan rekstur?

Einn einstaklingur sem er ábúandi bújarðar sem tengist ekki bújörðum annarra ábúanda, hvorki með sameiginlegri stjórnun eða áþekku fyrirkomulagi.

1.02.01.01 Ef svarið við spurningunni að ofan er „já“ er sá einstaklingur (ábúandi) jafnframt bústjóri?

1.02.01.01.a Ef sá einstaklingur er ekki bústjóri, er bústjórinn í fjölskyldu ábúandans?

1.02.01.01.b Ef bústjórinn er í fjölskyldu ábúandans er bústjórinn maki ábúandans?

## 1.02.01.2 eins eða fleiri einstaklinga sem eru samstarfsaðilar á bújörð með sameiginlegan rekstur?

Samstarfsaðili eða -aðilar á bújörð með sameiginlegan rekstur eru einstaklingar sem eiga, leigja eða stjórna á annan hátt í sameiningu einni bújörð eða stjórna í sameiningu einstökum bújörðum sínum eins og um eina bújörð væri að ræða. Slíkt samstarf verður að vera í samræmi við lög eða samkvæmt skriflegum samningi.

## 1.02.01.03 lögaðila?

Lögaðili sem er ekki einstaklingur en hefur venjuleg réttindi og skyldur einstaklings, s.s. hæfi til að lögsækja eða vera lögsóttur (almennt gerhæfi).

## 1.03 Tegund ábúðar (sem snýr að eiganda) og búrekstur

## 1.03.01 Hagnýtt landbúnaðarsvæði:

Hagnýtt landbúnaðarsvæði er heildarsvæði í notkun á bújörðinni, sem akurland, sem fastagraslendi, fyrir fjölærar nytjaplöntur og fyrir matjurtagarð, óháð tegund ábúðar eða hvort það er notað sem sameiginlegt land.

Sameiginlegt land er hagnýtt landbúnaðarsvæði í notkun á bújörðinni en sem tilheyrir henni ekki beint, þ.e. þar sem sameignarréttindi gilda. Það er aðildarríkjanna að ákvarða hvaða framkvæmdaaðferð skuli beitt varðandi þetta sameiginlega land.

## 1.03.01.01 Sjálfseignarbúskapur

Hagnýtt landbúnaðarsvæði sem er í rekstri bújarðar og ábúandi er eigandi að eða hefur afnotarétt af eða erfðaleigurétt á til langs tíma eða samkvæmt annarri sambærilegri tegund ábúðar.

<sup>(1)</sup> Grunnskilgreiningar bújarða og búfjáreininga skulu vera þær sem eru settar fram í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1166/2008.

<sup>(2)</sup> Verður ekki lagt fram 2010.

- 1.03.01.02 **Leigubúskapur**
- Hagnýtt landbúnaðarsvæði í leigu bújarðarinnar gegn fastri leigu sem samið er um fyrir fram (í peningum, í fríðu eða á annan hátt) og gerður hefur verið (skriflegur eða munnlegur) leigusamningur um. Hagnýtt landbúnaðarsvæði telst aðeins til einnar bújarðar. Ef hagnýtt landbúnaðarsvæði er leigt út til fleiri en einnar bújarðar á viðmiðunarári telst það að jafnaði til bújarðarinnar sem það tilheyrir á viðmiðunardegi könnunar eða þeirrar bújarðar sem nýtti það lengst á viðmiðunarárinu.
- 1.03.01.03 **Samvinnubúskapur eða annar búskapur**
- a) Landbúnaðarsvæði til samvinnubúskapar er það hagnýta landbúnaðarsvæði (sem getur talist heil bújörð) sem er ræktað í samvinnu leigusala og leiguliða samkvæmt skriflegum eða munnlegum samningi um samvinnubúskap. Afrakstur (annaðhvort fjárhagslegur eða áþreifanlegur) samvinnubúskaparsvæðis skiptist á milli tveggja aðila samkvæmt samkomulagi.
- b) Hagnýtt landbúnaðarsvæði í notkun fyrir annars konar ábúð er hagnýtt landbúnaðarsvæði sem fellur ekki undir fyrrgreinda liði.
- 1.03.02 **Lífrænn búskapur**
- Ræktunaraðferð samkvæmt tilteknum stöðlum og reglum sem eru skilgreindar í i. reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 eða, eftir atvikum, í nýjustu löggjöf, og ii. samsvarandi landsreglum um lífræna framleiðslu.
- 1.03.02.01 **Hagnýtt landbúnaðarsvæði á bújörðinni í heild sinni þar sem lífrænum framleiðsluaðferðum er beitt og þær vottaðar í samræmi við innendar reglur eða reglur Evrópubandalagsins**
- Sá hluti hagnýttis landbúnaðarsvæðis bújarðarinnar þar sem framleiðslan uppfyllir allar grundvallarreglur um lífræna framleiðslu á býli sem eru settar fram í i. reglugerð (EB) nr. 834/2007 eða, eftir atvikum, í nýjustu löggjöf, og ii. samsvarandi landsreglum um vottun á lífrænni framleiðslu.
- 1.03.02.02 **Hagnýtt landbúnaðarsvæði á bújörðinni í heild sinni þar sem verið er að hverfa til lífrænna framleiðsluaðferða sem votta skal samkvæmt innendum reglum eða reglum Evrópubandalagsins**
- Sá hluti hagnýttis landbúnaðarsvæðis bújarðarinnar þar sem lífrænum búskaparháttum er beitt en ólokið er aðlögunartímabili sem nauðsynlegt er til að teljast uppfylla allar grundvallarreglur um lífræna framleiðslu á býli, sem eru settar fram í i. reglugerð (EB) nr. 834/2007 eða, eftir atvikum, í nýjustu löggjöf, og ii. samsvarandi landsreglum um vottun á lífrænni framleiðslu.
- 1.03.02.03 **Svæði bújarðar þar sem lífrænum framleiðsluaðferðum, samkvæmt innendum reglum eða reglum Evrópubandalagsins, er annaðhvort beitt og þær vottaðar eða verið er að vinna að vottun**
- Sá hluti hagnýttis landbúnaðarsvæðis bújarðarinnar þar sem lífrænum framleiðsluaðferðum er annaðhvort beitt og þær vottaðar eða verið er að vinna að undirbúningi að vottun samkvæmt tilteknum stöðlum og reglum sem eru skilgreindar í i. reglugerð (EB) nr. 834/2007 eða, eftir atvikum, í nýjustu löggjöf, og ii. samsvarandi landsreglum um lífræna framleiðslu sem er sundurliðuð eftir nytjaplöntuflokkum.
- Nytjaplöntur eru skilgreindar í II. þætti. Á landi
- 1.03.02.03.01 Kornjurtir til kornframleiðslu (þ.m.t. sáðkorn)
- 1.03.02.03.02 Þurrkaðar belgjurtir og prótínjurtir til kornframleiðslu (þ.m.t. fræ og blöndur úr korni og belgjurtum)
- 1.03.02.03.03 Kartöflur (þ.m.t. sumarkartöflur og útsæði)
- 1.03.02.03.04 Sykurrófur (þó ekki fræ)
- 1.03.02.03.05 Olíufræsurtir
- 1.03.02.03.06 Ferskt grænmeti, melónur og jarðarber

(<sup>1</sup>) Stjótið. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

- 1.03.02.03.07 Bithagi og engi til beitar, þó ekki rýrt beutiland
- 1.03.02.03.08 Ávaxta- og berjaekrur
- 1.03.02.03.09 Sítrusplantekrur
- 1.03.02.03.10 Ólifuekrur
- 1.03.02.03.11 Vínekrur
- 1.03.02.03.99 Aðrar nytjaplöntur (trefjaplöntur o.s.frv.)
- 1.03.02.04 **Lífæranar framleiðsluaðferðir sem beitt er við búfjárframleiðslu og eru vottaðar samkvæmt innlendum reglum eða reglum Evrópubandalagsins**
- Fjöldi dýra sem eru alin á bújörð þar sem öll búfjárframleiðsla, eða hluti hennar, uppfyllir allar grundvallarreglur um lífæna framleiðslu á býli, sem eru settar fram í i. reglugerð (EB) nr. 834/2007 eða, eftir atvikum, í nýjustu löggjöf, og ii. samsvarandi landsreglum um vottun á lífænni framleiðslu sem er sundurliðuð eftir dýraflokkum.
- Búfé er skilgreint í III. þætti. Búfé*
- 1.03.02.04.01 Nautgripir
- 1.03.02.04.02 Svín
- 1.03.02.04.03 Sauðfé og geitur
- 1.03.02.04.04 Alifuglar
- 1.03.02.04.99 Önnur dýr
- 1.03.03 **Ráðstöfun á framleiðslu bújarðarinnar**
- 1.03.03.01 **Á heimili er neytt meira en 50% af virði endanlegra afurða bújarðarinnar**
- Heimilið er fjölskyldueining sem ábúandi tilheyrir og þar sem heimilismenn eru með sameiginlegar vistarverur, samnýta allar, eða hluta af, tekjur sínar, og fjármuni, og nota tiltekna vörur og þjónustu í sameiningu, einkum húsnæði og matvæli.
- Endanleg framleiðsla, hvað þetta einkenni varðar, fylgir skilgreiningu á nothæfri framleiðslu í þjóðhagsreikningum fyrir landbúnað eins og fram kemur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 138/2004 <sup>(1)</sup>.
- 1.03.03.02 **Bein sala til lokaneytenda er meira en 50% af heildarsölu bújarðarinnar <sup>(2)</sup>**
- Bein sala til lokaneytenda á við um sölu bújarðar á eigin landbúnaðarafurðum, unnum eða ekki, beint til neytenda til eigin neyslu.

## II. LAND

Heildarsvæði bújarðar er hagnýtt landbúnaðarsvæði (akurland, fastagraslendi, land undir fjölærar nytjaplöntur og matjurtagarðar) og annað land (land sem er ekki hagnýtt, skóglendi og annað land).

### 2.01

#### **Akurland**

Land sem er ræktað (plægt eða rutt) reglulega, að jafnaði með skiptiræktun.

Með skiptiræktun er skipt á árlegri ræktun á tilteknum akri, eftir fyrirfram ákveðnu mynstri eða í röð, koll af kalli eftir uppskeruárum svo að nytjaplöntur sömu tegundar séu ekki ræktaðar án hlés á sama akri. Að öllu jöfnu er skipt um nytjaplöntur árlega en þær geta einnig verið ræktaðar í nokkur ár samfleytt. Viðmiðunarmörkin, til að greina akurland frá landi undir fjölærar nytjaplöntur eða fastagraslendi, skulu vera fimm ár. Í þessu felst að reitur telst ekki vera akurland ef hann er notaður undir sömu nytjaplöntu í fimm ár eða lengur, án þess að fyrri nytjaplanta sé fjarlægð og nýrri plantað.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 33, 5.2.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Verður ekki lagt fram 2010.

- 2.01.01 **Kornjurtir til kornframleiðslu (þ.m.t. sáðkorn)**  
Öll svæði þar sem kornjurtir eru uppskornar þroskaðar, óháð notkun, skal skrá hér (þ.m.t. kornjurtir sem eru notaðar til vinnslu endurnýjanlegrar orku).
- 2.01.01.01 **Hveiti og spelt**  
*Triticum aestivum* L. emend. Fiori et Paol., *Triticum spelta* L, og *Triticum monococcum* L.
- 2.01.01.02 **Harðhveiti**  
*Triticum durum* Desf.
- 2.01.01.03 **Rúgur**  
*Secale cereale* L., þ.m.t. blöndur af rúgi og öðrum kornjurtum sem sáð er að hausti (meslín).
- 2.01.01.04 **Bygg**  
*Hordeum vulgare* L.
- 2.01.01.05 **Hafrar**  
*Avena sativa* L., þ.m.t. blöndur af höfrum og öðrum kornjurtum sem sáð er um vor.
- 2.01.01.06 **Maískorn**  
Máis (*Zea mays* L.) sem er ræktaður vegna kornsins.
- 2.01.01.07 **Hrisgrjón**  
*Oryza sativa* L.
- 2.01.01.99 **Aðrar kornjurtir til kornframleiðslu**  
Kornjurtir sem er sáð til í hreinni ræktun, uppskornar sem þroskað korn og eru ekki skráðar annars staðar í fyrri liðum.
- 2.01.02 **Þurrkaðar belgjurtir og prótínjurtir til kornframleiðslu (þ.m.t. fræ og blöndur úr korni og belgjurtum)**  
Nytjaplöntur sem er sáð til og þær uppskornar einkum vegna prótíninnhalds þeirra.  
Öll svæði þar sem þurrkaðar belgjurtir og prótínjurtir eru uppskornar þroskaðar, óháð notkun, skal skrá hér (þ.m.t. nytjaplöntur sem eru notaðar til vinnslu endurnýjanlegrar orku).
- 2.01.02.01 **sem eru ertur, gráertur og sætar úlfabaunir**  
*Pisum sativum* L., *Vicia faba* L., *Lupinus* spp., sem sáð er í hreinni ræktun og uppskornar þroskaðar.
- 2.01.03 **Kartöflur (þ.m.t. sumarkartöflur og útsæði)**  
*Solanum tuberosum* L.
- 2.01.04 **Sykkurrófur (þó ekki fræ)**  
*Beta vulgaris* L. ætlað fyrir sykuriðnaðinn og til að framleiða alkóhól (þ.m.t. til orkuvinnslu).
- 2.01.05 **Fóðurrófur og fóðurkál (þó ekki fræ)**  
Fóðursykkurrófur (*Beta vulgaris* L.) og jurtir af Brassicæ-ættinni sem eru einkum uppskornar sem fóður, hvort sem er rót eða stilkur, og aðrar plöntur sem eru einkum ræktaðar vegna rótanna sem eru ætlaðar í fóður, ót.a.
- 2.01.06 **Iðnaðarplöntur**  
Nytjaplöntur sem eru að öllu jöfnu ekki seldar beint til neyslu þar sem þær þurfa að fara í vinnslu áður en til neyslu kemur.  
Öll ræktað svæði með iðnaðarplöntum, óháð notkun, skal skrá hér (þ.m.t. nytjaplöntur sem eru notaðar til vinnslu endurnýjanlegrar orku).



2.01.06.01	<b>Tóbak</b> <i>Nicotiana tabacum</i> L.
2.01.06.02	<b>Humlar</b> <i>Humulus lupulus</i> L.
2.01.06.03	<b>Baðmull</b> Gossypium spp., uppskorin vegna trefja og vegna oliufræja.
2.01.06.04	<b>Repja og akurfrækál</b> <i>Brassica napus</i> L. (partim) og <i>Brassica rapa</i> L. var. <i>sylvestris</i> (Lam.) Briggs, ræktað til framleiðslu á olíu, uppskorið sem þroskað korn.
2.01.06.05	<b>Sólfífill</b> <i>Helianthus annuus</i> L., uppskorið sem þroskað korn.
2.01.06.06	<b>Soja</b> <i>Glycine max</i> L. Merril, uppskorið sem þroskað korn.
2.01.06.07	<b>Hörfræ (olíulín)</b> Linum usitatissimum L., yrki sem eru einkum ræktað til að framleiða olíu, uppskorin sem þroskað korn.
2.01.06.08	<b>Aðrar oliufræsurtir</b> Aðrar nytjaplöntur sem eru einkum ræktaðar vegna olíuinnihalds þeirra og uppskornar sem þroskað korn, ót.a.
2.01.06.09	<b>Hör</b> Linum usitatissimum L., yrki sem eru einkum ræktað til að framleiða trefjar.
2.01.06.10	<b>Hampur</b> <i>Cannabis sativa</i> L.
2.01.06.11	<b>Aðrar trefjaplöntur</b> Aðrar plöntur sem eru einkum ræktaðar vegna trefjainnihalds þeirra, ót.a.
2.01.06.12	<b>Ilmjurtir, jurtir til lækninga og matreiðslu</b> Plöntur eða plöntuhlutar til lyfjagerðar, ilmvatnsframleiðslu eða til neyslu. Jurtir til matreiðslu eru frábrugðnar grænmeti þar sem þær eru notaðar í litlu magni og frekar til að gefa bragð en matarefni.
2.01.06.99	<b>Aðrar iðnaðarplöntur, ót.a.</b> Aðrar iðnaðarjurtir sem ekki hefur verið getið annars staðar. Ræktunarsvæði sem eru einungis notuð til vinnslu endurnýjanlegrar orku eru þar með talin.
2.01.07	<b>Ferskt grænmeti, melónur og jarðaber sem eru:</b>
2.01.07.01	<b>Úti eða undir lágu (ómannngengu) skýli</b> Ferskt grænmeti, melónur, jarðarber, úti eða undir lágu (óaðgengilegu) skýli.
2.01.07.01.01	<b>Blönduð akuryrkja</b> Ferskt grænmeti, melónur og jarðarber í skiptirækt á akurlandi með öðrum nytjaplöntum.
2.01.07.01.02	<b>Garðyrkja í atvinnuskyni</b> Ferskt grænmeti, melónur og jarðarber í skiptirækt á akurlandi með öðrum nytjaplöntum í garðyrkju.

- 2.01.07.02                    **Undir gleri eða öðru (mannngengu) skýli**
- Nytjajurtir sem vaxa allan eða stærsta hluta líftíma síns í gróðurhúsi eða undir föstu eða færanlegu skýli (úr gleri eða stífu eða sveigjanlegu plasti).
- 2.01.08                    **Blóm og skrautjurtir (þó ekki í gróðrarstöðvum)**
- 2.01.08.01                    **Úti eða undir lágu (ómannngengu) skýli**
- Blóm og skrautjurtir (þó ekki í gróðrarstöðvum), úti eða undir lágu (óaðgengilegu) skýli
- 2.01.08.02                    **Undir gleri eða öðru (mannngengu) skýli**
- Blóm og skrautjurtir (þó ekki í gróðrarstöðvum) sem vaxa allan eða stærsta hluta líftíma síns í gróðurhúsi eða undir föstu eða færanlegu skýli (úr gleri eða stífu eða sveigjanlegu plasti).
- 2.01.09                    **Plöntur sem eru uppskornar í grænfóður**
- Allar „grænar“ akurplöntur, sem eru ætlaðar í dýrafóður, eru í skiptirækt með öðrum nytjaplöntum og eru á sömu landspildu skemur en í fimm ár (einærar eða fjölærar fóðurplöntur).
- Grænar nytjaplöntur sem eru notaðar til vinnslu endurnýjanlegrar orku eru þar með taldar.
- Nytjaplöntur sem eru ekki notaðar á bújörðinni heldur seldar, annaðhvort til beinnar notkunar á annarri bújörð eða til iðnaðar, eru meðtaldir.
- 2.01.09.01                    **Skammær grös**
- Grasplöntur fyrir beit, hey eða vothey sem eru meðtaldir sem hluti af venjulegri skiptirækt í a.m.k. eitt ár og skemur en í fimm ár og sáð er til ásamt grasi eða grasblöndum. Áður en sáð er að nýju í þessi svæði eru þau plægð eða rudd eða plöntunum er fargað á annan hátt t.d. með illgresiseyði.
- Blöndur að stærstum hluta úr grasplöntum og öðrum fóðurjurtum (yfirleitt belgjurtum), sem eru nýttar til beitar, sem grænfóður eða þurrhey, eru meðtaldir hér.
- 2.01.09.02                    **Aðrar plöntur uppskornar í grænfóður**
- Aðrar einærar eða fjölærar (yngri en fimm ára) fóðurjurtir.
- 2.01.09.02.01                    **Fóðurmaís**
- Allar gerðir maíss (*Zea mays* L.) sem eru einkum ræktaðar sem vothey og sem eru ekki skornar sem korn (heilir stönglar, plöntuhlutar eða heilar plöntur).
- Þar með talinn er grænfóðurmaís sem er notaður beint í dýrafóður (ekki votverkaður) og heilir stönglar (korn, blómskipunarstilkur, hýði) skornir í fóður, votverkaðir eða til vinnslu endurnýjanlegrar orku.
- 2.01.09.02.02                    **Belgjurtir**
- Belgjurtir sem eru ræktaðar og skornar í heilu lagi, áður en þær verða fullþroska, einkum til fóðurs.
- Blöndur að stærstum hluta úr belgfóðurjurtum (yfirleitt > 80 %) og grasplöntum, uppskornar áður en þær verða fullþroskaðar eða sem þurrhey, eru meðtaldir hér.
- 2.01.09.02.99                    **Aðrar plöntur uppskornar í grænfóður, ót.a.**
- Aðrar ræktunarplöntur einkum ætlaðar í dýrafóður, uppskornar í grænfóður, ót.a.
- 2.01.10                    **Fræ og unglöntur á akurlandi**
- Svæði sem gefa af sér fræ og unglöntur til sölu, þó ekki korn, hrisgrjón, belgjurtir, kartöflur eða oliufræ.

- 2.01.11 **Aðrar nytjaplöntur á akurlandi**
- Akurplöntur, ót.a.
- 2.01.12 **Hvildarland**
- Allt akurland til skiptiræktunar, hvort sem það er ræktað eða ekki, þar sem ekki á að skera upp á uppskeruárinu.
- Grundvallareinkenni hvildarlands er að það er hvílt svo að það nái sér, að jafnaði í heilt uppskeruár.
- Hvildarland getur verið:
1. autt land án nokkurrar uppskeru,
  2. land með sjálfsprottinn gróður sem unnt er að nota sem fóður eða plægja niður,
  3. land sem einungis er sáð í til framleiðslu grænaburðar (grænt hvildarland).
- Tekur til alls akurlands sem er viðhaldið í góðu landbúnaðar- og umhverfisástandi eins og það er sett fram í 5. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1782/2003 eða, eftir atvikum, í nýjustu löggjöf, óháð því hvort það er notað til skiptiræktunar eða ekki.
- 2.01.12.01 **Hvildarland án styrkja**
- Hvildarland sem fellur ekki undir kerfi fjárhagsaðstoðar eða styrkja.
- 2.01.12.02 **Hvildarland, sem fellur undir styrkjakerfi, ekki notað í atvinnuskyni**
- Hvildarland sem bújörðin getur hlotið fjárhagsaðstoð fyrir.
- 2.02 **Matjurtagarðar**
- Svæði notuð til ræktunar afurða til heimilisnota ábúanda á bújörðinni, og heimilis hans, og að öllu jöfnu aðskilið frá öðru landi bújarðarinnar og auðþekkjandi sem matjurtagarður.
- Einungis tilfallandi umframframleiðsla af þessu svæði er seld út frá bújörðinni. Ef afurðir svæðis eru stöðugt seldar á markaði tilheyrir það öðrum liðum, jafnvel þótt ábúandinn og heimili hans neyti hluta afurðanna.
- 2.03 **Fastagraslendi**
- Land sem er nýtt til fastrar ræktunar (í fimm ár eða lengur) jurtkendra fóðurjurta, með ræktun (sáningu) eða náttúrulega (sjálfsáningu) og er ekki notað í skiptirækt á bújörðinni.
- Nota má landið til beitar eða slá það til vinnslu votheys, þurrheys eða endurnýjanlegrar orku.
- 2.03.01 **Graslendi og engi, þó ekki rýrt beutiland**
- Fastabithagar þar sem jarðvegur er góður eða meðalgóður. Yfirleitt er hægt að nota þessi svæði til þéttbærrar beitar.
- 2.03.02 **Rýrt beutiland**
- Fastagraslendi með lítinn afrakstur, yfirleitt þar sem jarðvegur er rýr, t.d. hæðóttu landi og hálendi, sem yfirleitt er ekki bætt með áburði, ræktun, sáningu eða framræslu.
- Að öllu jöfnu er einungis hægt að nota þessi svæði til dreifbærrar beitar og þau eru að öllu jöfnu ekki slegin eða einungis dreifbært; þau þola ekki þetta beit dýra.
- 2.03.03 **Fastagraslendi sem ekki er lengur notað til framleiðslu og fellur undir reglur um greiðslur styrkja**
- Svæði með fastagraslendi eða engi sem ekki eru lengur notuð til framleiðslu og, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1782/2003 eða, eftir atvikum, í nýjustu löggjöf, sem er viðhaldið í góðu landbúnaðar- og umhverfisástandi og uppfylla skilyrði um fjárstuðning.

(<sup>1</sup>) Stjórnartíð. ESB L 270, 21.10.2003, bls. 1.

- 2.04 **Fjölærar nytjaplöntur**
- Nytjaplöntur sem eru ekki í skiptirækt (á þó ekki við um fastagraslendi) eru ræktaðar í langan tíma og gefa uppskeru í nokkur ár.
- 2.04.01 **Ávaxta- og berjækrur**
- Svæði með trjám, runnum og öðrum fjölærum berjaplöntum en jarðarberjum til framleiðslu á ávöxtum. Í aldingörðum getur ýmist verið stutt eða langt bil á milli trjáanna.
- 2.04.01.01 **Ávaxtategundir, þar af:**
- 2.04.01.01.01 **Ávextir frá tempruðu beltunum**
- Plantekrur með ávaxtatrjám, venjulega í tempruðu loftslagi, til framleiðslu á ávöxtum.
- 2.04.01.01.02 **Ávextir frá heittempruðu beltunum**
- Ávaxtatrjáplantekrur, venjulega í heittempruðu loftslagi, til framleiðslu á ávöxtum.
- 2.04.01.02 **Berjategundir**
- Berjaplantekrur, venjulega bæði í tempruðu og heittempruðu loftslagi, til framleiðslu á berjum.
- 2.04.01.03 **Hnetur**
- Plantekrur með hnetutrjám, venjulega bæði í tempruðu og heittempruðu loftslagi.
- 2.04.02 **Sítrusplantekrur**
- Plantekrur fyrir *Citrus* spp.
- 2.04.03 **Ólífuplantekrur**
- Plantekrur fyrir *Olea europea* L.
- 2.04.03.01 **Gefa að jafnaði af sér ólífur til átu**
- Plantekrur fyrir yrki sem er að jafnaði ræktað til að gefa af sér ólífur til átu.
- 2.04.03.02 **Gefa að jafnaði af sér ólífur til olíuframleiðslu**
- Plantekrur fyrir yrki sem er að jafnaði ræktað til ólífuolíuframleiðslu.
- 2.04.04 **Vínekrur sem gefa að jafnaði af sér:**
- Plantekrur fyrir *Vitis vinifera* L.
- 2.04.04.01 **Gæðavín**
- Ræktun þrúguyrkja, að jafnaði til að framleiða vín með verndaða upprunatáknun (VUT) sem uppfyllir kröfur i. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 eða, eftir atvikum, nýjustu löggjafar og ii. samsvarandi landsreglna.
- Ræktun þrúguyrkja, að jafnaði til að framleiða vín með verndaða landfræðilega merkingu (VLM) sem uppfyllir kröfur i. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 eða, eftir atvikum, nýjustu löggjafar og ii. samsvarandi landsreglna.
- 2.04.04.02 **Annað vín**
- Ræktun þrúguyrkja til framleiðslu annars víns en þess sem er með verndaða upprunatáknun (VUT) eða verndaða landfræðilega merkingu (VLM).
- 2.04.04.03 **Vínber til neyslu**
- Ræktun þrúguyrkja sem eru að jafnaði til framleiðslu ferskra þrúgna.
- 2.04.04.04 **Rúsínur**
- Ræktun þrúguyrkja sem eru að jafnaði til framleiðslu rúsína.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 148, 6.6.2008, bls. 1.

- 2.04.05 **Gróðrarstöðvar**
- Svæði þar sem ungar, viðarkenndar plöntur eru ræktaðar undir berum himni til umplöntunar síðar:
- a) gróðrarstöðvar fyrir vinviðar- og frumstofna,
  - b) gróðrarstöðvar fyrir ávaxtatré og ber,
  - c) gróðrarstöðvar fyrir skrautjurtir,
  - d) gróðrarstöðvar, reknar í atvinnuskyni, fyrir skógartré (þó ekki þau sem eru í skóglendi og er ætlað að uppfylla þarfir bújarðarinnar),
  - e) tré og runnar til að gróðursetja í gördum, almenningsgördum og meðfram vegum og ám, (t.d. limgerði, rósarunnar og aðrir skrautrunnar og skrautbartré), þ.m.t. í öllum tilvikum stofnar þeirra og unglöntur.
- 2.04.06 **Aðrar fjölærar nytjaplöntur**
- Fjölærar nytjaplöntur í ræktun utanhúss, aðrar en þær sem eru skráðar undir fyrri fyrirsögn, einkum þær sem eru notaðar til að flétta eða vefa úr og eru að jafnaði uppskornar á hverju ári.
- 2.04.06.01 **þar af jólatré<sup>(1)</sup>**
- Tré sem eru gróðursett í atvinnuskyni á hagnýttu landbúnaðarsvæði sem jólatré.
- 2.04.07 **Fjölærar nytjaplöntur undir gleri**
- 2.05 **Annað land**
- „Annað land“ er landbúnaðarland sem ekki er hagnýtt (landbúnaðarland sem ekki er lengur nytjað af efnahagslegum, félagslegum eða öðrum ástæðum og ekki notað við skiptiræktun), skóglendi og annað land með byggingum, bæjarhlöðum, vegum, tjörnum, grjótnámum, gróðursnautt land, land með grýttum jarðvegi o.s.frv.
- 2.05.01 **Landbúnaðarland sem ekki er hagnýtt**
- Svæði sem áður var notað sem landbúnaðarsvæði en var á viðmiðunarárinu ekki lengur ræktað af efnahagslegum, félagslegum eða öðrum ástæðum og er ekki notað við skiptiræktun, þ.e. land sem er ekki ætlað til nota í landbúnaði.
- Hægt er að hefja ræktun á þessu landi á ný með því að nýta þá framleiðsluþætti sem að jafnaði eru fyrir hendi á bújörð.
- 2.05.02 **Skóglendi**
- Svæði sem eru þakin trjám eða skógarrunnum, þ.m.t. aspaekrur, í skógi eða ekki, og gróðrarstöðvar fyrir skógartré í skóglendi, sem er ætlað að uppfylla þarfir bújarðarinnar, sem og aðstaða í skógum (vegir, geymslustaðir fyrir timbur o.s.frv.).
- 2.05.02.01 **þar af með stuttan skiptiræktunartíma**
- Skóglendi fyrir ræktun viðarplantna þar sem skiptiræktunartíminn er 20 ár eða minna.
- Skiptiræktunartímabilið er tíminn frá fyrstu sáningu/plöntun trjánna fram að uppskeru endanlegrar afurðar þar sem eðlilegar ræktunaraðgerðir, s.s. grisjun, eru ekki meðtaldar.
- 2.05.03 **Annað land (með byggingum, bæjarhlöðum, vegum, tjörnum, grjótnámum, gróðursnautt landi, grýttum jarðvegi o.s.frv.)**
- Allir hlutar heildarsvæðisins, sem tilheyrir bújörðinni, sem teljast hvorki hagnýtt landbúnaðarsvæði, landbúnaðarsvæði sem ekki er hagnýtt né skóglendi.
- 2.06 **Ætisveppir, áveitusvæði, orkublöntur og erfðabreyttar nytjaplöntur**
- 2.06.01 **Ætisveppir**
- Ræktaðir ætisveppir, ræktaðir í byggingum sem hafa verið sérstaklega reistar eða lagaðar að svepparækt, sem og í neðanjarðarrými, hellum og kjöllum.

<sup>(1)</sup> Verður ekki lagt fram 2010.

- 2.06.02 **Áveitusvæði**
- 2.06.02.01 **Heildaráveitusvæði**
- Heildarhámark hagnýttis landbúnaðarsvæðis sem hægt væri að vökva á viðmiðunarárinu með þeim búnaði og vatnsmagni sem að jafnaði er fyrir hendi á bújörðinni.
- 2.06.02.02 **Heildarsvæði ræktaðs land sem var vökvað a.m.k. einu sinni á undangengnum 12 mánuðum**
- Ræktunarsvæði sem hefur verið vökvað a.m.k. einu sinni á undangengnum 12 mánuðum fyrir viðmiðunardag könnunarinnar.
- 2.06.03 **Orkuplöntur (til vinnslu á lífoldsneyti eða annarri endurnýjanlegri orku)**
- Ræktunarsvæði orkuplanta fellur undir eftirfarandi stuðningskerfi samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1782/2003:
- sérstök aðstoð vegna orkuplantna (88. gr.),
  - greiðslur vegna ræktunarhlérréttinda þegar ræktun fer fram á svæði í ræktunarsvæði (55. gr. eða 56. gr.).
- Gildir ekki um önnur svæði notuð til ræktunar á orkuplöntum (einkum sem njóta greiðslna tengdum „venjulegum“ réttindum samkvæmt eingreiðslukerfinu eða einfaldaða svæðistengda greiðslukerfinu).
- 2.06.03.01 **Þær af á svæði í ræktunarsvæði**
- Ræktunarsvæði orkuplantna sem nýtur greiðslna tengdum ræktunarhlérréttindum þegar ræktun fer fram á svæði í ræktunarsvæði (55. gr. eða 56. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1782/2003).
- 2.06.04 **Erfðabreyttar nytjaplöntur**
- „Erfðabreyttar nytjaplöntur“: allar lífverur eins og þær eru skilgreindar í 2. gr. tilskipunar ráðsins 2001/18/EB<sup>(1)</sup> eða, eftir atvikum, í nýjustu löggjöf.
- III. BÚFÉ
- Fjöldi búfjár sem er í beinni vörslu eða umsjá bújarðarinnar á viðmiðunardegi könnunarinnar.
- Dýrin þurfa ekki að vera í eigu ábúandans. Þessi dýr geta verið á bújörðinni (á hagnýttu landbúnaðarsvæði eða í gripahúsum sem bújörðin notar) eða utan hennar (á sameiginlegu beitarnum eða í árstíðabundnum flutningum o.s.frv.).
- 3.01 **Dýr af hestaætt**
- Húsdýr af hestaætt sem falla undir ættkvíslina Equus (hross, asnar o.s.frv.).
- 3.02 **Nautgripir**
- Húsdýr af tegundunum Bos taurus og Bubalus bubalus, þ.m.t. blendingar eins og nautundar (Beefalo).
- 3.02.01 **Nautgripir yngri en eins árs, naut og kvígur**
- 3.02.02 **Naut a.m.k. eins árs en yngri en tveggja ára**
- 3.02.03 **Kvígur a.m.k. eins árs en yngri en tveggja ára**
- 3.02.04 **Naut tveggja ára og eldri**
- 3.02.05 **Kvígur tveggja ára og eldri**
- Kvígur, tveggja ára og eldri, sem hafa enn ekki borið.

(<sup>1</sup>) Stjórnartíðindi EB L 106, 17.4.2001, bls. 1.

- 3.02.06 **Mjólkurkúr**  
Bornar kvígur (þ.m.t. þær sem eru yngri en tveggja ára) sem vegna kyns síns eða tiltekinnna eiginleika eru einungis eða að mestu leyti haldnar til mjólkurframleiðslu til mannelis eða vegna vinnslu mjólkurafurða.
- 3.02.99 **Aðrar kúr**  
Bornar kvígur (þ.m.t. þær sem eru yngri en tveggja ára) sem vegna kyns síns eða tiltekinnna eiginleika eru einungis eða að mestu leyti haldnar til undanelis og er mjólk þeirra ekki ætluð til mannelis eða vinnslu mjólkurafurða.
- 3.03 **Sauðfé og geitur**
- 3.03.1 **Sauðfé (á öllum aldri)**  
Húsdýr af ættkvíslinni *Ovis aries*.
- 3.03.01.01 **Ær til undanelis**  
Lembdar ær og gimbrar, sem hleypt er til.
- 3.03.01.99 **Annað sauðfé**  
Allt annað sauðfé en ær til undanelis.
- 3.03.02 **Geitur (á öllum aldri)**  
Húsdýr af undirtegundinni *Capra aegagrus hircus*.
- 3.03.02.01 **Ær til undanelis**  
Huðnur sem hafa borið og kiðfullar geitur.
- 3.03.02.99 **Aðrar geitur**  
Allar aðrar geitur en huðnur til undanelis.
- 3.04 **Svín**  
Húsdýr af ættkvíslinni *Sus scrofa domesticus*.
- 3.04.01 **Grísir undir 20 kílóum að þyngd**  
Grísir almennt undir 20 kílóum að þyngd.
- 3.04.02 **Gyltur til undanelis sem vega 50 kíló og meira**  
Kvenkyns svín ætluð til undanelis, sem vega 50 kíló og meira, óháð því hvort þau hafi gotið eða ekki.
- 3.04.99 **Önnur svín**  
Svín sem eru ekki tilgreind annars staðar.
- 3.05 **Alifuglar**
- 3.05.01 **Holdakjúklingar**  
Húsdýr af tegundinni *Gallus gallus* sem eru haldin til kjöfframleiðslu.
- 3.05.02 **Varphænur**  
Húsdýr af tegundinni *Gallus gallus* sem hafa náð varpaldri og eru haldin til eggjaframleiðslu.
- 3.05.03 **Aðrir alifuglar**  
Alifuglar sem eru ekki tilgreindir undir holdakjúklingum eða varphænum.
- 3.05.03.01 **Kalkúnar <sup>(1)</sup>**  
Húsdýr af ættkvíslinni *Meleagris*.
- 3.05.03.02 **Endur <sup>(2)</sup>**  
Húsdýr af tegundunum *Anas* og *Cairina moschata*.

<sup>(1)</sup> Verður ekki lagt fram 2010.

3.05.03.03	<b>Gæsir</b> <sup>(1)</sup> Húsdýr af tegundinni <i>Anser anser dom.</i>
3.05.03.04	<b>Strútar</b> <sup>(1)</sup> Strútar ( <i>Struthio camelus</i> ).
3.05.03.99	<b>Aðrir alifuglar, ót.a.</b> (1)
3.06	<b>Kanínur, kvendýr til undaneldis</b> Kvenkanínur (af ættkvíslinni <i>Oryctolagus</i> ) til framleiðslu holdakanína, sem hafa eignast unga.
3.07	<b>Býflugur</b> Fjöldi býflugnabúa með býflugum ( <i>Apis mellifera</i> ) sem haldnar eru til framleiðslu á hunangi.
3.99	<b>Búfé, ót.a.</b> Annar búfenaður til fæðuframleiðslu sem er ót.a. í þessum þætti.

## IV. VÉLAR OG BÚNAÐUR

4.01	<b>IV. i. Vélbúnaður</b> <sup>(1)</sup> Vélknúin ökutæki og vélbúnaður sem er notaður á bújörðinni á 12 mánaða tímabili fyrir viðmiðunardag könnunarinnar.
4.01.01	<b>Sem tilheyra bújörðinni einni</b> Vélknúin ökutæki og vélbúnaður í einkaeigu bújarðarinnar á viðmiðunardegi könnunarinnar.
4.01.01.a	<b>Fjórhlóadráttarvélar, beltadráttarvélar og áhaldavagnar</b> Allar dráttarvélar, sem eru með a.m.k. tvo ása, og öll önnur vélknúin ökutæki sem eru notuð sem landbúnaðardráttarvélar.
4.01.01.b	<b>Jarðvinnsluvélar, herfi, véltætarar og vélknúnar sláttuvélar</b> Vélknúin ökutæki, sem eru með einum ási eða án áss, sem eru notuð í landbúnaði, garðyrkju og vinnrækt.
4.01.01.c	<b>Þreskivélar</b> Vélar sem eru notaðar til að skera og þreskja korn, prótínjurtir, olíufra, belgjurtafra, grasfra o.s.frv. hvort sem þær eru sjálfknúnar, dregnar af dráttarvél eða festar á dráttarvél.
4.01.01.d	<b>Aðrar uppskeruvélar sem eru að fullu vélknúnar</b> Vélar, aðrar en þreskivélar, til samfelldrar uppskeru á sykkurófum, kartöflum eða fóðurjurtum hvort sem þær eru sjálfknúnar, dregnar af dráttarvél eða festar á dráttarvél.
4.01.02	<b>Vélar í notkun á nokkrum bújörðum</b> Vélknúin ökutæki og vélbúnaður sem er notaður á bújörðinni á 12 mánaða tímabili fyrir viðmiðunardag könnunarinnar en er í eigu: <ul style="list-style-type: none"> <li>– annarrar bújarðar (t.d. samkvæmt fyrirkomulagi um gagnkvæma aðstoð eða á leigu frá samtökum um vélaleigu),</li> <li>– samvinnufélags,</li> <li>– tveggja eða fleiri bújarða saman,</li> <li>– hóps um samnýtingu vélbúnaðar eða</li> <li>– tækjaleigu fyrir landbúnað.</li> </ul>

<sup>(1)</sup> Verður ekki lagt fram 2010.



- 4.01.02.a **Fjórhlóadráttarvélar, beltadráttarvélar og áhaldavagnar**
- 4.01.02.b **Jarðvinnsluvélar, herfi, véltætarar og vélknúnar sláttuvélar**
- 4.01.02.c **Þreskivélar**
- 4.01.02.d **Aðrar uppskeruvélar sem eru að fullu vélknúnar**
- 4.02 **IV. ii. Búnaður**
- 4.02.01 **Búnaður sem er notaður til vinnslu endurnýjanlegrar orku eftir tegund orkugjafa**
- Búnaður sem er notaður á bújörð til vinnslu endurnýjanlegrar orku, á 12 mánaða tímabili fyrir viðmiðunardag könnunarinnar, fyrir markaðinn (tengt dreifikerfi) eða til eigin landbúnaðarframleiðslu (ekki tengt dreifikerfi).
- Búnaður á landi bújarðarinnar er undanskilinn ef bóndi tekur ekki þátt í orkuvinnslu, annaðhvort með fjárfestingu eða virkri þáttöku (þ.e. fær einungis leigu fyrir landið).
- 4.02.01.01 **Vindur**
- Búnaður sem er notaður á bújörð til vinnslu endurnýjanlegrar orku frá vindi.
- Vindorka er hreyfiorka sem hægt er að nýta til raforkuframleiðslu með vindhverflum.
- Þar með talin vindorka sem nýtist beint sem vélræn orka.
- 4.02.01.02 **Lífmassi**
- Búnaður sem er notaður á bújörð til vinnslu endurnýjanlegrar orku úr lífmassa.
- Lífmassi er fast, fljótandi eða lofkennt lífrænt efni, sem er ekki jarðefnaeldsneyti af líffræðilegum uppruna, sem er notað við framleiðslu varma, raforku eða eldsneytis til flutninga.
- 4.02.01.02.01 **Þar af lífmetan**
- Búnaður sem er notaður á bújörð til vinnslu á lífgasi úr lífmassa.
- Lífgas er gas, sem samanstendur aðallega af metani og koltvísýring, sem er unnið með loftfirrtu niðurbroti á lífmassa.
- 4.02.01.03 **Sólarorka**
- Búnaður sem er notaður á bújörð til vinnslu endurnýjanlegrar orku frá sólargeislun.
- Sólargeislun er geislun sem er nýtt til hitunar á vatni og raforkuframleiðslu.
- 4.02.01.04 **Vatnsorka**
- Búnaður sem er notaður á bújörð til vinnslu endurnýjanlegrar orku með vatnsorku.
- Vatnsorka er stöðu- og hreyfiorka vatns sem er breytt í raforku með vatnsaflsvirkjun.
- Þar með talin vatnsorka sem er nýtist beint sem vélræn orka.
- 4.02.01.99 **Aðrar tegundir endurnýjanlegra orkugjafa**
- Allur búnaður sem er notaður á bújörð til vinnslu endurnýjanlegrar orku og er ekki tilgreindur annars staðar í þessum þætti.

## V. VINNUAFL

5.01

**V. i. Störf á bújörðinni****Vinnuafli við býli**

Til vinnuafli teljast allir einstaklingar sem hafa lokið skyldunámi (hafa náð þeim aldri er skólaskyldu lýkur) og sinntu störfum á bújörðinni á 12 mánaða tímabili fyrir viðmiðunardag könnunarinnar.

Ef lágmarksaldur skólaskyldu í fullu námi og hlutanámi er ekki tilgreindur telst almennri skólaskyldu ljúka við 15 ára aldur.

Einu eigendur bújarða sem starfa ekki á bújörðinni eru skráðir í könnuninni en eru ekki taldir með í „Samtals vinnuafli í landbúnaði“.

Allir einstaklingar á eftirlaunaaldri, sem starfa áfram á bújörðinni, teljast til vinnuafli á býlinu.

Einstaklingar á bújörð sem starfa fyrir þriðja aðila eða samkvæmt fyrirkomulagi um gagnkvæma aðstoð (t.d. starfsmenn verktaka eða samvinnufélaga í landbúnaði) eru ekki meðtaldir.

**Landbúnaðarstörf**

Landbúnaðarstörf eru öll störf á bújörðinni sem framlag til i. starfsemi eins og hún er skilgreind í I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1166/2008, ii. þess að viðhalda framleiðsluþáttum eða iii. starfsemi sem leiðir af þessari framleiðslu.

**Tími sem fer í landbúnaðarstörf á bújörðinni**

Tími sem fer í landbúnaðarstörf á bújörðinni er sá vinnutími sem í raun fer í landbúnaðarstörf á bújörðinni, þó ekki vinna á heimili ábúanda eða bústjóra.

**Ársverk**

Jafngildi fullrar vinnu, þ.e. er heildarfjöldi vinnustunda deilt með meðalfjölda vinnustunda í fullu starfi í landinu.

Fullt starf merkir lágmarksstundafjöldi sem krafist er í innlendum ákvæðum um ráðningarsamninga. Ef stundafjöldi á ári er ekki tekinn fram í þessum ákvæðum skulu 1800 stundir teljast lágmarksfjöldi (225 átta stunda vinnudagar).

5.01.01

**Ábúandi**

Ábúandi bújarðarinnar er sá einstaklingur, hópur einstaklinga eða lögaðili sem rekur bújörðina fyrir eigin reikning og í eigin nafni og sem ber lagalega og fjárhagslega ábyrgð á bújörðinni, þ.e. tekur fjárhagslega áhættu vegna bújarðarinnar.

Ábúandi getur átt bújörðina beint, leigt hana, verið leigutaki að erfðum til langs tíma eða með nýtingarrétt eða verið vörslumaður.

5.01.01.01

Kyn

5.01.01.02

Aldur

5.01.01.03

Störf á búinu (að heimilisstörfum undanskildum)

5.01.02

**Bústjóri**

Bústjóri er sá einstaklingur sem ber ábyrgð á hefðbundinni, daglegri fjárhags- og framleiðslustjórnun viðkomandi bújarðar.

5.01.02.01

Kyn

5.01.02.02

Aldur

5.01.02.03

Störf á búinu (að heimilisstörfum undanskildum)

5.01.02.04	<p><b>Þjálfun bústjóra</b></p>
5.01.02.04.a	<p><b>Búfræðimenntun bústjóra</b></p> <p><b>Eingöngu hagnýt reynsla af landbúnaði</b></p> <p>Reynsla fengin með hagnýtri vinnu á bújörð.</p> <p><b>Undirstöðunám í búfræði</b></p> <p>Allt nám sem lokið er við í landbúnaðarháskóla og/eða stofnun sem sérhæfir sig í tilteknum greinum (þ.m.t. garðyrkja, vínækt, skógrækt, fiskeldi, dýralæknisfræði, landbúnaðartækni og tengdar greinar). Búfræðinám á námssamningi, sem er lokið, telst til undirstöðunáms.</p> <p><b>Fullt búfræðinám</b></p> <p>Allt nám sem samsvarar a.m.k. tveggja ára fullu námi að loknu skyldunámi og sem stundað var við landbúnaðarsérskóla eða háskóla eða aðra æðri menntastofnun í búfræði, garðyrkju, vínækt, skógrækt, fiskeldi, dýralæknisfræði, landbúnaðartækni og tengdum greinum.</p>
5.01.02.04.b	<p><b>Starfsþjálfun sem bústjóri hefur undirgengist á undangengnum 12 mánuðum <sup>(1)</sup></b></p> <p>Starfsþjálfun er nám eða æfing, þar sem meginmarkmið er að öðlast nýja hæfni, vegna starfsemi á bújörðum eða starfsemi tengdri bújörðinni beint, eða til að æfa og bæta hæfni sem fyrir er, undir leiðsögn þjálfara eða hjá þjálfunarstofnun.</p>
5.01.03	<p><b>Meðlimir fjölskyldu einu eigenda sem starfa við bóúð</b></p> <p>Meðlimir fjölskyldu eina eigandans, þ.m.t. maki, sem sinna landbúnaðarstörfum á bújörðinni en búa ekki endilega á bújörðinni.</p> <p>Að öllu jöfnu eru meðlimir fjölskyldu ábúanda maki, ættmenn í beinan legg (þ.m.t. með giftingu og ættleiðingu) og bræður og systur ábúanda eða maka hans.</p> <p>Farið er með tvo einstaklinga í sambúð, sem eru ógiftir, eins og um maka væri að ræða.</p>
5.01.03.01	<p><b>Meðlimir fjölskyldu einu eigenda sem starfa við bóúð: karlar</b></p> <p>– Störf á búinu (að heimilisstörfum undanskildum)</p>
5.01.03.02	<p><b>Meðlimir fjölskyldu einu eigenda sem starfa við bóúð: konur</b></p> <p>– Störf á búinu (að heimilisstörfum undanskildum)</p>
5.01.04	<p><b>Fastráðið utanaðkomandi vinnuafli</b></p> <p>Allir þeir sem vinna landbúnaðarstörf fyrir og þiggja hvers kyns þóknun (laun, hagnað eða aðrar greiðslur, þ.m.t. greiðslur í fríðu) frá bújörðinni, aðrir en ábúandinn og aðstandendur hans.</p> <p>Fastráðnir starfsmenn eru einstaklingar sem sinntu landbúnaðarstörfum á bújörðinni í hverri viku á 12 mánaða tímabilinu sem lýkur á viðmiðunardegi könnunarinnar, án tillits til lengdar vinnuvikunnar.</p> <p>Einstaklingar, sem voru fastráðnir hluta þess tímabils en hafa ekki getað unnið allt tímabilið af eftirfarandi ástæðum, eru einnig meðtaldir:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. sérstakar framleiðsluáætlaðar eru á bújörðinni (t.d. bújörðum sérhæfðum í ólífur- eða þrúgurækt, ræktun ávaxta og grænmetis í blandaðri akuryrkju eða eldis nautgripa á graslendi og þar sem einungis er þörf á starfsmönnum í nokkra mánuði),</li> <li>2. þeir voru fjarverandi vegna orlofs, herþjónustu, veikinda eða slyss eða eru láttnir,</li> <li>3. þeir voru að hefja störf eða hætta störfum á bújörðinni (tekur einnig til launafólks sem hætti að vinna á einni bújörð til að hefja störf á annarri á 12 mánaða tímabilinu fyrir viðmiðunardag könnunarinnar),</li> <li>4. vegna algjörar vinnustöðvunar á bújörðinni af óviðráðanlegum orsökum (vegna flóða, bruna o.s.frv.).</li> </ol>

<sup>(1)</sup> Verður ekki lagt fram 2010.

- 5.01.04.01 **Aðrir utanaðkomandi fastráðnir starfsmenn: karlar**
- Störf á búinu (að heimilisstörfum undanskildum)
- 5.01.04.02 **Aðrir utanaðkomandi fastráðnir starfsmenn: konur**
- Störf á búinu (að heimilisstörfum undanskildum)
- 5.01.05 **Aðrir utanaðkomandi starfsmenn sem ekki eru fastráðnir: karlar og konur**
- Lausráðnir starfsmenn eru þeir sem unnu ekki í hverri viku á bújörðinni, á 12 mánaða tímabilinu sem lýkur á viðmiðunardegi könnunarinnar, af öðrum ástæðum en þeim sem taldar eru upp fyrir aðra utanaðkomandi fastráðna starfsmenn.
- Til fjölda vinnudaga, unnum af öðrum utanaðkomandi starfsmönnum sem eru ekki fastráðnir, teljast allir dagar sem eru það langir að starfsmanni eru greidd laun eða hvers kyns þóknun (kaup, hagnað eða aðrar greiðslur, þ.m.t. greiðslur í fríðu) fyrir heilsdagsvinnu, og unnin vinna er þess eðlis að henni hefði alla jafna verið sinnt af landbúnaðarverkamanni í fullu starfi. Orlofs- og veikindadagar teljast ekki sem vinnudagar.
- Fullur vinnudagur er venjulegur vinnudagur fastráðinna starfsmanna sem eru í fullu starfi.
- 5.01.06 **Heildarfjöldi jafngilda vinnudaga í fullu starfi við landbúnaðarstörf á bújörðinni á 12 mánaða tímabili fyrir könnunina, sem falla ekki í flokkana hér að framan, innt af hendi á bújörðinni af einstaklingum sem ekki eru beinlínis ráðnir þar í vinnu (t.d. starfsmenn verktaka)**
- Hvers konar landbúnaðarstörf sem einstaklingar, sem eru ekki ráðnir beint í vinnu á bújörðinni heldur eru sjálfstætt starfandi eða starfa hjá þriðja aðila, t.d. verktökum eða samvinnufélögum, inna af hendi á bújörðinni.
- Fjöldi vinnustunda skal umreiknaður í fjölda daga eða fjölda vikna í fullu starfi.
- 5.02 **V. ii. Önnur tekjuskapandi starfsemi (önnur störf en landbúnaðarstörf á bújörðinni og störf utan bújarðarinnar)**
- Önnur tekjuskapandi starfsemi er öll starfsemi sem er sinnt fyrir þóknun (laun, kaup, hagnað eða aðrar greiðslur, þ.m.t. greiðslur í fríðu í samræmi við veitta þjónustu) önnur en landbúnaðarstörf skilgreind í i.-lið V. þáttar.
- Landbúnaðarstörf sem starfsfólk á einni bújörð sinnir fyrir aðra bújörð eru meðtalin.
- Upplýsingum er einungis safnað um bújarðir þar sem ábúandi er einstaklingur (þ.e. þar sem ábúandinn er einnig bústjóri). Lögadilar eru undanskildir.
- Tekjur af óaðskiljanlegri aukastarfsemi, sem er ekki tengd landbúnaði á bújörðinni, eru ekki meðtaldar þar sem þær eru taldar með landbúnaðarstörfum.
- Aðalstarf**
- Starfsemi sem meiri tími fer í en landbúnaðarstörf á bújörðinni
- Aukastarf**
- Starfsemi sem minni tími fer í en landbúnaðarstörf á bújörðinni
- 5.02.01 **Önnur tekjuskapandi starfsemi ábúanda sem einnig er bústjóri:**
- 5.02.01.01 að aðalstarfi
- 5.02.01.02 að aukastarfi
- Ef annarri tekjuskapandi starfsemi er sinnt
- 5.02.01.03 Starfsemi sem tengist bújörð beint
- 5.02.01.04 Starfsemi sem tengist bújörð ekki beint
- 5.02.02 **Önnur tekjuskapandi starfsemi maka eina eiganda:**
- 5.02.02.01 að aðalstarfi

5.02.02.02	að aukastarfi
	Ef annarri tekjuskapandi starfsemi er sinnt
5.02.02.03	Starfsemi sem tengist bújörð beint
5.02.02.04	Starfsemi sem tengist bújörð ekki beint
5.02.03	<b>Önnur tekjuskapandi starfsemi aðstandenda eina eiganda:</b>
5.02.03.01	að aðalstarfi
5.02.03.02	að aukastarfi
	Ef annarri tekjuskapandi starfsemi er sinnt
5.02.03.03	Starfsemi sem tengist bújörð beint
5.02.03.04	Starfsemi sem tengist bújörð ekki beint
5.02.04	<b>Utanaðkomandi vinnuafli sem er ráðið milliliðalaust í fullt starf og tekur þátt í annarri tekjuskapandi starfsemi sem tengist bújörðinni beint</b>
5.02.04.01	að aðalstarfi
5.02.04.02	að aukastarfi

#### VI. ÖNNUR TEKJUSKAPANDI STARFSEMI Á BÚJÖRÐINNI (SEM TENGIST BÚJÖRÐINNI BEINT)

6.01

##### VI. i. Skrá yfir aðra tekjuskapandi starfsemi

Önnur tekjuskapandi starfsemi á bújörðinni samanstendur af allri starfsemi annarri en landbúnaðarstörfum sem tengist bújörðinni beint og hefur efnahagsleg áhrif á hana.

„Starfsemi sem tengist bújörðinni beint“: starfsemi þar sem annaðhvort eru notaðir framleiðsluþættir bújarðarinnar (svæði, byggingar, vélbúnaður o.s.frv.) eða afurðir hennar. Ef einungis er notast við vinnuafli býlisins sjálfs (aðstandendur og utanaðkomandi) og engir aðrir framleiðsluþættir bújarðarinnar eru notaðir teljast starfsmennirnir vinna eftir tvenns konar aðskildu fyrirkomulagi og telst því starfsemin ekki vera í beinum tengslum við bújörðina.

Bæði starfsemi sem er ekki landbúnaðarstörf og landbúnaðarstörf fyrir aðrar bújarðir er meðtalin.

Tekjuskapandi starfsemi á, í þessu samhengi við um virka vinnu; hreinar fjárfestingar eru því undanskildar. Útleiga á landi til ýmiss konar starfsemi án frekari þátttöku í þeirri starfsemi er einnig undanskilin.

6.01.01

##### Ferðaþjónusta, gístaðstaða og önnur frístundastarfsemi

Öll starfsemi í ferðaþjónustu, gístaðstaðu, skoðunarferðir á bújörðinni fyrir ferðamenn eða aðra hópa, íþrótt- eða tómstundastarf o.s.frv. þar sem land, byggingar eða aðrir framleiðsluþættir bújarðarinnar eru notaðir.

6.01.02

##### Handverk

Handunnar vörur sem annaðhvort ábúandi, aðstandendur hans eða utanaðkomandi vinnuafli framleiðir á bújörðinni, að því tilskildu að það sinni einnig landbúnaðarstörfum, óháð því hvernig afurðirnar eru seldar.

6.01.03

##### Vinnsla landbúnaðarafurða

Öll vinnsla á aukaafurðum úr landbúnaðarhræfnum á bújörðinni, óháð því hvort hræfnin eru framleidd á bújörðinni eða aðkeypt. Þar með talin kjötvinnsla, ostagerð o.s.frv.

Öll vinnsla landbúnaðarafurða heyrir til þessa liðar nema vinnslan teljist til landbúnaðarstarfsemi. Vingerð og framleiðsla á ólífuolíu er því undanskilin nema verulegur hluti vinsins eða ólífuolíunnar sé aðkeyptur.

- 6.01.04 **Vinnsla endurnýjanlegrar orku**  
Vinnsla endurnýjanlegrar orku fyrir markaðinn, þ.m.t. lífgas, lífheldsneyti eða rafmagn, með vindhverflum, með öðrum búnaði eða úr hráefni úr landbúnaði.  
Endurnýjanleg orka sem er eingöngu framleidd til notkunar á bújörðinni er ekki meðtalin hér.
- 6.01.05 **Timburvinnsla (t.d. sögun)**  
Vinnsla á bújörðinni á ónnum viði til sölu á markaði (sögun á viði o.s.frv.).
- 6.01.06 **Lagareldi**  
Framleiðsla á fiski, vatnakröbbum o.s.frv. á bújörðinni. Starfsemi sem felst eingöngu í fiskveiðum er ekki meðtalin.
- 6.01.07 **Verktakavinna (með notkun á framleiðsluþáttum bújarðarinnar)**  
Verktakavinna, með tækjum í eigu bújarðarinnar, þar sem vinna innan eða utan landbúnaðargeirans er aðgreind, t.d. snjóruðningur, farmflutningar, landslagsvernd, landbúnaðar- og umhverfisþjónusta o.s.frv.
- 6.01.07.01 **Tengd landbúnaði (fyrir aðrar bújarðir)**
- 6.01.07.02 **Ótengd landbúnaði**
- 6.01.08 **Skógrækt**  
Vinna við skógrækt þar sem bæði er nýtt vinnuafli búsin og vélar og búnaður bújarðarinnar sem er jafnan nýtt í landbúnaði.
- 6.01.99 **Annað**  
Önnur tekjuskapandi starfsemi sem tengist bújörðinni beint og er ót.a.
- 6.02 **VI. ii. Mikilvægi annarrar tekjuskapandi starfsemi sem tengist bújörðinni beint**
- 6.02.01 **Hundraðshluti af endanlegum afurðum bújarðarinnar**  
Hlutdeild veltu af annarrar tekjuskapandi starfsemi sem tengist bújörðinni beint í heildarveltu bújarðarinnar (þ.m.t. beinar greiðslur).

$$\text{HLUTFALL} = \frac{\text{Velta af annarri tekjuskapandi starfsemi sem tengist bújörðinni beint}}{\text{Heildarvelta bújarðarinnar (frá landbúnaði og annarri tekjuskapandi starfsemi sem tengist bújörðinni beint) + beinar greiðslur}}$$

## VII. STUÐNINGUR VIÐ DREIFBÝLISÞRÓUN

- 7.01 **Bújörðin hefur notið góðs af einni af eftirfarandi ráðstöfunum á sviði dreifbýlisþróunar á síðastliðnum þremur árum**  
Upplýsinga skal aflað, hvort sem bújörðin hefur notið góðs af einni af eftirfarandi ráðstöfunum á sviði dreifbýlisþróunar á síðastliðnum þremur árum eða ekki, samkvæmt tilteknum stöðlum og reglum eins og um getur í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1698/2005 eða, eftir atvikum, í nýjustu löggjöf.
- 7.01.01 **Notkun ráðgjafarþjónustu**  
24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1698/2005: notkun ráðgjafarþjónustu.
- 7.01.02 **Nútímavæðing bújarða**  
26. gr. reglugerðar (EB) nr. 1698/2005: nútímavæðing bújarða.
- 7.01.03 **Aukið virði landbúnaðar- og skógræktarafurða**  
28. gr. reglugerðar (EB) nr. 1698/2005: aukið virði landbúnaðar- og skógræktarafurða.

(<sup>1</sup>) Sjátið. ESB L 277, 21.10.2005, bls. 1.

- 7.01.04 **Uppfylling staðla sem byggjast á löggjöf Bandalagsins**  
31. gr. reglugerðar (EB) nr. 1698/2005: uppfylling staðla sem byggjast á löggjöf Bandalagsins.
- 7.01.05 **Þátttaka bænda í gæðakerfum fyrir matvæli**  
32. gr. reglugerðar (EB) nr. 1698/2005: þátttaka bænda í gæðakerfum fyrir matvæli.
- 7.01.06 **Greiðslur vegna Evrópunets verndarsvæða fyrir landbúnaðarsvæði**  
38. gr. reglugerðar (EB) nr. 1698/2005: greiðslur vegna Evrópunets verndarsvæða.
- 7.01.07 **Greiðslur tengdar rammatilskipun um vatn**  
38. gr. reglugerðar (EB) nr. 1698/2005: greiðslur tengdar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB.
- 7.01.08 **Greiðslur til umhverfisverndar í landbúnaði**  
39. gr. reglugerðar (EB) nr. 1698/2005: greiðslur til umhverfisverndar í landbúnaði.
- 7.01.08.01 **Þar af teljast til lífræns búskapar**  
39. gr. reglugerðar (EB) nr. 1698/2005: greiðslur til umhverfisverndar í landbúnaði þar sem landbúnaður á bújörðinni fylgir tilteknum stöðlum og reglum eins og um getur í reglugerð (EB) nr. 834/2007.
- 7.01.09 **Greiðslur vegna velferðar dýra**  
40. gr. reglugerðar (EB) nr. 1698/2005: greiðslur vegna velferðar dýra.
- 7.01.10 Fjölbreytni aukin með annarri starfsemi en landbúnaði  
53. gr. reglugerðar (EB) nr. 1698/2005: fjölbreytni aukin með annarri starfsemi en landbúnaði.
- 7.01.11 **Hvatt til ferðaþjónustu**  
55. gr. reglugerðar (EB) nr. 1698/2005: hvatt til ferðaþjónustu.

---

(<sup>1</sup>) Stjórnartíð. ESB L 327, 22.12.2000, bls. 1.

## III. VIÐAUKI

## Skilgreiningar á einkennum fyrir kannanir bandalagsins á framleiðsluaðferðum í landbúnaði

## I. JARÐVINNSLUADFERÐIR

- 1.01 **Hefðbundin jarðvinnsla (vendiplógur eða diskaplógur)**  
Akurland þar sem jarðvegi er umturnað með hefðbundinni jarðvinnslu, að öllu jöfnu fyrst með því að nota vendiplóg eða diskaplóg til jarðvinnslu og síðar diskaherfi.
- 1.02 **Jarðvinnsla til verndunar (lítill jarðvinnsla)**  
Akurland þar sem (lítill) jarðvinnsla til verndunar fer fram, þ.e. sú jarðvinnsluaðferð eða -kerfi þar sem plöntuleifar (minnst 30%) eru skildar eftir á yfirborði jarðvegs til að takmarka jarðvegseyðingu og binda raka, yfirleitt með því að umturna ekki jarðvegi.
- 1.03 **Engin jarðvinnsla (sáð beint í jörð)**  
Akurland þar sem engin jarðvinnsla fer fram á milli uppskeru og sáningar.

## II. VERNDUN JARÐVEGS

- 2.01 **Þekjandi jarðlag að vetri**  
Það hvernig akurland er þakið plöntum eða plöntuleifum eða skilið eftir bert að vetri til.
- 2.01.01 **Venjulegar haustplöntur**  
Akurland þar sem nytjaplöntum er sáð að hausti og vaxa að vetri (venjulegar haustplöntur, svo sem hausthveiti), yfirleitt uppskorið eða notað til beitar.
- 2.01.02 **Þekjuplöntur eða milliræktun**  
Akurland þar sem plöntum er sáð sérstaklega til að binda jarðveg og takmarka tap á næringarefnum og plöntuvarnarefnum yfir veturinn eða á öðrum tíma þegar landið væri annars autt eða berskjaldað gagnvart tapi. Þessar plöntur hafa ekki mikið efnahagslegt gildi og er helsta markmiðið vernd jarðvegs og næringarefna.  
Að öllu jöfnu eru þær plægðar niður að vori áður en sáð er fyrir öðrum nytjaplöntum og eru ekki uppskornar eða notaðar til beitar.
- 2.01.03 **Plöntuleifar**  
Akurland sem er þakið plöntuleifum eða stubbum síðasta uppskerutímabils yfir veturinn. Milliræktun og þekjuplöntur eru undanskilin.
- 2.01.04 **Auður jarðvegur**  
Akurland sem er plægt eða rutt á annan hátt að hausti og ekki sáð í eða þakið yfir veturinn með neinum plöntuleifum, og það skilið eftir autt þar til landbúnaðarstarfsemi hefst aftur fyrir sáningu eða með sáningu á næsta vori.
- 2.02 **Skiptiræktun**
- 2.02.01 **Hluti akurlands fyrir utan skipulagða skiptirækt**  
Akurland þar sem sama nytjaplanta er ræktuð í þrjú eða fleiri ár samfleytt og sem er ekki hluti af skipulagðri skiptirækt.  
Við skiptiræktun er skipt árlega um nytjaplöntur á tilteknum akri, eftir fyrirfram ákveðnu mynstri eða í röð eftir uppskeruárum svo að nytjaplöntur sömu tegundar séu ekki ræktaðar án hlés á sama akri. Þegar sama nytjaplanta er ræktuð samfleytt má lýsa því með hugtakinu einrækt.



## III. EINKENNI Í LANDSLAGI

- 3.01 **Línulegir þættir sem bóndi hefur haldið við á undangengnum þremur árum**
- Línulegir þættir eru samfelldar manngerðar raðir af trjám, runnum eða búskum, steinveggjum o.s.frv., almennt til að marka endimörk akurs.
- 3.01.a **Limgerði**
- Raðir af runnum eða búskum sem mynda limgerði, stundum með röð af trjám í miðju.
- 3.01.b **Trjáraðir**
- Samfelldur línulegur viðarkenndur gróður sem myndar almennt mörk á milli akra innan landbúnaðarlands eða meðfram vegum eða vatnsfalli.
- 3.01.c **Steinveggir**
- Mannvirki úr múrstein eða grjóti, t.d. hlaðinn steinveggur eða múrveggur.
- 3.02 **Línulegir þættir sem komið hefur verið upp á undangengnum þremur árum**
- 3.02.a **Limgerði**
- 3.02.b **Trjáraðir**
- 3.02.c **Steinveggir**

## IV. BEIT DÝRA

- 4.01 **Beit á bújörðinni**
- 4.01.01 **Svæði nýtt til beitar á viðmiðunarárinu**
- Heildarsvæði bithaga í eigu, í leigu eða sem tilheyrir bújörðinni á annan hátt, þar sem dýrum var haldið til beitar á viðmiðunarárinu.
- 4.01.02 **Tími sem dýr eru úti í bithaga**
- Fjöldi mánaða sem dýrum hefur verið haldið til beitar í bithaga í eigu, í leigu eða sem tilheyrir bújörðinni á annan hátt á viðmiðunarárinu.
- 4.02 **Beit á sameiginlegu landi**
- Sameiginlegt land er það land sem sameignarréttindi gilda um en tilheyrir bújörð ekki beint. Til þess geta talist bithagar, land til garðyrkju eða annarra nota.
- Sameiginlegt land er í grófum dráttum hagnýtt landbúnaðarsvæði í eigu opinbers stjórnvalds (ríkis, sóknar o.s.frv.) sem annar aðili á ítök í og þessi ítaksréttindi má almennt nýta með öðrum.
- 4.02.01 **Heildarfjöldi dýra sem haldið er til beitar á sameiginlegu landi**
- 4.02.02 **Tími sem dýrum er haldið til beitar á sameiginlegu landi**
- Fjöldi mánaða sem dýrum hefur verið haldið til beitar á sameiginlegu landi á viðmiðunarárinu.

## V. GRIPAHÚS

- 5.01 **Nautgripir**
- 5.01.01 **Básafjós — með föstum húsdýraáburði og vatnsþynntum húsdýraáburði**
- Gripahús þar sem dýrin eru bundin og geta ekki hreyft sig að vild og þar sem húsdýraáburður er venjulega fjarlægður með vélbúnaði úr byggingunni sem fastur húsdýraáburður/húsdýraáburður.
- 5.01.02 **Básafjós með fljótandi húsdýraáburði**
- Gripahús þar sem dýrin eru bundin og geta ekki hreyft sig um að vild og þar sem húsdýraáburður og hland falla gegnum flórin í gryfju þar sem það verður að fljótandi húsdýraáburði.

- 5.01.03 **Lausagönguhús með föstum húsdýraáburði og vatnsþynntum húsdýraáburði**  
Gripahús þar sem dýrin geta ekki hreyft sig að vild og þar sem húsdýraáburður er venjulega fjarlægður með vélbúnaði úr byggingunni sem fastur húsdýraáburður/húsdýraáburður.
- 5.01.04 **Lausagönguhús með fljótandi húsdýraáburð**  
Gripahús þar sem dýrin geta hreyft sig að vild og þar sem húsdýraáburður og hland falla gegnum flórin í gryfju þar sem það verður að fljótandi húsdýraáburði, eða þar sem hægt er að skafa það af steinsteyptri flórrennu og safna í haugtanka eða lón ásamt fljótandi húsdýraáburði sem safnað er utanhúss.
- 5.01.99 **Annað**  
Allar tegundir gripahúsa sem falla ekki undir ofangreindar skilgreiningar.
- 5.02 **Svín**
- 5.02.01 **Á rimlagólfi að hluta**  
Gripahús þar sem gólfíð er að hluta til með rimlum; þ.e. á hluta gólfsins eru rimlar þar sem húsdýraáburður og hland falla í gryfju og verður að fljótandi húsdýraáburði.
- 5.02.02 **Einungis á rimlagólfi**  
Gripahús þar sem gólfíð er allt með rimla; þ.e. á gólfinu eru rimlar þar sem húsdýraáburður og hland falla í gryfju og verður að fljótandi húsdýraáburði.
- 5.02.03 **Á hálmgólfi (lausagönguhús með uppsöfnuðum haug)**  
Gripahús þar sem gólfíð er þakið þykku lagi af undirburði (hálm, mó, sagi eða öðru álíka efni sem bindur húsdýraáburð og hland) sem er einungis fjarlægt öðru hverju, jafnvel með margra mánaða millibili.
- 5.02.99 **Annað**  
Allar tegundir gripahúsa sem falla ekki undir ofangreindar skilgreiningar.
- 5.03 **Varphænur**
- 5.03.01 **Á hálmgólfi (lausagönguhús með uppsöfnuðum haug)**  
Hús þar sem gólfíð er þakið þykku lagi af undirburði (hálm, mó, sagi eða öðru álíka efni sem bindur húsdýraáburð og hland) sem er einungis fjarlægt öðru hverju, jafnvel með margra mánaða millibili.
- 5.03.02 **Búrasamstæða (allar tegundir)**  
Hús þar sem varphænur eru hafðar í búrum, ein eða fleiri í hverju.
- 5.03.02.01 **Búrasamstæða með færibandi fyrir drit**  
Búrasamstæða þar sem er drit er fjarlægt sjálfvirkt á færibandi undan búrunum og út fyrir bygginguna þar sem það myndar húsdýraáburð.
- 5.03.02.02 **Búrasamstæða með áburðarkjallara**  
Búrasamstæða þar sem drit fellur í djúpan kjallara undir búrunum og verður að fljótandi húsdýraáburði.
- 5.03.02.03 **Búrasamstæða sem raðað er í tröppugang**  
Búrasamstæða þar sem drit fellur á gólfíð undir búrunum, myndar þar húsdýraáburð og er reglulega fjarlægt með vélbúnaði.
- 5.03.99 **Annað**  
Allar tegundir húsa sem falla ekki undir ofangreindar skilgreiningar

## VI. NOTKUN HÚSDÝRAÁBURÐAR

- 6.01 **Hagnýtt landbúnaðarsvæði þar sem fastur húsdýraáburður er notaður**
- 6.01.01 **Alls**  
Heildarsvæði hagnýtt til landbúnaðar á bújörðinni þar sem var notaður fastur húsdýraáburður/húsdýraáburður á viðmiðunarárinu.
- 6.01.02 **Með tafarlausri íblöndun**  
Heildarsvæði hagnýtt til landbúnaðar á bújörðinni þar sem húsdýraáburði, sem er notaður, er blandað í jarðveg með aðferðum sem gera tafarlausu íblöndun mögulega.

- 6.02 **Hagnýtt landbúnaðarsvæði þar sem fljótandi húsdýraáburður er notaður**
- 6.02.01 **Alls**  
Heildarsvæði hagnýtt til landbúnaðar á bújörðinni þar sem fljótandi húsdýraáburður var notaður á viðmiðunarárinu.
- 6.02.02 **Með tafarlausri íblöndun eða innsprautun**  
Heildarsvæði hagnýtt til landbúnaðar á bújörðinni þar sem notuðum fljótandi húsdýraáburði er blandað í jarðveg með aðferðum sem gera tafarlausu íblöndun mögulega, eða þar sem fljótandi húsdýraáburði er sprautað beint inn við notkun.
- 6.03 **Hundraðshluti af öllum framléiddum húsdýraáburði sem er fluttur af bújörðinni**  
Magn húsdýraáburðar og fljótandi húsdýraáburðar sem er seldur, eða fluttur af bújörðinni á annan hátt, áætlað sem hundraðshluti af heildarmagni af húsdýraáburði og fljótandi húsdýraáburði sem framléiddur er á bújörðinni á viðmiðunarárinu.

#### VII. GEYMSLUAÐSTAÐA FYRIR HÚSDÝRAÁBURÐ OG MEÐHÖNDLUNARSTÖÐVAR

- 7.01 **Geymsluaðstaða fyrir:**
- 7.01.01 **Fastan húsdýraáburð**  
Geymsluaðstaða fyrir fastan húsdýraáburð á ógagndræpu yfirborði með frárennslishindrunum, með eða án þaks.  
Fastur húsdýraáburður er húsdýraskítur (með eða án undirburðar), hugsanlega eilítið blandaður hlandi.
- 7.01.02 **Fljótandi húsdýraáburður**  
Vatnsþétt þró, opin eða lokuð, eða lón með klæðningu til geymslu á vatnsþynntum húsdýraáburði.  
Vatnsþynntur húsdýraáburður er húsdýrahland, hugsanlega eilítið blandað skít og/eða vatni.
- 7.01.03 **Blanda fasts og fljótandi húsdýraáburðar**  
Vatnsþétt þró, opin eða lokuð, eða lón með klæðningu til geymslu á fljótandi húsdýraáburði.  
Fljótandi húsdýraáburður er á vökvaformi, þ.e. blanda skíts og hlands frá húsdýrum, hugsanlega einnig eilítið blönduð vatni og/eða undirburði.
- 7.01.03.01 **Þró fyrir fljótandi húsdýraáburð**  
Þró, almennt úr ógagndræpu efni, til geymslu á fljótandi húsdýraáburði.
- 7.01.03.02 **Lón**  
Gryfja grafin í jarðveg, almennt með klæðningu, til geymslu á fljótandi húsdýraáburði.
- 7.02 **Er geymsluaðstaða varin?**  
Geymsluaðstaða fyrir húsdýraáburð sem er varin (t.d. með steinsteypu loki, tjaldi eða vatnsheldum dúk) þannig að áburðurinn er varinn fyrir regni eða annarri úrkomu og getur dregið úr losun ammoníaks.  
**Fastur húsdýraáburður**  
**Vatnsþynntur húsdýraáburður**  
**Fljótandi húsdýraáburður**

#### VIII. VÖKVUN

- 8.01 **Áveitusvæði**
- 8.01.01 **Meðalstærð svæðis vökvað undangengin þrjú ár**  
Meðalstærð hagnýtt landbúnaðarsvæðis bújarðarinnar sem hefur verið vökvað undangengin þrjú ár, þar með talið á viðmiðunarárinu.

- 8.01.02 **Heildarsvæði ræktaðs lands sem hefur verið vökvað a.m.k. einu sinni á undangengnum 12 mánuðum**
- Ræktunarsvæði sem hefur verið vökvað a.m.k. einu sinni á undangengnum 12 mánuðum fyrir viðmiðunardag könnunarinnar, sundurliðað eftir nytjaplöntuflokkum.
- Nytjaplönturnar eru skilgreindar í II. þætti. Á landi.*
- 8.01.02.01 Kornjurtir til kornframleiðslu (þ.m.t. säðkorn) (að undanskildu mais og rís)
- 8.01.02.02 Mais (korn og grænfóður)
- 8.01.02.03 Hrisgrjón
- 8.01.02.04 Þurrkaðar belgjurtir og prótínjurtir til kornframleiðslu (þ.m.t. fræ og blöndur úr korni og belgjurtum)
- 8.01.02.05 Kartöflur (þ.m.t. sumarkartöflur og útsæði)
- 8.01.02.06 Sykurrófur (þó ekki fræ)
- 8.01.02.07 Repja og akurfrækál
- 8.01.02.08 Sólfífill
- 8.01.02.09 Trefjaplöntur (hör, hampur og aðrar trefjaplöntur)
- 8.01.02.10 Ferskt grænmeti, melónur og jarðarber (blönduð akuryrkja)
- 8.01.02.11 Skammær grös og fastagraslendi
- 8.01.02.12 Aðrar nytjaplöntur á akurlandi
- 8.01.02.13 Ávaxta- og berjaekrur
- 8.01.02.14 Sítrusplantekrur
- 8.01.02.15 Ólífuplantekrur
- 8.01.02.16 Vínkrur
- 8.02 **Vökvunaraðferðir sem eru notaðar**
- 8.02.01 **Yfirborðsáveita (flóð, skurðir)**
- Vatni er veitt með jörðinni, annaðhvort með því að láta flæða yfir allt svæðið eða veita vatni í litla skurði á milli plönturaðanna með hjálp þyngdaraflsins.
- 8.02.02 **Úðavökvun**
- Plönturnar eru vökvaðar með því að vatni er sprautað við mikinn þrýsting yfir landspildurnar.
- 8.02.03 **Dreyпивökvun**
- Plönturnar vökvaðar með dreyпивökvun á neðsta plöntuhlutann eða með örúðunar- eða þokuúðatækni.
- 8.03 **Vatnsgjafir til vökvunar á bújörðinni**
- Hvaðan allt eða mest allt vatn til vökvunar á bújörðinni er fengið.
- 8.03.01 **Grunnvatn á býli**
- Vatnslindir, sem eru á eða nærri bújörðinni, þar sem vatni er dælt úr borholum eða brunnum eða úr rennandi, náttúrlegum grunnvatnssuppsprettum o.þ.h.
- 8.03.02 **Yfirborðsvatn á býlinu (tjarnir eða uppistöðulón)**
- Litlar, náttúrlegar tjarnir eða manngerð uppistöðulón sem eru að öllu leyti á bújörðinni eða eingöngu ein bújörð notar.

- 8.03.03 **Yfirborðsvatn utan býlis úr vötnum, ám eða vatnsföllum**  
Ferskt yfirborðsvatn (stöðuvötn, ár, önnur vatnsföll) sem ekki er manngert til áveitu.
- 8.03.04 **Vatn utan býlis úr sameiginlegu vatnsveitukerfi**  
Vatnsgjafar utan bújarðarinnar, aðrir en þeir sem um getur í „Yfirborðsvatn utan býlis úr vötnum, ám eða vatnsföllum“ sem a.m.k. tvær bújarðir hafa aðgang að. Að öllu jöfnu er innheimt gjald fyrir aðgang að þessum vatnsgjöfum.
- 8.03.99 **Aðrir vatnsgjafar**  
Aðrir vatnsgjafar til vökvunar, ót.a. Þessir vatnsgjafar geta verið mjög saltir, t.d. Atlantshafið eða Miðjarðarhafið, og þarf þá að meðhöndla þá til að draga úr saltmagninu (afsöltun) fyrir notkun, eða ísaltir (með litlu saltmagni), t.d. Eystrasaltið og tiltekna ár, og þarf þá ekki að meðhöndla þá fyrir notkun. Vatnið kann einnig að hafa verið meðhöndlað til hreinsunar skólps og kemur til notanda sem endurnýtt skólþ.
- 8.04 **Árlegt vatnsmagn til vökvunar**  
Vatnsmagn notað til vökvunar á bújörðinni á undangengnum 12 mánuðum fyrir viðmiðunardag könnunarinnar, óháð vatnsgjafa.
-

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1055/2008

2014/EES/36/56

frá 27. október 2008

**um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 184/2005 að því er varðar gæðaviðmiðanir og gæðaskýrslur varðandi hagskýrslur um greiðslujöfnuð (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 184/2005 frá 12. janúar 2005 um hagskýrslur Bandalagsins að því er varðar greiðslujöfnuð, þjónustuviðskipti við útlönd og beina, erlenda fjárfestingu <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 184/2005 er settur sameiginlegur rammi um kerfisbundna hagskýrslugerð Bandalagsins að því er varðar greiðslujöfnuð, þjónustuviðskipti við útlönd og beina, erlenda fjárfestingu.
- 2) Nauðsynlegt er að tilgreina sameiginlega gæðastaðla, svo og efni og tíðni gæðaskýrslna, í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 184/2005.

- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um greiðslujöfnuð sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 184/2005,

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr:

Aðildarríkin skulu árlega leggja fram gæðaskýrslu sem gerð er í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. gr:

Aðildarríkin skulu leggja fram gæðaskýrslur sínar eigi síðar en 30. nóvember ár hvert.

3. gr:

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. október 2008.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Joaquín ALMUNIA

*framkvæmdastjóri.*

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 283, 28.10.2008, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2009 frá 17. mars 2009 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 28, 28.5.2009, bls. 32.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 35, 8.2.2005, bls. 23.

## VIÐAUKI

## 1. Inngangur

Í gæðaskýrslunni skulu vera bæði meginlegir og eigindlegir gæðavísar. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal leggja fram niðurstöður meginlegu vísanna fyrir hvert aðildarríki, reiknaðar á grundvelli gagna sem látin eru í té. Aðildarríki skulu túlka þær og gera við þær athugasemdir, í ljósi aðferðafræði þeirra við gagnaöflun.

## 2. Tímamörk

— Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal láta aðildarríkjunum í té, fyrir lok október ár hvert, drög að gæðaskýrslum, sem fylltar hafa verið út að hluta með flestum meginlegum vísnum og öðrum upplýsingum sem framkvæmdastjórnin (Hagstofu Evrópubandalaganna) hefur aðgang að.

— Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) í té fullfrágengnar gæðaskýrslur eigi síðar en 30. nóvember ár hvert.

## 3. Gæðaviðmiðanir

Eftirfarandi gæðaviðmiðanir hafa verið skilgreindar sem viðeigandi: tímanleiki og umfang gagna, aðferðafræðilegur styrkleiki, stöðugleiki, trúverðugleiki, samræmi og nákvæmni. Þótt þátturinn „nákvæmni“ sé viðeigandi hugtak verður hann meðhöndlaður sérstaklega sem viðbótarþáttur, þar sem hann tengist gæðum aðfanga.

## 3.1. Tímanleiki og umfang gagna sem eru send til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna)

Þessi þáttur vísar til þess að virða skuli skilafrest gagna, svo og tiltækileika gagna á viðmiðunartímabilinu, landfræðilega sundurliðun og sundurliðun eftir liðum og starfsemi.

## 3.2. Aðferðafræðilegur styrkleiki

Aðferðafræðilegur styrkleiki vísar til þess að farið sé að alþjóðlega viðurkenndum stöðlum, viðmiðunarreglum og góðum starfsvenjum.

Í þessum þætti skal vera takmarkaður fjöldi aðferðafræðilegra spurninga, sem eru breytilegar frá ári til árs, og áhersla verður lögð á að alþjóðlega samþykktum stöðlum verði fylgt. Aðildarríkin skulu einnig lýsa meiri háttar breytingum á aðferðafræði, sem hafa orðið á viðmiðunartímabilinu, og hvernig þær hafa áhrif á gæði gagna.

## 3.3. Stöðugleiki

Stöðugleiki vísar til þess hversu nærri upphaflegt, áætlað verðmæti er endanlegu verðmæti.

Þetta felur í sér að umfang endurskoðunarinnar er kannað, hvaða stefnu hún tekur og hvert samræmið er milli þeirrar þróunar sem leiðir af upphaflegu mati og endanlegu.

## 3.4. Sennileiki

Sennileiki vísar til þess að ekki er um að ræða neinar óútskýranlegar breytingar.

Aðildarríkin skulu meta tilhögun innra eftirlits (styrkleika og veikleika) og lýsa frekari áætlunum um endurbætur.

## 3.5. Samræmi

Samræmi greinir samfellu bæði innan gagnasafns sem látið var í té (innra samræmi) og við önnur viðeigandi gagnasöfn af svipuðu tagi (ytra samræmi).

## 3.6. Nákvæmni

Nákvæmni vísar til þess hve (endanlegt) mat er nærri sanngildi þýðisins.

Þar skal vera lýsandi greining á þeim meginviðfangsefnum sem við er að glíma til að auka umfang gagna á grundvelli safns færriebreytna. Farið verður með þessa viðmiðun sem viðbótagæðabátt og ekki verður tekið tillit til hennar við heildargæðamatið.

## TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/36/57

frá 11. janúar 2011

um vottun fyrirtækja á sviði varnartengdra vara skv. 9. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB um að einfalda skilmála og skilyrði vegna tilflutnings varnartengdra vara innan Bandalagsins

(2011/24/ESB) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

fyrirtækja á sviði varnartengdra vara skv. 9. gr. tilskipunar  
2009/43/EB.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 292. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 9. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB frá 6. maí 2009 um að einfalda skilmála og skilyrði vegna tilflutnings varnartengdra vara innan Bandalagsins <sup>(1)</sup> er mælt fyrir um þær viðmiðanir sem gilda fyrir vottun aðildarríkja á fyrirtækjum á sviði varnartengdra sem eru stofnsett á yfirráðasvæðum þeirra sem viðtakendur varnartengdra vara sem eru tilfluttar samkvæmt almennum tilflutningsleyfum.
- 2) Vottun fyrirtækja er lykilþáttur í því einfaldaða leyfisveitingakerfi sem er innleitt með tilskipun 2009/43/EB.
- 3) Mismunandi túlkunar aðildarríkjanna á vottunarviðmiðunum gætu hindrað framkvæmd tilskipunar 2009/43/EB og að markmiðum hennar um einföldun verði náð.
- 4) Samleitnin túlkun og beiting vottunarviðmiðana af hálfu aðildarríkja hafa mikla þýðingu vegna gagnkvæmrar viðurkenningar vottorða er um getur í 6. mgr. 9. gr. tilskipunar 2009/43/EB og vegna viðtækra notkunar almennra leyfa.
- 5) Fulltrúar aðildarríkja í nefndinni, sem sett var á stofn skv. 14. gr. tilskipunar 2009/43/EB, hafa gefið til kynna að unnt kunnir að vera að ná fram samleitinni túlkunar og beitingar vottunarviðmiðana með því að samþykka tilmæli framkvæmdastjórnarinnar.
- 6) Af þeim sökum stofnsettu fulltrúar aðildarríkja í nefndinni, sem sett var á stofn skv. 14. gr. tilskipunar 2009/43/EB, vinnuhóp sem skyldi taka saman leiðbeiningar um vottun

- 7) Þær leiðbeiningar sem settar eru fram í tilmælum þessum eru byggðar á bestu starfsvenjum tiltekinna aðildarríkja sem hafa reynst skilvirkar og nothæfar í senn,

## SAMÞYKKT TILMÆLI ÞESSI

## 1. VOTTUNARVIÐMIÐIN

## 1.1. Mat viðmiðana sem sett eru fram í a- og b-lið 2. mgr. 9. gr.

Einungis viðtökufyrirtæki, sem framleiða í raun varnartengdar vörur eða ófullgerðar varnartengdar vörur sem tilskipun 2009/43/EB tekur til og samanstanda af íhlutum og/eða kerfum og undirkerfum sem eru keypt af þriðju aðilum, þ.e. vörur sem til stendur að markaðssetja undir eigin nafni eða vörumerki, ættu að vera vottunarhæf.

Vottuð viðtökufyrirtæki ættu að nota þær varnartengdu vörur sem veitt er viðtaka samkvæmt hinum almennu tilflutningsleyfum, er um getur í b-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2009/43/EB, fyrir eigin framleiðslu (sem felur í sér ísetningu íhluta í aðrar vörur eða notkun sem varahluta eða hluta til umskiptingar) og ættu ekki að flytja þær til á ný eða flytja út sem slíkar (nema til viðhalds eða viðgerða) sé fyrirframheimildar upprunaaðildarríkis krafist.

Lögbærum stjórnvöldum ætti að vera kleift, eftir því sem við á og áður en vottorð er gefið út, að krefjast yfirlýsingar frá viðtökufyrirtækjum þar sem þau skuldbinda sig til þess:

- a) að nota þær varnartengdu vörur sem veitt er viðtaka samkvæmt hinum almennu leyfum er um getur í b-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2009/43/EB fyrir sína eigin framleiðslu,

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 11, 15.1.2011, bls. 62. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2013 frá 14. júní 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 67, 28.11.2013, bls. 14.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 146, 10.6.2009, p. 1.



- b) að forðast að tilflýta á ný eða flytja út viðkomandi vörur sem slíkar, nema vegna viðhalds eða viðgerða.

hafa aðskiljanleg heimilisföng og hefur verið falið ábyrgð á stjórn tilflutnings og útflutnings, ættu að tilgreina um hvaða einingar vottorðið eigi að gilda.

**1.2. Aðdrættir til viðtökufyrirtækja sem gera innkaup vegna nota eingöngu fyrir her aðildarríkis samkvæmt almennum tilflutningsleyfum er um getur í a-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2009/43/EB.**

Viðtökufyrirtækjum, sem eru viðurkennd sem samningsyfírvöld í skilningi 9. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB <sup>(2)</sup> og gera innkaup vegna nota eingöngu fyrir herafra aðildarríkis, ætti að veita rétt til að veita varnartengdum vörum viðtöku samkvæmt hinum almennu leyfum, er um getur í a-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2009/43/EB, án vottunar.

**1.3. Mat viðmiða sem sett eru fram í c- og f-lið 2. mgr. 9. gr.**

Sá háttsetti framkvæmdastjóri er um getur í c-lið 2. mgr. 9. gr. ætti sem slíkur að bera ábyrgð á áætlun um innra eftirlit eða á því stjórnunarkerfi tilflutnings og útflutnings sem er framkvæmt í fyrirtækinu eða á þeim starfsmönnum sem annast um eftirlit með útflutningi og tilflutningi. Þessi háttsetti framkvæmdastjóri ætti að sitja í framkvæmdastjórn fyrirtækisins.

Sé farið fram á vottorð fyrir eina framleiðslueiningu eða fleiri, skal í ábyrgðarlýsingu innan viðtökufyrirtækisins, þ.e. lýsingu sem gerð er krafa um skv. f-lið 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 2009/43, koma skýrt fram að hinn háttsetti framkvæmdastjóri hafi mannaforráð innan þeirra eininga sem annast eftirlit með útflutningi og tilflutningi.

Spurningar og leiðbeiningar viðvíkjandi lýsingu á áætlunum um innra eftirlit og um síðari matsgerðir eru settar fram í I. viðauka. Er aðildarríkjum heimilt að bæta við frekari spurningum. Bæti aðildarríki við fleiri spurningum skulu þær varða vottunarmatið með beinum hætti.

**1.4. Stjórnskipulag sem votta á og mat á viðmiðunum sem settar eru fram í d- og e-lið 2. mgr. 9. gr.**

Hvernig staðið er að vottun mun fara eftir stjórnskipulagi viðtökufyrirtækis og eftir því hvernig ábyrgð á stjórn tilflutnings og útflutnings er deilt. Viðkomandi fyrirtæki mætti votta í heild eða eftir einstökum rekstrareiningum. Fyrirtæki með rekstrareiningar og tengda starfsemi, sem

**2. VOTTUNIN**

**2.1. Staðlað sniðmát vottorðs.**

Mælt er með notkun staðlaðs sniðmáts vottorðs sem sett fram í II. viðauka.

Vottorðið skal samið á einu af opinberum tungumálum þess aðildarríkis sem gefur það út og helst á einu opinberu tungumáli annars aðildarríkis, eins og hið vottaða viðtökufyrirtæki gefur til kynna. Sá dagur sem vottorðið öðlast gildi ætti að koma fram í vottorðinu.

Að því er varðar a-lið 4. mgr. 9. gr. skal í vottorðinu koma fram sú krafa að hið vottaða viðtökufyrirtæki tilkynni viðkomandi lögbæru stjórnvaldi um alla þætti og atburði sem til koma eftir að vottorðið er látið í té og áhrif geta haft á gildi eða innihald vottorðsins. Hið vottaða viðtökufyrirtæki ætti að tilkynna eftirfarandi sérstaklega:

- allar meiriháttar breytingar í iðnrekstri viðvíkjandi varnartengdum vörum,
- sérhverja breytingu á heimilisfangi í þeim tilvikum þar sem skrár um varnartengdar vörur, sem veitt er viðtaka, eru aðgengilegar viðkomandi lögbæru stjórnvaldi.

Að því er varðar ákvæði a-liðar ætti, eftir því sem við á, að meta mikilvægi þeirrar breytingar sem réttlætir tilkynningu í ljósi þeirra upplýsinga sem þegar hafa verið látnar í té vegna skráningar fyrirtækis sem fyrirtækis á sviði varnartengdra vara eða vegna leyfisveitingar vegna varnarstarfsemi eða framleiðslu.

**2.2. Skipti á upplýsingum um viðtökufyrirtæki sem leita eftir vottun.**

Að því er varðar ákvæði 12. gr. tilskipunar 2009/43/EB eru innlend lögbær stjórnvöld hvött til þess að skiptast á öllum viðeigandi upplýsingum um útgáfu vottorða. Ef nauðsynlegt er, vegna mats á viðtökufyrirtæki með tilliti til útgáfu vottorðs, að afla upplýsinga frá öðrum lögbærum stjórnvöldum, ætti það innlenda lögbæra stjórnvald sem er útgefandi að hafa samráð við önnur viðkomandi innlend lögbær stjórnvöld áður en það gefur vottorðið út.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 134, 30.4.2004, p. 114.

### 3. EFTIRLIT MEÐ REGLUFYLGNI

#### 3.1. Heimildir lögbærra stjórnvalda til þess að fara í eftirlitsheimsóknir.

Að því er varðar heimsóknir í því skyni að sannreyna að skilyrði, sem tengjast viðkomandi vottorði, séu uppfyllt og að viðmiðunum, sem settar eru fram í 2. mgr. 9. gr., sé fylgt, ættu eftirlitsmenn, sem viðkomandi lögbært stjórnvald tilnefnir, að hafa, að minnsta kosti, heimild til að:

- a) koma inn á viðkomandi athafnasvæði,
- b) kanna og afrita skrár, gögn, starfsreglur og allt annað efni sem varðar vörur sem eru fluttar út, tilfluttar eða veitt er viðtaka samkvæmt tilflutningsleyfi frá öðru aðildarríki.

Þess háttar eftirlit ætti að fara fram í samræmi við löggjöf þess aðildarríkis þar sem það á að fara fram.

#### 3.2. Tilvik sem réttlæta endurmat.

Í eftirfarandi tilvikum ætti viðkomandi lögbært stjórnvald að framkvæma endurmat á því hvort þau skilyrði sem tengjast viðkomandi vottorði og þeim viðmiðunum sem sett eru fram í 2. mgr. 9. gr. séu uppfyllt:

- a) er um ræðir meiriháttar breytingar sem eru gerðar á hinu vottaða viðtökufyrirtæki, þ.m.t. breytingar á innra skipulagi fyrirtækisins eða á starfsemi þess,
- b) þegar fram koma vísbendingar um að viðeigandi skilyrði og viðmiðanir séu ekki lengur uppfyllt af hálfu hins vottaða viðtökufyrirtækis,
- c) hafi hið vottaða viðtökufyrirtæki fengið fyrirmæli um að grípa til aðgerða til úrbóta,
- d) standi til að aflétta tímabundinni ógildingu vottorðsins.

#### 3.3. Ítarlegra eftirlit með viðtökufyrirtækjum sem hlotið hafa vottun nýlega.

Viðkomandi lögbært stjórnvald ætti að sinna sérstaklega eftirliti með viðtökufyrirtækjum sem hlotið hafa vottun nýlega. Viðkomandi lögbært stjórnvald ætti að framkvæma samræmis eftirlit, helst á fyrsta ári eftir að vottorð er útgefið í fyrsta sinn.

### 4. AÐGERÐIR TIL ÚRBÓTA, TÍMABUNDIN ÓGILDING OG AFTURKÖLLUN VOTTORÐA

#### 4.1. Ákvarðanir um að mæla fyrir um aðgerðir til úrbóta.

Uppfylli vottað viðtökufyrirtæki ekki lengur eina viðmiðun eða fleiri, sem settar eru fram í 2. mgr. 9. gr.

tilskipunar 2009/43/EB, eða þau skilyrði sem tengjast vottorðinu og telji viðkomandi lögbært stjórnvald að slíkt ósamræmi sé minniháttar, ætti hið lögbæra stjórnvald, eigi síðar en einum mánuði frá þeim degi þegar það verður þess áskynja að um ósamræmi sé að ræða, að taka ákvörðun þar sem gerð er krafa um að viðkomandi viðtökufyrirtæki gripi til aðgerða til úrbóta.

Viðkomandi lögbært stjórnvald ætti að tilkynna hinu vottaða viðtökufyrirtæki án tafar og skriflega um fyrrnefnda ákvörðun. Í fyrrnefndri ákvörðun ætti að koma fram krafa þess efnis að hið vottaða viðtökufyrirtæki gripi til þeirra aðgerða til úrbóta sem mælt er fyrir um innan frests sem fram kemur í hinni skriflegu tilkynningu.

Þegar fresturinn er út runninn ætti viðkomandi lögbært stjórnvald að sannreyna að aðgerðir til úrbóta hafi verið gerðar. Fyrirnefnd sannprófun gæti m.a. falist í heimsókn, fundi með þeim háttsetta framkvæmdastjóra er um getur í c-lið 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 2009/43/EB eða með yfirmanni sem hinn háttsetti framkvæmdastjóri tilnefnir og/eða í mati skriflegra gagna sem fyrirnefndur framkvæmdastjóri lætur í té.

Viðkomandi lögbært stjórnvald ætti að tilkynna hinu vottaða viðtökufyrirtæki, eigi síðar en þremur mánuðum eftir að sannprófun lýkur, skriflega um mat þess hvort þær aðgerðir til úrbóta sem gerðar hafa verið séu viðeigandi.

#### 4.2. Tímabundin ógilding og afturköllun vottorða.

Viðkomandi lögbært stjórnvald ætti að ógilda tímabundið eða afturkalla vottorðið í einhverju eftirtalinna tilvika:

- a) viðkomandi vottað viðtökufyrirtæki hefur ekki gripið til aðgerða til úrbóta innan þess frests sem fram kemur í hinni skriflegu tilkynningu hins lögbæra stjórnvalds, þar sem krafa er gerð um að hið vottaða viðtökufyrirtæki gripi til aðgerða til úrbóta,
- b) hið vottaða viðtökufyrirtæki uppfyllir ekki lengur eina viðmiðun eða fleiri, sem settar eru fram í 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 2009/43/EB, eða þau skilyrði sem tengjast vottorðinu og viðkomandi lögbært stjórnvald telur að ósamræmið sé meiriháttar.

Viðkomandi lögbært stjórnvald ætti að tilkynna hinu vottaða viðtökufyrirtæki og framkvæmdastjórnum án tafar og skriflega um ákvörðun þess efnis að ógilda tímabundið eða afturkalla vottorðið.

Viðkomandi lögbært stjórnvald ætti að viðhalda hinni tímabundnu ógildingu uns hið vottaða viðtökufyrirtæki getur sýnt fram á að það uppfylli þær viðmiðanir sem settar eru fram í 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 2009/43/EB og þau skilyrði sem tengjast vottorðinu. Viðkomandi lögbært stjórnvald ætti, ásamt með skriflegri tilkynningu um tímabundna ógildingu vottorðsins eða jafnhliða síðari rituðum bréfum, að veita hinu vottaða viðtökufyrirtæki frest til þess að sýna fram á að það uppfylli fyrrnefndar viðmiðanir og skilyrði.

#### 4.3. Aflétting tímabundinnar ógildingar vottorðsins.

Viðkomandi lögbært stjórnvald ætti, eftir að sá frestur sem var veittur með ákvörðuninni um tímabundna ógildingu er liðinn, að sannreyna hvort hið vottaða viðtökufyrirtæki uppfylli þær viðmiðanir sem settar eru fram í 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 2009/43/EB og þau skilyrði sem tengjast vottorðinu.

Fyrirnefnd sannprófun gæti m.a. falist í heimsókn, fundi með þeim háttsetta framkvæmdastjóra er um getur í c-lið 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 2009/43/EB eða með yfirmanni sem hinn háttsetti framkvæmdastjóri tilnefnir og/eða í mati skriflegra gagna sem fyrirnefndur framkvæmdastjóri lætur í té.

Eigi síðar en einum mánuði eftir að sannprófun er lokið ætti að tilkynna hinu vottaða viðtökufyrirtæki skriflega um nýja ákvörðun viðkomandi lögbærs stjórnvalds þar sem eitthvað af eftirfarandi kemur fram:

- a) að hinni tímabundnu ógildingu vottorðs sé aflétt og hvaða dag aflétting taki gildi,

- b) að hinni tímabundnu ógildingu sé viðhaldið fram til tiltekins dags, en þá fari fram önnur sannprófun,

- c) að vottorðið sé afturkallað.

#### 5. UPPLÝSINGASKIPTI VIÐVÍKJANDI VOTTUN

Hafi vottorð verið gefið út, ógilt tímabundið, afturkallað eða hafi ógildingu vottorðs verið aflétt, ætti viðkomandi lögbært stjórnvald að tilkynna hinu vottaða viðtökufyrirtæki og framkvæmdastjórninni um það skriflega og án tafar.

#### 6. EFTIRFYLGNI

Þess er farið á leit við aðildarríkin að þau komi tilmælum þessum í framkvæmd eigi síðar en 30. júní 2012.

Aðildarríkin eru hvött til þess að tilkynna framkvæmdastjórninni um allar ráðstafanir sem eru gerðar til þess að tilmæli þessi megi koma til framkvæmda.

#### 7. VIÐTAKENDUR

Tilmælum þessum er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. janúar 2011.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Antonio TAJANI

varaforseti

I. VIDAUKI

Spurningar og leiðbeiningar varðandi lýsingu áætlana um innra samræmi og vegna síðara mats

Grunnsvið	Lykilspurningar	Tilmæli um bestu starfsvenjur	Viðeigandi votunarfömbúðanir
<p>1. Skipulagsúræði, mannaúður og tæknúræði sem eru látin í té til þess að stjórna tilflutningi og útflutningi</p>	<p>Hvaða hundraðshluti viðskipta viðkomandi fyrirtækis (ársvelta) skýrist af útflutningi og tilflutningi leyfishæfra hluta?</p> <p>Í hvaða magni á útflutningur og tilflutningur slíkra hluta sér stað á ári?</p> <p>Hvaða starfsemi innan fyrirtækisins (t.d. innkaup, högun, verkefnastjórnun, flutningar) varðar útflutnings- og tilflutningsferlið og með hvaða hætti er ábyrgð vegna þess skipulögð?</p> <p>Hefur fyrirtækið yfir að ráða rafrænu kerfi sem stýrir útflutningi og tilflutningi? Hverjir eru helstu eiginleikar þess?</p> <p>Hversu margir menn eru annað hvort ráðnir einungis til þess að annast stjórnun útflutnings og tilflutnings eða bera jafnframt ábyrgð á henni ásamt öðrum störfum?</p> <p>Dreifir fyrirtækið inn á við skriflegum skuldbindingum sínum þess efnis að fara að reglum um eftirlit með útflutningi/tilflutningi og að virða viðeigandi takmarkanir á endanlegri notkun og útflutningi?</p> <p>Dreifir fyrirtækið inn á við skriflegri skuldbindingu sinni þess efnis að láta í té upplýsingar, samkvæmt beiðni, um endanlega notkun og/eða endanlegan notanda?</p> <p>Hefur fyrirtækið fylgt reglum um eftirlit með útflutningi/tilflutningi fram að þessu?</p> <p>Fær starfsfólk, sem annast eftirlit með útflutningi/tilflutningi, í hendur handbækur um regluþyngni sem eru uppfærðar?</p>	<p>Tilmæli um bestu starfsvenjur</p> <p>Tilgangurinn með þessum spurningum er að afla viðbótarupplýsinga um innra skipulag fyrirtækisins sem skipir máli til þess að unnt sé að meta þau áhrif sem útflutnings-/tilflutningsstarfsemi hefur á fyrirtækið og tengdar verklagsreglur</p> <p>Ávallt ættu tveir menn að vera til staðar nema þegar um ffr eða veikindi o.s.frv. er að ræða.</p> <p>Báðar þessar skriflegu skuldbindingar ættu að koma fram í handbókum um regluþyngni sem starfsfólk, sem annast eftirlit með útflutningi/tilflutningi, hefur aðgang að og allir starfsmenn sem koma að útflutningi/tilflutningi (t.d. söludeild ...) ættu einnig að hafa vitneskju um þær.</p> <p>Fyrirtækið ætti að geta sýnt góðan árangur í að fylgja reglum um eftirlit með útflutningi/tilflutningi.</p> <p>Handbækur um regluþyngni til notkunar og leiðbeiningar fyrir starfsfólk, sem annast eftirlit með útflutningi/tilflutningi, ættu að standa því til boða, að minnsta kosti í rafrænni útgáfu (t.d. á innra neti fyrirtækisins).</p> <p>Fyrirnefndar handbækur ættu að innihalda verklagsreglur og skipulag sem starfsfólk, sem annast eftirlit með útflutningi/tilflutningi, ætti að fara eftir.</p> <p>Starfsfólk, sem hefur eftirlit með útflutningi/tilflutningi, ætti að fá, með skjótum hætti, upplýsingar um þær breytingar á handbókinni sem varða störf þess og hvenær þær öðlast gildi.</p>	<p>a-liður 2. mgr. 9. gr.</p> <p>f-liður 2. mgr. 9. gr.</p>

Grunnsvið	Lykilspurningar	Tilmæli um bestu starfsvenjur	Viðeigandi votunarflokkarnir
2. Ábyrgðarlýsing	<p>Vinsamlegast gerðu grein fyrir ábyrgðarlýsingu vegna útflyttings og tilflutnings innan fyrirtækis yðar.</p> <p>Er fyrrnefnd greinargerð ávallt aðgengileg viðkomandi lögberu stjórnvaldi?</p> <p>Hvar innan fyrirtækis yðar er stjórn útflyttings/tilflutnings staðsett?</p> <p>Hvers kyns vixlverkun er milli starfsfólks sem annast eftirlit með útflyttingi/tilflutningi og annarra starfsviða innan fyrirtækisins?</p> <p>Hvernig er samskiptum starfsfólks, sem annast eftirlit með útflyttingi/tilflutningi, og hins háttsetta framkvæmdastjóra háttáð, til dæmis með tilliti til hugsanlegra upplýsingaskipta?</p> <p>Vinsamlegast tilgreinið önnur ábyrgðarstörf hins háttsetta framkvæmdastjóra sem hefur verið falin personuleg ábyrgð á tilflutningi og útflyttingi</p>	<p>Tilmæli um bestu starfsvenjur</p> <p>Hvernig ábyrgð er háttáð á reglufylgni, að því er varðar eftirlit með útflyttingi/tilflutningi, ætí að vera í skriflegu formi. Skriflegt stuðningskjal, þar sem gerð er grein fyrir ábyrgðarlýsingu (t.d. skýrslur og skipurit), ætí að uppfæra eftir þörfum.</p> <p>Í greinargerðinni ætí að koma fram upplýsingar um deilingu ábyrgðar og samþykktar venjur við aðstæður þegar hinn háttsetti framkvæmdastjóri, er um getur í c-lið 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 2009/43/EB, er fjarverandi.</p> <p>Vineskja um ábyrgðarlýsinguna ætí ávallt að vera aðgengileg viðkomandi lögberu stjórnvaldi á auðveldan hátt, ekki einungis á umsóknarsígi heldur einnig vegna síðara eftirlits með reglufylgni og heimsókna í því skyni að staðfesta reglufylgni.</p> <p>Hvort eftirliti með útflyttingi/tilflutningi er stjórnað innan hverrar og einnar flutningseiningar, á aðalskrifstofu eða innan aðskilinnar deildar, sem annast um stjórn útflyttings, ætí að fara eftir stærð og skipulagi viðkomandi fyrirtækis.</p> <p>Vernda ætí starfsfólk, sem annast eftirlit með útflyttingi/tilflutningi, frá hagsmunaaðreksrum eins og frekast er unnt. Það ætí að hafa vald til þess að stöðva viðskipti.</p> <p>Starfsfólk, sem hefur eftirlit með útflyttingi/tilflutningi, ætí að hafa heimild til þess að hafa beint samband við hinn háttsetta framkvæmdastjóra, þurfi það vald til þess að stöðva viðskipti.</p> <p>Hinn háttsetti framkvæmdastjóri ætí að sitja í æðstu yfirsjórn viðkomandi fyrirtækis. Staða hans ætí ekki að skapa hagsmunaaðreksur (t.d.: hann ætí ekki jafnframt að vera yfirmaður solumála ...)</p>	<p>f-liður 2. mgr. 9. gr.</p> <p>f-liður 2. mgr. 9. gr.</p> <p>f-liður 2. mgr. 9. gr.</p> <p>f-liður 2. mgr. 9. gr.</p> <p>f-liður 2. mgr. 9. gr.</p> <p>c- og f-liður 2. mgr. 9. gr.</p>
3. Innri endurskoðun	<p>Hversu oft fara slembiathuganir fram?</p> <p>Hversu oft fer innri endurskoðun fram?</p> <p>Hve háir hundraðshluti útflyttings/tilflutnings er athugaður?</p>	<p>Slembiathugun (óvænt) ætí að fara fram á áætluninni um innra eftirlit (ICP) og á daglegu verklagi.</p> <p>Best væri að hún færi fram einu sinni á ári og að minnsta kosti á þriggja ára fresti.</p> <p>Eftir fjölda útflyttings/tilflutnings, að minnsta kosti 1 % og væntanlegt hámark 20 %. Þetta hlutfall getur breyst í hvert skipti sem endurskoðun fer fram.</p>	<p>f-liður 2. mgr. 9. gr.</p> <p>f-liður 2. mgr. 9. gr.</p>

Grunnsvið	Lykilspurningar	Tilmæli um bestu starfsvenjur	Viðeigandi votunarförmiðanir
	<p>Hver framkvæmir þessar athaganir?</p>	<p>Hugsanleg svör skulu vera eitt af eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- einhver háttsettur í ábyrgðarlýsingunni viðvikjandi efirmáli með útlutningi/ tilflutningi,</li> <li>- gæðastjórnin,</li> <li>- fjármálastjórnin eða bókarinn,</li> <li>- einhver annar sem gegnir stöðu millistjórnanda eða hærra stöðu og er einu þrepi eða fleirum frá daglegum störfum útlutnings-/tilflutningsteymisins.</li> </ul>	
	<p>Til hvaða spurninga tekur þessi endurskoðun?</p>	<p>Endurskoðun ætti að veita svör við eftirfarandi spurningum:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Eru þær útlutningstakmarkanir sem ákveðnar hafa verið virtar?</li> <li>- Er verklag í gildi og uppfært til þess að tryggja að öllum reglum um útlutning og tilflutning sé fylgt?</li> <li>- Fer vitundarþjálfun reglulega fram?</li> <li>- Eru skýrslur aðgengilegar með auðveldum hætti?</li> <li>- Eru skýrslur yfirgripsmiklar?</li> <li>- Taka skýrslurnar til allra viðeigandi þátta innflutnings, útlutnings og tilflutnings og framleiðsluvara sem eftir eru innan viðkomandi aðildarríkis?</li> <li>- Liggja fyrir upplýsingar um tilvist viðkomandi framleiðsluvara frá upptökum til ákvörðunarstaðar?</li> </ul>	
<p>c) skipulagning, skilvirkni og eðrfylgni endurskoðunar</p>	<p>Hvernig er tryggt að dæmigert mengi sendinga sé endurskoðað?</p> <p>Ákvarðar fyrirtekið áætlun um innri endurskoðun?</p> <p>Er skortur á reglufylgni, sem innri endurskoðun leiðir í ljós, leiðréttur með kerfisbundnum hætti? Er slóð þess háttar aðgerða halditð til haga?</p>	<p>Endurskoða ætti að minnsta kosti eina sendingu fyrir hvern viðskiptaöðila eða ákvörðunarstað eða að minnsta kosti eina sendingu fyrir hvert verkefni.</p> <p>Ákvarða ætti áætlun um innri endurskoðun sem tryggir að dæmigert mengi sendinga verði endurskoðað.</p> <p>Fyrirtekið ætti að skrá með skýrum hætti grun um skort á reglufylgni, sem innri endurskoðun greinir, þær ráðstafanir sem mælt er með til þess að leiðrétta þess háttar tilvik og mat á skilvirkni fyrrnefndra ráðstafana til úrbóta á reglufylgni.</p>	<p>f-liður 2. mgr. 9. gr.</p>

Grunnsvið	Lykilspurningar	Tilmæli um bestu starfsvenjur	Viðeigandi votunarflokkarnir
4. Almenn vitundarvakning			
4.1. Verklagsreglur og skipulag	Hvernig eru innri ferli fyrirtækisins mótuð til þess að skapa almenna vitundarvakningu og lágmarka áhættu sem tengist eftirliti með útflytningu/tilflutningi?	<p>Verklagsreglur og skipulag ættu að vera skrifleg og gefa fyrirmæli og ábendingar um eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>– heildarferli útflytningu/tilflutnings frá viðtöku pöntunar, mat á gildissviði reglna um útflytningu/tilflutning, fylgni við viðeigandi reglur um útflytningu/tilflutning og um sendingu eða afhendingu (lokaathugun á regluþygnir verður að fara fram fyrir sendingu eða afhendingu),</li> <li>– eftirlit með fylgni við skilmála og skilyrði leyfisins,</li> <li>– samskipti við utanaðkomandi aðila og í vissum tilvikum við aðrar deildir innan fyrirtækisins, sem málið varðar, t.d. laga- og söhudeild,</li> <li>– samræmingu starfa allra starfsmanna sem koma að eða varðar með einum eða öðrum hætti um útflytningu/tilflutning (t.d. ættu sölu menn að fá fyrirmæli um að upplýsa starfsfólk, sem amast eftirlit með útflytningu/tilflutningi, um allar efasemdir og um að einungis sé hægt að afgreiða pöntun eður að starfsfólkið, sem annast eftirlit með útflytningu/tilflutningi, hefur heimilad hana),</li> <li>– samræmingu upplýsinga og hugsanleg upplýsingaskipti i samstarfi við viðkomandi lögbær stjórnvöld (t.d.: hugsanleg skýrslugjöf um grunsamlegar viðskiptapantanir, hugsanleg tilvist viðmiðunarreglna um valfrjálsa birtingu upplýsinga ...).</li> </ul>	f-liður 2. mgr. 9. gr.
4.1.1. verklagsreglur og skipulag: forstígr leyfisveitingar ( )			
a) Viðskiptabönn	Með hvaða hætti tekur fyrirtækið tillit til viðskiptabanna?	<p>Þegar til stendur að senda vörur til ákvörðunarstaðar, þar sem viðskiptabann er í gildi, ættu að vera til reglur til þess að sannprófa viðkomandi reglugerðir um viðskiptabann. Þess háttar sannprófun ætti að taka, að minnsta kosti, til:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>– afhendingarbanna sem viðkomandi reglugerð um viðskiptabann gefur fyrirmæli um,</li> <li>– flokkunar framleiðsluvara, sem senda á, með hliðsjón af þeim vörulista sem viðskiptabannið tekur til,</li> <li>– viðbótarkrafna um leyfisveitingu vegna tiltekinnar þjónustu, t.d. tækniaðstoðar.</li> </ul>	f-liður 2. mgr. 9. gr.

Grunnsvið	Lýkilspurningar	Tilmæli um bestu starfsvenjur	Viðeigandi votunarflokkarnir
b) Listar vegna refsiaðgerða	<p>Með hvaða hætti tekur fyrirtækið tillit til lista vegna refsiaðgerða?</p> <p>Þegar reynt er að segja deili á aðilum á lista vegna refsiaðgerða, með hve mikilli vissu (t.d. í hundraðshlutum) er nauðsynlegt að segja til um samsvörum til þess að líta megi svo á að um samsvörum („markhitni“) sé að ræða? Hvaða verklagi er fylgt þegar samsvörum í nöfnum kemur fram?</p>	<p>Nöfn og deili á þeim lögaðilum og einstaklingum sem til stendur að afgreiða ætti að kanna með hlöðsjón af viðkomandi listum vegna refsiaðgerða.</p> <p>Málsmeðferðleiðbeiningar ættu að vera skrifðar niður, þar sem því er lýst hversu mikil líkindi eru á því að taka beri samsvaranir og „markhitni“ til athugunar (til dæmis, þegar samsvörum kemur fram, þar að tilkynna það viðkomandi lögberu stjórnvaldi).</p>	f-liður 2. mgr. 9. gr.
c) Eftirlit með framleiðsluvörum sem eru á lista (vörur háðar leysisveitingu, þar eð þær hafa verið færðar á lista yfir vörur háðar útflutnings-/tíflutningseftirliti)	<p>Spurningar um innri ferli sem eiga að tryggja að framleiðsluvara á lista sé hvorki flutt út né tilflutt án leyfis:</p> <p>1) Er rafrænt gagnavinnslukerfi til staðar sem skráir flokkun vara sem fyrirtækið tekur við eða framleiðir?</p> <p>2) Hvernig eru vörur, háðar kröfum um leyfisveitingu, flokkaðar og skráðar og hver ber ábyrgð á því? Hvaða ferli eru virk til þess að tryggja að flokkun vara sé uppfærð og hvernig er það skjalfest?</p> <p>3) Hvernig fer fram mat á endanlegri notkun viðtaka og á áreiðanleika þeirra?</p>	<p>Vöruflokkun ætti að skrá í rafrænt gagnavinnslukerfi (aðeins ef það er þegar til staðar). Breytingar á eftirlitslistum ætti að skrá í kerfinu.</p> <p>Starfsfólk, sem annast eftirlit með útflutningi/tíflutningi, ætti að bera ábyrgð á skráningu og flokkun vara í samræði við tæknisérfræðinga, ef nauðsyn krefur.</p> <p>Starfsfólk, sem annast eftirlit með útflutningi/tíflutningi, ætti að bera ábyrgð á því að samprófa áreiðanleika viðtaka, þar sem sérstakur gaumur er gefinn að endanlegri notkun og hættu á afvegaleiðslu.</p> <p>Frái starfsfólk, sem annast eftirlit með útflutningi/tíflutningi, vitanesku um að viðkomandi viðtaki hafi brotið reglur um eftirlit með útflutningi/tíflutningi ætti það að tilkynna viðkomandi lögberu stjórnvaldi um það. Samprófun þess að viðtaki sé í góðri trú er sérstaklega mikilvæg þegar um nýjan viðskiptaaðila er að ræða eða þegar óljóst er hver hann er eða þegar vafi leikur á hver tilgreind endanleg notkun er (t.d.: pöntun í óvenjulegu magni, sérstakar og óvenjulegar gegnumflutningsleiðir sem viðtaki fer fram á ...).</p>	f-liður 2. mgr. 9. gr.
d) Óefnislegur tíflutningur tækni	<p>Hvernig tryggir fyrirtækið að kröfur um óefnislegan tíflutning tækni séu uppfylltar (ITT) (t.d.: tölvupóstur og aðgangur að Netinu frá útlöndum)?</p>	<p>Fyrirtækið ætti að hafa gefið út skýr og skrifleg fyrirmæli varðandi óefnislegan tíflutning tækni með tölvupósti, simbréfi, gegnum innra net eða Netið.</p> <p>Afhending eða tíflutningur tækni ætti ekki að eiga sér stað fyrir en mat hefur farið fram á því hvort hún sé leyfishæf og sé hún leyfishæf, ekki fyrir en leyfi liggur fyrir þess efnis að tíflutningurinn sé heimill.</p>	f-liður 2. mgr. 9. gr.



Grunnsvið	Lýkilspurningar	Tilmæli um bestu starfsvenjur	Viðeigandi votunarförmiðanir
e) Tækniástoð	Hvernig tryggir fyrirtækið að kröfur um tækniástoð séu uppfylltar?	Verklag um regluþyngni viðvirkjandi tækniástoð ætti að vera til staðar: – fyrir erlenda gesti/starfsmenn, – fyrir starfsmenn erlendis (t.d. tæknimenn), – fyrir ráðstefnur, málstofur með þátttöku útlendinga eða þegar þær eru skipulagðar erlendis.	f-liður 2. mgr. 9. gr.
4.1.2. Verklagsreglur og skipulag: stíglýfsvísveitingar	Hvernig tryggir fyrirtækið að það leggi fram fullgerðar leyfissóknir?	Fyrirtækið ætti að vera búið tækjum til þess að uppfylla að öllu leyti skilyrði leyfissóknarferlisins og fara eftir því verklagi sem í gildi er í því aðildarríki þar sem það hefur staðfestu.	f-liður 2. mgr. 9. gr.
4.1.3. Verklagsreglur og skipulag: stíglýfsvísveitingu	Hvaða innra verklag tryggir að skilyrði leyfissins séu uppfyllt?	Lokasannprófun krafna um eftirlit með útflytningu/tíflutningi ætti að fara fram fyrir lokasendingu, til þess að tryggja sé að skilmálar og skilyrði leyfissins hafi verið uppfyllt.	f-liður 2. mgr. 9. gr.
4.2. Vitundarvakning og þjálfun starfsfólks sem annast eftirlit með útflytningu	Hvaða upplýsingar standa öllum starfsmönnum, sem koma að eftirliti með útflytningu/tíflutningu, til boða og starfsfólki sem annast útflyttingseftirlit/tíflutningu?	Allir ættu að hafa aðgang að ofangreindu skipulagi og verklagi sem tengist eftirliti með útflytningu/tíflutningu. Verklag þetta og skipulag ætti að skrá og uppfæra í handbókum um regluþyngni sem eru aðgengilegar starfsfólki sem annast eftirlit með útflytningu/tíflutningu. Verklagið og skipulagið ættu að fela í sér greinargóða lýsingu á ferli regluþyngni með tilliti til útflyttinga/tíflutninga, allt frá viðtöku þóttunar, sannprófun þyngni við viðeigandi reglur um útflytningu/tíflutningu allt til lokasendingar eða afhendingar.	f-liður 2. mgr. 9. gr.
Hve oft er þekking þess starfsfólks sem annast eftirlit með útflytningu uppfærð?	Hve oft er þekking þess starfsfólks sem annast eftirlit með útflytningu uppfærð?	Þetta ætti að eiga sér stað þegar breytingar eru gerðar á innlendra löggröf og löggröf Sambandsins um útflyttingseftirlit, en að minnsta kosti eigi sjaldnar en einu sinni á hvert. Auk áregra, almennra uppfærslu þjálfunar er mælt með því að skýringar á löggröf um eftirlit með útflytningu/tíflutningu og fagblöð og -tímarit standi starfsfólki til boða, ef þau eru fánæg.	
Hvernig er þekking þess starfsfólks sem annast eftirlit með útflytningu uppfærð?	Hvernig er þekking þess starfsfólks sem annast eftirlit með útflytningu uppfærð?	Þjálfun eftir ýmsum leiðum, meðal annars: – í málstofum utan fyrirtækisins, – með áskrift að upplýsingafundum sem lögber stjórnvöld bjóða fram, – með þjálfunarlotum, utan fyrirtækisins eða á Netinu.	

Grunnsvið	Lykilspurningar	Tilmæli um bestu starfsvenjur	Viðeigandi votunarflokkarnir
5. Efnislegt og tæknilegt öryggi	<p>Hefur fyrirtæki yðar hlotið öryggisviðurkenningu frá viðeigandi ríkisstofnun? Vinsamlegast veitið nánari upplýsingar.</p> <p>Sé ekki um neina þess háttar opinbera öryggisviðurkenningu að ræða, hvaða öryggisráðstafanir eru í gildi til þess að tryggja öryggi skýslna og verklags viðvikjandi útflutning/tíflutningi?</p> <p>Hvaða öryggisráðstafanir eru gerðar vegna hugbúnaðar og tækni?</p>	<p>Sérhvert innlent ráðuneyti varnarmála eða álik stofnun er líkleg til þess að gera kröfu um einhverjar öryggisráðstafanir, vinni fyrirtækið á þess eða hennar vegum. Sú staðreynd að fyrirtækið hafi hlotið öryggisviðurkenningu með einhverjum hætti kann að vera fullnægjandi.</p> <p>Athafnasvæði fyrirtækisins ætlu að vera alveg lokið með girðingu. Inngangur ætti að vera öruggur og skal fylgst með honum. Athafnasvæði fyrirtækisins ætlu að vera undir stöðugu eftirliti, jafnvel utan vinnutíma. Unnt er að hafa aðskilinn inngang, þar sem vörum er skilað og þær sóttar, fjárfri aðalframleiðslusvæðinu.</p> <p>Kerfið ætti að vera verndað með lykilorði og tryggt með eldvegg. Netkerfi fyrirtækisins er tryggt gegn óleyfilegum aðgangi.</p> <p>Rafræðabúnaður (fartölvur, persónulegur, stafrænn hjálparbúnaður o.s.frv.) ætti að vera varinn ef farið er með hann út fyrir fyrirtækið eða til útlanda, ennfremur tölvupóstur sem er sendur sem hluti af verkefni og við önnur tækifæri.</p>	<p>f-liður 2. mgr. 9. gr.</p> <p>f-liður 2. mgr. 9. gr.</p> <p>f-liður 2. mgr. 9. gr.</p>
6. Skráning og rekjanleiki útflutnings og tíflutnings	<p>Hvernig haldið þér skrár yfir útflutningstakmarkanir sem þér fáið í hendur frá afhendingaraðila varanna?</p> <p>Hvernig berið þér saman útflutningstakmarkanir og tíflutning eða útflutning?</p>	<p>Fyrirtækið ætti að fella inn í skrána eitt eða fleira af eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>– rafræna skrá eða tölvupóstismöppu,</li> <li>– möppur byggðar á verkefnum,</li> <li>– möppur byggðar á afhendingaraðilum,</li> <li>– í aðskildum möppum yfir takmarkanir,</li> <li>– í pantanakefi.</li> </ul> <p>Hugsanleg svör ætlu að innihalda eitt eða fleira af eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>– rafræna skrá eða tölvupóstismöppu sem inniheldur upplýsingar um innflutning og eftirfarandi hreyfingar,</li> <li>– sem hluta af rekstrarstjórnunarkerfi,</li> <li>– möppur byggðar á verkefnum eða afhendingaraðilum þar sem öllum upplýsingum er haldið saman,</li> <li>– skráningarkerfi sem líkist möppukefni,</li> </ul>	<p>f-liður 2. mgr. 9. gr.</p>

Grunnsvið	Lykilspurningar	Tilmæli um bestu starfsvenjur	Viðeigandi vottunarförmiðanir
	Með hvaða hætti hafa viðkomandi lögber sjórnvöld aðgang að þessum skráum?	<p>Tilmæli um bestu starfsvenjur</p> <p>Aðgangur að skráum ætti að vera mögulegur á rafrænu formi — í sumum tilvikum getur heimsókn til starfsstöðva verið nauðsynleg ef aðgangur að öryggi innra neti er nauðsynlegur, en sumar skrár kann að vera hægt að millifæra til fjarefirlits.</p> <p>Skrár geta einnig verið tiltekar sem pappírscintök og sum þeirra kann að vera hægt að skanna, til dæmis vegna fjarefirlits.</p>	f-liður 2. mgr. 9. gr.

(1) Tilgangurinn með forstígi leyfisveitingar er að ákvarða hvort eftirlit með útlutningi/tíflutningi spanni fyrirtækið, þ.e. hvort reglur um eftirlit með útlutningi/tíflutningi séu viðeigandi með tilliti til starfsemi og viðskipta fyrirtækisins og hvort gerð sé krafa um leyfisveitingu vegna þeirra viðskipta af þeim sökum. Markmið er að koma auga á og greina, eins snemma og frekast er unnt, áhættu í tengslum við eftirlit með útlutningi/tíflutningi og að gera allar þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar og viðeigandi, til dæmis að sækja um leyfi eða nota almennt leyfi með réttum hætti.

## II. VIÐAUKI

## STAÐLAÐ SNIÐMÁT VOTTORÐS

KENNIMERKI LÖGBÆRS STJÓRNVALDS – VIÐKOMANDI AÐILDARRÍKIS
SANNGREINING VIÐKOMANDI LÖGBÆRS STJÓRNVALDS
<b>VOTTORÐ</b>
<b>gefið út samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB frá 6. maí 2009 um að einfalda skilmála og skilyrði vegna tilflutnings varnartengdra vara innan Bandalagsins</b>
Vottorð nr. XXX –
Viðtökufyrirtæki ..... (nafn viðtökufyrirtækisins)
Skráð undir ..... (skráningarnúmer fyrirtækis)
Staðsett ..... (heimilisfang aðalskrifstofu, götunúmer, póstnúmer, bær)
uppfyllir kröfur 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 2009/43/EB eins og mælt er fyrir um í .....(vísun til innlendra laga sem lögleiða ákvæði 9. gr.).
Hið vottaða viðtökufyrirtæki, ásamt framleiðslueiningum þess sem taldar eru upp hér að aftan, á rétt á því að veita varnartengdum vörum viðtöku vegna eigin framleiðslu og vegna viðhalds og viðgerða samkvæmt almennum tilflutningsleyfum sem önnur aðildarríki gefa út.
Heimilisföng framleiðslueininga: .....
(Valfrjáls reitur til útlokunar): Vottorð þetta heimilrar viðtöku varnartengdra vara á sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins, að eftirtöldum flokkum undanskildum: .....
Skilyrði þessa vottorðs er að finna í ..... (viðeigandi innlend lög) Vottorð þetta gildir frá ..... (gildistökudagur) til ..... síðasti gildisdagur
Gefið út í .....(staður) Hinn ..... (útgáfudagur)
(Undirskrift þess lögbæra stjórnvalds sem ber ábyrgð á vottun)

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/36/58

frá 18. desember 2012

## um jafngildi milli flokka ökuskírteina

(tilkynnt með númeri C(2012) 9358)

(2013/21/ESB) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

- 4) Uppfæra ætti samsvörunartöflunarmáli milli flokka ökuskírteina, sem eru settar fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/766/EB frá 25. ágúst 2008 um jafngildi milli flokka ökuskírteina <sup>(2)</sup>.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

- 5) Því ber að fella ákvörðun 2008/766/EB úr gildi.

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB frá 20. desember 2006 um ökuskírteini <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 13 gr.,

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. gr.

Ákvörðun þessi gildir um öll gild ökuskírteini sem eru gefin út í aðildarríkjunum og eru í notkun.

- 1) Í tilskipun 2006/126/EB er kveðið á um að öll ökuskírteini sem gefin eru út í aðildarríkjunum, ættu aðildarríkin að viðurkenna gagnkvæmt, þ.m.t. þau sem gefin eru út fyrir gildistöðudag meginreglunnar um gagnkvæma viðurkenningu.

2. gr.

Samsvörunartöflur milli flokka ökuskírteina, sem hafa verið gefin út í aðildarríkjunum áður en tilskipun 2006/126/EB kom til framkvæmdar, og samræmdra flokka ökuskírteina, eins og þeir eru skilgreindir í 4. gr. tilskipunar 2006/126/EB, eru settar fram í viðauka við þessa ákvörðun.

- 2) Meginreglan um gagnkvæma viðurkenningu ökuskírteina felur í sér fulla viðurkenningu á þeim réttindum sem handhafa skirteinisins hafa verið veitt í samræmi við gildandi ákvæði landslaga á þeim tíma.

3. gr.

1. Flokkar ökuskírteina, sem hafa verið gefin út áður en tilskipun 2006/126/EB kom til framkvæmdar, veita handhafa heimild til að aka ökutækjum í samsvarandi flokkum, eins og lýst er í viðaukanum, án þess að skipta um ökuskírteini. Sérstakar takmarkanir kunna að gilda og eru þær gefnar upp fyrir viðkomandi réttindi í viðaukanum.

- 3) Í tilskipun 2006/126/EB er kveðið á um að aðildarríkin ættu að koma á jafngildi milli flokka ökuskírteina sem voru gefin út fyrir framkvæmd þeirrar tilskipunar og þeirra sem skilgreindir eru í 4. gr. tilskipunarinnar. Framkvæmdastjórnin skal samþykka þetta jafngildi á lagalega bindandi formi.

2. Ef ökuskírteini er skipt út fyrir fyrirmynd að ökuskírteini ESB, eins og lýst er í I. viðauka við tilskipun 2006/126/EB, skal veita jafngild réttindi, eins og lýst er í viðaukanum.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 19, 22.1.2013, bls. 1. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 202/2013 frá 8. nóvember 2013 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 19, 27.3.2014, bls. 13.

(1) Stjtið. ESB L 403, 30.12.2006, bls. 18.

(2) Stjtið. ESB L 270, 10.10.2008, bls. 31.

3. Tákntölur, sem gefa til kynna takmarkanir samsvarandi réttinda, eru samræmdar tákntölur ESB, eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2006/126/EB.

4. Meginreglan um gagnkvæma viðurkenningu, sem er sett fram í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2006/126/EB, gildir ekki um landsbundna flokka ökuskírteina.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 19. janúar 2013.

Ákvörðun 2008/766/EB fellur úr gildi frá og með 19. janúar 2013.

*5. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. desember 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Siim KALLAS

*varaforseti.*

## VIÐAUKI

## FYRIRMYNDIR GEFNAR ÚT Í BELGÍU

## Fyrirmynd Belgíu 1 (B1)

Gefið út í Belgíu frá 1.1.1967 til 31.12.1988

Lýsing: Fyrirmyndin er á einu af eftirfarandi tungumálum: Hollensku, frönsku og þýsku. Litur og prentun fyrirmyndarinnar getur verið breytileg. Fyrirmynd úr bleikum pappír (105/222 mm), sex síður.

## Samsvörunartafla

Flokkar í fyrirmynd B1	Samsvarandi flokkar	Athugasemdir
A	AM, A1, A2, A	
B	AM, A1, A2, A, B, BE	
B*	AM, A1, A2, A, B, BE	1
C	A1, A2, A, B, BE, C1, C1E, C, CE	
D	A1, A2, A, B, BE, C1, C1E, C, CE, D1, D1E, D, DE	
AF	AM, A1, A2, A, með tákntölum ESB fyrir sérþúin ökutæki	2
BF	B með tákntölum ESB fyrir sérþúin ökutæki	2

## Viðbótarupplýsingar:

- B\* að því er varðar ökutæki í flokki B, sem notuð eru sem leigubifreiðar, sem bílaleigubifreiðar, til flutninga á starfsfólki o.s.frv.
- Til að hafa réttindi til að aka ökutæki í flokki AF og/eða BF, er krafist gildingar á flokki A og/eða B, ásamt flokki F og tilvísun í númer skráningarkerkisins á skírteininu.

## Fyrirmynd Belgíu 2 (B2)

Gefið út í Belgíu frá 1.1.1989 til 30.09.1998

Lýsing: Fyrirmyndin er á einu af eftirfarandi tungumálum: Hollensku, frönsku og þýsku. Litur og prentun fyrirmyndarinnar getur verið breytileg. Fyrirmynd úr bleikum pappír (106/222 mm), sex síður.

## Samsvörunartafla

Flokkar í fyrirmynd B2	Samsvarandi flokkar
(A3)	AM
A2	AM, A1, A2, A
A1	AM, A1, A2, A
B	AM, B
BE	AM, B, BE
C	AM, B, C1, C
CE	AM, B, BE, C1, C1E, C, CE
D	AM, B, D1, D
DE	AM, B, BE, D1, D1E, D, DE

## Fyrirmynd Belgíu 3 (B3)

Gefið út í Belgíu síðan 1.1.1998

Lýsing: Fyrirmyndin er á einu af eftirfarandi tungumálum: Hollensku, frönsku og þýsku. Fyrirmynd úr bleikum pappír (106/222 mm), sex síður.

*Samsvörunartafla*

Flokkar í fyrirmynd B3	Samsvarandi flokkar
(A3)	AM
(G)	—
(A<)	AM, A1, A2
A	AM, A1, A2, A
B	AM, B
BE	AM, B, BE
C1	AM, B, C1
C1E	AM, B, BE, C1, C1E
C	AM, B, C1, C
CE	AM, B, BE, C1, C1E, C, CE
D1	AM, B, D1
D1E	AM, B, BE, D1, D1E
D	AM, B, D1, D
DE	AM, B, BE, D1, D1E, D, DE

**Fyrirmynd Belgíu 4 (B4)***Gefið út í Belgíu síðan 1.7.2010*

Lýsing: Fyrirmyndin er á einu af eftirfarandi tungumálum: Hollensku, frönsku og þýsku. Fyrirmyndin er bleikt kort úr pólýkרבónati, framleitt í samræmi við ákvæði I. viðauka við tilskipun 2006/126/EB.

*Samsvörunartafla*

Flokkar í fyrirmynd B4	Samsvarandi flokkar
(A3)	AM
(G)	—
(A<)	AM, A1, A2
A	AM, A1, A2, A
B	AM, B
BE	AM, B, BE
C1	AM, B, C1
C1E	AM, B, BE, C1, C1E
C	AM, B, C1, C
CE	AM, B, BE, C1, C1E, C, CE
D1	AM, B, D1
D1E	AM, B, BE, D1, D1E
D	AM, B, D1, D
DE	AM, B, BE, D1, D1E, D, DE

**FYRIRMYNDIR GEFNAR ÚT Í BÚLGARÍU****Fyrirmynd Búlgaríu 1 (BG1)***Gefið út í Búlgaríu frá 1.1.2010 til 19.1.2013*

Lýsing: Í samræmi við tilskipun 2006/126/EB.

*Samsvörunartafla*

Flokkar í fyrirmynd BG1	Samsvarandi flokkar
M	AM
A1	A1
—	A2
A	A
B1	B1



Flokkar í fyrirmynd BG1	Samsvarandi flokkar
B	B
BE	BE
C1	C1
C1E	C1E
C	C
CE	CE
D1	D1
D1E	D1E
D	D
DE	DE
<i>Tr6</i>	—
<i>Tm</i>	—
<i>Tkt</i>	—

### FYRIRMYNDIR GEFNAR ÚT Í TÉKKLANDI

#### Fyrirmynd Tékklands 1 (CZ1)

*Gefið út í Tékklandi frá 1.1.2001 til 30.4.2004*

Lýsing: Efni: Marglitur pappír í sömu gæðum og peningaseðlar, umlukið plasti. Hringlaga heilmynd (með bókstöfunum „CZ“ í miðjunni) á samlímdu plasti skarast við ljósmyndina neðst til vinstri. Mynd: 35 mm × 45 mm fest innan rammans á framhliðinni, stimplað með opinberum stimpli, þ.m.t. nafn útgáfufyrvalds og skjaldarmerki ríkisins.

Gildistími ökuskírteinis: allt að lífstíð. Skipta þarf út þessari fyrirmynd eigi síðar en 31. desember 2013.

#### Samsvörunartafla

Flokkar í fyrirmynd CZ1	Samsvarandi flokkar
AM	AM
A1	A1
A (18 ára og eldri)	A2
A (21 ára og eldri)	A
B1	B1
B	B
BE	BE
C1	C1
C1E	C1E
C	C
CE	CE
D1	D1
D1E	D1E
D	D
DE	DE
<i>T (landsbundinn flokkur landbúnaðardráttarvéla)</i>	—

#### Fyrirmynd Tékklands 2 (CZ2)

*Gefið út í Tékklandi síðan 1.5.2004*

Lýsing: Efni: Plastkort úr pólýkarbónati í stærð ID1 – 54 × 86 mm (kreditkortastærð) með orðunum „ŘIDIČSKÝ PRŮKAZ“ og nafni landsins „ČESKÁ REPUBLIKA“ efst. Á hægri hlið kortsins eru orðin „MODEL EVROPSKÝCH SPOLEČENSTVÍ“ og „DRIVING LICENSE“ á tungumálum ESB. Efst í vinstra horni kortsins er auðkennisstafur eða -stafir aðildarríkisins sem gefur skírteinið út („CZ“), prentað negatíft í bláan réttthyrning með tólf gulum stjörnum í kring. Leysigreyptar persónuupplýsingar, þ.m.t. mynd og undirskrift handhafa. Á báðum hliðum kortsins er upphleypt bakgrunnsmunstur og bókstafirnir „CZ“. Í efra horninu til hægri á framhliðinni er kennimerki með bókstöfunum „CZ“ með sjónrænt breytilegum prentlit sem skiptir á milli þess að vera gylltur og grænn. Í neðra horninu til hægri á framhliðinni er breytileg mynd, ljósmynd af handhafa ökuskírteinisins og ökuskírteinisnúmer (sama og í reit 5).

Gildistími ökuskírteinisins: 10 ár

## Samsvörunartafla

Flokkar í fyrirmynd CZ2	Samsvarandi flokkar
A1	A1
A (18 ára og eldri)	A2
A (21 ára og eldri)	A
B1	B1
B	B
BE	BE
C1	C1
C1E	C1E
C	C
CE	CE
D1	D1
D1E	D1E
D	D
DE	DE
AM	AM
T (landsbundinn flokkur landbúnaðardráttarvéla)	—

## FYRIRMYNDIR GEFNAR ÚT Í DANMÖRKU

## Fyrirmynd Danmerkur 1 (DK1)

Gefið út í Danmörku til 30.4.1986

Lýsing: Fyrirmyndin er bleik, fjórar síður.

## Samsvörunartafla

Flokkar í fyrirmynd DK1	Samsvarandi flokkar	Athugasemdir
A1	AM, A1, A2, A	1
A2	AM, A1, A2, A	1
B	AM, B1, B	2
BE	BE	
C	C1, C	
CE	C1E, CE	
D	D1, D	
DE	D1E, DE	

## Viðbótarupplýsingar:

- Danski flokkurinn A1 er bifhjól án hliðarvagns og A2 er bifhjól með hliðarvagni. Þessir flokkar eru því ekki í samræmi við samsvarandi undirflokka A1 og A2 eins og þeir eru skilgreindir í tilskipun 2006/126/EB. Réttindi til að aka ökutæki í danska flokknum A1 takmarkast við bifhjól án hliðarvagns og A2 takmarkast við bifhjól með hliðarvagni. Handhafar réttinda í danska flokknum A1 og/eða A2 eiga rétt á fullum réttindum í flokkum AM, A1, A2 og A í öðrum aðildarríkjum.
- Handhöfum réttinda í danska flokknum B er einnig heimilt að aka vélknúnum þríhjólum.

Þessi fyrirmynd gildir ekki lengur vegna aksturs í Danmörku, þar sem innleidd var skyldubundin endurnýjun á öllum skírteinum á árunum 1991 til 1993. Þó má endurnýja skírteinið fyrir nýtt ökuskírteini, sem gefið er út í Danmörku og þurfa önnur aðildarríki að viðurkenna það til 19.01.2033.

## Fyrirmynd Danmerkur 2 (DK2)

Gefið út í Danmörku frá 1.5.1986 til 30.6.1996

Lýsing: fyrirmyndin er með bleikum og drapplitum línun, fjórar síður.

*Samsvörunartafla*

Flokkar í fyrirmynd DK2	Samsvarandi flokkar	Athugasemdir
A1	AM, A1, A2, A	1
A2	AM, A1, A2, A	1
B	AM, B1, B	2
BE	BE	
C	C1, C	
CE	C1E, CE	
D	D1, D	
DE	D1E, DE	

*Viðbótarupplýsingar:*

- Danski flokkurinn A1 er bifhjól án hliðarvagns og A2 er bifhjól með hliðarvagni. Þessir flokkar eru því ekki í samræmi við samsvarandi undirflokk A1 og A2 eins og þeir eru skilgreindir í tilskipun 2006/126/EB. Réttindi til að aka ökutæki í danska flokknum A1 takmarkast við bifhjól án hliðarvagns og A2 takmarkast við bifhjól með hliðarvagni. Handhafar réttinda í danska flokknum A1 og/eða A2 eiga rétt á fullum réttindum í flokkum AM, A1, A2 og A í öðrum aðildarríkjum.
- Handhöfum réttinda í danska flokknum B er einnig heimilt að aka vélknúnum þríhjólum.

**Fyrirmynd Danmerkur 3 (DK3)**

*Gefið út í Danmörku frá 1.7.1996 til 13.4.1997*

Lýsing: fyrirmynd með bleikum og drapplitum línum, fjórar síður.

*Samsvörunartafla*

Flokkar í fyrirmynd DK3	Samsvarandi flokkar	Athugasemdir
A (lítið bifhjól)	AM, A1	1
A (stórt bifhjól)	AM, A1, A2, A	2
B	AM, B1, B	3
BE	BE	
C	C1, C	
CE	C1E, CE	
D	D1, D	
DE	D1E, DE	

*Viðbótarupplýsingar:*

- Handhöfum réttinda í danska flokknum A (lítið bifhjól) er heimilt að aka:
  - bifhjóli á tveimur hjólum án hliðarvagns, þar sem hlutfallið á milli afls og þyngdar (að viðbættu vatni, olíu og eldsneyti) er ekki umfram 0,16 kW/kg og aflíð er ekki umfram 25 kW,
  - bifhjóli á tveimur hjólum með hliðarvagni, þar sem hlutfallið á milli afls og þyngdar (að viðbættu vatni, olíu og eldsneyti) er ekki umfram 0,16 kW/kg,
  - bifhjóli með þremur hjólum,
  - ökutækjum sem nefnd eru í a-, b- og c-lið, með eftirvagni,
  - stóru léttu bifhjóli.
- Handhöfum réttinda í danska flokknum A (stór bifhjól) er heimilt að aka:
  - ökutæki sem nefnd eru í 1. mgr.,

- b. bifhjóli á tveimur hjólum án hliðarvagns, þar sem hlutfallið á milli afls og þyngdar (að viðbættu vatni, olíu og eldsneyti) er umfram 0,16 kW/kg eða aflíð er umfram 25 kW,
  - c. bifhjóli á tveimur hjólum með hliðarvagni, þar sem hlutfallið á milli afls og þyngdar (að viðbættu vatni, olíu og eldsneyti) er umfram 0,16 kW/kg,
  - d. ökutækjum sem nefnd eru í b- og c-lið, með eftirvagni.
3. Handhöfum réttinda í danska flokknunum B er einnig heimilt að aka bifhjólum með þremur hjólum.

#### Fyrirmynd Danmerkur 4 (DK4)

*Gefið út í Danmörku síðan 14.4.1997*

Lýsing: Fyrirmynd er kort úr plasti skv. I. viðauka a við tilskipun 91/439/EBE.

#### Samsvörunartafla

Flokkar í fyrirmynd DK4	Samsvarandi flokkar	Athugasemdir
A (lítið bifhjól)	AM, A1	1
A (stórt bifhjól)	AM, A1, A2, A	2
B	AM, B1, B	3
BE	BE	
C	C1, C	
CE	C1E, CE	
D	D1, D	
DE	D1E, DE	

#### Viðbótarupplýsingar:

1. Handhöfum réttinda í danska flokknunum A (lítið bifhjól) er heimilt að aka:
  - a. bifhjóli á tveimur hjólum án hliðarvagns, þar sem hlutfallið á milli afls og þyngdar (að viðbættu vatni, olíu og eldsneyti) er ekki umfram 0,16 kW/kg og aflíð er ekki umfram 25 kW,
  - b. bifhjóli á tveimur hjólum með hliðarvagni, þar sem hlutfallið á milli afls og þyngdar (að viðbættu vatni, olíu og eldsneyti) er ekki umfram 0,16 kW/kg,
  - c. bifhjóli með þremur hjólum,
  - d. ökutækjum sem nefnd eru í a-, b- og c-lið, með eftirvagni,
  - e. stóru léttu bifhjóli.
2. Handhöfum réttinda í danska flokknunum A (stór bifhjól) er heimilt að aka:
  - a. ökutæki sem nefnd eru í 1. mgr.,
  - b. bifhjóli á tveimur hjólum án hliðarvagns, þar sem hlutfallið á milli afls og þyngdar (að viðbættu vatni, olíu og eldsneyti) er umfram 0,16 kW/kg eða aflíð er umfram 25 kW,
  - c. bifhjóli á tveimur hjólum með hliðarvagni, þar sem hlutfallið á milli afls og þyngdar (að viðbættu vatni, olíu og eldsneyti) er umfram 0,16 kW/kg,
  - d. ökutækjum sem nefnd eru í b- og c-lið, með eftirvagni.
3. Handhöfum réttinda í danska flokknunum B er einnig heimilt að aka vélknúnum þríhjólum.

Ekki er unnt að rekja dagsetningar fyrsta útgáfudags flokka ökuskrteina, sem voru gefin út fyrir 1.5.1986. Í slíkum tilvikum geta táknið „<“ eða „≤“ verið í 10. dálki skirteinisins, ásamt tilteknu ári, sem vísar til þess að flokkurinn var gefinn út fyrir það ár, eða á því ári.

Til 19. janúar 2013 eru dönsku reglurnar, sem veita réttindi til að aka litlum léttum bifhjólum, sem hér segir:

Eftirfarandi veitir hvert fyrir sig einstaklingi réttindi til að aka litlu léttu bifhjóli í Danmörku:

- a) vottorð fyrir létt bifhjól,
- b) ökuskírteini til að aka dráttartæki eða
- c) vera 18 ára eða eldri.

## FYRIRMYNDIR GEFNAR ÚT Í ÞÝSKALANDI

### Fyrirmynd Þýskalands 1 (D1)

*Gefið út í Þýskalandi til 1.4.1986 (í sérstökum tilvikum getur útgáfudagur verið eftir 1.4.1986)*

Lýsing: Grátt, fjórar síður. Mögulegt er að í reynd séu ýmis frávik að því er varðar lit og form fyrirmyndarinnar þar sem fyrirmyndin hefur verið gefin út í meira en 40 ár. Fyrirmyndir sem eru gefnar út í Saarlandi geta verið mismunandi að stærð og eru á tveimur tungumálum (þýsku og frönsku).

#### Samsvörunartafla

Flokkar í fyrirmynd D1	Samsvarandi flokkar	Athugasemdir
1	AM, A1, A2, A	1
1 beschränkt auf Leichtkrafträder: 1.4.1980 – 31.3.1986	AM, A1	7
2	AM, A1, AB, BE, C1, C1E, C, CE	2, 3, 5, 8
3	AM, B, BE, C1, C1E	3, 4, 5, 9
4	—	6
(5)	—	

#### Viðbótarupplýsingar:

Mögulegt er að fram geti komið frekari réttindi sem eru mjög sérstök eða takmörkuð og koma ekki fram í töflunum. Í þeim undantekningartilvikum sem slíkt hendir þarf að hafa samband við þýsk útgáfufyrirvöld ef vafi leikur á gildissviði tiltekinna réttinda.

1. Ef skírteini í „Klasse 1“ var fengið fyrir 1.4.1954 (fyrir 1.10.1960 í Saarlandi) hefur handhafi skírteinisins að auki réttindi til að aka ökutæki í flokki B 79 ( $\leq 700 \text{ cm}^3$ ), án þess að þurfa að skipta um ökuskírteini. Ef skipt er um ökuskírteini í slíkum tilvikum er handhafanum veitt fullt skírteini í B flokki.
2. Ef handhafi skírteinis með réttindi í „Klasse 2“ átti 50 ára afmæli fyrir 31.12.1999 féllu réttindi hans úr gildi 31.12.2000. Ef þessi skírteinishafi hefur skipt um skírteini fyrir nýja fyrirmynd fyrir 31.12.2000, eða á þeim degi, gildir gildistími og tíðni læknisskoðana samkvæmt nýju fyrirmyndinni. Ef handhafi á 50 ára afmæli eftir 31.12.1999 þarf hann að skipta skírteininu sínu út fyrir nýja fyrirmynd eigi síðar en á 50 ára afmælisdegi sínum og þaðan í frá er um að ræða fimm ára gildistíma.

Þegar slíkur handhafi skírteinis tekur upp fasta búsetu í öðru aðildarríki án þess að uppfylla framangreindar reglur, skal ekki viðurkenna réttindi hans í „Klasse 2“ (nema hann hafi breytt fastri búsetu sinni áður en framangreindar reglur giltu um hann).

3. Ef skírteini í „Klasse 2“ eða „Klasse 3“ var fengið fyrir 1.12.1954 (fyrir 1.10.1960 í Saarlandi), hefur handhafinn að auki réttindi til aksturs í flokkum A1 og A 79 ( $\leq 250 \text{ cm}^3$ ). Í báðum tilvikum hefur handhafinn ótakmörkuð réttindi í flokki A ef skipt hefur verið um skírteini.

Ef skírteini í „Klasse 2“ eða „Klasse 3“ var fengið eftir framangreindar dagsetningar en fyrir 1.4.1980 hefur handhafinn að auki réttindi til aksturs í flokki A1.

4. Handhafi skírteinis í „Klasse 3“ hefur einnig réttindi til aksturs eftirfarandi ökutækja: CE 79 ( $C1E > 12 \text{ t}$ ,  $L \leq 3$ ) (= ekki fleiri en þrjár ásar í heildina).

Þessi réttindi þarf aðeins að færa á nýtt skírteini, sem er gefið út í staðinn, ef handhafinn óskar sérstaklega eftir því.

5. Handhafi skirteinis í „Klasse 3“ hefur réttindi til að aka hópbifreiðum án farþega, sem eru að hámarki 7,5 tonn að þyngd, einnig í ferðum milli landa. Handhafi skirteinis í „Klasse 2“ hefur réttindi til að aka hópbifreiðum án farþega í ferðum milli landa. Eftir að fyrirmyndunum hefur verið skipt út í Þýskalandi eru réttindin til að aka hópbifreið án farþega takmörkuð við þýskt yfirráðasvæði með notkun landsbundinnar tákntölu.
6. Ef réttindi í „Klasse 4“ voru veitt fyrir 1.12.1954 (fyrir 1.10.1960 í Saarlandi) er ekki aðeins um að ræða landsbundinn flokk, heldur veitir handhafanum réttindi til aksturs í eftirfarandi flokkum: A1, A 79 ( $\leq 250 \text{ cm}^3$ ) og B 79 ( $\leq 700 \text{ cm}^3$ ). Í báðum tilvikum hefur handhafinn ótakmörkuð réttindi í flokki A og B ef skipt hefur verið um skirteini.  
  
Ef skirteini í „Klasse 4“ var gefið út eftir framangreindar dagsetningar en fyrir 1.4.1980 hefur handhafinn réttindi til aksturs í flokki A1.
7. A1 veitir einnig réttindi til aksturs bifhjóla í flokki A1, með hlutfall milli afls og þyngdar yfir 0,1 kW/kg (ný tákntala 79.05).
8. A1 veitir einnig réttindi til aksturs bifhjóla í flokki A1, með hlutfall milli afls og þyngdar yfir 0,1 kW/kg (ný tákntala 79.05). A er takmarkaður við bifhjól með þremur hjólum (ný tákntala 79.03) og bifhjól með þremur hjólum og með eftirvagni og þar sem leyfilegur hámarksmassi er ekki yfir 750 kg (ný tákntala 79.04). BE gildir einnig fyrir ökutæki í flokki BE þar sem leyfilegur hámarksmassi eftirvagnsins fer yfir 3 500 kg (ný tákntala 79.06).
9. A er takmarkaður við bifhjól með þremur hjólum (ný tákntala 79.03) og bifhjól með þremur hjólum og með eftirvagni og þar sem leyfilegur hámarksmassi er ekki yfir 750 kg (ný tákntala 79.04). BE gildir einnig fyrir ökutæki í flokki BE þar sem leyfilegur hámarksmassi eftirvagnsins fer yfir 3 500 kg (ný tákntala 79.06).

#### Fyrirmynd Þýskalands 2 (D2)

*Gefið út í Alþýðulýðveldinu Þýskalandi til 1969*

Lýsing: Grá fyrirmynd með fjórum síðum.

Lögboðin breyting, sem öðlaðist gildi 1.4.1957, breytti gildissviði og skilgreiningunum á flokkunum. Því er þörf á tveimur samsvörunartöflum fyrir þessa fyrirmynd.

**D2a:** Fyrirmynd gefin út til 31.3.1957

#### Samsvörunartafla

Flokkar í fyrirmynd D2a	Samsvarandi flokkar	Athugasemdir
1	AM, A1, A2, A, B	5
2	AM, A1, A2, A, B, BE, C1, C1E, C, CE	1, 3, 4, 6
3	AM, A1, A2, A, B, BE, C1, C1E, C, CE	2, 3, 4, 6
4	AM, A1, A2, A, B	4, 5

**D2b:** Fyrirmynd gefin út frá 1.4.1957 til 1969

#### Samsvörunartafla

Flokkar í fyrirmynd D2b	Samsvarandi flokkar	Athugasemdir
1	AM, A1, A2, A	
2	AM, A1, B	4, 5
3	AM, A1	7
4	AM, A1, B, BE, C1, C1E	2, 3, 4, 6
5	AM, A1, B, BE, C1, C1E, C, CE	1, 3, 4, 6

*Viðbótarupplýsingar:*

Mögulegt er að fram geti komið frekari réttindi sem eru mjög sérstök eða takmörkuð og koma ekki fram í töflunum. Í þeim undantekningartilvikum sem slíkt hendur þarf að hafa samband við þýsk útgáfufyrirvöld ef vafi leikur á gildissviði tiltekinna réttinda.

1. Ef handhafi réttinda í „Klasse 2“, sem eru gefin út fyrir 1.4.1957 eða réttinda í „Klasse 5“, sem eru gefin út eftir 31.3.1957, átti 50 ára afmæli fyrir 31.12.1999, falla réttindi hans úr gildi 31.12.2000. Ef þessi skírteinishafi hefur skipt um skírteini fyrir nýja fyrirmynd fyrir 31.12.2000, eða á þeim degi, gildir gildistími og tíðni læknisskoðana samkvæmt nýju fyrirmyndinni. Ef handhafi á 50 ára afmæli eftir 31.12.1999 þarf hann að skipta skírteininu sínu út fyrir nýja fyrirmynd eigi síðar en á 50 ára afmælisdegi sínum og þaðan í frá er um að ræða fimm ára gildistíma.

Þegar slíkur handhafi skírteinis tekur upp fasta búsetu í öðru aðildarríki án þess að uppfylla framangreindar reglur, skal ekki viðurkenna réttindi hans í „Klasse 2“ (nema hann hafi breytt fastri búsetu sinni áður en framangreindar reglur giltu um hann).

2. Handhafi skírteinis í „Klasse 3“, sem gefið er út fyrir 1.4.1957 og skírteinis í „Klasse 4“, sem er gefið út eftir 31.3.1957 hefur einnig réttindi til að aka eftirfarandi ökutækjum: CE 79 (C1E > 12 t, L ≤ 3) (= að hámarki þrjú ásar í heildina).

Þessi réttindi færast aðeins á nýtt skírteini, sem er gefið út í staðinn, ef handhafinn óskar sérstaklega eftir því.

3. Handhafi skírteinis í „Klasse 3“, sem er gefið út fyrir 1.4.1957 (D2a) eða skírteinis í „Klasse 4“, sem er gefið út eftir 31.3.1957 (D2b), hefur réttindi til að aka hópþífreiðum án farþega, sem eru að hámarki 7,5 tonn að þyngd, einnig í umferð á milli landa.

Handhafi skírteinis í „Klasse 2“, sem er gefið út fyrir 1.4.1957 (D2a) eða skírteinis í „Klasse 5“, sem er gefið út eftir 31.3.1957 (D2b), hefur réttindi til að aka hópþífreiðum án farþega í umferð á milli landa.

Eftir að fyrirmyndunum hefur verið skipt út í Þýskalandi eru réttindin til að aka hópþífreiðum án farþega takmörkuð við þýskt yfirráðasvæði með notkun landsbundinnar tákntölu.

4. Handhafi skírteinis í „Klasse 2“, „Klasse 3“ eða „Klasse 4“ að fyrirmynd D2a eða skírteinis í „Klasse 2“, „Klasse 4“ eða „Klasse 5“ að fyrirmynd D2b, sem var gefið út fyrir 1.12.1954, hefur aðeins réttindi til ótakmarkaðs aksturs í flokki A þegar hann hefur skipt um skírteini. Sé ekki skipt um skírteini veitir fyrirmyndin handhafanum aðeins réttindi til aksturs samkvæmt A 79 (≤ 250 cm<sup>3</sup>).

5. Sé skjalinu ekki skipt út gildir eftirfarandi:

Hafi skírteini í „Klasse 1“ eða „Klasse 4“ verið gefið út fyrir 1.12.1954 hefur handhafinn aðeins réttindi til aksturs samkvæmt B 79 (≤ 700 cm<sup>3</sup>). Hafi skírteini í „Klasse 1“ eða „Klasse 4“ verið gefið út 1.4.1957 eða fyrr, eða hafi skírteini í „Klasse 2“ verið gefið út eftir 31.3.1957, hefur handhafinn aðeins heimild til aksturs samkvæmt B 79 (≤ 250 cm<sup>3</sup>).

Hafi skjali verið skipt út fyrir nýtt skírteini eru handhafanum veitt full réttindi samkvæmt B.

6. BE gildir einnig fyrir ökutæki í flokki BE þar sem leyfilegur hámarksmassi eftirvagnsins fer yfir 3 500 kg (ný tákntala 79.06).
7. A1 veitir einnig réttindi til aksturs bifhjóla í flokki A1, með hlutfall milli afls og þyngdar yfir 0,1 kW/kg (ný tákntala 79.05).

### Fyrirmynd Þýskalands 3 (D3)

*Gefið út í Alþýðulýðveldinu Þýskalandi frá 1969 til 31.5.1982*

Lýsing: 12 síðna skírteinisbók, með grárrí kápu.

#### Samsvörunartafla

Flokkar í fyrirmynd D3	Samsvarandi flokkar	Athugasemdir
1	AM, A1, A2, A	
2	AM, B	4, 5, 6
3	AM	6
4	AM, B, BE, C1, C1E	2, 3, 4, 6, 7
5	AM, A1, A, B, BE, C, C1, C1E, CE	1, 3, 4, 6, 7, 8
§ 6 StVZO, § 85 StVZO	—	6

*Viðbótarupplýsingar:*

Mögulegt er að fram geti komið frekari réttindi sem eru mjög sérstök eða takmörkuð og koma ekki fram í töflunum. Í þeim undantekningartilvikum sem slíkt hendir þarf að hafa samband við þýsk útgáfufyrirvöld ef vafi leikur á gildissviði tiltekinnna réttinda.

1. Ef handhafi skirteinis með réttindi í „Klasse 5“ átti 50 ára afmæli fyrir 31.12.1999 féllu réttindi hans úr gildi 31.12.2000. Ef þessi skirteinishafi hefur skipt um skirteini fyrir nýja fyrirmynd 31.12.2000 eða fyrr, gildir gildistími og tíðni læknisskoðana samkvæmt nýju fyrirmyndinni. Ef handhafi á 50 ára afmæli eftir 31.12.1999 þarf hann að skipta skirteininu sínu út fyrir nýja fyrirmynd eigi síðar en á 50 ára afmælisdegi sínum og þaðan í frá er um að ræða fimm ára gildistíma. Þegar slíkur handhafi skirteinis tekur upp fasta búsetu í öðru aðildarríki án þess að uppfylla framangreindar reglur, skal ekki viðurkenna réttindi hans í „Klasse 2“ (nema hann hafi breytt fastri búsetu sinni áður en framangreindar reglur giltu um hann).

2. Handhafi skirteinis í „Klasse 4“ hefur einnig réttindi til aksturs eftirfarandi ökutækja: CE 79 (C1E > 12 t, L ≤ 3) (= ekki fleiri en þrjú ásar í heildina).

Þessi réttindi færast aðeins á nýtt skirteini, sem er gefið út í staðinn, ef handhafinn óskar sérstaklega eftir því.

3. Handhafi skirteinis í „Klasse 4“ hefur réttindi til að aka hópbifreiðum án farþega, sem eru að hámarki 7,5 tonn að þyngd, einnig í umferð á milli landa. Handhafi ökuskirteinis í „Klasse 5“ hefur réttindi til að aka hópbifreiðum án farþega í umferð á milli landa. Eftir að fyrirmyndunum hefur verið skipt út í Þýskalandi eru réttindin til að aka hópbifreið án farþega takmörkuð við þýskt yfirráðasvæði með notkun landsbundinnar tákntölu.

4. Handhafi skirteinis í „Klasse 2“, „Klasse 4“ eða „Klasse 5“, sem var upphaflega gefið út fyrir 1.12.1954, hefur aðeins ótakmörkuð réttindi til aksturs samkvæmt flokki A þegar hann hefur skipt um skirteini. Sé ekki skipt um skirteini veitir fyrirmyndin handhafanum aðeins réttindi til aksturs samkvæmt A 79 (≤ 250 cm<sup>3</sup>).

5. Sé skjalinu ekki skipt út gildir eftirfarandi:

Hafi skirteini í „Klasse 1“ verið gefið út fyrir 1.12.1954 hefur handhafinn réttindi til aksturs samkvæmt B 79 (≤ 700 cm<sup>3</sup>). Hafi skirteini í „Klasse 1“ verið gefið út 1.4.1957 eða fyrr, eða hafi skirteini í „Klasse 2“ verið gefið út eftir 1.4.1957, hefur handhafinn aðeins réttindi til aksturs samkvæmt B 79 (≤ 250 cm<sup>3</sup>).

Hafi skjali verið skipt út fyrir nýtt skirteini eru handhafanum veitt full réttindi samkvæmt B.

6. Hafi handhafi skirteinis í „Klasse 2“, „Klasse 3“, „Klasse 4“ eða „Klasse 5“, eða samkvæmt § 6 StVZO eða § 85 StVZO, fengið skirteini sitt fyrir 1.4.1980, hefur hann að auki réttindi til aksturs samkvæmt flokki A1. Í þessu tilfalli er „Klasse 3“ ekki aðeins landsbundinn flokkur.

7. BE gildir einnig fyrir ökutæki í flokki BE þar sem leyfilegur hámarksmassi eftirvagnsins fer yfir 3 500 kg (ný tákntala 79.06).

8. A1 og A takmarkast við bifhjól með þremur hjólum (ný tákntala 79.03).

**Fyrirmynd Þýskalands 4 (D4)**

*Gefið út í Alþýðulýðveldinu Þýskalandi frá 1.6.1982 til 2.10.1990*

Lýsing: Fyrirmynd úr skærbleikum pappír, fjórar síður.

*Samsvörunartafla*

Flokkar í fyrirmynd D4	Samsvarandi flokkar	Athugasemdir
A	AM, A1, A2, A	4
B	AM, A1, A, B, BE, C1, C1E	2, 3, 5, 6
C	AM, A1, A, B, BE, C1, C1E, C	1, 3, 5, 6



Flokkar í fyrirmynd D4	Samsvarandi flokkar	Athugasemdir
D	AM, A1, A, B, BE, C1, C1E, D	1, 5, 6
BE	AM, A1, A, B, BE, C1, C1E	2, 5, 6,
CE	AM, A1, A, B, BE, C1, C1E, C, CE)	1, 5, 6
DE	AM, A1, A, B, BE, C1, C1E, D, DE	1, 5, 6

*Viðbótarupplýsingar:*

Mögulegt er að fram geti komið frekari réttindi sem eru mjög sérstök eða takmörkuð og koma ekki fram í töflunum. Í þeim undantekningartilvikum sem slíkt hendir þarf að hafa samband við þýsk útgáfufyrirvöld ef vafi leikur á gildissviði tiltekinna réttinda.

1. Ef handhafi skirteinis með réttindi í „Klasse C“, „CE“, „D“ og „DE“ átti 50 ára afmæli fyrir 31.12.1999 féllu réttindi hans úr gildi 31.12.2000. Ef þessi skirteinishafi hefur skipt um skirteini fyrir nýja fyrirmynd 31.12.2000 eða fyrr, gildir gildistími og tíðni læknisskoðana samkvæmt nýju fyrirmyndinni. Ef handhafi á 50 ára afmæli eftir 31.12.1999 þarf hann að skipta skirteininu sínu út fyrir nýja fyrirmynd eigi síðar en á 50 ára afmælisdegi sínum og þaðan í frá er um að ræða fimm ára gildistíma.

yfirráðasvæði sama aðildarríkis að því tilskildu að almennt sé ástandið, að því er varðar svínapest á svæðunum sem eru skráð í viðaukann, gott og:

- að svínin séu flutt beint í sláturhús í þeim tilgangi að vera slátrað tafarlaust eða
- að svínin hafi verið haldin á bújörðum sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í a-lið 4. gr.

3. gr.

##### **Bann við sendingum af sæði, eggjum og fósturvísunum svína frá svæðunum, sem eru skráð í viðaukann, til annarra aðildarríkja**

Hlutaðeigandi aðildarríki skulu tryggja að eftirfarandi sendingar fari ekki frá yfirráðasvæði þeirra til annarra aðildarríkja:

- sæði dýra af svínakyni, nema það sé upprunnið úr svínunum sem eru haldin á samþykktum söfnunarstöðum, eins og um getur í a-lið 3. gr. tilskipunar ráðsins 90/429/EBE<sup>(8)</sup>, sem eru staðsettar utan svæðanna sem eru skráð í viðaukann við þessa ákvörðun,
- egg og sæði úr svínunum nema eggin og sæðið séu upprunnin úr svínunum sem eru haldin á bújörðum sem eru staðsettar utan svæðanna sem eru skráð í viðaukann.

4. gr.

##### **Sendingar á nýju svínakjöti og á tilteknum unnum kjötvörum og kjötafurðum frá svæðum sem eru skráð í viðaukann**

Hlutaðeigandi aðildarríki skulu tryggja að sendingar af nýju svínakjöti, unnum kjötvörum og kjötafurðum, sem samanstanda af eða innihalda kjöt af svínunum sem eru haldin á bújörðum sem eru staðsettar á svæðum sem eru skráð í viðaukann, séu aðeins sendar til annarra aðildarríkja ef:

annaðhvort

- svínin sem um er að ræða hafa verið haldin á bújörðum þar sem:
  - ekki hafa verið skráðar neinar vísbendingar um svínapest á næstliðnum 12 mánuðum á viðkomandi bújörð og sú bújörð er staðsett utan verndarsvæðis eða eftirlitssvæðis sem komið var á í samræmi við tilskipun 2001/89/EB,
  - svínin hafa verið í a.m.k. 90 daga á bújörðinni og ekki hafa verið flutt lifandi svín til bújarðarinnar á næstliðnum 30 dögum fram að sendingardegi í sláturhúsið,

<sup>(8)</sup> Tilskipun ráðsins 90/429/EBE frá 26. júní 1990 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem eiga við um viðskipti innan Bandalagsins og innflutning á djúprýstu sæði húsdýra af svínakyni (Stjtið. EB L 224 18.8.1990, bls. 62).

- smitvörnum, sem lögbært yfirvald samþykkir, er beitt á bújörðinni,
- lögbært yfirvald hefur framkvæmt skoðanir á bújörðinni a.m.k. tvisvar á ári, sem skulu:
  - i. vera í samræmi við leiðbeiningarnar sem eru settar fram í III. kafla viðaukans við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/106/EB<sup>(9)</sup>,
  - ii. fela í sér klíniska rannsókn í samræmi við skoðunar- og sýnatökuaðferðirnar sem eru settar fram í A-hluta IV. kafla viðaukans við ákvörðun 2002/106/EB,
  - iii. kanna skilvirka beitingu ráðstafananna sem kveðið er á um í öðrum undirlið og í fjórða til sjöunda undirlið b-liðar 2. mgr. 15. gr. tilskipunar 2001/89/EB og
- bújörðin fellur undir eftirlitsáætlun vegna svínapestar, sem lögbært yfirvald kemur í framkvæmd í samræmi við sýnatökuaðferðirnar sem mælt er fyrir um í lið F.2 í IV. kafla viðaukans við ákvörðun 2002/106/EB, og undir prófanir á rannsóknarstofu með neikvæðum niðurstöðum a.m.k. þremur mánuðum fyrir flutninginn í sláturhúsið eða
- bújörðin fellur undir eftirlitsáætlun vegna svínapestar, sem lögbært yfirvald kemur í framkvæmd í samræmi við sýnatökuaðferðirnar sem mælt er fyrir um í lið F.2 í IV. kafla viðaukans við tilskipun 2002/106/EB, og undir prófanir á rannsóknarstofu með neikvæðum niðurstöðum a.m.k. einu ár fyrir flutninginn í sláturhúsið og áður en leyfi var veitt fyrir því að senda svínin í sláturhús framkvæmdi opinber dýralæknir klíniska rannsókn vegna svínapestar í samræmi við skoðunar- og sýnatökuaðferðirnar sem mælt er fyrir um í 1. og 3. lið D-hluta IV. kafla viðaukans við ákvörðun 2002/106/EB,

eða

- b) svínakjötið, unnu kjötvörurnar og afurðirnar sem um er að ræða:
- eru framleidd og unnin í samræmi við 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2002/99/EB,
  - falla undir heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir í samræmi við 5. gr. tilskipunar 2002/99/EB,

- eru með meðfylgjandi, viðeigandi heilbrigðisvottorð vegna viðskipta innan Sambandsins, eins og mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 599/2004<sup>(10)</sup> og skal II. hluti vottorðsins fylltur út með eftirfarandi setningu:

„Vara í samræmi við framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/764/ESB frá 13. desember 2013 um varnarráðstafanir vegna heilbrigðis dýra í tengslum við svínapest í tilteknum aðildarríkjum.“

5. gr.

**Sérstök heilbrigðismerki og kröfur um vottorð fyrir nýtt svínakjöt, unnar kjötvörur og kjötafurðir sem samanstanda af eða innihalda annað kjöt af svínunum en það sem fellur undir 4. gr.**

Hlutaðeigandi aðildarríki skulu tryggja að nýtt svínakjöt, unnar kjötvörur og kjötafurðir sem samanstanda af eða innihalda annað kjöt af svínunum en það sem fellur undir 4. gr. skuli merkt með sérstöku heilbrigðismerki sem má ekki vera sporöskjulaga og sem ekki er hægt að rugla saman við:

- a) auðkennismerkið fyrir unnar kjötvörur og kjötafurðir sem samanstanda af eða innihalda svínakjöt, sem kveðið er á um í I. þætti II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, og
- b) heilbrigðismerkið fyrir nýtt svínakjöt sem kveðið er á um í III. kafla I. þáttar I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004.

6. gr.

**Kröfur varðandi bújarðir og ökutæki til vöruflutninga á svæðunum sem eru skráð í viðaukann**

Hlutaðeigandi aðildarríki skulu tryggja að:

- a) ákvæðunum, sem mælt er fyrir um í öðrum og fjórða til sjöunda undirlið b-liðar 2. mgr. 15. gr. tilskipunar 2001/89/EB, sé beitt á svínabújörðum sem eru staðsettar innan svæðanna sem eru skráð í viðaukann við þessa ákvörðun,
- b) ökutæki, sem hafa verið notuð til að flytja svín sem eru haldin á bújörðum sem eru staðsettar innan svæðanna sem eru skráð í viðaukann, séu hreinsuð og sótthreinsuð tafarlaust eftir hverja notkun og að flutningsaðilinn leggi fram sönnun fyrir slíkri hreinsun og sótthreinsun.

<sup>(9)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/106/EB frá 1. febrúar 2002 um samþykkt greiningarhandbókar til að fastsetja tilhögun við greiningar, sýnatökuaðferðir og viðmiðanir fyrir mat á prófunum á rannsóknarstofu til staðfestingar á svínapest (Stjtið EB L 39, 9.2.2002, bls. 71).

<sup>(10)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 599/2004 frá 30. mars 2004 um að samþykkja samræmda fyrirmynd að vottorði og skoðunarskýrslu í tengslum við viðskipti innan Bandalagsins með dýr og afurðir úr dýrarákinu (Stjtið ESB L 94, 31.3.2004, bls. 44).



7. gr.

#### **Kröfur vegna upplýsinga frá hlutaðeigandi aðildarríkjum**

Hlutaðeigandi aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum, innan ramma fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra, um niðurstöður úr eftirliti vegna svínaþeistar sem fer fram á svæðunum sem eru skráð í viðaukann, eins og kveðið er á um í áætlunum um upprætingu svínaþeistar eða í áætlunum um neyðarbólusetningu gegn þeim sjúkdómi, sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt og sem um getur í annarri málsgrein 1. gr.

8. gr.

#### **Hliting**

Aðildarríkin skulu breyta ráðstöfununum sínum á sviði viðskipta svo að þær séu í samræmi við þessa ákvörðun og þau skulu tafarlaust kynna ráðstafanirnar, sem eru samþykktar, á viðeigandi hátt.

Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

9. gr.

#### **Niðurfelling**

Ákvörðun 2008/855/EB er felld úr gildi.

10. gr.

#### **Gildissvið**

Ákvörðun þessi gildir til 31. desember 2017.

11. gr.

#### **Viðtakendur**

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. desember 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar;*

Tonio BORG

*framkvæmdastjóri.*

## VIÐAUKI

1. **Búlgaría**

Allt yfírráðasvæði Búlgaríu.

2. **Króaía**

Yfírráðasvæði sýslanna Karlovac, Sisak-Moslavina, Slavonski Brod-Posavina og Vukovar-Srijem.

3. **Lettland**

Í sveitarfélaginu (lettneska *novads*) Alūksnes, sóknirnar (lettneska *pagasti*) Pededzes og Liepnas.

Í sveitarfélaginu Rēzeknes, sóknirnar Pušas, Mākoņkalna og Kaunatas.

Í sveitarfélaginu Daugavpils, sóknirnar Dubnas, Višķu, Ambeļu, Biķernieku, Maļinovas, Naujenes, Tabores, Vecsalienas, Salienas, Skrudalienas, Demenes og Laucesas.

Í sveitarfélaginu Balvu, sóknirnar Vīksnas, Kubuļu, Balvu, Bērzkalnes, Lazdulejas, Briežuciema, Vectilžas, Tilžas, Krišjāņu og Bērzpils.

Í sveitarfélaginu Rugāju, sóknirnar Rugāju og Lazdukalna. Í sveitarfélaginu Viļakas, sóknirnar Žiguru, Vecumu, Kupravas, Susāju, Medņevas og Šķilbēnu.

Í sveitarfélaginu Baltinavas, sóknin Baltinavas.

Í sveitarfélaginu Kārsavas, sóknirnar Salnavas, Malnavas, Goliševas, Mērdzenes og Mežvidu. Í sveitarfélaginu Ciblas, sóknirnar Pušmucovas, Līdumnieku, Ciblas, Zvirgzdenes og Blontu.

Í sveitarfélaginu Ludzas, sóknirnar Nukšu, Briģu, Isnaudas, Nirzas, Pildas, Rundēnu og Istras.

Í sveitarfélaginu Zilupes, sóknirnar Zaļesjes, Lauderu og Pasiēnes.

Í sveitarfélaginu Dagdas, sóknirnar Andzeļu, Ezernieku, Šķaunes, Svāriņu, Bērziņu, Ķepovas, Asūnes, Dagdas, Konstantīnovas og Andrupēnes.

Í sveitarfélaginu Aglonas, sóknirnar Kastuļinas, Grāveru, Šķeltovas and Aglonas.

Í sveitarfélaginu Krāslavas, sóknirnar Aulejas, Kombuļu, Skaistas, Robežnieku, Indras, Piedrujas, Kalniešu, Krāslavas, Kaplavas, Ūdrīšu and Izvaltas.

4. **Rūmenía**

Allt yfírráðasvæði Rūmeníu.

---

## FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/36/61

frá 29. nóvember 2013

um breytingu á I. viðauka við ákvörðun 2009/177/EB að því er varðar  
sjúkdómalausastöðu Danmerkur með tilliti til veirublæðis og sjúkdómalausastöðu  
Írlands og yfirráðasvæðis Breska konungsríkisins á Norður-Írlandi með tilliti til  
skjónakarpaherpesveiki

(tilkynnt með númeri C(2013) 8385)

(2013/706/ESB) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusam-  
bandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október  
2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr  
og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum  
sjúkdómum í lagardýrum <sup>(1)</sup>, einkum 44. gr. (fyrstu undirgrein  
1. mgr. og fyrstu undirgrein 2. mgr.), 49. gr. (1. mgr.) og  
50. gr. (3. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/177/EB <sup>(2)</sup> er sett fram skrá yfir aðildarríki, svæði og hól sem falla undir samþykktar eftirlits- og útrýmingaráætlanir að því er varðar einn eða fleiri sjúkdóma, sem eru ekki framandi, sem eru skráðir í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB. Í ákvörðun 2009/177/EB er einnig sett fram skrá yfir aðildarríki, svæði og hól sem eru lýst sjúkdómsslaus að því er varðar einn eða fleiri þessara sjúkdóma.
- 2) Danmörk hefur lagt áætlun til margra ára, fyrir tímabilið frá 1. janúar 2009 til 31. desember 2013, fyrir framkvæmdastjórnina um útrýmingu veirublæðis (VHS-veiki) samkvæmt ákvörðun ráðsins 90/424/EBE <sup>(3)</sup>. Svæðunum, sem falla undir þá áætlun, hefur verið bætt við í B-hluta skrárinnar sem sett er fram í I. viðauka við ákvörðun 2009/177/EB.
- 3) Danmörk hefur sent framkvæmdastjórninni yfirlýsingu um að áætlun til margra ára um útrýmingu veirublæðis sé lokið og að tekist hafi að útrýma veirublæði á öllu yfirráðasvæði Danmerkur á fastalandinu. Þessi yfirlýsing

uppfyllir kröfur um yfirlýsingu um sjúkdómaleysi, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2006/88/EB. Til samræmis við það ætti að lýsa allt yfirráðasvæði Danmerkur á fastalandinu laust við veirublæði (VHS-veiki).

- 4) Í desember 2009 lagði Írland fyrir framkvæmdastjórnina vöktunaráætlun til margra ára, að því er varðar skjónakarpaherpesveiki (KHV), sem nær til alls yfirráðasvæðis Írlands. Svæðinu, sem fellur undir þessa áætlun, hefur verið bætt við í A-hluta skrárinnar sem sett er fram í I. viðauka við ákvörðun 2009/177/EB.
- 5) Írland hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni að landið sé lýst laust við skjónakarpaherpesveiki. Þessi yfirlýsing uppfyllir kröfur um yfirlýsingu um sjúkdómaleysi sem mælt er fyrir um í tilskipun 2006/88/EB. Til samræmis við það ætti að lýsa allt yfirráðasvæði Írlands laust við skjónakarpaherpesveiki.
- 6) Í janúar 2010 lagði Breska konungsríkið fyrir framkvæmdastjórnina eftirlitsáætlun til margra ára að því er varðar skjónakarpaherpesveiki á yfirráðasvæði Breska konungsríkisins á Norður-Írlandi.
- 7) Í febrúar 2013 sendi Breska konungsríkið framkvæmdastjórninni yfirlýsingu um að yfirráðasvæði Breska konungsríkisins á Norður-Írlandi væri laust við skjónakarpaherpesveiki. Þessi yfirlýsing uppfyllir kröfur um yfirlýsingu um sjúkdómaleysi sem mælt er fyrir um í tilskipun 2006/88/EB. Til samræmis við það ætti að lýsa yfirráðasvæði Breska konungsríkisins á Norður-Írlandi laust við skjónakarpaherpesveiki.
- 8) Því ber að breyta A-, B- og C-hluta I. viðauka við ákvörðun 2009/177/EB til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 322, 3.12.2013, bls. 42. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14.

<sup>(2)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/177/EB frá 31. október 2008 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2006/88/EB að því er varðar eftirlits- og útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausastöðu aðildarríkja, svæða og hólfa (Stjtið. ESB L 63, 7.3.2009, bls. 15).

<sup>(3)</sup> Ákvörðun ráðsins 90/424/EBE frá 26. júní 1990 um útgjöld á sviði dýraheilbrigðismála (Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 19).

## SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við ákvörðun 2009/177/EB er breytt til samræmis við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. nóvember 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar;*

Tonio BORG

*framkvæmdastjóri.*

## VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við ákvörðun 2009/177/EB er breytt sem hér segir:

1) A-hluti,

Færslan fyrir Írland sem varðar skjónakarpaherpesveiki falli brott.

2) B-hluti,

Færslan fyrir Danmörku sem varðar veirublæði (VHS-veiki) falli brott.

3) C-hluti,

a) Í stað færslunnar fyrir Danmörku sem varðar veirublæði (VHS-veiki) komi eftirfarandi:

„Danmörk	DK	Allt yfirráðasvæðið á fastalandinu.“
----------	----	--------------------------------------

b) Í stað færslunnar fyrir Írland sem varðar skjónakarpaherpesveiki komi eftirfarandi:

„Írland	IE	Allt yfirráðasvæðið“
---------	----	----------------------

c) Eftirfarandi færsla sem varðar skjónakarpaherpesveiki bætist við fyrir Breska konungsríkið:

„Breska konungsríkið	UK	Yfirráðasvæðið á Norður-Írlandi“
----------------------	----	----------------------------------

## ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/36/62

frá 19. júní 2013

um breytingu á II. viðauka við ákvörðun 2009/861/EB um umbreytingarráðstafanir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 að því er varðar vinnslu hrámjólkur sem uppfyllir ekki kröfur í tilteknum mjólkurvinnslustöðvum í Búlgaríu

(tilkynnt með númeri C(2013) 3740)

(2013/302/ESB) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu <sup>(1)</sup>, einkum fyrstu málsgrein 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu er gildi fyrir stjórnendur matvælaframleiðinga. Þær reglur fela í sér kröfur um hollustuhætti fyrir hrámjólku og mjólkurafurðir.
- 2) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/861/EB <sup>(2)</sup> er kveðið á um tilteknar undanþágur frá kröfunum sem settar eru fram í II. og III. undirkafla I. kafla IX. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 að því er varðar mjólkurvinnslustöðvar í Búlgaríu sem eru tilgreindar í þeirri ákvörðun. Sú ákvörðun gildir frá 1. janúar 2010 til 31. desember 2013.
- 3) Samkvæmt ákvörðun 2009/861/EB mega tilteknar mjólkurvinnslustöðvar sem eru tilgreindar í II. viðauka við þá ákvörðun vinna mjólk, sem uppfyllir ekki kröfur, án aðgreindra framleiðslulína.
- 4) Hinn 13. desember 2012 sendi Búlgaríu framkvæmdastjórninni endurskoðaða og uppfærða skrá yfir þessar mjólkurvinnslustöðvar.
- 5) Í þeirri endurskoðuðu og uppfærðu skrá hafa tilteknar stöðvar, sem eru sem stendur tilgreindar í II. viðauka við ákvörðun 2009/861/EB, verið felldar brott sökum þess að þær hafa nú leyfi til að setja mjólkurafurðir á markað innan Sambandsins vegna þess að þær teljast uppfylla

kröfurnar sem settar eru fram í I. kafla IX. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004. Þessar stöðvar voru tilgreindar í töflunni í II. viðauka við ákvörðun 2009/861/EB sem nr. 6 (1112004 'Matev-Mlekoпродукт' OOD), nr. 16 (2712010 'Kamadzhev-milk' EOOD), nr. 37 (1212022 'Milkkomm' EOOD), nr. 56 (BG 2612042 'Bulmilk' OOD), nr. 61 (1712013 ET 'Deniz'), nr. 70 (BG 1812003 'Sirma Prista' AD) og nr. 78 (1812005 'DAV- Viktor Simonov' EOOD).

- 6) Því ber að breyta ákvörðun 2009/861/EB til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMBÝKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað II. viðauka við ákvörðun 2009/861/EB komi viðaukinn við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. júní 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Tonio BORG

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 169, 21.6.2013, bls. 73. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 314, 1.12.2009, bls. 83.

## VIÐAUKI

## „II. VIÐAUKI

Skrá yfir mjólkurvinnslustöðvar sem hafa leyfi til að vinna mjólk sem uppfyllir ekki kröfur, eins og um getur í 3. gr.

Nr.	Dýralæknanúmer	Heiti stöðvar	Bær/gata eða þorp/svæði
1	BG 2412037	“Stelimeks” EOOD	s. Asen
2	0912015	“Anmar” OOD	s. Padina obsht. Ardino
3	0912016	OOD “Persenski”	s. Zhaltusha obsht. Ardino
4	1012014	ET “Georgi Gushterov DR”	s. Yahinovo
5	1012018	“Evro miyt end milk” EOOD	gr. Kocherinovo obsht. Kocherinovo
6	1112017	ET “Rima-Rumen Borisov”	s. Vrabevo
7	1312023	“Inter-D” OOD	s. Kozarsko
8	1612049	“Alpina -Milk” EOOD	s. Zhelyazno
9	1612064	OOD “Ikay”	s. Zhitnitsa obsht. Kaloyanovo
10	2112008	MK “Rodopa milk”	s. Smilyan obsht. Smolyan
11	2412039	“Penchev” EOOD	gr. Chirpan ul. “Septemvriysi” 58
12	2512021	“Keya-Komers-03” EOOD	s. Svetlen
13	0112014	ET “Veles-Kostadin Velev”	gr. Razlog ul. “Golak” 14
14	2312041	“Danim-D.Stoyanov” EOOD	gr. Elin Pelin m-st Mansarovo
15	0712001	“Ben Invest” OOD	s. Kostenkovtsi obsht. Gabrovo
16	1512012	ET “Ahmed Tatarla”	s. Dragash voyvoda, obsht. Nikopol
17	2212027	“Ekobalkan” OOD	gr. Sofia bul “Evropa” 138
18	2312030	ET “Favorit- D.Grigorov”	s. Aldomirovtsi
19	2312031	ET “Belite kamani”	s. Dragotintsi
20	BG 1512033	ET “Voynov-Ventsislav Hristakiev”	s. Milkovitsa obsht. Gulyantsi
21	BG 1512029	“Lavena” OOD	s. Dolni Dębnik obl. Pleven
22	BG 1612028	ET “Slavka Todorova”	s. Trud obsht. Maritsa

Nr.	Dýralæknanúmer	Heiti stöðvar	Bær/gata eða þorp/svæði
23	BG 1612051	ET "Radev-Radko Radev"	s. Kurtovo Konare obl. Plovdiv
24	BG 1612066	"Lakti ko" OOD	s. Bogdanitza
25	BG 2112029	ET "Karamfil Kasakliev"	gr. Dospat
26	BG 0912004	"Rodopchanka" OOD	s. Byal izvor obsht. Ardino
27	0112003	ET "Vekir"	s. Godlevo
28	0112013	ET "Ivan Kondev"	gr. Razlog Stopanski dvor
29	0212037	"Megakomers" OOD	s. Lyulyakovo obsht. Ruen
30	0512003	SD "LAF-Velizarov i sie"	s. Dabravka obsht. Belogradchik
31	0612035	OOD "Nivego"	s. Chiren
32	0612041	ET "Ekoprodukt-Megiya-Bogorodka Dobrilova"	gr. Vratsa ul. "Ilinden" 3
33	0612042	ET "Mlechen puls - 95 - Tsvetelina Tomova"	gr. Krivodol ul. "Vasil Levski"
34	1012008	"Kentavar" OOD	s. Konyavo obsht. Kyustendil
35	1212031	"ADL" OOD	s. Vladimirovo obsht. Boychinovtsi
36	1512006	"Mandra" OOD	s. Obnova obsht. Levski
37	1512008	ET "Petar Tonovski-Viola"	gr. Koynare ul. "Hr.Botev" 14
38	1512010	ET "Militsa Lazarova-90"	gr. Slavyanovo, ul. "Asen Zlatarev" 2
39	1612024	SD "Kostovi - EMK"	gr. Saedinenie ul. "L.Karavelov" 5
40	1612043	ET "Dimitar Bikov"	s. Karnare obsht. "Sopot"
41	1712046	ET "Stem-Tezdhan Ali"	gr. Razgrad ul. "Knyaz Boris" 23
42	2012012	ET "Olimp-P.Gurtsov"	gr. Sliven m-t "Matsulka"
43	2112003	"Milk- inzhenering" OOD	gr. Smolyan ul. "Chervena skala" 21
44	2112027	"Keri" OOD	s. Borino, obsht. Borino
45	2312023	"Mogila" OOD	gr. Godech, ul. "Ruse" 4
46	2512018	"Biomak" EOOD	gr. Omurtag ul. "Rodopi" 2

Nr.	Dýralæknanúmer	Heiti stöðvar	Bær/gata eða þorp/svæði
47	2712013	“Ekselans” OOD	s. Osmar, obsht. V. Preslav
48	2812018	ET “Bulmilk-Nikolay Nikolov”	s. General Inzovo, obl. Yambolska
49	2812010	ET “Mladost-2-Yanko Yanev”	gr. Yambol, ul. “Yambolen” 13
50	BG 1012020	ET “Petar Mitov-Universal”	s. Gorna Grashitsa obsht. Kyustendil
51	BG 1112016	Mandra “IPZHZ”	gr. Troyan ul. “V.Levski” 281
52	BG 1712042	ET “Madar”	s. Terter
53	BG 0912011	ET “Alada-Mohamed Banashak”	s. Byal izvor obsht. Ardino
54	1112026	“ABLAMILK” EOOD	gr. Lukovit ul. “Yordan Yovkov” 13
55	1312005	“Ravnogor” OOD	s. Ravnogor
56	1712010	“Bulagrotreyd-chastna kompaniya” EOOD	s. Yuper Industrialen kvartal
57	2012011	ET “Ivan Gardev 52”	gr. Kermen ul. “Hadzhi Dimitar” 2
58	2012024	ET “Denyo Kalchev 53”	gr. Sliven ul. “Samuilovsko shose” 17
59	2112015	OOD “Rozhen Milk”	s. Davidkovo, obsht. Banite
60	2112026	ET “Vladimir Karamitev”	s. Varbina obsht. Madan
61	2312007	ET “Agropromilk”	gr. Ihtiman ul. “P.Slaveikov” 19
62	BG 1812008	“Vesi” OOD	s. Novo selo
63	BG 2512003	“Si Vi Es” OOD	gr. Omurtag Promishlena zona
64	BG 2612034	ET “Eliksir-Petko Petev”	s. Gorski izvor
65	BG 2512001	“Mladost -2002” OOD	gr. Targovishte bul. “29-ti yanuari” 7
66	0812030	“FAMA” AD	gr. Dobrich bul. “Dobrudzha” 2
67	0912003	“Koveg-mlechni produkti” OOD	gr. Kardzhali Promishlena zona
68	1412015	ET “Boycho Videnov - Elbokada 2000”	s. Stefanovo obsht. Radomir
69	1712017	“Diva 02” OOD	gr. Isparih ul. “An.Kanchev”



Nr.	Dýralæknanúmer	Heiti stöðvar	Bær/gata eða þorp/svæði
70	1712037	ET "Ali Islamov"	s. Yasenovets
71	1712043	"Maxima milk" OOD	s. Samuil
72	2012010	"Saray" OOD	s. Mokren
73	2012032	"Kiveks" OOD	s. Kovachite
74	2012036	"Minchevi" OOD	s. Korten
75	2212009	"Serdika -94" OOD	gr. Sofia kv. Zheleznitza
76	2312028	ET "Sisi Lyubomir Semkov"	s. Anton
77	2312033	"Balkan spetsial" OOD	s. Gorna Malina
78	2312039	EOOD "Laktoni"	s. Ravno pole, obl. Sofíyska
79	2412040	"Inikom" OOD	gr. Galabovo ul. "G.S.Rakovski" 11
80	2512011	ET "Sevi 2000- Sevie Ibryamova"	s. Krepcha obsht. Opaka
81	2612015	ET "Detelina 39"	s. Brod
82	2812002	"Arachievi" OOD	s. Kirilovo, obl. Yambolska
83	BG 1612021	ET "Deni-Denislav Dimitrov-Ilias Islamov"	s. Briagovo obsht. Gulyantsi
84	BG 2012019	"Hemus-Milk komers" OOD	gr. Sliven Promishlena zona Zapad
85	2012008	"Raftis" EOOD	s. Byala
86	2112023	ET "Iliyan Isakov"	s. Trigrad obsht. Devin
87	2312020	"MAH 2003" EOOD	gr. Etropole bul. "Al. Stamboliyski" 21
88	2712005	"Nadezhda" OOD	s. Kliment

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1275/2013

2014/EES/36/63

frá 6. desember 2013

um breytingu á I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB að því er varðar hámarksgildi fyrir arsen, kadmíum, blý, nítrít, rokgjarna mustarðsolíu og skaðleg grasafraeðileg óhreinindi (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB frá 7. maí 2002 um óæskileg efni í föðri<sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2002/32/EB er kveðið á um að bannað sé að nota afurðir sem ætlaðar eru í föður og innihalda óæskileg efni í styrk sem er yfir hámarksgildunum sem mælt er fyrir um í I. viðauka við þá tilskipun.
- 2) Tilteknar seinleystar samsetningar (e. *long-term supply formulations*) föðurbætis til sérstakra, næringarlegra nota, sem eru með snefilefni í miklum styrk, innihalda óhjákvæmilega magn af arseni, kadmíumi eða blýi sem fer yfir þau hámarksgildi sem eru fastsett fyrir þessa þungmálma í föðurbæti. Hærrí hámarksgildi fyrir þessa þungmálma í seinleystum samsetningum fela þó ekki í sér áhættu fyrir heilbrigði dýra eða manna eða fyrir umhverfið þar eð váhrif á dýrin af völdum þungmálmanna með notkun þessara tilteknu, seinleystu samsetninga eru marktækt minni en ef um væri að ræða aðra föðurbæta sem innihalda snefilefni. Því þykir rétt að fastsetja hærrí hámarksgildi fyrir þessa þungmálma að því er varðar slíkar seinleystar samsetningar sem innihalda snefilefni í miklum styrk.
- 3) Gögn hafa borist sem benda til þess að styrkur arsens í föðuraufefninu ferrókarbónati í kjölfar breytingar á framleiðslusvæði fari í tilteknum tilvikum yfir gildandi hámarksgildi. Til að tryggja framboð á ferrókarbónati á evrópskum markaði er rétt að hækka hámarksgildi arsens í ferrókarbónati. Þessi hækkan hefur ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra og manna eða á umhverfið þar eð hámarksgildið, sem er fastsett fyrir arsen í föðurbæti og heilföðri, helst óbreytt.
- 4) Tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins fyrir þungmálma í föðri og matvælum (EURL-HM) greindi nýlega frá marktækum mun milli greiningarniðurstaðna

sem fengnar voru með því að beita mismunandi útdráttaraðferðum, sem eru sem stendur notaðar til að ákvarða blý í kaólinleir og föðri sem inniheldur kaólinleir<sup>(2)</sup>. Áður hefur enginn marktækur munur komið fram á styrk þungmálma í steinefnaföðri með því að beita mismunandi útdráttaraðferðum<sup>(3)</sup>. Hámarksgildi þungmálma vísa til „*magngreiningar á blýi þar sem útdráttur er gerður í saltpéturssýru (5% miðað við rúmmál) í 30 mínútur við suðumark*“. Því er rétt að kveða á um notkun þessarar útdráttaraðferðar til að ákvarða blý í kaólinleir.

- 5) Að því er varðar nítrít gildir sem stendur ekkert hámarksgildi um afurðir og aukaafurðir úr sykkurröfum og sykurreyr og úr framleiðslu á sterkju. Í ljósi þróunar í vísinda- og tækniþekkingu ætti það sama að gilda um afurðir og aukaafurðir úr framleiðslu drykkja sem innihalda vínanda.
- 6) Í ljósi þróunar í vísinda- og tækniþekkingu þykir rétt að fastsetja hámarksgildi fyrir rokgjarna mustarðsolíu í *Camelina sativa* og afleiddum afurðum við sama styrk og hámarksgildið fyrir repjufræskökur.
- 7) Káltegundir hafa verið skráðar sem skaðleg grasafraeðileg óhreinindi vegna þess að þær innihalda mikið magn rokgjarnrar mustarðsolíu (gefin upp sem allýlísóþíósýanöt). Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu um glúkósínólöt (allýlísóþíósýanöt) sem óæskileg efni í föðri<sup>(4)</sup> að skaðleg áhrif á dýr hafi almennt verið tengd við magn heildarglúkósínata í fæðunni. Ef magn heildarglúkósínólata er mælt myndu einnig greinast óhreinindi sem stafa af afurðum úr *Brassica juncea* ssp., *Brassica nigra* og *Brassica carinata*. Því er rétt að fella afurðir þessara tegunda, að fræjunum undanskildum, brott úr VI. þætti I. viðauka um skaðleg grasafraeðileg óhreinindi og fastsetja, að því er

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 328, 7.12.2013, bls. 86. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. EB L 140, 30.5.2002, bls. 10.

(2) Ákvörðun á útdraganlegu blýi og heildarblýi í kaólinleir. Tæknileg aðstoð tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir þungmálma í föðri og matvælum við stjórnarsvið heilbrigðis- og neytendamála – JRC 69122 – Sameiginleg rannsóknarmiðstöð – stofnun fyrir viðmiðunarefni og mælingar.

(3) IMEP-111: Heildarkadmíum, -blý, -arsen, -kvikasílfur og -kopar og útdraganlegt kadmíum og blý í steinefnaföðri. Skýrsla um ellefta fjölsetra samanburðinn sem tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins fyrir þungmálma í föðri og matvælum –EUR 24758 EN – Sameiginleg rannsóknarmiðstöð – stofnun fyrir viðmiðunarefni og mælingar, skipulagði.

(4) Álit sérfræðinganeftarinnar um aðskotaeefni í matvælaferlinu, að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, um glúkósínólöt sem óæskileg efni í föðri, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2008) 590, bls. 1–76.

varðar fóður sem er unnið úr þessum káltegundum, sama hámarksgildi fyrir rokgjarna mustarðsolú og það sem gildir fyrir repjufræskökur.

- 8) Rétt þykir að nota þau heiti fyrir fóðurefni sem kveðið er á um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 68/2013 frá 16. janúar 2013 um skrána yfir fóðurefni <sup>(5)</sup>.
- 9) Því ber að breyta tilskipun 2002/32/EB til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. desember 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

---

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 29, 30.1.2013, bls. 1.

## VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað 1. línu, arsen, í I. þætti komi eftirfarandi:

Óæskilegt efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
„1. Arsen (1)	Fóðurefni	2
	að undanskildu:	
	— grasmjöli, úr þurrkuðum refasmára og þurrkuðum smára og þurrkuðu sykkurófumauki og þurrkuðu, melassabættu sykkurófumauki,	4
	— pálmakjarnaköku,	4 (2)
	— fosfötum og kalkkenndum sjávarþörungum,	10
	— kalsíumkarbónati, kalsíum- og magnesíumkarbónati (10),	15
	— magnesíumoxíði, magnesíumkarbónati,	20
	— fiski, öðrum lagardýrum og afurðum unnum úr þeim,	25 (2)
	— þang- og þaramjöli og fóðurefnum úr þangi og þara.	40 (2)
	Járnagnir notaðar sem sporefni.	50
	Fóðuruakefni sem tilheyra virkum hópi efnasambanda snefilefna	30
	að undanskildu:	
	— fimmvötnuðu kúprísúlfati, kúpríkarbónati, díkoparklóriðríhýdroxíði, ferrókarbónati,	50
	— sinkoxíði, manganoxíði, kúpríoxíði.	100
	Fóðurbætur	4
	að undanskildum:	
	— steinefnafóðri,	12
	— fóðurbæti fyrir gæludýr sem inniheldur fisk, önnur lagardýr og afurðir unnar úr þeim og/eða þang- og þaramjöl og fóðurefni úr þangi og þara,	10 (2)
	— seinleystum samsetningum fóðurs til sérstakra næringarlegra nota þar sem styrkur snefilefna er meiri en hundraðfalt hærrí en fastsett hámarksinnihald í heilfóðri,	30
	Heilfóður	2
að undanskildu:		
— heilfóðri fyrir fisk og loðdýr,	10 (2)	
— heilfóðri fyrir gæludýr sem inniheldur fisk, önnur lagardýr og afurðir unnar úr þeim og/eða þang- og þaramjöl og fóðurefni úr þangi og þara.	10 (2)“	

2) Í stað 2. línu, kadmíum, í I. þætti komi eftirfarandi:

Óæskilegt efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
„2. Kadmíum	Fóðurefni úr jurtaríkinu:	1
	Fóðurefni úr dýraríkinu	2
	Fóðurefni úr steinaríkinu	2
	að undanskildu:	
	— fosfötum.	10
	Fóðuraufefni sem tilheyra virkum hópi efnasambanda snefilefna	10
	að undanskildu:	
	— kúprioxíði, manganoxíði, sinkoxíði og einvötnuðu mangansúlfati.	30
	Fóðuraufefni sem tilheyra virkum hópum bindi- og kekkjavarnarefna.	2
	Forblöndur <sup>(6)</sup>	15
	Fóðurbætir	0,5
	að undanskildu:	
	— steinefnafóðri	
	— — sem inniheldur < 7% fosfór <sup>(8)</sup>	5
	— — sem inniheldur ≥ 7% fosfór <sup>(8)</sup>	0,75 fyrir hvert 1% af fosfór <sup>(8)</sup> , að hámarki 7,5
	— fóðurbæti fyrir gæludýr	2
	— seinleystum samsetningum fóðurs til sérstakra næringarlegra nota þar sem styrkur snefilefna er meiri en hundraðfalt hærri en fastsett hámarksinnihald í heilfóðri,	15
Heilfóður	0,5	
að undanskildu:		
— heilfóðri fyrir nautgripi (að undanskildum kálfum), sauðfé (að undanskildum lömbum), geitur (að undanskildum kiðlingum) og fisk,	1	
— heilfóðri fyrir gæludýr.	2 <sup>cc</sup>	

3) Í stað 4. línu, blý, í I. þætti komi eftirfarandi:

Óæskilegt efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
„4. Blý (*)	Fóðurefni	10
	að undanskildu:	
	— fóðurjurtum <sup>(3)</sup> ,	30
	— fosfötum og kalkkenndum sjávarþörungum,	15
	— kalsíumkarbónati, kalsíum- og magnesíumkarbónati <sup>(10)</sup> ,	20
	— geri.	5
	Fóðuraufefni sem tilheyra virkum hópí efnasambanda snefilefna	100
	að undanskildu:	
	— sinkoxíði,	400
	— manganoxíði, ferrókarbónati, kúprikarbónati.	200
	Fóðuraufefni sem tilheyra virkum hópum bindi- og kekkjavarnarefna	30
	að undanskildu:	
	— klínóptílólití úr gosmyndunum, natrólitfónólítí,	60
	Forblöndur <sup>(6)</sup>	200
Fóðurbætur	10	
að undanskildu:		
— steinefnafóðri,	15	
— seinleystum samsetningum fóðurs til sérstakra næringarleggra nota þar sem styrkur snefilefna er meiri en hundraðfalt hærrí en fastsett hámarksinnihald í heilfóðri,	60	
Heilfóður.	5 <sup>“</sup>	

(\*) til að ákvarða blý í kaólinleir og í fóðri sem inniheldur kaólinleir vísar hámarksgildi til magnreiningar á blýi þar sem útdráttur er gerður í saltpéturssýru (5% miðað við rúmmál) í 30 mínútur við suðumark. Nota má jafngildar útdráttaraðferðir hafi verið sýnt fram á að sú aðferð, sem notuð er, hafi samsvarandi skilvirkni í útdrætti.

## 4) Í stað 6. línu, nítrít, í I. þætti komi eftirfarandi:

Óæskilegt efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
„6. Nítrít (5)	Fóðurefni	15
	að undanskildu:	
	— fiskimjöli,	30
	— votfóðri,	—
	— afurðum og aukaafurðum úr sykkurófum og sykurreyr og úr framleiðslu á sterkju og drykkjum sem innihalda vínanda.	—
Heilfóður		15
	að undanskildu:	
	— heilfóðri fyrir hunda og ketti með rakainnihald yfir 20%.	—“

## 5) Í stað 5. línu, rokgjörn mustarðsolía, í III. þætti komi eftirfarandi:

Óæskilegt efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
„5. Rokgjörn mustarðsolía (1)	Fóðurefni	100
	að undanskildu:	
	— fræi af akurdoðru og afurðum unnum úr þeim (*), afurðum unnum úr mustarðsfræi (*), reppufræi og afurðum unnum úr því.	4000
	Heilfóður	150
að undanskildu:		
	— heilfóðri fyrir nautgripi (að undanskildum kálfum), sauðfé (að undanskildum lömbum) og geitur (að undanskildum kiðlingum),	1000
	— heilfóðri fyrir svín (að undanskildum smágrísam) og alifugla.	500“

(\*) Rekstraraðilinn, sem ber ábyrgð, skal, að beiðni lögbærra yfirvalda, láta fara fram greiningu til þess að sýna fram á að innihald heildarglúkósínólata sé minna en 30 mmól/kg. Tilvísunargreiningaraðferð er EN-ISO 9167-1:1995.

## 6) VI. þáttur: Í stað „skaðleg grasafæðileg óhreinindi“ komi eftirfarandi:

## „VI. ÞÁTTUR: SKAÐLEG GRASAFRÆÐILEG ÓHREININDI

Óæskilegt efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
1. Illgresisfræ og ómöluð og ómulin aldin sem innihalda beiskjuefni, glúkósíð eða önnur eiturefni, ein sér eða saman, þ.m.t.	Fóðurefni og fóðurblanda	3000
— <i>Datura</i> sp.		1000

Óæskilegt efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fôður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fôður með 12% rakainnihald
2. <i>Crotalaria</i> spp	Fóðurefni og fôðurblanda	100
3. Fræ og hýði <i>Ricinus communis</i> L., <i>Croton tiglium</i> L. og <i>Abrus precatorius</i> L. og einnig unninna afleiða þeirra <sup>(1)</sup> , einna sér eða saman	Fóðurefni og fôðurblanda	10 <sup>(2)</sup>
4. Beykhnatur með hýði – <i>Fagus sylvatica</i> L.	Fóðurefni og fôðurblanda	Fræ og aldin og unnar afleiður þeirra mega aðeins koma fyrir í fôðri í snefilmagni sem er ekki unnt að magnsetja
5. Purghera – <i>Jatropha curcas</i> L.	Fóðurefni og fôðurblanda	Fræ og aldin og unnar afleiður þeirra mega aðeins koma fyrir í fôðri í snefilmagni sem er ekki unnt að magnsetja
6. Fræ tegunda af <i>Ambrosia</i> spp.	Fóðurefni að undanskildu  — Hirsí (korn af tegundinni <i>Panicum miliaceum</i> L.) og dúrra (korn af tegundinni <i>Sorghum bicolor</i> (L.) Moench s.l.) sem ekki eru gefin dýrum beint.  Fôðurblanda sem inniheldur ómalað korn og fræ	50  200  50
7. Fræ af – brúnum mustarði – <i>Brassica juncea</i> (L.) Czern. og Coss. ssp. <i>integrifolia</i> (West.) Thell. – sareptamustarði – <i>Brassica juncea</i> (L.) Czern. og Coss. ssp. <i>juncea</i> – sinnepskáli – <i>Brassica juncea</i> (L.) Czern. og Coss. ssp. <i>juncea</i> var. <i>lutea</i> Batalin – svartmustarði – <i>Brassica nigra</i> (L.) Koch – eþíópíumustarði – <i>Brassica carinata</i> A. Braun	Fóðurefni og fôðurblanda	Fræ mega aðeins koma fyrir í fôðri í snefilmagni sem er ekki unnt að magnsetja

<sup>(1)</sup> Að svo miklu leyti sem ráða má með greinandi smásjárannsókn.

<sup>(2)</sup> Nær einnig til hismis.“



## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2013/60/ESB

2014/EES/36/64

frá 27. nóvember 2013

**um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/24/EB um tiltekna íhluti í vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum og sérkenni slíkra ökutækja, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/24/EB um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/67/EB um uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum í því skyni að aðlaga þær að tækniframförum (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/24/EB frá 17. júní 1997 um tiltekna íhluti í vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum og sérkenni slíkra ökutækja <sup>(1)</sup>, einkum 7. gr.,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/24/EB frá 18. mars 2002 um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum <sup>(2)</sup>, einkum 17. gr.,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/67/EB frá 13. júlí 2009 um uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum <sup>(3)</sup>, einkum 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Sambandið er samningsaðili að samningi efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um samþykkt samræmdra tækniforskrifta fyrir ökutæki á hjólum, búnað og hluti sem heimilt er að festa og/eða nota í ökutæki á hjólum og gekk að skilyrðunum fyrir gagnkvæmri viðurkenningu viðurkenninga sem eru veittar á grundvelli þessara forskrifta (endurskoðaður samningur frá 1958) <sup>(4)</sup>. Til að einfalda löggjöf Sambandsins um gerðarviðurkenningu í samræmi við tilmælin í lokaskýrslunni sem ber heitið „CARS 21: Samkeppnisvænt eftirlitskerfi fyrir ökutæki á 21. öldinni“ er viðeigandi að breyta tilskipunum ESB með því að taka upp í lög Sambandsins og beita viðbótarreglugerðum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu í löggjöf um gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki í flokki L án þess að dregið sé úr verndarstigi. Til að draga úr

stjórnsýsluálagi sem tengist gerðarviðurkenningarferlinu ætti framleiðendum ökutækja að vera heimilt að sækjast eftir gerðarviðurkenningu í samræmi við viðkomandi reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu sem um getur í 1. gr. þessarar tilskipunar.

- 2) Á umbreytingartímabilinu fram að dagsetningunni þegar reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 41 um hávaðamengun frá bifhjólum <sup>(5)</sup> er gerð skyldubundin með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2013 frá 15. janúar 2013 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjólum <sup>(6)</sup>, er rétt að hljóðkröfurnar fyrir bifhjól sem settar eru fram í 9. kafla tilskipunar 97/24/EB og í fjórðu röð breytinga á reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 41, þ.m.t. tengd hljóðmörk sem sett eru fram í 6. viðauka við þá reglugerð SP, teljist jafngildar fyrir nýjar gerðir ökutækja.
- 3) Í ljósi þess hve losun vetniskolefna og kolsýrings er óhóflega mikil frá ökutækjaflokkum L1e, L2e og L6e (létt bifhjól á tveimur og þremur hjólum og létt fjórhjól) er rétt að endurskoða umhverfisprófun I (losun gegnum útblástursrör eftir kaldræsingu) þannig að hafðar séu með mælingar á losun sem hefjast strax eftir kaldræsingu til að endurspegla betur notkun við raunveruleg skilyrði og þann verulega hluta af losun mengandi efna sem verður til strax eftir kaldræsingu meðan að hreyfillinn hitnar. Breytingarnar á aðferðinni við prófun á losun á rannsóknarstofu ættu að koma fram í stjórnsýslufyrirmælum, einkum í breytingum að því er varðar færslur á samræmisvottorði og á blaði með mælingarniðurstöðum úr prófunum sem er að finna í tilskipun 2002/24/EB.
- 4) Til að tryggja jöfn samkeppnis skilyrði fyrir alla framleiðendur og sambærilegan vistvænleika ökutækja í flokkum L1e, L2e og L6e með tilliti til losunar lofttegunda frá sveifarhúsi er einnig rétt að fara fram á að framleiðandi ökutækis kveði ótvírætt á um það að núlllosun sé frá lofttræstikerfi fyrir lofttegundir frá sveifarhúsi þegar hann sækir um nýja gerðarviðurkenningu fyrir þessa ökutækjaflokka og gefi þannig til kynna að sveifarhúsið sé vel einangrað og að lofttegundir frá sveifarhúsi séu ekki losaðar beint út í andrúmsloftið á nýtingartíma ökutækisins.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 329, 10.12.2013, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 226, 18.8.1997, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 124, 9.5.2002, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 222, 25.8.2009, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 346, 17.12.2009, bls. 81.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 317, 14.11.2012, bls. 1.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 60, 2.3.2013, bls. 52.

- 5) Til að vera í samræmi við kröfur efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar í ökutækjum í flokki L og til að bæta sýnileika þeirra skulu nýjar gerðar slíkra ökutækja vera búnar ljósum sem kviknar á sjálfkrafa í samræmi við reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 74 (ökutæki í flokki L1e) <sup>(7)</sup> og nr. 53 (bifhjól í flokki L3e) <sup>(8)</sup> eða sérstökum dagljósum sem uppfylla viðeigandi kröfur reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 87 <sup>(9)</sup>. Fyrir alla aðra undirflokkka ökutækja í flokki L skal lýsingarkerfi sem kviknar á sjálfkrafa sett upp eða, að vali framleiðanda, sérstakur dagljósabúnaður sem kviknar á sjálfkrafa.
- 6) Þessi tilskipun ætti að innleiða með skýrum hætti Euro-þrep fyrir ökutæki í flokkum L1e, L2e og L6e sem falla undir gildissvið tilskipunar 2002/24/EB. Á samræmisvottorðum fyrir ökutæki sem viðurkennd eru með tilliti til losunar í samræmi við fyrri ákvæði ætti áfram að vera valfrjálst að tilgreina Euro-þrep.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit tækninefndar um aðlögun að tækniframförum.
- 8) Til að gera aðildarríkjum kleift að samþykka lög og stjórnsýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að fara að tilskipun þessari innan þess frests sem ákvarðaður er þar skal hún taka gildi daginn eftir að hún er birt.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Tilskipun 97/24/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 97/24/EB komi eftirfarandi.

„1. Í samræmi við ákvæði 11. gr. tilskipunar 2002/24/EB skal viðurkennt að kröfur 1. kafla (hjólbarðar), 2. kafla (ljósa- og ljósmerkjabúnaður), 4. kafla (baksýnispeglar), III. viðauka við 9. kafla (leyfilegt hljóðstig og kröfur fyrir útblásturskerfi bifhjóla) og 11. kafla (öryggisbelti) sem fylgja með í viðauka við þessa tilskipun jafngilda þeim sem koma fram í reglugerðum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 30 <sup>(1)</sup>, 54 <sup>(2)</sup>, 64 <sup>(3)</sup> og 75 <sup>(4)</sup> að því er varðar hjólbarða, 3 <sup>(5)</sup>, 19 <sup>(6)</sup>, 20 <sup>(7)</sup>, 37 <sup>(8)</sup>, 38 <sup>(9)</sup>, 50 <sup>(10)</sup>, 53 <sup>(11)</sup>, 56 <sup>(12)</sup>, 57 <sup>(13)</sup>, 72 <sup>(14)</sup>, 74 <sup>(15)</sup> og 82 <sup>(16)</sup> að því er varðar ljósa- og ljósmerkjabúnað, 81 <sup>(17)</sup> að því er varðar baksýnispeglar, 16 <sup>(18)</sup> að því er varðar öryggisbelti og 41 <sup>(19)</sup> að því er varðar hávaðamengun frá bifhjólum.“

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 166, 18.6.2013, bls. 88.

<sup>(8)</sup> Stjtið. ESB L 166, 18.6.2013, bls. 55.

<sup>(9)</sup> Stjtið. ESB L 164, 30.6.2010, bls. 46.

- <sup>(1)</sup> E/ECE/TRANS/505/1. endursk./29. viðb.  
<sup>(2)</sup> E/ECE/TRANS/505/1. endursk./53. viðb.  
<sup>(3)</sup> E/ECE/TRANS/505/1. endursk./63. viðb.  
<sup>(4)</sup> E/ECE/TRANS/505/1. endursk./74. viðb.  
<sup>(5)</sup> E/ECE/TRANS/324/2. viðb.  
<sup>(6)</sup> E/ECE/TRANS/324/1. endursk./18. viðb.  
<sup>(7)</sup> E/ECE/TRANS/324/1. endursk./19. viðb.  
<sup>(8)</sup> E/ECE/TRANS/505/1. endursk./36. viðb.  
<sup>(9)</sup> E/ECE/TRANS/324/1. endursk./37. viðb.  
<sup>(10)</sup> E/ECE/TRANS/505/1. endursk./49. viðb.  
<sup>(11)</sup> E/ECE/TRANS/505/1. endursk./52. viðb./2. endursk.  
<sup>(12)</sup> E/ECE/TRANS/505/1. endursk./55. viðb.  
<sup>(13)</sup> E/ECE/TRANS/505/1. endursk./56. viðb.  
<sup>(14)</sup> E/ECE/TRANS/505/1. endursk./71. viðb.  
<sup>(15)</sup> E/ECE/TRANS/505/1. endursk./73. viðb./2. endursk./1. br.  
<sup>(16)</sup> E/ECE/TRANS/505/1. endursk./81. viðb.  
<sup>(17)</sup> E/ECE/TRANS/505/1. endursk./80. viðb.  
<sup>(18)</sup> E/ECE/TRANS/505/1. endursk./15. viðb.  
<sup>(19)</sup> E/ECE/TRANS/505/1. endursk./40. viðb./2. endursk.,

- 2) Ákvæðum I., II., og IV. viðauka við 5. kafla tilskipunar 97/24/EB er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa tilskipun.

##### 2. gr.

Ákvæðum IV. og VII. viðauka við tilskipun 2002/24/EB er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa tilskipun.

##### 3. gr.

Ákvæðum I. til VI. viðauka við tilskipun 2009/67/EB er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa tilskipun.

##### 4. gr.

1. Frá og með 1. júlí 2014 skulu aðildarríkin af ástæðum er varða ráðstafanir til að sporna gegn loftmengun eða notkunaröryggi, synja um EB-gerðarviðurkenningu nýrra gerða vélknúinna ökutækja sem eru á tveimur eða þremur hjólum og uppfylla ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipunum 2002/24/EB og 97/24/EB eins og þeim er breytt með þessari tilskipun.

2. Frá og með 1. júlí 2014 skulu samræmisvottorð gefin út fyrir ökutæki sem uppfylla ákvæði tilskipunar 97/24/EB eins og henni er breytt með 1. lið II. viðauka við þessa tilskipun.

##### 5. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til þess að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2014. Þau skulu senda framkvæmdastjórninni texta þeirra ákvæða þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykka slíkar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykka um málefni sem tilskipun þessi nær til.

6. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

7. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. nóvember 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

---

## I. VIÐAUKI

Ákvæðum I, II. og IV. viðauka við tilskipun 97/24/EB er breytt sem hér segir.

1) Ákvæðum I. viðauka við 5. kafla í tilskipun ráðsins 97/24/EB er breytt sem hér segir:

a) í stað liða 2.2 til 2.2.1.2.2 komi eftirfarandi:

„2.2. **Lýsing á prófunum**

2.2.1. Ökutæki í flokki L1e, L2e eða L6e sem er með losun í samræmi við Euro 3 skal gangast undir prófanir I og II eins og tilgreint er hér á eftir:

2.2.1.1. Prófun I (meðallosun mengandi lofttegunda á umferðarþungu þéttbýlissvæði eftir kaldræsingunni)

2.2.1.1.1. Prófunarökutækinu er komið fyrir á aflmælistamstæðu sem er búin hemlum og sveifluhjólum. Eftirfarandi prófun skal framkvæmd:

2.2.1.1.1.1. Kaldræsingarprófunaráfangi 1 sem varir samtals í 448 sekúndur og samanstendur af fjórum grunnlotum sem framkvæmdar eru án hlés,

2.2.1.1.1.2. Heitræsingarprófunaráfangi 2 skal fylgja í kjölfar kaldræsingarprófunaráfanga 1 án tafar, vara samtals í 448 sekúndur og samanstanda af fjórum grunnlotum. Heitræsingarprófunaráfangi 2 skal framkvæmdur án hlés,

2.2.1.1.1.3. Hver grunnlota í kaldræsingarprófunaráfanga 1 eða heitræsingarprófunaráfanga 2 skal samanstanda af sjö aðgerðum (lausagangi, hröðun, jöfnum hraða, hraðaminnkun, stöðugu ástandi, hraðaminnkun, lausagangi). Á meðan á bæði kald- og heitræsingarprófunaráföngunum stendur skal útblástursloft þynnt með fersku lofti til að tryggja að rúmmálsstreymi blöndunnar haldist stöðugt.

2.2.1.1.1.4. Í prófun I:

2.2.1.1.1.4.1. skal safna stöðugu flæði sýna af blöndu útblásturslofts og þynningarlofts í sekk nr. 1 meðan á kaldræsingaráfanga 1 stendur. Stöðugu flæði sýna af blöndu útblásturslofts og þynningarlofts skal safnað í annan sekk nr. 2 meðan á heitræsingaráfanga 2 stendur. Styrkur kolsýrings, heildarmagns vetniskolefna, köfnunarefnisoxíða og koltvísýrings í sekk nr. 1 og sekk nr. 2 skal ákvarðaður sitt í hvoru lagi fyrir hvorn sekk.

2.2.1.1.1.4.2. Heildarrúmmál blöndunnar í hvorum sekk skal mælt og lagt saman til að fá heildarrúmmál sekkjanna,

2.2.1.1.1.4.3. Við lok hvors prófunaráfanga er raunekinn vegalengd skráð út frá samtölunni sem kemur fram á mælinum sem keflið knýr áfram og sýnir heildarfjölda snúninga.

2.2.1.1.2. Prófunin er framkvæmd í samræmi við prófunaraðferðina sem lýst er í 1. viðbæti. Lofttegundunum er safnað og þær greindar samkvæmt aðferðunum sem mælt er fyrir um.

2.2.1.1.3. Með fyrirvara um ákvæði liðar 2.2.1.1.4 er prófunin framkvæmd þrisvar sinnum. Heildarmassi kolsýrings, vetniskolefna og köfnunarefnisoxíða sem fenginn er í hverri prófun skal vera minni en Euro 3 viðmiðunarmörkin sem sett eru fram í töflunni hér á eftir.

2.2.1.1.3.1. *Tafla 1*

**Euro 3 losunarmörk fyrir ökutækjaflokka L1e, L2e og L6e**

Gerðarviðurkenning ihlutar og samræmi framleiðslu	
CO (g/km)	HC + NO <sub>x</sub> (g/km)
L <sub>1</sub>	L <sub>2</sub>
1 <sup>(1)</sup>	1,2

<sup>(1)</sup> Mörkin fyrir massa kolsýrings skulu vera 3,5 g/km þegar um er að ræða létt bifhjól á þremur hjólum (L2e) og létt fjórhjól (L6e).

2.2.1.1.3.2. Þó má ein af niðurstöðunum þremur fyrir hvert framangreint mengunarefni vera hærrí en viðmiðunarmörkin, sem mælt er fyrir um fyrir létt bifhjól sem um er að ræða, um sem nemur 10% að því tilskildu að meðaltal niðurstaðanna þriggja sé lægra en viðmiðunarmörkin sem mælt er fyrir um. Ef fleiri en eitt mengunarefni fer yfir tilskilin viðmiðunarmörk skiptir engu hvort það gerist í sömu prófun eða mismunandi prófunum.

- 2.2.1.1.4. Prófununum sem mælt er fyrir um í lið 2.2.1.1.3 er fækkað við skilyrðin sem lýst er hér á eftir þar sem  $V_1$  er niðurstaða úr fyrstu prófun og  $V_2$  er niðurstaða úr annarri prófun fyrir sérhvert mengunarefni sem um getur í þeim lið.
- 2.2.1.1.4.1. Aðeins er þörf á einni prófun ef  $V_1 \leq 0,70$  L fyrir öll viðkomandi mengunarefni.
- 2.2.1.1.4.2. Aðeins er þörf á tveimur prófunum ef  $V_1 \leq 0,85$  L fyrir öll mengunarefni sem um er að ræða og ef  $V_1 > 0,70$  L fyrir a.m.k. eitt mengunarefni. Að auki skal  $V_2$  fyrir sérhvert mengunarefni vera þannig að  $V_1 + V_2 < 1,70$  L og  $V_2 < L$ .
- 2.2.1.1.5. Ökutæki í flokki L1e, L2e eða L6e sem er í samræmi við Euro 3 mörkin fyrir prófun I sem sett eru fram í lið 2.2.1.1.3.1 og kröfurnar fyrir prófun I sem settar eru fram í þessum viðauka skal viðurkennt sem ökutæki sem samræmist Euro 3.
- 2.2.1.2. Prófun II (losun kolsýrings og óbrunninna vetniskolefna í lausagangi).
- 2.2.1.2.1. Massi kolsýrings og massi óbrunninna vetniskolefna, sem losuð eru þegar hreyfillinn er í lausagangi, er mældur í eina mínútu.
- 2.2.1.2.2. Þessi prófun skal framkvæmd í samræmi við aðferðina sem lýst er í 2. viðbæti.“

b) í stað liða 4.2 til 4.2.3 í 1. viðbæti komi eftirfarandi:

„4.2. **Búnaður sem safnar útblásturslofti**

Búnaður sem safnar útblásturslofti skal samanstanda af eftirfarandi íhlutum (sjá 2. og 3. undirviðbæti):

- 4.2.1. Búnaður til að safna öllu útblásturslofti sem myndast við prófunina og viðhalda jafnframt loftþrýstingi við útblástursrör létta bifhjólans,
- 4.2.2. Rör sem tengir saman búnað sem safnar útblásturslofti og sýnatökukerfi fyrir útblástursloft. Þetta tengirör og búnaðurinn sem safnar útblásturslofti skulu vera úr ryðfríu stáli eða öðru efni sem hefur ekki áhrif á samsetningu lofttegundanna sem er safnað og stenst hitastig þeirra,
- 4.2.3. Búnaður til að soga í sig þynntu lofttegundirnar. Þessi búnaður skal tryggja stöðugt gegnumstreymi nægilegs rúmmáls til að öruggt sé að allar útblásturslofttegundirnar sogist upp.“


c) í stað liða 4.2.4 til 4.2.8 í 1. viðbæti komi eftirfarandi:

- „4.2.4. Sýnatökunemi sem er festur utan á búnað sem safnar útblásturslofti og safnar stöðugt sýnum af þynntu lofti með því að nota dælu, síu og streymismæli meðan á prófuninni stendur,
- 4.2.5. Sýnatökunema er komið fyrir beint á móti straumi þynntu lofttegundanna og skal hann taka sýni úr blöndunni á meðan á prófun stendur og við stöðugt streymi og, ef nauðsyn krefur, nota síu, streymismæli og dælu. Lágmarksstreymi lofttegundanna í sýnatökukerfunum tveimur, sem lýst er hér að framan, skal vera a.m.k. 150 l/klst,
- 4.2.6. Þrívirkir lokar á sýnatökubúnaðinum, sem lýst er hér að framan, til að beina streymi sýnanna annaðhvort út í andrúmsloftið eða í viðkomandi sýnatökusekk meðan á prófuninni stendur.
- 4.2.7. Þéttir sýnatökusekkir til að safna í blöndu útblásturslofts og þynningarlofts. Þeir skulu ekki verða fyrir áhrifum af mengunarefnunum sem um er að ræða og vera nægilega rúmir svo þeir trufli ekki eðlilegt streymi sýnanna. Til staðar skal vera a.m.k. einn aðskilinn sýnatökusekkur (sekkur nr. 1) fyrir kaldræsingarprófunaráfanga 1 og einn aðskilinn sýnatökusekkur (sekkur nr. 2) fyrir heitræsingarprófunaráfanga 2.
- 4.2.7.1. Sýnatökusekkirnir skulu báðir hafa sjálfvirkan lokarbúnað sem hægt er að loka og þetta með hraði, annaðhvort á sýnatökubúnaðinum eða greiningarbúnaðinum við lok prófunarinnar.

- 4.2.7.1.1. Lokunarbúnaðurinn á sekk nr. 1 skal lokast 448 sekúndum eftir að prófun I hefst.
- 4.2.7.1.2. Lokunarbúnaðurinn á sekk nr. 2 skal opnast um leið og sekkur nr. 1 lokast og lokast aftur 896 sekúndum eftir að prófun I hefst.
- 4.2.8. Mæliaðferð skal vera fyrir hendi til að mæla heildarrúmmál þynntu lofttegundanna sem streyma í gegnum sýnatökubúnaðinn meðan á prófuninni stendur. Þynningarkerfi fyrir útblástur skal uppfylla kröfur 2. viðbættis við 6. kafla reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 83.

4.2.9. *Mynd 1*

Sýnataka losaðra mengandi efna fyrir Euro 3 samanborið við Euro 2 fyrir ökutæki í flokki L1e, L2e eða L6e



- d) eftirfarandi liður 4.3.3 bættist við 1. viðbætti:
- „4.3.3 Greiningarbúnaðurinn skal vera fær um að mæla sýni af blöndu útblásturslofts og þynningarlofts sem safnað er í sekk nr. 1 og sekk 2 sitt í hvoru lagi.“
- e) í stað liða 5.4. til 5.4.3 í 1. viðbætti komi eftirfarandi:
- „5.4. **Undirbúningur prófunarökutækis**
- 5.4.1. Þrýstingur í hjólbörðum prófunarökutækisins skal vera sá sem gefinn er upp af framleiðanda fyrir venjulegan akstur. Þó er heimilt að hækka þrýstinginn um 30–50% ef þvermál keflanna er minna en 500 mm.
- 5.4.2. Eldsneytisgeymir eða -geymar skulu tæmdir í gegnum þau frárennslisop sem til staðar eru og fylltir með prófunareldsneytinu sem tilgreint er í IV. viðauka.
- 5.4.3. Prófunarökutækið skal flutt á prófunarsvæðið og eftirfarandi aðgerðir framkvæmdar:“
- f) eftirfarandi liðir 5.4.3.1 til 5.4.3.5 bættist við í 1. viðbætti:
- „5.4.3.1. Prófunarökutækinu skal ekið eða ýtt upp á aflmælistamstæðu og notað í prófunarlotunni sem mælt er fyrir um í lið 2.1. Prófunarökutækið þarf ekki að vera kalt og má nota til að aflstillja aflmælinn.
- 5.4.3.2. Álagið á drifhjólið skal vera innan  $\pm 3$  kg af álaginu á ökutæki í venjulegum akstri þar sem ökumaðurinn vegur  $75 \text{ kg} \pm 5 \text{ kg}$  og situr uppréttur.
- 5.4.3.3. Æfingakeysla í gegnum prófunarlotuna eins og mælt er fyrir um í lið 2.1 má fara fram á prófunarpunktum svo framarlega sem losunarsýni er ekki tekið til að ákvarða lágmarksátak á eldsneytisgjöf sem nauðsynlegt er til að viðhalda réttum tengslum milli hraða og tíma.

- 5.4.3.4. Áður en prófunarökutækinu er komið fyrir á kyrrstöðusvæðinu skal það fara í gegnum fjórar prófunarlotur eins og mælt er fyrir um í lið 2.1 sem hver varir í 112 sekúndur. Þessi formeðhöndlunarprófunarlota skal framkvæmd með aflmælisstillingunum sem mælt er fyrir um í liðum 5.1 og 5.2. Ekki er gerð krafa um mælingu á losun í gegnum útblástursrör í þessari formeðhöndlunarprófunarlotu.
- 5.4.3.5. Innan fimm mínútna frá lokum formeðhöndlunar skal prófunarökutækið fjarlægt af aflmælinum og ekið eða ýtt á kyrrstöðusvæðið þar sem því skal lagt. Umhverfishita á kyrrstöðusvæðinu skal haldið við  $298\text{ K} \pm 5\text{ K}$ . Ökutækið skal geymt ekki skemur en í sex klukkustundir og ekki lengur en í 36 klukkustundir áður en kaldræsingarprófun I er gerð eða þar til hitastig smurolíu  $T_{Oil}$ , hitastig kælivökva  $T_{Coolant}$  eða hitastig sæta/þéttis fyrir kveikikerti  $T_{SP}$  (aðeins fyrir loftkælda hreyfla) er jafnt og hitastigið á kyrrstöðusvæðinu. Í prófunarskýrslu skal tilgreina hvaða viðmiðun hefur verið valin.“

g) í stað liða 7.1 til 7.1.3 í 1. viðbæti komi eftirfarandi:

„7.1. **Sýnataka**

- 7.1.1. Sýnataka hefst um leið og prófunin byrjar eins og tilgreint er í lið 6.2.2.
- 7.1.2. Sekkir nr. 1 og 2 skulu vera loftþéttir og fylgja lokunarröðinni sem sett er fram í lið 4.2.7.1. Þeir skulu ekki vera tengdir meðan á kaldræsingarprófunaráfanga 1 eða heitræsingarprófunaráfanga 2 stendur.
- 7.1.3. Þegar lokalotunni lýkur skal búnaðinum sem safnar þynnta útblástursloftinu og þynningarloftinu lokað og lofttegundunum, sem hreyfillinn losar, beint út í andrúmsloftið.“

h) í stað liðar 7.2.4 í 1. viðbæti komi eftirfarandi:

- „7.2.4. Styrkur vetniskolefnis, kolsýrings og köfnunarefnisoxíðs og koltvísýrings í sýnunum af þynnta útblástursloftinu og í sekkjunum sem þynningarloftinu er safnað í er ákvarðaður út frá gildunum sem mælibúnaðurinn sýnir eða skráir með því að beita viðeigandi kvörðunarferlum.“

i) í stað liða 8 til 8.4.1 í 1. viðbæti komi eftirfarandi:

„8. **ÁKVÖRDUN Á MAGNI LOSADRA, MENGANDI LOFTTEGUNDA**

- 8.1. Massi koltvísýrings og mengandi lofttegundanna kolsýrings, vetniskolefnis, köfnunarefnisoxíðs skal ákvarðaður sérstaklega fyrir sekki nr. 1 og 2 í samræmi við liði 8.2 til 8.6.
- 8.2. Massi kolsýrings sem losnar í prófuninni er ákvarðaður með eftirfarandi formúlu:

$$CO_m * V_{d_{CO}} * \frac{CO_c}{10^6}$$

þar sem:

- 8.2.1.  $CO_m$  er massi kolsýrings sem losnar við prófunina, gefinn upp í g/km, reiknaður út sérstaklega fyrir hvorn áfanga,
- 8.2.2.  $S_x$  er raunekin vegalengd, gefin upp í km, sem fæst með því að margfalda heildarfjölda snúninga, sem er sýndur á snúningsmælinum, með ummáli keflisins,

þar sem:

$X = 1$  í kaldræsingaráfanga 1,

$X = 2$  í kaldræsingaráfanga 2.

- 8.2.3.  $d_{CO}$  er eðlismassi kolsýrings við hitastigið 273,2 K (0 °C) og þrýsting sem nemur 101,3 kPa (=  $1,250 * 10^3\text{ g/m}^3$ ),
- 8.2.4.  $CO_c$  er rúmmálsstyrkur kolsýrings í þynntum lofttegundum, gefið upp í milljónarhlutum og leiðrétt m.t.t. mengunar í þynningarlofti:

$$CO_c = CO_c - CO_d * \left(1 - \frac{1}{DF}\right)$$

þar sem:

- 8.2.4.1.  $CO_c$  er styrkur kolsýrings, mældur í milljónarhlutum, í sýni þynnta lofttegunda sem er safnað í sekk  $S_a$ .
- 8.2.4.2.  $CO_d$  er styrkur kolsýrings, mældur í milljónarhlutum, í sýni þynningarlofts sem er safnað í sekk  $S_b$ .
- 8.2.4.3. DF er reiknistuðullinn sem er tilgreindur í lið 8.6.
- 8.2.5. V er rúmmálið, gefið upp í  $m^3/áfangi$ , af þynntum lofttegundum við viðmiðunarhitastig 273,2 K (0 °C) og viðmiðunarþrýsting 101,3 kPa:

$$V = V_0 * \frac{N * (P_a - P_1) * 273,2}{101,3 * (T_p + 273,2)}$$

þar sem:

- 8.2.5.1.  $V_0$  er rúmmál lofttegundar sem dælan  $P_1$  ryður frá sér í einum snúningi, gefið upp í  $m^3/snúning$ . Þetta rúmmál er fall af þrýstingsmun milli inntaks- og úttakseiningar dællunar sjálfrar,
- 8.2.5.2. N er fjöldi snúninga sem dælan  $P_1$  snýst í grunnprófunarlotunum fjórum í hvorum áfangi,
- 8.2.5.3.  $P_a$  er loftþrýstingur, gefinn upp í kPa,
- 8.2.5.4.  $P_1$  er meðalgildi þrýstingsfalls í inntakseiningu dællunar  $P_1$ , gefið upp í kPa, meðan á lotunum stendur,
- 8.2.5.5.  $T_p$  (°C) er hitastig þynnta lofttegunda sem er mælt í inntakshluta dællunar  $P_1$ .
- 8.3. Massi óbrunninna vetniskolefna, sem losuð eru með útblæstri léttis bifhjóls meðan á prófuninni stendur, er reiknaður með formúlunni:

$$HC_m = V * d_{HC} * \frac{HC_c}{10^6}$$

þar sem:

- 8.3.1.  $HC_m$  er massi vetniskolefna sem losnar við prófunina, gefinn upp í g, reiknaður út sérstaklega fyrir hvorn áfangi,
- 8.3.2.  $S_x$  er vegalengdin sem er skilgreind í lið 8.2.2,
- 8.3.3.  $d_{HC}$  er eðlismassi vetniskolefna við hitastigið 273,2 K (0 °C) og þrýsting sem nemur 101,3 kPa (fyrir bensín (E5) ( $C_1H_{1,89}O_{0,016}$ )) (= 631  $g/m^3$ ),
- 8.3.4.  $HC_c$  er styrkur þynnta lofttegunda, gefinn upp í milljónarhlutum kolefnisjafngilda og leiðréttur m.t.t. þynningarloftsins:

$$HC_c = HC_e - HC_d * \left(1 - \frac{1}{DF}\right)$$

þar sem:

- 8.3.4.1.  $HC_e$  er styrkur vetniskolefna, gefinn upp í milljónarhlutum kolefnisjafngilda, í sýni þynnta lofttegunda sem er safnað í sekk  $S_a$ ,
- 8.3.4.2.  $HC_d$  er styrkur vetniskolefna, gefinn upp í milljónarhlutum kolefnisjafngilda, í sýni þynningarloftsins sem er safnað í sekk  $S_b$ ,
- 8.3.4.3. DF er reiknistuðullinn sem er skilgreindur í lið 8.6.
- 8.3.5. V er rúmmálið sem er skilgreint í lið 8.2.5.



- 8.4. Massi köfnunarefnisoxíða, sem losuð eru með útblæstri létts bifhjóls meðan á prófuninni stendur, er reiknaður með formúlunni:

$$NO_{xm} = V * d_{NO_2} * \frac{NO_{xc} K_h}{10^6}$$

þar sem:

- 8.4.1.  $NO_{xm}$  er massi köfnunarefnisoxíða sem losnar við prófunina, gefinn upp í g, reiknaður út sérstaklega fyrir hvorn áfanga,

j) eftirfarandi liðir 8.4.2 til 8.6.3 bætist við 1. viðbæti:

„8.4.2.  $S_x$  er vegalengdin sem er skilgreind í lið 8.2.2,

8.4.3.  $d_{NO_2}$  er eðlismassi köfnunarefnisoxíða í útblásturslofti, í  $NO_2$ -jafngildum, við hitastigið 273,2 K (0 °C) og þrýsting sem nemur 101,3 kPa (= 2,050 \* 103 g/m<sup>3</sup>),

8.4.4.  $NO_{xc}$  er styrkur köfnunarefnisoxíðs í þynntum lofitegundum, gefinn upp í milljónarhlutum og leiðréttur m.t.t. þynningarloftsins:

$$NO_{xc} = NO_{xc} - NO_{xd} * \left(1 - \frac{1}{DF}\right)$$

þar sem:

8.4.4.1.  $NO_{xc}$  er styrkur köfnunarefnisoxíða, gefinn upp í milljónarhlutum, í sýni þynntra lofitegunda sem er safnað í sekk  $S_a$ ,

8.4.4.2.  $NO_{xd}$  er styrkur köfnunarefnisoxíða, gefinn upp í milljónarhlutum, í sýni þynningarloftsins sem er safnað í sekk  $S_b$ ,

8.4.4.3. DF er reiknistuðullinn sem er skilgreindur í lið 8.6.

8.4.5.  $K_h$  er leiðréttingarstuðull fyrir raka

$$K_h = \frac{1}{1 - 0,0329 * (H 10,7)}$$

þar sem:

8.4.5.1. H er algildisrakinn, í g af vatni á kg af þurru lofti (í g/kg)

$$H = \frac{6,2111 * U * P_d}{P_a - P_d * \frac{U}{100}}$$

þar sem:

8.4.5.1.1. U er rakainnihaldið gefið upp í hundraðshlutum,

8.4.5.1.2.  $P_d$  er þrýstingur mettaðrar vatnsgufu gefinn upp í kPa við prófunarhitastigið,

8.4.5.1.3.  $P_a$  er loftþrýstingur, gefinn upp í kPa.

8.4.6. V er rúmmálið sem er skilgreint í lið 8.2.5.

8.5. Koltvísýringur ( $CO_2$ )

Massi koltvísýrings, sem losaður er með útblæstri ökutækisins meðan á prófuninni stendur, er reiknaður með eftirfarandi formúlu:

$$CO_{2m} = V * d_{CO_2} * \frac{CO_{2c}}{10^2}$$

þar sem:

- 8.5.1.  $CO_{2m}$  er massi koltvísýrings sem losnar við prófunina, í g, reiknaður út sérstaklega fyrir hvorn áfanga,
- 8.5.2.  $S_x$  er vegalengdin sem er skilgreind í lið 8.2.2,
- 8.5.3.  $V$  er rúmmálið sem skilgreint er í lið 8.2.5,
- 8.5.4.  $d_{CO_2}$  er eðlismassi koltvísýrings við hitastigið 273,2 K (0 °C) og þrýsting sem nemur 101,3 kPa  $d_{CO_2} = 1,964 * 10^3 \text{ g/m}^3$ ,
- 8.5.5.  $CO_{2c}$  er styrkur þynntra lofttegunda, gefinn upp í milljónarhlutum kolefnisjafngilda og leiðréttur m.t.t. þynningarloftsins með eftirfarandi jöfnu:

$$CO_{2C} = CO_{2e} - CO_{2d} * \left(1 - \frac{1}{DF}\right)$$

þar sem:

- 8.5.5.1.  $CO_{2e}$  er styrkur koltvísýrings, gefinn upp í hundraðshlutum, í sýni þynntra lofttegunda sem er safnað í sekk  $S_A$ ,
- 8.5.5.2.  $CO_{2d}$  er styrkur koltvísýrings, gefinn upp í hundraðshlutum, í sýni þynningarloftsins sem er safnað í sekk  $S_B$ ,
- 8.5.5.3.  $DF$  er reiknistuðullinn sem er skilgreindur í lið 8.6.
- 8.6.  $DF$  er reiknistuðull sem er táknaður með formúlunni:

$$DF = \frac{13,4}{C_{CO_2} + (C_{HC} + C_{CO}) * 10^{-4}} \text{ fyrir bensín (E5)}$$

þar sem:

- 8.6.1.  $C_{CO_2}$  = styrkur koltvísýrings í þynnta útblástursloftinu í sýnatökusekkjunum, gefinn upp sem hlutfall af rúmmáli,
- 8.6.2.  $C_{HC}$  = styrkur vetniskolefna í þynnta útblástursloftinu í sýnatökusekkjunum, gefinn upp í milljónarhlutum kolefnisjafngilda,
- 8.6.3.  $C_{CO}$  = styrkur kolsýrings í þynnta útblástursloftinu í sýnatökusekkjunum, gefinn upp í milljónarhlutum.“

k) í stað liðar 9 í 1. viðbæti komi eftirfarandi:

„9. Framsetning niðurstaðna úr prófunum:

(Meðaltal) niðurstaðna úr kaldræsingaráfanganum er nefnt  $R_{X1}$  (í g), (meðaltal) niðurstaðna úr heitræsingaráfanganum er nefnt  $R_{X2}$  (í g). Með því að nota þessar losunarniðurstöður skal lokaniðurstaða  $R_x$  (í g/km) úr prófun I reiknuð með eftirfarandi jöfnu:

$$R_x = \frac{R_{X\_Cold} * 0,3 + R_{X\_Warm} * 0,7}{S_T} \text{ í g/km}$$

þar sem:

$X = HC, CO, NO_x$  eða  $CO_2$

$R_{HC\_Cold} = HC_{mass\_cold\_phase\_1}$  (í g) og  $R_{HC\_Warm} = HC_{mass\_warm\_phase\_2}$  (í g), sjá formúlu í lið 8.3

$R_{CO\_Cold} = CO_{mass\_cold\_phase\_1}$  (í g) og  $R_{CO\_Warm} = CO_{mass\_warm\_phase\_2}$  (í g), sjá formúlu í lið 8.2

$R_{NOx\_Cold} = NO_{xmass\_cold\_phase\_1}$  (í g) og  $R_{NOx\_Warm} = NO_{xmass\_warm\_phase\_2}$  (í g), sjá formúlu í lið 8.4

$R_{CO_2\_Cold} = CO_{2mass\_cold\_phase\_1}$  (í g) og  $R_{CO_2\_Warm} = CO_{2mass\_warm\_phase\_2}$  (í g): sjá formúlu í lið 8.5

$S_1$ : (heildarprófunarvegalegd)( $S_1, S_2$ ) ekin í raun af prófunarökutæki í flokki L1e, L2e eða L6e í kaldræsingaráfanga 1 og heitræsingaráfanga 2 í prófunarlotunni í heild.“,

l) eftirfarandi liður 10 bætist við 1. viðbæti:

„10. Eldsneytisnotkun

Eldsneytisnotkun skal reiknuð út með því að nota prófunarniðurstöðurnar úr lið 9 sem hér segir:

$$FC = \frac{0,118}{D} [(0,848 * R_{HC}) + (0,429 * R_{CO}) + (0,273 * R_{CO2})]$$

þar sem:

FC = eldsneytisnotkun í lítrum á 100 km,

D = eðlismassi prófunareldsneytisins í kg/l við 288,2 K (15 °C).“,

m) eftirfarandi 3. viðbætur bætist við:

„3. viðbætur

**Losun lofttegunda frá sveifarhúsi og túlkun niðurstaðna úr prófun á losun koltvísýrings og eldsneytisnotkun**

1. Losun lofttegunda frá sveifarhúsi skal vera núll frá gerðarviðurkenndu ökutæki í flokkum L1e, L2e og L6. Losun frá sveifarhúsi skal ekki fara beint út í andrúmsloftið frá ökutæki í flokki L á nýtingartíma þess.
2. Túlkun niðurstaðna úr prófun I á losun koltvísýrings og eldsneytisnotkun ökutækja í flokkum L1e, L2e og L6e
  - 2.1. Gildi koltvísýrings og eldsneytisnotkunar sem samþykkt eru sem gerðarviðurkenningargildi skulu vera þau sem framleiðandi tilgreinir að því tilskildu að þau fari ekki meira en 4% yfir gildið sem tæknipjónustan mælir. Mæligildið má vera lægra án nokkurra takmarkana.
  - 2.2. Ef mæligildi koltvísýrings og eldsneytisnotkunar er hærra en uppgengið gildi framleiðanda fyrir koltvísýring og eldsneytisnotkun um sem nemur meira en 4% skal gera aðra prófun á sama ökutæki.
  - 2.3. Ef meðaltal niðurstaðna prófananna tveggja er ekki hærra en sem nemur 4% af yfirlýstu gildi framleiðanda er yfirlýst gildi framleiðanda notað sem gerðarviðurkenningargildi.
  - 2.4. Ef meðaltal niðurstaðna prófananna tveggja er enn meira en 4% hærra en yfirlýsta gildið er gerð lokaprófun á sama ökutæki. Meðaltal þessara þriggja prófananiðurstaðna telst vera gerðarviðurkenningargildi.“,
- 2) Ákvæðum liðar 2.2.1.1.7 í II. viðauka í 5. kafla tilskipunar 97/24/EB er breytt sem hér segir:
 

„2.2.1.1.7. Gögnin, sem þannig eru skráð, skulu færð í viðeigandi reiti skjalsins sem um getur í VII. viðauka við tilskipun 2002/24/EB. Viðeigandi Euro-stig skal skráð í lið 46.2 í IV. viðauka við tilskipun 2002/24/EB í samræmi við reglurnar sem settar eru fram í neðanmálgrein við þennan lið.“,

3) Ákvæðum IV. viðauka við 5. kafla við tilskipun ráðsins 97/24/EB er breytt sem hér segir:

„IV. VIÐAUKI

**FORSKRIFTIR FYRIR VIÐMIÐUNARELDSNEYTI**

Viðmiðunareldsneytin bensín (E5) og dísilolía (B5) skulu tilgreind í samræmi við A-þátt IX. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008(\*),

(\*) Stjótið. ESB L 199, 28.7.2008, bls. 1.“

## II. VIÐAUKI

1) Ákvæðum IV. viðauka við tilskipun 2002/24/EB er breytt sem hér segir:

a) lið 46 er breytt sem hér segir:

„46. Losun með útblæstri <sup>(1)</sup>

46.1. Euro-þrep: ..... (1, 2 eða 3) <sup>(12)</sup>

46.2. Prófun I: CO: ..... g/km HC: ..... g/km NO<sub>x</sub> ..... g/km HC + NO<sub>x</sub>: ..... g/km <sup>(13)</sup>

46.3. Prófun II: CO <sup>(13)</sup>: ..... g/mín HC <sup>(13)</sup>: ..... g/mín

CO <sup>(14)</sup>: ..... % miðað við rúmmál

Sýnileg loftmengun frá hreyfli með þjöppukveikju:

leiðrétt gildi gleypnistuðuls ..... m<sup>-1</sup>,

b) neðanmálgreinar 12, 13 og 14 bætast við IV. viðauka tilskipunar 2002/24/EB:

„<sup>(12)</sup> Með hliðsjón af númeri viðkomandi tilskipunar og nýjustu breytingagerð sem á við um viðurkenninguna skal samræmi við Euro-þrep 1, 2 eða 3 ákvarðað sem hér segir:

Upplýsingar um Euro-þrep ef viðurkenningaryfirvald kys svo fyrir viðurkenningar sem veittar eru fyrir eftirfarandi dagsetningu: 11. desember 2013.

Í töflu 2.2.1.1.3 í I. viðauka við 5. kafla tilskipunar 97/24/EB er samræmi við fyrstu línu sem sýnir viðmiðunarmörkin samræmi við „Euro-stig 1“ og samræmi við aðra línu sem sýnir viðmiðunarmörkin samræmi við „Euro-stig 2“.

Fullt samræmi við I. viðauka 5. kafla tilskipunar 97/24/EB, sem tekur til samræmis við „Euro-stig 2“ ásamt prófunaraðferðunum sem settar eru fram í I. viðauka við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/60/ESB (Stjtið. ESB L 329, 10.12.2013, bls. 15) er samræmi við „Euro-stig 3“.

Í töflu 2.2.1.1.5 í II. viðauka við 5. kafla tilskipunar 97/24/EB er samræmi við:

– línurnar sem sýna viðmiðunarmörkin í A-hluta töflu 2.2.1.1.5 varðandi undirflokk I (< 150 cm<sup>3</sup>) og undirflokk II (≥ 150 cm<sup>3</sup>) samræmi við „Euro-stig 2“.

– línurnar sem sýna viðmiðunarmörkin í B-hluta töflu 2.2.1.1.5 varðandi undirflokk I (< 150 cm<sup>3</sup>) og undirflokk II (≥ 150 cm<sup>3</sup>) samræmi við „Euro-stig 3“.

– línurnar sem sýna viðmiðunarmörkin í C-hluta töflu 2.2.1.1.5 varðandi undirflokk I (v<sub>max</sub> < 130 km/klst.) og undirflokk II (v<sub>max</sub> ≥ 130 km/klst.) samræmi við „Euro-stig 3“.

<sup>(13)</sup> Aðeins fyrir ökutæki í flokkum L1e, L2e og L6e sem uppfylla ákvæði tilskipunar 97/24/EB eins og henni var breytt með tilskipun 2013/60/ESB.

<sup>(14)</sup> Fyrir ökutæki í flokki L sem falla undir gildissvið 1. gr. tilskipunar 2002/24/EB að undanskildum ökutækjum í flokkum L1e, L2e og L6e.“

2) Ákvæðum VII. viðauka við tilskipun 2002/24/EB er breytt sem hér segir:

a) í stað liða 2. til 2.2 komi eftirfarandi:

„2. Niðurstöður losunarprófana

Númer viðeigandi tilskipunar og nýjustu breytingatilskipunar sem gildir um gerðarviðurkenninguna. Ef um er að ræða tilskipun sem kemur til framkvæmda í tveimur eða fleiri áföngum skal einnig gefa upp framkvæmdaráfangann og Euro-þrepið:

Afbrigði/útfærsla: .....

Euro-þrep <sup>(1)</sup>: .....

## 2.1. Prófun I

CO: ..... g/km

HC <sup>(3)</sup>: ..... g/kmNO<sub>x</sub> <sup>(3)</sup>: ..... g/kmHC + NO<sub>x</sub> <sup>(2)</sup>: ... g/kmCO<sub>2</sub> <sup>(2)</sup>: ... g/kmEldsneytisnotkun <sup>(2)</sup>: ... l/100 km

## 2.2. Prófun II

CO (g/mín) <sup>(2)</sup> ...HC (g/mín) <sup>(2)</sup> ...

CO (% rúmmáls) á eðlilegum lausagangshraða ...

Tilgreinið lausagangshraðann <sup>(3)</sup> <sup>(4)</sup>: ...CO (% rúmmáls) <sup>(3)</sup> á miklum lausagangshraða ...Tilgreinið lausagangshraðann <sup>(3)</sup> <sup>(4)</sup>: ...Hitastig á smurolíu <sup>(3)</sup> <sup>(5)</sup>: ...“

b) neðanmálgreinunum við tilskipun 2002/24/EB er breytt sem hér segir:

„<sup>(1)</sup> Sjá 12. neðanmálgrein í IV. viðauka.<sup>(2)</sup> Aðeins fyrir ökutæki í flokkum L1e, L2e og L6e.<sup>(3)</sup> Fyrir ökutæki í flokki L sem falla undir gildissvið 1. gr. tilskipunar 2002/24/EB að undanskildum ökutækjum í flokkum L1e, L2e og L6e.<sup>(4)</sup> Tilgreinið vikið mörk í mælingum.<sup>(5)</sup> Á einungis við um fjörgengishreyfla.“

\_\_\_\_\_

## III. VIÐAUKI

Ákvæðum I. til VI. viðauka við tilskipun 2009/67/EB er breytt sem hér segir:

1) Skránni yfir viðauka er breytt sem hér segir:

- a) tilvísanir í 1. og 2. viðbæti við II. viðauka falli brott,
- b) tilvísanir í 1. og 2. viðbæti við IV. viðauka falli brott,

2) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í A-hluta bætist eftirfarandi liðir 16 til 18 við:

„16. *ljósker fyrir dagljósabúnað*

ljósker sem vísar fram og er notað til að gera ökutæki sýnilegra þegar ekið er að degi.

17. *stöðvunar-/ræsingarkerfi*

sjálfvirk stöðvun og ræsing hreyfils til að minnka lausagang og draga þar með úr eldsneytisnotkun, losun mengunarefna og koltvísýrings,

18. *aðalrofi ökutækis*

búnaður sem færir rafkerfi um borð í ökutæki yfir í venjulegan notkunarham eftir að slökkt hefur verið á því, eins og þegar ökutæki hefur verið lagt og það er án ökumanns“,

b) í stað 10. liðar B-hluta komi eftirfarandi:

„10. Raftengingar fyrir stöðuljósker að framan eða lágljósker, ef stöðuljósker að framan eru ekki fyrir hendi, stöðuljósker að aftan og ljósker við skráningarmarki að aftan skulu þannig gerðar að einungis sé hægt að kveikja og slökkva á þessum ljóskerum samtímis.

Ökutæki skulu búin með annað hvort:

- ljóskerum fyrir dagljósabúnað eða
- lágljóskerum sem kviknar á sjálfkrafa þegar aðalrofi ökutækis hefur verið virkjaður.“,

c) í stað 11. liðar B-hluta komi eftirfarandi:

„11. Ef engin sérákvæði hafa verið sett skulu raftengingar fyrir háljósker, lágljósker og þokuljósker að framan þannig gerðar að einungis sé hægt að kveikja á þessum ljóskerum ef einnig er kveikt á ljóskerunum sem um getur í fyrstu málsgrein 10. liðar. Þessi krafa á þó ekki við um háljóskerin og lágljóskerin þegar þau eru notuð sem viðvörðunarljós með þeim hætti að lágljóskerin eða háljóskerin blikka með jöfnu millibili eða lágljóskerin og háljóskerin blikka til skiptis með jöfnu millibili.“,

d) í B-hluta bætist eftirfarandi liðir 15 til 17 við:

„15. Ökutæki í flokki L1e og L3e mega vera búin viðbótarendurskinsbúnaði og efnunum sem endurkasta ljósi að aftan og á hliðum að því tilskildu að þau dragi ekki úr skilvirkni lögboðna ljósa- og ljósmerkjabúnaðarins. Einkum mega farangurshólf og hliðartöskur vera búin með efni sem endurkastar ljósi að því tilskildu þau séu í sama lit og ljósabúnaðurinn sem er á þeim stað.

16. Ekkert ökutæki skal búin með aukaljósgeffum sem gefa frá sér ljós sem hægt er að sjá beint og/eða óbeint við venjuleg akstursskilyrði öðrum en þeim sem gegna þeim tilgangi að lýsa upp stjórntæki, gaumbúnað og visa eða farþegaklefa.

17. Þar sem aðalljósker sem kviknar á sjálfkrafa eða virkjun ljóskera fyrir dagljósabúnað er tengd gangi hreyfils skal hún teljast tengd virkjun aðalrofa. Þetta gildir einkum um ökutæki með rafknúningskerfi eða annars konar knúningskerfi og ökutæki sem búin eru sjálfvirku stöðvunar-/ræsingarkerfi.“,

3) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í stað liða 1. til 1.2 komi eftirfarandi:

„1. Ökutæki í flokki L1e skulu uppfylla allar viðeigandi kröfur reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 74. Ökutæki með hámarkshönnunarhraða sem er  $\leq 25$  km/klst. skulu uppfylla allar viðeigandi kröfur sem mælt er um fyrir ökutæki með hámarkshönnunarhraða sem er  $> 25$  km/klst.

- 1.1. Ökutæki í flokki L1e skulu, ef sértækar kröfur fyrir ökutæki í þeim flokki eru ekki fyrir hendi, vera með ljósker við skráningarmerki að aftan.
  - 1.2. Ef engar sértækar kröfur eru fyrir hendi í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 74 mega ökutæki í flokki L1e verða búin ljóskerum fyrir dagljósabúnað sem eru virkjuð í stað aðalljóslera sem kviknar á sjálfkrafa og uppfylla kröfurnar í liðum 6.15 til 6.15.7 í III. viðauka.“,
- b) ákvæði 1. og 2. viðbætis falli brott,
  - c) fyrrum 3. viðbætur verður 1. viðbætur og tilvísuninni í hann í skránni yfir viðauka er breytt til samræmis við það,
  - d) fyrrum 4. viðbætur verður 2. viðbætur og tilvísuninni í hann í skránni yfir viðauka er breytt til samræmis við það,
  - e) eftirfarandi liður 5.7 bætist við í 2. viðbæti:  
„5.7. Ljósker við skráningarmerki að aftan“,
  - f) í stað liðar 6.3 í 2. viðbæti komi eftirfarandi:  
„6.3. Ljósker fyrir dagljósabúnað: já/nei (\*)“,
- 4) Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:
- a) eftirfarandi liður 1.8 bætist við:  
„1.8. Ljósker við skráningarmerki að aftan“,
  - b) í stað liðar 2.3 komi eftirfarandi:  
„2.3. Ljósker fyrir dagljósabúnað“,
  - c) í stað liðar 6.1.10 komi eftirfarandi:  
„6.1.10. Tengingarbundið gaumljós: skyldubundið ef aðalháljósker er uppsett (blátt stöðugt gaumljós).“,
  - d) eftirfarandi liður 6.1.11 bætist við:  
„6.1.11. Aðrar kröfur:
    - aðalháljósker ökutækja sem hafa tilhneingingu til að halla í beygjum mega vera búin stillibúnaði fyrir láréttan halla (e. *horizontal inclination adjustment system (HIAS)*) eins og skilgreint er í lið 2.25 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 53 að því tilskildu að allar viðeigandi kröfur þeirrar reglugerðar sem eiga við um stillibúnað fyrir láréttan halla séu uppfylltar,
    - samanlagt gildi hámarksstyrks allra aðalháljóslera sem hægt er að virkja á sama tíma skal ekki vera hærra en 430 000 kandela (cd) sem samsvarar viðmiðunargildinu 100.“,
  - e) í stað liðar 6.2.3.1 komi eftirfarandi:  
„6.2.3.1. Breidd:
    - festa má ósamtengt lágljósker ofan, neðan eða til hliðar við annað ljósker að framan. Ef ljóskerin eru staðsett hvort yfir öðru skal viðmiðunarmiðja aðallágljósers vera í lengdarmiðjuplaninu ökutækisins. Ef þau eru hlið við hlið skulu viðmiðunarmiðjur þeirra vera samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins,
    - festa skal ósamtengt lágljósker sem er sameinað öðru ljóskeri að framan þannig að viðmiðunarmiðja þess sé í lengdarmiðjuplaninu ökutækisins. Hins vegar ef ökutæki er búin öðru ljóskeri við hlið aðallágljósers skal viðmiðunarmiðja ljóskeranna tveggja vera samhverf miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins,
    - festa skal tvö lágljósker þannig að viðmiðunarmiðjur þeirra séu samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins ef hvorugt, annað eða bæði eru sameinuð öðru ljóskeri að framan,
    - ef um er að ræða tvö lágljósker skal lárétt fjarlægð milli ytri brúna ljósflatanna og ystu brúna ökutækisins ekki vera meiri en 400 mm.“,
  - f) í stað liðar 6.2.11 komi eftirfarandi:  
„6.2.11. Aðrar kröfur:
    - aðallágljósker ökutækja sem hafa tilhneingingu til að halla í beygjum mega vera búin stillibúnaði fyrir láréttan halla (e. *horizontal inclination adjustment system (HIAS)*) eins og skilgreint er í lið 2.25 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 53 að því tilskildu að allar viðeigandi kröfur þeirrar reglugerðar sem eiga við um stillibúnað fyrir láréttan halla séu uppfylltar,

- aðallágljóssker þar sem lægsti punktur ljósflatar er 0,8 m eða minna yfir jörðu skal stillt þannig að upphafshalli þess sé milli – 1,0% og – 1,5%. Framleiðandinn má tilgreina nákvæmt gildi,
- aðallágljóssker þar sem lægsti punktur ljósflatar er milli 0,8 m og 1,0 m yfir jörðu skal stillt þannig að upphafshalli þess sé milli – 1,0% og – 2,0%. Framleiðandinn má tilgreina nákvæmt gildi,
- aðallágljóssker þar sem lægsti punktur ljósflatar er 1,0 m eða meira yfir jörðu skal stillt þannig að upphafshalli þess sé milli – 1,5% og – 2,0%. Framleiðandinn má tilgreina nákvæmt gildi,
- hvað varðar aðallágljóssker með ljósgjafa með hlutlægt ljósstreymi sem ekki er meira en 2000 lúmen og upphafshalla milli – 1,0% og – 1,5% skal lóðréttur halli áfram vera milli – 0,5% og – 2,5% við öll álagsskilyrði. Lóðréttur halli skal áfram vera milli – 1,0% og – 3,0% ef upphafshalli er stilltur milli – 1,5% og – 2,0%. Nota má ytri stillingarbúnað til að uppfylla kröfurnar að því tilskildu að engin verkfæri önnur en þau sem fylgja með ökutækinu séu nauðsynleg,
- hvað varðar aðallágljóssker með ljósgjafa með hlutlægt ljósstreymi sem er meira en 2000 lúmen og upphafshalla milli – 1,0% og – 1,5% skal lóðréttur halli áfram vera milli – 0,5% og – 2,5% við öll álagsskilyrði. Lóðréttur halli skal áfram vera milli – 1,0% og – 3,0% ef upphafshalli er stilltur milli – 1,5% og – 2,0%. Nota má hallastillingarbúnað fyrir aðalljóssker til að uppfylla kröfur þessa liðar að því tilskildu að virkni hans sé alfarið sjálfvirk og svörunartími sé undir 30 sekúndum.“,

g) eftirfarandi liður 6.2.11.1 bætist við:

„6.2.11.1. Prófunarskilyrði:

- Kröfurnar um halla í lið 6.2.11 skulu sannprófaðar á eftirfarandi hátt:
  - massi ökutækis tilbúins til aksturs og 75 kg massi til að líkja eftir ökumanni,
  - fullhlaðið ökutæki með massanum dreift þannig að hámarksálag fái á hvern ás eins og gefið er upp af framleiðanda fyrir þessi álagsskilyrði,
  - ökutæki með 75 kg massa til að líkja eftir ökumanni og viðbótarhleðslu til að ná mesta leyfilega álagi á afturás eins og gefið er upp af framleiðanda, hins vegar skal álag á framás vera eins lágt og mögulegt er í þessu tilfelli,
- áður en mæling er gerð, skal ökutækinu ruggað þrisvar sinnum og síðan færa það aftur á bak og áfram þannig að hjólin snúist a.m.k. heilan hring.“,

h) í stað liðar 6.4.1 komi eftirfarandi:

„6.4.1. Fjöldi:

- eitt eða tvö ef um er að ræða ökutæki með heildarbreidd sem er ekki meiri en 1300 mm,
- tvö ef um er að ræða ökutæki með heildarbreidd sem er meiri en 1300 mm,
- viðbótarhemlaljóssker úr flokki S3 eða S4 (þ.e. hemlaljóssker staðsett hátt og fyrir miðju) má vera áfest að því tilskildu að allar viðeigandi kröfur reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 48 sem eiga við um uppsetningu slíkra hemlaljóskeyra á ökutækjum í flokki M1 séu uppfylltar.“,

i) í stað liðar 6.5.3.1 komi eftirfarandi:

„6.5.3.1. Breidd:

- festa má ósamtengt stöðuljóssker að framan ofan, neðan eða til hliðar við annað ljóssker að framan. Ef ljóskerin eru staðsett hvort yfir öðru skal viðmiðunarmiðja stöðuljóskeyrsins að framan vera í lengdarmiðjuþlani ökutækisins. Ef þau eru hlið við hlið skulu viðmiðunarmiðjur þeirra vera samhverf miðað við lengdarmiðjuþlan ökutækisins,
- festa skal ósamtengt stöðuljóssker að framan sem er sameinað öðru ljóskeyri að framan þannig að viðmiðunarmiðja þess sé í lengdarmiðjuþlani ökutækisins. Hins vegar ef ökutæki er búið öðru ljóskeyri að framan við hlið stöðuljóskeyrs að framan skal viðmiðunarmiðja ljóskeyranna tveggja vera samhverf miðað við lengdarmiðjuþlan ökutækisins,



- festa skal tvö stöðuljósaker að framan þannig að viðmiðunarmiðjur þeirra séu samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins ef hvorugt, annað eða bæði eru sameinuð öðru ljósakeri að framan.
- ef um er að ræða tvö stöðuljósaker að framan skal lárétt fjarlægð milli ytri brúna ljósflatanna og ystu brúna ökutækisins ekki vera meiri en 400 mm.“,

j) í stað liðar 6.6.3.1 komi eftirfarandi:

„6.6.3.1. Breidd:

- festa skal stöðuljósaker að aftan á ökutæki þannig að viðmiðunarmiðja stöðuljósakers að aftan sé í lengdarmiðjuplan ökutækisins,
- festa skal tvö stöðuljósaker að aftan á ökutæki þannig að viðmiðunarmiðjur stöðuljósakeranna að aftan séu samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins,
- ef um er að ræða ökutæki með tveimur afturhjulum og heildarbreidd sem er meiri en 1300 mm, skal lárétt fjarlægð milli ytri brúna ljósflatanna og ystu brúna ökutækisins ekki vera meiri en 400 mm.“,

k) í stað liðar 6.7.3.1 komi eftirfarandi:

„6.7.3.1. Breidd:

- ef eitt glitauga að aftan er til staðar skal það sett upp þannig á ökutækinu að viðmiðunarmiðja þess sé staðsett í lengdarmiðjuplan ökutækisins,
- ef það eru tvö glitaugu að aftan skulu þau sett upp þannig á ökutækinu að viðmiðunarmiðjur þeirra séu samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins,
- ef um er að ræða tvö glitaugu að aftan skal lárétt fjarlægð milli ytri brúna ljósflatanna og ystu brúna ökutækisins ekki vera meiri en 400 mm.“,

l) eftirfarandi liðir 6.15 til 6.15.7 bætist við:

**„6.15. Ljósaker fyrir dagljósabúnað**

6.15.1. Fjöldi:

- eitt eða tvö ef um er að ræða ökutæki með heildarbreidd sem er ekki meiri en 1300 mm,
- tvö ef um er að ræða ökutæki með heildarbreidd sem er meiri en 1300 mm.

6.15.2. Fyrirkomulag:

- engar sérkröfur.

6.15.3. Staðsetning:

6.15.3.1. Breidd:

- festa má ósamtengt ljósaker fyrir dagljósabúnað ofan, neðan eða til hliðar við annað ljósaker að framan. Ef ljósakerin eru staðsett hvort yfir öðru skal viðmiðunarmiðja ljósakers fyrir dagljósabúnað vera í lengdarmiðjuplan ökutækisins. Ef þau eru hlið við hlið skulu viðmiðunarmiðjur þeirra vera samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins,
- festa skal ósamtengt ljósaker fyrir dagljósabúnað sem er sameinað öðru ljósakeri að framan þannig að viðmiðunarmiðja þess sé í lengdarmiðjuplan ökutækisins. Hins vegar ef ökutæki er búið öðru ljósakeri að framan við hlið ljósakers fyrir dagljósabúnað skal viðmiðunarmiðja ljósakeranna tveggja vera samhverf miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins,
- festa skal tvö ljósaker fyrir dagljósabúnað þannig að viðmiðunarmiðjur þeirra séu samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins ef hvorugt, annað eða bæði eru sameinuð öðru ljósakeri að framan,
- milli innri brúna ljósflatanna skulu vera a.m.k. 500 mm ef um er að ræða ökutæki með heildarbreidd sem er meiri en 1300 mm.

6.15.3.2. Hæð:

- lágmark 250 mm og hámark 1500 mm frá jörðu.

6.15.3.3. Lengd:

- við framenda ökutækisins. Þessi krafa telst uppfyllt ef ljósið veldur öikumanni ekki óþægindum, hvorki beint né óbeint vegna endurkasts af baksýnispeglum og/eða öðrum flötum á ökutækinu.

## 6.15.3.4. Bil:

- ef bilið milli stefnuljóss að framan og ljóskers fyrir dagljósabúnað er 40 mm eða minna skulu raftengingar ljóskers fyrir dagljósabúnað á viðkomandi hlið ökutækisins vera þannig að annað hvort:

- sé slökkt á því, eða
- ljósstyrkur þess sé minnkaður þannig að hann fari ekki yfir 140 kandela,

allan tímann (bæði meðan kveikt og slökkt er á lotunni) meðan viðkomandi stefnuljós að framan er virkt.

## 6.15.4. Dreifing ljóss:

- $\alpha = 10^\circ$  upp og  $10^\circ$  niður,
- $\beta = 20^\circ$  til vinstri og hægri ef um er að ræða eitt ljósker fyrir dagljósabúnað,
- $\beta = 20^\circ$  út á við og  $20^\circ$  inn á við ef um er að ræða tvö ljósker fyrir dagljósabúnað.

## 6.15.5. Stefna:

- fram á við: mega snúast með stýrinu.

## 6.15.6. Raftengingar:

- kvikna skal á öllum ljóskerum fyrir dagljósabúnað þegar aðalrofi er virkjaður; hins vegar má vera áfram slökkt á þeim við eftirfarandi skilyrði:
  - sjálfskipting er í kyrrstöðustillingu,
  - stöðuhemill er virkjaður eða
  - áður en ökutækið er sett af stað í fyrsta skipti eftir hverja handvirka virkjun aðalrofa og knúningskerfis ökutækisins,
- slökkva má handvirkt á ljóskerum fyrir dagljósabúnað; hins vegar skal þetta aðeins vera hægt þegar hraði ökutækis fer ekki yfir 10 km/klst. Kvikna skal sjálfvirkt á ljóskerunum þegar hraði ökutækisins fer yfir 10 km/klst eða þegar ökutækið hefur ferðast meira en 100 m.
- slokkna skal sjálfvirkt á ljóskerum fyrir dagljósabúnað þegar:
  - ökutækið er stöðvað með aðalrofanum,
  - þokuljósker að framan eru virkjuð,
  - aðalljósker eru virkjuð nema þegar þau eru notuð til að gefa viðvörunarljós með stuttu jöfnu millibili og
  - við birtuskilyrði í umhverfinu sem eru minna en 1000 lúx þar sem uppgjafinn hraði á hraðamæli ökutækisins er enn auðlæsilegur (þ.e. þegar hraðamælin er stöðugt upplýstur) og ökutækið er ekki búð stöðugu grænu gaumljósi í samræmi við lið 6.5.9 eða sérstöku grænu tengingarbundnu gaumljósi fyrir ljósker fyrir dagljósabúnað sem er auðkennt með viðeigandi tákni. Í slíkum tilvikum skulu aðallágljósker og ljósabúnaðurinn sem krafist er í 11. lið í B-þætti I. viðauka virkjuð sjálfkrafa og samtímis innan tveggja sekúndna frá því að birtustig í umhverfinu fellur niður fyrir 1000 lúx. Ef birtuskilyrði í umhverfinu ná síðan stigi sem nemur a.m.k. 7000 lúxum skulu ljósker fyrir dagljósabúnað endurvirkjuð sjálfkrafa en samtímis skal slokkna á aðallágljóskerum og ljósabúnaðinum sem krafist er í 11. lið í B-þætti I. viðauka innan fimm til 300 sekúndna (þ.e. virkjun ljósa þarf að vera alveg sjálfvirk ef ökumaður hefur enga vísbendingu og áreiti til að virkja venjulega lýsingu þegar myrkur er).

## 6.15.7. Tengingarbundið gaumljós:

- valfrjálst.“,

m) eftirfarandi liður 5.8 bættist við í 4. viðbæti:

„5.8. Ljósker við skráningarmerki að aftan.“,

n) í stað liðar 6,4 í 4. viðbæti komi eftirfarandi:

„6.4. Ljósker fyrir dagljósabúnað: já/nei (\*).“,

- 5) Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:
- a) í stað liðar 1 komi eftirfarandi:
    - „1. Ökutæki í flokki L3e skulu uppfylla allar viðeigandi kröfur í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 53 að frátöldum lið 5.14.9.“,
  - b) ákvæði 1. og 2. viðbættis falli brott,
  - c) fyrrum 3. viðbætur verður 1. viðbætur og tilvísuninni í hann í skránni yfir viðauka er breytt til samræmis við það,
  - d) fyrrum 4. viðbætur verður 2. viðbætur og tilvísuninni í hann í skránni yfir viðauka er breytt til samræmis við það,
  - e) eftirfarandi liður 6.5 bætist við 2. viðbætur:
    - „6.5. Ljósker fyrir dagljósabúnað: já/nei (\*).“,
- 6) Ákvæðum V. viðauka er breytt sem hér segir:
- a) eftirfarandi liður 2.5 bætist við:
    - „2.5. Ljósker fyrir dagljósabúnað“,
  - b) í stað liðar 6.1.11 komi eftirfarandi:
    - „6.1.11 Aðrar kröfur:
      - aðalhljósker ökutækja sem hafa tilhneigingu til að halla í beygjum mega vera búin stillibúnaði fyrir láréttan halla (e. *horizontal inclination adjustment system (HIAS)*) eins og skilgreint er í lið 2.25 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 53 að því tilskildu að allar viðeigandi kröfur þeirrar reglugerðar sem eiga við um stillibúnað fyrir láréttan halla séu uppfylltar,
      - samanlagt gildi hámarksstyrks allra aðalhljóskera sem hægt er að virkja á sama tíma skal ekki vera hærra en 430 000 kandela (cd) sem samsvarar viðmiðunargildinu 100.“,
  - c) eftirfarandi liðir 6.13 til 6.13.7 bætist við:
    - „**6.13. Ljósker fyrir dagljósabúnað**
    - 6.13.1. Fjöldi:
      - eitt eða tvö ef um er að ræða ökutæki með heildarbreidd sem er ekki meiri en 1300 mm,
      - tvö ef um er að ræða ökutæki með heildarbreidd sem er meiri en 1300 mm.
    - 6.13.2. Fyrirkomulag:
      - engar sérkröfur.
    - 6.13.3. Staðsetning:
      - 6.13.3.1. Breidd:
        - festa má ósamtengt ljósker fyrir dagljósabúnað ofan, neðan eða til hliðar við annað ljósker að framan. Ef ljóskerin eru staðsett hvort yfir öðru skal viðmiðunarmiðja ljóskers fyrir dagljósabúnað vera í lengdarmiðjuplaninu ökutækisins. Ef þau eru hlið við hlið skulu viðmiðunarmiðjur þeirra vera samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins,
        - festa skal ósamtengt ljósker fyrir dagljósabúnað sem er sameinað öðru ljóskeri að framan þannig að viðmiðunarmiðja þess sé í lengdarmiðjuplaninu ökutækisins. Hins vegar ef ökutæki er búið öðru ljóskeri að framan við hlið ljóskers fyrir dagljósabúnað skal viðmiðunarmiðja ljóskeranna tveggja vera samhverf miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins,
        - festa skal tvö ljósker fyrir dagljósabúnað þannig að viðmiðunarmiðjur þeirra séu samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins ef hvorugt, annað eða bæði eru sameinuð öðru ljóskeri að framan,
        - milli innri brúna ljósflatanna skulu vera a.m.k. 500 mm ef um er að ræða ökutæki með heildarbreidd sem er meiri en 1300 mm.
      - 6.13.3.2. Hæð:
        - lágmark 250 mm og hámark 1500 mm frá jörðu.
      - 6.13.3.3. Lengd:
        - við framenda ökutækisins. Þessi krafa telst uppfyllt ef ljósið veldur öikumanni ekki óþægindum, hvorki beint né óbeint vegna endurkasts af baksýnispeglum og/eða öðrum flötum á ökutækinu.

## 6.13.3.4. Bil:

- ef bilið milli stefnuljóss að framan og ljóskers fyrir dagljósabúnað er 40 mm eða minna skulu raftengingar ljóskers fyrir dagljósabúnað á viðkomandi hlið ökutækisins vera þannig að annað hvort:
  - sé slökkt á því, eða
  - ljósstyrkur þess sé minnkaður þannig að hann fari ekki yfir 140 kandela,
 allan tímann (bæði meðan kveikt og slökkt er á lotunni) meðan viðkomandi stefnuljós að framan er virkt.

## 6.13.4. Dreifing ljóss:

- $\alpha = 10^\circ$  upp og  $10^\circ$  niður,
- $\beta = 20^\circ$  til vinstri og hægri ef um er að ræða eitt ljósker fyrir dagljósabúnað,
- $\beta = 20^\circ$  út á við og  $20^\circ$  inn á við ef um er að ræða tvö ljóskeer fyrir dagljósabúnað.

## 6.13.5. Stefna:

- fram á við: mega snúast með stýrinu.

## 6.13.6. Raftengingar:

- kvikna skal á öllum ljóskerum fyrir dagljósabúnað þegar aðalrofi er virkjaður; hins vegar má vera áfram slökkt á þeim við eftirfarandi skilyrði:
  - sjálfskipting er í kyrrstöðustillingu,
  - stöðuhemill er virkjaður eða
  - áður en ökutækið er sett af stað í fyrsta skipti eftir hverja handvirka virkjun aðalrofa og knúningskerfis ökutækisins,
- slökkva má handvirkt á ljóskerum fyrir dagljósabúnað; hins vegar skal þetta aðeins vera hægt þegar hraði ökutækis fer ekki yfir 10 km/klst. Kvikna skal sjálfvirkt á ljóskerunum þegar hraði ökutækisins fer yfir 10 km/klst eða þegar ökutækið hefur ferðast meira en 100 m.
- slokkna skal sjálfvirkt á ljóskerum fyrir dagljósabúnað í öllum tilvikum þegar:
  - ökutækið er stöðvað með aðalrofanum,
  - þokuljósker að framan eru virkjuð,
  - aðalljósker eru virkjuð nema þegar þau eru notuð til að gefa viðvörunarljós með stuttu jöfnu millibili og
  - við birtuskilyrði í umhverfinu sem eru minna en 1000 lúx þar sem uppgefinn hraði á hraðamæli ökutækisins er enn auðlæsilegur (þ.e. þegar hraðamæli er stöðugt upplýstur) og ökutækið er ekki búð stöðugu grænu gaumljósi í samræmi við lið 6.5.9 eða sérstöku grænu tengingarbundnu gaumljósi fyrir ljósker fyrir dagljósabúnað sem er auðkennt með viðeigandi tákni. Í slíkum tilvikum skulu aðallágljósker og ljósabúnaðurinn sem krafist er í 11. lið í B-þætti I. viðauka virkjuð sjálfkrafa og samtímis innan tveggja sekúndna frá því að birtustig í umhverfinu fellur niður fyrir 1000 lúx. Ef birtuskilyrði í umhverfinu ná síðan stigi sem nemur a.m.k. 7000 lúxum skulu ljósker fyrir dagljósabúnað endurvirkjuð sjálfkrafa en samtímis skal slokkna á aðallágljóskerum og ljósabúnaðinum sem krafist er í 11. lið í B-þætti I. viðauka innan fimm til 300 sekúndna (þ.e. virkjun ljósa þarf að vera alveg sjálfvirk ef ökumaður hefur enga visbendingu og áreiti til að virkja venjulega lýsingu þegar myrkur er).

## 6.13.7. Tengingarbundið gaumljós:

- Valfrjálst.“,

d) eftirfarandi liður 6.5 bætist við 4. viðbæti:

„6.5. Ljósker fyrir dagljósabúnað: já/nei (\*).“,

7) Ákvæðum VI. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í stað liðar 2.4 komi eftirfarandi:

„2.4. ljósker fyrir dagljósabúnað“,

b) í stað liðar 6.1.2011 komi eftirfarandi:

„6.1.11 Aðrar kröfur:

- aðalhljósker ökutækja sem hafa tilhneigingu til að halla í beygjum mega vera búin stillibúnaði fyrir láréttan halla (e. *horizontal inclination adjustment system (HIAS)*) eins og skilgreint er í lið 2.25 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 53 að því tilskildu að allar viðeigandi kröfur þeirrar reglugerðar sem eiga við um stillibúnað fyrir láréttan halla séu uppfylltar,
- samanlagt gildi hámarksstyrks allra aðalhljóskera sem hægt er að virkja á sama tíma skal ekki vera herra en 430 000 kandela (cd) sem samsvarar viðmiðunargildinu 100.“

c) í stað liðar 6.2.3.1 komi eftirfarandi:

„6.2.3.1. Breidd:

- festa má ósamtengt lághljósker ofan, neðan eða til hliðar við annað ljósker að framan. Ef ljóskerin eru staðsett hvort yfir öðru skal viðmiðunarmiðja aðallágjóska vera í lengdarmiðjuplaninu ökutækisins. Ef þau eru hlið við hlið skulu viðmiðunarmiðjur þeirra vera samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins,
- festa skal ósamtengt lághljósker sem er sameinað öðru ljóskeri að framan þannig að viðmiðunarmiðja þess sé í lengdarmiðjuplaninu ökutækisins. Hins vegar ef ökutæki er búin öðru ljóskeri við hlið aðallágjóska skal viðmiðunarmiðja ljóskera tveggja vera samhverf miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins,
- festa skal tvö lághljósker þannig að viðmiðunarmiðjur þeirra séu samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins ef hvorugt, annað eða bæði eru sameinuð öðru ljóskeri að framan,
- ef um er að ræða tvö aðallágjóska skal lárétt fjarlægð milli ytri brúna ljósflatanna og ystu brúna ökutækisins ekki vera meiri en 400 mm.“

d) í stað liðar 6.2.2011 komi eftirfarandi:

„6.2.11 Aðrar kröfur:

- aðallágjóska ökutækja sem hafa tilhneigingu til að halla í beygjum mega vera búin stillibúnaði fyrir láréttan halla (e. *horizontal inclination adjustment system (HIAS)*) eins og skilgreint er í lið 2.25 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 53 að því tilskildu að allar viðeigandi kröfur þeirrar reglugerðar sem eiga við um stillibúnað fyrir láréttan halla séu uppfylltar,
- aðallágjóska þar sem lægsti punktur ljósflatar er 0,8 m eða minna yfir jörðu skal stillt þannig að upphafshalli þess sé milli – 1,0% og – 1,5%. Framleiðandinn má tilgreina nákvæmt gildi,
- aðallágjóska þar sem lægsti punktur ljósflatar er milli 0,8 m og 1,0 m yfir jörðu skal stillt þannig að upphafshalli þess sé milli – 1,0% og – 2,0%. Framleiðandinn má tilgreina nákvæmt gildi,
- aðallágjóska þar sem lægsti punktur ljósflatar er 1,0 m eða meira yfir jörðu skal stillt þannig að upphafshalli þess sé milli – 1,5% og – 2,0%. Framleiðandinn má tilgreina nákvæmt gildi,
- hvað varðar aðallágjóska með ljósgjafa með hlutlægt ljósstreymi sem ekki er meira en 2000 lúmen og upphafshalli milli – 1,0% og – 1,5% skal lóðréttur halli áfram vera milli – 0,5% og – 2,5% við öll álagsskilyrði. Lóðréttur halli skal áfram vera milli – 1,0% og – 3,0% ef upphafshalli er stilltur milli – 1,5% og – 2,0%. Nota má ytri stillingarbúnað til að uppfylla kröfurnar að því tilskildu að engin verkfæri önnur en þau sem fylgja með ökutækinu séu nauðsynleg,
- hvað varðar aðallágjóska með ljósgjafa með hlutlægt ljósstreymi sem er meira en 2000 lúmen og upphafshalli milli – 1,0% og – 1,5% skal lóðréttur halli áfram vera milli – 0,5% og – 2,5% við öll álagsskilyrði. Lóðréttur halli skal áfram vera milli – 1,0% og – 3,0% ef upphafshalli er stilltur milli – 1,5% og – 2,0%. Nota má hallastillingarbúnað fyrir aðalljósker til að uppfylla kröfur þessarar málsgreinar að því tilskildu að virkni hans sé alfarið sjálfvirk og svörunartími sé undir 30 sekúndum.“

e) eftirfarandi liður 6.2.11.1 bætist við:

„6.2.11.1. Prófunarskilyrði:

- Kröfurnar um halla í lið 6.2.11 skulu sannprófaðar á eftirfarandi hátt:
  - massi ökutækis tilbúins til aksturs og 75 kg massi til að líkja eftir öikumanni,
  - fullhlaðið ökutæki með massanum dreift þannig að hámarksálag fái á hvern ás eins og gefið er upp af framleiðanda fyrir þessi álagsskilyrði,
  - ökutæki með 75 kg massa til að líkja eftir öikumanni og viðbótarhleðslu til að ná mesta leyfilega álagi á afturás eins og gefið er upp af framleiðanda, hins vegar skal álag á framás vera eins lágt og mögulegt er í þessu tilfalli,
  - áður en mæling er gerð, skal ökutækinu ruggað þrisvar sinnum og síðan færa það aftur á bak og áfram þannig að hjólin snúist a.m.k. heilan hring.“

f) í stað liðar 6.4.1 komi eftirfarandi:

„6.4.1. Fjöldi:

- eitt eða tvö ef um er að ræða ökutæki með heildarbreidd sem er ekki meiri en 1300 mm,
- tvö ef um er að ræða ökutæki með heildarbreidd sem er meiri en 1300 mm,
- viðbótarhemlaljósaker úr flokki S3 eða S4 (þ.e. hemlaljósaker staðsett hátt og fyrir miðju) má vera áfest að því tilskildu að allar viðeigandi kröfur reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 48 sem eiga við um uppsetningu slíkra hemlaljósakera á ökutækjum í flokki M1 séu uppfylltar.“

g) í stað liðar 6.5.3.1 komi eftirfarandi:

„6.5.3.1. Breidd:

- festa má ósamtengt stöðuljósaker að framan ofan, neðan eða til hliðar við annað ljósaker að framan. Ef ljósakerin eru staðsett hvort yfir öðru skal viðmiðunarmiðja stöðuljósakersins að framan vera í lengdarmiðjuþlani ökutækisins. Ef þau eru hlið við hlið skulu viðmiðunarmiðjur þeirra vera samhverfar miðað við lengdarmiðjuþlan ökutækisins,
- festa skal ósamtengt stöðuljósaker að framan sem er sameinað öðru ljósakeri að framan þannig að viðmiðunarmiðja þess sé í lengdarmiðjuþlani ökutækisins. Hins vegar ef ökutæki er búið öðru ljósakeri að framan við hlið stöðuljósakers að framan skal viðmiðunarmiðja ljósakeranna tveggja vera samhverf miðað við lengdarmiðjuþlan ökutækisins,
- festa skal tvö stöðuljósaker að framan þannig að viðmiðunarmiðjur þeirra séu samhverfar miðað við lengdarmiðjuþlan ökutækisins ef hvorugt, annað eða bæði eru sameinuð öðru ljósakeri að framan.
- ef um er að ræða tvö stöðuljósaker að framan skal lárétt fjarlægð milli ytri brúna ljósflatanna og ystu brúna ökutækisins ekki vera meiri en 400 mm.“

h) í stað liðar 6.6.3.1 komi eftirfarandi:

„6.6.3.1. Breidd:

- festa skal stöðuljósaker að aftan á ökutæki þannig að viðmiðunarmiðja stöðuljósakers að aftan sé í lengdarmiðjuþlani ökutækisins,
- festa skal tvö stöðuljósaker að aftan á ökutæki þannig að viðmiðunarmiðjur stöðuljósakeranna að aftan séu samhverfar miðað við lengdarmiðjuþlan ökutækisins,
- ef um er að ræða ökutæki með tveimur afturhjóllum og heildarbreidd sem er meiri en 1300 mm, skal lárétt fjarlægð milli ytri brúna ljósflatanna og ystu brúna ökutækisins ekki vera meiri en 400 mm.“

i) í stað liðar 6.12.3.1 komi eftirfarandi:

„6.12.3.1. Breidd:

- ef eitt glitauga að aftan er til staðar skal það sett upp þannig á ökutækinu að viðmiðunarmiðja þess sé staðsett í lengdarmiðjuþlani ökutækisins,
- ef það eru tvö glitaugu að aftan skulu þau sett upp þannig á ökutækinu að viðmiðunarmiðjur þeirra séu samhverfar miðað við lengdarmiðjuþlan ökutækisins,
- ef um er að ræða tvö glitaugu að aftan skal lárétt fjarlægð milli ytri brúna ljósflatanna og ystu brúna ökutækisins ekki vera meiri en 400 mm.“

j) eftirfarandi liðir 6.14 til 6.14.7 bætist við:

„6.14. Ljósker fyrir dagljósabúnað

6.14.1. Fjöldi:

- eitt eða tvö ef um er að ræða ökutæki með heildarbreidd sem er ekki meiri en 1300 mm,
- tvö ef um er að ræða ökutæki með heildarbreidd sem er meiri en 1300 mm.

6.14.2. Fyrirkomulag:

- engar sérkröfur.

6.14.3. Staðsetning:

6.14.3.1. Breidd:

- festa má ósamtengt ljósker fyrir dagljósabúnað ofan, neðan eða til hliðar við annað ljósker að framan. Ef ljóskerin eru staðsett hvort yfir öðru skal viðmiðunarmiðja ljóskers fyrir dagljósabúnað vera í lengdarmiðjuplaninu ökutækisins. Ef þau eru hlið við hlið skulu viðmiðunarmiðjur þeirra vera samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins,
- festa skal ósamtengt ljósker fyrir dagljósabúnað sem er sameinað öðru ljóskeri að framan þannig að viðmiðunarmiðja þess sé í lengdarmiðjuplaninu ökutækisins. Hins vegar ef ökutæki er búið öðru ljóskeri að framan við hlið ljóskers fyrir dagljósabúnað skal viðmiðunarmiðja ljóskeranna tveggja vera samhverf miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins,
- festa skal tvö ljósker fyrir dagljósabúnað þannig að viðmiðunarmiðjur þeirra séu samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins ef hvorugt, annað eða bæði eru sameinuð öðru ljóskeri að framan,
- milli innri brúna ljósflatanna skulu vera a.m.k. 500 mm ef um er að ræða ökutæki með heildarbreidd sem er meiri en 1300 mm.

6.14.3.2. Hæð:

- lágmark 250 mm og hámark 1500 mm frá jörðu.

6.14.3.3. Lengd:

- við framenda ökutækisins. Þessi krafa telst uppfyllt ef ljósið veldur öikumanni ekki óþægindum, hvorki beint né óbeint vegna endurkasts af baksýnispeglum og/eða öðrum flötum á ökutækinu.

6.14.3.4. Bil:

- ef bilið milli stefnuljóss að framan og ljóskers fyrir dagljósabúnað er 40 mm eða minna skulu raftengingar ljóskers fyrir dagljósabúnað á viðkomandi hlið ökutækisins vera þannig að annað hvort:

- sé slökkt á því, eða
- ljósstyrkur þess sé minnkaður þannig að hann fari ekki yfir 140 kandela,

allan tímann (bæði meðan kveikt og slökkt er á lotunni) meðan viðkomandi stefnuljós að framan er virkt.

6.14.4. Dreifing ljóss:

- $\alpha = 10^\circ$  upp og  $10^\circ$  niður,
- $\beta = 20^\circ$  til vinstri og hægri ef um er að ræða eitt ljósker fyrir dagljósabúnað,
- $\beta = 20^\circ$  út á við og  $20^\circ$  inn á við ef um er að ræða tvö ljósker fyrir dagljósabúnað.

6.14.5. Stefna:

- fram á við: mega snúast með stýrinu.

6.14.6. Raftengingar:

- kvikna skal á öllum ljóskerum fyrir dagljósabúnað þegar aðalrofi er virkjaður; hins vegar má vera áfram slökkt á þeim við eftirfarandi skilyrði:
  - sjálfskipting er í kyrrstöðustillingu,

- stöðuhemill er virkjaður eða
- áður en ökutækið er sett af stað í fyrsta skipti eftir hverja handvirka virkjun aðalrofa og knúningskerfis ökutækisins,
- slökkva má handvirkt á ljóskerum fyrir dagljósabúnað; hins vegar skal þetta aðeins vera hægt þegar hraði ökutækis fer ekki yfir 10 km/klst. Kvikna skal sjálfvirkt á ljóskerunum þegar hraði ökutækisins fer yfir 10 km/klst eða þegar ökutækið hefur ferðast meira en 100 m,
- slokkna skal sjálfvirkt á ljóskerum fyrir dagljósabúnað í öllum tilvikum þegar:
  - ökutækið er stöðvað með aðalrofanum,
  - þokuljósker að framan eru virkjuð,
  - aðalljósker eru virkjuð nema þegar þau eru notuð til að gefa viðvörunarljós með stuttu jöfnu millibili og
  - við birtuskilyrði í umhverfinu sem eru minna en 1000 lúx þar sem uppgefinn hraði á hraðamæli ökutækisins er enn auðlæsilegur (þ.e. þegar hraðamælir er stöðugt upplýstur) og ökutækið er ekki búð stöðugu grænu gaumljósi í samræmi við lið 6.5.9 eða sérstöku grænu tengingarbundnu gaumljósi fyrir ljósker fyrir dagljósabúnað sem er auðkennt með viðeigandi tákni. Í slíkum tilvikum skulu aðallágljósker og ljósabúnaðurinn sem krafist er í 11. lið í B-þætti I. viðauka virkjuð sjálfkrafa og samtímis innan tveggja sekúndna frá því að birtustig í umhverfinu fellur niður fyrir 1000 lúx. Ef birtuskilyrði í umhverfinu ná síðan stigi sem nemur a.m.k. 7000 lúxum skulu ljósker fyrir dagljósabúnað endurvirkjuð sjálfkrafa en samtímis skal slokkna á aðallágljóskerum og ljósabúnaðinum sem krafist er í 11. lið í B-þætti I. viðauka innan fimm til 300 sekúndna (þ.e. virkjun ljósa þarf að vera alveg sjálfvirk ef ökumaður hefur enga vísbendingu og áreiti til að virkja venjulega lýsingu þegar myrkur er).

6.14.7. Tengingarbundið gaumljós:

- Valfrjálst.“,

k) í stað liðar 6,5 í 4. viðbæti komi eftirfarandi:

„6.5. Ljósker fyrir dagljósabúnað: já/nei (\*).“

---



## TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/36/65

frá 27. mars 2013

## um tilvist eiturefnanna T-2 og HT-2 í korni og kornafurðum

(2013/165/ESB) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 292. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Eiturefnin T-2 og HT-2 eru sveppaeitur sem ýmsar tegundir sveppa af ættkvíslinni *Fusarium* mynda. Eiturefnið T-2 breytist hratt með efnaskiptum í miklum fjölda afurða, þar af er eiturefnið HT-2 eitt af helstu umbrotsefnunum.
- 2) Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um aðskotaefni í matvælaferlinu (hér á eftir nefnd sérfræðinganefndin) samþykkti, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, álit varðandi áhættu fyrir heilbrigði dýra og lýðheilsu í tengslum við tilvist eiturefnanna T-2 og HT-2 í matvælum og fæði<sup>(1)</sup>.
- 3) Sérfræðinganefndin fastsetti samanlagt gildi fyrir þolanlega, daglega inntöku (TDI), sem nemur 100 ng/kg líkamsþyngdar, fyrir summu eiturefnanna T-2 og HT-2. Mat á langvinnum, fæðutengdum váhrifum á menn af völdum summu eiturefnanna T-2 og HT-2, sem grundvallast á fyrirliggjandi gögnum um tilvist efnanna, eru undir gildum fyrir þolanlega, daglega inntöku fyrir þýði úr öllum aldursflokkum og eru því ekki brýnt heilsufarslegt áhyggjuefni.
- 4) Að því er varðar áhættu fyrir heilbrigði dýra komst sérfræðinganefndin að þeirri niðurstöðu að núverandi áætluð váhrif af völdum eiturefnanna T-2 og HT-2 teljast líklega ekki vera heilsufarslegt áhyggjuefni að því er varðar jörturdýr, kanínur og fiska. Að því er varðar svín, alifugla, hesta og hunda bendir mat á váhrifum af völdum eiturefnanna T-2 og HT-2 til þess að áhætta á skaðlegum áhrifum á heilbrigði sé lítil. Kettir eru meðal þeirra dýrategunda sem eru hvað næmastar. Vegna takmarkaðra gagna og alvarlegra skaðlegra áhrifa á heilbrigði við

litlar skammtastærðir var ekki unnt að ákvarða mörk um engin merkjanleg, skaðleg áhrif eða lægstu mörk um merkjanleg, skaðleg áhrif. Því gilda þessi tilmæli ekki um fæður fyrir ketti en komið verður á strangari ráðstöfunum að því er það varðar.

- 5) Sérfræðinganefndin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að yfirfærsla eiturefnanna T-2 og HT-2 úr fæði yfir í matvælaafurðir úr dýraríkinu sé takmörkuð og að þáttur hennar í váhrifum á menn sé þar af leiðandi óverulegur.
- 6) Með tilliti til niðurstaðna vísindalega álitsins ásamt miklum breytileika frá ári til árs að því er varðar tilvist eiturefnanna T-2 og HT-2 þykir rétt að safna fleiri gögnum um T-2 og HT-2 í korni og kornafurðum og fleiri upplýsingum um áhrif matvælavinnslu (t.d. eldunar) og búvísindalegra þátta á tilvist eiturefnanna T-2 og HT-2. Að auki er nauðsynlegt að afla fleiri upplýsinga um þá ólíku þætti sem leiða til hlutfallslega mikils magns eiturefnanna T-2 og HT-2 í korni og kornafurðum svo unnt sé að skilgreina ráðstafanir sem grípa skal til í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr því að eiturefnin T-2 og HT-2 séu fyrir hendi í korni og kornafurðum. Gera skal rannsóknir til að safna upplýsingum um þá þætti sem leiða til hlutfallslega mikils magns af eiturefnunum T-2 og HT-2 í korni og kornafurðum og um áhrif fæðu- og matvælavinnslu. Á grundvelli fyrirliggjandi gagna er eiturefnin T-2 og HT-2 ekki að finna eða eingöngu í mjög litlu magni í hrisgrjónum og hrisgrjónaafurðum og því þykir rétt að þær afurðir falli ekki undir gildissvið þessara tilmæla.
- 7) Niðurstöður úr vöktun á korni og kornafurðum verða notaðar til að meta breytingar og horfur að því er varðar váhrif á menn og dýr af völdum eiturefnanna T-2 og HT-2. Því er rétt að nota greiningaraðferðir sem eru nægilega næmar.
- 8) Til að veita stefnumið, að því er varðar í hvaða tilvikum er viðeigandi að framkvæma slíkar rannsóknir, er rétt að tilgreina leiðbeinandi gildi sem ekki má fara yfir án þess að slík rannsókn sé framkvæmd. Til að ákvarða þessi

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjórnartíð. ESB L 91, 3.4.2013, bls. 12. Henni var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 77/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

<sup>(1)</sup> Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aðskotaefni í matvælaferlinu (CONTAM): Vísindalegt álit um áhættu fyrir heilbrigði dýra og lýðheilsu í tengslum við tilvist eiturefnanna T-2 og HT-2 í matvælum og fæði (e. *Scientific Opinion on the risk for animal and public health related to the presence of T-2 and HT-2 toxin in food and feed*). *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(12), 2481 [187 bls.]. doi:10.2903/j.efsa.2011.2481. Aðgengilegt á Netinu: [www.efsa.europa.eu/efsajournal](http://www.efsa.europa.eu/efsajournal)

leiðbeinandi gildi hafa gögn um tilvik, sem eru tiltæk í gagnagrunni Matvælaöryggisstofnunarinnar, verið notuð. Rekjanleiki er sérstaklega mikilvægur til að framkvæma rannsóknirnar.

- 9) Árið 2015 ætti að framkvæma mat á þeim upplýsingum sem safnað hefur verið innan ramma þessara tilmæla. Vöktunargögn, sem fást í kjölfar þessara tilmæla, munu einnig leiða til betri skilnings á breytingum frá ári til árs og á tilvist eiturefnanna T-2 og HT-2 í margs konar kornafurðum, þáttum sem leiða til hærri gilda og ráðstöfunum sem unnt er að grípa til í því skyni að koma í veg fyrir eða minnka tilvist eiturefnanna T-2 og HT-2, þ.m.t. með búvísindalegum þáttum og með vinnslu.

#### SAMÞYKKT TILMÆLI ÞESSI:

- 1) Aðildarríkin skulu, með virkri þátttöku stjórnenda föður- og matvælafyrirtækja, annast vöktun á því hvort eiturefnin T-2 og HT-2 eru fyrir hendi í korni og kornafurðum. Að því er varðar þessi tilmæli teljast hrísgrjón ekki til korns og hrísgrjónaafurðir ekki til kornafurða.
- 2) Aðildarríkin skulu stuðla að því að sýni séu greind samtímis í leit að því hvort T-2 og HT-2 og önnur eiturefni sveppa af ættkvíslinni *Fusarium*, t.d. deoxynivalenól, searalenón og fümónísín B1+B2, séu fyrir hendi svo unnt sé að meta umfang þeirra tilvika þar sem efnin koma fyrir saman.

Ef greiningaraðferðin, sem notuð er, gerir það mögulegt væri rétt að greina einnig dulin sveppaeitur, einkum ein- og tvíglýkósýlaðar tilsvarendi afleiður eiturefnanna T-2 og HT-2.

- 3) Sýnataka og greining á korni og kornafurðum, sem eru ætluð til manneldis, skal fara fram í samræmi við ákvæðin sem kveðið er á um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 401/2006 frá 23. febrúar 2006 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með innihaldi sveppaeiturs í matvælum<sup>(2)</sup>, einkum:

— B-hluta I. viðauka vegna sýnatöku úr korni og kornafurðum,

— g-lið í lið 4.3.1 í II. viðauka: Nothæfisviðmiðanir fyrir aðferðina að því er varðar T-2- og HT-2-eiturefni. Magngreiningarmörk (LOQ) skulu helst ekki fara yfir

5 µg/kg fyrir eiturefnin T-2 og HT-2, hvort fyrir sig, nema í óunnu korni þar sem magngreiningarmörkin ættu helst ekki að fara yfir 10 µg/kg fyrir eiturefnin T-2 og HT-2, hvort fyrir sig. Ef um er að ræða notkun á skimunaraðferð með greiningu í huga skulu greiningarmörk helst ekki fara yfir 25 µg/kg fyrir summu eiturefnanna T-2 og HT-2.

Sýnatökuaðferðin, sem stjórnandi matvælafyrirtækis notar, gæti vikið frá ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 401/2006 en ætti að vera dæmigerð fyrir lotuna sem sýni er tekið úr.

- 4) Sýnataka og greining á korni og kornafurðum, sem eru ætluð í föður og föðurblöndur, skal fara fram í samræmi við ákvæðin sem kveðið er á um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 frá 27. janúar 2009 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með föðri<sup>(3)</sup>. Magngreiningarmörk skulu helst ekki fara yfir 10 µg/kg fyrir eiturefnin T-2 og HT-2, hvort fyrir sig. Ef um er að ræða notkun á skimunaraðferð með greiningu í huga skulu greiningarmörk helst ekki fara yfir 25 µg/kg fyrir summu eiturefnanna T-2 og HT-2.

Sýnatökuaðferðin, sem stjórnandi föðurfyrirtækis notar, gæti vikið frá ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 152/2009 en skal vera dæmigerð fyrir lotuna sem sýni er tekið úr.

- 5) Aðildarríkin skulu, með virkri þátttöku stjórnenda föður- og matvælafyrirtækja, framkvæma rannsóknir til að greina þá þætti sem leiða til þess að þessi gildi fari yfir leiðbeinandi gildi og ákvarða ráðstafanir sem grípa ber til í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr slíkri tilvist í framtíðinni. Þessar rannsóknir skal tvímælalaust framkvæma ef um er að ræða að gildin fari, innan tiltekins tíma, endurtekið yfir leiðbeinandi gildi fyrir eiturefnin T-2 og HT-2 í korni og kornafurðum, sem greint er frá í viðaukanum við þessi tilmæli. Sýnataka og greining með það að markmiði að afla fleiri upplýsinga um ólíka þætti, þ.m.t. búvísindalega þætti, sem leiða til hlutfallslega hárra gilda eiturefnanna T-2 og HT-2 í korni og kornafurðum, skal miðast við korn og kornafurðir úr frumvinnslu.

- 6) Aðildarríkin skulu, með virkri þátttöku stjórnenda föður- og matvælafyrirtækja, framkvæma rannsóknir á áhrifum föður- og matvælavinnslu á tilvist eiturefnanna T-2 og HT-2. Þessar rannsóknir skal tvímælalaust framkvæma ef um er að ræða að gildin fari, innan tiltekens tíma, endurtekið yfir leiðbeinandi gildi fyrir eiturefnin T-2 og HT-2 í kornafurðum.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 70, 9.3.2006, bls. 12.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 54, 26.2.2009, bls. 1.

- 7) Aðildarríkin skulu tryggja að greiningarniðurstöður séu lagðar reglulega fyrir Matvælaöryggisstofnunina til samantektar í einn gagnagrunn og að niðurstöður úr rannsóknunum séu lagðar fyrir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins á hverju ári, í fyrsta sinn eigi síðar en í desember 2013. Leiðbeiningar verða útfærðar til að tryggja samræmda beitingu þessara tilmæla og til að tryggja samanburðarhæfa skýrslugjöf um niðurstöður rannsókna.

Gjört í Brussel 27. mars 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Tonio BORG

*framkvæmdastjóri.*

---

## VIÐAUKI

## Leiðbeinandi gildi fyrir korn og kornafurðir (\*)(\*\*)

	Leiðbeinandi gildi fyrir summu T-2 og HT-2 (µg/kg) en ef farið er yfir þau skal framkvæma rannsóknir, tvímælalaust ef um er að ræða endurteknar niðurstöður <sup>3</sup>
<b>1. Óunnið korn (***)</b>	
1.1. bygg (þ.m.t. bygg í maltgerð) og maís	200
1.2. hafrar (með hýði)	1000
1.3. hveiti, rúgur og aðrar kornvörur	100
<b>2. Korn til beinnar neyslu (****)</b>	
2.1. hafrar	200
2.2. maís	100
2.3. annað korn	50
<b>3. Kornafurðir til manneldis</b>	
3.1. hafraklið og hafrablöggur	200
3.2. kornklið, að undanskildu hafrakliði, afurðir úr möluðum höfrum, aðrar en hafraklið og hafrablöggur, og afurðir úr maísmulningi	100
3.3. aðrar afurðir úr möluðu korni	50
3.4. morgunkorn, þ.m.t. mótaðar kornflöggur	75
3.5. brauð (þ.m.t. smátt kaffibrauð) sætabrauð, kex, nasl úr korni, pasta	25
3.6. matvæli með korn sem uppistöðu fyrir ungbörn og smábörn	15
<b>4. Kornafurðir fyrir fóður og fôðurlöndur (*****)</b>	
4.1. afurðir úr mölun hafra (hýði)	2000
4.2. aðrar kornafurðir	500
4.3. fôðurlöndur, að undanskildu fôðri fyrir ketti	250
(*) Gildin, sem um getur í þessum viðauka, eru leiðbeinandi gildi og ef farið er yfir þau, tvímælalaust ef um er að ræða endurteknar niðurstöður, skal rannsaka þá þætti sem leiða til þess að eiturefnin T-2 og HT-2 eru fyrir hendi eða áhrifin af fôður- og matvælavinnslunni. Leiðbeinandi gildunum til grundvallar eru gögn um tilvik, sem eru tiltæk í gagnagrunni Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, eins og sett er fram í álitu Matvælaöryggisstofnunarinnar. Leiðbeinandi gildin eru ekki gildi sem varða öryggi fôðurs og matvæla.	
(**) Að því er varðar þessi tilmæli teljast hrísgrjón ekki til korns og hrísgrjónaafurðir ekki til kornafurða.	
(***) Óunnið korn er korn sem hefur ekki farið í gegnum neina eðlisræna meðhöndlun eða hitameðhöndlun aðra en þurrkun, hreinsun og flokkun.	
(****) Korn til beinnar neyslu er korn, sem hefur farið í gegnum þurrkunar-, hreinsunar-, afhýðingar- og flokkunarferli og sem fer ekki í gegnum frekari hreinsun eða flokkun áður en það er unnið enn frekar í matvælaferlinu.	
(*****) Leiðbeinandi gildin fyrir korn og kornafurðir, sem eru ætluð í fôður og fôðurlöndur, svara til fôðurs með 12% rakainnihald.	

## TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/36/66

frá 8. nóvember 2013

## um rannsóknir á innihaldi akrýlamíðs í matvælum

(2013/647/ESB) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

tilteknum matvælum fer yfir leiðbeinandi gildin sem sett  
eru fram í viðaukanum við þau tilmæli.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusam-  
bandsins, einkum 292. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Matvælaíðnaðurinn, aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa síðan árið 2002 sýnt mikla viðleitni til að rannsaka hvernig akrýlamíð myndast og til að minnka innihald akrýlamíðs í unnum matvælum.
- 2) Samtökin FoodDrinkEurope, sem eru fulltrúi matvæla- og drykkjarvöruiðnaðarinnar í Evrópu, hafa þróað „verkfærakassa“ (e. *toolbox*)<sup>(1)</sup> sem inniheldur verkfæri sem matvælaframleiðendur geta notað á valvísan hátt í samræmi við tilteknar þarfir sínar til að minnka innihald akrýlamíðs í vörum sínum. Að auki voru útbúnir stuttir bæklingar með upplýsingum um mikilvægustu verkfærin fyrir hvern geira. Eftirlitsyfirvöld studdu þessa starfsemi og tóku þátt í henni.
- 3) Í sumum matvælum virtist innihald akrýlamíðs umtalsvert meira en í sambærilegum vörum í sama vöruflokki. Því þótti framkvæmdastjórninni rétt að lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum framkvæmdu rannsóknir með því að rannsaka þær framleiðslu- og vinnsluaðferðir, sem stjórnendur matvælafyrirtækja nota. Í þessu skyni samþykkti framkvæmdastjórnin tilmæli 10. janúar 2011 um rannsóknir á innihaldi akrýlamíðs í matvælum<sup>(2)</sup> (hér á eftir nefnd „tilmælin frá 2011“).
- 4) Samkvæmt tilmælunum frá 2011 eru aðildarríki hvött til að framkvæma rannsóknir ef innihald akrýlamíðs í

- 5) Frá árinu 2007 til ársins 2009 létu aðildarríkin vakta innihald akrýlamíðs í matvælum samkvæmt tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2007/331/EB<sup>(3)</sup> og frá og með árinu 2010 samkvæmt tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2010/307/ESB<sup>(4)</sup>. Þessi vöktun beinist að þeim matvælum sem vitað er að innihalda mikið magn akrýlamíðs og/eða eiga talsverðan þátt í innteknu magni með fæðu hjá mönnum.
- 6) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) tók saman niðurstöður úr vöktun fyrir árin 2007 til 2010 í vísindaskýrslu frá 18. október 2012 um uppfærslu varðandi innihald akrýlamíðs í matvælum frá vöktunarárunum 2007–2010 (e. „*Update on acrylamide levels in food from monitoring years 2007-2010*“)<sup>(5)</sup> Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að engin heildstæð þróun í áttina að lægra innihaldi akrýlamíðs væri sjáanleg í matvælaflokkum og að minnkun á innihaldi akrýlamíðs sæist einungis í fáum matvælaflokkum en í öðrum matvælaflokkum væri hægt að greina aukinn styrk.
- 7) Á grundvelli niðurstaðna, sem fengnar eru úr rannsóknnum á árunum 2011 og 2012, og á grundvelli niðurstaðna úr vöktun, sem fengnar eru samkvæmt tilmælum 2007/331/EB og 2010/307/ESB, þykir rétt að breyta tilteknum leiðbeinandi gildum sem kveðið er á um í viðaukanum við tilmælin frá 2011.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 301, 12.11.2013, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

(<sup>1</sup>) „Verkfærakassinn“, sem FoodDrinkEurope þróaði, inniheldur 14 ólíka mælipætti („verkfæri“), sem eru flokkaðir saman í 4 meginflokkka („verkfærahólf“) sem matvælaframleiðendur geta notað á valvísan hátt í samræmi við tilteknar þarfir sínar til að minnka innihald akrýlamíðs í vörum sínum. Hólfín 4 vísa til búvisindalegra þátta, matvælauppskriftar, vinnslu og lokatilreiðslu. Verkfærakassann má nálgast á eftirfarandi slóð: [http://ec.europa.eu/food/food/chemicalsafety/contaminants/ciaa\\_acrylamide\\_toolbox09.pdf](http://ec.europa.eu/food/food/chemicalsafety/contaminants/ciaa_acrylamide_toolbox09.pdf)

(<sup>2</sup>) [http://ec.europa.eu/food/food/chemicalsafety/contaminants/recommendation\\_10012011\\_acrylamide\\_food\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/food/food/chemicalsafety/contaminants/recommendation_10012011_acrylamide_food_en.pdf)

8) Því ættu ný tilmæli að koma í staðinn fyrir tilmælin frá 2011.

(<sup>3</sup>) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2007/331/EB frá 3. maí 2007 um vöktun á innihaldi akrýlamíðs í matvælum (Stjtið. ESB L 123, 12.5.2007, bls. 33).

(<sup>4</sup>) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2010/307/ESB frá 2. júní 2010 um vöktun á innihaldi akrýlamíðs í matvælum (Stjtið. ESB L 137, 3.6.2010, bls. 4).

(<sup>5</sup>) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, Update on acrylamide levels in food from monitoring years 2007 to 2010. *Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2012*, 10(10), 2938, [38 bls.] doi:10.2903/j.efsa.2012.2565. Aðgengilegt á Netinu: [www.efsa.europa.eu/efsajournal](http://www.efsa.europa.eu/efsajournal)

- 9) Rannsóknir ættu áfram að taka til greiningar stjórnanda matvælafyrirtækisins á hættu og mikilvægra stýristaða (GáHMSS) eða annars kerfis<sup>6</sup> í því skyni að rannsaka, ásamt stjórnanda matvælafyrirtækisins, hvort viðkomandi vinnsluskref, sem eru næm fyrir myndun akrýlamíðs, hafi verið tilgreind og hvort viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar til að hafa eftirlit með þeim. Í því sambandi ættu lögbær yfirvöld að meta að hve miklu leyti stjórnandi matvælafyrirtækisins hefur innleitt þá valkosti sem nú eru þekktir til að halda innihaldi akrýlamíðs í lágmarki, t.d. þá sem lagðir eru til í reglum um starfsvenjur, sem Alþjóðamatvælasráðgjafi hefur samþykkt, og í „verkfærakassanum“, sem FoodDrinkEurope þróaði.
- 10) Leiðbeinandi gildi, sem fastsett eru með þessum tilmælum, eru eingöngu ætluð sem vísbending um það hvort þörf sé á rannsókn. Þau eru ekki öryggismörk. Því ætti einungis að grípa til framfylgdaraðgerða og/eða gefa út hraðviðvörðun á grundvelli áreiðanlegs áhættumats, sem er framkvæmt í hverju tilviki fyrir sig, en ekki einungis vegna þess að farið er yfir leiðbeinandi gildi.
- 11) Á grundvelli niðurstaðna, sem fengnar eru úr rannsóknunum á árunum 2013 og 2014 samkvæmt þessum tilmælum, og á grundvelli niðurstaðna úr vöktun, sem fengnar eru samkvæmt tilmælum 2010/307/ESB, og niðurstöðu úr uppfærðu áhættumati af hálfu Matvælaöryggisstofnunarinnar um tilvist akrýlamíðs í matvælum mun framkvæmdastjórnin meta stöðuna eftir að áhættumat Matvælaöryggisstofnunarinnar liggur fyrir og taka ákvörðun um þörf á öðrum viðeigandi ráðstöfunum.
- SAMÞYKKT TILMÆLI ÞESSI:
1. Aðildarríkjunum ber, með virkri þátttöku stjórnanda matvælafyrirtækja, að framkvæma frekari rannsóknir á framleiðslu- og vinnsluaðferðum, sem matvælaframleiðendur nota, í tilvikum þar sem innihald akrýlamíðs í matvælum, sem voru prófuð við vöktun sem fram fór samkvæmt tilmælum 2010/307/ESB, fer yfir leiðbeinandi gildi fyrir akrýlamíð sem fastsett eru fyrir viðkomandi matvælaflokk í viðaukanum við þessi tilmæli.
2. Að því er varðar 1. lið skal meta innihald akrýlamíðs án þess að taka tillit til mælióvissu í greiningu.
3. Rannsóknirnar, sem um getur í 1. lið, skulu innihalda sannprófun á aðferðum stjórnanda matvælafyrirtækisins á grundvelli greiningar á hættu og mikilvægra stýristaða (GáHMSS), í því skyni að sannreyna:
- a) hvort stjórnandi matvælafyrirtækisins hafi tilgreint viðeigandi vinnsluskref, sem geta leitt til myndunar akrýlamíðs, í GáHMSS-kerfinu eða svipuðu kerfi og
- b) hvort stjórnandi matvælafyrirtækisins hafi gripið til viðeigandi ráðstafana til úrbóta.
4. Rannsóknirnar, sem um getur í 1. lið, skulu einkum að varpa ljósi á það að hve miklu leyti stjórnandi matvælafyrirtækisins hefur innleitt þá valkosti sem nú eru þekktir til að halda innihaldi akrýlamíðs í lágmarki, t.d. þá sem lagðir eru til í reglum um starfsvenjur, sem Alþjóðamatvælasráðgjafi hefur samþykkt, og í „verkfærakassanum“, sem FoodDrinkEurope þróaði.
5. Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um niðurstöðurnar eigi síðar en 31. október 2014 og eigi síðar en 30. apríl 2015.
6. Þessi tilmæli koma í stað tilmæla frá 10. janúar 2011 um rannsóknir á innihaldi akrýlamíðs í matvælum.

Gjört í Brussel 8. nóvember 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Tonio BORG

*framkvæmdastjóri.*

<sup>(6)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli (Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1).

## VIÐAUKI

## Leiðbeinandi gildi fyrir akrýlamíð á grundvelli vöktunargagna Matvælaöryggisstofnunar Evrópu frá 2007–12

Matvæli	Leiðbeinandi gildi [µg/kg]	Athugasemd
Franskar kartöflur, tilbúnar til átu	600	Vara, sem er seld tilbún til átu, eins og hún er skilgreind í 1. lið C-hluta viðaukans við tilmæli 2010/307/ESB
Kartöflufloður úr nýjum kartöflum og úr kartöfludeigi	1000	Vara eins og hún er seld, eins og hún er skilgreind í 2. og 10. lið C-hluta viðaukans við tilmæli 2010/307/ESB
Stökkt kex að stofni til úr kartöflum		
Mjúkt brauð		Vara eins og hún er seld, eins og hún er skilgreind í 4 lið C-hluta viðaukans við tilmæli 2010/307/ESB
a) Brauð að stofni til úr hveiti	80	
b) Mjúkt brauð annað en brauð að stofni til úr hveiti	150	
Morgunkorn (að undanskildum graut)		Vara eins og hún er seld, eins og hún er skilgreind í 5. lið C-hluta viðaukans við tilmæli 2010/307/ESB
— vörur úr klíði og kornvörur úr heilu korni, blásnar kornvörur (blásinn á einungis við ef það kemur fram á merkingunni)	400	
— vörur að stofni til úr hveiti og rúg(*)	300	
— vörur að stofni til úr maís, hörfum, spelti, bygggi og hrísgrjónum(*)	200	
Kex og kexþynnur	500	Vara eins og hún er seld, eins og hún er skilgreind í 6. lið C-hluta viðaukans við tilmæli 2010/307/ESB
Stökkt kex, að undanskildu stökku kexi að stofni til úr kartöflum	500	
Hrökkbrauð	450	
Piparkökur	1000	
Vörur sem eru svipaðar öðrum vörum í þessum flokki	500	
Brennt kaffi	450	Vara eins og hún er seld, eins og hún er skilgreind í lið 7.1. í C-hluta viðaukans við tilmæli 2010/307/ESB
Skyndikaffi (uppleysanlegt kaffi)	900	Vara eins og hún er seld, eins og hún er skilgreind í lið 7.2. í C-hluta viðaukans við tilmæli 2010/307/ESB
Kaffilíki		Vara eins og hún er seld, eins og hún er skilgreind í lið 7.3. í C-hluta viðaukans við tilmæli 2010/307/ESB
a) kaffilíki sem er að mestu leyti úr kornvörum	2000	
b) önnur kaffilíki	4000	
Barnamat, annar en unnin matvæli með korn sem uppistöðu(**)		Vara eins og hún er seld, eins og hún er skilgreind í 8. lið C-hluta viðaukans við tilmæli 2010/307/ESB
a) sem inniheldur ekki sveskjur	50	
b) sem inniheldur sveskjur	80	
Kex og tvíbökur fyrir ungbörn og smábörn	200	Vara eins og hún er seld, eins og hún er skilgreind í lið 9.1. í C-hluta viðaukans við tilmæli 2010/307/ESB
Unnin matvæli með korn sem uppistöðu fyrir ungbörn og smábörn(***), að undanskildu kexi og tvíbökum	50	Vara eins og hún er seld, eins og hún er skilgreind í lið 9.2. í C-hluta viðaukans við tilmæli 2010/307/ESB

(\*) Kornvörur sem eru ekki að stofni til úr heilkorni og/eða klíði. Flokkurinn ákvarðast eftir því hvaða korn kemur fyrir í mestu magni.

(\*\*) Eins og skilgreint er í b-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/125/EB frá 5. desember 2006 um unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat fyrir ungbörn og smábörn (Stjtið. ESB L 339, 6.12.2006, bls. 16).

(\*\*\*) Eins og skilgreint er í a-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 2006/125/EB.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)  
nr. 1235/2013**

2014/EES/36/67

frá 2. desember 2013

**um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið díklasúríl (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004<sup>(1)</sup>, einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af álitum Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Evrópusambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til mannelis eða í sæfivörur sem eru notaðar í búfjárrækt, eru ákvörðuð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 470/2009.
- 2) Lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra, að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu, eru sett fram í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010<sup>(2)</sup>.
- 3) Díklasúríl er sem stendur tilgreint í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 sem leyft efni fyrir allar tegundir nautgripa og svína, einungis til inntöku, og fyrir alifugla, sem gildir um vöðva, húð og fitu, lifur og nýru, að undanskildum þeim dýrum sem gefa af sér egg til mannelis.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. desember 2013.

- 4) Umsókn um rýmkun á gildandi færslu fyrir díklasúríl, sem gildir fyrir kanínur, hefur verið lögð fyrir Lyfjastofnun Evrópu.
- 5) Dýralyfjanefndin mælti með því að ákvarða hámarksgildi leifa fyrir díklasúríl fyrir kanínur, sem gildir um vöðva, fitu, lifur og nýru.
- 6) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 37/2010 svo hún nái yfir hámarksgildi leifa fyrir díklasúríl að því er varðar kanínur.
- 7) Rétt þykir að veita viðkomandi hagsmunaaðilum hæfilegan frest til að gera ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að fylgja nýjum ákvæðum um hámarksgildi leifa.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 3. febrúar 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 322, 3.12.2013, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1.



## VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir díklasúríl í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 komi eftirfarandi:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði. (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðarfræðileg flokkun
„Díklasúríl	Á EKKI VIÐ	Öll jörturdýr, svín	Hámarksgildis leifa ekki krafist	Á EKKI VIÐ	Einungis til inntöku	ENGIN FÆRSLA
	Díklasúríl	Alifuglar	500 µg/kg 500 µg/kg 1500 µg/kg 1000 µg/kg	Vöðvi Húð og fíta í eðlilegum hlutföllum Lifur Nýru	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér egg til manneldis	Sníklalyf/ frumdyralyf <sup>cc</sup>
		Kanínur	150 µg/kg 300 µg/kg 2500 µg/kg 1000 µg/kg	Vöðvi Fíta Lifur Nýru		

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1336/2013

2014/EES/36/68

frá 13. desember 2013

## um breytingu á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB, 2004/18/EB og 2009/81/EB að því er varðar beitingu viðmiðunarfjárhæða við útboð og gerð samninga (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu <sup>(1)</sup>, einkum 69. gr.,með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga <sup>(2)</sup>, einkum 78. gr.,með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/81/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu reglna um útboð og gerð samningsyfirvalda eða samningsstofnana á tilteknum verksamningum, vörusamningum og þjónustusamningum á sviði varnar- og öryggismála og um breytingu á tilskipunum 2004/17/EB og 2004/18/EB <sup>(3)</sup>, einkum 68. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með ákvörðun 94/800/EB<sup>(4)</sup> samþykkti ráðið samning um opinber innkaup (hér á eftir nefndur „samningurinn“). Samningnum skal beitt gagnvart öllum innkaupasamningum, sem ná þeim fjárhæðum eða fara yfir fjárhæðirnar (hér á eftir nefndar viðmiðunarfjárhæðir) sem settar eru fram í samningnum og tilgreindar sem sérstök dráttarréttindi.
- 2) Eitt af markmiðum tilskipana 2004/17/EB og 2004/18/EB er að gera samningsstofnunum og samningsyfirvöldum, sem beita þeim, kleift að uppfylla um leið þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í samningnum. Til að ná þessu markmiði skal aðlaga viðmiðunarfjárhæðirnar,

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 335, 14.12.2013, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 99/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn, biður birtingar

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 114.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 216, 20.8.2009, bls. 76.

<sup>(4)</sup> Samþykkt með ákvörðun ráðsins 94/800/EB frá 22. desember 1994 um samþykki af hálfu Evrópubandalagsins, að því er varðar málefni sem falla undir valdsvið þess, á samningunum sem náðust í Úrúgvælotu marghliða samningaviðræðnanna (1986 til 1994) (Stjtið EB L 336, 23.12.1994, bls. 1).

sem mælt er fyrir um í þessum tilskipunum að því er varðar opinbera samninga sem samningurinn nær einnig yfir, til að tryggja að þær samsvari fjárhæðum í evrum, sem eru námundaðar að næsta þúsundi og jafngilda þeim viðmiðunarfjárhæðum sem settar eru fram í samningnum.

- 3) Samræmisins vegna er rétt að aðlaga einnig þær viðmiðunarfjárhæðir í tilskipunum 2004/17/EB og 2004/18/EB sem ekki falla undir samninginn. Jafnframt skulu viðmiðunarfjárhæðir, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2009/81/EB, samræmdar endurskoðuðum viðmiðunarfjárhæðum sem mælt er fyrir um í 16. gr. tilskipunar 2004/17/EB.
- 4) Því ætti að breyta tilskipunum 2004/17/EB, 2004/18/EB og 2009/81/EB til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit ráðgjafarnefndarinnar um opinbera samninga.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Tilskipun 2004/17/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum 16. gr. er breytt sem hér segir:
  - a) í a-lið komi fjárhæðin „414 000 evrur“ í stað „400 000 evrur“,
  - b) í b-lið komi fjárhæðin „5 186 000 evrur“ í stað „5 000 000 evrur“.
- 2) Ákvæðum 61. gr. er breytt sem hér segir:
  - a) í 1. mgr. komi fjárhæðin „414 000 evrur“ í stað „400 000 evrur“,
  - b) í 2. mgr. komi fjárhæðin „414 000 evrur“ í stað „400 000 evrur“.

*2. gr.*

Tilskipun 2004/18/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 7. gr. er breytt sem hér segir:

- a) í a-lið komi fjárhæðin „134 000 evrur“ í stað „130 000 evrur“,
- b) í b-lið komi fjárhæðin „207 000 evrur“ í stað „200 000 evrur“,
- c) í c-lið komi fjárhæðin „5 186 000 evrur“ í stað „5 000 000 evrur“.

2) Eftirfarandi breyting er gerð á fyrstu málsgrein 8. gr.:

- a) í a-lið komi fjárhæðin „5 186 000 evrur“ í stað „5 000 000 evrur“,
- b) í b-lið komi fjárhæðin „207 000 evrur“ í stað „200 000 evrur“.

3) Í 56. gr. komi fjárhæðin „5 186 000 evrur“ í stað „5 000 000 evrur“.

4) Í fyrstu undirgrein 1. mgr. 63. gr. komi fjárhæðin „5 186 000 evrur“ í stað „5 000 000 evrur“.

5) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. mgr. 67. gr.:

- a) í a-lið komi fjárhæðin „134 000 evrur“ í stað „130 000 evrur“,
- b) í b-lið komi fjárhæðin „207 000 evrur“ í stað „200 000 evrur“,
- c) í c-lið komi fjárhæðin „207 000 evrur“ í stað „200 000 evrur“.

*3. gr.*

Ákvæðum 8. gr. tilskipunar 2009/81/EB er breytt sem hér segir:

- 1) í a-lið komi fjárhæðin „414 000 evrur“ í stað „400 000 evrur“,
- 2) í b-lið komi fjárhæðin „5 186 000 evrur“ í stað „5 000 000 evrur“.

*4. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. desember 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

---

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/36/69

frá 17. desember 2013

## um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir búnað til myndgerðar

(tilkynnt með númeri C(2013) 9097)

(2013/806/ESB) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010 má veita vörum, sem hafa lítil umhverfisáhrif á öllum vistferli sínum, umhverfismerki ESB.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 66/2010 er kveðið á um að setja skuli sértækar viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir hvern vöruflokk.
- 3) Viðmiðanirnar miða einkum að því að koma á framfæri vörum sem hafa lítil umhverfisáhrif á öllum vistferli sínum, nýta auðlindir betur, þ.m.t. orku, og innihalda takmarkað magn af hættulegum efnum. Þar eð helstu umhverfisáhrif á vistferli búnaðar til myndgerðar eru í tengslum við pappírnotkun, orkunotkun og notkun hættulegra efna ætti að koma á framfæri vörum með bættri nýtingu að því er varðar þessa þætti. Því er rétt að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna vöruflokksins „búnaður til myndgerðar“.
- 4) Viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB munu koma til fyllingar kröfum varðandi visthönnun búnaðar til myndgerðar, sem á að setja á markað í ESB, sem mælt er fyrir um í ráðstöfun sem iðnaðurinn kom á til sjálfseftirlits samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar

vörur<sup>(2)</sup>. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins viðurkenndi ráðstöfunina til sjálfseftirlits í skýrslu frá framkvæmdastjórninni til Evrópuþingsins og ráðsins um valfrjálsa visthönnunaráætlun fyrir búnað til myndgerðar <sup>(3)</sup>.

- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

## SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. gr.

1. Vöruflokkurinn „búnaður til myndgerðar“ skal samstanda af vörum sem eru settar á markað til skrifstofu- eða heimilisnota, eða hvort tveggja, og framleiða prentaðar myndir sem pappírskjal eða mynd með mörkun (e. *marking process*) eftir öðru eða hvoru tveggja eftirfarandi:

- a) stafrænni mynd, fenginni um skilflöt við net eða kort,
- b) prentriti með afritunarferli.

Búnaður til myndgerðar, sem hefur einnig það hlutverk að framleiða stafræna mynd af prentriti með skönnunarferli, fellur einnig undir gildissvið þessarar ákvörðunar. Þessi ákvörðun skal gilda um vörur sem eru settar á markað sem prentarar, ljósritunarvélar og fjölnota tæki.

2. Bréfsímar, stafrænir fjölritar, póstvélar og skannar eru undanskilin gildissviði þessarar ákvörðunar.

3. Stórar vörur, sem eru alla jafna ekki notaðar á heimilum, og skrifstofubúnaður skulu einnig undanskilin gildissviði þessarar ákvörðunar ef þau uppfylla eina af eftirtöldum tækniforskriftum:

- a) vörur fyrir staðlað snið í svarthvítu með hámarkshraða sem er meiri en 66 A4 myndir á mínútu,
- b) vörur fyrir staðlað snið í lit með hámarkshraða sem er meiri en 51 A4 myndir á mínútu,

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 353, 28.12.2013, bls. 53. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar

(1) Stjtið. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

(2) Stjtið. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10.

(3) COM(2013) 23, lokagerð.

- c) vörur sem eru ætlaðar fyrir miðla í stærð A2 og stærra snið eða
- d) vörur sem eru settar á markað sem teiknarar, hraðinn skal námundaður að næstu heilu tölu.

2. gr.

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „prentari“: vara til myndgerðar sem er fánleg á almennum markaði og þjónar hlutverki frágættis fyrir prentit og getur tekið við upplýsingum frá einmenningstölvum eða nettengdum tölvum eða öðrum ílagstækjum, þar sem einingin getur fengið straum frá innstungu eða frá gagna- eða nettengingu,
- 2) „ljósritunarvél“: vara til myndgerðar sem er fánleg á almennum markaði og gegnir einungis því hlutverki að framleiða prentitaafrit af grafískum frumritum prentita, þar sem einingin getur fengið straum frá innstungu eða frá gagna- eða nettengingu,
- 3) „fjölnota tæki“: vara til myndgerðar sem er fánleg á almennum markaði, sem er alveg innfellt tæki eða samsetning af íhlutum með samþætta virkni, sem sér um tvennt eða fleira af grunnstarfseminni við að afrita, prenta, skanna eða senda símbréf, þar sem einingin getur fengið straum frá innstungu eða frá gagna- eða nettengingu og afritunarvirknin er frábrugðin þeirri afritun á eina pappírörk sem bréfasímatæki hafa upp á að bjóða,
- 4) „umbúðir“: allar vörur úr hverjum þeim efnivið, af hverskyns gerð, sem er notaður til einangrunar, verndar, meðhöndlunar, afhendingar og söluumbúnaðar vöru, frá framleiðanda til notanda,
- 5) „endurvinnsla“: hvers kyns endurnýting þar sem úrgangsefni eru endurunin í vörur, efnivið eða efni, hvort heldur sem er í upprunalegum tilgangi eða í öðrum tilgangi, þ.m.t. endurvinnsla á lífrænu efni en ekki endurnýting orku og endurvinnsla í efnivið sem á að nota sem eldsneyti eða í fyllingaraðgerðir,
- 6) „endurnotkun“: hvers kyns aðgerð þar sem vörur eða íhlutir, sem ekki eru úrgangur, eru notuð aftur í sama tilgangi og til var ætlast í upphafi,
- 7) „endurnýtt innihald (í vöru)“: innihald vöru sem hefur verið endurnýtt,
- 8) „útbúnaður sem kemur í veg fyrir endurnýtingu hylkis“: útbúnaður sem er festur á hylkið og/eða hugbúnaður/vélbúnaður sem er nauðsynlegur fyrir virkni hylkisins og verður til þess að hindra beina endurnotkun á hylkinu,

- 9) „varahlutur“: útskiptanlegur hlutur sem er geymdur í birgðum og notaður til að gera við eða skipta út biluðum hlutum,
- 10) „rekstrarvörur“: hlutir, aðrir en rafmagn, sem eru einnig settir á markað, aðskilið frá aðalbúnaði til myndgerðar, og eru nauðsynlegir fyrir starfrækslu vörunnar,
- 11) „nettengdur búnaður“: búnaður sem getur tengst neti og hefur eitt eða fleiri nettengi,
- 12) „nettengi“: raunlægur skilflötur nettengingar, annað hvort fasttengdur eða þráðlaus, sem er staðsettur á búnaðinum og hægt er að virkja búnaðinn með,
- 13) „nettengdur búnaður með fjölþætta netvirkni“ (HiNA-búnaður): búnaður sem hefur eina eða fleiri af eftirfarandi aðgerðum sem meginaðgerð(-ir): beinir, netskiptir, aðgangsstaður að þráðlausu neti, netald, mótald, netsími (VoIP), myndsími,
- 14) „prentunarbúnaður fyrir stórt snið“: prentunarbúnaður sem er hannaður til prentunar á miðla í stærð A2 og stærra sniði, þ.m.t. búnaður sem er hannaður fyrir miðla í samfelldu formi sem eru stærri en 406 mm á breidd.

3. gr.

Viðmiðanir fyrir veitingu umhverfismerkis ESB samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010 fyrir vöru sem fellur undir vöruflokkinn „búnaður til myndgerðar“, sem er skilgreindur í 1. gr. þessarar ákvörðunar, sem og fyrir tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun eru settar fram í viðaukanum.

4. gr.

Viðmiðanir og tilheyrandi kröfur um mat, sem settar eru fram í viðaukanum, skulu gilda í fjögur ár frá þeim degi sem þessi ákvörðun er samþykkt.

5. gr.

Í þágu stjórnslu er kenninúmerið „43“ notað fyrir vöruflokkinn „búnaður til myndgerðar“.

6. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. desember 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Janez POTOČNIK

*framkvæmdastjóri.*

## VIÐAUKI

## VIÐMIÐANIR OG KRÖFUR UM MAT OG SANNPRÓFUN VEGNA UMHVERFISMERKIS ESB

Viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir búnað til myndgerðar:

## PAPPÍRSSTJÓRNUN

1. Tiltækileiki þess að prenta margar síður á einu blaði (e. *N-up printing*)
2. Tvíhliða prentun
3. Notkun á endurunnum pappír

## ORKUNÝTNI

4. Orkunýtni

## LOSUN ÚT Í INNILOFT

5. Takmörkun á losun innandryra

## HÁVAÐAMENGUN

6. Hávaðamengun

## EFNI OG BLÖNDUR Í BÚNAÐ TIL MYNDGERÐAR

7. Undanskilin eða takmörkuð efni og blöndur
  - a) Hættuleg efni og blöndur
  - b) Efni sem eru skráð í samræmi við 1. mgr. 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006

8. Kvikasilfur í ljósgjöfum

## ENDURNOTKUN, ENDURVINNSLA OG MEÐHÖNDLUN ÚR SÉR GENGINNA VARA

9. Hönnun til sundurhlutunar

## BLEK- OG PRENTDUFTREKSTRARVÖRUR

10. Hönnun til endurvinnslu og/eða endurnotkunar á prentduft- og/eða blekhyllkjum
11. Kröfur um endurviðtöku á prentduft- og/eða blekhyllkjum
12. Efni í bleki og prentdufti

## AÐRAR VIÐMIÐANIR

13. Umbúðir
14. Ábyrgð, ábyrgð á viðgerðum og afhending á varahlutum
15. Notandaupplýsingar
16. Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerki ESB

Sértækar kröfur vegna mats og sannprófunar eru tilgreindar í hverri viðmiðun.

Allur búnaður til myndgerðar, sem sótt er um umhverfismerki ESB fyrir, verður að uppfylla viðmiðanirnar. Ef þess er krafist að umsækjandi leggi fram yfirlýsingar, skjöl, niðurstöður greininga, prófunarskýrslur, eða annað til staðfestingar á samræmi við viðmiðanirnar, mega þessi gögn vera frá umsækjanda sjálfum og/eða birgjum hans og/eða undirbirgjum þeirra, eins og við á.

Heimilt er að nota, eftir því sem við á, aðrar prófunaraðferðir en þær sem tilgreindar eru fyrir hverja viðmiðun ef þar til bær stofnun, sem metur umsóknina, fellst á að aðferðirnar séu jafngildar.

Prófun skal fara fram, eftir því sem unnt er, á rannsóknarstofum sem uppfylla almennu kröfurnar í Evrópustaðlinum EN ISO 17025 eða sambærilegum staðli.

Ef við á geta þar til bærar stofnanir krafist stuðningsgagna og framkvæmt óháðar sannprófanir.

## PAPPÍRSSTJÓRNUN

### Viðmiðun 1. Tiltækileiki þess að prenta margar síður á einu blaði

Búnaður til myndgerðar skal hafa sem staðalbúnað þann möguleika að prenta og/eða afrita tvær eða fleiri síður skjals á eina pappírsörk þegar upprunalegur hugbúnaður frá framleiðanda stjórnar vörinni.

*Mat og sannprófun:* umsækjandinn skal láta þar til bærrí stofnun, sem annast úthlutunina, í té yfirlýsingu um samræmi við þessar kröfur, þ.m.t. skýringu á því hvernig notendur geta haft aðgang að prentun á tveimur eða fleiri síðum á eina pappírsörk.

### Viðmiðun 2. Tvíhliða prentun

Búnaður til myndvinnslu með hámarksvinnsluhraðann 19 myndir á mínútu eða meira á pappír af stærðinni A4 við einlita prentun og/eða afritun skal búinn sjálfvirkri einingu til að prenta/ljósrita báðum megin.

Tvíhliða prentunar- og/eða afritunarvirknin skal vera sjálfgefin stilling í upprunalega hugbúnaðinum frá framleiðandanum. Að því er varðar tæki sem fá prentskipun frá tölvu skal framleiðandinn láta koma fram skilaboð sem birtast á tölvuskjá notandans þegar sjálfgefinni stillingu er breytt yfir í einhliða prentun. Inntak þessara skilaboða skal undirstrika þá staðreynd að einhliða prentunarhamur muni leiða til töluvert meiri umhverfisáhrifa en tvíhliða prentun.

*Mat og sannprófun:* umsækjandinn skal láta þar til bærrí stofnun, sem annast úthlutunina, í té yfirlýsingu um samræmi við þessa kröfu, þ.m.t. yfirlýsingu um hraða á einlita prentun og skýringu á því hvaða skilaboð birtast notendum varðandi tæki, sem fá prentskipun frá tölvu, og hvar og hvenær slík skilaboð birtast.

### Viðmiðun 3. Notkun á endurunnum pappír

Búnaður til myndgerðar skal geta unnið með endurunnum pappír sem er unninn úr 100% endurnýttum pappír sem uppfyllir kröfurnar í EN 12281:2002.

*Mat og sannprófun:* umsækjandinn skal láta þar til bærrí stofnun, sem annast úthlutunina, í té yfirlýsingu um samræmi við þessa kröfu.

### Viðmiðun 4. Orkunýtni

- a) Orkunotkun vörunnar skal uppfylla kröfu um orkunýtni í viðmiðunum Orkustjórnunar v.2.0<sup>(4)</sup> fyrir búnað til myndgerðar.
- b) Aflþörf í „nettengdum reiðuham“:
  - i. Aflþörf búnaðar með virkni HiNA-búnaðar, þegar orkusparnaðaraðgerðin, eða sambærileg aðgerð, hefur skipt búnaðinum yfir í nettengdan reiðuham, skal ekki vera umfram 3,00 W,
  - ii. aflþörf annars nettengds búnaðar, þegar orkusparnaðaraðgerðin, eða sambærileg aðgerð, hefur skipt búnaðinum yfir í nettengdan reiðuham, skal ekki vera umfram 1,50 W,
  - iii. nettengdur búnaður sem hefur einn reiðuham eða fleiri skal uppfylla kröfu þessara reiðuhama þegar öll nettengi hafa verið tekin úr sambandi eða, ef um er að ræða þráðlaus nettengi, nettengi hafa verið gerð óvirk,
  - iv. takmörkun á aflþörf, sem mælt er fyrir um í i. og ii. lið hér að framan, gildir ekki um prentunarbúnað fyrir stórt snið eða um prentunarbúnað með aflgjafa sem hefur málafl yfir 750 W.

*Mat og sannprófun:*

Að því er varðar a-lið skal umsækjandinn láta þar til bærum stofnunum í té yfirlýsingu um samræmi við kröfu um orkunýtni, sem settar eru fram í Orkustjórnunni v.2.0, og prófunarskýrslu með niðurstöðum úr prófun á orkunýtni samkvæmt aðferðunum sem eru tilgreindar í Orkustjórnunni. Vörur sem eru merktar með Orkustjórnunni v.2.0 teljast uppfylla kröfurnar í þessari viðmiðun og umsækjandinn skal leggja fram afrit af skráningareyðublaði Orkustjórnunar.

Að því er varðar b-lið skal umsækjandinn láta þar til bærum stofnunum í té yfirlýsingu um að viðmiðanir séu uppfylltar, þ.m.t. prófunarskýrslu sem sýnir orkunotkun þegar netkerfið er í reiðuham.

<sup>(4)</sup> <https://energystar.gov/products/specs/node/148>

## LOSUN ÚT Í INNILOFT

## Viðmiðun 5. Takmörkun á losun innandyrna

Í notkunarfasa skal tækið ekki gefa frá sér loftmengunarefni sem eru tilgreind í töflu 1 í meira magni en hámarkslosunarhlutfalli:

Tafla 1

## Hámarkslosunarhlutfall fyrir loftmengunarefni

Hámarkslosunarhlutfall í mg/klst			
		Einlit prentun	Litprentun
Vinnsluhamur	Heildarmagn rokgjarnra lífræna efnasambanda (TVOC) (**)	1 (Skrifborðsvörur)	1 (Skrifborðsvörur)
		2 (Búnaður sem stendur á gólfí, magn > 250 lítrar)	2 (Búnaður sem stendur á gólfí, magn > 250 lítrar)
Prentunarhamur (summan af vinnslu- + prentunarham)	Heildarmagn rokgjarnra lífræna efnasambanda (TVOC) (**)	10	18
	Bensen	< 0,05	< 0,05
	Stýren	1,0	1,8
	Einstök efni rokgjarnra, lífræna efnasambanda sem hafa ekki verið greind (**)	0,9	0,9
	Óson (*)	1,5	3,0
	Ryk (*)	4,0	4,0

(\*) Einungis fyrir rafljósmyndaprentun (e. *electro-graphic* (EP) printing).

(\*\*) Skrána yfir „rokgjörn, lífræn efnasambönd sem hafa greinst“ með mæliaðferðinni er að finna í Bláa englinum Ral UZ 171 frá júlí 2012, í kafla 4.5 í viðauka S-M.

Allt hámarkslosunarhlutfallið sem sett er fram í töflu 1 skal mælt í samræmi við kröfurnar sem lýst er í Bláa englinum RAL UZ 171 frá júlí 2012<sup>(5)</sup>.

*Mat og sannprófun:* umsækjandinn skal afhenda þar til bærri stofnun prófunarskýrslu sem inniheldur niðurstöður losunarprófunar samkvæmt aðferðunum sem eru tilgreindar í Bláa englinum UZ 171 frá júlí 2012. Prófunarstofan sem annast prófanirnar skal faggilt samkvæmt EN ISO/IEC 17025. Umsækjandinn skal láta afrit af gildu faggildingarvottorði prófunarstofunnar fylgja með.

## HÁVAÐAMENGUN

## Viðmiðun 6. Hávaðamengun

Hávaðamengunin skal metin með uppgefnu A-vegnum hljóðafsstigi með hliðsjón af prentunarhraða á mínútu, gefin upp í dB með nákvæmni upp á einn aukastaf (eða í B með nákvæmni upp á tvo aukastafi).

Uppgefið A-vegið hljóðafsstig  $L_{WAd}$  vörunnar skal ekki fara yfir eftirfarandi mörk meðan á starfrækslu stendur:

- a) að því er varðar einlita prentun — viðmiðunarmörk A-vegins hljóðafsstigs  $L_{WAd,lim,bw}$  skulu ákvörðuð með hliðsjón af starfræksluhraða  $S_{bw}$  gefin upp með nákvæmni upp á einn aukastaf samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$L_{WAd,lim,bw} = 37 + 20 * \log(S_{bw} + 8) \text{ dB}$$

$L_{WAd,lim,bw}$  = mörk A-vegins hljóðafsstigs fyrir einlita útprentanir, gefin upp í dB

- b) að því er varðar litprentun — viðmiðunarmörk A-vegins hljóðafsstigs  $L_{WAd,lim,co}$  skulu ákvörðuð með hliðsjón af starfræksluhraða  $S_{co}$  gefin upp með nákvæmni upp á einn aukastaf samkvæmt eftirfarandi formúlu:

(5) [http://www.blauer-engel.de/en/products\\_brands/vergabegrundlage.php?id=259](http://www.blauer-engel.de/en/products_brands/vergabegrundlage.php?id=259)



$$L_{WAd,lim,co} = 38 \text{ 20} * \log(S_{co} + 8) \text{ dB}$$

$L_{WAd,lim,co}$  = mörk A-vegins hljóðafsstigs fyrir útprentanir í lit, gefin upp í dB

- c) auk þess skulu, að því er varðar bæði einlita og litprentun, — viðmiðunarmörk A-vegins hljóðafsstigs  $L_{WAd,lim,bw}$  og  $L_{WAd,lim,co}$  ekki fara yfir efri mörk sem nema 75,0 dB:

$$L_{WAd,lim,bw} < (75,0 \text{ dB})$$

$$L_{WAd,lim,co} < (75,0 \text{ dB})$$

Að því er varðar raðbundin litatæki fyrir rafljósmyndir (e. *electrophotographic colour devices*) með  $S_{co} \leq 0,5 S_{bw}$  skal ákvarða og tilgreina hljóðafsstigið. Við mat skal fjalla sérstaklega um fylgni við  $L_{WAd,lim,bw}$  fyrir einlita útprentanir við prentunarhraða  $S_{bw}$ .

*Mat og sannprófun:* umsækjandinn skal sýna fram á að farið sé að kröfum fyrir viðmiðunina og leggja fram prófunarskýrslu sem inniheldur niðurstöður um A-vegið hljóðafli samkvæmt aðferðunum sem eru tilgreindar í ISO 7779, 3. útgáfu (2010). Prófunarstofan sem annast prófanirnar verður að vera faggilt samkvæmt EN ISO/IEC 17025 sem og samkvæmt ISO 7779 fyrir hljómburðarmælingar. Umsækjandinn skal láta afrit af gildu faggildingarvottorði prófunarstofunnar fylgja með.

EFNI OG BLÖNDUR Í BÚNAÐ TIL MYNDRERÐAR

#### Viðmiðun 7. Undanskilin eða takmörkuð efni og blöndur

- a) Hættuleg efni og blöndur

Samkvæmt 6. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010 má ekki veita neinni vöru eða hluta vöru, eins og skilgreint er í 3. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 <sup>(6)</sup>, eða neinum einsleitum hluta hennar, sem inniheldur efni sem uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun með hættusetningum sem eru tilgreindar í töflu 2 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 <sup>(7)</sup> eða tilskipun ráðsins 67/548/EB <sup>(8)</sup> eða efni sem um getur í 57. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, umhverfismerki ESB. Ef um það er að ræða að viðmiðunarmörk varðandi flokkun á efni eða blöndu eru ekki þau sömu fyrir hættuflokk og hættusetningu gengur sá fyrrnefndi fram. Hættusetningarnar í töflu 2 eiga almennt við um efni. Ef ekki er hægt að fá upplýsingar um efni skulu þó flokkunarreglurnar fyrir blöndur gilda. Efni eða blöndur, sem breyta eiginleikum sínum við vinnsluna og verða þ.a.l. ekki lengur lífaðgengilegar eða verða fyrir efnabreytingum þannig að áður tilgreind hættu hverfur, eru undanskildar viðmiðun 7a.

Tafla 2

#### Hættusetningar

Hættusetning	Hættusetning
H300 Banvænt við inntöku	H28
H301 Eitrað við inntöku	H25
H304 Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg	H65
H310 Banvænt í snertingu við húð	H27
H311 Eitrað í snertingu við húð	H24
H330 Banvænt við innöndun	H23/26
H331 Eitrað við innöndun	H23
H340 Getur valdið erfðagöllum	H46

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.

<sup>(8)</sup> Stjtið. EB L 196, 16.8.1967, bls. 1.

Hættusetning	Hættusetning
H 341 Grunað um að valda erfðagöllum	H68
H350 Getur valdið krabbameini	H45
H350i Getur valdið krabbameini við innöndun	H49
H351 Grunað um að valda krabbameini	H40
H360F Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi	H60
H360D Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H61
H360FD Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H60/61/60–61
H360Fd Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H60/63
H360Df Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi	H61/62
H361f Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi	H62
H361d Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H63
H361fd Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H62–63
H362 Getur skaðað börn á brjósti	H64
H370 Skaðar líffæri	H39/23/24/25/26/27/28
H371 Getur skaðað líffæri	H68/20/21/22
H372 Skaðar líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif	H48/25/24/23
H373 Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif	H48/20/21/22
H400 Mjög eittrað lífi í vatni	H50
H410 Mjög eittrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H50–53
H411 Eittrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H51–53
H412 Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H52–53
H413 Getur valdið langvinnnum, skaðlegum áhrifum á líf í vatni	H53
ESB-H059 Hættulegt ósonlaginu	H59
ESB-H029 Myndar eittraða lofttegund í snertingu við vatn	H29
ESB-H031 Myndar eittraða lofttegund í snertingu við sýru	H31
ESB-H032 Myndar mjög eittraða lofttegund í snertingu við sýru	H32
ESB-H070 Eittrað í snertingu við augu	H39–41

Styrkleikamörk fyrir efni eða blöndur, sem kunna að hafa fengið eða hafa fengið úthlutað hættusetningunum sem eru tilgreindar í töflu 2, sem uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun í hættuflokka eða hættuundirflokka, og fyrir efni sem uppfylla viðmiðanir sem settar eru fram í a-, b- eða c-lið 57. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, skulu ekki fara yfir almennu eða sértæku styrkleikamörkin sem eru ákvörðuð í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008. Ef sértæk styrkleikamörk eru ákvörðuð skulu þau ganga framur almennum styrkleikamörkum.

Styrkleikamörk fyrir efni, sem uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í d-, e- eða f-lið 57. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, skulu ekki fara yfir 0,1% miðað við þyngd.

Ekki skal merkja fullunnu vöruna með hættusetningu.

Að því er varðar búnað til myndgerðar eru efnin/ihlutirnir í töflu 3 undanþegnir skuldbindingunum í 6. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010 í kjölfar beitingar á 7. mgr. 6. gr. sömu reglugerðar.

Tafla 3

**Undanþegin efni/ihlutir**

Hlutir sem vege minna en 25 g	Allar hættusetningar
Einsleitir hlutar flókinna hluta sem vege minna en 25 g	Allar hættusetningar
Blek og prentduft og hylki	Allar hættusetningar
Nikkel í ryðfríu stáli af öllum tegundum öðrum en þeim sem innihalda mikinn brennistein ( $S > 0,1\%$ )	
2-(2H-bensótríasól-2-ýl)-4-(1,1,3,3,-tetrametýlbútýl)fenól CAS 3147-75-9	
Trifenýlfosfín CAS 603-35-0	
(1-metýletýliden)dí-4,1-fenýlen tetrafenýldífosfat (BDP) CAS 5945-33-5 og CAS 181028-79-5 þegar það er notað hreint og ekki með tæknileg gæði jafnt og eða minna en 90% BDP	

*Mat og sannprófun:* að því er varðar vöruna eða sérhvern hluta hennar eða einsleitan hluta skal umsækjandinn a.m.k. leggja fram, af þeim upplýsingum sem uppfylla kröfurnar sem eru tilgreindar í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, yfirlýsingu um samræmi við viðmiðun 7a ásamt skyldum skjölum, s.s. yfirlýsingu um samræmi sem birgjar hans undirrita, um að efnin eða efniviðurinn séu ekki flokkuð í neinn þeirra hættuflokka sem tengjast hættusetningunum sem um getur í töflu 2 í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008, að því marki sem unnt er að ákvarða slíkt. Þessi yfirlýsing skal studd með samanteknum upplýsingum um viðeigandi eiginleika, sem tengjast hættusetningunum sem um getur í töflu 2, með þeirri sundurliðun sem er tilgreind í 10., 11. og 12. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

Upplýsingar um eðliseiginleika efna má fá fram á annan hátt en með prófunum, t.d. með notkun staðgönguadferða á borð við aðferðir í glasi, með líkönunum af meginlegum tengslum byggingar og virkni eða með notkun ályktunar út frá efnaflokkum eða ályktunar út frá byggingarlega hlíðstæðum efnunum í samræmi við XI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006. Eindregið er mælt með því að viðeigandi gögnum sé miðlað í allri aðfangakeðjunni.

Þær upplýsingar sem lagðar eru fram skulu tengjast formi eða eðlisástandi efnisins eða blandanna eins og þær eru notaðar í fullunnu vörunni.

Að því er varðar efni, sem eru skráð í IV. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, sem eru undanþegin skráningarskyldu skv. a- og b-lið 7. mgr. 2. gr. þeirrar reglugerðar, skal yfirlýsing umsækjandans nægja til að hlita viðmiðun 7a.

- b) Efni sem eru skráð í samræmi við 1. mgr. 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006

Ekki skal veita neina undanþágu frá útilokuninni í 6. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010 að því er varðar efni, sem eru tilgreind sem sérlega varasöm efni og eru í skránni sem kveðið er á um í 1. mgr. 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 <sup>(9)</sup>, sem eru fyrir hendi í blöndum, í hlutum eða einhverjum einsleitum hluta flókans hlutar í styrk sem er  $> 0,1\%$ . Sértek styrkleikamörk, sem eru ákvörðuð í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008, skulu gilda í tilvikum þar sem styrkurinn er lægri en  $0,1\%$ .

<sup>(9)</sup> [http://echa.europa.eu/chem\\_data/authorisation\\_process/candidate\\_list\\_table\\_en.asp](http://echa.europa.eu/chem_data/authorisation_process/candidate_list_table_en.asp)

*Mat og sannprófun:* vísun í skrána yfir efni sem eru tilgreind sem sérlega varasöm efni skal vera frá umsóknardeginum. Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við viðmiðun 7b ásamt skyldum skjölum, þ.m.t. yfirlýsingu um samræmi sem efnabirgjar undirrita, og afrit af viðeigandi öryggisblöðum fyrir efni eða blöndur í samræmi við II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 fyrir efni eða blöndur. Tilgreina skal styrkleikamörk fyrir efni og blöndur í öryggisblöðunum í samræmi við 31. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

#### **Viðmiðun 8. Kvikasilfur í ljósgjöfum**

Ekki skal bæta kvikasilfri eða efnasamböndum þess af ásetningi við ljósgjafa sem eru notaðir í búnað til myndgerðar.

*Mat og sannprófun:* umsækjandinn skal láta þar til bæri stofnun í té yfirlýsingu um að ljósgjafar vörunnar innihaldi ekki meira en 0,1 mg af kvikasilfri eða efnasamböndum þess í hverri peru. Umsækjandinn skal einnig leggja fram stutta lýsingu á lýsingarkerfinu sem er notað.

ENDURNOTKUN, ENDURVINNSLA OG MEÐHÖNDLUN ÚR SÉR GENGINNA VARA

#### **Viðmiðun 9. Hönnun til sundurhlutunar**

Framleiðandinn skal sýna fram á að starfsfólk, sem hefur hlotið faglega starfsþjálfun, geti auðveldlega tekið búnað til myndgerðar sundur með þeim verkfærum sem eru þeim alla jafna tiltæk í þeim tilgangi að gera við og skipta út úr sér gengnum hlutum, endurnýja eldri eða úrelta hluta og að lokum að aðskilja hluta og efni til endurvinnslu eða endurnotkunar.

*Mat og sannprófun:* leggja skal fram skýrslu með umsókninni þar sem sundurhlutun á búnaðinum til myndgerðar er nákvæmlega lýst. Hún skal innihalda sundurgreinda skýringarmynd af vörunni, á skriflegu eða stafrænu formi, þar sem helstu hlutar hennar eru merktir ásamt því að tilgreina öll hættuleg efni í hlutum.

BLEK- OG PRENTDUFTREKSTRARVÖRUR

#### **Viðmiðun 10. Hönnun til endurvinnslu og/eða endurnotkunar á prentduft- og/eða blekhylkjum**

Það verður að vera unnt að nota endurframleitt prentduft og/eða blekhylki í vörunar.

Vörunar skulu hannaðar með tilliti til endurnotkunar á prentduft- og/eða blekhylkjum.

Hönnun hylkisins sem framleiðandinn (framleiðandi upprunalegs búnaðar) mælir með til notkunar í vöruna skal stuðla að endingu hennar. Útbúnaður og aðferðir, sem hindra endurnýtingu þess (stundum nefnd útbúnaður/aðferðir sem kemur í veg fyrir endurnýtingu) skulu hvorki vera fyrir hendi né notuð. Þessi krafa skal ekki gilda um búnað til myndgerðar sem hylki eru ekki notuð í.

*Mat og sannprófun:* umsækjandi skal lýsa yfir samræmi við viðmiðunina. Umsækjandi skal láta þar til bæri stofnun í té afrit af notandaupplýsingunum. Umsækjandi skal leggja fram leiðbeiningar um það hvernig unnt sé að endurframleiða og/eða fylla á hylkið eða leggja fram sönnun (þ.e. eitt sýnishorn) fyrir því að hylki hafi verið endurframleidd eða endurafyllt samkvæmt framlögðum leiðbeiningum.

#### **Viðmiðun 11. Kröfur um endurviðtöku á prentduft- og/eða blekhylkjum**

Umsækjandinn skal bjóða notendum upp á endurviðtökukerfi til að þeir geti skilað, í eigin persónu eða með sendingu, prentduft- og/eða blekeiningum og prentduft- og/eða blekilátum, sem umsækjandinn afhendir eða mælir með til notkunar í vöruna, í því skyni að beina slíkum einingum og ílátum til endurnotkunar og/eða endurvinnslu efnis með áherslu á endurnotkun. Þetta gildir einnig um ílát sem innihalda prentduftleifar.

Fela má þriðju aðilum sem undirverktökum að annast þetta verkefni og þeir skulu fá leiðbeiningar varðandi rétta meðhöndlun á prentduftleifum. Vöruhlutum sem ekki er hægt að endurvinna skal farga á tilhlýðilegan hátt. Umsækjandinn skal tilgreina starfsstöð sem tekur einingar og ílát til baka án endurgjalds. Vöruskjölín skulu innihalda nákvæmar upplýsingar um skilakerfið.

*Mat og sannprófun:* láta skal þar til bæri stofnun, sem annast úthlutunina, í té yfirlýsingu, sem annað hvort umsækjandi eða þriðju aðilar, sem eru undirverktakar, hafa undirritað, um að notendum standi til boða endurviðtökukerfi fyrir prentduft- og/eða blekeiningar og prentduft- og/eða blekilát og að slíkum rekstrarvörum, sem er safnað, sé beint til endurnotkunar og/eða endurvinnslu.

#### **Viðmiðun 12. Efni í bleki og prentdufti**

- Ekki má bæta neinum efnum við prentduft og blek (þ.m.t. blek í föstu formi), sem umsækjandi afhendir eða mælir með til notkunar í vöru, sem innihalda kvikasilfur, kadmíum, blý, nikkell eða króm(VI)sambönd sem efnisþátt. Flókin nikkelfnasambönd með mikinn mólþunga skulu undanþegin sem litgjafar. Halda skal framleiðslutengdri mengun af völdum þungmálma, s.s. kóbalt og nikkelloxíða, eins lítilli og unnt er á tæknilegan og fjárhagslega hagkvæman hátt.

- b) Ekki skal nota asólitarefni sem gætu losað krabbameinsvaldandi arómatísk a mín, sem eru í skránni yfir arómatísk a mín samkvæmt XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, í prentduft og blek sem umsækjandinn afhendir eða mælir með til notkunar í vöruna.
- c) Einungis má bæta efnunum, sem eru skráð sem svokölluð fyrirliggjandi efni í II. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2032/2003<sup>(10)</sup>, við sem virkum sæfiefnum í blek sem umsækjandinn afhendir eða mælir með til notkunar í vöruna.

*Mat og sannprófun:* umsækjandinn skal lýsa yfir samræmi við þessar kröfur. Einnig skal láta þar til bærrí stofnun, sem annast úthlutunina, í té samræmisýfirlýsingu, sem blek- og prentduftbirgir eða -birgjar undirrita, og afrit af viðeigandi öryggisblöðum um efnivið og efni.

#### AÐRAR VIÐMIÐANIR

##### Viðmiðun 13. Umbúðir

Ef pappakassar eru notaðir sem lokaumbúðir skulu þeir gerðir úr efni sem er a.m.k. 80% endurunnið.

Ef plastpokar eru notaðir sem lokaumbúðir skulu þeir gerðir úr efni sem er a.m.k. 75% endurunnið eða vera lífbrjótanlegir eða myltanlegir í samræmi við skilgreiningar í EN 13432 eða ígildi þeirra.

*Mat og sannprófun:* umsækjandinn skal lýsa yfir samræmi við þessar kröfur og einnig skal láta þar til bærrí stofnun í té afrit af efnaforskriftum frá umbúðaefnabirgjum. Einungis grunnbúðir, eins og þær eru skilgreindar í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB<sup>(11)</sup>, falla undir viðmiðunina.

##### Viðmiðun 14. Ábyrgð, ábyrgð á viðgerðum og afhending á varahlutum

Umsækjandinn skal veita a.m.k. 5 ára ábyrgð á viðgerðum eða útskiptum á hlutum.

Umsækjandinn skal tryggja að afhending á varahlutum og nauðsynleg grunnvirki til viðgerða á búnaði séu fyrir hendi í a.m.k. 5 ár eftir að framleiðslu á tiltekinni tegund lýkur og að notendur séu upplýstir um ábyrgð á aðgengileika að varahlutum. Þetta ákvæði skal ekki gilda ef um er að ræða óhjákvæmilegar og tímabundnar aðstæður sem framleiðandinn hefur enga stjórn á, s.s. náttúruhamfarir.

*Mat og sannprófun:* umsækjandinn skal láta þar til bærrí stofnun í té yfirlýsingu um ábyrgð á viðgerðum og afhendingu varahluta og afhenda þar til bærrí stofnun, sem annast úthlutunina, sýnishorn af vöruupplýsingablaði og ábyrgðarskilmálum. Umsækjandinn getur einnig lagt fram varahluti fyrir þessa vöru, án endurgjalds eða á kostnaðarverði, fyrir milligöngu þriðja aðila.

##### Viðmiðun 15. Notandaupplýsingar

Umsækjandinn skal upplýsa notandann, á öllum tungumálum þeirra landa þar sem varan er sett á markað, um eftirfarandi:

- a) Umhverfislegt gildi pappírnotkunar

Eftirfarandi skilaboð skulu koma fram í notendahandbók með vörunni:

„Helstu umhverfisáhrif þessarar vöru á vistferli hennar tengjast pappírnotkun. Því minni pappír sem er notaður, því minni umhverfisáhrifin á öllum vistferlinum. Mælt er með því að prenta báðum megin á blaðið og nota þá aðgerð að prenta margar síður á eina pappírsörk.“

- b) Hávaði

Þegar mælt A-vegið hljóðaflsstig tækisins fer yfir 63,0 dB(A) skulu eftirfarandi skilaboð koma fram í notendahandbók með vörunni:

„Frá þessu tæki stafar hávaðamengun LWAd sem er meiri en 63,0 dB(A) og það hentar ekki til notkunar í herbergjum þar sem fólk vinnur fyrst og fremst vitsmunalegt starf. Vegna hávaðamengunar skal setja þetta tæki í aðskilið herbergi.“

- c) Blek- og prentduftþylki:

Eftirfarandi skilaboð skulu koma fram í notendahandbók með vörunni:

„Hylkin í þessum búnaði eru hönnuð fyrir endurnotkun. Mælt er með því að endurnota hylkið þar eð slíkt er sparnaðarúrræði.“

<sup>(10)</sup> Stjtið. ESB L 307, 24.11.2003, bls. 1.

<sup>(11)</sup> Stjtið. EB L 365, 31.12.1994, bls. 10.

Auk þess skal rita með skýrum hætti á umbúðir hylkisins, sem mælt er með að nota (framleiðandi upprunalegs búnaðar), blekinnihald hylkisins og heildarfjölda útprenta.

Viðmiðun 15c gildir ekki um búnað til myndgerðar án blekhylkja.

- d) Leggja skal fram leiðbeiningar með upplýsingum um hvernig á að hámarka vistvænleika tiltekins búnaðar til myndgerðar, (sem tekur til pappírsstjórnunaraðgerða, orkunýtniaðgerða, meðhöndlun úrgangs frá vörunni og hvers kyns rekstrarvara s.s. blek- og/eða prentdufthylkja), á skriflegu formi sem sérstakan hluta af notendahandbókinni og á stafrænu formi sem er aðgengilegt um vefsetur framleiðandans. Í þessum sérstaka hluta notendahandbókarinnar skulu einnig koma fram upplýsingar um heildarhundraðshluta enduruninna og endurnýtttra hluta vörunnar miðað við þyngd.
- e) Endurunninn pappír:

Eftirfarandi skilaboð skulu koma fram í notendahandbók með vörunni:

„Í þessi vöru er hægt að nota endurunninn pappír úr 100% endurnýttum pappír“

*Mat og sannprófun:* umsækjandinn skal láta þar til bærru stofnun, sem annast úthlutunina, í té yfirlýsingu, sem framleiðandi hefur undirritað þar sem lýst er yfir samræmi við þessar kröfur, og sannanir um tilskildar notandaupplýsingar í formi afrits af bæklingnum eða handbókinni þar sem upplýsingarnar eru settar fram. Láta skal þar til bærru stofnun, sem annast úthlutunina, í té afrit af notendahandbókinni. Á vefsetri framleiðandans skal vera opinn aðgangur að handbókinni.

#### **Viðmiðun 16. Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerki ESB**

Á valkvæðum merkimiða með textareit skal eftirfarandi texti koma fram:

- a) Hannað fyrir hagkvæma pappírsstjórnun
- b) Mikil orkunýtni
- c) Lágmarksnotkun á hættulegum efnum

Viðmiðunarreglur um notkun á valkvæða merkimiðanum með textareitnum má finna í „Guidelines for the use of the EU Ecolabel logo“ (viðmiðunarreglur um notkun á kennimerki umhverfismerkis ESB) á vefsetrinu:

[http://ec.europa.eu/environment/ecolabel/documents/logo\\_guidelines.pdf](http://ec.europa.eu/environment/ecolabel/documents/logo_guidelines.pdf)

*Mat og sannprófun:* umsækjandinn skal leggja fram sýnishorn af búnaði til myndgerðar þar sem merkið sést ásamt yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun.

## REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 1295/2013

2014/EES/36/70

frá 11. desember 2013

## um að koma á fót áætluninni Skapandi Evrópa (2014–2020) og um niðurfellingu ákvarðana nr. 1718/2006/EB, nr. 1855/2006/EB og nr. 1041/2009/EB (\*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS  
HAGA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 4. mgr. 166. gr., fyrsta undirlið 5. mgr. 167. gr. og 3. mgr. 173. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins<sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar<sup>(2)</sup>,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð<sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins er miðað að enn nánari einingu meðal þjóða Evrópu og þar er Sambandinu m.a. falið það verkefni að stuðla að því að menning aðildarríkjanna blómstri, jafnframt því að virða margbreytileika hennar löndum og svæðum og tryggja jafnframt að nauðsynleg skilyrði fyrir samkeppnishæfni iðnaðar séu fyrir hendi í Sambandinu. Í því tilliti styður Sambandið, ef nauðsyn krefur, og eykur við aðgerðir aðildarríkjanna til að virða menningarlega fjölbreytni og margbreytileika tungumála, í samræmi við 167. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og samning Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna frá 2005 um að vernda og styðja við fjölbreytilega, menningarleg tjáningarform („Unesco-samningurinn frá 2005“), til að styrkja samkeppnishæfni menningargeira og skapandi greina og auðvelda aðlögun að breytingum á iðnháttum.
- 2) Stuðningur Sambandsins við menningargeira og skapandi greinar byggist einkum á reynslu af áætlunum Sambandsins, sem koma fram í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1718/2006/EB<sup>(4)</sup> („MEDIA-áætlunin“), ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1855/2006/EB<sup>(5)</sup>

(„Menningaráætlunin“) og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1041/2009/EB<sup>(6)</sup> („MEDIA Mundus-áætlunin“). Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins<sup>(7)</sup> („aðgerð vegna menningarhöfuðborgar Evrópu“) og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1194/2011/ESB<sup>(8)</sup> („aðgerð vegna menningarmínjamerkis Evrópu“) miða einnig að stuðningi Sambandsins við menningargeira og skapandi greinar.

- 3) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um áætlun Evrópusambandsins í menningarmálum í hnavæddum heimi, sem ráðið staðfesti í ályktun sinni frá 16. nóvember 2007<sup>(9)</sup> og Evrópuþingið staðfesti í ályktun sinni frá 10. apríl 2008<sup>(10)</sup>, eru sett markmið fyrir framtíðarstarfsemi Sambandsins í menningargeiranum og skapandi greinum. Stefnt er að því að efla menningarlega fjölbreytni og skoðanaskipti milli menningarsamfélaga, menningu sem hvata að skapandi starfi innan ramma hagvaxtar og atvinnusköpunar og menningu sem ómissandi þátt í alþjóðasamskiptum Sambandsins.
- 4) Með tilliti til sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, einkum 11., 21. og 22. gr., leggja menningargeirarnir og skapandi greinar mikilvægan skerf til baráttunnar gegn alla kyns mismunun, þ.m.t. kynþáttaförðum og útlendingahatri, og eru mikilvægur vettvangur tjáningarfrelsis og þess að stuðla að virðingu fyrir menningarlegri fjölbreytni og margbreytileika tungumála.
- 5) Í samningi Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna frá 2005, sem öðlaðist gildi 18. mars 2007 og Sambandið er aðili að, er undirstrikað að menningarstarfsemi og vörur og þjónusta á sviði menningar hafi jafnt efnahagslegt sem menningarlegt gildi þar eð þau endurspeglja sjálfmynd, gildi og merkingu og því má ekki líta svo á að þau hafi eingöngu viðskiptalegt gildi. Sá samningur miðar að því að styrkja alþjóðlega samvinnu, þ.m.t. alþjóðlega samstarfssamninga um framleiðslu og dreifingu, og samstöðu til að efla menningarlegt tjáningarform allra

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 221. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á bókun 31 (um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins) við EES-samninginn, biður birtingar

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 181, 21.6.2012, bls. 35.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 277, 13.9.2012, bls. 156.

<sup>(3)</sup> Afstaða Evrópuþingsins frá 19. nóvember 2013 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 5. desember 2013.

<sup>(4)</sup> Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1718/2006/EB frá 15. nóvember 2006 um framkvæmd áætlunar til stuðnings evrópska hljóð- og myndmiðlageiranum (MEDIA 2007) (Stjtið. ESB L 327, 24.11.2006, bls. 12).

<sup>(5)</sup> Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1855/2006/EB frá 12. desember 2006 um að koma á „Menningaráætluninni“ (2007 til 2013) (Stjtið. ESB L 372, 27.12.2006, bls. 1).

<sup>(6)</sup> Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1041/2009/EB frá 21. október 2009 um að koma á fót áætlun um samvinnu á sviði hljóð- og myndmiðlunar við fagmenn frá þriðju löndum (MEDIA Mundus) (Stjtið. ESB L 288, 4.11.2009, bls. 10).

<sup>(7)</sup> Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1622/2006/EB frá 24. október 2006 um að koma á fót aðgerðaáætlun Bandalagsins vegna menningarhöfuðborgar Evrópu á árunum frá 2007 til 2019 (Stjtið. ESB L 304, 3.11.2006, bls. 1).

<sup>(8)</sup> Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1194/2011/EB frá 16. nóvember 2011 um að koma á fót aðgerðaáætlun Evrópusambandsins vegna menningarmínjamerkis Evrópu (Stjtið. ESB L 303, 22.11.2011, bls. 1).

<sup>(9)</sup> Stjtið. ESB C 287, 29.11.2007, bls. 1.

<sup>(10)</sup> Stjtið. ESB C 247 E, 15.10.2009, bls. 32.

- landa og einstaklinga. Einnig er þar tilgreint að taka beri tilhlýðilegt tillit til sérstakra aðstæðna og þarfa ýmissa þjóðfélagsþópa, þ.m.t. þeirra sem tilheyra minnihlutahópum. Í samræmi við þann samning ætti því að efla menningarlega fjölbreytni á alþjóðavísu með áætlun til stuðnings menningargeirum og skapandi greinum.
- 6) Efling áþreifanlegra og óáþreifanlegra menningarminja, m.a. í ljósi samnings Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna frá 2003 til verndar óáþreifanlegum menningararfi og samnings Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna frá 1972 um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins, ætti einnig að stuðla að því að auka virði viðkomandi staða og gefa fólki jafnframt tilfinningu fyrir hlutdeild í menningarlegu og sögulegu gildi slíkra staða.
- 7) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar með fyrirsögninni „Evrópa 2020: stefnumörkun um hugvitssamlegan hagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla“ („Stefnumörkun fyrir Evrópu 2020“) er skilgreind stefnumörkun sem miðar að því að breyta Sambandinu í hugvitssamlegt og sjálfbært efnahagskerfi fyrir alla með hátt stig atvinnu, framleiðni og félagslegrar samhaldni. Í þeirri orðsendingu benti framkvæmdastjórnin á að Sambandið hefur þörf fyrir rammaskilyrði sem hafa aukið aðdráttarafl fyrir nýjungar og skapandi starf. Í því tilliti eru menningargeirar og skapandi greinar uppspretta hugmynda um nýjungar, sem breyta má í vörur og þjónustu, sem skapa hagvöxt og störf og eiga þátt í að meðtaka samfélagslegar breytingar. Þar að auki er framúrskarandi árangur og samkeppnishæfni í þessum geirum að mestu leyti afrakstur viðleitni listamanna, skapenda og sérfræðinga sem þarf að efla. Í því skyni ætti að bæta aðgang að fjármagni til menningargeiranna og skapandi greina.
- 8) Í niðurstöðum sínum um upplýsingaþjónustu varðandi hreyfanleika listamanna og menningarsérfræðinga <sup>(1)</sup> staðfesti ráðið að hreyfanleiki listamanna og menningarsérfræðinga væri mikilvægur fyrir Sambandið og til að ná markmiðum þess innan stefnumörkunar fyrir Evrópu 2020 og hvatti aðildarríkin og framkvæmdastjórnina til þess, hvorn aðila á sínu valdsviði og með tilhlýðilegu tilliti til nálægðarreglunnar, að greiða fyrir því að listamenn og menningarsérfræðingar, sem vilja vera hreyfanlegir innan Sambandsins, fái tæmandi og nákvæmar upplýsingar.
- 9) Til þess að endurbæta sameiginlegt menningarsvæði er mikilvægt að efla hreyfanleika menningarþátttakenda og þátttakenda í skapandi starfi milli landa og dreifingu menningar- og sköpunarverka milli landa, þ.m.t. hljóð- og myndmiðlaverka og -framleiðslu, og örva þar með menningarsamskipti og skoðanaskipti milli menningarsamfélaga.
- 10) MEDIA-áætlunin, menningaráætlunin og MEDIA Mundus-áætlunin hafa sætt reglubundinni vöktun og mati utanaðkomandi aðila og haft hefur verið samráð við almenning um framtíð þeirra, og hefur leitt í ljós að þessar áætlanir gegna afar mikilvægu hlutverki við að vernda og efla menningarlega fjölbreytni og margbreytileika tungumála í Evrópu og að þær hafa þýðingu fyrir menningargeirana og skapandi greinar. Einnig kemur í ljós með þessu vöktunar-, mats- og samráðsstarfi, og einnig með ýmsum sjálfstæðum rannsóknum, sér í lagi rannsókn um þátt framkvæmdaraðila í menningar- og sköpunariðnaði, að menningargeirarnir og skapandi greinar standa frammi fyrir sameiginlegum áskorunum, einkum þeim hröðu breytingum sem fylgja stafvæðingu og hnattvæðingu, klofnun markaðarins vegna mismunandi tungumála, efiðleikum við að fá aðgang að fjármagni, flóknum stjórnsýslumeðferðum og skorti á samanburðarhæfum gögnum, sem allt kallar á aðgerðir á vettvangi Sambandsins.
- 11) Evrópskir menningargeirar og skapandi greinar dreifast eðli málsins samkvæmt eftir löndum og tungumálum, sem leiðir til menningarlega auðugs og sérlega óháðs menningarlandslags, þar sem ólíkar menningarhefðir innan menningararfleifðar Evrópu öðlast tjáningarform. Slík fjölbreytni hefur þó einnig í för með sér hindranir sem hefta snurðulausa dreifingu menningar- og sköpunarverka milli landa og hamla hreyfanleika menningarþátttakenda og þátttakenda í skapandi starfi innan Sambandsins og utan, og það getur leitt til landfræðilegs ójafnvægis og þar af leiðandi takmarkað valkosti neytandans.
- 12) Þar eð evrópskir menningargeirar og skapandi greinar einkennast af fjölbreytni tungumála, sem í sumum geirum leiðir til dreifingar eftir tungumálum, eru textun, hljóðsetning og hljóðlýsing nauðsynleg fyrir dreifingu menningar- og sköpunarverka, þ.m.t. hljóð- og myndmiðlaverka.
- 13) Stafvæðingin hefur gríðarleg áhrif á það hvernig vörur og þjónusta á sviði menningar og sköpunar eru framleiddar, hvernig þeim er dreift, hvernig þær fást, þeirra er neytt og komið í verð. Þótt þörfin fyrir að finna nýtt jafnvægi á bættu aðgengi að menningar- og sköpunarverkum, sanngjörnum launagreiðslum til listamanna og skapenda og tilkomu nýrra viðskiptalíkana sé viðurkennd veita þær breytingar, sem stafvæðingin hefur í för með sér, mikla möguleika innan evrópskra menningargeira og skapandi greina og evrópsks samfélags almennt. Lægri dreifingarkostnaður, nýjar dreifileiðir, möguleiki á nýjum og stærri áhorfenda- og áheyrendahópi og nýir möguleikar fyrir sylluvörur geta auðveldað aðgang og aukið útbreiðslu menningar- og sköpunarverka á heimsvísu. Til að nýta þessi tækifæri til fulls og aðlagast stafvæðingu og hnattvæðingu þarf að þróa nýja færni í menningargeirunum og skapandi greinum og

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 175, 15.6.2011, bls. 5.



- Þessir geirar þurfa einnig aðgang að meira fjármagni til að geta uppfært búnað, þróað nýjar framleiðslu- og dreifingaraðferðir og aðlagð viðskiptalíkön sín.
- 14) Núverandi starfsvenjur við dreifingu liggja til grundvallar kerfinu fyrir fjármögnun kvikmynda. Samt sem áður er vaxandi þörf fyrir að stuðla að nýjum, aðlaðandi, löglegum tilboðum á Netinu og hvetja til nýsköpunar. Því er brýnt að stuðla að nýjum aðferðum við dreifingu til þess að ný viðskiptalíkön geti orðið til.
  - 15) Stafvæðing í kvikmyndahúsum hefur verið viðvarandi vandamál margra lítilla kvikmyndahúsaeigenda, einkum þeirra sem reka aðeins einn sal, sökum þess hve kostnaður við stafrænan búnað er mikill. Jafnvel þótt menningarmál séu fyrst og fremst í höndum aðildarríkjanna og þau ættu því áfram að fást við það málefni á lands-, svæðis- og staðarvísu, eftir því sem við á, er möguleiki fyrir hendi á fjármögnun úr áætlunum og sjóðum Sambandsins, einkum þeim sem miða að staðbundinni og svæðisbundinni þróun.
  - 16) Áhorfenda- og áheyrendaþróun, einkum meðal ungmenna, krefst sérstakrar skuldbindingar frá hendi Sambandsins til að styðja fjölmiðla- og kvikmyndalæsi sérstaklega.
  - 17) Ein mesta áskorunin fyrir menningargeirana og skapandi greinar, einkum að því er varðar örfyrirtæki og litil og meðalstór fyrirtæki, örstofnanir og litlar og meðalstórar stofnanir, þ.m.t. stofnanir sem eru ekki reknar í hagnaðarskyni og fjáls félagasamtök, eru erfiðleikarnir sem þau standa frammi fyrir við að fá aðgang að því fjármagni sem þau þurfa til að fjármagna starfsemi sína, vaxa og viðhalda og auka samkeppnishæfni sína eða alþjóðavæða starfsemina. Þótt áskorunin sé almennt sameiginleg litlum og meðalstórum fyrirtækjum er ástandið talsvert erfiðara í menningargeiranum og skapandi greinum vegna þess að mikið af eignum þeirra eru óáþreifanlegar, starfsemi þeirra miðast við að gera frumgerðir og vegna eðlislægrar þarfar til að taka áhættu og gera tilraunir til nýsköpunar. Skilningur þarf að vera á slíkri áhættusækni og stuðningur við hana, einnig í fjármálagreinanum.
  - 18) Tilraunaverkefnið „Samtök skapandi atvinnugreina Evrópu“ er framtaksvirkefni sem liggur þvert á atvinnugreinar og styður einkum skapandi atvinnugreinar á vettvangi stjórnmála. Tilraunaverkefnið á að miðast við að útvega meira fjármagn til skapandi atvinnugreina og örva eftirspurn annarra atvinnugreina og -geira eftir þjónustu skapandi atvinnugreina. Ný verkfæri fyrir betri stuðning við nýjungar í skapandi atvinnugreinum verða prófuð og notuð fyrir fræðsluvettvang um stefnumótun sem samanstendur af evrópskum, landsbundnum og svæðisbundnum hagsmunaaðilum.
  - 19) Sameining yfirstandandi MEDIA-áætlunar, Menningar-áætlunarinnar og MEDIA Mundus-áætlunarinnar fyrir menningargeirana og skapandi greinar í eina heildaráætlun („áætlunina“) mundi á skilvirkari hátt styðja litil og meðalstór fyrirtæki, örstofnanir og litlar og meðalstórar stofnanir í viðleitni þeirra til að nýta sér tækifærin sem bjóðast með stafvæðingunni og hnattvæðingunni og hjálpa þeim að leysa þann vanda sem eins og sakir standa leiðir til klofnunar markaðarins. Til að skila árangri ætti í áætluninni að taka tillit til sérstaks eðlis hinna ýmsu geira, mismunandi markhópa þeirra og sérþarfa með sérsniðnum nálgunum innan tveggja sjálfstæðra undiráætlana og þverfaglegs áætlanasviðs. Einkum er mikilvægt að tryggja samlegðaráhrif milli framkvæmdar áætlunarinnar og landsbundinna og svæðisbundinna aðferða fyrir skynsamlega sérhæfingu. Í því skyni ætti áætlunin að koma á samfelldu stuðningskerfi fyrir mismunandi menningargeira og skapandi greinar sem felst í styrkjakerfi að viðbættum fjármálagerningi.
  - 20) Áætlunin ætti að taka tillit til tvöfalda eðlis menningar og menningarstarfsemi og viðurkenna annars vegar innra virði og listrænt gildi menningar og hins vegar efnahagslegt gildi þessara geira, þ.m.t. umfangsmikið samfélagslegt framlag þeirra til skapandi starfs, nýjunga og félagslegrar aðlögunar.
  - 21) Að því er varðar framkvæmd áætlunarinnar ætti að taka tillit til innra virðis menningar og sérstaks eðlis menningargeira og skapandi greina, þ.m.t. mikilvægis stofnana sem eru ekki reknar í hagnaðarskyni og verkefna samkvæmt undiráætlun á sviði menningar.
  - 22) Sjálfstæður fjármálagerningur, ábyrgðarfyrirgreiðsla við menningargeira og skapandi greinar („ábyrgðarfyrirgreiðslan“) ætti að gera menningargeirum og skapandi greinum kleift að vaxa og ætti einkum að vera næg lyftistöng fyrir nýjar aðgerðir og tækifæri. Valdir fjármálamilliliðir ættu að styðja menningarverkefni og skapandi verkefni til að tryggja jafnvægi í lánasafni að því er varðar landfræðilega útbreiðslu og jafnt hlutfall fulltrúa geira. Auk þess gegna opinberar og einkareknar stofnanir mikilvægu hlutverki í því samhengi til þess að ná fram viðtækri aðkomu að því er varðar ábyrgðarfyrirgreiðsluna.
  - 23) Einnig ætti að veita fjármagn til menningarhöfuðborga Evrópu og stjórnsýslu við aðgerðina menningarminjamerki Evrópu þar eð þessar aðgerðir stuðla að því að styrkja tilfinninguna fyrir því að tilheyra sameiginlegu menningarsvæði, örva skoðanaskipti milli menningarsamfélaga og auka gagnkvæman skilning og gildi menningararfleifðar.

- 24) Auk aðildarríkjanna og landa og yfirráðasvæða handan hafsins, sem eru hæf til þátttöku í áætluninni skv. 58. gr. ákvörðunar ráðsins 2001/822/EB<sup>(12)</sup>, ætti þeim löndum Fríverslunarsamtaka Evrópu („EFTA“) sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) og Ríkjasambandinu Sviss einnig að vera frjálst að taka þátt í áætluninni með fyrirvara um tiltekin skilyrði. Inngöngulönd, umsóknarlönd og möguleg umsóknarlönd sem njóta ávinnings af foraðildaráætluninni og lönd sem falla undir evrópsku nágrannastefnuna ættu einnig að geta tekið þátt í áætluninni, þó ekki að því er varðar ábyrgðarfyrirgreiðsluna.
- 25) Áætlunin ætti þar að auki að vera opin fyrir tvíhliða eða marghliða samvinnu við þriðju lönd á grundvelli viðbótarfjárveitinga sem ber að ákveða og sérstaks fyrirkomulags sem hlutaðeigandi aðilar skulu sammælast um.
- 26) Efla ætti samvinnu á sviði menningar og hljóð- og myndmiðlunar milli áætlunarinnar og stofnana á borð við Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, Evrópuráðið, Efnahags- og framfarastofnunina („OECD“) og Alþjóðahugverkastofnunina („WIPO“).
- 27) Nauðsynlegt er að tryggja evrópskan virðisauka allra aðgerða og starfsemi, sem fer fram innan áætlunarinnar, og að þær aðgerðir og sú starfsemi komi starfsemi aðildarríkjanna til fyllingar, fylgi ákvæðum 4. mgr. 167. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og samræmist annarri starfsemi Sambandsins, einkum á sviði menntamála, atvinnamála, innri markaðarins, fyrirtækja, æskulýðsmála, heilbrigðismála, borgararéttar og dómsmála, rannsókna og nýsköpunar, stefnu í iðnaðarmálum og samheldni, ferðamála og samskipta við önnur ríki, viðskipta og þróunar og stafrænu áætlunarinnar.
- 28) Í samræmi við meginreglurnar um frammistöðumat ættu málsmeðferðarreglurnar um vöktun og mat á áætluninni að ná yfir ítarlegar ársskýrslur og vísa til sértækra, mælanlegra, raunsærra, viðeigandi og tímabundinna markmiða og vísa, þ.m.t. eigindlega vísa. Í verklagsreglum um vöktun og mat ætti að taka til greina starf viðkomandi aðila, s.s. Hagstofu Evrópusambandsins og niðurstaðna menningarverkefnis ESS-netsins (evrópska hagskýrslukerfisins) og Hagskýrslustofnunar Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Í því samhengi, að því er varðar hljóð- og myndmiðlageirann, ætti Sambandið að halda áfram þátttöku í Evrópsku athugunarstöðinni á sviði hljóð- og myndmiðlunar („athugunarstöðinni“).
- 29) Til að tryggja hámarksvöktun og -mat á áætluninni þann tíma sem hún varir ætti að fela framkvæmdastjórninni heimildina til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, varðandi samþykki á frekari megindlegum og eigindlegum vísunum. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Framkvæmdastjórnin skal við undirbúning og samningu framseldra gerða tryggja samhlíða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.
- 30) Samkvæmt skýrslu framkvæmdastjórnarinnar frá 30. júlí 2010 um áhrifin af ákvörðunum Evrópuþingsins og ráðsins um breytingu á lagagrunnum evrópsku áætlanna á sviði ævináms, menningarmála, æskulýðsmála og borgararéttar hafa umtalsvert minni tafir á stjórnarnefndarmeðferðinni leitt til skilvirkari áætlana. Sérstaklega ber að gæta þess að stjórnsýslumeðferð og meðferð fjármála verði áfram einfölduð, t.d. með því að nota traust, hlutlæg og reglulega uppfærð kerfi til að ákvarða eingreiðslur, einingarkostnað og fasta fjármögnun.
- 31) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar skal framkvæmdastjórninni falið framkvæmdarvald. Þessu valdi ber að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011<sup>(13)</sup>.
- 32) Í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 58/2003<sup>(14)</sup> hefur framkvæmdastjórnin frá árinu 2009 falið framkvæmdaskrifstofu mennta- og menningarmála og hljóð- og myndmiðlunar að vinna að þeim verkefnum er varða framkvæmd á aðgerðum Sambandsins á sviði mennta- og menningarmála og hljóð- og myndmiðlunar. Framkvæmdastjórnin getur því, á grundvelli kostnaðar- og ábatagreiningar, leitað til framkvæmdaskrifstofu sem fyrir er um framkvæmd áætlunarinnar, eins og kveðið er á um í þeirri reglugerð.
- 33) Í þessari reglugerð er mælt fyrir um fjárhagsramma sem gildir meðan áætlunin varir og er helsta viðmiðunarfjárhæð Evrópuþingsins og ráðsins við árlega fjárlagagerð, í skilningi 17. liðar samstarfssamnings frá 2. desember 2013 milli Evrópuþingsins, ráðsins

<sup>(12)</sup> Ákvörðun ráðsins 2001/822/EB frá 27. nóvember 2001 um tengsl landa og yfirráðasvæða handan hafsins við Evrópubandalagið (Stjtið. EB L 314, 30.11.2001, bls. 1).

<sup>(13)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

<sup>(14)</sup> Reglugerð ráðsins (EB) nr. 58/2003 frá 19. desember 2002 um stofnsamþykkt framkvæmdaskrifstofa sem verða falin tiltekin verkefni í tengslum við stjórnun áætlana Bandalagsins (Stjtið. ESB L 11, 16.1.2003, bls. 1).

- og framkvæmdastjórnarinnar um aga í stjórn fjármála, samstarf við fjárlagagerð og trausta fjármálastjórn<sup>(15)</sup>.
- 34) Vernda ber fjárhagslega hagsmuni Sambandsins meðan á útgjaldatímabilinu stendur með ráðstöfunum sem eru í réttu hlutfalli við brot, þ.m.t. ráðstöfunum til að koma í veg fyrir, greina og rannsaka misfellur, endurheimta fjármuni sem hafa glatast, verið ranglega greiddir eða notaðir á rangan hátt og, þar sem við á, með stjórnsýsluviðurlögum og fjárhagslegum viðurlögum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012<sup>(16)</sup> („fjárhagsreglugerðina“).
- 35) Með tilliti til Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum („OLAF“) og samkvæmt reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96<sup>(17)</sup> og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 883/2013<sup>(18)</sup> ætti að gera viðeigandi ráðstafanir og hrinda þeim í framkvæmd til að koma í veg fyrir svik og til að endurheimta fjármuni sem hafa glatast, verið yfirfærðir eða notaðir á rangan hátt.
- 36) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að vernda, þróa og efla menningarlega fjölbreytni og margbreytileika tungumála í Evrópu, efla menningararf Evrópu og styrkja samkeppnishæfni evrópskra menningargeira og skapandi greina, einkum hljóð- og myndmiðlageirans, vegna þess hve áætlunin er fjölbjóðleg og alþjóðleg, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs og fyrirhugaðra áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhöfsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.
- 37) Því skal fella ákvarðanir nr. 1718/2006/EB, nr. 1855/2006/EB og nr. 1041/2009/EB úr gildi.
- 38) Sjá skal til þess að gerðar séu ráðstafanir til að tryggja aðlögunina frá áætlunum MEDIA, Menning og MEDIA Mundus að áætluninni.
- 39) Í því skyni að tryggja áframhaldandi fjárhagsstuðning, sem er veittur samkvæmt áætluninni, getur framkvæmdastjórnin litið svo á að kostnaður, sem tengist beint framkvæmd starfsemi og aðgerða sem njóta stuðnings, sé aðstoðarhæfur jafnvel þótt styrkþegi hafi stofnað til hans áður en styrkumsóknin var lögð fram.
- 40) Í því skyni að tryggja áframhaldandi fjárhagsstuðning, sem er veittur samkvæmt áætluninni, ætti þessi reglugerð að gilda frá og með 1. janúar 2014. Af brýnum ástæðum öðlast reglugerð þessi gildi eins skjótt og unnt er eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði

##### 1. gr.

##### Stofnsetning og gildistími

1. Með þessari reglugerð er komið á fót áætluninni Skapandi Evrópa til að styðja evrópska menningargeira og skapandi greinar („áætlunin“).

2. Áætlunin skal framkvæmd á tímabilinu frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2020.

##### 2. gr.

##### Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

9	Gagnagildi	AN1 ... 12	Tölugildi gagna (frádráttarmerki eru fyrir framan neikvæð gildi), gefið upp sem heil tala án aukastafa. Setja skal „na“ ef gögn eru ekki send vegna þess að þau eru ekki tiltæk.
10	Gæðamerki	AN ... 1	R: endurskoðuð gögn, P: bráðabirgðagögn, W: gögn af litlum gæðum sem notað eru til að reikna út heildarsamtölur fyrir Bandalagið en sem ekki er hægt að gera grein fyrir á landsvísu, E: áætlað gildi. Leggja verður fram lýsingu á endurskoðuninni á sama tíma.
11	Trúnaðarmerki	AN ... 1	A, B, C, D, F og H: sýnir að gögnin eru bundin trúnaði og ástæðu trúnaðarkvaðarinnar: A: Of fá fyrirtæki B: Eitt fyrirtæki er ríkjandi í gögnunum C: Tvö fyrirtæki eru ríkjandi í gögnunum D: Annars stigs trúnaðargögn, sem ætlað er að vernda gögn sem merkt eru með A, B, C, F eða H F: Gögn eru bundin trúnaðarkvöð, sé p%-reglunni beitt H: Gögn sem ekki eru birt á landsvísu, þar sem í þeim eru taldar vera viðkvæmar upplýsingar, eða þeim er ætlað að vernda gögn sem ekki er krafist í reglugerð (EB) nr. 716/2007 (gögn sem eru handfærð sem trúnaðargögn).
12	Yfirlit/hlutur stærstu einingarinnar	N ... 3	Tölugildi minna en eða jafnt og 100 sem gefur til kynna ráðandi hundradshluta eins eða tveggja fyrirtækja sem eru ríkjandi í gögnunum og setur á þau trúnaðarkvöð. Gildið er námundað að næstu heilu tölu, t.d. verður 90,3 að 90, 94,5 verður 95. Reiturinn er aðeins notaður þegar trúnaðarmerkin B eða C eru í reitnum á undan. Skrá ber hlut stærsta fyrirtækisins í þennan reit ef F er í reitnum á undan.
13	Hlutur næststærstu einingarinnar	N ... 3	Tölugildi minna en eða jafnt og 100. Þennan reit skal nota ef trúnaðarmerkið F er skráð í reit 11, í þennan reit skal skrá hlut næststærsta fyrirtækisins.

Reitur nr.	Auðkenni reits (heiti)	Tegund og stærð	Skilgreining
14	Samsafn af kóðum innan atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE)	AN ... 40	Þennan reit skal nota fyrir heildarniðurstöður sem ekki eru staðalniðurstöður nokkurra kóða innan atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE).
15	Einingar gagnagilda	AN3 ... 4	Þennan reit má nota til að gefa upp hvort óstaðlaðar einingar hafi verið notaðar: Nota skal eftirfarandi kóða: UNIT: einingar fyrir gögn sem eru ekki peningamálagögn KEUR: peningamálagögn landa sem eru aðilar að evrusvæðinu, í þúsundum evra KNC: fyrir lönd sem eru ekki aðilar að evrusvæðinu, í þúsundum gjaldmiðilseininga hvers ríkis
16	Neðanmálgrein	AN ... 250	Óbundin athugasemd um gögnin sem má birta sem aðferðafræðilega skýringu/viðbótarskýringu til betri skilnings á gögnunum sem lögð eru fram.

ATH: AN = alstafaröð (t.d. AN ... 8 – alstafaröð með allt að átta sætum en reiturinn má vera auður, AN1 ... 8 – alstafaröð með minnst einu sæti og allt að átta sætum, AN1 – alstafaröð með einungis einu sæti); N = tölustafur (t.d. N1 – einungis einn tölustafur).

## II. VIÐAUKI

## TÆKNIFORSKRIFTIR AÐ SENDINGUM Á HAGSKÝRSLUM UM ERLEND HLUTDEILDARFÉLÖG Í ÚTLÖNDUM

## 1. Inngangur

Stöðlun á skipan gagnaskráa er grundvallaratriði í skilvirkri gagnavinnslu. Hún er nauðsynlegur áfangi að því marki að geta lagt fram gögn í samræmi við þá staðla um gagnaskipti sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) tilgreinir.

## 2. Auðkenni gagnasafns

Eftirfarandi auðkenni gagnasafns verða notuð til að greina frá hagskýrslum um erlend hlutdeildarfélög í útlöndum:

DSI+BOP\_FATS\_A

## 3. Gagnaskipan, kóðaskrár og eigindir

Þessi liður gefur yfirlit yfir gagnaskipunina, kóðaskrána og þær eigindir sem nota skal. Tiltæk gildi fyrir eigindirnar er að finna í nýjustu útgáfu tilmæla Hagstofu Evrópubandalaganna um hagskýrslugerð erlendra hlutdeildarfélaga, sem um getur í 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 716/2007, og handbók Hagstofu Evrópubandalaganna um greiðslujöfnuð (e. *Eurostat Balance of Payments Vademecum*). Allir reitir hverrar skrár verða að fylgja með, jafnvel þó að þeir séu auðir.

Reitirnir eru sem hér segir, taldir frá vinstri til hægri:

Reitur nr.	Auðkenni reits (heiti)	Heiti kóðaskrár eða hugtaks	Tegund og stærð	Skilgreining
1	Tíðni	CL_FREQ	AN1	Tíðni gagnaraða.
2	Tilvísunarsvæði eða tilkynnandi	CL_AREA_EE	AN2	Landið eða landfræðilegi/pólitíski landahópurinn þar sem efnahagslega fyrirbærið er mælt.
3	Leiðréttingavisir	CL_ADJUSTMENT	AN1	Gefur til kynna hvort árstíðaleiðrétting og/eða vinnutímaleiðrétting hefur verið notuð eða ekki.
4	Gagnategund	CL_DATA_TYPE_FATS	AN1	Lýsir gagnategundinni.
5	Kóðaður liður fyrir hagskýrslur um þjónustuviðskipti við erlend hlutdeildarfélög (FATS)	CL_FATS_ITEM	AN3 ... 8	Kóðaður liður fyrir könnunaratriði í hagskýrslum um þjónustuviðskipti við erlend hlutdeildarfélög (FATS)
6	Sundurliðun eftir gjaldmiðlum	CL_CURR_BRKDOWN	AN1	Sundurliðun á viðskiptum og stöðu, eftir gjaldmiðlum.
7	Svæði mótaðila	CL_AREA_EE	AN2	Landið eða landfræðilegi/pólitíski landahópurinn sem hefur innan vébanda sinna tilvísunarsvæði eða tilkynnanda.
8	Heiti raða	CL_SERIES_DENOM	AN1	Heiti gjaldmiðilsins sem notaður er í röðinni eða sérstök dráttarréttindi.
9	Atvinnustarfsemi á staðnum	CL_BOP_EC_ACTIV_R1	N4	Kóði atvinnugreinaflokunar Evrópubandalaganna (NACE) og sérstakar heildarniðurstöður fyrir atvinnustarfsemi á staðnum.
10	Atvinnustarfsemi sem ekki er á staðnum	CL_BOP_EC_ACTIV_R1	N4	Kóði atvinnugreinaflokunar Evrópubandalaganna (NACE) og sérstakar heildarniðurstöður fyrir atvinnustarfsemi sem ekki er á staðnum.
11	Tímabil	TIME_PERIOD	AN4 ... 35	Viðmiðunarár.

Reitur nr.	Auðkenni reits (heiti)	Heiti kóðaskrár eða hugtaks	Tegund og stærð	Skilgreining
12	Kóði fyrir tímasnið	TIME_FORMAT	AN3	Lýsir einu tímabili eða tímaröðum.
13	Gildi athugunar	OBS_VALUE	AN ... 15	Tölugildi gagna (mínusmerki er á undan neikvæðum gildum).
14	Staða athugunar	CL_OBS_STATUS	AN1	Upplýsingar um gæði gilda eða óvenjulegt gildi eða gildi sem vantar.
15	Trúnaðarkvöð á athugun	CL_OBS_CONF	AN1	Upplýsingar um hvort birta megi athuginina utan viðtökustofnunarinnar eða ekki. Eyða gefur til kynna að gögnin séu ekki trúnaðargögn.
16	Fyrirtæki sendanda	CL_ORGANISATION	AN3	Aðilinn sem sendir gögnin.
17	Viðtakandi	CL_ORGANISATION	AN3	Aðilinn sem fær gögnin.

ATH: AN = alstafaröð (t.d. AN ... 8 – alstafaröð með allt að átta sætum en reiturinn má vera auður, AN1 ... 8 – alstafaröð með minnst einu sæti og allt að átta sætum, AN1 – alstafaröð með einungis einu tákni); N = tölustafur (t.d. N1 – einungis einn tölustafur).

## III. VIÐAUKI

## UNDANÞÁGUR

Í eftirfarandi töflu eru talin upp, fyrir hvert aðildarríki, aðlögunartímabil og undanþágur frá reglugerð (EB) nr. 716/2007 sem veittar eru í I. viðauka (eining fyrir hagskýrslur um erlend hlutdeildarfélag í því landi þar sem upplýsingar eru teknar saman) og II. viðauka (eining fyrir hagskýrslur um erlend hlutdeildarfélag í útlöndum). Ef undanþága er nauðsynleg er gerður greinarmunur á undanþágu að fullu, þegar engar upplýsingar má veita, og undanþágu að hluta til, þegar ekki er hægt að uppfylla öll ákvæði. Ef um er að ræða undanþágu að hluta til er tekið fram í töflunni hvort ákvæði, sem ekki er hægt að uppfylla, tengjast afhendingu á niðurstöðum (20 mánuðir) eða starfseminni sem málið tekur til.

Aðildarríki	Eining fyrir hagskýrslur um erlend hlutdeildarfélag í því landi þar sem upplýsingar eru teknar saman	Eining fyrir hagskýrslur um erlend hlutdeildarfélag í útlöndum
Þýskaland	Framlenging á gagnasendingatímabilinu fyrir viðmiðunarárið 2007 í 26 mánuði  Undanþága frá sundurliðun eftir starfsemi: atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, endursk. 1.1, 67. deild og samsvarandi kóðar í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk. fyrir viðmiðunarárin 2007–2010	
Spánn		Undanþága að fullu fyrir viðmiðunarárin 2007–2008
Frakkland		Undanþága að fullu fyrir viðmiðunarárin 2007–2008
Lúxemborg	Undanþága að fullu fyrir viðmiðunarárin 2007–2008	Undanþága að fullu fyrir viðmiðunarárin 2007–2008
Malta	Framlenging á gagnasendingatímabilinu fyrir viðmiðunarárin 2007–2008 í 26 mánuði	Framlenging á gagnasendingatímabilinu fyrir viðmiðunarárin 2007–2008 í 26 mánuði
Pólland		Undanþága að fullu fyrir viðmiðunarárið 2007
Slóvenía	Undanþága frá sundurliðun eftir starfsemi: atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, endursk. 1.1, 65. og 67. deild og samsvarandi kóðar í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk. fyrir viðmiðunarárin 2007–2010	
Breska konungsríkið	Undanþága frá sundurliðun eftir starfsemi: Bálkur J í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, endursk. 1.1, fyrir viðmiðunarárið 2007.	Undanþága að fullu fyrir viðmiðunarárin 2007–2008

## REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1338/2008

2014/EES/36/72

frá 16. desember 2008

## um hagskýrslur Bandalagsins um lýðheilsu og heilbrigði og öryggi á vinnustað (\*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 285. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins <sup>(1)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1786/2002/EB frá 23. september 2002 um samþykkt aðgerðaáætlunar Bandalagsins á sviði lýðheilsu (2003–2008) <sup>(3)</sup>, var því lýst yfir að þróa ætti tölfraðilegan þátt upplýsingakerfisins um lýðheilsu í samstarfi við aðildarríki með því að nota eftir þörfum hagskýrsluáætlun Bandalagsins til að stuðla að samvirkni og forðast endurtekningar. Með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1350/2007/EB frá 23. október 2007 um að koma á fót annarri aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði heilbrigðismála (2008–13) <sup>(4)</sup> var gefið til kynna að markmiðum hennar, að safna og miðla upplýsingum og þekkingu um heilsufar, yrði framfylgt með aðgerðum til að þróa frekar sjálfbært heilbrigðiseftirlitskerfi með aðferðum til að safna samanburðarhæfum gögnum og upplýsingum, með viðeigandi vísun, og til að þróa tölfraðilegan þátt þessa kerfis með aðstoð hagskýrsluáætlunar Bandalagsins.

2) Upplýsingar Bandalagsins um lýðheilsu hafa kerfisbundið verið byggðar upp í gegnum

lýðheilsuáætlanir Bandalagsins. Skrá yfir heilbrigðisvísa Evrópubandalagsins (e. *European Community Health Indicators* (ECHI)), sem byggð er á þessari vinnu, hefur nú verið opinberuð en hún veitir yfirlit um heilbrigðisástand, mótandi heilbrigðisþætti og heilbrigðis-kerfi. Hagskýrslur Bandalagsins um lýðheilsu verða að vera í samræmi við þróun og árangur sem hefur leitt af aðgerðum Bandalagsins á sviði lýðheilsu, til að afla megi þeirra tölfraðilegu gagna sem að lágmarki er þörf á vegna útreikninga á heilbrigðisvísunum Bandalagsins, þegar það á við og er gerlegt.

3) Með ályktun ráðsins frá 3. júní 2002 um nýja áætlun Bandalagsins um heilbrigði og öryggi á vinnustað (2002–2006) <sup>(5)</sup> var þess farið á leit við framkvæmdastjórnina og aðildarríkin að hraða vinnu við samræmingu tölfraðilegra upplýsinga um vinnuslys og atvinnusjúkdóma, þannig að fyrir lægju samanburðarhæf gögn sem nota mætti til að ná fram hlutlægu mati á áhrif og árangur þeirra ráðstafana sem gripið var til samkvæmt nýrri áætlun Bandalagsins og einnig var, í sérstökum þætti, lögð áhersla á hversu nauðsynlegt væri að taka tillit til aukins hlutfalls kvenna á vinnumarkaði og koma til móts við sértækar þarfir þeirra með tilliti til stefnumála sem varða heilbrigði og öryggi á vinnustað. Í ályktun ráðsins frá 25. júní 2007 um nýja áætlun Bandalagsins um heilbrigði og öryggi á vinnustað (2007–2012) <sup>(6)</sup> fór það jafnframt á leit við framkvæmdastjórnina að vinna með löggjafarvaldinu að því að koma á fót viðeigandi evrópsku hagskýrslukerfi á sviði öryggis og heilbrigðis á vinnustað, þar sem tekið er tillit til mismunandi innlendra kerfa en sneitt hjá viðbættu stjórnsýsluálagi. Að lokum lagði framkvæmdastjórnin til, í tilmælum sínum frá 19. september 2003 um evrópska skrá yfir atvinnusjúkdóma <sup>(7)</sup>, að aðildarríkin skuli stig af stigi gera tölfraðilegar upplýsingar sínar um atvinnusjúkdóma þannig úr garði að þær samrýmist evrópsku skránni í samræmi við vinnuna sem er í gangi við að samræma evrópskar hagskýrslur um atvinnusjúkdóma.

4) Á fundi leiðtoga ráðsins í Barselóna hinn 15. og 16. mars 2002 viðurkenndi það þrjár meginreglur sem hafa ber til leiðbeiningar við umbætur á heilbrigðisþjónustukerfum: aðgengi fyrir alla, umönnun í háum gæðaflokki og fjárhagsleg sjálfbærni til lengri

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 70. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2009 frá 3. júlí 2009 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 56, 22.10.2009, bls. 19.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 44, 16.2.2008, bls. 103.

<sup>(2)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 13. nóvember 2007 (Stjtið. ESB C 282 E, 6.11.2008, bls. 109), sameiginleg afstaða ráðsins frá 2. október 2008 (Stjtið. ESB C 280 E, 4.11.2008, bls. 1) og afstaða Evrópuþingsins frá 19. nóvember 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 271, 9.10.2002, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 301, 20.11.2007, bls. 3.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB C 161, 5.7.2002, bls. 1.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB C 145, 30.6.2007, bls. 1.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 238, 25.9.2003, bls. 28.



tíma. Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 20. apríl 2004 undir yfirskriftinni „Að nútímavæða félagslega vernd þannig að þróa megi aðgengilega og sjálfbæra heilbrigðisþjónustu og langtímaumönnun í háum gæðaflokki: stuðningur við landsbundnar áætlanir sem nota „opið samráðsferli“<sup>(1)</sup> er lagt til að vinna verði hafin við að auðkenna hugsanlega vísa fyrir sameiginleg markmið um þróun umönnunarkerfa sem byggjast á aðgerðum sem hafa farið fram í tengslum við aðgerðaáætlun Bandalagsins um heilbrigði, heilbrigðisskýrslur Hagstofu Evrópusambandsins og samstarf við alþjóðastofnanir. Til að koma megi upp slíkum vísam ætti að beina sérstakri athygli að notkun og samanburðarhæfi á sjálfsmati heilbrigðis eins og komið hefur fram í könnunum.

5) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1600/2002/EB frá 22. júlí 2002 um sjöttu aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði umhverfismála<sup>(1)</sup> felur í sér að aðgerðir í þágu umhverfis og heilbrigðis og lífsgæða séu meginmarkmið í umhverfismálum og þar er þrýst á um skilgreiningar og þróun á vísam um heilbrigði og umhverfi. Í niðurstöðum ráðsins um grunnhagvísa frá 8. desember 2003 er jafnframt farið fram á að vísar um líffræðilega fjölbreytni og heilbrigði séu taldir með, undir yfirskriftinni „umhverfismál“, í gagnagrunni um grunnhagvísa sem notaður er við gerð árlegrar vorskýrslu til leiðtoga ráðsins: hagvísar heilbrigðis og öryggis á vinnustað eru einnig teknir með í þessum gagnagrunni undir yfirskriftinni „atvinnumál“. Í vísam um sjálfbæra þróun, sem framkvæmdastjórnin samþykkti árið 2005, er fjallað sérstaklega um lýðheilsuvísa.

6) Í aðgerðaáætlun um umhverfi og heilbrigði 2004–2010 er viðurkennt að þörf sé á að auka gæði, samanburðarhæfi og aðgengi gagna um heilbrigðisástand um sjúkdóma og raskanir sem tengjast umhverfinu með því að nota hagskýrsluáætlun Bandalagsins.

7) Í ályktun ráðsins frá 15. júlí 2003 um eflingu atvinnu og félagslegrar aðlögunar hjá fötluðu fólki<sup>(2)</sup> er þess farið á leit við aðildarríkin og framkvæmdastjórnina að safna tölfræðilegu efni um stöðu fatlaðs fólks, þ.m.t. þróun þjónustu og bóta fyrir þennan hóp. Framkvæmdastjórnin ákvað jafnframt, í orðsendingu sinni frá 30. október 2003 undir yfirskriftinni „Jöfn tækifæri fyrir fatlaða: evrópsk aðgerðaáætlun, að þróa samhengisvísa sem eru sambærilegir milli allra aðildarríkja til að meta árangur stefnu í málefnum

fatlaðra. Í orðsendingunni er bent á að nýta ætti sem best gagnalindir og fyrirkomulag evrópska hagskýrslukerfisins, einkum með þróun samræmdra könnunarviðhengja, til að ná fram tölfræðilegum upplýsingum sem eru sambærilegar á alþjóðamælikvarða og þörf er á til að fylgjast með framvindu.

8) Tölfræðivinna framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofa Evrópusambandsins) á sviði lýðheilsu og heilbrigðis og öryggis á vinnustað skal, til að tryggja gildi og samanburðarhæfi gagna og forðast tvíverknað, unnin í samstarfi við Sameinuðu þjóðirnar og sérstakar stofnanir þeirra s.s. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina og Alþjóðavinnuáætlunastofnunina og einnig Efnahags- og framfarastofnunina, þegar það er viðeigandi og mögulegt.

9) Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) safnar nú þegar reglulega hagskýrslugögnum um lýðheilsu og heilbrigði og öryggi á vinnustað frá aðildarríkjunum sem útvega þau gögn sjálfviljug. Hún safnar einnig gögnum um þessi svið upp úr öðrum gagnalindum. Vinna þessi fer fram í nánu samstarfi við aðildarríki. Stjórn og skipulag þróunar og framkvæmdar er einkum á sviði hagskýrslna um lýðheilsu samkvæmt sameiginlegu samvinnuskipulagi framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofa Evrópusambandsins) og aðildarríkja. Enn er þó þörf fyrir meiri nákvæmni og áreiðanleika, samræmi og samanburðarhæfi, umfang, tímanleika og rétta tímasetningu fyrirleggjandi gagnasafna hagskýrslna og einnig er nauðsynlegt að tryggja að frekari söfnun sem samþykkt er og þróuð með aðildarríkjunum sé hrundið í framkvæmd til að afla megi þeirra tölfræðilegu gagna sem að lágmarki eru nauðsynleg á vettvangi Bandalagsins á sviði lýðheilsu og heilbrigðis og öryggis á vinnustað.

10) Gerð tiltekinna hagskýrslna Bandalagsins ákvarðast af reglunum sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 frá 17. febrúar 1997 um hagskýrslur Bandalagsins<sup>(3)</sup>.

11) Reglugerð þessi tryggir að tekið sé fullt tillit til réttarins til verndar persónuupplýsinga, eins og kveðið er á um í 8. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi<sup>(4)</sup>.

12) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga<sup>(5)</sup> og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 242, 10.9.2002, bls. 1.  
<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 175, 24.7.2003, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 52, 22.2.1997, bls. 1.  
<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB C 303, 14.12.2007, bls. 1.  
<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

- (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga <sup>(1)</sup> gilda í tengslum við þessa reglugerð. Hagskýrslukröfur sem aðgerðir Bandalagsins á sviði lýðheilsu, landsbundnar áætlanir um þróun á aðgengilegri og sjálfbærri heilbrigðisþjónustu í háum gæðaflokki, og áætlun Bandalagsins um heilbrigði og öryggi á vinnustað leiða af sér, teljast vera mikilvægt hagsmunamál fyrir almennig, og einnig kröfur um grunnhagvísa, vísa um sjálfbæra þróun og skrá yfir heilbrigðisvísa Bandalagsins og aðra vísa sem nauðsynlegt er að þróa þannig að fylgjast megi með pólitískum aðgerðum og skipulagi á sviði lýðheilsu og heilbrigðis og öryggis á vinnustað, bæði landsbundnum og innan Bandalagsins.
- 13) Afhending gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum ákvarðast af reglunum sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 322/97 og í reglugerð ráðsins (KBE, EBE) nr. 1588/90 frá 11. júní 1990 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalagsins <sup>(2)</sup>. Ráðstafanir, sem gerðar eru í samræmi við þessar reglugerðir, tryggja efnislega og röklega verndun trúnaðargagna og tryggja að engin ólögleg birting upplýsinga og notkun gagnanna til annars en hagskýrslugerðar eigi sér stað við gerð og miðlun hagskýrslna Bandalagsins.
- 14) Við samantekt og miðlun hagtalna Bandalagsins samkvæmt þessari reglugerð skulu innlend hagskýrsluyfirvöld og hagskýrsluyfirvöld Bandalagsins hafa hliðsjón af meginreglunum sem settar eru fram í starfsreglum um evrópskar hagskýrslur sem hagskýrsluáætlunarnefndin samþykkti 24. febrúar 2005.
- 15) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, nánar tiltekið að koma á sameiginlegum ramma um kerfisbundna samantekt á hagskýrslugögnum Bandalagsins um lýðheilsu og heilbrigði og öryggi á vinnustað og því verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, er því heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, eins og greint er frá í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhöfsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná því markmiði.
- 16) Um leið og viðurkennt er að skipulagning og stjórnun heilbrigðisþjónustukerfa er innanlandsmál og að framkvæmd á löggjöf Bandalagsins um vinnustaði og atvinnumál er fyrst og fremst á ábyrgð aðildarríkja, er tryggt í þessari reglugerð að full virðing sé borin fyrir valdsviði aðildarríkjanna að því er varðar lýðheilsu og heilbrigði og öryggi á vinnustað.
- 17) Mikilvægt er að kyn og aldur sé tekið inn í sundurliðunarbreyturnar þar sem það gerir kleift að tillit sé tekið til áhrifa mismunandi kyns og aldurs á heilbrigði og öryggi á vinnustað.
- 18) Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar á þessari reglugerð í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið <sup>(3)</sup>.
- 19) Framkvæmdastjórninni skal einkum falið vald til að samþykkja framkvæmdarráðstafanir sem taka til eiginleika tiltekinna viðfangsefna og sundurliðunar þeirra, viðmiðunartímabila, tíðni og tímamarka um útvegum gagna ásamt útvegum lýsigagna. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana nýjum, veigalitlum þáttum, skulu þær samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.
- 20) Kveða skal á um viðbótarfjármögnun fyrir gagnasöfnun á sviði lýðheilsu og heilbrigðis og öryggis á vinnustað innan ramma seinni aðgerðaráætlunar Bandalagsins á sviði heilbrigðismála (2008–2013) og áætlunar Bandalagsins fyrir atvinnumál og félagslega samstöðu — Framvinda <sup>(4)</sup>. Innan þessara ramma ber að nota fjármagn til að aðstoða aðildarríkin frekar við uppbyggingu innanlands til að framkvæma úrbætur og að koma upp nýjum útbúnaði til söfnunar tölfræðilegra gagna á sviði lýðheilsu og heilbrigðis og öryggis á vinnustað.
- 21) Haft hefur verið samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina.

<sup>3</sup> Stjótið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

<sup>4</sup> Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1672/2006/EB frá 24. október 2006 um að koma á áætlun Bandalagsins fyrir atvinnumál og félagslega samstöðu — Framvinda (Stjótið. ESB L 315, 15.11.2006, bls. 1).

<sup>(1)</sup> Stjótið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjótið. EB L 151, 15.6.1990, bls. 1.

- 22) Samráð hefur verið haft við hagskýrsluáætlunarnefndina í samræmi við 1. mgr. 3. gr. ákvörðunar 89/382/EBE, KBE <sup>(1)</sup>,

3. gr.

### Skilgreiningar

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. gr.

#### Viðfangsefni

1. Með þessari reglugerð er settur sameiginlegur rammi um kerfisbundna hagskýrslugerð Bandalagsins um lýðheilsu og heilbrigði og öryggi á vinnustað. Hagskýrslurnar skulu gerðar í samræmi við staðla um óhlutdrægni, áreiðanleika, hlutlægni, kostnaðarhagkvæmni og trúnaðarkvaðir.

2. Í hagskýrslunum skulu vera, í formi samræmdra og sameiginlegra gagnamengja, upplýsingar sem krafist er vegna aðgerða Bandalagsins á sviði lýðheilsu og til styrktar landsbundnum áætlunum um þróun aðgengilegrar og sjálfbærrar heilbrigðisþjónustu í háum gæðaflokki og einnig vegna aðgerða Bandalagsins á sviði heilbrigðis og öryggis á vinnustað.

3. Hagskýrslurnar skulu láta í té gögn fyrir grunnhagvísa, vísa um sjálfbæra þróun og heilbrigðisvísa Bandalagsins, og einnig aðra vísa sem nauðsynlegt er að þróa til að fylgjast megi með aðgerðum Bandalagsins á sviði lýðheilsu og heilbrigðis og öryggis á vinnustað.

2. gr.

#### Gildissvið

Aðildarríki skulu sjá framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) fyrir hagtölum um eftirfarandi svið:

- heilbrigðisástand og mótandi þætti heilsufars eins og það er skilgreint í I. viðauka,
- heilbrigðisþjónustu, eins og hún er skilgreind í II. viðauka,
- dánarorsakir, eins og þær eru skilgreindar í III. viðauka,
- vinnuslys, eins og þau eru skilgreind í IV. viðauka,
- atvinnusjúkdóma og önnur vinnutengd heilsufarsvandamál og sjúkdóma, eins og skilgreint er í V. viðauka.

a) „hagskýrslur Bandalagsins“: eins og þær eru skilgreindar í fyrsta undirlið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 322/97,

b) „hagskýrslugerð“: eins og hún er skilgreind í öðrum undirlið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 322/97,

c) „lýðheilsa“: allir heilsutengdir þættir, nánar tiltekið heilbrigðisástand, þ.m.t. veikindatilvik og fötlun, þeir mótandi þættir sem hafa áhrif á heilbrigðisástand, þarfir heilbrigðisþjónustu, fjármagn sem veitt er til heilbrigðisþjónustu, framboð á og almennur aðgangur að heilbrigðisþjónustu og einnig kostnaður og fjármögnun heilbrigðisþjónustu, og dánarorsakir,

d) „heilbrigði og öryggi á vinnustað“: allir þættir sem tengjast forvarnarstarfi og heilsuvernd og öryggi starfsmanna í núverandi eða fyrri starfsemi þeirra, einkum vinnuslysum, atvinnusjúkdómum og öðrum vinnutengdum heilsufarsvandamálum og sjúkdómum,

e) „örgögn“: einstaklingsbundin tölfræðileg gögn,

f) „afhending trúnaðargagna“: sending trúnaðargagna sem ekki verða auðkennd á beinan hátt, á milli innlendra yfirvalda og Bandalagsyfirvalda, í samræmi við 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 322/97 og með reglugerð (KBE, EBE) nr. 1588/90,

g) „persónuupplýsingar“: allar upplýsingar varðandi auðkenndan eða auðkennanlegan einstakling í samræmi við a-lið 2. gr. tilskipunar 95/46/EB.

4. gr.

#### Gagnalindir

Aðildarríki skulu taka saman gögn varðandi lýðheilsu og heilbrigði og öryggi á vinnustað úr öðrum gagnalindum sem skulu, eftir sviðum, viðfangsefnum og könnunatriðum innanlandskerfa, annaðhvort vera heimiliskannanir eða álíka kannanir eða könnunarviðhengi, eða gögn frá innlendum stjórnvöldum eða skýrslugjöfum.

<sup>(1)</sup> Ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE frá 19. júní 1989 um að koma á fót hagskýrsluáætlunarnefnd Evrópubandalaganna (Stjtið. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47).

## 5. gr.

**Aðferðafræði**

1. Við gagnasöfnun skal taka tillit til, þ.m.t. ef um er að ræða undirbúningsstarf, landsbundinnar reynslu og sérþekkingar og landsbundinna sérkenna, umfangs og fyrirliggjandi gagnasafna, innan ramma samstarfsneta og annars skipulags evrópska hagskýrslukerfisins (e. ESS) hjá aðildarríkjum sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) hefur sett upp. Þar að auki skal taka tillit til þeirrar aðferðafræði sem notuð er við reglulega söfnun gagna sem koma frá verkefnum með tölfræðilega skírskotun sem unnin eru samkvæmt öðrum áætlunum Bandalagsins s.s. lýðheilsu- eða rannsóknar-áætlunum.

2. Í tölfræðilegri aðferðafræði og gagnasöfnun sem þróa á fyrir samantekt hagskýrslna um lýðheilsu og heilbrigði og öryggi á vinnustað innan Bandalagsins skal, hvenær sem við á, taka tillit til þess hvort samræming við aðgerðir alþjóðastofnana á þessu sviði sé nauðsynleg, með það í huga að tryggja alþjóðlegt samanburðarhæfi hagskýrslna og samkvæmni gagnasöfnunar og einnig að forðast tvíverknad og endurtekna gagnaafhendingu aðildarríkja.

## 6. gr.

**Forkannanir og kostnaðar- og ábatagreining**

1. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal hefja forkönnun sem aðildarríkin skulu ljúka við sjálfviljug hvenær sem gagna er krafist til viðbótar við þau sem þegar hefur verið safnað og þau sem aðferðafræði er þegar til fyrir, eða ef í ljós kemur að ófullnægjandi gæði eru á gögnum á þeim sviðum sem um getur í 2. gr. Tilgangur slíka forkannana er að prófa hugmyndir og aðferðir og meta hagkvæmni tengdra gagnasafna, þ.m.t. varðandi tölfræðileg gæði, samanburðarhæfi og kostnaðarhagkvæmni, í samræmi við þær meginreglur sem settar eru fram í starfsreglum um evrópskar hagskýrslur.

2. Gera skal kostnaðar- og ábatagreiningu hvenær sem gert er ráð fyrir undirbúningi framkvæmdarráðstafana í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferð með eftirliti, sem um getur í 2. mgr. 10. gr., þar sem hagur af fyrirliggjandi gögnum er metinn í hlutfalli við kostnað af gagnasöfnuninni og byrði aðildarríkja.

3. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal, í samvinnu við aðildarríki, útbúa skýrslu þar sem lagt er mat á niðurstöður úr forkönnunum og/eða kostnaðar- og ábatagreiningu, þ.m.t. áhrif og afleiðingar landsbundinnar sérstöðu, innan ramma samstarfsneta og annars skipulags evrópska hagskýrslukerfisins.

## 7. gr.

**Sending, meðhöndlun og miðlun gagna**

1. Aðildarríkin skulu senda einstaklingsbundin trúnaðargögn þegar nauðsyn krefur vegna gerðar hagskýrslna Bandalagsins eða, eftir hlutaðeigandi sviði og viðfangsefni, samtölur gagna í samræmi við gildandi ákvæði um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöð, eins og fram kemur í reglugerð (EB) nr. 322/97 og í reglugerð (KBE, EBE) nr. 1588/90. Ákvæði þessi skulu gilda um meðhöndlun gagna hjá framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) svo fremi að gögnin séu háð trúnaðarkvöð í skilningi 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 322/97. Aðildarríki skulu tryggja að hagskýrslueiningar (einstaklingar) verði ekki auðkenndar á beinan hátt í sendum gögnum og að persónuupplýsingar séu verndaðar í samræmi við þær meginreglur sem mælt er fyrir um í tilskipun 95/46/EB.

2. Aðildarríkin skulu senda þau gögn og lýsigögn, sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð, á rafrænu formi í samræmi við staðal um gagnaskipti sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) og aðildarríkin hafa gert samkomulag um. Gögnin skulu látin í té í samræmi við sett tímamörk með þeirri tíðni sem kveðið er á um og eftir þeim viðmiðunartímabilum sem tilgreind eru í viðaukunum eða í framkvæmdarráðstöfunum sem samþykktar voru í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 10. gr.

3. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að bæta miðlun, aðgengi og skráningu tölfræðilegra upplýsinga í samræmi við meginreglur um samanburðarhæfi, áreiðanleika og trúnaðarkvaðir í hagskýrslum sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 322/97 og reglugerð (EB) nr. 45/2001.

## 8. gr.

**Gæðamat**

1. Í þessari reglugerð gilda eftirfarandi viðmiðanir um gæðamat á þeim gögnum sem skila á:

- „mikilvægi“: að hve miklu leyti tölfræðilegar upplýsingar uppfylla núverandi og hugsanlegar þarfir notenda,
- „nákvæmni“: hversu nærri áætlunir eru óþekktum sanngildum,
- „innan tímamarka“: vísar til tímabilsins frá því að atburður eða fyrirbæri eiga sér stað þar til upplýsingarnar, sem lýsa þeim, liggja fyrir,
- „rétt tímasetning“: vísar til tímabilsins milli birtingardags gagna og áætlaðs markdags þegar hefði átt að afhenda gögnin,

- e) „aðgengileiki“ og „skýrleiki“: skilyrði og fyrirkomulag um aðgang notenda að gögnum, notkun þeirra og túlkun á þeim,
- f) „samanburðarhæfi“: mat á áhrifum af mismunandi beitingu hagtoluhugtaka, mælitækja og verklagsreglna þegar bornar eru saman hagtölur mismunandi landsvæða, greinasviða eða tímabila,
- g) „samfella“: unnt er að setja gögnin margvíslega saman og í margvíslegum tilgangi á áreiðanlegan hátt.

2. Aðildarríki skulu, á fimm ára fresti, útvega framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) skýrslu um gæði gagnanna, sem er skilað. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal meta gæði sendra gagna og birta skýrslurnar.

9. gr.

#### Framkvæmdarráðstafanir

1. Framkvæmdarráðstafanir skulu taka til:
  - a) könnunaratriða, nánar tiltekið breyta, skilgreininga og flokkunar á viðfangsefnum, sem fjallað er um í I. til V. viðauka,
  - b) sundurliðunar á könnunaratriðum,
  - c) viðmiðunartímabila, tíðni og tímamarka um útvegum gagna,
  - d) afhendingar lýsigagna.

Ráðstafanir þessar skulu einkum hafa hliðsjón af ákvæðum 5. gr., 6. gr. (2. og 3. mgr.) og 7. gr. (1. mgr.), ásamt aðgengi, hentugleika og lagalegu umhverfi fyrirbyggjandi gagnagjafa Bandalagsins að lokinni rannsókn á öllum gagnagjöfum sem tengjast hlutaðeigandi sviðum og viðfangsefnum.

Samþykkinga skal þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlem þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 10. gr.

2. Ef nauðsyn krefur skal samþykkinga undanþágur og aðlögunartímabil fyrir aðildarríki og skal hvort tveggja byggjast á hlutlægum grunni, í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 10. gr.

10. gr.

#### Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar hagskýrslu-áætlunarnefndarinnar sem komið var á fót með ákvörðun 89/382/EBE, KBE.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

11. gr.

#### Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 16. desember 2008.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

H.-G. PÖTTERING

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

B. LE MARIE

*forseti.*

## I. VIÐAUKI

**Svið: Heilbrigðisástand og mótandi þættir heilbrigðis**a) *Markmið*

Markmið þessa sviðs er að útvega tölfraðilegar upplýsingar um heilbrigðisástand og mótandi þætti heilbrigðis.

b) *Gildissvið*

Þetta svið nær yfir tölfraðilegar upplýsingar um heilbrigðisástand og mótandi þætti heilbrigðis sem byggðar eru á sjálfsmati og teknar saman úr íbúakönnunum s.s. evrópsku viðtalskönnuninni um heilsufar (e. *European Health Interview Survey* (EHIS)) og einnig öðrum tölfraðiupplýsingum sem teknar eru úr stjórnsýsluheimildum, t.d. um veikindatilvik eða slys og meiðsli. Einstaklingar sem búa á stofnunum og einnig börn á aldrinum 0–14 ára skulu talin með þegar við á og með þeim millibilum sem viðkomandi sérregla segir til um, með fyrirvara um að búið sé að gera árangursríkar forkannanir.

c) *Viðmiðunartímabil, millibil og tímamörk fyrir útvegum gagna*

Tölfraðilegar upplýsingar skulu berast úr evrópsku viðtalskönnuninni um heilsufar fimmta hvert ár en e.t.v. þarf að kalla eftir öðrum gögnum eftir styttri eða lengri tíma, t.d. varðandi upplýsingar um veikindatilvik eða slys og meiðsli, og einnig um sum tiltekin könnunarviðhengi, ráðstafanir varðandi fyrsta viðmiðunarárið, millibilið og frestinn til að útvega gögnin skulu samþykkt í samræmi við reglunefndar meðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 10. gr.

d) *Viðfangsefni sem eiga í hlut*

Samræmd og sameiginleg gagnasöfn, sem útvega skal, skulu fjalla um eftirtalin viðfangsefni:

- heilbrigðisástand, þ.m.t. heilbrigðisskilning, líkamlega og andlega starfshæfni, takmarkanir og fötun,
- veikindatilvik háð sérhæfðum greiningum,
- varnir gegn hugsanlegum faröldrum og smitsjúkdómum,
- slys og meiðsli, þ.m.t. þau sem tengjast neytendaöryggi og, þegar unnt er, alkóhól- og lyfjatengdu tjóni,
- lífsstíl, s.s. líkamsvirkni, mataræði, reykingar, áfengisneyslu og lyfjanotkun, og umhverfislega, félagslega og starfstengda þætti,
- aðgang og notkun á forvarnar- og meðferðarheilbrigðisþjónustu, og einnig á umönnunarþjónustu til langs tíma (íbúakönnun),
- lýðfræði- og félagshagfræðilegar bakgrunnsupplýsingar um einstaklinga.

Ekki er þörf á að fjalla um öll viðfangsefni í hvert skipti sem gögn eru afhent. Ráðstafanirnar er varða könnunatriðin, nánar tiltekið breytur, skilgreiningar og flokkun á viðfangsefnum sem skráð eru hér að ofan og sundurliðun könnunatriða, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndar meðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 10. gr.

Frankvæmd kannana sem byggðar eru á heilbrigðisskoðunum skal vera valkvæð innan ramma þessarar reglugerðar. Meðaltalslengd viðtalsins á hverju heimili skal ekki vera meiri en ein klukkustund fyrir evrópsku viðtalskönnunina um heilsufar og 20 mínútur fyrir hin könnunarviðhengin.

e) *Lýsigögn*

Samþykkja skal ráðstafanirnar sem varða útvegum á lýsigögnum, þ.m.t. lýsigögn varðandi könnunatriði kannana og aðrar gagnalindir sem notaðar eru, mannfjöldann sem þær ná yfir og upplýsingar um alla landsbundna sérstöðu sem nauðsynlegar eru við túlkun og samantekt á samanburðarhæfum hagtölum og vísum, í samræmi við reglunefndar meðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 10. gr.

*II. VIÐAUKI***Svið: Heilbrigðisþjónusta**a) *Markmið*

Markmið þessa sviðs er að útvega tölfraðilegar upplýsingar um heilbrigðisþjónustu.

b) *Gildissvið*

Svið þetta tekur til allrar starfsemi sem fer fram annaðhvort hjá stofnunum eða einstaklingum sem vinna að bættu heilbrigði og búa yfir þekkingu og tækni á sviði læknisfræði, bráðaþjónustu og hjúkrunar, þ.m.t. langtímaumönnun, sem og starfsemi tengdri stjórnun og rekstri.

Gögnin skal aðallega taka saman úr stjórnsýsluheimildum.

c) *Viðmiðunartímabil, millibil og tímamörk fyrir útvegum gagna*

Hagskýrslur skulu lagðar fram árlega. Þær ráðstafanir er varða fyrsta viðmiðunarárið, millibil og tímamörk um útvegum gagnanna, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 10. gr.

d) *Viðfangsefni sem eiga í hlut*

Samræmdu og sameiginlegu gagnasöfn sem útvega skal skulu fjalla um eftirtalin viðfangsefni:

- heilbrigðisþjónustu,
- starfsmenn heilbrigðisþjónustu,
- notkun heilbrigðisþjónustu, einstaklingsbundna og sameiginlega þjónustu,
- kostnað og fjármögnun heilbrigðisþjónustu.

Ekki er þörf á að fjalla um öll viðfangsefnin í hvert skipti sem gögn eru afhent. Gagnasafninu skal komið á fót samkvæmt viðeigandi alþjóðlegri flokkun og með tilliti til aðstæðna og starfshátta í aðildarríkjum.

Í gagnasöfnunum skal fjalla um hreyfanleika sjúklinga, nánar tiltekið notkun þeirra á heilbrigðisþjónustu í öðru landi en aðseturandi og hreyfanleika fagfólks í heilbrigðisþjónustu, t.d. þeirra sem starfa utan þess lands þar sem þeir fengu fyrsta lækningaleyfið. Þar skal einnig fjallað um gæði heilbrigðisþjónustu.

Ráðstafanirnar er varða könnunaratriðin, nánar tiltekið breytur, skilgreiningar og flokkun á viðfangsefnum sem skráð eru hér að ofan og sundurliðun könnunaratriða, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 10. gr.

e) *Lýsigögn*

Samþykka skal ráðstafanirnar sem varða útvegum á lýsigögnum, þ.m.t. lýsigögn varðandi könnunaratriði gagnalinda og samantektir sem notaðar eru, þann mannfjölda sem þau ná yfir og upplýsingar um alla landsbundna sérstöðu sem nauðsynlegar eru við túlkun og samantekt á samanburðarhæfum hagðölum og vísam, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 10. gr.

*III. VIÐAUKI***Svið: Dánarorsakir**a) *Markmið*

Markmið þessa sviðs er að útvega tölfraðilegar upplýsingar um dánarorsakir.

b) *Gildissvið*

Þetta svið tekur til tölfraðilegra upplýsinga um dánarorsakir, sem fengnar eru úr landsbundnum dánarvottorðum, að teknu tilliti til tilmæla Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Hagskýrslurnar, sem taka á saman, vísa til orsakanna er Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin skilgreinir sem „sjúkdóminn eða áverkann sem urðu kveikjan að framvindu veikinda sem leiddu beinlínis til dauða, eða kringumstæður slyssins eða ofbeldisins sem orsakaði banameinið“. Teknar skulu saman tölfraðilegar upplýsingar um öll dauðsföll og allar andvanafæðingar í hverju aðildarríki þar sem greint er á milli fólks sem er búsett í landinu og hins sem er búsett utan þess. Setja skal, þegar unnt er, gögn um dánarorsakir hjá fólki sem búsett er í landinu og deyr í útlöndum inn í hagskýrslur aðseturslands þeirra.

c) *Viðmiðunartímabil, millibil og tímamörk fyrir útvegum gagna*

Hagskýrslur skulu lagðar fram árlega. Samþykking ber ráðstafanir sem varða fyrsta viðmiðunarárið í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 10. gr. Gögnin skulu lögð fram eigi síðar en 24 mánuðum frá lokum viðmiðunarársins. Bráðabirgða- eða áætlunargögn er hægt að afhenda fyrr. Koma ber á fót sérstöku viðbótargagnasafni, annaðhvort fyrir öll dauðsföll eða fyrir tiltekna dánarorsakir, þegar um lýðheilsutilvik er að ræða.

d) *Viðfangsefni sem eiga í hlut*

Samræmd og sameiginleg gagnasöfn sem útvega skal skulu fjalla um eftirtalin viðfangsefni:

- sérkenni hins látna,
- landsvæði,
- kringumstæður andlátsins, þ.m.t. undirliggjandi dánarorsakir.

Koma skal á fót gagnasafni um dánarorsakir innan ramma alþjóðlegrar sjúkdóma- og dánarmeinaskrár Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og skal það fylgja reglum Hagstofu Evrópusambandsins og Sameinuðu þjóðanna og tilmælum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um mannfjöldatölur. Gögn sem varða könnunatriði andvanafæðinga skal útvega sjálfviljuglega. Við útvegum gagna um nýburadauða (andláts innan 28 daga frá fæðingu) skal viðurkenna landsbundinn mismun á starfsháttum við skráningu á margþættum dánarorsökum.

Ráðstafanirnar er varða könnunatriðin, nánar tiltekið breytur, skilgreiningar og flokkun á viðfangsefnum sem skráð eru hér að ofan og sundurlíðun könnunatriða, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 10. gr.

e) *Lýsigögn*

Samþykking skal ráðstafanirnar sem varða útvegum á lýsigögnum, þ.m.t. lýsigögn um mannfjölda sem þau ná yfir og upplýsingar um alla landsbundna sérstöðu sem nauðsynlegar eru við túlkun og samantekt á samanburðarhæfum hagtölum og vísun, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 10. gr.



## IV. VIÐAUKI

## Svið: Vinnuslys

a) *Markmið*

Markmið þessa sviðs er að útvega tölfraðilegar upplýsingar um vinnuslys.

b) *Gildissvið*

Vinnuslys er skilgreint sem „einstakt atvik sem verður á meðan á vinnu stendur og leiðir til líkamlegs eða andlegs tjóns“. Gögnum skal safnað yfir allt vinnuaflið um banaslys í vinnu og vinnuslys sem orsaka meira en þriggja daga fjarveru frá vinnu, úr upplýsingum frá stjórnsluheimildum sem auknar eru með viðeigandi viðbótarupplýsingum ef nauðsyn krefur og gerlegt reynist, um sérstaka hópa launafólks eða sértekar landsbundnar aðstæður. Hægt er að safna afmörkuðu hlutmengi grunnagna, þegar þau eru aðgengileg og með valkvæðum hætti, um slys sem orsaka minna en fjögurra daga fjarveru frá vinnu, innan ramma samstarfsins með Alþjóðavinnuárástofnuninni.

c) *Viðmiðunartímabil, millibil og tímamörk fyrir útvegum gagna*

Hagskýrslur skulu afhentar árlega. Samþykking ber ráðstafanir sem varða fyrsta viðmiðunarárið í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 10. gr. Gögnin skulu lögð fram eigi síðar en 18 mánuðum frá lokum viðmiðunarársins.

d) *Viðfangsefni sem eiga í hlut*

Samræmdu og sameiginlegu örgögnin sem útvega skal skulu fjalla um eftirtalin viðfangsefni:

- sérkenni hins slasaða,
- sérkenni áverkanna, þ.m.t. alvarleiki (dagar frá vinnu),
- sérkenni fyrirtækisins, þ.m.t. atvinnustarfsemi,
- sérkenni vinnustaðarins,
- sérkenni slyssins, þ.m.t. röð atburða sem útskýrt geta orsakir slyssins og aðstæður á slyssað.

Gagnasafni um vinnuslys skal komið á fót innan ramma nákvæmra skilgreininga, sem mælt er fyrir um í aðferðafræði evrópskra hagskýrslna um vinnuslys (e. *European Statistics on Accidents at Work (ESAW)*), að teknu tilliti til aðstæðna og starfshátta í aðildarríkjum.

Gögn sem varða þjóðerni slasaða einstaklingsins, umfang fyrirtækisins og þann tíma sem slysið átti sér stað skal útvega sjálfviljuglega. Útvega skal a.m.k. þrjár breytur varðandi aðferðafræði evrópskra hagskýrslna um vinnuslys, viðfangsefni III. áfanga, nánar tiltekið vinnustaðinn og atburðarás sem útskýrt getur orsakir slyssins og aðstæður á slyssað. Aðildarríki skulu einnig sjálfviljug afhenda fleiri gögn í samræmi við nákvæmar skilgreiningar evrópskra hagskýrslna um vinnuslys, III. áfanga.

Samþykking skal ráðstafanirnar er varða könnunatriðin, nánar tiltekið breytur, skilgreiningar og flokkun á viðfangsefnum sem skráð eru hér að ofan og sundurliðun könnunatriða, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 10. gr.

e) *Lýsigögn*

Samþykking skal ráðstafanir varðandi útvegum á lýsigögnum, þ.m.t. lýsigögn varðandi þann mannfjölda sem þau ná yfir, tilkynningarhlutfall vinnuslysa og, þegar það á við, lýsingu á úrtaki og upplýsingar um alla landsbundna sérstöðu sem nauðsynlegar eru við túlkun og samantekt á samanburðarhæfum hagðölum og vísunum, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 10. gr.

## V. VIÐAUKI

**Svið: Atvinnusjúkdómar og önnur vinnutengd heilsufarsvandamál og sjúkdómar**a) *Markmið*

Markmið þessa sviðs er að útvega tölfraðilegar upplýsingar um viðurkennd tilfelli atvinnusjúkdóma og annarra vinnutengdra heilsufarsvandamála og sjúkdóma.

b) *Gildissvið*

— Atvinnusjúkdómstilvik er skilgreint sem tilvik er innlendu yfirvöldin, sem bera ábyrgð á greiningu atvinnusjúkdóma, hafa viðurkennt. Á þeim grundvelli skal safnað gögnum um atvinnusjúkdóma og dauðsföll af völdum þeirra.

— Vinnutengd heilsufarsvandamál og sjúkdómar eru þau heilbrigðisvandamál og sjúkdómar sem vinnuskilyrði geta valdið eða versna vegna þeirra. Þetta tekur bæði til líkamlegra og sálfræðilegra heilbrigðisvandamála. Yfirvöld viðurkenna ekki endilega tilvik vinnutengdra heilsufarsvandamála og sjúkdóma og skal safna gögnum sem tengjast þeim úr fyrirliggjandi íbúakönnunum, s.s. evrópsku viðtalskönnuninni um heilsufar eða öðrum félagslegum könnunum.

c) *Viðmiðunartímabil, millibil og tímamörk fyrir útvegun gagna*

Hvað atvinnusjúkdóma varðar skal afhenda hagskýrslur og leggja þær fram eigi síðar en 15 mánuðum frá lokum viðmiðunarársins. Samþykkja skal ráðstafanirnar er varða viðmiðunartímabilið, millibil og tímamörk fyrir útvegun annarra gagnasafna, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 10. gr.

d) *Viðfangsefni sem í hlut eiga*

Samræmd og sameiginleg gagnasöfn sem útvega skal fyrir atvinnusjúkdóma skulu fjalla um eftirtalin viðfangsefni:

- sérkenni sjúklingsins, þ.m.t. kyn og aldur,
- sérkenni sjúkdómsins, þ.m.t. alvarleiki,
- sérkenni fyrirtækisins og vinnustaðarins, þ.m.t. atvinnustarfsemi,
- sérkenni áhrifavalda eða -þátta.

Gagnasafni um atvinnusjúkdóma skal komið á fót innan ramma þeirra nákvæmu skilgreininga sem aðferðafræði evrópskra hagskýrslna um atvinnusjúkdóma (e. *European Occupational Diseases Statistics (EODS)*) mælir fyrir um, að teknu tilliti til aðstæðna og starfshátta í aðildarríkjum.

Samræmdu og sameiginlegu gagnasöfnin sem útvega skal fyrir vinnutengd heilsufarsvandamál skulu fjalla um eftirtalin viðfangsefni:

- sérkenni einstaklingsins sem þjáist af viðkomandi heilbrigðisvandamáli, þ.m.t. kyn, aldur og atvinnustaða,
- sérkenni vinnutengds heilsufarsvandamáls, þ.m.t. alvarleiki,
- sérkenni fyrirtækisins og vinnustaðarins, þ.m.t. umfang og atvinnustarfsemi,
- sérkenni áhrifavaldarins eða -þáttarins sem olli heilbrigðisvandamálinu eða gerði það verri.

Óþarft er að fjalla um öll viðfangsefni í hvert skipti sem gögn eru afhent.

Samþykkja skal ráðstafanirnar er varða könnunatriðin, nánar tiltekið breytur, skilgreiningar og flokkun á viðfangsefnum sem skráð eru hér að ofan og sundurliðun könnunatriða, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 10. gr.

e) *Lýsigögn*

Samþykking skal ráðstafanirnar sem varða útvegum á lýsigögnum, þ.m.t. lýsigögn um mannfjölda sem þau ná yfir og upplýsingar um alla landsbundna sérstöðu sem nauðsynlegar eru við túlkun og samantekt á samanburðarhæfum hagtölum og vísun, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 10. gr.

---

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 519/2010****2014/EES/36/73****frá 16. júní 2010****um samþykkt áætlunar um hagskýrslugögn og lýsigögn um manntal og húsnæðistal, eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 763/2008 (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

*1. gr.***Efni**með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 763/2008 frá 9. júlí 2008 um manntal og húsnæðistal<sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 5. gr.,

Með reglugerð þessari er komið á fót áætlun um hagskýrslugögn og lýsigögn fyrir manntal og húsnæðistal sem senda á til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) fyrir viðmiðunarárið 2011.

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:**2. gr.***Skilgreiningar**

1) Samkvæmt 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 763/2008, skal framkvæmdastjórnin samþykkja áætlun um hagskýrslugögn og lýsigögn fyrir manntal og húsnæðistal sem senda skal til framkvæmdastjórnarinnar.

Í reglugerð þessari gilda skilgreiningarnar og forskriftirnar í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1201/2009. Jafnframt gilda eftirfarandi skilgreiningar:

2) Áætlunin skal vera eins í öllum aðildarríkjum til að tryggja að gögn um manntal og húsnæðistal frá aðildarríkjunum séu samanburðarhæf og að hægt sé að semja áreiðanlegt yfirlit fyrir Evrópusambandið.

1. „heildarmannfjöldi“ á vel skilgreindu landsvæði: allir einstaklingar sem hafa fasta búsetu, eins og hún er skilgreind í d-lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 763/2008, á því landsvæði,

3) Einkum er nauðsynlegt að skilgreina ofurteningsnet sem eru eins í öllum aðildarríkjum, sérstök gildi í gagnareit og merki sem aðildarríki mega nota í þessum ofurteningsnetum og einnig lýsigögn um efnisþættina.

2. „ofurteningsnet“: margvitt tölflúversnið sundurliðana sem hefur gildi í gagnareit fyrir mælingar í einstökum flokki hverrar sundurliðunar og er sett í tölflúversnið við hvern flokk allra annarra sundurliðana sem notaðar eru í því ofurteningsneti,

- 3.1.7. Jákvæð sýni, sem eru notuð við mat á nothæfi, skulu valin þannig að þau endurspegli mismunandi stig viðkomandi sjúkdóms eða sjúkdóma, mismunandi mótefnamynstur, mismunandi arfgerðir, mismunandi undirtegundir, stökkbrigði o.s.frv.
- 3.1.8. Meta skal næmi sannjálkvæðra sýna og mótefnaventra sýna með eftirfarandi hætti:
- 3.1.8.1. Næmi greiningarprófunar við mótefnavendingu skal vera í samræmi við nýjustu og fullkomnustu tækni. Ef tilkynnti aðilinn eða framleiðandinn gera frekari prófanir með sama sýnasafni eða viðbótarsýnasafni við greiningarmörk mótefnasvörunar skulu niðurstöðurnar staðfesta upphaflegu gögnin um mat á hæfni (sjá töflu 1). Söfn mótefnaventra sýna skulu byrja á neikvæðu blóðsýni eða -sýnum og sýnin skulu tekin með stuttu millibili.

- 3.1.8.2. Að því er varðar blóðskimunartæki (þó ekki HBsAg-próf og and-HBc-próf) skal tækið, sem á að CE-merkja, greina öll sannjálkvæð sýni sem jákvæð (tafla 1). Að því er varðar HBsAg-próf og and-HBc-próf skal heildarnothæfi nýja tækisins a.m.k. jafngilda heildarnothæfi viðurkennda tækisins (sjá lið 3.1.4).
- 3.1.8.3. Að því er varðar HIV-prófanir:
- öll mótefnavent HIV-sýni skulu greind sem jákvæð og
  - a.m.k. 40 sýni með snemmkominni HIV-mótefnavendingu skulu prófuð. Niðurstöður skulu vera í samræmi við nýjustu og fullkonnustu tækni.
- 3.1.9. Mat á nothæfi skimunarprófana skal taka til 25 jákvæðra, nýrra sermi- og/eða blóðvökvásýna (ef þau eru fánleg þegar um er að ræða sjaldgæfar sýkingar) sem tekin eru samdægurs ( $\leq 1$  degi eftir sýnatöku).
- 3.1.10. Neikvæð sýni, sem eru notuð við mat á nothæfi, skulu skilgreind þannig að þau endurspegli markþýðið sem prófunin er ætluð fyrir, s.s. blóðgjafa, innlagða sjúklinga eða þungaðar konur.
- 3.1.11. Við mat á hæfni skimunarprófana (tafla 1) skal rannsóknin beinast að hópum blóðgjafa á a.m.k. tveimur blóðsöfnunarstöðvum og felast í blóðgjöfum í samfelldri röð og ekki skal velja þannig að þeir sem gefa í fyrsta sinn séu útilokaðir.
- 3.1.12. Sérteki tækisins, að því er varðar blóðgjafir, skal a.m.k. vera 99,5% nema annað sé tekið fram í tilheyrandi töflum. Við útreikning á sérteki skal nota tíðni endurtekinnar svörunar (þ.e. falsjálkvæðrar svörunar) hjá blóðgjöfum sem eru neikvæðir fyrir markvísinum.
- 3.1.13. Liður í mati á nothæfi tækja skal vera að staðfesta áhrif efna sem hafa hugsanlega truflandi áhrif á það. Það ræðst að nokkru leyti af samsetningu prófefnisins og uppsetningu greiningarinnar hvaða efni skulu metin með tilliti til hugsanlega truflandi áhrifa. Liður í áhættugreiningunni, sem krafist er í grunnkröfunum fyrir öll ný tæki, er að sanngreina efni sem hafa hugsanlega truflandi áhrif en þau geta t.d. verið:
- sýni sem eru dæmi um „skyldar“ sýkingar,
  - sýni úr fjölbærum, þ.e. konum sem hafa orðið þungaðar oft en einu sinni, eða sjúklingum sem eru jákvæðir fyrir iktarþætti,
  - fyrir endurraðaða vaka: mótefni úr mönnum gegn þáttum í tjáningarkerfinu, t.d. mótefni gegn E. coli eða gersveppum.
- 3.1.14. Að því er varðar tæki, sem framleiðandinn ætlast til að séu notuð fyrir sermi og blóðvatn, skal nothæfismatið sýna fram á að virkni þeirra sé jafngóð hvort sem um sermi eða blóðvökva er að ræða. Sýna skal fram á þetta fyrir a.m.k. 50 blóðgjafir (25 jákvæðar og 25 neikvæðar).
- 3.1.15. Að því er varðar tæki, sem eru ætluð fyrir blóðvökva, skal nothæfismatið staðfesta nothæfi tækjanna við notkun allra segavarnarefna sem framleiðandinn tilgreinir að nota skuli með tækjunum. Sýna skal fram á þetta fyrir a.m.k. 50 blóðgjafir (25 jákvæðar og 25 neikvæðar).
- 3.1.16. Liður í tilskilinni áhættugreiningu er að ákvarða tíðni bilana í heildarkerfinu, sem leiða til falsneikvæðra niðurstaðna, með endurtekinni greiningu á sýnum sem eru vægjálkvæð.
- 3.1.17. Ef nýtt lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi í skrá A í II. viðauka fellur ekki sérstaklega undir sameiginlegu tækniforskriftina gildir sameiginlega tækniforskriftin fyrir skylt tæki. Hægt er að sanngreina skylt tæki á mismunandi grundvelli, t.d. eftir sömu eða svipuðum tilætluðum notum eða eftir svipaðri áhættu.
- 3.2. Viðbótarkröfur varðandi samsetta HIV-mótefna- og HIV-vakapröfun**
- 3.2.1. Samsett HIV-mótefna- og HIV-vakapröfun, sem er ætluð til greiningar á HIV-mótefnum og p24-vaka og sem er tilgreint að geti greint p24-vakann eingöngu, skal fylgja töflu 1 og töflu 5, þ.m.t. viðmiðanir fyrir næmleika í efnagreiningu varðandi p24-vakann.
- 3.2.2. Samsett HIV-mótefnapröfun og HIV-vakapröfun, sem er ætluð til greiningar á HIV-mótefnum og p24-vökum en sem ekki er tilgreint að geti greint p24-vakann eingöngu, skal fylgja töflu 1 og töflu 5, að undanskildum viðmiðunum fyrir næmleika í efnagreiningu varðandi p24-vakann.
- 3.3. Viðbótarkröfur fyrir kjarnsýrumögnun**
- Viðmiðanir fyrir mat á nothæfi kjarnsýrumögnunargreininga eru í töflu 2.
- 3.3.1. Að því er varðar mögnunargreiningar á markröð skal eftirlit með virkni tækisins fyrir hvert sýni, sem er prófað (innra eftirlit), endurspeglja fullkonnustu tækni sem völ er á. Eftirlitið skal notað, eftir því sem kostur er, í öllu ferlinu, þ.e. í útdrætti, mögnun/þáttatengingu og greiningu.

- 3.3.2. Næmleiki í efnagreiningu eða greiningarmörk fyrir kjarnsýrumögnunargreiningar skulu gefin upp sem jákvætt þröskuldsgildi (95%). Þetta er styrkur greiniefnisins þar sem 95% keyrðra prófana gefa jákvæðar niðurstöður í kjölfar raðþynninga á alþjóðlegu viðmiðunarefni, t.d. WHO-staðli eða kvörðuðu viðmiðunarefni.
- 3.3.3. Sýna skal fram á greiningu arfgerðar með viðeigandi fullgildingu á hönnun lykils (e. *primer*) eða þreifara (e. *probe*) og einnig skal fullgilda hana með því að prófa sýni með skilgreindri arfgerð.
- 3.3.4. Niðurstöður meginlegra kjarnsýrumögnunargreininga skulu vera rekjanlegar til alþjóðlegra staðla eða kvarðaðra viðmiðunarefna, ef um þau er að ræða, og þær skulu gefnar upp í alþjóðlegum einingum sem eru notaðar á viðkomandi sviði.
- 3.3.5. Heimilt er að nota kjarnsýrumögnunargreiningar til að greina veiru í sýnum án mótefna, þ.e. í sýnum þar sem mótefni eru undir greiningarmörkum (e. *pre-sero-conversion samples*). Veirur, sem eru tengdar mótefnaflókum (e. *immune-complexes*), geta hegðað sér ólíkt óbundnum veirum, t.d. við skiljun í skilvindu. Því er brýnt að í rannsóknum á traustleika séu einnig notuð sýni án mótefna (sýni þar sem mótefni eru undir greiningarmörkum).
- 3.3.6. Við rannsóknir á hugsanlegu smiti skal í rannsóknum á traustleika endurtaka prófanirnar a.m.k. fimm sinnum með sýnum sem eru ýmist sterkjávæð eða neikvæð. Sterkjávæðu sýnin skulu vera sýni sem eru með náttúrulegan, háan veirutitra.
- 3.3.7. Tíðni bilana í heildarkerfinu, sem leiða til falsneikvæðra niðurstaðna, skal ákvörðuð með prófunum á sýnum sem eru vægjávæð. Veirustyrkur í vægjávæðum sýnum skal samsvara þreföldu jákvæðu þröskuldsgildi (95%).
- 3.4. **Sameiginlegar tækniforskriftir fyrir lokasamþykktarprófanir prófefna og prófefnisafurða sem nota á til að greina, staðfesta og magnákvæða merkigen fyrir HIV-sýkingu (HIV-1 og -2), HTLV-I og -II og lifrabólgu B, C og D (ónæmisfræðilegar greiningar eingöngu) í sýnum úr mönnum**
- 3.4.1. Viðmiðanir framleiðandans fyrir lokasamþykktarprófanir skulu tryggja að allar framleiðslulotur greini með samræmdum hætti viðkomandi ónæmisvaka, vakaeiningar og mótefni.
- 3.4.2. Lokasamþykktarprófanir framleiðandans á skimunarprófum skulu ná a.m.k. til 100 sýna sem eru neikvæð fyrir viðkomandi greiniefni.
- 3.5. **Sameiginlegar tækniforskriftir fyrir mat á nothæfi prófefna og prófefnaafurða til að ákvarða eftirfarandi blóðflokkavaka: ABO-blóðflokkakerfi: ABO1 (A), ABO2 (B), ABO3 (A,B), Rhesus-blóðflokkakerfi: RH1 (D), RH2 (C), RH3 (E), RH4 (c), RH5 (e) og Kell-blóðflokkakerfi: KEL1 (K)**
- Tækniforskriftir fyrir mat á nothæfi prófefna og prófefnaafurða til að greina eftirfarandi blóðflokkavaka: ABO-blóðflokkakerfi: ABO1 (A), ABO2 (B), ABO3 (A,B), Rhesus-blóðflokkakerfi: RH1 (D), RH2 (C), RH3 (E), RH4 (c), RH5 (e) og Kell-blóðflokkakerfi: KEL1 (K) er að finna í töflu 9.
- 3.5.1. Allt mat á nothæfi skal unnið í beinum samanburði við viðurkennt tæki sem byggist á nýjustu og fullkomnustu tækni. Tækið, sem er notað til samanburðarins, skal vera CE-merkt ef það er á markaði á þeim tíma sem nothæfismatið er unnið.
- 3.5.2. Komi ósamhljóða prófunarniðurstöður fram í matinu skal endurmeta niðurstöðurnar að því marki sem unnt er, t.d.:
- með því að meta sýni, sem gefa ósamhljóða niðurstöður, með öðrum prófunarkerfum,
  - með því að nota aðra aðferð.
- 3.5.3. Mat á nothæfi skal byggjast á þýði sem er lýsandi fyrir Evrópubúa.
- 3.5.4. Jákvæð sýni, sem eru notuð við mat á nothæfi, skulu valin þannig að þau endurspegli breytilega og veika tjáningu ónæmisvaka.
- 3.5.5. Liður í mati á nothæfi tækja skal vera að staðfesta áhrif efna sem hafa hugsanlega truflandi áhrif á það. Það ræðst að nokkru leyti af samsetningu prófefnisins og uppsetningu greiningarinnar hvaða efni skulu metin með tilliti til hugsanlega truflandi áhrifa. Liður í áhættugreiningunni, sem krafist er í grunnkröfunum fyrir öll ný tæki, er að sanngreina efni sem hafa hugsanlega truflandi áhrif.
- 3.5.6. Að því er varðar tæki, sem eru ætluð fyrir blóðvökva, skal nothæfismatið staðfesta nothæfi tækjanna við notkun allra segavarnarefna sem framleiðandinn tilgreinir að nota skuli með tækjunum. Sýna skal fram á þetta fyrir a.m.k. 50 blóðgjafir.
- 3.6. **Sameiginlegar tækniforskriftir fyrir lokasamþykktarprófanir prófefna og prófefnisafurða sem nota á til ákvörðunar á eftirfarandi blóðflokkavökum: ABO-blóðflokkakerfi: ABO1 (A), ABO2 (B), ABO3 (A,B), Rhesus-blóðflokkakerfi: RH1 (D), RH2 (C), RH3 (E), RH4 (c), RH5 (e) og Kell-blóðflokkakerfi: KEL1 (K)**
- 3.6.1. Viðmiðanir framleiðandans fyrir lokasamþykktarprófanir skulu tryggja að allar framleiðslulotur greini með samræmdum hætti viðkomandi ónæmisvaka, vakaeiningar og mótefni.
- 3.6.2. Kröfur fyrir lokasamþykktarprófanir framleiðanda eru tilgreindar í töflu 10.

Tafla 1

## „Skimunarprófanir“: and-HIV-1 og -2, and-HTLV-I og -II, and-HCV, HBsAg og and-HBc

		And-HIV-1/-2	And-HTLV-I/-II	And-HCV	HBsAg	And-HBc
Næmleiki í sjúkdómsgreiningu	Jákvæð sýni	400 HIV-1 100 HIV-2, þ.m.t. 40 sem eru ekki af B-undirtegund, fyrir allar fyrirliggjandi undirtegundir HIV/1 skulu vera a.m.k. 3 sýni fyrir hverja undirtegund	300 HTLV-I 100 HTLV-II	400 (jákvæð sýni) Þar með talin sýni sem eru af mismunandi stigum sýkingar og endurspegla mismunandi mótefnamynstur Arfgerð 1-4: > 20 sýni á hverja arfgerð (þ.m.t. þær undirtegundir arfgerðar 4 sem eru ekki a-undirtegund), 5: > 5 sýni, 6: ef fyrirliggjandi	400 þ.m.t. undirtegundir	400 þ.m.t. mat á öðrum HBV-vísium
Næmleiki í efnagreiningu	Sýnasöfn við greiningarmörk mótefnasvörunar	20 sýnasöfn 10 viðbótarsýnasöfn (hjá tilkynntum aðila eða framleiðanda)	Skilgreinist ef fyrirliggjandi	20 sýnasöfn 10 viðbótarsýnasöfn (hjá tilkynntum aðila eða framleiðanda)	20 sýnasöfn 10 viðbótarsýnasöfn (hjá tilkynntum aðila eða framleiðanda)	Skilgreinist ef fyrirliggjandi
Sértæki	Staðlar				0,130 a.e./ml (annar alþjóðlegur staðall fyrir HBsAg, undirtegund aðw2, arfgerð A, NIBSC-kóði: 00/588)	
	Gjafar, ekki valdir (þ.m.t. þeir sem gefa í fyrsta sinn)	5000	5000	5000	5000	5000
	Innlagðir sjúklingar	200	200	200	200	200
	Blóðsýni sem sýna hugsanlega vixlsvörum (RF+, skyldar veirur, þunggaðar konur o.s.frv.)	100	100	100	100	100

Tafla 2

## Kjarnsýrumógnunargreiningar fyrir HIV-1, HCV, HBV og HTLV-1/II (eigindlegar og megindlegar; ekki sameindafræðilegar tegundargreiningar)

Kjarnsýrumógnun	HIV-1		HCV		HBV		HTLV-1/II		Samþykktar- viðmiðanir	
	eigindleg	megindleg	eigindleg	megindleg	eigindleg	megindleg	eigindleg	megindleg		
Næmi Greiningarmörk	Í samræmi við leiðbeiningar fyrir EP-fullgildingu (·): nokkrar þyningarraðir að markstyrk; tölfraðileg greining (t.d. probit-greining) sem byggist a.m.k. á 24 samhlöða sýnum; útreikningur á þröskuldsgildi (95%)	Greiningarmörk: eins og í eigindlegum prófunum; magngreiningarmörk: þyningar (hálflogri)10 eða þar undir kvarðaðra viðmiðunar-blandna, skilgreining á neðri og efri magngreiningarmörkum, samkvæmni, nákvæmni, „línulegu“ mælisviði, „styrksviði“ (e. <i>dynamic range</i> ). Tilgreina skal samanagerðar-nákvæmni við mismunandi styrk.	Í samræmi við leiðbeiningar fyrir EP-fulgildingu (·): nokkrar þyningarraðir að markstyrk; tölfraðileg greining (t.d. probit-greining) sem byggist a.m.k. á 24 samhlöða sýnum; útreikningur á þröskuldsgildi (95%)	Í samræmi við leiðbeiningar fyrir EP-fulgildingu (·): nokkrar þyningarraðir að markstyrk; tölfraðileg greining (t.d. probit-greining) sem byggist a.m.k. á 24 samhlöða sýnum; útreikningur á þröskuldsgildi (95%)	Í samræmi við leiðbeiningar fyrir EP-fulgildingu (·): nokkrar þyningarraðir að markstyrk; tölfraðileg greining (t.d. probit-greining) sem byggist a.m.k. á 24 samhlöða sýnum; útreikningur á þröskuldsgildi (95%)	Í samræmi við leiðbeiningar fyrir EP-fulgildingu (·): nokkrar þyningarraðir að markstyrk; tölfraðileg greining (t.d. probit-greining) sem byggist a.m.k. á 24 samhlöða sýnum; útreikningur á þröskuldsgildi (95%)	Í samræmi við leiðbeiningar fyrir EP-fulgildingu (·): nokkrar þyningarraðir að markstyrk; tölfraðileg greining (t.d. probit-greining) sem byggist a.m.k. á 24 samhlöða sýnum; útreikningur á þröskuldsgildi (95%)	Í samræmi við leiðbeiningar fyrir EP-fulgildingu (·): nokkrar þyningarraðir að markstyrk; tölfraðileg greining (t.d. probit-greining) sem byggist a.m.k. á 24 samhlöða sýnum; útreikningur á þröskuldsgildi (95%)	Í samræmi við leiðbeiningar fyrir EP-fulgildingu (·): nokkrar þyningarraðir að markstyrk; tölfraðileg greining (t.d. probit-greining) sem byggist a.m.k. á 24 samhlöða sýnum; útreikningur á þröskuldsgildi (95%)	
Skilvirki í greiningu/ magnákvörðun arfgerðar/ undirtegundar	A.m.k. 10 sýni fyrir hverja undirtegund (ef þau liggja fyrir)	Þyningarraðir fyrir allar viðeigandi arfgerðir/undirtegundir, helst úr viðmiðunarefnum, ef fyrirliggjandi	A.m.k. 10 sýni fyrir hverja arfgerð (ef þau liggja fyrir)	A.m.k. 10 sýni fyrir hverja arfgerð (ef þau liggja fyrir)	Svo fremi kvörðuð viðmiðunarefni fyrir arfgerð liggja fyrir	Svo fremi kvörðuð viðmiðunarefni fyrir arfgerð liggja fyrir	Svo fremi kvörðuð viðmiðunarefni fyrir arfgerð liggja fyrir	Svo fremi kvörðuð viðmiðunarefni fyrir arfgerð liggja fyrir		

Kjamsýrumógnun	HIV-1		HCV		HBV		HTLV-I/-II		Samþykktar- viðmiðanir
	eigindleg	megindleg	eigindleg	megindleg	eigindleg	megindleg	eigindleg	megindleg	
		Notá má umrit eða plasmíð sem hafa verið magngreind með viðeigandi aðferðum.							
	Frumuræktarflot (getur komið í stað sjaldgæfra undirtegnunda HIV-1)		Í samræmi við leiðbeiningar fyrir EP-fullgildingu ( <sup>1</sup> ) gætu umrit í glasi verið kostur ef kvarðað viðmiðunarefni af undirtegnund er fyrirliggjandi	Í samræmi við leiðbeiningar fyrir EP-fullgildingu ( <sup>1</sup> ) gætu umrit í glasi verið kostur ef kvarðað viðmiðunarefni af undirtegnund er fyrirliggjandi	Í samræmi við leiðbeiningar fyrir EP-fullgildingu ( <sup>1</sup> ) gætu umrit í glasi verið kostur ef kvarðað viðmiðunarefni af undirtegnund er fyrirliggjandi	Í samræmi við leiðbeiningar fyrir EP-fullgildingu ( <sup>1</sup> ) gætu umrit í glasi verið kostur ef kvarðað viðmiðunarefni af undirtegnund er fyrirliggjandi	Í samræmi við leiðbeiningar fyrir EP-fullgildingu ( <sup>1</sup> ) gætu umrit í glasi verið kostur ef kvarðað viðmiðunarefni af undirtegnund er fyrirliggjandi		
Sértæki í sjúkdómsgreiningu, neikvæð sýni	500 blóðgjafar	100 blóðgjafar	500 blóðgjafar	500 blóðgjafar	500 blóðgjafar	500 blóðgjafar	500 einstakar blóðgjafar		
Hugsanlegir vaxlsvarandi vísar	Samkvæmt sónnun sem er fengin með viðeigandi tílhögun prófúnar (t.d. raðsamanburði) og/eða prófun á a.m.k. 10 sýnum sem eru jákvæð fyrir retróveiru í mönnum (t.d. HTLV)	Eins og í eigindlegum prófúnum	Staðfest með greiningu og/ eða prófun á a.m.k. 10 sýnum sem eru jákvæð gagnvart flaviveiru í mönnum (t.d. HCV eða YFV)	Staðfest með greiningu og/ eða prófun á a.m.k. 10 sýnum sem eru jákvæð gagnvart öðrum DNA-veitum	Staðfest með greiningu og/ eða prófun á a.m.k. 10 sýnum sem eru jákvæð fyrir retróveiru í mönnum (t.d. HIV)	Staðfest með greiningu og/ eða prófun á a.m.k. 10 sýnum sem eru jákvæð gagnvart öðrum DNA-veitum	Staðfest með greiningu og/ eða prófun á a.m.k. 10 sýnum sem eru jákvæð fyrir retróveiru í mönnum (t.d. HIV)		
Traustleiki		Eins og í eigindlegum prófúnum							



Kjamsýrumögnun	HIV-1		HCV		HBV		HTLV-I/-II		Samþykktar- viðmiðanir
	eigindleg	megindleg	eigindleg	megindleg	eigindleg	megindleg	eigindleg	megindleg	
Víxlmgun	Fimm prófunarkeyrslur hið minnsta þar sem notuð eru ýmist sterkið ákvæði sýni (sem vitað er að koma fyrir náttúrulega) eða neikvæð sýni	Fimm prófunarkeyrslur hið minnsta þar sem notuð eru ýmist sterkið ákvæði sýni (sem vitað er að koma fyrir náttúrulega) eða neikvæð sýni	Fimm prófunarkeyrslur hið minnsta þar sem notuð eru ýmist sterkið ákvæði sýni (sem vitað er að koma fyrir náttúrulega) eða neikvæð sýni	Fimm prófunarkeyrslur hið minnsta þar sem notuð eru ýmist sterkið ákvæði sýni (sem vitað er að koma fyrir náttúrulega) eða neikvæð sýni	Fimm prófunarkeyrslur hið minnsta þar sem notuð eru ýmist sterkið ákvæði sýni (sem vitað er að koma fyrir náttúrulega) eða neikvæð sýni	Fimm prófunarkeyrslur hið minnsta þar sem notuð eru ýmist sterkið ákvæði sýni (sem vitað er að koma fyrir náttúrulega) eða neikvæð sýni	Fimm prófunarkeyrslur hið minnsta þar sem notuð eru ýmist sterkið ákvæði sýni (sem vitað er að koma fyrir náttúrulega) eða neikvæð sýni	Fimm prófunarkeyrslur hið minnsta þar sem notuð eru ýmist sterkið ákvæði sýni (sem vitað er að koma fyrir náttúrulega) eða neikvæð sýni	
Hömlun	Innra eftirlit, helst í öllu kjamsýrumögnunarfærlinu	Innra eftirlit, helst í öllu kjamsýrumögnunarfærlinu	Innra eftirlit, helst í öllu kjamsýrumögnunarfærlinu	Innra eftirlit, helst í öllu kjamsýrumögnunarfærlinu	Innra eftirlit, helst í öllu kjamsýrumögnunarfærlinu	Innra eftirlit, helst í öllu kjamsýrumögnunarfærlinu	Innra eftirlit, helst í öllu kjamsýrumögnunarfærlinu		
Tíðni bilana í heildarkerfinu sem leiða til falsneikvæðra niðurstaðna	Minnst 100 sýni sem eru veiruviðbætt með $3 \times$ styrknum við þröskuldsgildið þar sem 95% niðurstaðna eru jákvæðar	Minnst 100 sýni sem eru veiruviðbætt með $3 \times$ styrknum við þröskuldsgildið þar sem 95% niðurstaðna eru jákvæðar	Minnst 100 sýni sem eru veiruviðbætt með $3 \times$ styrknum við þröskuldsgildið þar sem 95% niðurstaðna eru jákvæðar	Minnst 100 sýni sem eru veiruviðbætt með $3 \times$ styrknum við þröskuldsgildið þar sem 95% niðurstaðna eru jákvæðar	Minnst 100 sýni sem eru veiruviðbætt með $3 \times$ styrknum við þröskuldsgildið þar sem 95% niðurstaðna eru jákvæðar	Minnst 100 sýni sem eru veiruviðbætt með $3 \times$ styrknum við þröskuldsgildið þar sem 95% niðurstaðna eru jákvæðar	Minnst 100 sýni sem eru veiruviðbætt með $3 \times$ styrknum við þröskuldsgildið þar sem 95% niðurstaðna eru jákvæðar	99% jákvæðar magngreiningar	

(1) Leiðbeiningar Evrópsku lyfjaskrárinnar.

*Athugasemdir:* Samþykktarviðmiðanir fyrir „tíðni bilana í heildarkerfinu sem leiða til falsneikvæðra niðurstaðna“ eru 99% jákvæðar greiningar af hverjum 100.

Í megindlegum kjamsýrumögnunargreiningum skal rannsókn gerð á að minnsta kosti 100 jákvæðum sýnum sem endurspegla venjubundnar aðstæður hjá notendum (þ.e. ekkert forval á sýnum). Samhlíða þessu skal framleiða samanburðarniðurstöður með öðru kerfi kjamsýrumögnunargreiningar.

Í eigindlegum kjamsýrumögnunargreiningum skal rannsókn á næmleika í sjúkdómsgreiningu framkvæmd með að minnsta kosti 10 söfnum mótefnaveitra sýna. Samhlíða þessu skal framleiða samanburðarniðurstöður með öðru kerfi kjamsýrumögnunargreiningar.

Tafla 3

**Flýtiþrófanir: and-HIV-1 og -2, and-HCV, HBsAg, and-HBc og and-HTLV-I og -II.**

	And-HIV-1 og -2	And-HCV	HBsAg	And-HBc	And-HTLV-I og -II	Samþykktarviðmiðanir
Næmleiki í sjúkdómsgreiningu	Jákvæð sýni	Sömu viðmiðanir og fyrir skimunarprófanir	Sömu viðmiðanir og fyrir skimunarprófanir	Sömu viðmiðanir og fyrir skimunarprófanir	Sömu viðmiðanir og fyrir skimunarprófanir	Sömu viðmiðanir og fyrir skimunarprófanir
	Sýnasöfn við greiningarmörk mótefnasvörunar	Sömu viðmiðanir og fyrir skimunarprófanir	Sömu viðmiðanir og fyrir skimunarprófanir	Sömu viðmiðanir og fyrir skimunarprófanir	Sömu viðmiðanir og fyrir skimunarprófanir	Sömu viðmiðanir og fyrir skimunarprófanir
Sértæki í sjúkdómsgreiningu	Neikvæð sýni	1000 blóðgjafir	1000 blóðgjafir	1000 blóðgjafir	1000 blóðgjafir	≥ 99% (and-HBc: ≥ 96%)
		200 klínísk sýni	200 klínísk sýni	200 klínísk sýni	200 klínísk sýni	
	200 sýni úr þunguðum konum	200 sýni úr þunguðum konum	200 sýni úr þunguðum konum	200 sýni úr þunguðum konum	200 sýni úr þunguðum konum	100 sýni sem hugsanlegt er að valdi truflun
		100 sýni sem hugsanlegt er að valdi truflun	100 sýni sem hugsanlegt er að valdi truflun	100 sýni sem hugsanlegt er að valdi truflun	100 sýni sem hugsanlegt er að valdi truflun	

Tafla 4

## Staðfestingar-/viðbótartíðindi: and-HIV-1 og -2, and-HTLV-I og -II, and-HCV og HBsAg

	Staðfestingarprófun fyrir and-HIV	Staðfestingarprófun fyrir and-HTLV	Viðbótartíðindi fyrir HCV	Staðfestingarprófun fyrir HBsAg	Samþykktarviðmiðunir
Næmleiki í sjúkdómsgreiningu	Jákvæð sýni	200 HIV-1 og 100 HIV-2	300 HCV (jákvæð sýni)	300 HBsAg	Rétt greining sem jákvæð (eða óviss), ekki neikvæð
	Par með talin sýni sem eru af mismunandi stigum sýkingar og endurspegla mismunandi mótefnamynstur	200 HTLV-I og 100 HTLV-II	Par með talin sýni sem eru af mismunandi stigum sýkingar og endurspegla mismunandi mótefnamynstur Arfgerðir 1-4: > 20 sýni (þ.m.t. þær undirtegundir arfgerðar 4 sem eru ekki a-undirtegund), 5: > 5 sýni, 6: ef fyrirliggjandi	Par með talin sýni af mismunandi stigum sýkingar 20 „sterkjákvæð“ sýni (> 26 ae/ml), 20 sýni í námunda við þróskuldsgildið	
	Sýnasöfn við greiningarmörk mótefnasvörunar	15 sýnasöfn við greiningarmörk mótefnasvörunar/sýnasöfn með veikri svörun	15 sýnasöfn við greiningarmörk mótefnasvörunar/sýnasöfn með veikri svörun	15 sýnasöfn við greiningarmörk mótefnasvörunar/sýnasöfn með veikri svörun	
Næmleiki í efnagreiningu	Staðlar			Annar alþjóðlegur staðall fyrir HBsAg, adw2-undirtegund, arfgerð A, NIBSC-kóði: 00/588	
Sértæki í sjúkdómsgreiningu	Neikvæð sýni	200 klínísk sýni þ.m.t. úr þunguðum konum	200 blóðgjafir	10 fáljákvæðar niðurstöður sem liggja fyrir úr mati á nothæfi skimunarprófunarinnar (1).	Engar fáljákvæðar niðurstöður/ (1) engin hlutleysing
	50 sýni sem hugsanlegt er að valdi truflun, þ.m.t. sýni sem gefa óvissa niðurstöðu í öðrum staðfestingarprófunum	200 klínísk sýni þ.m.t. úr þunguðum konum	200 klínísk sýni þ.m.t. úr þunguðum konum	50 sýni sem hugsanlegt er að valdi truflun	

(1) Samþykktarviðmiðun: engin hlutleysing í staðfestingarprófun fyrir HBsAg.

Tafla 5  
HIV-1-vaki

Næmleiki í sjúkdómsgreiningu	Jákvæð sýni	Greining á HIV-1-vökum	Samþykktarviðmiðanir
Næmleiki í efnagreiningu	Sýnasöfn við greiningarmörk mótefnasvörunar	50 jákvæð fyrir HIV-1-Ag 50 frumræktarflot með mismunandi undirtegundum HIV-1 og HIV-2	Rétt samgreining (eftir hlutleysingu)
	Staðlar	20 sýnasöfn við greiningarmörk mótefnasvörunar/ sýnasöfn með veikri svörun HIV-1-p24-vaki, fyrsta alþjóðlega viðmiðunarpróféfnið, NIBSC-kóði: 90/636	≤ 2 ae/ml
Sértæki í sjúkdómsgreiningu		200 blóðgjafir 200 klínísk sýni 50 sýni sem hugsanlegt er að valdi truflun	≥ 99,5% eftir hlutleysingu

Tafla 6

Sermigerðar- og arfgerðargreining: HCV

Næmleiki í sjúkdómsgreiningu	Jákvæð sýni	Sermigerðar- og arfgerðargreining HCV:	Samþykktarviðmiðanir
Næmleiki í sjúkdómsgreiningu	Sýnasöfn	200 (jákvæð sýni) Par með talin sýni sem eru af mismunandi stigum sýkingar og endurspegla mismunandi mótefnamynstur Arfgerðir 1–4: > 20 sýni (þ.m.t. þær undirtegundir arfgerðar 4 sem eru ekki a-undirtegunð), 5: > 5 sýni, 6: ef fyrirbyggjandi	> 95% samræmi milli sermigerðar- og arfgerðargreiningar ≥ 95% samræmi milli arfgerðargreiningar og raðgreiningar
		Neikvæð sýni	100

Tafla 7

## HBV-vísar: and-HBs, and-HBc-IgM, and-HBe og HBeAg

	And-HBs	And-HBc-IgM	And-HBe	HBeAg	Samþykktarviðmiðanir
Næmleiki í sjúkdómsgreiningu	100 bólusettir	200	200	200	≥ 98%
	100 náttúrulega sýktir menn	Þar með talin sýni af mismunandi stigum sýkingar (bráðri/langvinnri o.s.frv.) Einungis skal beita samþykktarviðmiðunum á sýni af bráðastigi sýkingar.	Þar með talin sýni af mismunandi stigum sýkingar (bráðri/langvinnri o.s.frv.)	Þar með talin sýni af mismunandi stigum sýkingar (bráðri/langvinnri o.s.frv.)	
	10 eftirfylgnisýni eða sýni með and-HB-mótefnavendingu	Ef fyrirtilggjandi			
Næmleiki í efnagreiningu	Sýnasöfn við greiningarmörk mótefnasvörunar				
	Staðlar				
Sértæki í sjúkdómsgreiningu	Fyrsta viðmiðunarefnablanda Alþjóðheilbrigðismála stofnunarinnar (WHO) 1977; NIBSC, Breska konungsríkinu			HBe – viðmiðunaryvaki 82, frá PEI, Þýskalandi	And-HBs: < 10 ma.e./ml
	500	200 blóðgjafir	200 blóðgjafir	200 blóðgjafir	≥ 98%
	Þ.m.t. klínísk sýni	200 klínísk sýni	200 klínísk sýni	200 klínísk sýni	
	50 sýni sem hugsanlegt er að valdi truflun	50 sýni sem hugsanlegt er að valdi truflun	50 sýni sem hugsanlegt er að valdi truflun	50 sýni sem hugsanlegt er að valdi truflun	

Tafla 8

**HDV-vísar: and-HDV, and-HDV-IgM, Delta-vaki**

Næmleiki í sjúkdómsgreiningu		And-HDV	And-HDV-IgM	Delta-vaki	Samþykktarviðmiðanir
Jákvæð sýni	100	50	10	≥ 98%	
Sértæki í sjúkdómsgreiningu	Með tilgreiningu á HBV-vísnum	Með tilgreiningu á HBV-vísnum	Með tilgreiningu á HBV-vísnum	Með tilgreiningu á HBV-vísnum	
Neikvæð sýni	200	200	200	≥ 98%	
	Þ.m.t. klínísk sýni	Þ.m.t. klínísk sýni	Þ.m.t. klínísk sýni		
	50 sýni sem hugsanlegt er að valdi truflun	50 sýni sem hugsanlegt er að valdi truflun	50 sýni sem hugsanlegt er að valdi truflun	50 sýni sem hugsanlegt er að valdi truflun	

Tafla 9

**Blóðflokkavakar í ABO-, Rhesus- og Kell-blóðflokkakerfunum**

	1	2	3
Sértæki	Fjöldi prófana fyrir hverja aðferð sem mælt er með	Heildarföldi sýna sem skulu prófuð í tengslum við vöru sem á að setja á markað í fyrsta sinn	Heildarföldi sýna sem skulu prófuð í tengslum við nýja samsetningu eða notkun vel skilgreindra prófefna
And-ABO1 (and-A), and-ABO2 (and-B), and-ABO3 (and-A,-B)	500	3000	1000
And-RH1 (and-D)	500	3000	1000
And-RH2 (and-C), and-RH4 (and-c), and-RH3 (and-E)	100	1000	200
And-RH5 (and-e)	100	500	200
And-KEL1 (and-K)	100	500	200

*Samþykktarviðmiðanir*

Öll framangreind prófefni skulu skila sambærilegum niðurstöðum í prófunum og víðurkennd prófefni með viðnandi nothæfi með tilliti til tilgreindrar virkni (e. *reactivity*) tæksins. Fækkari prófanir skulu gerðar í samræmi við kröfur, sem eru tilgreindar í I. dæli (hér að framan), á skilgreindum prófefnum hafi notkun þeirra verið breytt eða hún verð rýmkuð.

Mat á nothæfi and-D-prófefna skal m.a. fela í sér prófanir á rök sýna með vægum RH1-(D)-þætti og hluta RH1-(D)-þáttar, eftir því hver er fyrirhuguð notkun vörunnar.

*Nánari skilyrði:*

- Klínísk sýni: 10% af prófunarþýðinu
- Sýni úr nýburum: 2% af prófunarþýðinu
- ABO sýni: > 40% A, B jákvæð
- „vægt D“: > 2% RH1-(D)-jákvæð

Tafla 10

**Lokasamþykktarviðmiðanir fyrir prófefni og prófefnaafurðir sem nota á til að ákvarða blóðflokkavaka í ABO-, Rhesus- og Kell-blóðflokkakerfunum**

Kröfur um mat á sértæki fyrir hvert prófefni

**1. Prófunarefni**

Prófefni fyrir blóðflokkva	Lágmarksfjöldi samanburðarfrumna sem skal prófa						
	Jákvæðar svaranir				Neikvæðar svaranir		
	A1	A2B	Ax		B	0	
And-ABO1 (and-A)	2	2	2 (*)		2	2	
	B	A1B			A1	0	
And-ABO2 (and-B)	2	2			2	2	
	A1	A2	Ax	B	0		
And-ABO3 (and-A,-B)	2	2	2	2	4		
	R1r	R2r	vægt D		r'r	r'r	rr
And-RH1 (and-D)	2	2	2 (*)		1	1	1
	R1R2	R1r	r'r		R2R2	r'r	rr
And-RH2 (and-C)	2	1	1		1	1	1
	R1R2	R1r	r'r		R1R1		
And-RH4 (and-c)	1	2	1		3		
	R1R2	R2r	r'r		R1R1	r'r	rr
And-RH3 (and-E)	2	1	1		1	1	1
	R1R2	R2r	r'r		R2R2		
And-RH5 (and-e)	2	1	1		3		
	Kk				kk		
And-KEL1 (and-K)	4				3		

(\*) Eingöngu með ráðlögðum aðferðum þar sem svörun gegn þessum ónæmisvökum hefur verið tilgreind.

*Athugasemd:* Prófa verður fjölkklóna prófefni gagnvart stærra safni frumna til þess að staðfesta sértæki þeirra og útiloka viðurvist óæskilegra aðskotamótefna.

*Samþykktarviðmiðanir*

Fyrir hverja framleiðslulotu prófefna verða að fást ótvíræðar, jákvæðar eða neikvæðar niðurstöður með öllum ráðlögðum aðferðum í samræmi við niðurstöðurnar sem fengist hafa á grundvelli gagna úr mati á nothæfi.

**2. Efni notuð við eftirlit (rauðkorn)**

Svipgerð rauðkorna til eftirlits með framangreindum prófefnum, sem eru notuð til blóðflokkunar, skal staðfest með viðurkenndu tæki.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)  
nr. 176/2012**

2014/EES/36/76

frá 1. mars 2012

**um breytingu á viðaukum B, C og D við tilskipun ráðsins 90/429/EBE að því er varðar  
dýraheilbrigðiskröfur viðvíkjandi öldusótt og Aujeszzkys-veiki (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/429/EBE frá 26. júní 1990 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem eiga við um viðskipti innan Bandalagsins og innflutning á djúpfrystu sæði húsdýra af svínakyni <sup>(1)</sup>, einkum 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun ráðsins 90/429/EBE er mælt fyrir um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Sambandsins og innflutning frá þriðju löndum á sæði taminna svína.
- 2) Í tilskipun 90/429/EBE er kveðið á um að sæði sem er ætlað til viðskipta eigi að hafa verið safnað úr tömdum svínum í heilbrigðisástandi sem uppfyllir ákvæði viðauka B við þá tilskipun. Í I. kafla viðauka B eru sett fram skilyrði fyrir flutningi dýra til samþykktra sæðissöfnunarstöðva [áður sæðingarstöðvar]. Í II. kafla þess viðauka eru settar fram venjubundnar skylduprófanir á dýrum sem eru haldin á samþykktum sæðissöfnunarstöðvum.
- 3) Þar að auki er í tilskipun 90/429/EBE kveðið á um að sæði sem stunda á viðskipti með verði að hafa verið safnað, meðhöndlað, geymt og flutt í samræmi við viðauka C við þá tilskipun. Í þeim viðauka eru sett fram skilyrði sem sæði, sem er safnað á samþykktum stöðvum, þarf að uppfylla vegna viðskipta innan Sambandsins. Í 4. lið viðauka C við tilskipun 90/429/EBE er kveðið

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 61, 2.3.2012, bls. 1. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 191/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 6, 24.1.2013, bls. 1.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 62.

á um að aðildarríki geti neitað að taka við sæði frá söfnunarstöðvum þar sem tekið er við göltum, sem eru bólusettir gegn Aujeszzkys-veiki, inn á yfirráðasvæði þeirra eða svæði innan yfirráðasvæðis þeirra ef það hefur verið viðurkennt sem laust við Aujeszzkys-veiki.

- 4) Að lokum er í viðauka D við tilskipun 90/429/EBE sett fram fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði fyrir viðskipti með þá vöru.
- 5) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/185/EB frá 21. febrúar 2008 um viðbótarábyrgðir í viðskiptum innan Bandalagsins með svín í tengslum við Aujeszzkys-veiki og um viðmiðanir fyrir upplýsingar sem skal veita um sjúkdóminn <sup>(2)</sup> er kveðið á um viðbótarábyrgðir, sem gilda fyrir viðskipti með svín innan Sambandsins, í tengslum við Aujeszzkys-veiki. Til að tryggja samræmi í löggjöf Sambandsins ætti að samræma dýraheilbrigðiskröfur, sem settar eru fram í viðauka B við tilskipun 90/429/EBE og gilda um gjafagelti og sæði þeirra, við ákvörðun 2008/185/EB.
- 6) Jafnframt ætti að skjóta inn ákvæði í 4. lið viðauka C við tilskipun 90/429/EBE til að gera aðildarríkjum skylt að tilkynna öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni um það þegar þau notfæra sér réttinn til að hafna sæði úr svínum sem er framleitt í sæðissöfnunarstöðvum þar sem haldin eru tamin svín sem hafa verið bólusett gegn Aujeszzkys-veiki.
- 7) Framkvæmdastjórnin fór fram á það við Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) að hún legði mat á hentugleika jöfnuðu öldusóttarvakaprófunarinnar (Rose Bengal-prófunarinnar), sem er sem stendur eina leyfilega prófunin til greiningar á öldusótt í viðauka B við tilskipun 90/429/EBE, og að hún legði fram vísindalegt álit um hentugleika annarra fyrirliggjandi greiningarprófana með það fyrir augum að fella þær inn í þann viðauka.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 59, 4.3.2008, bls. 19.



- 8) Hinn 5. júní 2009 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, vísindalegt álit vísindanefndarinnar um heilbrigði og velferð dýra um öldusótt í svinum (*Brucella suis*)<sup>(3)</sup>. Niðurstaða Matvælaöryggisstofnunarinnar var sú að taka megi til athugunar að nota samkeppnishæfa ELISA-prófun (cELISA) og óbeina ELISA-prófun (iELISA) til greiningar á mótæfnum gegn *Brucella suis*-sýkingu til að prófa hvort taka eigi gjafasvín inn á sæðissöfnunarstöðvar og til venjubundinna skylduprófana meðan á dvöl stendur eða við brottför frá slíkum stöðvum. Því ætti að tilgreina þessar prófanir í viðauka B við tilskipun 90/429/EBE ásamt núgildandi jöfnuðu öldusóttarvakaprófuninni (Rose Bengal-prófuninni).
- 9) Það að auki er nauðsynlegt að endurskoða verklagsreglurnar, sem kveðið er á um í I. kafla viðauka B við tilskipun 90/429/EBE, til að útiloka eða staðfesta grun um öldusótt þegar dýr eru tekin inn á sæðissöfnunarstöðvar og í II. kafla þess viðauka að kveða á um að endurreisn heilbrigðisástands á sæðissöfnunarstöð skuli fara fram á ábyrgð lögbærs yfirvalds aðildarríkis.
- 10) Einnig er nauðsynlegt að laga fyrirmyndina að dýraheilbrigðisvottorði vegna viðskipta innan Sambandsins með svínasæði, sem kveðið er á um í viðauka D við tilskipun 90/429/EBE, að breytingunum á viðaukum B og C. Einnig ætti að setja dýraheilbrigðisvottorðið fram í samræmi við staðlaða uppsetningu dýraheilbrigðisvottorða sem sett er fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 599/2004 frá 30. mars 2004 um að samþykkja samræmda fyrirmynd að vottorði og skoðunarskýrslu í tengslum við viðskipti innan Bandalagsins með dýr og afurðir úr dýraríkinu<sup>(4)</sup>.

- 11) Því ber að breyta viðaukum B, C og D við tilskipun 90/429/EBE til samræmis við það.
- 12) Til að komast hjá röskun á viðskiptum ætti að heimila notkun á dýraheilbrigðisvottorðum, sem gefin eru út í samræmi við viðauka D við tilskipun 90/429/EBE áður en breytingarnar, sem innleiddar eru með þessari reglugerð, ganga í gildi, á umbreytingartímabili með tilteknum skilyrðum.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

Í stað viðauka B, C og D við tilskipun 90/429/EB komi textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

##### 2. gr.

Á umbreytingartímabili sem lýkur 31. júlí 2012 geta aðildarríkin heimilað viðskipti með sæði taminna svína sem hafa meðfylgjandi dýraheilbrigðisvottorð sem er gefið út eigi síðar en 31. maí 2012, í samræmi við þá útgáfu fyrirmyndarinnar, sem sett er fram í viðauka D við tilskipun 90/429/EBE, sem var í gildi fyrir breytingarnar sem voru innleiddar með þessari reglugerð.

##### 3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. júní 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. mars 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

<sup>(3)</sup> Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2009) 1144, bls. 1–112. (<http://www.efsa.europa.eu/en/efsajournal/doc/1144.pdf>).

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 94, 31.3.2004, bls. 44.

## VIÐAUKI

## „VIÐAUKI B

## 1. KAFLI

**Skilyrði fyrir flutningi taminna svína til sæðissöfnunarstöðvar**

1. Öll tamin svín (hér á eftir nefnd „dýr“) sem tekin eru inn á sæðissöfnunarstöðina skulu, áður en þau koma inn á stöðina:
  - 1.1. hafa verið í sóttkví í a.m.k. 30 daga í húsakynnum sem lögbær yfirvöld samþykkja sérstaklega í þeim tilgangi og þar sem aðeins eru önnur dýr í a.m.k. sama heilbrigðisástandi (einangrunaraðstaða),
  - 1.2. voru, áður en þau voru sett í einangrunaraðstöðuna sem lýst er í lið 1.1:
    - 1.2.1. valin úr hjörðum eða af bújörðum:
      - a) sem eru lausar við öldusótt í samræmi við kaflann um öldusótt í svínum í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr,
      - b) þar sem ekkert dýr bólusett gegn gin- og klaufaveiki hefur verið næstliðna 12 mánuði,
      - c) þar sem engin klínísk, sermifræðileg, veirufræðileg eða meinafræðileg einkenni Aujeszzkys-veiki hafa greinst næstliðna 12 mánuði,
      - d) sem eru ekki staðsettar á haftasvæði sem er skilgreint samkvæmt ákvæðum löggjafar Sambandsins vegna uppkomu smitsjúkdóms í tömdum svínum, þ.m.t. gin- og klaufaveiki, svínafárs, munnblöðrubólgu, svínapestar og afrikusvínapestar,
    - 1.2.2. ekki hafa áður verið haldin í hjörð í lakara heilbrigðisástandi en því sem lýst er í lið 1.2.1,
  - 1.3. hafa, á næstliðnum 30 dögum fyrir innkomu í einangrunaraðstöðuna sem um getur í lið 1.1, gengist, með neikvæðum niðurstöðum, undir eftirfarandi prófanir sem gerðar eru í samræmi við staðla sem mælt er fyrir um eða vísað til í viðeigandi löggjöf Sambandsins:
    - a) að því er varðar öldusótt: jafnaða öldusóttarvakaprófun (Rose Bengal-prófun), eða cELISA-prófun eða iELISA-prófun,
    - b) að því er varðar Aujeszzkys-veiki:
      - i. ELISA-prófun til að greina mótefni gegn allri Aujeszzkys-veikiveirunni eða B-glykóprótíni hennar (ADV-gB) eða D-glykóprótíni hennar (ADV-gD), eða hlutleysandi sermisprófun, ef um er að ræða dýr sem ekki hafa verið bólusett,
      - ii. ELISA-prófun til að greina mótefni gegn E-glykóprótíni (ADV-gE) Aujeszzkys-veikiveirunnar, ef um er að ræða dýr sem eru bólusett með gE-sneyddu bóluefni,
    - c) að því er varðar svínapest: mótefna-ELISA-prófun eða hlutleysandi sermisprófun.

Ef eitthvert dýranna reynist jákvætt í prófunum fyrir öldusótt sem um getur í a-lið má ekki taka dýr á sömu bújörð, sem fengu neikvæðar niðurstöður, inn í einangrunaraðstöðuna fyrr en búið er að staðfesta að upprunahjarðirnar eða -bújarðirnar þar sem jákvæða svörunin mældist séu lausar við öldusótt.

Lögbært yfirvald getur gefið leyfi fyrir því að prófanirnar sem um getur í þessum lið séu gerðar í einangrunaraðstöðunni að því tilskildu að niðurstöður liggi fyrir áður en einangrunartímabilið, sem um getur í lið 1.1, hefst.

Að því er varðar Aujeszzkys-veiki skulu sermiprófanirnar sem gerðar eru í samræmi við þessa tilskipun uppfylla staðlana sem settir eru fram í III. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/185/EB frá 21. febrúar 2008 um viðbótarábyrgðir í viðskiptum innan Bandalagsins með svín í tengslum við Aujeszzkys-veiki og um viðmiðanir fyrir upplýsingar sem skal veita um sjúkdóminn<sup>(5)</sup>,

(5) Stjtið. ESB L 59, 4.3.2008, bls. 19.

- 1.4. hafa gengist undir eftirfarandi prófanir sem voru gerðar á sýnum sem var safnað á síðustu 15 dögum fram að einangrunartímabilinu sem sett er fram í lið 1.1:
- a) að því er varðar öldusótt: jafnaða öldusóttarvakaprófun (Rose Bengal-prófun), eða cELISA-prófun eða iELISA-prófun,
  - b) að því er varðar Aujeszkys-veiki:
    - i. ELISA-prófun til að greina mótefni gegn allri Aujeszkys-veikiveirunni eða B-glýkóprótíni hennar (ADV-gB) eða D-glýkóprótíni hennar (ADV-gD), eða hlutleysandi sermisprófun, ef um er að ræða dýr sem ekki hafa verið bólusett,
    - ii. ELISA-prófun til að greina mótefni gegn E-glýkóprótíni (ADV-gE) Aujeszkys-veikiveirunnar, ef um er að ræða dýr sem eru bólusett með gE-sneyddu bóluefni.

Ef eitthvert dýranna reynist jákvætt í prófunum fyrir öldusótt sem um getur í a-lið og grun um öldusótt hefur ekki verið eytt í samræmi við lið 1.5.2 skal tafarlaust fjarlægja þau dýr úr einangrunaraðstöðunni.

Ef eitthvert dýranna reynist jákvætt í prófunum fyrir Aujeszkys-veiki sem um getur í b-lið skal tafarlaust fjarlægja þau dýr úr einangrunaraðstöðunni.

Í tilvikum þegar hópur dýra er settur í sóttkví skal lögbært yfirvald gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þau dýr sem eftir verða, sem reyndust neikvæð í prófununum sem um getur í a- og b-lið, séu í viðunandi heilbrigðisástandi áður en þau eru flutt á sæðissöfnunarstöðina í samræmi við þennan viðauka.

- 1.5. Ráðstafanir sem gera skal ef grunur leikur á öldusótt:

- 1.5.1. koma skal á eftirfarandi verklagsreglum að því er varðar dýr sem greinast jákvæð fyrir öldusótt í prófuninni sem um getur í a-lið liðar 1.4:

- a) jákvæða sermið skal prófað með a.m.k. einni af staðgönguprófununum sem settar eru fram í a-lið liðar 1.4, sem hefur ekki verið gerð á sýnunum sem um getur í lið 1.4,
- b) faraldsfræðileg rannsókn skal fara fram á upprunabújörð eða -jörðum dýranna sem sýna svörunina,
- c) á þeim dýrum sem hafa greinst jákvæð í prófununum, sem um getur í a-lið liðar 1.4 og a-lið liðar 1.5.1, skal gera a.m.k. eina af eftirfarandi prófunum á sýnum sem er safnað a.m.k. 7 dögum eftir söfnun sýnanna sem um getur í lið 1.4:
  - i. jafnaða öldusóttarvakaprófun (Rose Bengal-prófun),
  - ii. sermikekkjunarprófun,
  - iii. magnabindingarprófun,
  - iv. cELISA-prófun,
  - v. iELISA-prófun,

- 1.5.2. gruni um öldusótt skal teljast hafa verið eytt ef:

- a) annaðhvort endurtekningarprófunin sem um getur í a-lið liðar 1.5.1. skilaði neikvæðum niðurstöðum, faraldsfræðilega rannsóknin á upprunabújörðinni eða -jörðunum leiddi ekki í ljós tilvist svínaöldusóttar og prófunin sem um getur í c-lið liðar 1.5.1 var gerð með neikvæðum niðurstöðum eða
- b) faraldsfræðilega rannsóknin á upprunabújörðinni eða -jörðunum leiddi ekki í ljós tilvist svínaöldusóttar og öll dýrin sem sýndu jákvæða niðurstöðu í prófuninni sem um getur í a- eða c-lið liðar 1.5.1 sýndu neikvæða niðurstöðu í öllum tilvikum í prófun eftir aflifun og í efnasanngreiningarprófun fyrir svínaöldusótt,

- 1.5.3. þegar búið er að útiloka tilvist öldusóttar má taka öll dýrin í einangrunaraðstöðunni sem um getur í annarri málsgrein liðar 1.4 inn á sæðissöfnunarstöðina.

2. Allar prófanir skulu fara fram á samþykktari rannsóknarstofu.

3. Einungis skal taka við dýrum í sæðissöfnunarstöð með afdráttarlausu leyfi dýralæknis stöðvarinnar. Allir tilflutningar dýra inn á og út af sæðissöfnunarstöðinni skulu skráðir.
4. Dýr sem tekið er við í sæðissöfnunarstöð mega ekki sýna nein klínísk einkenni um sjúkdóm á komudegi.
5. Öll dýr skulu, með fyrirvara um 6. lið, hafa komið beint úr einangrunaraðstöðu sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði á sendingardegi:
  - a) hún er ekki staðsett á haftasvæði sem er skilgreint samkvæmt ákvæðum löggjafar Sambandsins vegna uppkomu smitsjúkdóms í tömdum svínunum, þ.m.t. gin- og klaufaveiki, svínafárs, munnblöðrubólgu, svínapestar og afrikusvínapestar,
  - b) engar klínískar, sermifræðilegar, veirufræðilegar eða meinafræðilegar visbendingar um Aujeszzkys-veiki hafa verið skráðar þar undanfarna 30 daga fram að sendingu.
6. Flytja má dýr beint frá einni sæðissöfnunarstöð til annarrar, sem er með sambærilega heilbrigðisstöðu, án sóttkvíunar eða prófana, að því tilskildu að skilyrðin sem sett eru fram í 5. lið séu uppfyllt og að venjubundnar skylduprófanir sem um getur í II. kafla hafi farið fram á síðustu 12 mánuðunum fyrir tilflutninginn.

Slík dýr mega hvorki komast í beina né óbeina snertingu við klaufdýr í lakara heilbrigðisástandi og þrifa skal og sótthreinsa flutningatækið, sem notað er, fyrir notkun.
7. Að því er varðar 6. lið og ef um viðskipti milli aðildarríkja er að ræða verður dýrunum að fylgja dýraheilbrigðisvottorð fyrir svín til undaneldis, sem samræmist fyrirmynd 2 í viðauka F við tilskipun 64/432/EBE, ásamt einni af eftirfarandi viðbótarábyrgðum sem samsvarar ástandi þeirra, sem er vottað með því að bæta eftirfarandi texta við C-þátt þess vottorðs:

„7. Dýrin koma beint frá

<sup>(1)</sup>*annaðhvort* [sæðissöfnunarstöð sem uppfyllir ákvæði tilskipunar 90/429/EBE.]

<sup>(1)</sup>*eða* [einangrunaraðstöðu og uppfylla skilyrðin fyrir flutningi á sæðissöfnunarstöð sem kveðið er á um í I. kafla viðauka B við tilskipun 90/429/EBE.]

<sup>(1)</sup>*eða* [bújörð þar sem þau hafa verið meðhöndluð samkvæmt verklagsreglum um meðhöndlun fyrir flutning í einangrunaraðstöðu og þau uppfylla skilyrði fyrir sóttkvíun sem kveðið er á um í liðum 1.2 og 1.3 og 2. lið I. kafla viðauka B við tilskipun 90/429/EBE.]“

## II. KAFLI

### Venjubundnar skylduprófanir fyrir dýr sem eru haldin á sæðissöfnunarstöð

1. Venjubundnar skylduprófanir skulu framkvæmdar á eftirfarandi hátt:
  - 1.1. Öll dýr sem eru haldin á sæðissöfnunarstöð skulu gangast undir eftirfarandi prófanir, með neikvæðum niðurstöðum:
    - a) að því er varðar öldusótt: jafnaða öldusóttarvakaprófun (Rose Bengal-prófun), eða cELISA-prófun eða iELISA-prófun,
    - b) að því er varðar Aujeszzkys-veiki:
      - i. ELISA-prófun til að greina mótefni gegn allri Aujeszzkys-veikiveirunni eða B-glýkoprótíni hennar (ADV-gB) eða D-glýkoprótíni hennar (ADV-gD), eða hlutleysandi sermisprófun, ef um er að ræða dýr sem ekki hafa verið bólusett,
      - ii. ELISA-prófun til að greina mótefni gegn E-glýkoprótíni (ADV-gE) Aujeszzkys-veikiveirunnar, ef um er að ræða dýr sem eru bólusett með gE-sneyddu bóluefni,
    - c) að því er varðar svínapest: mótefna-ELISA-prófun eða hlutleysandi sermisprófun.
  - 1.2. gera skal prófanirnar sem settar eru fram í lið 1.1 á sýnum sem eru tekin:
    - a) úr öllum dýrum rétt áður en þau eru flutt frá sæðissöfnunarstöðinni eða við komu í sláturhús og eigi síðar en 12 mánuðum eftir að tekið er við þeim á sæðissöfnunarstöðinni eða

- b) úr a.m.k. 25% dýranna á sæðissöfnunarstöðinni á 3 mánaða fresti og dýralæknir stöðvarinnar skal tryggja að dýrin, sem sýnin eru tekin úr, séu dæmigerð fyrir öll dýrin á stöðinni, einkum að því er varðar aldursflokka og húsakost,
- 1.3. Þegar prófanir eru gerðar í samræmi við b-lið liðar 1.2 skal dýralæknir stöðvarinnar tryggja að öll dýrin séu prófuð í samræmi við lið 1.1 a.m.k. einu sinni á meðan á dvöl þeirra í sæðissöfnunarstöðinni stendur og a.m.k. á 12 mánaða fresti frá komudegi ef dvöl þeirra er lengri en 12 mánuðir.
2. Allar prófanir skulu fara fram á samþykktari rannsóknarstofu.
3. Ef niðurstöður úr einhverri af prófununum sem settar eru fram í lið 1.1 reynast jákvæðar skal einangra dýrin og bannað er að stunda viðskipti innan Sambandsins með sæði sem safnað hefur verið úr þeim frá síðustu neikvæðu prófun.

Sæði, sem safnað er úr hverju dýri í sæðissöfnunarstöðinni frá dagsetningu síðustu neikvæðu prófunarniðurstöðu dýrsins, skal geymt í aðskilinni geymslu og ekki má eiga viðskipti með það innan Sambandsins fyrr en heilbrigðisstaða stöðvarinnar hefur verið endurreist á ábyrgð lögbærs yfirvalds aðildarríkisins.

---

#### VIÐAUKI C

#### Skilyrði sem varða sæði sem er safnað á sæðissöfnunarstöð og ætlað er til viðskipta innan Sambandsins

1. Sæði skal fengið úr dýrum sem:
- a) sýna engin klínísk sjúkdómseinkenni þann dag sem sæðinu er safnað,
  - b) hafa ekki verið bólusett gegn gin- og klaufaveiki,
  - c) uppfylla kröfurnar í I. kafla viðauka B,
  - d) fá ekki að stunda náttúrulega þörun,
  - e) eru haldin á sæðissöfnunarstöð sem má ekki vera staðsett á haftasvæði sem er skilgreint samkvæmt ákvæðum löggjafar Sambandsins vegna uppkomu smitsjúkdóms í tömdum svinum, þ.m.t. gin- og klaufaveiki, svínafárs, munnblöðrubólgu, svínapestar og afríkusvínapestar,
  - f) eru haldin í sæðissöfnunarstöðvum þar sem engar klínískar, sermifræðilegar, veirufræðilegar eða meinafræðilegar vísbendingar um Aujeszzkys-veiki hafa greinst næstliðna 30 daga fram að söfnun.
2. Bæta skal skilvirkri samsetningu sýklalyfja, einkum gegn mjógyrmasýklum (e. *leptospirae*), í sæðið eftir endanlega þynningu eða í þynningarefnið.
- Ef um er að ræða frosið sæði skal bæta sýklalyfjunum í það fyrir frystingu.
- 2.1. Samsetning sýklalyfja sem um getur í 2. lið skal framkalla áhrif sem eru a.m.k. samsvarandi eftirfarandi styrk í endanlegu, þynntu sæði:
- a) ekki minna en 500 µg af streptómýsini í hverjum ml í endanlegri þynningu,
  - b) ekki minna en 500 a.e. af penisillíni í hverjum ml í endanlegri þynningu,
  - c) ekki minna en 150 µg af linkómýsini í hverjum ml í endanlegri þynningu,
  - d) ekki minna en 300 µg af spektínómýsini í hverjum ml í endanlegri þynningu.
- 2.2. Strax að lokinni íblöndun sýklalyfjanna skal geyma þynnta sæðið við a.m.k. 15 °C í a.m.k. 45 mínútur.

3. Sæði sem stunda á viðskipti með innan Sambandsins skal:
- a) geymt fyrir sendingu eins og mælt er fyrir um í d-lið 2. liðar I. kafla og a-, b-, e- og f-lið 6. liðar II. kafla viðauka A,
  - b) flutt til viðtökuáðildarríkisins í flöskum sem hafa verið þrífnaðar og sótthreinsaðar eða dauðhreinsaðar fyrir notkun og sem hafa verið innsiglaðar áður en þær voru fluttar frá sæðissöfnunarstöðinni.
4. Áðildarríki geta neitað að taka við sæði frá sæðissöfnunarstöðvum þar sem tekið er við göltum, sem eru bólusettir gegn Aujeszky-veiki, inn á yfirráðasvæði þeirra eða svæði innan yfirráðasvæðis þeirra ef það hefur verið viðurkennt sem laust við Aujeszky-veiki í samræmi við 10. gr. tilskipunar 64/432/EEB.
- Áðildarríki sem ætla að nýta sér ákvæði fyrstu málsgreinar skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum áðildarríkjunum um það áður en þeim er beitt.
-

## VIÐAUKI D

Fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði fyrir viðskipti innan Sambandsins með sæði úr tömdum svínum

EVROPUSAMBANDIÐ:

Vottorð vegna viðskipta innan Sambandsins;

I. hluti: Upplýsingar um sendingu	I.1. Sendandi Nafn Heimilisfang Póstnúmer		I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs		I.2.a. Tilvísunarnúmer staðar			
			I.3. Lögbært stjórnvald					
			I.4. Lögbært staðaryfirvald					
	I.5. Viðtakandi Nafn Heimilisfang Póstnúmer		I.6.					
			I.7.					
	I.8. Uppruna-land	ISO-kóði	I.9. Upprunasvæði	Kóði	I.10. Viðtökuland	ISO-kóði	I.11. Viðtökusvæði	Kóði
	I.12. Upprunastaður Sæðissstöð <input type="checkbox"/>  Nafn Heimilisfang Póstnúmer		Samþykkisnúmer		I.13. Viðtökustaður Sæðissstöð <input type="checkbox"/> Bújörð <input type="checkbox"/>  Nafn Heimilisfang Póstnúmer		Samþykkisnúmer	
	I.14.		I.15.					
	I.16. Flutningataeki Flugvél <input type="checkbox"/> Ökutæki <input type="checkbox"/> Auðkenning		Skip <input type="checkbox"/> Annað <input type="checkbox"/>	Járnbrautarvagn <input type="checkbox"/>		I.17.		
	I.18. Lýsing á vöru				I.19. Vörunúmer (ST-númer) <b>05 11 99 85</b>		I.20. Magn	
I.21. Hitastig afurða Umhverfishiti <input type="checkbox"/>				Kældar <input type="checkbox"/>	Frystar <input type="checkbox"/>		I.22. Fjöldi pakkninga	
I.23. Nr. innsigli/gáms				I.24. Tegund umbúða				
I.25. Vörur sem eru vottaðar: Til tæknifrjógunar <input type="checkbox"/>								
I.26. Umflutningur gegnum þriðja land <input type="checkbox"/> Þriðja land Brottfararstaður Komustaður		Nr. skoðunarstöðvar á landamærum		I.27. Umflutningur um aðildarríki <input type="checkbox"/> Aðildarríki Aðildarríki Aðildarríki		ISO-kóði ISO-kóði ISO-kóði ISO-kóði		
I.28. Útflutningur <input type="checkbox"/> Þriðja land Brottfararstaður		ISO-kóði Kóði		I.29.				
I.30.								
I.31. Auðkenning varanna Tegund (vísindaheiti) Ræktunarkyn Auðkenni gjafa Dagsetning söfnunar Samþykkisnúmer stöðvarinnar Magn								

## EVROPUSAMBANDIÐ:

Svínasæði

II. hluti: Vottorð	II. Heilsufarsupplýsingar	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b. Tilvísunarnúmer staðar
	<p>Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, votta hér með að sæðinu, sem er lýst hér að framan, var:</p> <p>II.1. safnað, meðhöndlað og geymt á sæðissöfnunarstöð <sup>(2)</sup> sem er samþykkt af lögbæru yfirvaldi og undir eftirliti þess í samræmi við I. og II. kafla viðauka A við tilskipun 90/429/EBE,</p> <p><sup>(1)</sup> <i>annaðhvort</i> [II.2. safnað í sæðissöfnunarstöð þar sem eingöngu eru dýr sem hafa ekki verið bólusett gegn Aujeszzkys-veiki og sem uppfylla kröfurnar í viðauka B við tilskipun 90/429/EBE,]</p> <p><sup>(1)</sup> <sup>(2)</sup> <i>og/eða</i> [II.2. safnað í sæðissöfnunarstöð þar sem sum eða öll dýrin hafa verið bólusett gegn Aujeszzkys-veiki með gE-sneyddu bóluefni og uppfylla kröfurnar í viðauka B við tilskipun 90/429/EBE,]</p> <p>II.3. safnað, meðhöndlað, geymt og sent við skilyrði sem eru í samræmi við staðlana sem mælt er fyrir um í viðauka C við tilskipun 90/429/EBE.</p> <p><b>Athugasemdir</b></p> <p><b>I. hluti:</b></p> <p>Reitur I.12: Upprunastaður skal vera sæðissöfnunarstöðin [eins og skilgreint er í 2. gr. tilskipunar 90/429/EBE] þaðan sem sæðið var sent.</p> <p>Reitur I.13: Viðtökustaður skal vera sæðissöfnunarstöðin [eins og skilgreint er í 2. gr. tilskipunar 90/429/EBE] eða bújörðin sem er ákvörðunarstaður sæðisins.</p> <p>Reitur I.23: Tilgreina skal auðkenningu umbúðanna og innsigli snúmer þeirra.</p> <p>Reitur I.31: Auðkenning gjafa skal fela í sér opinbert auðkennismerki dýrsins í samræmi við tilskipun ráðsins 2008/71/EB frá 15. júlí 2008 um auðkenningu og skráningu svína (Stjtið. ESB L 213, 8.8.2008, bls. 31). Söfnunardagur skal tilgreindur á eftirfarandi formi: dd/mm/áááá. Samþykkisnúmer stöðvarinnar skal vera hið sama og samþykkisnúmer sæðisstöðvarinnar þar sem sæðinu var safnað.</p> <p><b>II. hluti:</b></p> <p><sup>(1)</sup> Strikið yfir það sem á ekki við.</p> <p><sup>(2)</sup> Einungis samþykktar sæðissöfnunarstöðvar sem skráðar eru í samræmi við 2. mgr. 5. gr. tilskipunar ráðsins 90/429/EBE á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar: <a href="http://ec.europa.eu/food/animal/approved_establishments/establishments_vet_field_en.htm">http://ec.europa.eu/food/animal/approved_establishments/establishments_vet_field_en.htm</a></p> <p><sup>(3)</sup> Strika skal yfir þennan valkost ef viðtökuaðildarríki eða svæði innan þess, sem er laust við Aujeszzkys-veiki í samræmi við 10. gr. tilskipunar 64/432/EBE, hefur sent framkvæmdastjórninni tilkynningu í samræmi við 4. lið viðauka C við tilskipun 90/429/EBE og er skráð á eftirfarandi vefsetri: <a href="http://ec.europa.eu/food/animal/semen_ova/porcine/index_en.htm">http://ec.europa.eu/food/animal/semen_ova/porcine/index_en.htm</a></p> <p>Stimpill og undirskrift skulu ekki vera í sama lit og aðrar upplýsingar í vottorðinu.</p>		
<p>Opinber dýralæknir</p> <p>Nafn (með hástöfum):</p> <p>Staðbundin dýralæknaeining:</p> <p>Dagsetning:</p> <p>Stimpill:“</p>		<p>Menntun, hæfi og titill:</p> <p>Númer staðbundinnar dýralæknaeiningar:</p> <p>Undirskrift:</p>	



## FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/36/77

frá 25. júní 2012

um skipulagningu tímabundinnar tilraunar samkvæmt tilskipunum ráðsins 66/401/EBE, 66/402/EBE, 2002/54/EB, 2002/55/EB og 2002/57/EB að því er varðar akurskoðun undir opinberu eftirliti á stofnfræi og kynbættu fræi af kynslóðunum á undan stofnfræi

(tilkynnt með númeri C(2012) 4169)

(2012/340/ESB) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fóðurjurtafræja <sup>(1)</sup>, einkum 13. gr. a,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns<sup>(2)</sup>, einkum 13. gr. a,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/54/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu sykurrófufræs <sup>(3)</sup>, einkum 19. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/55/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu grænmetisfræs <sup>(4)</sup>, einkum 33. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/57/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu oliu- og trefjaplöntufræs <sup>(5)</sup>, einkum 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Opinberar akurskoðanir á nytjaplöntum eru skilyrði fyrir vottun á stofnfræi og kynbættu fræi af kynslóðunum á undan stofnfræi. Að því er varðar vottað fræ var sá möguleiki hins vegar kynntur fyrir nokkru síðan að velja á milli opinberra akurskoðana og akurskoðana undir opinberu eftirliti.

2) Að gefa möguleika á að velja á milli opinberra akurskoðana og akurskoðana undir opinberu eftirliti

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 166, 27.6.2012, bls. 90. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 31, 30.5.2013, bls. 6.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 125, 11.7.1966, bls. 2298/66.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 125, 11.7.1966, bls. 2309/66.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 12.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 33.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 74.

getur hugsanlega einnig verið betri valkostur, að því er varðar stofnfræ og kynbætt fræ af kynslóðunum á undan stofnfræi, en sá að krefjast opinberra akurskoðana. Því skal skipuleggja tímabundna tilraun til að meta þennan valkost.

3) Með tilliti til þeirrar reynslu sem hefur fengist af akurskoðunum á vottuðu fræi undir opinberu eftirliti er rétt að gera tilraunina samkvæmt sömu ákvæðum og gilda um vottað fræ, til að meta hvort þessi ákvæði henta fyrir stofnfræ og kynbætt fræ af kynslóðunum á undan stofnfræi.

4) Nauðsynlegt er að leysa þau aðildarríki sem taka þátt í tilrauninni undan skuldbindingunum um opinberar akurskoðanir sem kveðið er á um í tilskipunum 66/401/EBE, 66/402/EBE, 2002/54/EB, 2002/55/EB og 2002/57/EB.

5) Aðildarríki sem taka þátt í tilrauninni skulu leggja fram árlega skýrslu.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. gr.

Efni

Tímabundin tilraun er skipulögð á vettvangi Sambandsins til að meta, að því er varðar vottun á stofnfræi og kynbættu fræi af kynslóðunum á undan stofnfræi, hvort möguleikinn á að velja á milli opinberra akurskoðana og akurskoðana undir opinberu eftirliti, sem eru framkvæmdar í samræmi við 2. og 3. gr., geti verið betri valkostur en opinberar akurskoðanir og hvort beita eigi sömu ákvæðum um stofnfræ og kynbætt fræ af kynslóðunum á undan stofnfræi sem gilda um vottun á vottuðu fræi.

Tilgangurinn með tilrauninni er að ákveða hvort að, að því er varðar stofnfræ og kynbætt fræ af kynslóðunum á undan stofnfræi, í stað kröfu um opinberar akurskoðanir megi koma krafa um annað hvort opinbera akurskoðun eða akurskoðun undir opinberu eftirliti að því er varðar eftirfarandi ákvæði:

- a) 2. gr. (d-liður 1. liðar B-liðar 1. mgr.) og 14. gr. a (a-liður) tilskipunar 66/401/EBE og 6. lið I. viðauka við hana,
- b) 2. gr. (d-liður C-liðar 1. mgr.), 2. gr. (c-liður C-liðar a í 1. mgr.), 2. gr. (d-liður 1. liðar D-liðar 1. mgr.), 2. gr. (b-liður 2. liðar D-liðar 1. mgr.), 2. gr. (c-liður 3. liðar D-liðar 1. mgr.) og 14. gr. a (a-liður) tilskipunar 66/402/EBE og 7. lið I. viðauka við hana,
- c) 2. gr. (iv. liður c-liðar 1. mgr.) og 21. gr. (a-liður) tilskipunar 2002/54/EB og 4. lið A-hluta I. viðauka við hana,
- d) 2. gr. (iv. liður c-liðar 1. mgr.) og 35. gr. (a-liður) tilskipunar 2002/55/EB og 2. lið I. viðauka við hana,
- e) 2. gr. (iv. liður c-liðar 1. mgr.), 2. gr. (ii. liður 1. liðar d-liðar 1. mgr.), 2. gr. (iii. liður 2. liðar d-liðar 1. mgr.) og 18. gr. (a-liður) tilskipunar 2002/57/EB og 5. lið I. viðauka við hana.

#### 2. gr.

##### **Eftirlitsmenn sem framkvæma skoðanir undir opinberu eftirliti**

Þátttökuaðildarríki skulu sjá til þess að eftirlitsmenn sem framkvæma skoðanir undir opinberu eftirliti uppfylli eftirfarandi skilyrði:

- a) Þeir hafi nauðsynlega fagmenntun.
- b) Þeir hagnist ekki persónulega í tengslum við skoðanirnar.
- c) Þeir hafi opinbert leyfi frá frævottunaryfirvaldi viðkomandi aðildarríkis til að framkvæma skoðanir undir opinberu eftirliti; þetta leyfi skal fela í sér annaðhvort embættiseið skoðunarmanns eða undirritaða yfirlýsingu hans um að hann virði gildandi reglur um opinberar skoðanir.
- d) Þeir framkvæmi skoðanir undir eftirliti lögbærs frævottunaryfirvalds.

#### 3. gr.

##### **Skoðanir á nytjaplöntum og uppskornu fræi**

1. Þátttökuaðildarríki skulu sjá til þess að skoðanir á nytjaplöntum og uppskornu fræi uppfylli kröfurnar sem kveðið er á um í 2. til 5. mgr.
2. Nytjaplönturnar sem á að skoða skulu ræktaðar af fræi sem hefur farið í gegnum opinbera eftirskoðun og niðurstöður

hennar uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í I. viðaukum við tilskipanir 66/401/EBE, 66/402/EBE, 2002/54/EB, 2002/55/EB og 2002/57/EB.

3. Að því er varðar grænmetisuppskeru sem fellur undir tilskipun 2002/55/EB skal lögbært yfirvald skoða a.m.k. 20% af uppskerunum. Að því er varðar alla aðra uppskeru skal þetta hlutfall vera a.m.k. 5%. Eftirfarandi mismunandi hlutföll skulu notuð til að hægt sé að ákveða viðeigandi umfang eftirlitsprófana fyrir flokka stofnfræs og kynbætt fræs af kynslóðunum á undan stofnfræi: 5, 10, 15 og 20%.

4. Setja skal hlutfall sýna úr framleiðslueiningum fræs, sem fæst úr uppskerunni, í opinbera eftirkönnun og, ef við á, opinbera fræprófun á rannsóknarstofu til að sanngreina yrki og ákvarða hreinleika þess. Aðildarríkin skulu auðkenna framleiðslueiningar fræs sem hefur fengið akurskoðun undir opinberu eftirliti.

5. Aðildarríki sem taka þátt í tilrauninni skulu bera opinberar akurskoðanir saman við akurskoðanir á sama akri sem eru gerðar undir opinberu eftirliti.

#### 4. gr.

##### **Þátttaka aðildarríkja**

Öll aðildarríki geta tekið þátt í tilrauninni.

Aðildarríki sem ákveða að taka þátt í tilrauninni (hér á eftir nefnd þátttökuaðildarríki) skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það og tilgreina tegundir, flokka og landsvæði sem falla undir þátttöku þeirra, ásamt takmörkunum ef einhverjar eru.

Aðildarríkjunum er heimilt að hætta þátttöku sinni hvenær sem er með því að tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

#### 5. gr.

##### **Lausn**

Að því er varðar tilraunina eru þátttökuaðildarríki, að því er varðar opinberar akurskoðanir á stofnfræi og kynbættu fræi af kynslóðunum á undan stofnfræi, leyst undan skuldbindingunum sem kveðið er á um í 2. gr. (d-liður 1. liðar B-liðar 1. mgr.), 14. gr. a (a-liður) tilskipunar 66/401/EBE og 6. lið I. viðauka við hana, 2. gr. (d-liður C-liðar 1. mgr.), 2. gr. (c-liður C-liðar a í 1. mgr.), 2. gr. (d-liður 1. liðar D-liðar 1. mgr.), 2. gr. (b-liður 2. liðar D-liðar 1. mgr.), 2. gr. (c-liður 3. liðar D-liðar 1. mgr.) og 14. gr. a (a-liður) tilskipunar 66/402/EBE og 7. lið I. viðauka við hana, 2. gr. (iv. liður c-liðar 1. mgr.), 21. gr. (a-liður) tilskipunar 2002/54/EB og 4. lið A-hluta I. viðauka við hana, 2. gr. (iv. liður c-liðar 1. mgr.), 35. gr. (a-liður) tilskipunar 2002/55/EB og 2. lið I. viðauka við hana, 2. gr. (iv. liður c-liðar 1. mgr.), 2. gr. (ii. liður 1. liðar d-liðar 1. mgr.), 2. gr. (iii. liður 2. liðar d-liðar 1. mgr.), 18. gr. (a-liður) tilskipunar 2002/57/EB og 5. lið I. viðauka við hana.

6. gr.

**Kvöð um skýrslugjöf**

1. Þátttökuaðildarríkin skulu ár hvert, eigi síðar en 31. mars næsta árs á eftir, leggja fyrir framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin skýrslu um niðurstöður úr tilrauninni sem gerð er í samræmi við 2. og 3. gr.

2. Þátttökuaðildarríkin skulu, við lok tilraunarinnar eða þegar þátttöku þeirra lýkur, leggja fyrir framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin, eigi síðar en 31. mars næsta árs á eftir, skýrslu um útkomuna úr tilrauninni sem gerð er í samræmi við 2. og 3. gr.

Í skýrslunni mega koma fram fleiri upplýsingar sem þau telja að skipt geti máli með hliðsjón af tilganginum með tilrauninni.

7. gr.

**Gildistími**

Tilraunin skal hefjast 1. janúar 2013 og henni skal ljúka 31. desember 2017.

8. gr.

**Viðtakendur**

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. júní 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

John DALLI

*framkvæmdastjóri.*

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/36/78

frá 26. janúar 2012

**um breytingu á ákvörðunum 2011/263/ESB og 2011/264/ESB til að taka tillit til þróunar í flokkun ensíma í samræmi við I. viðauka við tilskipun ráðsins 67/548/EBE og VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008**

(tilkynnt með númeri C(2012) 323)

(2012/49/ESB) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 6. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010 má ekki veita vörum sem innihalda efni eða efnablöndur/samsett efni, sem uppfylla viðmiðanir til flokkunar sem eitruð, hættuleg umhverfinu, krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða með eiturrhif á æxlun, umhverfismerki ESB, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006<sup>(2)</sup>. Ekki má heldur veita vörum umhverfismerki ESB ef þær innihalda efni sem um getur í 57. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB<sup>(3)</sup>. Samkvæmt 7. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010 má framkvæmdastjórnin samþykkja ráðstafanir um að veita megi undanþágur frá 6. mgr. 6. gr. þeirrar reglugerðar þegar ekki er tæknilega mögulegt að skipta þessum vörum út sem slíkum eða með notkun staðgönguefna eða breyttri hönnun, eða þegar um er að ræða vörur sem eru umtalsvert vistvænni í heild miðað við aðrar vörur í sama flokki.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 26, 28.1.2012, bls. 36. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 24/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 31, 30.5.2013, bls. 35.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 31.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

- 2) Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ákvörðun 2011/263/ESB frá 28. apríl 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni fyrir uppþvottavélar<sup>(4)</sup> og ákvörðun 2011/264/ESB frá 28. apríl 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni<sup>(5)</sup>. Eftir að þessar ákvarðanir voru samþykktar var hið mikilvæga ensím súbtílsín, sem er notað í þvottaefni og þvottaefni fyrir uppþvottavélar, flokkað sem R50 (mjög eitruð lífi í vatni) í samræmi við I. viðauka við tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnáskilum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna<sup>(6)</sup> og VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008, sem kemur í veg fyrir að þessi þvottaefni og þvottaefni fyrir uppþvottavélar fái umhverfismerki ESB.
- 3) Þetta eru nýjar upplýsingar sem ekki var tekið mið af þegar viðmiðanir umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni og þvottaefni fyrir uppþvottavélar og athugunarefni varðandi undanþágur vegna ensíma voru endurskoðuð. Því skal breyta ákvörðunum 2011/263/ESB og 2011/264/ESB til að taka tillit til þróunar í flokkun ensíma í samræmi við I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE og VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.
- 4) Kveða skal á um umbreytingartímabil til að gefa framleiðendum vöru, sem veitt hefur verið umhverfismerki ESB fyrir þvottaefni og þvottaefni fyrir uppþvottavélar á grundvelli þeirra viðmiðana sem settar eru fram í ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/31/EB<sup>(7)</sup> og 2003/200/EB<sup>(8)</sup>, nægan tíma til að laga vörur sínar að endurskoðuðu viðmiðunum og kröfunum og til að bæta fyrir tímabundna niðurfellingu sem verður vegna þessarar breytingar.
- 5) Því ber að breyta ákvörðunum 2011/263/ESB og 2011/264/ESB til samræmis við það.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 111, 30.4.2011, bls. 22.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 111, 30.4.2011, bls. 34.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 196, 16.8.1967, bls. 1.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 9, 15.1.2003, bls. 11.

<sup>(8)</sup> Stjtið. ESB L 76, 22.3.2003, bls. 25.

## SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr:

Ákvæðum viðaukans við ákvörðun 2011/263/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr:

Ákvæðum viðaukans við ákvörðun 2011/264/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa ákvörðun.

3. gr:

Þegar umhverfismerkið er veitt á grundvelli umsóknar sem er metin samkvæmt viðmiðununum sem settar eru fram

í ákvörðunum 2003/31/EB og 2003/200/EB má nota það umhverfismerki til 28. september 2012.

4. gr:

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. janúar 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Janez POTOČNIK

*framkvæmdastjóri.*

VIÐAUKI

1. Í viðaukanum við ákvörðun 2011/263/ESB bætist eftirfarandi efni við í fimmtu málsgrein b-liðar í 2. viðmiðun í töflunni yfir undanþágur:

„Súbtílisín	H400 Mjög eitrað lífi í vatni	R 50 <sup>+</sup>
-------------	-------------------------------	-------------------

2. Í viðaukanum við ákvörðun 2011/264/ESB bætist eftirfarandi efni við í fimmtu málsgrein b-liðar í 4. viðmiðun í töflunni yfir undanþágur:

„Súbtílisín	H400 Mjög eitrað lífi í vatni	R 50 <sup>+</sup>
-------------	-------------------------------	-------------------

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/36/79

frá 8. september 2011

um breytingu á viðaukanum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB, að því er varðar undanþágur varðandi búnað sem inniheldur blý og kadmíum, í því skyni að laga hann að tækniframförum

(tilkynnt með númeri C(2011) 6309)

(2011/534/ESB) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB frá 27. janúar 2003 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði <sup>(1)</sup>, einkum b-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2002/95/EB er lagt bann við notkun blýs og kadmíums í rafbúnaði og rafeindabúnaði sem settur er á markað eftir 1. júlí 2006.
- 2) Enn er ógerlegt frá tæknilegu sjónarmiði að skipta út blýi í rafefnakeramikefnum sem innihalda keramikþrýstirafefni (e. *piezoelectric ceramic material* (PZT)) fyrir þetta sem eru hluti af samrásum eða stökum hálfleiðurum. Notkun blýs í þessum efnivið skal því undanþegin banninu.
- 3) Enn er ógerlegt frá tæknilegu sjónarmiði að skipta út kadmíum í viðnámsljósnemum fyrir hliðstæð ljóstengi í hljóðbúnaði til faglegra nota. Notkun kadmíums í þeim viðnámsljósnemum skal því undanþegin banninu. Sú undanþága skal þó gilda í takmarkaðan tíma þar eð verið er að rannsaka kadmíumlausa tækni og gætu staðgönguefni verið orðin tiltæk á næstu 3 árum.

4) Því ber að breyta tilskipun 2002/95/EB til samræmis við það.

5) Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2002/95/EB hefur framkvæmdastjórnin haft samráð við hlutaðeigandi aðila.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 18. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/12/EB <sup>(2)</sup>.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við tilskipun 2002/95/EB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. september 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 234, 10.9.2011, bls. 44. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2013 frá 3. maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 61, 31.10.2013, bls. 29.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 19.

(<sup>2</sup>) Stjtið. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 9.

## VIÐAUKI

Viðaukanum við tilskipun 2002/95/EB er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liður 7.c.IV bætist við:

„7.c.IV.	Bly í rafefnakerámíkefnum sem innihalda keramikþrýstirafefni (e. <i>piezoelectric ceramic material (PZT)</i> ) fyrir þetta sem eru hluti af samrásum eða stökum hálfleiðurum“	
----------	---	--

b) Eftirfarandi liður 40 bætist við:

„40	Kadmíum í viðnámsljósnemum fyrir hliðstæð ljóstengi í hljóðbúnaði til faglegra nota	Fellur úr gildi 31. desember 2013“
-----	---	------------------------------------

## FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/36/80

frá 16. apríl 2012

## um breytingu á ákvörðun 2009/821/EB að því er varðar skrárnar yfir skoðunarstöðvar á landamærum og dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu

(tilkynnt með númeri C(2012) 2377)

(2012/197/ESB) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan Bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á <sup>(1)</sup>, einkum 1. og 3. mgr. 20. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem eru flutt til Bandalagsins frá þriðju löndum og breytingu á tilskipunum 89/662/EBE, 90/425/EBE og 90/675/EBE <sup>(2)</sup>, einkum annarri setningu annarrar undirgreinar 4. mgr. 6. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum<sup>(3)</sup>, einkum 2. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB frá 28. september 2009 um að taka saman skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum, um að mæla fyrir um tilteknar reglur um skoðanir, sem framkvæmdar eru af heilbrigðissérfræðingum Bandalagsins á sviði dýra og dýraafurða og um að mæla fyrir um dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu <sup>(4)</sup> er mælt fyrir um skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem eru samþykktar í samræmi við tilskipanir 91/496/EBE og 97/78/EB. Umrædd skrá er sett fram í I. viðauka við þá ákvörðun.
- 2) Athugasemd 15 í sérstöku athugasemdunum í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB á við um

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 106, 18.4.2012, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2013 frá 14. júní 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 67, 28.11.2013, bls. 1.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 29.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 268, 24.9.1991, bls. 56.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 296, 12.11.2009, bls. 1.

gildistíma bráðabirgðasamþykkis fyrir skoðunarstöðina á landamærunum við höfnina í Marseilles þar til framkvæmdum lýkur við að uppfæra starfsstöðina þannig að hún uppfylli að öllu leyti kröfurnar sem mælt er fyrir um í löggjöf Sambandsins. Það bráðabirgðasamþykki gildi til 31. júlí 2011. Frakkland hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni að vegna ýmissa tafa ljúki uppfærslu starfsstöðvarinnar ekki fyrir en 1. júlí 2012. Því er rétt að framlengja bráðabirgðasamþykkið fyrir skoðunarstöðinni á landamærunum við höfnina í Marseilles fram að þeim tíma. Því ber að breyta athugasemd 15 í sérstöku athugasemdunum í I. viðauka við tilskipun 2009/821/EB til samræmis við það. Vegna réttarvissu skal breytingin gilda afturvirk.

- 3) Í kjölfar orðsendingar frá Belgíu skal fella skoðunar-miðstöðina „Kaai 650“ á skoðunarstöðinni á landamærunum við höfnina í Antwerpen brott úr skránni yfir færslur í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB sem varða það aðildarríki.
- 4) Skoðunarþjónusta framkvæmdastjórnarinnar (Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofan) gerði úttekt í Búlgaríu og lagði í kjölfarið fram allnokkur tilmæli til aðildarríkisins. Búlgaríu hefur tilkynnt að breyta skuli samþykki fyrir skoðunarstöðinni á landamærunum við Kapítan Andreevo-veginn til að taka tillit til þessara tilmæla. Til samræmis við það ber því að breyta færslunni fyrir þá skoðunarstöð á landamærum í skránni yfir færslur sem varða það aðildarríki í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.
- 5) Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofan gerði úttekt í Grikklandi og lagði í kjölfarið fram allnokkur tilmæli til aðildarríkisins. Grikkland hefur tilkynnt að fella skuli tímabundið úr gildi samþykki fyrir flokknum „dýr af hestaett“ fyrir skoðunarstöðina á landamærunum við Peplos-veginn til að taka tillit til þessara tilmæla. Til samræmis við það ber því að breyta færslunni fyrir þá skoðunarstöð á landamærum í skránni yfir færslur sem varða það aðildarríki í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.



- 6) Í kjölfar orðsendingar frá Spáni skal fella brott samþykki fyrir flokkunum „dýr af hestaætt“ og „hóf- og klaufdýr“ fyrir skoðunarmiðstöðina „Flightcare“ í skoðunarstöðinni á landamærunum við Madrid-flugvöll. Til samræmis við það ber því að breyta færslunni fyrir þá skoðunarstöð á landamærum í skránni yfir færslur sem varða það aðildarríki í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.
- 7) Ítalía hefur tilkynnt að fella skuli skoðunarstöðina á landamærunum við Brescia Montichiari-flugvöll brott úr skránni yfir færslur sem varða það aðildarríki og að breyta skuli heiti einnar skoðunarmiðstöðvar í skoðunarstöðinni á landamærunum við Roma-Fiumicino-flugvöll. Því til viðbótar óskaði Ítalía eftir tímabundinni niðurfellingu á samþykki vegna sex skoðunarstöðva á landamærum og tímabundinni niðurfellingu á samþykki fyrir flokkunum „dýr af hestaætt“ og „hóf- og klaufdýr“ fyrir skoðunarstöðina á landamærunum við höfnina í La Spezia. Ítalía hefur einnig óskað eftir tímabundinni niðurfellingu á leyfi fyrir öllum innpökkuðum afurðum úr dýraríkinu, sem eru ætlaðar til manneldis, og öllum innpökkuðum, frystum og kældum afurðum úr dýraríkinu, sem ekki eru ætlaðar til manneldis, ásamt niðurfellingu á samþykki fyrir flokknum „önnur dýr (þ.m.t. dýr fyrir dýragarða)“ fyrir skoðunarstöðina á landamærunum við Milano-Linate-flugvöll. Því ber að breyta skránni yfir færslur, sem varða það aðildarríki, í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB til samræmis við það.
- 8) Holland hefur tilkynnt að heiti einnar skoðunarmiðstöðvar innan skoðunarstöðvarinnar á landamærunum í Rotterdam hafi breyst. Til samræmis við það ber því að breyta færslunni fyrir þá skoðunarstöð á landamærum í skránni yfir færslur sem varða það aðildarríki í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.
- 9) Í kjölfar orðsendingar frá Rúmeníu skal fella tímabundið úr gildi samþykki fyrir flokknum „lifandi dýr“ fyrir eina af skoðunarmiðstöðvunum innan skoðunarstöðvarinnar á landamærunum við Bucharest Henri Coandă-flugvöll. Til samræmis við það ber því að breyta færslunni fyrir þá skoðunarstöð á landamærum í skránni yfir færslur sem varða það aðildarríki í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.

- 10) Í II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB er mælt fyrir um skrá yfir miðlægar einingar, svæðisbundnar einingar og staðareiningar í samþætta, tölvuvædda upplýsingakerfinu um heilbrigði dýra og dýraafurða (Traces-kerfinu).
- 11) Í kjölfar orðsendinga frá Þýskalandi, Eistlandi, Írlandi, Ungverjalandi og Austurríki skal gera tiltekna breytingar á skránni yfir miðlægar einingar, svæðisbundnar einingar og staðareiningar í Traces-kerfinu að því er varðar þessi aðildarríki, sem mælt er fyrir um í II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.
- 12) Því ber að breyta ákvörðun 2009/821/EB til samræmis við það.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

#### SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Ákvæðum I. og II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

##### 2. gr.

Breytingin sem sett er fram í a-lið 1. liðar viðaukans skal gilda frá 1. ágúst 2011.

##### 3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. apríl 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

John DALLI

*framkvæmdastjóri.*

## VIÐAUKI

Ákvæðum I. og II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað 15. athugasemdar í sérstöku athugasemdunum komi eftirfarandi:

„15) = Това одобрение важи единствено до 1 юли 2012 г. – Toto schválení platí pouze do 1.7.2012. – Denne godkendelse gælder kun indtil den 1. juli 2012. – Diese Genehmigung gilt nur bis zum 1. Juli 2012. – See heakskait kehtib ainult 1. juulini 2012. – Η έγκριση αυτή ισχύει μόνο μέχρι την 1η Ιουλίου 2012. – This approval is valid only until 1.7.2012. – Esta autorización únicamente es válida hasta el 1/7/2012. – Cette autorisation n'est valable que jusqu'au 1<sup>er</sup> juillet 2012. – La presente autorizzazione è valida soltanto fino al 1.7.2012. – Šis apstiprinājums ir spēkā tikai līdz 2012. gada 1. jūlijam. – Šis patvirtinimas galioja tik iki 2012 m. liepos 1 d. – A jóváhagyás 2012. július 1-ig érvényes. – Din l-approvazzjoni hija valida biss sal-1/7/2012. – Deze goedkeuring is slechts geldig tot en met 1 juli 2012. – Niniejsze zatwierdzenie jest ważne do 1/7/2012. – Esta aprovação só é válida até 1 de julho de 2012. – Această aprobare este valabilă numai până la 1 iulie 2012. – Ta odobritev velja samo do 1. julija 2012. – Toto schválenie je platné len do 1. júla 2012. – Tämä hyväksyntä on voimassa ainoastaan 1.7.2012 saakka. – Detta godkännande är bara giltigt till den 1 juli 2012.“

b) Í þeim hluta sem varðar Belgíu komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir höfnina í Antwerpen:

„Antwerpen Anvers	BE ANR 1	P	GIP LO	HC(2), NHC	
			Afrulog	HC(2), NHC“	

c) Í þeim hluta sem varðar Búlgaríu komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir Kapitan Andreevo-veg:

„Kapitan Andreevo	BG KAN 3	R		HC(2), NHC-NT	U, E, O“
-------------------	----------	---	--	---------------	----------

d) Í þeim hluta sem varðar Grikkland komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir Peplos-veg:

„Peplos	GR PEP 3	R		HC(2), NHC-NT	E(*)“
---------	----------	---	--	---------------	-------

e) Í þeim hluta sem varðar Spán komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir Madrid-flugvöll:

„Madrid	ES MAD 4	A	Iberia	HC(2), NHC(2)	U, E, O
			Flightcare	HC(2), NHC-T(CH)(2), NHC-NT(2)	O
			PER4	HC-T(CH)(2)	
			WFS: World Wide Flight Services	HC(2), NHC-T(CH)(2), NHC-NT	O“

f) Þeim hluta sem varðar Ítalíu er breytt sem hér segir:

i. Í stað færslunnar fyrir Ancona-flugvöll komi eftirfarandi:

„Ancona(*)	IT AOI 4	A		HC(*), NHC(*)“	
------------	----------	---	--	----------------	--

ii. Færslan fyrir Brescia Montichiari-flugvöll falli brott.

iii. Í stað færslunnar fyrir höfnina í Brindisi komi eftirfarandi:

„Brindisi	IT BDS 1	P		HC(*)“	
-----------	----------	---	--	--------	--

iv. Í stað færslunnar fyrir Genova-flugvöll komi eftirfarandi:

„Genova(*)	IT GOA 4	A		HC(2)(*), NHC(2)(*)	O(*)“
------------	----------	---	--	---------------------	-------

v. Í stað færslunnar fyrir höfnina í La Spezia komi eftirfarandi:

„La Spezia	IT SPE 1	P		HC, NHC	U(*), E(*)“
------------	----------	---	--	---------	-------------

vi. Í stað færslunnar fyrir Milano-Linate-flugvöll komi eftirfarandi:

„Milano-Linate	IT LIN 4	A		HC(2)(*), NHC-T(2)(*), NHC-NT“	
----------------	----------	---	--	--------------------------------	--

vii. Í stað færslunnar fyrir Napoli-flugvöll komi eftirfarandi:

„Napoli(*)	IT NAP 4	A		HC(*), NHC-NT(*)“	
------------	----------	---	--	-------------------	--

viii. Í stað færslunnar fyrir Roma-Fiumicino-flugvöll komi eftirfarandi:

„Roma-Fiumicino	IT FCO 4	A	Nuova Alitalia	HC(2), NHC-NT(2)	O(14)
			FLE	HC, NHC	
			Isola Veterinaria ADR		U, E, O“

ix. Í stað færslunnar fyrir Torino-Caselle-flugvöll komi eftirfarandi:

„Torino-Caselle(*)	IT CTI 4	A		HC(2)(*), NHC-NT(2)(*“	
--------------------	----------	---	--	------------------------	--

x. Í stað færslunnar fyrir Verona-flugvöll komi eftirfarandi:

„Verona(*)	IT VRN 4	A		HC(2)(*), NHC(2)(*)“	
------------	----------	---	--	----------------------	--

g) Í þeim hluta sem varðar Holland komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir höfnina í Rotterdam:

„Rotterdam	NL RTM 1	P	Eurofrigo Karimatastraat	HC, NHC-T(FR), NHC-NT	
			Eurofrigo, Abel Tasmanstraat	HC	
			Frigocare Rotterdam B.V.	HC-T(2)	
			Coldstore Wibaco B.V.	HC-T(FR)(2), HC-NT(2)“	

h) Í þeim hluta sem varðar Rúmeníu komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir Bucharest Henri Coandă-flugvöll:

„Bucharest Henri Coandă	RO OTP 4	A	IC 1	HC-NT(2), HC-T(CH)(2), NHC-NT(2)	
			IC 2(*)		E(*), O(*)“

2) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Þeim hluta sem varðar Þýskaland er breytt sem hér segir:

i. Í stað færslanna fyrir staðareiningarnar „DE03013 BAD DOBERAN“ og „DE09413 DEMMIN“ komi eftirfarandi:

„DE17413	ROSTOCK
DE29213	MECKLENBURGISCHE SEENPLATTE“

ii. Í stað færslunnar fyrir staðareininguna „DE25713 LUDWIGSLUST“ komi eftirfarandi:

„DE33113	LUDWIGSLUST-PARCHIM“
----------	----------------------

iii. Í stað færslunnar fyrir staðareininguna „DE16913 NORDVORPOMMERN“ komi eftirfarandi:

„DE42513	VORPOMMERN-RÜGEN“
----------	-------------------

- iv. Í stað færslunnar fyrir staðareininguna „DE01513 OSTVORPOMMERN UND HANSESTADT GREIFSWALD“ komi eftirfarandi:

„DE01513	VORPOMMERN-GREIFSWALD“
----------	------------------------

- v. Eftirfarandi færslur fyrir svæðisbundnu eininguna „DE00013 MECKLENBURG-VORPOMMERN“ falli brott:

„DE17413	GÜSTROW“
„DE30213	MECKLENBURG STRELITZ“
„DE44913	MÜRITZ“
„DE29213	NEUBRANDENBURG STADT“
„DE33113	PARCHIM“
„DE04913	RÜGEN“
„DE42513	STRALSUND HANSESTADT“
„DE33213	UECKER-RANDOW“

- vi. Í stað færslunnar fyrir staðareininguna „DE40903 SOLTAU-FALLINGBOSTEL, LANDKREIS“ komi eftirfarandi:

„DE40903	HEIDEKREIS, LANDKREIS“
----------	------------------------

- vii. Í stað færslunnar fyrir svæðisbundnu eininguna „DE00014 SACHSEN“ komi eftirfarandi:

„DE02514	ERZGEBIRGSKREIS
DE04414	BAUTZEN, LANDKREIS
DE07814	CHEMNITZ STADT
DE15814	ZWICKAU, LANDKREIS
DE09214	NORDSACHSEN, LANDKREIS
DE10514	DRESDEN LANDESHAUPTSTADT
DE24314	LEIPZIG STADT
DE24414	LEIPZIG LANDKREIS
DE48414	GÖRLITZ, LANDKREIS
DE27414	MEISSEN, LANDKREIS
DE17714	MITTELSACHSEN, LANDKREIS
DE02614	VOGTLANDKREIS
DE10014	SÄCHSISCHE SCHWEIZ-OSTERZGEBIRGE, LANDKREIS“

- b) Í þeim hluta sem varðar Eistland komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir staðareininguna „EE00300 EDISE“:

„EE00300	IDA-VIRUMAA.“
----------	---------------

- c) Í þeim hluta sem varðar Írland komi eftirfarandi í stað allra staðareininga:

„IE00200	CAVAN TOWN
IE00400	CORK CITY
IE10400	CLONAKILTY
IE00500	RAPHOE

IE00700	GALWAY CITY
IE00800	TRALEE
IE00900	NAAS
IE11200	DRUMSHANBO
IE01300	LIMERICK CITY
IE01600	CASTLEBAR
IE01700	NAVAN
IE01900	TULLAMORE
IE02000	ROSCOMMON TOWN
IE12100	TIPPERARY TOWN
IE02300	WATERFORD CITY
IE02500	ENNISCORTHY
IE10900	ROSSLARE

d) Þeim hluta sem varðar Ungverjaland er breytt sem hér segir:

- i. Í stað færslunnar fyrir miðlægu eininguna „HU00000 MINISTRY OF AGRICULTURE AND RURAL DEVELOPMENT ANIMAL HEALTH AND FOOD CONTROL DEPARTMENT“ komi eftirfarandi:

„HU00000	MINISTRY OF RURAL DEVELOPMENT“
----------	--------------------------------

- ii. Í stað færslunnar fyrir staðareininguna „HU00100 BUDAPEST“ komi eftirfarandi:

„HU00100	PEST“
----------	-------

- iii. Færslan fyrir eftirfarandi staðareiningu falli brott:

„HU01400	GÖDÖLLÓ“
----------	----------

e) Þeim hluta sem varðar Austurríki er breytt sem hér segir:

- i. Í stað færslunnar fyrir staðareininguna „AT00609 JUDENBURG“ komi eftirfarandi:

„AT00609	MURTAL“
----------	---------

- ii. Færslan fyrir eftirfarandi staðareiningu falli brott:

„AT00610	KNITTELFELD“
----------	--------------

## FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/36/81

frá 27. júlí 2012

## um breytingu á ákvörðun 2009/821/EB að því er varðar skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum

(tilkynnt með númeri C(2012) 5187)

(2012/450/ESB) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan Bandalagsins með tiltekkin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á <sup>(1)</sup>, einkum 1. og 3. mgr. 20. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem eru flutt til Bandalagsins frá þriðju löndum og breytingu á tilskipunum 89/662/EBE, 90/425/EBE og 90/675/EBE <sup>(2)</sup>, einkum annarri setningu annarrar undirgreinar 4. mgr. 6. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum <sup>(3)</sup>, einkum 2. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB frá 28. september 2009 um að taka saman skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum, um að mæla fyrir um tiltekna reglur um skoðanir, sem framkvæmdar eru af heilbrigðissérfræðingum Bandalagsins á sviði dýra og dýraafurða og um að mæla fyrir um dýralæknæiningar í Traces-tölvukerfinu <sup>(43)</sup> er mælt fyrir um skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem eru samþykktar í samræmi við tilskipanir 91/496/EBE og 97/78/EB. Umrædd skrá er sett fram í I. viðauka við þá ákvörðun.
- 2) Í kjölfar orðsendinga frá Tékklandi, Þýskalandi, Spáni, Ítalíu, Portúgal og Bretlandi skal breyta færslunum fyrir skoðunarstöðvar á landamærum í þessum aðildarríkjum í skránni í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.
- 3) Í kjölfar fullnægjandi skoðana skoðunarþjónustu framkvæmdastjórnarinnar, Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofunnar, skal bæta nýjum skoðunarstöðvum á landamærum við Jade-Weser-Port Wilhelmshaven-höfnina í

Þýskalandi, á Riga-flugvelli í Lettlandi og á flugvellinum í Edinborg, Bretlandi við færslurnar fyrir þessi aðildarríki í skránni í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.

- 4) Því til viðbótar hefur Ítalía tilkynnt að fella skuli tímabundið úr gildi samþykki fyrir skoðunarstöðinni á landamærunum á Milano-Linate-flugvelli og aflétta tímabundinni niðurfellingu á samþykki fyrir skoðunarstöðinni á landamærunum við Torino-Caselle. Því ber að breyta skránni yfir færslur, sem varða það aðildarríki, í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB til samræmis við það.
- 5) Því til viðbótar hefur Lettland tilkynnt að fella skuli tímabundið úr gildi samþykki fyrir skoðunarstöðinni á landamærunum við Patarnieki og af þeim sökum skal samsvarandi færslu fyrir það aðildarríki í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB breytt til samræmis við það.
- 6) Því ber að breyta ákvörðun 2009/821/EB til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB er breytt til samræmis við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. júlí 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John DALLI

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 203, 31.7.2012, bls. 68. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2013 frá 14. júní 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 67, 28.11.2013, bls. 1.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 29.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 268, 24.9.1991, bls. 56.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 296, 12.11.2009, bls. 1.

## VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Í þeim hluta sem varðar Tékkland komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir Praha-Ruzyně-flugvöll:

„Praha-Ruzyně	CZ PRG 4	A		HC(2), NHC-T(CH)(2), NHC-NT(2)	O“
---------------	----------	---	--	--------------------------------------	----

- 2) Þeim hluta sem varðar Þýskaland er breytt sem hér segir:

- a) Færslan fyrir höfnina í Brake falli brott.

- b) Í stað færslunnar fyrir flugvöllinn í Düsseldorf komi eftirfarandi:

„Düsseldorf	DE DUS 4	A		HC(2), NHC-T(CH)(2), NHC-NT(2)“	
-------------	----------	---	--	---------------------------------------	--

- c) Eftirfarandi færsla fyrir nýja skoðunarstöð á landamærum við Jade-Weser-höfn komi á milli færslunnar fyrir Hannover-Langenhagen-flugvöll og færslunnar fyrir flugvöllinn í Köln:

„Jade-Weser-Port Wilhelmshaven	DE WVN 1	P		HC, NHC-T(FR), NHC-NT“	
-----------------------------------	----------	---	--	------------------------------	--

- 3) Þeim hluta sem varðar Spán er breytt sem hér segir:

- a) Í stað færslunnar fyrir höfnina í Almería komi eftirfarandi:

„Almería	ES LEI 4	P		HC, NHC	O“
----------	----------	---	--	------------	----

- b) Í stað færslunnar fyrir Villagarcía-Ribeira-Caramiñal-höfnina komi eftirfarandi:

„Villagarcía-Ribeira- Caramiñal	ES RIB 1	P	Villagarcía	HC, NHC	
			Ribeira	HC	
			Caramiñal	HC“	

- 4) Þeim hluta sem varðar Ítalíu er breytt sem hér segir:

- a) Í stað færslunnar fyrir flugvöllinn í Bergamo komi eftirfarandi:

„Bergamo	IT BLQ 4	A		HC(2), NHC(2)“	
----------	----------	---	--	-------------------	--

- b) Í stað færslunnar fyrir Livorno-Pisa-höfn komi eftirfarandi:

„Livorno-Pisa	IT LIV 1	P	Porto Commerciale	HC, NHC-NT	
			Sintermar (*)	HC (*), NHC (*)	
			Lorenzini	HC, NHC-NT	
			Terminal Darsena Toscana	HC, NHC-NT, NHC-T(FR)“	

- c) Í stað færslunnar fyrir Milano-Linate-flugvöll komi eftirfarandi:

„Milano-Linate	IT LIN 4	A		HC(2) (*), NHC-T(2) (*), NHC-NT (*)“	
----------------	----------	---	--	--	--

- d) Í stað færslunnar fyrir Milano-Malpensa-flugvöll komi eftirfarandi:

„Milano-Malpensa	IT MXP 4	A	Magazzini aeropotuali ALHA	HC(2), NHC(2)	
			SEA		U, E
			Cargo City MLE	HC(2)	O“

- e) Í stað færslunnar fyrir Torino-Caselle-flugvöll komi eftirfarandi:

„Torino-Caselle	IT CTI 4	A		HC(2), NHC-NT(2)“	
-----------------	----------	---	--	----------------------	--

- 5) Þeim hluta sem varðar Lettland er breytt sem hér segir:

- a) Í stað færslunnar fyrir Patarnieki-veg komi eftirfarandi:

„Patarnieki (*)	LV PAT 3	R	IC 1 (*)	HC (*), NHC-T(CH) (*), NHC-NT (*)	
			IC 2 (*)		U (*), E (*), O (*)“

- b) Eftirfarandi færsla fyrir nýja skoðunarstöð á landamærum við flugvöllinn í Riga komi á milli færslunnar fyrir járnbrautarstöðina í Rēzekne og færslunnar fyrir höfnina í Riga (Riga-höfn):

„Riga ( <i>Airport</i> )	LV RIX 4	A		HC-T(FR)(2)“	
--------------------------	----------	---	--	--------------	--

- 6) Í þeim hluta sem varðar Portúgal falli færslan fyrir höfnina í Aveiro brott.

- 7) Þeim hluta sem varðar Bretland er breytt sem hér segir:

- a) Eftirfarandi færsla fyrir nýja skoðunarstöð á landamærum við flugvöllinn í Edinborg komi á milli færslunnar fyrir höfnina í Bristol og færslunnar fyrir höfnina í Falmouth:

„Edinburgh	GB EDI 4	A	Extrordinair		O“
------------	----------	---	--------------	--	----

- b) Í stað færslunnar fyrir höfnina í Hull komi eftirfarandi:

„Hull	GB HUL 1	P		HC-T(1)(3), HC-NT(1)(3)“	
-------	----------	---	--	-----------------------------	--



## FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/36/82

frá 6. desember 2012

## um breytingu á ákvörðun 2009/821/EB að því er varðar skrárnar yfir skoðunarstöðvar á landamærum og dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu

(tilkynnt með númeri C(2012) 8889)

(2012/762/ESB) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan Bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á <sup>(1)</sup>, einkum 1. og 3. mgr. 20. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem eru flutt til Bandalagsins frá þriðju löndum og breytingu á tilskipunum 89/662/EBE, 90/425/EBE og 90/675/EBE <sup>(2)</sup>, einkum annarri setningu annarrar undirgreinar 4. mgr. 6. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum <sup>(3)</sup>, einkum 2. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB frá 28. september 2009 um að taka saman skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum, um að mæla fyrir um tilteknar reglur um skoðanir, sem framkvæmdar eru af heilbrigðissérfræðingum framkvæmdastjórnarinnar á sviði dýra og dýraafurða og um að mæla fyrir um dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu <sup>(4)</sup> er mælt fyrir um skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem eru samþykktar í samræmi við tilskipanir 91/496/EBE og 97/78/EB. Umrædd skrá er sett fram í I. viðauka við þá ákvörðun.

2) Athugasemd 15 í sérstöku athugasemdunum í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB á við um

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 336, 8.12.2012, bls. 94. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2013 frá 14. júní 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 67, 28.11.2013, bls. 3.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 29.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 268, 24.9.1991, bls. 56.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 296, 12.11.2009, bls. 1.

gildistíma bráðabirgðasamþykkis fyrir skoðunarstöðina á landamærunum við höfnina í Marseille þar til framkvæmdum lýkur við að uppfæra starfsstöðina þannig að hún uppfylli að öllu leyti kröfurnar sem mælt er fyrir um í löggjöf Sambandsins. Það bráðabirgðasamþykki gildi til 1. júlí 2012. Frakkland hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni að framkvæmdunum sé lokið og að skoðunarmiðstöðin Hangar 23 hafi verið í notkun frá 1. júlí 2012. Því skal fella brott athugasemd 15 í sérstöku athugasemdunum í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB og breyta færslunni um skoðunarstöðina á landamærunum við höfnina í Marseille til samræmis við það. Vegna réttarvissu skulu þessar breytingar gilda afturvirkir.

3) Í kjölfar orðsendinga frá Danmörku, Spáni, Frakklandi, Ítalíu, Slóvakíu og Bretlandi skal breyta færslunum fyrir skoðunarstöðvar á landamærum í þessum aðildarríkjum í skránni í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.

4) Þýskaland hefur tilkynnt að fella skuli skoðunarstöðina á landamærunum við Stuttgart-flugvöll brott úr skránni yfir færslur sem varða það aðildarríki. Til samræmis við það ber því að breyta skránni yfir færslur sem varða það aðildarríki í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.

5) Endurskoðunarþjónusta framkvæmdastjórnarinnar (áður nefnd skoðunarþjónusta framkvæmdastjórnarinnar), Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofan, gerði úttekt á Spáni og lagði í kjölfarið fram allnokkur tilmæli til aðildarríkisins. Spánn hefur tilkynnt að fella skuli tímabundið úr gildi samþykkið fyrir skoðunarmiðstöðinni „Laxe“ í skoðunarstöðinni á landamærunum við A Coruña-Laxe-höfn, fyrir skoðunarstöðvunum á landamærunum við flugvellina við Ciudad Real og Sevilla, skoðunarmiðstöðinni „Puerto Exterior“ í skoðunarstöðinni á landamærunum í Huelva og skoðunarmiðstöðinni „Protea Productos del Mar“ í skoðunarstöðinni á landamærunum við höfnina í Marín. Því ber að breyta færslunum í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB, sem varða þessar skoðunarstöðvar á landamærum, til samræmis við það.

6) Ítalía hefur tilkynnt að fella skuli skoðunarstöðina á landamærunum við Ancona-flugvöll brott úr skránni yfir færslur sem varða það aðildarríki. Til samræmis við það ber því að breyta skránni yfir færslur sem varða það aðildarríki í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.

- 7) Í kjölfar orðsendingar frá Lettlandi skal aflétta tímabundinni niðurfellingu samþykkis fyrir skoðunarstöðinni á landamærunum við Patarnieki og samsvarandi færslu fyrir það aðildarríki í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB skal því breytt til samræmis við það.
- 8) Í II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB er mælt fyrir um skrá yfir miðlægar einingar, svæðisbundnar einingar og staðareiningar í samþætta, tölvuvædda upplýsingakerfinu um heilbrigði dýra og dýraafurða (Traces-kerfinu).
- 9) Í kjölfar orðsendinga frá Þýskalandi og Ítalíu skal gera tiltekna breytingar á skránni yfir svæðisbundnar einingar og staðareiningar í Traces-kerfinu að því er varðar þessi aðildarríki, sem mælt er fyrir um í II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.
- 10) Því ber að breyta ákvörðun 2009/821/EB til samræmis við það.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra,

## SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum I. og II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

*2. gr.*

Breytingarnar sem settar eru fram í a-lið 1. liðar og ii. lið e-liðar í 1. lið viðaukans skulu gilda frá 1. júlí 2012.

*3. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. desember 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Tonio BORG

*framkvæmdastjóri.*

## VIÐAUKI

Ákvæðum I. og II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

- a) Athugasemd 15 í sérstöku athugasemdunum falli brott.
- b) Í þeim hluta sem varðar Danmörku komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir flugvöllinn í Kaupmannahöfn:

„København	DK CPH 4	A	Centre 1	NHC(2)	
			Centre 3		U, E, O
			Centre 4	HC(2) <sup>44</sup>	

c) Í þeim hluta sem varðar Þýskaland falli færslan fyrir Stuttgart-flugvöll brott.

d) Þeim hluta sem varðar Spán er breytt sem hér segir:

i. Í stað færslunnar fyrir A Coruña-Laxe-höfn komi eftirfarandi:

„A Coruña-Laxe	ES LCG 1	P	A Coruña	HC, NHC	
			Laxe (*)	HC (*) <sup>44</sup>	

ii. Í stað færslunnar fyrir Ciudad Real-flugvöllinn komi eftirfarandi:

„Ciudad Real (*)	ES CQM 4	A		HC(2) (*), NHC(2) (*) <sup>44</sup>	
------------------	----------	---	--	-------------------------------------	--

iii. Í stað færslunnar fyrir höfnina í Huelva komi eftirfarandi:

„Huelva	ES HUV 1	P	Puerto Interior	HC-T(FR)(2), HC-T(CH)(2)	
			Puerto Exterior (*)	NHC-NT (*) <sup>44</sup>	

iv. Í stað færslunnar fyrir höfnina í Marín komi eftirfarandi:

„Marín	ES MAR 1	P		HC, NHC-T(FR), NHC-NT	
			Protea Productos del Mar (*)	HC-T(FR)(3) (*) <sup>44</sup>	

v. Í stað færslunnar fyrir flugvöllinn og höfnina í Sevilla komi eftirfarandi:

„Sevilla (*)	ES SVQ 4	A		HC(2) (*), NHC(2) (*)	O (*)
Sevilla	ES SVQ 1	P		HC(2), NHC(2) <sup>44</sup>	

vi. Í stað færslunnar fyrir höfnina í Vigo komi eftirfarandi:

„Vigo	ES VGO 1	P	T.C. Guixar	HC, NHC-T(FR), NHC-NT	
			Frioya	HC-T(FR)(2)(3)	
			Frigalsa	HC-T(FR)(2)(3)	
			Pescanova	HC-T(FR)(2)(3)	
			Puerto Vieira	HC-T(FR)(2)(3)	
			Fandicosta	HC-T(FR)(2)(3)	
			Frig. Morrazo	HC-T(FR)(3) <sup>44</sup>	

vii. Í stað færslunnar fyrir höfnina í Vilagarcía-Ribeira-Caramiñal komi eftirfarandi:

„Vilagarcía-Ribeira-Caramiñal	ES RIB 1	P	Vilagarcía	HC, NHC	
			Ribeira	HC-T(FR)(3)	
			Caramiñal	HC-T(FR)(3) <sup>44</sup>	

e) Þeim hluta sem varðar Frakkland er breytt sem hér segir:

i. Í stað færslunnar fyrir höfnina í Le Havre komi eftirfarandi:

„Le Havre	FR LEH 1	P	Route des Marais	HC-T(1), HC-NT, NHC	
			Dugrand	HC-T(FR)(1)(2)	
			EFBS	HC-T(1)(2)	
			Fécamp	HC-NT(6), NHC-NT(6) <sup>44</sup>	

ii. Í stað færslunnar fyrir höfnina í Marseille komi eftirfarandi:

„Marseille Port	FR MRS 1	P	Hangar 14		E
			Hangar 23	HC-T(1)(2), HC-NT(2) <sup>44</sup>	

iii. Í stað færslunnar fyrir Nice-flugvöllinn komi eftirfarandi:

„Nice	FR NCE 4	A		HC-T(CH)(1)(2), NHC-NT(2)	O(14) <sup>44</sup>
-------	----------	---	--	---------------------------	---------------------

f) Þeim hluta sem varðar Ítalíu er breytt sem hér segir:

i. Færslan fyrir Ancona-flugvöllinn falli brott.

- ii. Í stað færslunnar fyrir Roma-Fiumicino-flugvöllinn komi eftirfarandi:

„Roma-Fiumicino	IT FCO 4	A	Nuova Alitalia	HC(2), NHC-NT(2)	O(14)
			FLE	HC(2), NHC(2)	
			Isola Veterinaria ADR		U, E, O“

- g) Í þeim hluta sem varðar Lettland komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir veginn við Patarnieki:

„Patarnieki	LV PAT 3	R	IC 1	HC, NHC-T(CH), NHC-NT	
			IC 2		U, E, O“

- h) Í þeim hluta sem varðar Slóvakíu komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir veginn við Vyšné Nemecké:

„Vyšné Nemecké	SK VYN 3	R	IC 1	HC, NHC	
			IC 2		U, E, O“

- i) Í þeim hluta sem varðar Bretland komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir höfnina í Falmouth:

„Falmouth	GB FAL 1	P	HC-T(1)(3), HC-NT(1)(3)“	
-----------	----------	---	--------------------------	--

- 2) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

- a) Þeim hluta sem varðar Þýskaland er breytt sem hér segir:

- i. Í stað færslunnar fyrir staðareininguna „DE17413 ROSTOCK“ komi eftirfarandi:

„DE17413	ROSTOCK, LANDKREIS“
----------	---------------------

- ii. Í stað færslunnar fyrir staðareininguna „DE16713 NORTHWEST-MECKLENBURG“ komi eftirfarandi:

„DE16713	NORTHWESTMECKLENBURG“
----------	-----------------------

- b) Þeim hluta sem varðar Ítalíu er breytt sem hér segir:

- i. Í stað færslunnar fyrir svæðisbundnu eininguna „IT00013 ABRUZZO“ komi eftirfarandi:

„IT00213	LANCIANO-VASTO-CHIETI
IT00413	AVEZZANO-SULMONA-L'AQUILA
IT00513	PESCARA
IT00613	TERAMO“

- ii. Eftirfarandi færslur fyrir svæðisbundnu eininguna „T00017 BASILICATA“ falli brott:

„IT00317	LAGONEGRO
IT00517	MONTALBANO JONICO
IT00117	VENOSA“

- iii. Í stað færslanna fyrir svæðisbundnu eininguna „IT00015 CAMPANIA“ komi eftirfarandi:

„IT00115	AVELLINO
IT00315	BENEVENTO
IT00415	CASERTA
IT00615	NAPOLI 1 CENTRO
IT00915	NAPOLI 2 NORD
IT01015	NAPOLI 3 SUD
IT01115	SALERNO“

- iv. Eftirfarandi færslur fyrir svæðisbundnu eininguna „IT00008 EMILIA-ROMAGNA“ falli brott:

„IT00708	BOLOGNA NORD
IT00508	BOLOGNA SUD“

- v. Í stað færslanna fyrir svæðisbundnu eininguna „IT00011 MARCHE“ komi eftirfarandi:

„IT0711	A.S.U.R. ANCONA“
---------	------------------

- vi. Í stað færslanna fyrir svæðisbundnu eininguna „IT00014 MOLISE“ komi eftirfarandi:

„IT00314	A.S.R.E.M.“
----------	-------------

- vii. Í stað færslanna fyrir svæðisbundnu eininguna „IT00016 PUGLIA“ komi eftirfarandi:

„IT00116	BAT
IT00216	BA
IT00616	BR
IT00716	FG
IT01016	LE
IT01216	TA“

- viii. Í stað færslanna fyrir svæðisbundnu eininguna „IT00019 SICILIA“ komi eftirfarandi:

„IT00119	ASP — AGRIGENTO
IT00219	ASP — CALTANISSETTA
IT00319	ASP — CATANIA

IT00419	ASP — ENNA
IT00519	ASP — MESSINA
IT00619	ASP — PALERMO
IT00719	ASP — RAGUSA
IT00819	ASP — SIRACUSA
IT00919	ASP — TRAPANI“

- ix. Í stað færslunnar fyrir svæðisbundnu eininguna „IT00004 TRENINO-ALTO ADIGE“ komi eftirfarandi:

„IT00141	A.S. DELLA P.A. DI BOLZANO
IT00542	TRENTO“

- x. Eftirfarandi færslur fyrir svæðisbundnu eininguna „IT00010 UMBRIA“ falli brott:

„IT00510	TERNI“
----------	--------

- xi. Í stað færslunnar fyrir staðareininguna „IT00102 VALLE D’AOSTA“ komi eftirfarandi:

„IT00102	AOSTA“
----------	--------

- xii. Í stað færslunnar fyrir staðareininguna „IT01505 ALTA PADOVANA“ komi eftirfarandi:

„IT01505	CITTADELLA“
----------	-------------

- xiii. Í stað færslunnar fyrir staðareininguna „IT01705 CONSELVE“ komi eftirfarandi:

„IT01705	ESTE MONSELICE MONTAGNANA“
----------	----------------------------

- xiv. Í stað færslunnar fyrir staðareininguna „IT00305 MAROSTICA“ komi eftirfarandi:

„IT00305	BASSANO DEL GRAPPA“
----------	---------------------

- xv. Í stað færslunnar fyrir staðareininguna „IT02205 VILLAFRANCA“ komi eftirfarandi:

„IT02205	BUSSOLENGO“
----------	-------------

## FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/36/83

frá 13. desember 2012

um breytingu á ákvörðun 2010/221/ESB að því er varðar landsráðstafanir til að koma í veg fyrir að tilteknir lagardýrasjúkdómar berist til hluta Írlands, Finnlands og Bretlands

(tilkynnt með númeri C(2012) 9295)

(2012/786/ESB) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum<sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 43. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/221/ESB frá 15. apríl 2010 um samþykki á landsráðstöfunum til að takmarka áhrif tiltekinna sjúkdóma í lagareldisdýrum og villtum lagardýrum í samræmi við 43. gr. tilskipunar ráðsins 2006/88/EB<sup>(2)</sup> er tilteknum aðildarríkjum heimilað að beita takmörkunum á sendingar af þessum dýrum til að koma í veg fyrir aðflutning á tilteknum sjúkdómum inn á yfirráðasvæði þeirra, að því tilskildu að þau hafi annaðhvort sýnt fram á að yfirráðasvæði þeirra, eða tiltekin afmörkuð svæði á yfirráðasvæði þeirra, séu laus við slíka sjúkdóma, eða komið á útrýmingar- eða eftirlitsáætlun til að verða laus við slíka sjúkdóma.
- 2) Svæði inn til landsins á yfirráðasvæði Finnlands og Svíþjóðar eru skráð í II. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB sem yfirráðasvæði sem hafa innleitt samþykkt útrýmingaráætlun að því er varðar nýrnaveiki.
- 3) Í samræmi við það eru með ákvörðun 2010/221/ESB samþykktar tilteknar landsráðstafanir sem Finnland hefur gripið til varðandi sendingar af lagareldisdýrum af smitnæmum tegundum til þessara svæða.
- 4) Finnland hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni að þó að árangur hafi náðst á mörgum svæðum sé smit af völdum nýrnaveiki enn til staðar á sumum svæðum. Því hefur Finnland óskað eftir að Vesjjarvi-vatnasviðið verði útilokað úr útrýmingaráætluninni. Breyta ber II. viðauka til samræmis við það.
- 5) Í III. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB eru sem stendur skráð níu hólfa á yfirráðasvæði Írlands, sem hafa

innleitt samþykkt eftirlitsáætlun að því er varðar ostruherpesveiru 1 μvar (OsHV-1 μvar).

- 6) Írland hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni um að OsHV-1 μvar hafi greinst í Drumcliff í hólfi 3, í mynni Shannon-ár innan hólfs 6 og í Oysterhaven Bay innan hólfs 9. Af þessum sökum ber að breyta landfræðilegri afmörkun þessara hólfa í III. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB.
- 7) Í III. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB eru skráð yfirráðasvæði Stóra-Bretlands, Norður-Írlands og Guernsey sem hafa innleitt samþykkt eftirlitsáætlun að því er varðar OsHV-1 μvar.
- 8) Bretland hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni um að OsHV-1 μvar hafi greinst á Englandi og á Norður-Írlandi. Af þessum sökum ber að breyta landfræðilegri afmörkun þessara yfirráðasvæða í III. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB.
- 9) Því ber að breyta ákvörðun 2010/221/ESB til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra,

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað II. og III. viðauka við ákvörðun 2010/221/EB komi textinn í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. desember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Tonio BORG

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 347, 15.12.2012, bls. 36. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2013 frá 14. júní 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 67, 28.11.2013, bls. 3.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 98, 20.4.2010, bls. 7.



## VIÐAUKI

## „II. VIÐAUKI

**Aðildarríki og hlutar þeirra sem hafa innleitt útrýmingaráætlanir að því er varðar tiltekna sjúkdóma í lagareldisdýrum og þar sem landsráðstafanir til að verjast þessum sjúkdómum hafa verið samþykktar í samræmi við 2. mgr. 43. gr. tilskipunar 2006/88/EB**

Sjúkdómur	Aðildarríki	Kóði	Landfræðileg afmörkun svæðisins sem fellur undir samþykktar landsráðstafanir
Nýrnaveiki (BKD)	Finland	FI	Eftirfarandi vatnasvið: Kymijoki (að undanskildu Vesijärvi-vatnasviðinu), Juustilanjoki, Hounijoki, Tervajoki, Vilajoki, Urpalanjoki, Vaalimaanjoki, Virojoki, Vehkajoki, Summajoki, Vuoksi, Jänisjoki, Kiteenjoki-Tohmajoki, Hiitolanjoki, Tenojoki, Näätämöjoki, Uutuanjoki, Paatsjoki, Tuulomajoki
	Svíþjóð	SE	Svæði inn til landsins á yfirráðasvæði þess
Brisdrepsveira (IPN)	Svíþjóð	SE	Strandsvæði á yfirráðasvæði hennar

## III. VIÐAUKI

**Aðildarríki og svæði sem hafa innleitt eftirlitsáætlanir að því er varðar ostruherpesveiru 1 μvar (OsHV-1 μvar) og þar sem landsráðstafanir til að verjast þessum sjúkdómi hafa verið samþykktar í samræmi við 2. mgr. 43. gr. tilskipunar 2006/88/EB**

Sjúkdómur	Aðildarríki	Kóði	Landfræðileg afmörkun svæða sem hafa innleitt samþykktar landsráðstafanir (Aðildarríki, svæði og hólfi)
Ostruherpesveira 1 μvar (OsHV-1 μvar)	Írland	IE	Hólf 1: Sheephaven Bay Hólf 2: Gweebara Bay Hólf 3: Killala Bay, Broadhaven Bay og Blacksod Bay Hólf 4: Streamstown Bay Hólf 5: Bertraghboy Bay og Galway Bay Hólf 6: Poulnasharry Bay, Askeaton Bay og Ballylongford Bay Hólf 7: Kenmare Bay Hólf 8: Dunmanus Bay Hólf 9: Kinsale Bay
	Bretland	UK	Yfirráðasvæði Stóra-Bretlands, að undanskildum Whitstable Bay, Kent Yfirráðasvæði Norður-Írlands, að undanskildum Killough Bay, Lough Foyle, Carlingford Lough og Strangford Lough Yfirráðasvæði Guernsey“

## FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/36/84

frá 24. janúar 2013

um viðmiðunarreglur um framkvæmd sérstakra skilyrða sem varða heilsufullyrðingar sem mælt er fyrir um í 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006

(2013/63/ESB) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli<sup>(1)</sup>, einkum 4. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 4. mgr. 10 gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 er kveðið á um möguleika á að samþykka viðmiðunarreglur um framkvæmd þeirrar greinar varðandi sérstök skilyrði fyrir heilsufullyrðingar.
- 2) Bæði landsbundin eftirlitsyfirvöld og stjórnendur matvælafyrirtækja hafa borið fram spurningar varðandi framkvæmd 2. og 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006. Til að tryggja samræmi í beitingu þessara ákvæða og til að auðvelda starf eftirlitsyfirvalda og tryggja rekstraraðilum meiri skýrleika og vissu er rétt að gefa út viðmiðunarreglur.
- 3) Landsbundin eftirlitsyfirvöld og stjórnendur matvælafyrirtækja skulu taka tillit til þeirra viðmiðunarreglna

sem settar eru fram í viðaukanum við þessa ákvörðun. Samráð var haft við hagsmunaaðila, einkum stjórnendur matvælafyrirtækja og neytendahópa, 12. október 2012.

- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra<sup>(2)</sup>.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Viðmiðunarreglur um framkvæmd 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 eru settar fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 24. janúar 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 22, 25.1.2013, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2013 frá 14. júní 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 67, 28.11.2013, bls. 13.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9.

(<sup>2</sup>) [http://ec.europa.eu/food/committees/regulatory/scfcah/general\\_food/index\\_en.htm](http://ec.europa.eu/food/committees/regulatory/scfcah/general_food/index_en.htm)

## VIÐAUKI

**Viðmiðunarreglur um framkvæmd sérstakra skilyrða sem varða heilsufullyrðingar sem mælt er fyrir um í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006****Inngangur**

Eftirfarandi viðmiðunarreglum er beint til landsbundinna eftirlitsyfirvalda og stjórnenda matvælafyrirtækja að því er varðar framkvæmd 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli (hér á eftir nefnd „reglugerðin“). Heilsufullyrðingar eru öll valfrjáls skilaboð eða hvers konar framsetning í viðskiptalegum tilgangi s.s. orð, yfirlýsingar, myndir, kennimerki o.s.frv. þar sem er fullyrft, látið að því liggja eða gefið í skyn að tengsl séu milli matvælna, sem eru viðfangsefni fullyrðinganna, og heilbrigðis.

Í 10. gr. er mælt fyrir um sérstök skilyrði fyrir leyfilegri notkun á leyfðum heilsufullyrðingum. Þau ákvæði skulu virt ásamt almennu meginreglum og kröfunum sem eiga við um allar fullyrðingar, (t.d. 3. gr. reglugerðarinnar og ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB<sup>(3)</sup> og tilskipunar ráðsins 84/450/EEC<sup>(4)</sup> sem rekstraráðilar sem nota heilsufullyrðingar verða einnig að virða), skilyrðunum fyrir notkun næringar- og heilsufullyrðinganna sem fastsettar eru í 4. gr. og almennu skilyrðunum fyrir öllum fullyrðingum sem kveðið er á um í 5. gr. svo og sérstöku skilyrðunum fyrir notkun sem gert er ráð fyrir á listanum yfir leyfilegar heilsufullyrðingar. Ef til dæmis er um að ræða heilsufullyrðingar um að dregið sé úr sjúkdómsáhættu, sem um getur í a-lið 1. mgr. 14. gr., er gerð krafa um viðbótarupplýsingar skv. 2. mgr. 14. gr. Mikilvægt er að veita því athygli að ekki er einu sinni heimilt að nota leyfðar heilsufullyrðingar nema notkun þeirra sé að öllu leyti í samræmi við allar kröfur reglugerðarinnar. Til samræmis við það skulu landsyfirvöld grípa til aðgerða ef notkunin er ekki í samræmi við kröfur reglugerðarinnar, jafnvel þó að fullyrðing sé leyfileg og á listanum yfir leyfilegar heilsufullyrðingar.

Það yrði auðveldara að ná fram samræmi við ákvæði reglugerðarinnar og einkum 10. gr. ef stjórnandi matvælafyrirtækis getur sýnt fram á tilhlýðilega kostgæfni og ráðstafanir sem hafi verið gerðar til að fara að öllum hlutum reglugerðarinnar.

**1. Bann við heilsufullyrðingum sem eru ekki leyfðar og heilsufullyrðingum sem eru ekki notaðar í samræmi við reglugerðina – 1. mgr. 10. gr.**

Í 1. mgr. 10. gr. er kveðið á um að allar heilsufullyrðingar séu bannaðar nema: a) framkvæmdastjórnin hafi leyft þær og b) notkun þeirra sé í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Heilsufullyrðingar þurfa að hafa verið leyfðar samkvæmt videigandi málsmeðferð, sem kveðið er á um í reglugerðinni, og settar á einn af listunum yfir leyfilegar heilsufullyrðingar sem um getur í 3. mgr. 13. gr. og 1. mgr. 14. gr. Heilsufullyrðingar sem eru ekki leyfðar (eru ekki á einum af listunum yfir leyfilegar heilsufullyrðingar) og heilsufullyrðingar sem hafa verið leyfðar (eru á einum af listunum yfir leyfilegar heilsufullyrðingar) en notkun þeirra er ekki í samræmi við reglurnar sem settar eru fram í reglugerðinni, eru bannaðar.

**2. Lögboðnar upplýsingar sem fylgja leyfðum heilsufullyrðingum - 2. mgr. 10. gr.****2.1. Greinarmunur á þremur tilvikum varðandi framkvæmd 2. mgr. 10. gr.**

Til að farið sé að ákvæðum reglugerðarinnar er gerð sú krafa í samræmi við 2. mgr. 10. gr. að neytandinn fái tvenns konar eða, eftir því sem við á, ferns konar lögboðnar upplýsingar varðandi notkun heilsufullyrðingar. Upplýsingarnar, sem mælt er fyrir um í a- til d-lið 2. mgr. 10. gr., skulu koma fram í merkingu matvælna eða, ef slík merking er ekki fyrir hendi, í kynningum þeirra og auglýsingum. Þetta ákvæði ber að skilja í ljósi þeirra markmiða löggjafans að tryggja öfluga neytendavernd með því að veita nákvæmar og sannar upplýsingar sem hjálpa neytendum að taka upplýsta ákvörðun.

Hugtakið „merking“ er skilgreint í a-lið 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 2000/13/EB og j-lið 2. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011<sup>(5)</sup>. Í skilgreiningunni segir: „merking“: hvers kyns orð, upplýsingar, vörumerki, tegundarheiti, myndrænt efni eða tákni sem tengist matvælum og er sett á allar umbúðir, skjöl, tilkynningar, merkimiða, hringi eða kraga sem fylgja tilteknum matvælum eða visa til þeirra“. Skilgreiningu á hugtakinu „auglýsing“ er að finna í lögum Sambandsins<sup>(6)</sup> en enga skilgreiningu á hugtakinu „kynning“ sem skal því skilja í ljósi útskýringarinnar sem veitt er í a-lið 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 2000/13/EB og b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 250, 19.9.1984, bls. 17.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 18.

<sup>(6)</sup> Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/114/EB frá 12. desember 2006 um villandi auglýsingar og samanburðarauglýsingar segir: „auglýsing“: gerð hvers konar lýsingar í hvaða formi sem er, í tengslum við verslun, viðskipti, handverk eða sérfræðistarf, í því skyni að vekja athygli á vöru eða þjónustu, þ.m.t. fasteignum, réttindum og skyldum (Stjtið. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 21).

Hægt er að setja heilsufullyrðingu í „merkinguna“ sem getur þýtt meira en eingöngu merkimiði þar eð hún nær yfir allar þær upplýsingar sem neytandinn fær um matvælin sem hún fylgir eða vísar til. Greinarmunurinn á „merking“ og „auglýsing“ er að „merking“ varðar afgreiðslu á matvælum til lokaneytandans en „auglýsing“ snýst um kynningu stjórnanda matvælafyrirtækis á afhendingu matvæla.

- a) Til að farið sé að ákvæðum 2. mgr. 10. gr. er nauðsynlegt að bæta lögboðnu upplýsingunum við merkinguna á matvælunum þar sem heilsufullyrðing er notuð.
- b) Ef „merking“ er ekki fyrir hendi skal veita lögboðnu upplýsingarnar í „auglýsing“ og „kynningu“ á matvælunum sem heilsufullyrðingin er gerð um. Ef heilsufullyrðing er t.d. notuð í almennri auglýsingaherferð fyrir matvæli (t.d. ólífuoía, mjólkurafurðir, kjöt, o.s.frv.) sem tengir hana ekki við sérstaka vöru sem hefði verið með „merkingu“ skulu lögboðnu upplýsingarnar einnig gefnar upp í „auglýsingunni“ og „kynningunni“ á þeim matvælum.

Í 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 er mælt fyrir um þá meginreglu að neytandinn skuli alltaf hafa lögboðnar upplýsingar þegar hann tekur ákvörðun varðandi kaup á matvælum. Minnst verður sérstaklega á ákvæði 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 um fjarsölu. Lögboðnar upplýsingar skulu vera tiltækar neytandanum áður en gengið er frá kaupunum og ef um er að ræða fjarsölu þar sem aðgangur að „merkingu“ er takmarkaður, skulu lögboðnar upplýsingar koma fram í kynningu og auglýsingu á matvælunum í stoðefninu fyrir fjarsöluna hvort sem um er að ræða vefsetur, vöruskrá, fylgiseðil, bréf o.s.frv.

- c) Í 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar er undanþága varðandi matvæli sem ekki eru forpökkuð, sem eru boðin lokaneytendum eða stórelðhúsum til sölu, og matvæli sem er pakkað í umbúðir á sölustað að ósk kaupanda eða forpökkuð með það í huga að selja þau strax. Þessi undanþága merkir að ekki er gerð krafa um lögboðnu upplýsingarnar sem tilgreindar eru í a- og b-lið 2. mgr. 10. gr. Hins vegar er alltaf, eftir því sem við á, gerð krafa um upplýsingarnar samkvæmt c- og d-lið 2. mgr. 10. gr.

## 2.2. Ferns konar lögboðnar upplýsingar

Samtímis því að veita stjórnendum matvælafyrirtækja tiltekinn sveigjanleika að því er varðar hvernig skal gefa upp lögboðnar upplýsingar er í reglugerðinni gert ráð fyrir að eftirfarandi ferns konar upplýsingar verði að veita þegar leyfileg heilsufullyrðing er notuð:

- a) „*Yfirlýsing þar sem greint er frá mikilvægi fjölbreyttrar og rétt samsettrar fæðu og heilbrigðs lífneris*“

Tilgangurinn með þessu ákvæði er að hjálpa neytendum að skilja sértæk jákvæð áhrif matvællanna sem bera heilsufullyrðinguna. Með því er lögð áhersla á að neytendum skuli gert ljóst að neysla á þessum tilteknu matvælum eigi að vera hluti af fjölbreyttri og rétt samsettri fæðu og að neysla þeirra skuli ekki vera óhófleg eða andstæð góðum neyslunum (18. forsenda) til að ná fram heilsusamlegri útkomu og að neysla á matvælum sem bera heilsufullyrðinguna, í tengslum við fjölbreytta og rétt samsetta fæðu, sé aðeins einn þáttur í heilbrigðu líferni.

- b) „*Það magn matvæla og það neyslumynstur sem þarf til að fá fram þau jákvæðu áhrif sem koma fram í fullyrðingunni*“

Ákvæðið tengist þeim upplýsingum sem stjórnandi matvælafyrirtækis skal veita, á grundvelli samsetningar matvællanna, til að tryggja að hægt sé að ná fullyrtu áhrifunum. Það hefur mikið að segja hvernig matvællanna er neytt og í sérstöku notkunarskilyrðunum, sem framkvæmdastjórnin setur fyrir heilsufullyrðingar þegar hún leyfir þær og skráir í skrá Sambandsins<sup>(7)</sup>, getur einnig getur verið gerð krafa um að veita neytandanum þær upplýsingar. Þetta ákvæði skal þó tryggja, að því er varðar allar heilsufullyrðingar, að neytandinn sé að fullu upplýstur um hversu mikið þarf af viðkomandi matvælum og hvernig skal neyta þeirra yfir daginn. Veita skal m.a. upplýsingar um hvort líklegt sé að fullyrtu áhrifin náist við neyslu á matvælunum í aðeins eitt eða fleiri skipti yfir daginn. Þar að auki mega upplýsingarnar ekki hvetja til óhóflegrar neyslu matvæla eða réttlæta slíka neyslu, eins og kveðið er á um í c-lið annarrar málsgreinar 3. gr. Ef ekki er hægt að uppfylla þessi skilyrði skal ekki setja fram heilsufullyrðinguna.

- c) „*Yfirlýsing, eftir því sem við á, sem beint er til einstaklinga, sem ættu að forðast að neyta matvællanna*“ og
- d) „*Viðeigandi varnaðarorð fyrir vörur sem líklegt er að hafi heilbrigðisáhrættu í för með sér ef þeirra er neytt í of miklum mæli*“.

Heimilt er að leyfa sumar fullyrðingar með takmörkunum á notkun þeirra eða ef um er að ræða efni þar sem í öðrum ákvæðum, sem gilda sérstaklega um ákveðna matvælaflokk, er gert ráð fyrir viðbótarkröfum um merkingu. Allar slíkar kröfur skulu uppfylltar og rekstraraðilar skulu fara að öllum viðkomandi ákvæðum sem gilda um matvæli og fullyrðingar. Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu þó bera ábyrgð samkvæmt almennum lögum um matvæli og fara að þeirri grundvallarkröfu að markaðssetja matvæli sem eru örugg og ekki skaðleg heilbrigði og ábyrgjast þær yfirlýsingar sem þeir nota.

<sup>(7)</sup> Skrá Sambandsins er birt á opinberu vefsetri framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, stjórnarsvið heilbrigðis- og neytendamála, <http://ec.europa.eu/nuhclaims/>

3. **Tilvísun í almenn, ósértæk, jákvæð áhrif á heilsu – 3. mgr. 10. gr.**

Samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 10. gr. er heimilt, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, að nota einfaldar og áhrifamiklar yfirlýsingar sem vísa til almennra, ósértækra, jákvæðra áhrifa matvæla fyrir gott heilsufar almennt eða heilsutengda velliðan, án fyrirframleyfis. Notkun slíkra yfirlýsinga gætu komið neytendum að gagni þar eð þeir myndu fá neytendavænni skilaboð. Neytendur geta þó auðveldlega misskilið og/eða mistúlkað þau og gætu þau hugsanlega leitt til þess að matvælin teljist hafa önnur/betri áhrif á heilsu en þau hafa í raun og veru. Af þessum sökum, þegar vísað er til almennra, ósértækra, jákvæðra áhrifa á heilsu, skulu tilteknar heilsufullyrðingar af listanum yfir leyfilegar heilsufullyrðingar í skrá Sambandsins fylgja slíkum tilvísunum. Að því er varðar reglugerðina skal sérstaka leyfða heilsufullyrðingin, sem fylgir yfirlýsingunni sem vísar til almennra, ósértækra, jákvæðra áhrifa á heilsu, vera við hliðina á eða á eftir fyrrnefndri yfirlýsingu.

Sértæku fullyrðingarnar af listanum yfir leyfilegar heilsufullyrðingar skulu vera í tengslum við almennu tilvísunina. Eftir því sem þessi tilvísun verður almennari, t.d. „fyrir gott heilsufar“, geta fleiri heilsufullyrðingar af leyfilegu listunum komið til greina til að fylgja henni. Þó skal veita þeirri staðreynd athygli að í 10. gr. eru settar reglur að því er varðar í hvaða samhengi heilsufullyrðingar eru notaðar og þar eð 10. gr. vísar sérstaklega í reglurnar í II. og IV. kafla skulu rekstraraðilar einnig taka tillit til þeirra reglna ef þeir vilja uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 10. gr. Til að forðast að villa um fyrir neytendum skulu því stjórnendur matvælaþyrirtækja bera þá ábyrgð að sýna fram á tenginguna á milli tilvísunarinnar í almenn, ósértæk, jákvæð áhrif matvæla og sértæku leyfilegu heilsufullyrðingarinnar sem fylgir henni.

Nokkrar fullyrðingar, sem lagðar voru fram í því skyni að fá leyfi, meðan á vísindalegu mati á þeim stóð voru metnar of almennar eða ósértækar til að hægt væri að leggja mat á þær. Ekki var hægt að leyfa þessar fullyrðingar og því er þær að finna á listanum yfir fullyrðingar sem ekki eru leyfilegar, í skrá Sambandsins yfir næringar- og heilsufullyrðingar. Þetta útilokar ekki að þessar fullyrðingar gætu notið góðs af ákvæðunum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 10. gr. og geti því verið notaðar á löglegan hátt þegar þeim fylgja tilteknar fullyrðingar af listanum yfir leyfilegar heilsufullyrðingar í samræmi við þá grein.

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/36/85

frá 23. nóvember 2012

um að færa bifentrín ekki á skrá fyrir vöruflokk 18 í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna

(tilkynnt með númeri C(2012) 8442)

(2012/728/ESB) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna<sup>(1)</sup>, einkum annarri undirgrein 2. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna<sup>2</sup> er skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar færslu þeirra á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB. Sú skrá nær yfir bifentrín.
- 2) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1451/2007 hefur bifentrín verið metið í samræmi við 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 98/8/EB fyrir notkun í vöruflokki 18, skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að halda öðrum liðdýrum í skefjum, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við þá tilskipun.
- 3) Frakkland var tilnefnt sem skýrslugjafaraðildarríki og lagði skýrslu lögbærs yfirvalds, ásamt tilmælum, fyrir framkvæmdastjórnina 2. nóvember 2009 í samræmi við 4. og 6. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007.
- 4) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað skýrslu lögbæra yfirvaldsins. Í samræmi við 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 voru niðurstöður endurskoðunarinnar teknar upp í matsskýrslu fastanefndarinnar um sæfivörur, 25. maí 2012.
- 5) Mat hefur leitt í ljós að gera má ráð fyrir að sæfivörur, sem eru notaðar sem skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að halda öðrum liðdýrum í skefjum og innihalda bifentrín, uppfylli ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um í

5. gr. tilskipunar 98/8/EB. Þær sviðsmyndir sem metnar voru við mat á umhverfisáhrættu sýndu óviðunandi áhrættu fyrir vatnsræna umhverfishólfið. Því þykir ekki rétt að færa bifentrín á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB fyrir notkun í vöruflokki 18.

- 6) Í þágu réttarvissu skal tilgreina þá dagsetningu þegar ekki má lengur setja sæfivörur í vöruflokki 18 sem innihalda bifentrín á markað, með tilliti til bæði óviðunandi áhrættu af völdum þessara vara og lögmætra væntinga framleiðenda þeirra.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

## SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr:

Ekki skal færa bifentrín (CAS-nr. 82657-04-3) á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB, í vöruflokki 18.

2. gr:

Að því er varðar 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 skal ekki setja á markað sæfivörur, sem falla undir vöruflokk 18 og innihalda bifentrín (CAS-nr. 82657-04-3), frá og með 1. maí 2013.

3. gr:

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. nóvember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 327, 27.11.2012, bls. 55. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 139/2013 frá 15. júlí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 72, 19.12.2013, bls. 11.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3.

## ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/36/86

frá 14. febrúar 2013

## um að færa tiltekin efni ekki á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna

(tilkynnt með númeri C(2013) 670)

(2013/85/ESB) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna<sup>(1)</sup>, einkum annarri undirgrein 2. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna<sup>(2)</sup> er skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar færslu þeirra á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB.
- 2) Að því er varðar nokkur efni eða samsetningar efna og vöruflokka, sem eru tilgreind í skránni, hafa allir þátttakendur annaðhvort hætt þátttöku í endurskoðunaráætluninni eða engin fullnaðarmálsskjöl höfðu borist aðildarríkinu, sem var tilnefnt sem skýrslugjafi fyrir matið, áður en frestirnir, sem tilgreindir eru í 9. gr. og 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007, runnu út.
- 3) Af þessum sökum og skv. 11. gr. (2. mgr.), 12. gr. (1. mgr.) og 13. gr. (5. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 hefur framkvæmdastjórnin tilkynnt aðildarríkjunum um það. Þessar upplýsingar voru einnig birtar opinberlega með rafrænum hætti.
- 4) Innan þriggja mánaða frá téðri birtingu höfðu nokkur fyrirtæki látið í ljós áhuga á að taka við hlutverki þátttakanda að því er varðar tiltekin efni og vöruflokka. Þessi fyrirtæki lögðu hins vegar ekki fram fullnaðarmálsskjöl.

- 5) Samkvæmt 4. og 5. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 skal því ekki skrá viðkomandi efni og vöruflokka í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB.
- 6) Í þágu réttarvissu er rétt að tilgreina frá hvaða degi má ekki lengur setja á markað sæfivörur sem falla undir vöruflokkana sem skráðir eru í viðaukann við þessa ákvörðun og sem innihalda virku efnin sem skráð eru í sama viðauka.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

## SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Efnin, sem tilgreind eru í viðaukanum við þessa ákvörðun, skal ekki skrá í viðkomandi vöruflokka í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB.

2. gr.

Að því er varðar 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 skal ekki setja á markað sæfivörur sem falla undir vöruflokkana sem skráðir eru í viðaukann við þessa ákvörðun og sem innihalda virku efnin sem skráð eru í sama viðauka, frá og með 1. febrúar 2014.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. febrúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 45, 16.2.2013, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 139/2013 frá 15. júlí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 72, 19.12.2013, bls. 11.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3.

## VIÐAUKI

## Efni og vöruflokkar sem ekki skal skrá í I. viðauka, I. viðauka A og I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB

Heiti	EB-númer	CAS-númer	Vöruflokkur	Skýrslugjafar- aðildarríki
Glútaral	203-856-5	111-30-8	5	FI
4-(2-nítróbútýl)morfólín	218-748-3	2224-44-4	6	UK
4-(2-nítróbútýl)morfólín	218-748-3	2224-44-4	13	UK
N,N <sup>2</sup> -(dekan-1,10-díýldi-1(4H)-pýridýl-4-ýliden)bis(oktýlammóníum)-díklóríð	274-861-8	70775-75-6	1	HU
Salísýlsýra	200-712-3	69-72-7	1	NL



## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1272/2013

2014/EES/36/87

frá 6. desember 2013

um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi fjölhringa, arómatískum vetniskolefnum) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2009 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB<sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 68. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bensó[a]pýren, bensó[e]pýren, bensó[a]antrasen, krýsen, bensó[b]flúoranten, bensó[j]flúoranten, bensó[k]-flúoranten og díbensó[a,h]antrasen, hér á eftir nefnd fjölhringa, arómatísk vetniskolefni (PAH), eru flokkuð sem krabbameinsvaldar í undirflokki 1B í samræmi við VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006<sup>(2)</sup>.
- 2) Þessi fjölhringa, arómatísku vetniskolefni er að finna í plast- og gúmmihlutum í margs konar hlutum fyrir neytendur. Þau eru fyrir hendi sem óhreinindi í einhverju af hráefninu sem notað er við framleiðslu á slíkum hlutum, einkum í mýkingarolíum og kinroki. Þeim er ekki bætt við hlutina af ásetningi og gegna engu sérstöku hlutverki sem innihaldsefni í plast- eða gúmmihlutunum.
- 3) Með færslu 28 í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er bannað að selja þessi fjölhringa, arómatísku vetniskolefni til almennings sem efni, ein og sér, eða í blöndum. Enn fremur er tilvist fjölhringa, arómatískra vetniskolefna í mýkingarolíum, sem eru notaðar við framleiðslu á hjólbörðum, takmörkuð með færslu 50 í þeim viðauka.
- 4) Upplýsingar sem Þýskaland lagði fyrir framkvæmdastjórnina benda til þess að hlutir, sem innihalda fjölhringa, arómatísk vetniskolefni, geti skapað áhættu fyrir heilbrigði neytenda vegna inntöku, upptöku um húð og, í sumum tilvikum, vegna innöndunar.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 328, 7.12.2013, bls. 69. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.

- 5) Niðurstaðan, sem varðar áhættu fyrir neytendur, byggðist á áætluðum váhrifum í gegnum húð af völdum fjölhringa, arómatískra vetniskolefna, sem stafa af notkun tiltekinna hluta fyrir neytendur, við raunhæf, verstu, hugsanlegu notkunarskilyrði. Í ljós kom að váhrifin fóru yfir DMEL-gildi (gildi fyrir afleidd lágmarksmörk (e. *Derived Minimal Effect Levels*)<sup>(3)</sup>, sem voru ákvörðuð fyrir bensó[a]pýren, sem voru notuð sem dæmigerð fyrir eiturrhif af völdum annarra fjölhringa, arómatískra vetniskolefna.
- 6) Framkvæmdastjórnin mat upplýsingarnar sem Þýskaland lagði fram og komst að þeirri niðurstöðu að fyrir hendi væri áhætta fyrir neytendur af völdum hluta, sem innihalda fjölhringa, arómatísk vetniskolefni, og benti á að takmörkun myndi draga úr áhættunni. Framkvæmdastjórnin hafði einnig samráð við iðnaðinn og aðra hagsmunaaðila varðandi áhrifin af því að takmarka tilvist fjölhringa, arómatískra vetniskolefna í hlutum sem neytendur gætu notað.
- 7) Í því skyni að vernda heilbrigði neytenda fyrir þeirri áhættu sem skapast vegna váhrifa af völdum fjölhringa, arómatískra vetniskolefna í hlutum ætti að fastsetja mörk fyrir innihald fjölhringa, arómatískra vetniskolefna í aðgengilegum plast- eða gúmmihlutum í hlutum og banna að setja hluti, sem innihalda fjölhringa, arómatísk vetniskolefni í styrk sem fer yfir 1 mg/kg í þessum hlutum, á markað.
- 8) Með tilliti til þess hversu varnarlaus börn eru ætti að fastsetja lægri viðmiðunarmörk. Því ætti að banna að setja á markað leikföng og hluti til umönnunar barna sem innihalda eitthvað af fjölhringa, arómatísku vetniskolefnum í styrk sem er meiri en 0,5 mg/kg í aðgengilegum plast- eða gúmmihlutum þeirra.
- 9) Þessi takmörkun ætti einungis að gilda um þessa hluta af hlutum sem komast í beina sem og langvarandi eða stutta endurtekna snertingu við hörund manna eða við munnholið við eðlileg eða sæmilega fyrirsjáanleg notkunarskilyrði. Hlutir eða hlutar þeirra, sem snerta hörund eða munnholið einungis stutt og sjaldan, ættu ekki að falla undir gildissvið þessarar takmörkunar þar eð váhrif í kjölfarið vegna fjölhringa, arómatískra vetniskolefna yrðu óveruleg. Þróa ætti frekari leiðbeiningar að því er þetta varðar.
- 10) Annars konar hráefni, sem innihalda lítið magn af fjölhringa, arómatískum vetniskolefnum, er að finna á markaði Sambandsins. Þetta eru m.a. kinrok og olíur sem uppfylla kröfurinnar í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB)

<sup>(3)</sup> [http://www.echa.europa.eu/documents/10162/13643/information\\_requirements\\_part\\_b\\_en.pdf](http://www.echa.europa.eu/documents/10162/13643/information_requirements_part_b_en.pdf)

- nr. 10/2011 frá 14. janúar 2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli <sup>(4)</sup>.
- 11) Framkvæmdastjórnin ætti að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk sem verða samþykkt við þessa takmörkun, einkum í ljósi nýrra vísindalegra upplýsinga, þ.m.t. upplýsinga um flæði fjölhringa, arómatískra vetniskolefna úr plast- og gúmmihlutum hlutanna sem falla þar undir, sem og varðandi annars konar hráefni. Einnig ætti að veita og meta tiltækileika og áreiðanleika prófunaraðferða í þessari endurskoðun á nýjum, vísindalegum upplýsingum.
- 12) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til samræmis við það.
- 13) Rétt þykir að veita viðkomandi hagsmunaaðilum hæfilegan frest til að gera ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að fylgja ákvæðunum sem sett eru fram í þessari reglugerð.
- 14) Takmörkun á setningu notaðra hluta og hluta, sem eru í aðfangakeðjunni á gildistökuþegi þessarar reglugerðar, á markað gæti skapað erfiðleika við framfylgd. Því ætti takmörkunin ekki að gilda um hluti sem eru settir á markað í fyrsta sinn fyrir þá dagsetningu
- 15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 27. desember 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. desember 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 12, 15.1.2011, bls. 1.

## VIÐAUKI

Eftirfarandi 5., 6., 7. og 8. liður bætist við í 2. dálki í færslu 50 í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006:

	<p>„5. Ekki skal setja hluti á markað til sölu til almennings ef einhverjir gúmmi- eða plasti hlutir þeirra, sem komast í beina sem og langvarandi eða stutta endurtekna snertingu við hörund manna eða við munnholið, við eðlileg eða sæmilega fyrirsjáanleg notkunarskilyrði, innihalda meira en 1 mg/kg (0,0001% af þessum íhlut miðað við þyngd) af tilgreindum fjölrhinga, arómatískum vetniskolefnum.</p> <p>Til slíkra hluta teljast m.a.:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>– íþróttabúnaður, s.s. reiðhjól, golfkylfur, spaðar</li> <li>– búsáhöld, innkaupakerrur, göngugrindur</li> <li>– áhöld til heimilisnota</li> <li>– fatnaður, skófátnaður, hanskar og íþróttafatnaður</li> <li>– úrólar, úlnliðsbönd, grímur, höfuðbönd</li> </ul> <p>6. Ekki skal setja á markað leikföng, þ.m.t. þroskaleikföng og hluti til umönnunar barna, ef einhverjir gúmmi- eða plasti hlutir þeirra, sem komast í beina sem og langvarandi eða stutta endurtekna snertingu við hörund manna eða við munnholið, við eðlileg eða sæmilega fyrirsjáanleg notkunarskilyrði, innihalda meira en 0,5 mg/kg (0,00005% af þessum íhlut miðað við þyngd) af tilgreindum fjölrhinga, arómatískum vetniskolefnum.</p> <p>7. Þrátt fyrir 5. og 6. lið gilda þessir liðir ekki um hluti sem eru settir á markað í fyrsta sinn fyrir 27. desember 2015.</p> <p>8. Eigi síðar en 27. desember 2017 skal framkvæmdastjórnin endurskoða viðmiðunarmörkin í 5. og 6. lið í ljósi nýrra, vísindalegra upplýsinga, þ.m.t. flæði fjölrhinga, arómatískra vetniskolefna úr hlutunum sem þar er getið um, og upplýsinga um annars konar hráefni og, ef við á, breyta þessum liðum til samræmis við það.“</p>
--	---

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1407/2013

2014/EES/36/88

frá 18. desember 2013

## um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart minniháttaraðstoð (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 4. mgr. 108. gr.,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 994/98 frá 7. maí 1998 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart tilteknum flokkum þverlægrar ríkisaðstoðar <sup>(1)</sup>,

að birtum drögum að þessari reglugerð <sup>(2)</sup>,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um ríkisaðstoð,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ríkisfjármögnun, sem uppfyllir viðmiðanirnar í 1. mgr. 107. gr. sáttmálans, felur í sér ríkisaðstoð og ber að tilkynna til framkvæmdastjórnarinnar skv. 3. mgr. 108. gr. sáttmálans. Hins vegar getur ráðið, skv. 109. gr. sáttmálans, ákveðið hvaða flokkar aðstoðar skuli undanþægnir þessari tilkynningarskyldu. Í samræmi við 4. mgr. 108. gr. sáttmálans er framkvæmdastjórninni heimilt að samþykkja reglugerðir er varða þessa flokka ríkisaðstoðar. Með reglugerð (EB) nr. 994/98 ákvað ráðið, í samræmi við 109. gr. sáttmálans, að minniháttaraðstoð gæti talist vera einn slíkur flokkur. Á þessum grundvelli telst minniháttaraðstoð, þar sem hún er aðstoð sem veitt er stöku fyrirtæki á tilteknu tímabili og fer ekki yfir tiltekna fasta fjárhæð, ekki uppfylla allar viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 107. gr. sáttmálans og fellur því ekki undir málsmeðferð við tilkynningar.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 352, 24.12.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn, bíður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 142, 14.5.1998, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 229, 8.8.2013, bls. 1.

2) Framkvæmdastjórnin hefur í allmörgum ákvörðunum útskýrt hugtakið aðstoð í skilningi 1. mgr. 107. gr. sáttmálans. Framkvæmdastjórnin hefur einnig lýst yfir stefnu sinni að því er varðar efri mörk minniháttaraðstoðar, sem gert er ráð fyrir að ekki verði farið yfir við beitingu 1. mgr. 107. gr. sáttmálans, í fyrsta sinn í tilkynningu sinni um minniháttarregluna um ríkisaðstoð<sup>(3)</sup> og síðar í reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 69/2001<sup>(4)</sup> og (EB) nr. 1998/2006<sup>(5)</sup>. Í ljósi fenginnar reynslu af beitingu reglugerðar (EB) nr. 1998/2006 er nauðsynlegt að endurskoða sum þeirra skilyrða sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð og láta nýja reglugerð koma í hennar stað.

3) Rétt þykir að halda efri mörkum við 200 000 evrur vegna minniháttaraðstoðar sem stakt fyrirtæki getur fengið í hverju aðildarríki á þriggja ára tímabili. Þessi efri mörk eru áfram nauðsynleg til að tryggja að sérhver ráðstöfun, sem fellur undir þessa reglugerð, teljist ekki hafa nein áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna né raska samkeppni eða vera til þess fallin að raska samkeppni.

4) Að því er varðar samkeppnisreglurnar, sem mælt er fyrir um í sáttmálanum, er fyrirtæki hver sá aðili sem stundar atvinnustarfsemi, óháð lagalegri stöðu og því hvernig fyrirtækið er fjármagnað <sup>(6)</sup>. Evrópudómstóllinn hefur úrskurðað að líta beri á alla aðila, sem eru undir yfirráðum sama aðila (að lögum eða í reynd), sem stakt fyrirtæki <sup>(7)</sup>. Vegna réttarvissu og til að minnka stjórnsýslubyrði

<sup>(3)</sup> Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar um minniháttarregluna um ríkisaðstoð (Stjtið. EB C 68, 6.3.1996, bls. 9).

<sup>(4)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 69/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart lágmarksaðstoð (Stjtið. EB L 10, 13.1.2001, bls. 30).

<sup>(5)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1998/2006 frá 15. desember 2006 um beitingu 87. og 88. gr. sáttmálans varðandi minniháttaraðstoð (Stjtið. ESB L 379, 28.12.2006, bls. 5).

<sup>(6)</sup> Mál C-222/04 *Ministero dell'Economia e delle Finanze* gegn *Cassa di Risparmio di Firenze SpA o.fl.*, dómasafn EB 2006, bls. I-289.

<sup>(7)</sup> Mál C-382/99, *Holland* gegn *framkvæmdastjórninni*, dómasafn EB 2002, bls. I-5163.

ætti þessi reglugerð að kveða á um skýrar viðmiðanir, með tæmandi hætti, til að ákvarða hvenær líta beri á tvö eða fleiri fyrirtæki í sama aðildarríkinu sem stakt fyrirtæki. Framkvæmdastjórnin hefur valið úr fastsettum viðmiðunum til að skilgreina „tengd fyrirtæki“ í skilgreiningunni á litlum og meðalstórum fyrirtækjum í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB <sup>(8)</sup> og í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 <sup>(9)</sup> þær viðmiðanir sem skipta máli með tilliti til þessarar reglugerðar. Þessar viðmiðanir eru opinberum yfirvöldum nú þegar vel kunnar og ætti að beita þeim, með tilliti til gildissviðs þessarar reglugerðar, bæði gagnvart litlum og meðalstórum fyrirtækjum og stórum fyrirtækjum. Þessar viðmiðanir ættu að tryggja að hópur tengdra fyrirtækja teljist sem eitt stakt fyrirtæki, með tilliti til beitingar minniháttarreglunnar, en að ekki sé farið með fyrirtæki, sem hafa engin tengsl sín á milli fyrir utan þau beinu tengsl sem hvert þeirra um sig hefur við sama opinbera aðilann eða aðilana, eins og þau séu hvert öðru tengd. Því er tekið tillit til sérstakra aðstæðna fyrirtækja sem lúta yfirráðum sama opinbera aðilans eða aðilanna sem gætu haft sjálfstætt ákvörðunarvald.

- 5) Til þess að taka til greina smæð meðalstórra fyrirtækja sem starfa á sviði vöruflutninga á vegum er rétt að viðhalda efri mörkum við 100 000 evrur fyrir fyrirtæki sem annast vöruflutninga á vegum gegn gjaldi. Samþætt þjónusta, þar sem raunverulegir flutningar eru aðeins einn þáttur, s.s. flutningaþjónusta, pósthjónusta eða hraðsendingarþjónusta, sorphirða eða vinnsla sorps, ætti ekki að teljast flutningaþjónusta. Í ljósi umframgetu á sviði vöruflutninga á vegum og markmiða stefnu í flutningamálum, að því er varðar umferðarteppu á vegum og vöruflutninga, ætti að undanskilja gildissviði þessarar reglugerðar aðstoð vegna kaupa fyrirtækja, sem annast vöruflutninga á vegum gegn gjaldi, á ökutækjum til vöruflutninga. Í ljósi þróunar á sviði farþegaflutninga á vegum er ekki lengur rétt að láta lægri mörk gilda um þessa atvinnugrein.
- 6) Í ljósi sérreglna, sem gilda á sviði frumframleiðslu landbúnaðarafurða, fiskveiða og lagareldis, og vegna þess að hætta er á að fjárhæðir aðstoðar undir mörkunum sem fastsett eru í þessari reglugerð gætu samt sem áður uppfyllt viðmiðanirnar í 1. mgr. 107. gr. sáttmálans í þessum atvinnugreinum, ætti þessi reglugerð ekki gilda um fyrrnefndar atvinnugreinar.
- 7) Að teknu tilliti til þess hve margt er líkt með vinnslu og markaðssetningu landbúnaðarafurða og afurða sem eru ekki úr landbúnaði skal þessi reglugerð gilda um

vinnslu og markaðssetningu landbúnaðarafurða að því tilskildu að tiltekin skilyrði séu uppfyllt. Hvorki starfsemi á bújörðum, sem er nauðsynleg fyrir tilreiðslu afurða fyrir fyrstu sölu, s.s. uppskera, skurður og þresking korns, þökkun eggja, né fyrsta sala til endurseljanda eða vinnsluaðila skal teljast til vinnslu eða markaðssetningar í þessu tilliti.

- 8) Þegar lögfest hefur verið í Sambandinu að taka upp sameiginlega skipulagningu markaðarins í tiltekinni grein landbúnaðar eru aðildarríkin skuldbundin, samkvæmt ákvörðun Evrópudómstólsins, til að gera engar þær ráðstafanir sem gætu orðið til þess að grafa undan eða víkja frá henni<sup>(10)</sup>. Af þessum sökum gildir þessi reglugerð ekki um aðstoð þar sem fjárhæðin er ákvörðuð á grundvelli verðs eða magns afurða, sem er keypt eða sett á markað. Hún skal heldur ekki gilda um stuðning sem bundinn er því skilyrði að aðstoðinni sé skipt á milli frumframleiðenda.
- 9) Þessi reglugerð gildir ekki um útflutningsaðstoð eða aðstoð sem er skilyrt þannig að innlendar vörur séu teknar fram yfir innfluttar vörur. Sér í lagi gildir hún ekki þegar um er að ræða aðstoð við að fjármagna uppsetningu og rekstur dreifingarkerfis í öðrum aðildarríkjum eða þriðju löndum. Aðstoð, sem veitt er vegna kostnaðar við þátttöku í kaupstefnum eða vegna rannsókna eða ráðgjafarþjónustu sem er nauðsynleg til að setja nýja eða eldri framleiðsluvöru á nýjan markað í öðru aðildarríki eða þriðja landi, telst að jafnaði ekki vera útflutningsaðstoð.
- 10) Þriggja ára tímabilið, sem taka á tillit til að því er varðar þessa reglugerð, ætti að meta jafnóðum þannig að við hverja nýja veitingu minniháttaraðstoðar þurfi að ákvarða heildarfjárhæð minniháttaraðstoðar sem hefur verið veitt á viðkomandi reikningsári og tveimur næstliðnum reikningsárum.
- 11) Starfi fyrirtækið í atvinnugreinum sem falla utan gildissviðs þessarar reglugerðar og jafnframt í öðrum atvinnugreinum, eða hefur með höndum aðra starfsemi, ætti þessi reglugerð að gilda um þessar atvinnugreinar eða starfsemi, að því tilskildu að viðkomandi aðildarríki tryggi, með viðeigandi hætti, s.s. með aðskilnaði starfseminnar eða með því að skilja kostnaðinn frá, að starfsemin í undanskildu atvinnugreinunum njóti ekki góðs af minniháttaraðstoðinni. Sama meginreglan ætti að gilda þegar fyrirtæki starfar í atvinnugreinum þar sem lægri mörk minniháttaraðstoðar gilda. Ef ekki er hægt

<sup>(8)</sup> Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB frá 6. maí 2003 um skilgreininguna á örfyrirtækjum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum (Stjóð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36).

<sup>(9)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 frá 6. ágúst 2008 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 87. og 88. gr. sáttmálans (Stjóð. ESB L 214, 9.8.2008, bls. 3).

<sup>(10)</sup> Mál C-456/00, Frakkland gegn framkvæmdastjórninni, dómasafn EB 2002, bls. I-11949.

- að tryggja að starfsemi í atvinnugreinum, þar sem lægri mörk minniháttaraðstoðar gilda, njóti aðeins góðs af minniháttaraðstoð upp að þessum lægri mörkum ber að láta lægstu mörkin gilda um alla starfsemi fyrirtækisins.
- 12) Í þessar reglugerð ætti að mæla fyrir um reglur til að tryggja að ekki sé hægt að sniðganga þau hámarkshlutföll aðstoðar sem mælt er fyrir um í sértækum reglugerðum eða ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar. Einnig ætti að kveða á um skýrar reglur í henni um uppsöfnun sem auðvelt er að beita.
- 13) Þessi reglugerð útilokar ekki möguleikann á að ráðstöfun teljist ekki vera ríkisaðstoð í skilningi l. mgr. 107. gr. sáttmálans af öðrum ástæðum en þeim sem settar eru fram í þessari reglugerð, t.d. vegna þess að ráðstöfunin er í samræmi við meginregluna um aðila sem starfar í markaðshagkerfinu eða vegna þess að ráðstöfunin felur ekki í sér tilflutning á ríkisfjármunum. Einkum telst fjármögnun Sambandsins, undir miðlægri stjórn framkvæmdastjórnarinnar, sem er ekki beint eða óbeint undir eftirliti aðildarríkis, ekki vera ríkisaðstoð og ætti ekki að taka tillit til hennar við ákvörðun á því hvort viðkomandi efri mörk séu virt.
- 14) Til að tryggja gagnsæi, jafna meðferð og skilvirkt eftirlit ætti þessi reglugerð aðeins að gilda um minniháttaraðstoð ef hægt er að reikna nákvæmlega vergt styrkígildi hennar fyrir fram án þess að nauðsynlegt sé að gera áhættumat („gagnsæ aðstoð“). Hægt er að gera slíka nákvæma útreikninga, t.d. fyrir fjárstyrki, vaxtastyrki og takmarkaðar undanþágur frá skatti eða aðra gerninga sem gera ráð fyrir takmörkun sem tryggir að ekki sé farið yfir viðeigandi efri mörk. Slík takmörkun þýðir að svo fremi að nákvæm fjárhæð aðstoðar er ekki enn þekkt verður aðildarríki að gera ráð fyrir að hún jafngildi takmörkuninni til þess að tryggja að margar aðstoðarráðstafanir til samans fari ekki yfir efri mörkin sem sett eru fram í þessari reglugerð og að reglunum um uppsöfnun sé beitt.
- 15) Til að tryggja gagnsæi, jafna meðferð og rétta beitingu efri marka minniháttaraðstoðar ættu öll aðildarríkin að beita sömu reikniáferð. Til að auðvelda slíka útreikninga ætti að umreikna fjárhæðir til aðstoðar, sem eru ekki í formi úthlutunar í reiðufé, yfir í vergt styrkígildi þeirra. Við útreikning á vergu styrkígildi gagnsærrar aðstoðar, sem er ekki styrkur, eða aðstoðar sem greiða má í nokkrum afborgunum, er nauðsynlegt að nota markaðsvexti sem eru í gildi þegar slík aðstoð er veitt. Til að tryggja samræmda, gagnsæja og einfalda beitingu reglna um ríkisaðstoð ættu gildandi markaðsvextir, að því er varðar þessa reglugerð, að vera viðmiðunarvextir, eins og sett er fram í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun á aðferðinni við að ákveða viðmiðunarvexti og afvöxtunarstuðla<sup>(11)</sup>.
- 16) Líta ætti á aðstoð, sem samanstendur af lánunum, að meðtalinni minniháttaraðstoð vegna áhættufjármögnunar í formi lána, sem gagnsæja minniháttaraðstoð ef vergt styrkígildi hefur verið reiknað á grundvelli gildandi markaðsvaxta á þeim tíma sem aðstoð er veitt. Til að einfalda meðferð lítilla lána til skamms tíma ætti þessi reglugerð að kveða á um skýra reglu sem auðvelt er að beita og sem tekur bæði tillit til fjárhæðar lánsins og lánstíma. Á grundvelli reynslu framkvæmdastjórnarinnar geta lán, sem tryggð eru með veði sem nær a.m.k. yfir 50% af láninu og sem annaðhvort fara ekki yfir 1 000 00 evrur og eru til fimm ára eða 500 000 evrur og eru til tíu ára, talist hafa vergt styrkígildi sem fer ekki yfir efri mörk minniháttaraðstoðar. Að teknu tilliti til erfiðleikanna við að ákvarða vergt styrkígildi aðstoðar, sem er veitt til fyrirtækja sem hugsanlega geta ekki endurgreitt lánið, ætti þessi regla ekki að gilda um slík fyrirtæki.
- 17) Aðstoð í formi fjármagnsinnspýtingar ætti ekki að teljast gagnsæ minniháttaraðstoð nema heildarfjárhæð innspýtingar af hálfu hins opinbera fari ekki yfir efri mörk minniháttaraðstoðar. Ekki ætti að líta á aðstoð sem samanstendur af áhættufjármagnsaðgerðum í formi hlutafjárframlags eða ígildi hlutafjárframlags, eins og um getur í viðmiðunarreglunum um áhættufjármagn<sup>(12)</sup>, sem gagnsæja minniháttaraðstoð nema viðkomandi aðgerð geri ráð fyrir fjármagni sem fer ekki yfir efri mörk minniháttaraðstoðar.
- 18) Líta ætti á aðstoð, sem samansendur af ábyrgðum, að meðtalinni minniháttaraðstoð vegna áhættufjármögnunar í formi ábyrgða, sem gagnsækja ef vergt styrkígildi hefur verið reiknað á grundvelli lágmarksöryggisgjalds sem mælt er fyrir um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar fyrir þá gerð fyrirtækis sem um ræðir<sup>(13)</sup>. Til að einfalda meðferð ábyrgða til skamms tíma, sem tryggja allt að 80% af tiltölulega litlu láni, ætti þessi reglugerð að kveða á um skýra reglu sem auðvelt er að beita þar sem bæði er tekið tillit til fjárhæðar lánsins sem liggur til grundvallar og gildistíma ábyrgðarinnar. Þessi regla ætti ekki að gilda um ábyrgðir vegna viðskipta sem liggja til grundvallar án þess að um lán sé að ræða, s.s. ábyrgðir vegna viðskipta með eigið fé Fari ábyrgðin ekki yfir 80% af láninu sem liggur til grundvallar, fjárhæð ábyrgðarinnar ekki yfir 1 500 000 evrur og gildistími ábyrgðarinnar ekki yfir fimm ár, getur ábyrgðin talist hafa vergt styrkígildi sem ekki fer yfir efri mörk minniháttaraðstoðarinnar. Sama gildir ef ábyrgðin fer ekki yfir 80% af láninu sem liggur til grundvallar, fjárhæðin sem ábyrgðin nær yfir fer ekki yfir 750 000 evrur og gildistími ábyrgðarinnar fer ekki yfir tíu ár. Að auki geta aðildarríki notað aðferð við að reikna vergt styrkígildi ábyrgða, sem hafa verið tilkynntar til framkvæmdastjórnarinnar, samkvæmt annarri reglugerð

<sup>(11)</sup> Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun á aðferðinni við að ákveða viðmiðunarvexti og afvöxtunarstuðla (Stjtið. ESB C 14, 19.1.2008, bls. 6).

<sup>(12)</sup> Viðmiðunarreglur Bandalagsins um ríkisaðstoð sem veitt er til að örva áhættufjárfestingar í litlum og meðalstórum fyrirtækjum. (Stjtið. ESB C 194, 18.8.2006, bls. 2).

<sup>(13)</sup> Til dæmis, tilkynning framkvæmdastjórnarinnar um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð í formi ábyrgða (Stjtið. ESB C 155, 20.6.2008, bls. 10).

á sviði ríkisaðstoðar sem gildir á þeim tíma og sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt að sé í samræmi við tilkynningu um ábyrgð, eða einhverri annari síðari tilkynningu, að því tilskildu að samþykkt aðferðin varði beint þá tegund ábyrgðar og viðskipta sem liggja til grundvallar, sem um er að ræða í tengslum við beitingu þessarar reglugerðar. Að teknu tilliti til erfiðleikanna við að ákvarða vergt styrkígildi aðstoðar, sem er veitt til fyrirtækja sem hugsanlega geta ekki endurgreitt lánið, ætti þessi regla ekki að gilda um slík fyrirtæki.

- 19) Þegar kerfi minniháttaraðstoðar er framfylgt fyrir milligöngu fjármálamililiða ætti að tryggja að þeir síðarnefndu njóti ekki neinnar ríkisaðstoðar. Þetta má t.d. gera með því að gera kröfu um að fjármálamililiðir, sem njóta ríkisaðstoðar, greiði þóknun í samræmi við markaðskjör eða láti sérhvern ávinning renna beint til endanlegs styrkþega eða með því að virða efri mörk minniháttaraðstoðar og önnur skilyrði þessarar reglugerðar, einnig að því er varðar milliliðina.
- 20) Að fenginni tilkynningu frá aðildarríki getur framkvæmdastjórnin rannsakað hvort aðstoðarráðstöfun, sem er ekki styrkur, lán, ábyrgð, fjármagnsinnspýting, áhættufjármagnsráðstöfun eða í formi hlutafjárframlags eða ígildi hlutafjárframlags leiði til styrkígildis sem fer ekki yfir efri mörk minniháttaraðstoðar og gæti því rúmast innan gildissviðs þessarar reglugerðar.
- 21) Framkvæmdastjórninni ber að tryggja að farið sé að reglum um ríkisaðstoð og í samræmi við meginregluna um samstarf, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, ættu aðildarríkin að auðvelda efndir þessa verkefnis með því að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að heildarfjárhæð minniháttaraðstoðar, sem veitt er stöku fyrirtæki samkvæmt minniháttarreglunni, fari ekki yfir heimil efri mörk í heild sinni. Þess vegna er rétt að aðildarríkin greini viðkomandi fyrirtæki frá fjárhæð aðstoðarinnar þegar þau veita minniháttaraðstoð og frá því að um sé að ræða minniháttaraðstoð, með tilvísun í þessa reglugerð. Rétt er að gera kröfu um að aðildarríkin hafi eftirlit með aðstoð sem veitt er til að tryggja að ekki sé farið yfir viðkomandi efri mörk og að reglurnar um uppsöfnun séu virtar. Til að fullnægja þessari skuldbindingu ættu viðkomandi aðildarríki, áður en þau veita slíka aðstoð, að fá yfirlýsingu hjá fyrirtækinu um aðra minniháttaraðstoð samkvæmt þessari reglugerð eða öðrum reglugerðum um minniháttaraðstoð sem það hefur fengið á viðkomandi reikningsári og á tveimur næstliðnum reikningsárum. Að öðrum kosti ætti aðildarríkjunum að gefast kostur á að koma á fót miðlægri skrá yfir minniháttaraðstoð, sem í eru tæmandi upplýsingar um alla minniháttaraðstoð sem hefur verið veitt, og að ganga úr skugga um að veiting nýrrar aðstoðar fari ekki yfir viðkomandi efri mörk.
- 22) Sérhvert aðildarríki ætti, áður en það veitir nýja minniháttaraðstoð að ganga úr skugga um að ekki verði farið yfir efri mörkin í því aðildarríki með nýju reglunum um minniháttaraðstoð og að öðrum skilyrðum þessarar reglugerðar sé fullnægt.

- 23) Með hliðsjón af reynslu framkvæmdastjórnarinnar, einkum því hve oft reynist almennt nauðsynlegt að endurskoða stefnu um ríkisaðstoð, ætti að takmarka gildistíma þessarar reglugerðar. Falli þessi reglugerð úr gildi án þess að gildistíminn sé framlengdur ættu aðildarríkin að fá sex mánaða aðlögunartíma með tilliti til minniháttaraðstoðar sem fellur undir þessa reglugerð.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*I. gr.*

#### Gildissvið

1. Reglugerð þessi gildir um aðstoð sem veitt er fyrirtækjum í öllum atvinnugreinum að frátalinni:
- a) aðstoð, sem veitt er fyrirtækjum sem starfa á sviði fiskveiða og lagareldis, sem fellur undir reglugerð ráðsins (EB) nr. 104/2000<sup>(14)</sup>,
- b) aðstoð, sem veitt er fyrirtækjum sem starfa í frumframleiðslu landbúnaðarafurða,
- c) aðstoð, sem veitt er fyrirtækjum sem starfa að vinnslu og markaðssetningu landbúnaðarafurða, í eftirfarandi tilvikum:
- i. þegar fjárhæð aðstoðar er ákveðin á grundvelli verðs eða magns þeirra afurða sem keyptar eru af frumframleiðendum eða settar á markað af hlutaðeigandi fyrirtækjum,
- ii. þegar aðstoðin er háð því skilyrði að hún sé að hluta eða eingöngu veitt frumframleiðendum,
- d) aðstoð við starfsemi sem tengist útflutningi til þriðju landa eða aðildarríkja, einkum aðstoð sem tengist beint útflutningsmagni, stofnun og rekstri dreifingarnets eða öðrum tilfallandi útgjöldum í tengslum við útflutning,
- e) aðstoð sem er skilyrt þannig að innlendar vörur séu teknar fram yfir innfluttar vörur.

<sup>(14)</sup> Reglugerð ráðsins (EB) nr. 104/2000 frá 17. desember 1999 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir fisk- og lagareldisafurðir (Stjtið. EB L 17, 21.1.2000, bls. 22).

2. Starfi fyrirtæki í atvinnugreinunum sem um getur í a-, b- eða c-lið 1. mgr. og jafnframt í einni eða fleiri greinum eða hefur með höndum aðra starfsemi sem fellur undir gildissvið þessarar reglugerðar, gildir þessi reglugerð um aðstoð sem veitt er í tengslum við síðarnefndu greinarnar eða starfsemina, að því tilskildu að viðkomandi aðildarríki tryggi, með viðeigandi hætti, s.s. með aðskilnaði starfseminnar eða með því að skilja kostnaðinn frá, að starfsemin í atvinnugreinunum sem eru undanskildar gildissviði þessarar reglugerðar, njóti ekki góðs af minniháttaraðstoðinni sem veitt er í samræmi við þessa reglugerð.

2. gr.

### Skilgreiningar

1. Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „landbúnaðarafurðir“: afurðir, sem eru tilgreindar í I. viðauka við sáttmálann, að undanskildum fisk- og lagar-eldisafurðum sem falla undir reglugerð (EB) nr. 104/2000,
- b) „vinnsla landbúnaðarafurða“: öll starfsemi er varðar landbúnaðarafurðir ef afrakstur hennar er afurð sem einnig er landbúnaðarafurð, þó ekki starfsemi á bújörðum sem er nauðsynleg við undirbúning dýra- eða plöntuafurða til fyrstu sölu,
- c) „markaðssetning landbúnaðarafurða“: að geyma eða hafa til sýnis með það í huga að selja, bjóða til sölu, afhenda eða einhver önnur aðferð til að markaðssetja, þó ekki fyrsta sala frumframleiðanda til endurseljenda eða vinnsluáðila og öll starfsemi sem felst í að undirbúa afurð fyrir slíka fyrstu sölu; sala frumframleiðanda til neytenda skal teljast markaðssetning ef hún fer fram á sérstökum stað sem notaður er í þeim tilgangi.

2. „Stakt fyrirtæki“: að því er varðar þessa reglugerð er átt við öll fyrirtæki sem tengjast hvert öðru á a.m.k. einhvern eftirfarandi hátt:

- a) eitt fyrirtæki ræður meirihluta atkvæða hluthafa eða félaga í öðru fyrirtæki,
- b) eitt fyrirtæki hefur rétt til að skipa eða leysa frá störfum meirihluta manna í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn annars fyrirtækis,
- c) eitt fyrirtæki hefur yfirráð yfir öðru fyrirtæki samkvæmt samningi sem gerður hefur verið við það fyrirtæki eða ákvæðum í stofnsamþykktum þess,
- d) eitt fyrirtæki, sem er hluthafi eða félagi í öðru fyrirtæki, ræður eitt meirihluta atkvæða hluthafanna eða félaganna samkvæmt samningi við aðra hluthafa eða félaga fyrirtækisins.

Fyrirtæki, sem tengjast á einhvern þann hátt sem um getur í a- til d-lið fyrstu undirgreinar gegnum eitt eða fleiri önnur fyrirtæki skulu einnig teljast vera stakt fyrirtæki.

3. gr.

### Minniháttaraðstoð

1. Líta skal svo á að aðstoðarráðstafanir, sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, standist ekki allar viðmiðanirnar í 1. mgr. 107. gr. sáttmálans og skulu þær því undanþegnar tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans.

2. Heildarfjárhæð minniháttaraðstoðar, sem hvert aðildarríki veitir stöku fyrirtæki skal ekki fara yfir 200 000 evrur á tímabili sem tekur til þriggja reikningsára.

Heildarfjárhæð minniháttaraðstoðar, sem hvert aðildarríki veitir stöku fyrirtæki sem annast vöruflutninga á vegum gegn gjaldi skal ekki fara yfir 100 000 evrur á tímabili sem tekur til þriggja reikningsára. Þessa minniháttaraðstoð skal ekki nota til þess að kaupa ökutæki til vöruflutninga á vegum.

3. Ef fyrirtæki annast vöruflutninga á vegum gegn gjaldi og hefur jafnframt með höndum aðra starfsemi, þar sem efri mörkin sem sett eru við 200 000 evrur gilda, skulu efri mörkin, 200 000 evrur, gilda um fyrirtækið að því tilskildu að hlutaðeigandi aðildarríki tryggi með viðeigandi hætti, s.s. með aðskilnaði starfseminnar eða með því að skilja kostnaðinn frá, að ávinningurinn fyrir starfsemina sem lýtur að vöruflutningum á vegum fari ekki yfir 100 000 evrur og að engin minniháttaraðstoð sé notuð til kaupa á ökutækjum til vöruflutninga á vegum.

4. Líta skal svo á að minniháttaraðstoð sé veitt á þeim tíma þegar fyrirtæki hlýtur lagalegan rétt til aðstoðarinnar samkvæmt gildandi lagareglum í viðkomandi ríki án tillits til dagsetningar á greiðslu minniháttaraðstoðarinnar til fyrirtækisins.

5. Efri mörkin, sem mælt er fyrir um í 2. mgr., skulu gilda óháð því í hvaða formi minniháttaraðstoðin er og án tillits til þess hvort aðstoðin, sem aðildarríkið veitir, er fjármöggnuð alfarið eða að hluta með fjármunum frá Sambandinu. Þriggja ára reikningstímabilið skal ákvarðað með tilliti til reikningsáranna sem fyrirtækið notar í aðildarríkinu sem um er að ræða.

6. Að því er varðar efri mörkin, sem mælt er fyrir um í 2. mgr., skal aðstoð tilgreind sem úthlutun í reiðufé. Allar tölur, sem eru notaðar, skulu vera vergar tölur, þ.e. án frádráttar vegna staðgreiðslu skatta eða annars álags. Þegar aðstoð er veitt í öðru formi en sem styrkur skal fjárhæðin, sem veitt er til aðstoðarinnar, jafngilda vergu styrkigildi aðstoðarinnar.

Aðstoð, sem er greidd með nokkrum afborgunum, skal reiknuð til núvirðis á þeim tíma sem hún er veitt. Vextimir, sem nota skal við afvöxtunarreikning, skulu vera gildandi afvöxtunarstuðull á þeim tíma sem aðstoðin er veitt.



7. Fari styrkur nýrrar minniháttaraðstoðar yfir viðkomandi efri mörk, sem mælt er fyrir um í 2. mgr., getur enginn hluti nýrrar aðstoðar notið ávinnings af þessari reglugerð.

8. Ef um samruna eða yfirtöku er að ræða skal taka tillit til hvers konar minniháttaraðstoðar, sem veitt er einhverju samrunafyrirtækjanna, við ákvörðun á því hvort einhver ný minniháttaraðstoð til nýja fyrirtækisins eða yfirtökufyrirtækisins fer yfir viðkomandi efri mörk. Minniháttaraðstoð sem veitt er á löglegan hátt fyrir samruna eða yfirtöku telst áfram vera lögleg.

9. Ef einu fyrirtæki er skipt í tvö eða fleiri aðskilin fyrirtæki skal minniháttaraðstoðinni, sem veitt er fyrir skiptinguna, úthlutað til fyrirtækisins sem hefur ávinning af henni, sem að meginreglu til er fyrirtækið sem tekur yfir starfsemina sem minniháttaraðstoðinni var veitt til. Ef slík úthlutun er ekki möguleg skal minniháttaraðstoðinni úthlutað hlutfallslega á grundvelli bókfærðs virðis eigin fjár nýju fyrirtækjanna á þeim degi þegar skiptingin tekur gildi.

#### 4. gr.

##### Útreikningur á vergu styrkígildi

1. Þessi reglugerð gildir aðeins um aðstoð ef hægt er að reikna nákvæmlega vergt styrkígildi hennar fyrir fram án þess að nauðsynlegt sé að gera áhættumat („gagnsæ aðstoð“).

2. Aðstoð í formi styrkja eða vaxtastyrkja telst vera jafn gagnsæ og minniháttaraðstoð.

3. Líta skal á aðstoð í formi lána sem gagnsæja minniháttaraðstoð ef:

a) aðstoðarþegi sætir ekki málsmeðferð vegna ógjaldfærni og fullnægir ekki skilyrðum samkvæmt landslögum um að vera tekinn til málsmeðferðar vegna ógjaldfærni að beiðni skuldareigenda. Ef um er að ræða stór fyrirtæki skal aðstoðarþegi vera í stöðu sem samsvarar lánshæfismati sem er a.m.k. B- og

b) lánið er tryggt með veði sem tekur til a.m.k. 50% lánsins og lánið nemur annaðhvort 1 000 000 evrum (eða 500 000 evrum fyrir fyrirtæki sem annast vöruflutninga á vegum) á fimm ára tímabili eða 500 000 evrum (eða 250 000 evrum fyrir fyrirtæki sem annast vöruflutninga á vegum) á tíu ára tímabili; ef lánið er lægra en þessar fjárhæðir og/eða er veitt fyrir styttri tíma en til fimm eða tíu ára hvort um sig, skal styrkígildi þess reiknað sem samsvarandi hlutfall af viðeigandi efri mörkum, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 3. gr., eða

c) vergt styrkígildi hefur verið reiknað á grundvelli gildandi viðmiðunarvaxta þegar styrkurinn er veittur,

4. Aðstoð í formi fjármagnsinnspýtingar skal ekki teljast gagnsæ minniháttaraðstoð nema heildarfjárhæð innspýtingar af hálfu hins opinbera fari ekki yfir efri mörk minniháttaraðstoðar.

5. Eingöngu ætti að líta á aðstoð sem samanstendur af áhættufjármagni í formi hlutafjárframlags eða ígildi hlutafjárframlags sem gagnsæja minniháttaraðstoð ef fjármagnið sem stakt fyrirtæki fær fer ekki yfir efri mörk minniháttaraðstoðar.

6. Fara skal með aðstoð í formi lána sem gagnsæja minniháttaraðstoð ef:

a) aðstoðarþegi sætir ekki málsmeðferð vegna ógjaldfærni eða fullnægir ekki skilyrðum samkvæmt landslögum um að vera tekinn til málsmeðferðar vegna ógjaldfærni að beiðni skuldareigenda. Ef um er að ræða stór fyrirtæki skal aðstoðarþegi vera í stöðu sem samsvarar lánshæfismati sem er a.m.k. B- og

b) ábyrgðin fer ekki yfir af 80% af láninu sem liggur til grundvallar og annaðhvort er ábyrgð veitt fyrir 1 500 000 evrum (eða 750 000 evrum fyrir fyrirtæki sem annast vöruflutninga á vegum) og gildistími ábyrgðarinnar er fimm ár eða ábyrgð er veitt fyrir 750 000 evrum (eða 375 000 evrum fyrir fyrirtæki sem annast vöruflutninga á vegum) og gildistími ábyrgðarinnar er tíu ár; ef fjárhæðin sem ábyrgð er veitt fyrir er lægri en þessar fjárhæðir og/eða ábyrgðin er veitt fyrir styttri tíma en annars vegar til fimm ára eða hins vegar tíu ára, skal styrkígildi þess reiknað sem samsvarandi hlutfall af viðeigandi efri mörkum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 3. gr., eða

c) vergt styrkígildi hefur verið reiknað á grundvelli lágmarksöryggisgjalds, sem mælt er fyrir um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar, eða

d) aðferðin við að reikna vergt styrkígildi ábyrgðarinnar, áður en aðstoðin kemur til framkvæmdar,

i. hefur verið tilkynnt til framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt annari reglugerð framkvæmdastjórnarinnar á sviði ríkisaðstoðar í gildi á þeim tíma og framkvæmdastjórnin hefur samþykkt að sé í samræmi við tilkynningu um ábyrgð eða einhverja aðra síðari tilkynningu, og

ii. aðferðin varðar beint þá tegund ábyrgðar og viðskipta sem liggja til grundvallar, sem um er að ræða í tengslum við beitingu þessarar reglugerðar.

7. Líta skal á aðstoð sem aðrir gerningar taka til sem gagnsæja minniháttaraðstoð ef í gerningunum er get ráð fyrir hámarki sem tryggir að ekki sé farið yfir viðkomandi efri mörk.

5. gr.

### Uppsöfnun

1. Heimilt er að bæta minniháttaraðstoð, sem veitt er í samræmi við þessa reglugerð, við minniháttaraðstoð, sem veitt er í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 360/2012<sup>(15)</sup>, upp að efri mörkunum sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð. Heimilt er að bæta henni við minniháttaraðstoð, sem veitt er í samræmi við aðrar reglugerðir um minniháttaraðstoð, upp að efri mörkunum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar.

2. Ekki skal bæta minniháttaraðstoð við ríkisaðstoð að því er varðar sama aðstoðarhæfa kostnaðinn eða sömu áhættufjármagnsráðstöfunina ef slík sameining fer yfir hæsta gildandi umfang aðstoðar eða fjárhæð aðstoðar sem ákveðin er fyrir sérstakar aðstæður í hverju tilviki með reglugerð um hópundanþágu eða ákvörðun sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt. Minniháttaraðstoð, sem er ekki veitt vegna sérstaks aðstoðarhæfs kostnaðar eða sem ekki er hægt að tengja slíkum kostnaði, má sameina annarri ríkisaðstoð sem er veitt samkvæmt reglugerð um hópundanþágu eða ákvörðun sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

6. gr.

### Eftirlit

1. Hyggist aðildarríki veita fyrirtæki minniháttaraðstoð í samræmi við þessa reglugerð skal það tilkynna fyrirtækinu skriflega um fyrirhugaða fjárhæð aðstoðarinnar, gefna upp sem vergt styrkígildi, og um það í hverju minniháttaraðstoðin er fölgin ásamt því að vísa með skýrum hætti í þessa reglugerð og tilgreina titil hennar og tilvísun í birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Sé minniháttaraðstoð veitt í samræmi við þessa reglugerð til ólíkra fyrirtækja, á grundvelli aðstoðarkerfis og mismunandi fjárhæðir stakrar aðstoðar sem eru veittar þessum fyrirtækjum, samkvæmt aðstoðarkerfinu, geta hlutaðeigandi aðildarríki kosið að uppfylla þessa skyldu með því að tilkynna fyrirtækjunum um fasta fjárhæð sem samsvarar þeirri fjárhæð hámarksaðstoðar sem hægt er að veita samkvæmt aðstoðarkerfinu. Í því tilviki skal nota föstu fjárhæðina til að ákvarða hvort efri mörkunum, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 3. gr., sé náð. Áður en aðstoðin er veitt skal aðildarríkið fá yfirlýsingu hjá viðkomandi fyrirtæki, skriflega eða á rafrænu formi, um alla aðra minniháttaraðstoð sem það hefur fengið samkvæmt þessari reglugerð eða öðrum reglugerðum um minniháttaraðstoð á tveimur næstliðnum reikningsárum og yfirstandandi reikningsári.

2. Ef aðildarríki hefur komið upp miðlægri skrá yfir minniháttaraðstoð, sem í eru tæmandi upplýsingar um alla minniháttaraðstoð sem yfirvöld í því aðildarríki hafa veitt, á 1. mgr. ekki lengur við þegar skráin nær yfir þriggja ára tímabil.

3. Aðildarríki skal ekki veita nýja minniháttaraðstoð í samræmi við þessa reglugerð nema eftir að hafa gengið úr skugga um að það leiði ekki til þess að heildarfjárhæð minniháttaraðstoðar, sem hlutaðeigandi fyrirtæki hefur fengið, fari yfir efri mörkin, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 2. gr., og að öll skilyrði, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, séu uppfyllt.

4. Aðildarríkin skulu skrá og taka saman allar upplýsingar varðandi beitingu þessarar reglugerðar. Í slíkum skráum skulu koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar til að sýna fram á að skilyrðin í þessari reglugerð séu uppfyllt. Halda skal skrár yfir staka minniháttaraðstoð í tíu reikningsár frá þeim degi sem hún var veitt. Halda skal skrár varðandi aðstoðarkerfi minniháttaraðstoðar í tíu reikningsár frá þeim degi sem síðasta staka aðstoðin var veitt samkvæmt slíku kerfi.

5. Hlutaðeigandi aðildarríki skal láta framkvæmdastjórninni í té, samkvæmt skriflegri beiðni og innan 20 virkra daga eða lengri tíma, sem kann að vera tilgreindur í beiðninni, allar upplýsingar sem framkvæmdastjórnin telur nauðsynlegar til að meta hvort skilyrðin í þessari reglugerð hafa verið uppfyllt, einkum heildarfjárhæð þeirrar minniháttaraðstoðar í skilningi þessarar reglugerðar og annarra reglugerða um minniháttaraðstoð sem fyrirtæki hefur fengið.

7. gr.

### Umbreytingarákvæði

1. Reglugerð þessi gildir um aðstoð sem er veitt áður en hún öðlast gildi, uppfylli aðstoðin öll skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Framkvæmdastjórnin mun meta alla aðstoð, sem uppfyllir ekki þessi skilyrði, í samræmi við viðkomandi rammaákvæði, viðmiðunarreglur, orðsendingar og tilkynningar.

2. Hvers konar stök minniháttaraðstoð sem er veitt á tímabilinu frá 2. febrúar 2001 til 30. júní 2007 og sem uppfyllir skilyrðin í reglugerð (EB) nr. 69/2001 telst ekki uppfylla allar viðmiðanirnar í 1. mgr. 107. gr. sáttmálans og skal því undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans.

3. Hvers konar minniháttaraðstoð sem veitt er á tímabilinu frá 1. janúar 2007 til 30. júní 2014 og sem uppfyllir skilyrðin í reglugerð (EB) nr. 1998/2006 telst ekki uppfylla allar viðmiðanirnar í 1. mgr. 107. gr. sáttmálans og skal því undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans.

4. Við lok gildistíma þessarar reglugerðar skal hvers konar kerfi minniháttaraðstoðar sem uppfyllir skilyrðin í þessari reglugerð áfram falla undir hana í sex mánuði til viðbótar.

<sup>(15)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 360/2012 frá 25. apríl 2012 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart minniháttaraðstoð sem veitt er fyrirtækjum sem veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu (Stjtið. ESB L 114, 26.4.2012, bls. 8).

8. gr.

**Gildistaka og beiting**

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2014.

Hún gildir til 31. desember 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. desember 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

---

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/36/89

frá 4. mars 2013

um að taka saman notendahandbók þar sem lýst er nauðsynlegum áföngum til aðildar  
að umhverfisstjórnunarkerfi ESB samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins  
(EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi  
Bandalagsins (EMAS)

*(tilkynnt með númeri C(2013) 1114)*

(2013/131/ESB) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusam-  
bandsins,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB)  
nr. 1221/2009 frá 25. nóvember 2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/  
stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) og  
um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 761/2001 og ákvarðana  
framkvæmdastjórnarinnar 2001/681/EB og 2006/193/EB <sup>(1)</sup>,  
einkum 5. mgr. 46. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*Félög og önnur fyrirtæki/stofnanir ættu að fá viðbótar-  
upplýsingar og leiðbeiningar varðandi nauðsynlega áfanga til  
aðildar að umhverfisstjórnunarkerfi ESB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*Framkvæmdastjórnin samþykkir þessa notendahandbók til að  
veita viðbótarupplýsingar sem skýra nauðsynlega áfanga til  
aðildar að umhverfisstjórnunarkerfi ESB.*2. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. mars 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Janez POTOČNIK

*framkvæmdastjóri.*

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 76, 19.3.2013, bls. 1. Hennar var getið  
í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 100/2014 frá 16. maí 2014  
um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður  
birtingar.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 1.

## VIÐAUKI

**Notendahandbók þar sem lýst er nauðsynlegum áföngum til aðildar að umhverfisstjórnunarkerfi ESB í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS)**

## I. INNGANGUR

Eitt markmið í umhverfisstefnu ESB er að hvetja allar tegundir fyrirtækja/stofnana til að nota umhverfisstjórnunarkerfi og að draga úr umhverfisáhrifum sínum. Umhverfisstjórnunarkerfi eru meðal verkfæra sem félög og önnur fyrirtæki/stofnanir geta notað til að bæta árangur sinn í umhverfismálum og jafnframt sparað orku og aðrar auðlindir. ESB vill einkum hvetja fyrirtæki/stofnanir til þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB (EMAS) sem er stjórnartæki fyrir félög og önnur fyrirtæki/stofnanir til að meta, tilkynna og bæta árangur sinn í umhverfismálum.

Umhverfisstjórnunarkerfi ESB var komið á fót árið 1993 og hefur þróast með tímanum. Í reglugerðinni um umhverfisstjórnunarkerfið <sup>(2)</sup> er kveðið á um lagagrundvöllinn fyrir kerfið og síðasta endurskoðunin fór fram árið 2009.

Þessi notendahandbók varðandi umhverfisstjórnunarkerfi ESB var útbúin í samræmi við kröfurnar í 5. mgr. 46. gr. reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfið. Tilgangurinn með þessu skjali er að veita fyrirtækjum/stofnunum, sem áhuga hafa á umhverfisstjórnunarkerfi ESB, skýra og einfalda ráðgjöf. Því er ætlað að veita áfangaskiptar leiðbeiningar sem auðvelt er að fylgja. Í handbókinni er gert grein fyrir helstu þáttum kerfisins og áföngunum sem fyrirtæki/stofnun, sem hyggst taka þátt, skal hefjast handa við. Tilgangurinn með skjalinu er að auka heildarfjölda fyrirtækja/stofnana sem taka upp stjórnunarkerfi umhverfisstjórnunarkerfis ESB með því að auðvelda aðild þeirra að kerfinu. Einnig er mikilvægt að hafa í huga almenn markmið Evrópureglugerðarinnar sem eru að samræma framkvæmd í öllum aðildarríkjum og skapa sameiginlegan lagaramma. Að því er varðar tiltekin atriði í tengslum við hnattræna skráningu í umhverfisstjórnunarkerfi ESB er vísað til ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2011/832/ESB frá 7. desember 2011 um leiðbeiningar varðandi samskráningu í ESB, skráningu í þriðju löndum og hnattræna skráningu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) <sup>(3)</sup>.

## II. HVAÐ ER UMHVERFISSTJÓRNUNARKERFI ESB (EMAS)?

Umhverfisstjórnunarkerfi ESB er valfrjálst verkfæri sem er aðgengilegt fyrirtækjum/stofnunum sem starfa innan atvinnugreina, jafnt innan sem utan Evrópusambandsins, sem óska þess að:

- taka á sig umhverfislega og efnahagslega ábyrgð,
- bæta árangur sinn í umhverfismálum,
- tilkynna samfélaginu og hagsmunaaðilum almennt um umhverfislegar niðurstöður sínar.

Hér fyrir neðan er því lýst í áföngum sem nauðsynlegt er að gera til að skrá sig í kerfið og koma sér upp slíku kerfi.

Fyrirtæki/stofnanir sem skráð eru í umhverfisstjórnunarkerfið verða að:

- sýna fram á að farið sé að ákvæðum umhverfislöggjafarinnar,
- skuldbinda sig til að bæta stöðugt árangur sinn í umhverfismálum,
- sýna að þau haldi uppi opnum skoðanaskiptum við alla hagsmunaaðila,
- stuðla að þátttöku starfsmanna í að bæta árangur fyrirtækisins/stofnunarinnar í umhverfismálum,
- birta og uppfæra fullgilta umhverfisfyrirlýsingu í umhverfisstjórnunarkerfinu fyrir samskipti við utanaðkomandi aðila.

Uppfylla þarf nokkrar kröfur til viðbótar. Fyrirtæki/stofnanir þurfa að:

- láta fara fram umhverfisrýni (þ.m.t. greiningu allra beinna og óbeinna umhverfisþátta),

<sup>(2)</sup> Reglugerð (EB) nr. 1221/2009.

<sup>(3)</sup> Stjótið. ESB L 330, 14.12.2011, bls. 25.

- skrá sig hjá þar til bærum aðila eftir fullnægjandi sannpröfun fyrirtækisins/stofnunarinnar.

Fyrirtækjum/stofnunum er heimilt að nota EMAS-kennimerkið þegar búið er að skrá þau.

### III. KOSTNAÐUR OG ÁVINNINGUR AF AÐ VERA AÐILI AÐ UMHVERFISSTJÓRNUNARKERFI ESB


Almennt aðstoða umhverfisstjórnunarkerfi eins og umhverfisstjórnunarkerfi ESB fyrirtæki/stofnanir við að bæta auðlindanýtni, draga úr áhættu og að sýna fordæmi með opinberri yfirlýsingu um góðar starfsvenjur. Sparnaðurinn af því að vera aðili að kerfinu vegur þyngra en kostnaðurinn.

#### Ávinningur

Rannsókn <sup>(4)</sup> var gerð á kostnaði og ávinningi af skráningu í umhverfisstjórnunarkerfi ESB. Þátttakendurnir í rannsókninni voru beðnir um að velja jákvæðustu áhrifin af fyrirfram ákveðnum lista. „Orku- og auðlindasparnaður“ varð efst á lista (21%) eins og sýnt er á mynd 1. Þar á eftir kom „færri neikvæð atvik“ (18%) og „bætra samband við hagsmunaaðila“ (17%).

Mynd 1

#### Ávinningur af að vera aðili að umhverfisstjórnunarkerfi ESB (% af öllum svörum)



#### Sparnaður vegna aukinnar nýtni

„Orku- og auðlindasparnaður“ varð efst á lista. Fyrir fyrirtæki/stofnanir af öllum stærðum voru visbendingar um að orkusparnaðurinn einn og sér væri meiri en árlegi kostnaðurinn í tengslum við viðhald umhverfisstjórnunarkerfisins. Þetta gefur til kynna að stærri fyrirtæki/stofnanir ættu auðveldlega að geta endurheimt kostnaðinn af að vera aðili að umhverfisstjórnunarkerfi ESB.

#### Færri neikvæð atvik

Þessi ávinningur varð í öðru sæti listans. Ýmsir þættir höfðu þarna þýðingu, s.s. færri brot á umhverfislöggjöfnum. Þetta tengist greinilega ávinningi með tilliti til bættra samskipta við efitrlitsyfirvöld.

#### Bætt samskipti við hagsmunaaðila

Fyrirtæki/stofnanir töldu að bætt samskipti við hagsmunaaðila væri mikilvægur ávinningur, einkum ef um er að ræða opinbera stjórnsýslu og þjónustufyrirtæki.

<sup>(4)</sup> [http://ec.europa.eu/environment/emas/pdf/news/costs\\_and\\_benefits\\_of\\_emas.pdf](http://ec.europa.eu/environment/emas/pdf/news/costs_and_benefits_of_emas.pdf)

### Fleiri markaðstækifæri

Skráning í umhverfisstjórnunarkerfi ESB getur skapað fleiri viðskiptatækifæri. Það getur hjálpað til við að halda í núverandi viðskiptavini og einnig náð til nýrra viðskiptavina. Þegar kemur að opinberum innkaupum þá getur verið kostur að hafa umhverfisstjórnunarkerfi eins og umhverfisstjórnunarkerfi ESB. Þó að fyrirtæki/stofnanir sem tengjast opinberum innkaupum geti ekki með skýrum hætti krafist þess að bjóðendur séu skráðir í umhverfisstjórnunarkerfi ESB þá geta skráð fyrirtæki notað það til að sýna fram á að þau búi yfir tæknilegri leið til að uppfylla umhverfisstjórnunarkröfur sammingsins.

Fyrirtæki/stofnanir geta auk þess hvatt birgja sína til að koma á umhverfisstjórnunarkerfi sem hluta af umhverfisstefnu sinni. Skráning í umhverfisstjórnunarkerfi ESB getur auðveldað innri viðskipti á milli fyrirtækja fyrir báða aðila.

### Slökun á reglum

Fyrirtæki/stofnanir sem skráð eru í umhverfisstjórnunarkerfi ESB geta búist við að slakað verði á reglum. Fyrirtæki innan framleiðslugeirans geta haft ávinning af og notið góðs af, samkvæmt löggjöfni um samþættar mengunarvarnir og eftirlit <sup>(5)</sup>.

Nokkur aðildarríki bjóða einnig fyrirtækjum/stofnunum sem skráð eru í umhverfisstjórnunarkerfi ESB upp á ávinning varðandi lands- og svæðisbundna umhverfislöggjöf og -reglugerðir. Slíkur ávinningur getur til dæmis falið í sér einfaldari kvaðir um skýrslugjöf, færri skoðanir, lægra úrgangsgjald og lengri tímabil á milli endurnýjunar leyfa.

Sem dæmi má nefna: 50% lækkun úrgangsgjalda, 20-30% lækkun gjalda fyrir málsmeðferð við veitingu leyfa, allt að 100% lækkun gjalda fyrir vöktun og framkvæmd samkvæmt landslögum, 30% lækkun gjalda fyrir opinbera þjónustu undir stjórn opinberra stofnana, 30% lækkun gjalda fyrir málsmeðferð við veitingu leyfa varðandi yfirborðsvatn, leyfi varðandi vinnslu á grunnvatni og í tengslum við málsmeðferð við veitingu leyfa varðandi urðun. Það er einnig ávinningur í tengslum við stjórnun á vöktun og meðhöndlun hættulegra iðefna, skyldur varðandi förgun úrgangs (ekki gerð krafa um að sýna fram á tæknilegar eftirlitsráðstafanir) og vöktun gróðurhúsalofttegunda.

### Kostnaður og ávinningur

Fyrirtæki ættu að líta á skráningu í umhverfisstjórnunarkerfi ESB sem fjárfestingu. Aðild að umhverfisstjórnunarkerfinu felur í sér innri og ytri kostnað, s.s. varðandi ráðgjöf, mannaúð til að framkvæma og fylgja eftir ráðstöfunum, skoðanir, skráningargjöld o.s.frv.

Raunverulegur kostnaður og ávinningur getur verið breytilegur eftir t.d. stærð og starfsemi fyrirtækis/stofnunar, núverandi ástandi umhverfisstjórnunar, tilteknu landi o.s.frv. Umhverfisstjórnunarkerfi ESB leiðir þó almennt til umtalsverðs sparnaðar. Sýnt hefur verið fram á með ýmsum rannsóknum að fyrirtæki/stofnanir fá kostnað við framkvæmd bættan með auknum tekjum á nokkuð stuttum tíma, í flestum tilvikum á einu til tveimur árum <sup>(6)</sup><sup>(7)</sup><sup>(8)</sup><sup>(9)</sup><sup>(10)</sup>.

Tafla 1

#### Kostnaður og hugsanlegur árlegur sparnaður vegna nýtni í umhverfisstjórnunarkerfi ESB (\*)

Stærð fyrirtækis/stofnunar <sup>(1)</sup>	Hugsanlegur árlegur sparnaður vegna nýtni (evrur)	Kostnaður fyrsta árið við framkvæmd umhverfisstjórnunarkerfis ESB <sup>(2)</sup> (evrur)	Árlegur kostnaður við umhverfisstjórnunarkerfi ESB <sup>(3)</sup> (evrur)
Örfyrirtæki/stofnun	3 000–10 000	22 500	10 000
Lítill	20 000–40 000	38 000	22 000
Meðalstór	Allt að 100 000	40 000	17 000

<sup>(5)</sup> Í tilskipuninni um losun í iðnaði (IED-tilskipunin), sem felldi úr gildi IPPC-tilskipunina frá og með 7. janúar 2013, er aðildarríkjnum veittar nákvæmar leiðbeiningar varðandi umhverfiseftirlit, þar sem tíðni vettvangsheimsóknna ætti að byggjast á kerfisbundnu mati á umhverfisáætlu af völdum viðkomandi mannvirkja, miðað við nokkrar viðmiðanir þ.m.t. þátttöku rekstraraðilans í umhverfisstjórnunarkerfi ESB.

<sup>(6)</sup> EVER-rannsóknin: „Evaluation of EMAS and Eco-Label for their Revision“ (2005), IEFÉ - Università Bocconi fyrir stjórnarsvið umhverfismála hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.

<sup>(7)</sup> Hamschmidt J., Dyllick T. (2001), „ISO 14001: profitable? Yes! But is it eco-effective?“, Greener Management International, nr. 34.

<sup>(8)</sup> CESQA SINCERT (2002), Indagine sulla certificazione ambientale secondo la norma UNI EN ISO 14001; risultati indagine Triveneto.

<sup>(9)</sup> Freimann, Walther (2001), „The impacts of corporate environmental management systems: a comparison of EMAS and ISO 14001“, Greener Management International, nr. 36, bls. 91-103.

<sup>(10)</sup> IRIS (2000), Environmental management systems — paper tiger or powerful tool. The Swedish Institute of Production Engineering Research. Mòlndal.

(\*) Tölurnar í töflu 1 eru leiðbeinandi og tengjast stærðum flokkanna. Því er ekki hægt að nota þær beint að því er varðar öll fyrirtæki/stofnanir í öllum aðstæðum.

Stærð fyrirtækis/stofnunar <sup>(1)</sup>	Hugsanlegur árlegur sparnaður vegna nýtni (evrur)	Kostnaður fyrsta árið við framkvæmd umhverfisstjórnunarkerfis ESB <sup>(2)</sup> (evrur)	Árlegur kostnaður við umhverfisstjórnunarkerfi ESB <sup>(3)</sup> (evrur)
Stór	Allt að 400 000	67 000	39 000
Gögn um hugsanlegan árlegan sparnað vegna nýtni eru eingöngu byggð á orkusparnaði. Engin gögn eru fánleg varðandi sparnað vegna auðlindanýtni.			

*Heimild:* „Costs and Benefits of EMAS to Registered Organisations“, rannsókn fyrir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, 2009.

<sup>(1)</sup> Stærð fyrirtækis/stofnunar eins og hún er skilgreind í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB frá 6. maí 2003 um skilgreininguna á örfyrirtækjum, litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum (Stjtið. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36).

<sup>(2)</sup> Lítil og meðalstór fyrirtæki geta oft dregið úr kostnaði við framkvæmd umhverfisstjórnunarkerfis ESB fyrsta árið fyrir milligöngu aðferðafræði umhverfisstjórnunarkerfisins (EMAS Easy). Nýlegar áætlanir sýna að í sumum tilvikum sé hægt að lækka kostnað niður í 11 500 evrur fyrir örfyrirtæki/stofnanir og 17 000 evrur fyrir lítil fyrirtæki/stofnanir á fyrsta ári framkvæmdarinnar. Þessar áætlanir eru eingöngu leiðbeinandi og byggjast á gögnum sem lítil og meðalstór fyrirtæki leggja fram í kjölfar málstofa fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í mismunandi aðildarríkjum.

<sup>(3)</sup> Lítil og meðalstór fyrirtæki geta oft dregið úr kostnaði við framkvæmd umhverfisstjórnunarkerfis ESB fyrsta árið fyrir milligöngu aðferðafræði umhverfisstjórnunarkerfisins (EMAS Easy). Nýlegar áætlanir sýna að í sumum tilvikum sé hægt að lækka kostnað niður í 2 200 evrur á ári fyrir örfyrirtæki/stofnanir og 3 300 evrur á ári fyrir lítil fyrirtæki/stofnanir. Þessar áætlanir eru eingöngu leiðbeinandi og byggjast á gögnum sem lítil og meðalstór fyrirtæki leggja fram í kjölfar málstofa fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í mismunandi aðildarríkjum.

„EMAS Toolkit for small organisations“ <sup>(11)</sup> veitir mörg önnur dæmi um sparnað í tengslum við kostnað/ávinning.

Í heildina standa örfyrirtæki/stofnanir og lítil fyrirtæki/stofnanir frammi fyrir hlutfallslega hærri fastakostnaði og ytri kostnaði en meðalstór eða stór fyrirtæki/stofnanir þar sem þau síðarnefndu njóta ávinnings af stærðarhagkvæmni, þar sem hærri hlutfall af kostnaði hvílir innan umhverfisdeilda og þau hafa lægri ytri kostnað þar sem þau hafa minni þörf á ráðgjöf. Jafnvel mjög stórum fyrirtækjum/stofnunum er þó ráðlagt að rannsaka í smáatriðum kostnað við framkvæmd.

Umhverfisstjórnunarkerfi ESB og orkustjórnunarkerfi eins og EN 16001 og ISO 50001 eru alveg sambærileg. Þar sem stjórnun á orkunotkun er hluti af umhverfisstjórnunarkerfi ESB bæta fyrirtæki/stofnanir sem skráð eru í umhverfisstjórnunarkerfið nú þegar orkunýtni sína og af þessum sökum uppfylla þau flestar kröfur EN 16001 og ISO 50001. Þetta getur því leitt til lækkunar á kostnaði.

Fyrirtæki/stofnanir sem velta fyrir sér skráningu í umhverfisstjórnunarkerfi ESB ættu einnig að taka tillit til tækni- og fjárstuðningsins eða styrkjanna sem aðildarríki, landsbundin yfirvöld, svæðisbundin yfirvöld eða staðaryfirvöld og þar til bærir aðilar innan umhverfisstjórnunarkerfisins veita.

#### IV. REGLUGERÐIN UM UMHVERFISSTJÓRNUNARKERFI ESB

Umhverfisstjórnunarkerfi ESB var komið á fót með reglugerð (EB) nr. 1221/2009 (einnig þekkt sem umhverfisstjórnunarkerfi ESB III) og gildir í öllum aðildarríkjum.

##### 1. Almenn atriði

###### 1.1. Gildissvið

Frá árinu 2001 geta öll opinber og einkarekin fyrirtæki/stofnanir gerst aðilar að umhverfisstjórnunarkerfi ESB. Með umhverfisstjórnunarkerfi ESB III stendur kerfið einnig til boða fyrirtækjum/stofnunum utan Evrópu eða evrópskum fyrirtækjum sem starfa í löndum utan Evrópu. Sérstakar leiðbeiningar er að finna, að því er varðar síðarnefnda atriðið, varðandi samskráningu í ESB, skráningu í þriðju löndum og hnattræna skráningu.

„Fyrirtæki/stofnun“: félag, fyrirtæki, firma, atvinnufyrirtæki, yfirvald eða stofnun, sem er staðsett annaðhvort í Bandalaginu eða utan þess, eða hluti eða samsetning þeirra, hvort heldur sem er með eða án réttarstöðu lögaðila, í opinberi eign eða í einkaeign, sem hefur sitt eigið hlutverk og stjórn“.

Hægt er að innleiða umhverfisstjórnunarkerfi ESB á einu, nokkrum eða öllum athafnasvæðum sem tilheyra einkastofnunum eða opinberum stofnunum á öllum athafnasviðum <sup>(12)</sup>. Athafnasvæði er smæsta eining sem hægt er að taka til skráningar.

„Athafnasvæði“: tiltekið, landfræðilega skilgreint svæði undir stjórn fyrirtækis/stofnunar sem tekur til starfsemi, vara og þjónustu, þ.m.t. öll grunnvirki, búnaður og efni, en athafnasvæði er smæsta eining sem unnt er að taka til skráningar“.

<sup>(11)</sup> <http://ec.europa.eu/environment/emas/toolkit/index.htm>

<sup>(12)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 (Stjtið. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1).



1.2. *Kröfur*

Almennu málsmeðferðina varðandi innleiðingu umhverfisstjórnunarkerfis ESB er hægt að taka saman sem hér segir:

- 1) Fyrirtækið/stofnunin ætti að byrja á umhverfisrýni, frumgreiningu á allri starfsemi fyrirtækisins/stofnunarinnar, greina viðkomandi beina og óbeina umhverfisþætti og viðeigandi umhverfislöggjöf.
- 2) Því næst þarf að innleiða umhverfisstjórnunarkerfi, í samræmi við kröfurnar í EN ISO 14001 (II. viðauki við reglugerðina um umhverfisstjórnunarkerfi ESB).
- 3) Eftirlit skal vera með kerfinu með því að framkvæma innri úttekt og rýni á stjórnun.
- 4) Fyrirtækið/stofnunin skrifar umhverfisýfirlýsingu í umhverfisstjórnunarkerfi ESB.
- 5) Sannprófandi í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sem er faggiltur eða með leyfi, sannprófar umhverfisrýnina og umhverfisstjórnunarkerfið og fullgildir yfirlýsinguna.
- 6) Þegar fyrirtækið/stofnunin hefur verið sannprófað eða sannprófuð skal það eða hún leggja fyrir þar til bærar aðila umsókn um skráningu.

Samanlagðar, árlegar afurðir (talan B) eru þær sömu fyrir öll svið en eru aðlagðar að mismunandi tegundum fyrirtækja/stofnana:

- a) Í framleiðslugeiranum (iðnaði): talan skal sýna samanlagt vergt vinnsluvirði, gefið upp í milljónum evra eða samanlagðar, árlegar, efnislegar afurðir, gefnar upp í tonnum. Lítil fyrirtæki/stofnanir geta gefið upp heildarveltu á ári eða fjölda starfsmanna.
- b) Í öðrum geirum en framleiðslugeiranum (þjónustu, stjórnsýslu): fjöldi starfsmanna gefinn upp.

2.3.2.2. Kjarnavís bendar og atriði sem tengjast sveigjanleika – rökstuðningur

Það er mikilvægt að skilja rökin á bakvið setningu vís benda ásamt atriðunum sem tengjast sveigjanleika sem kveðið er á um í reglugerðinni um umhverfisstjórnunarkerfi ESB (IV. viðauki við reglugerðina um umhverfisstjórnunarkerfi ESB).

Í 1. lið í C-lið IV. viðauka er skýrt frá því að vís bendar skulu:

- a) gera kleift að meta nákvæmlega árangur fyrirtækisins/stofnunarinnar í umhverfismálum,
- b) vera skiljanlegir og ótvíræðir,
- c) gera mögulegt að bera þessar upplýsingar saman frá ári til árs í því skyni að meta breytingar á árangri fyrirtækisins/stofnunarinnar í umhverfismálum,
- d) gefa kost á samanburði við geirabundnar, landsbundnar eða svæðisbundnar viðmiðanir eftir því sem við á,
- e) gefa kost á samanburði við kröfur samkvæmt reglum eftir því sem við á.

Þetta eru helstu hlutverk mikilvægustu vís benda um árangur í umhverfismálum

Það er þó nokkur sveigjanleiki varðandi notkun vís benda ef það stuðlar að því að auðveldara sé að uppfylla markmið þeirra.

Sveigjanleikinn er eftirfarandi:

- Skilyrði fyrir notkun ákvæðisins um upplýsingaleynd, sem um getur í 1. lið C-liðar IV. viðauka — „geti birting haft neikvæð áhrif á upplýsingaleynd viðskipta- eða iðnaðarupplýsinga (...), þá er viðkomandi fyrirtæki/stofnun heimilt að greina frá þessum upplýsingum miðað við grunntölu, þ.e. með því að setja grunnár (með grunntölunni 100) sem raunveruleg aðföng/áhrif miðast við“. Hægt er að skírskota til þessa ákvæðis ef notkun vís benda gæti birt viðkvæm gögn sem gætu gert samkeppnisaðila kleift að reikna út meðalverð framleiðslunnar.
- Skilyrði fyrir því að gera EKKI grein fyrir tilteknum kjarnavís bendum sem kveðið er á um í IV. viðauka — í a- og b-lið 2. liðar C-liðar IV. viðauka um kjarnavís benda segir að „komist fyrirtæki/stofnun að þeirri niðurstöðu að einn eða fleiri kjarnavís bendar skipti ekki máli í sambandi við mikilvæga og beina umhverfisþætti þess er fyrirtækinu/stofnuninni heimilt að gera ekki grein fyrir þeim kjarnavís bendum. Stofnuninni/fyrirtækinu ber að rökstyðja það með tilvísun til umhverfissýni sinnar.“ Í þágu gagnsæis ættu þau rök einnig að koma fram í umhverfisyfirlýsingunni. Þar sem hver kjarnavís bendir er samsettur af tölu A fyrir aðföng, tölu B fyrir afurð og tölu R fyrir hlutfallið A/B gildir þessi þáttur sveigjanleika fyrir alla kjarnavís benda í heild, þ.m.t. sérstök tengsl A/B.
- Skilyrði fyrir því að gera grein fyrir notkun annars vís bendis (A/B) Í STAÐINN FYRIR tiltekinn kjarnavís bendi eins og í IV. viðauka — ef fyrirtæki/stofnun ákveður að greina ekki frá einum eða fleiri tilteknum kjarnavís bendi skv. a-lið, eins og um getur í IV. viðauka, heldur velur annan í hans stað þá skal sá vís bendir einnig kveða á um aðföng A og afurð B. Þegar þessi sveigjanleiki er nýttur skal alltaf rökstyðja það með tilvísun í umhverfissýnina, sem sýnir hvernig sá valkostur gefur betri mynd af viðkomandi frammistöðu. Taka skal tillit til geiratengds tilvísunarskjals umhverfisstjórnunarkerfis ESB varðandi þetta sértæka ákvæði, ef slíkt er tiltækt fyrir viðkomandi geira. Í staðinn fyrir „fjöldi starfsmanna“ gæti gistiaðstaða í ferðaþjónustu t.d. valið „á hverja gistinótt“, skóli gæti valið „fjöldi nemenda“, fyrirtæki/stofnun sem annast úrgangsstjórnun gæti notað „magn meðhöndlaðs úrgangs í tonnum“ og spítali gæti kosið að hafa „fjöldi innlagðra sjúklinga“ o.s.frv.

- Skilyrði fyrir því að nota aðra þætti til að tilgreina aðföng (A) og afurð (B) TIL VIÐBÓTAR við tilteknu kjarnavísibendana sem kveðið er á um í IV. viðauka — fyrirtæki/stofnun er einnig heimilt að nota aðra þætti til að tilgreina samanlögð, árleg aðföng/áhrif á tilteknu sviði og samanlagðar, árlegar afurðir. Þjónustufyrirtæki/stofnun gæti t.d. í skýrslugjöf sinni notað „fjöldi starfsmanna“ sem mælikvarða fyrir afurðir (B) fyrir stjórnunarþátt þess eða hennar og annan mælikvarða fyrir afurðir að því er varðar tiltekna þjónustu sem er veitt.
- Mælieiningar — ef þær sem vísað er til í IV. viðauka við reglugerðina um umhverfisstjórnunarkerfi ESB endurspeglar ekki skýrt árangur fyrirtækis/stofnunar í umhverfismálum og veita ekki skýra mynd vegna samskipta þá er hægt að nota aðrar mælieiningar að því tilskildu að fyrirtækið/stofnunin færi rök fyrir því. Það skal vera hægt að breyta einingunum í þær sem tilgreindar eru í reglugerðinni. Æskilegt er að bætt verði við neðanmálsgrein þar sem einingunni er breytt.
- Aðrir gjaldmiðlar en evran í tengslum við vergt vinnsluvirði eða heildarveltu á ári — þó að í reglugerðinni um umhverfisstjórnunarkerfi ESB sé vísað til „milljónir evra“ sem mælikvarða á afurðir fyrir vergt vinnsluvirði þá er fyrirtækjum/stofnunum, sem eru utan gildissvæðis evrunnar, heimilt að nota sinn eigin gjaldmiðil.

### 2.3.2.3. Aðrir vísibendar um árangur í umhverfismálum sem skipta máli

Fyrirtækið/stofnunin skal einnig tilgreina frammistöðu sína samkvæmt öðrum viðeigandi vísibendum ef þeirra er getið í umhverfisrýninni.

### 2.3.2.4. Staðbundin ábyrgð

Staðbundin ábyrgð er mikilvæg í umhverfisstjórnunarkerfi ESB. Því ættu öll fyrirtæki/stofnanir, sem skráð eru í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, að tilgreina kjarnavísibenda fyrir hvert athafnasvæði þó að þess sé ekki greinilega krafist í reglugerðinni. Í öllum tilvikum ætti að veita upplýsingar um þróun varðandi losun út í andrúmsloft og vatn, vatnsnotkun, orkunotkun og magn úrgangs fyrir hvert athafnasvæði.

Fyrirtækið/stofnunin getur ekki gefið upplýsingar ef þær varða upplýsingaleynd (sjá 2.3.2.2).

Auk þess þarf að taka tillit til þess að hægt er að ná áframhaldandi bættum árangri á varanlegum stöðum en ekki á tímabundnum stöðum. Ef þetta atriði kemur upp ætti að taka það fram í umhverfisrýninni. Taka ætti tillit til þess möguleika að framkvæma aðrar ráðstafanir, þ.m.t. aðra „mjúka“ vísibenda. Í öllum tilvikum er heimilt að taka til athugunar upplýsingar varðandi tímabundna staði fyrir geira sem falla undir geiratengd tilvísunarskjöl í umhverfisstjórnunarkerfi ESB.

Tafla 7

#### Dæmi um notkun á kjarnavísibendum um árangur í fyrirtækjum/stofnunum í opinberri stjórnsýslu

Kjarnavísibendir	Árleg aðföng/áhrif (A)	Samanlagðar, árlegar afurðir fyrirtækis/stofnunar (B)	Hlutfall A/B
Orkunýtni	Árleg notkun í MWh eða GJ	Fjöldi starfsmanna (í öðrum geirum en framleiðslugeiranum)	MWh á einstakling og/eða kWh (kilóvattstund) á einstakling
Efnisnýtni	Árleg notkun pappírs í tonnum	Fjöldi starfsmanna (í öðrum geirum en framleiðslugeiranum)	Tonn á einstakling og/eða Fjöldi pappírsarka á einstakling á dag
Vatn	Árleg notkun í m <sup>3</sup>	Fjöldi starfsmanna (í öðrum geirum en framleiðslugeiranum)	m <sup>3</sup> á einstakling og/eða lítri á einstakling
Úrgangur	Árleg myndun úrgangs í tonnum	Fjöldi starfsmanna (í öðrum geirum en framleiðslugeiranum)	Tonn af úrgangi á einstakling og/eða kg á einstakling
	Árleg myndun hættulegs úrgangs í kílóum		Kíló af hættulegum úrgangi á einstakling
Líffræðileg fjölbreytni	Landnotkun í m <sup>2</sup> þéttbýlis (þ.m.t. afmarkað svæði)	Fjöldi starfsmanna (í öðrum geirum en framleiðslugeiranum)	m <sup>2</sup> þéttbýlis á einstakling og/eða m <sup>2</sup> afmarkaðs svæðis á einstakling

Kjarnavís bendir	Árleg aðföng/áhrif (A)	Samanlagðar, árlegar afurðir fyrirtækis/stofnunar (B)	Hlutfall A/B
Losun gróðurhúsalofttegunda	Árleg losun gróðurhúsalofttegunda í tonnum af CO <sub>2</sub> e (CO <sub>2</sub> e = jafngildiseining koltvísyrings)	Fjöldi starfsmanna (í öðrum geirum en framleiðslugeiranum)	tonn CO <sub>2</sub> e á einstakling og/eða kíló CO <sub>2</sub> e á einstakling

Tafla 8

## Dæmi um notkun á kjarnavís bendum um árangur í framleiðslugeiranum

Kjarnavís bendir	Árleg aðföng/áhrif (A)	Samanlagðar, árlegar afurðir fyrirtækis/stofnunar (B)	Hlutfall A/B
Orkunýtni	Árleg notkun í MWh eða GJ	Samanlagt, árlegt vergt vinnsluvirði (milljónir evra) * eða samanlagðar, árlegar efnislegar afurðir (tonn)	MWh á milljón evra eða MWh á tonn af afurð
Efnisnýtni	Árlegt massaflæði mismunandi efna sem notuð eru í tonnum	Samanlagt, árlegt vergt vinnsluvirði (milljónir evra) * eða samanlagðar, árlegar efnislegar afurðir (tonn)	Fyrir hvert mismunandi efni sem notað er: Efni í tonnum á milljón evra eða Efni í tonnum á tonn af afurð
Vatn	Árleg notkun í m <sup>3</sup>	Samanlagt, árlegt vergt vinnsluvirði (milljónir evra) * eða samanlagðar, árlegar efnislegar afurðir (tonn)	m <sup>3</sup> á milljón evra eða m <sup>3</sup> á tonn af afurð
Úrgangur	Árleg myndun úrgangs í tonnum	Samanlagt, árlegt vergt vinnsluvirði (milljónir evra) * eða samanlagðar, árlegar efnislegar afurðir (tonn)	Tonn af úrgangi á milljón evra eða Tonn af úrgangi á tonn af afurð
	Árleg myndun hættulegs úrgangs í tonnum		Tonn af hættulegum úrgangi á milljón evra eða Tonn af hættulegum úrgangi á tonn af afurð
Líffræðileg fjölbreytni	Landnotkun í m <sup>2</sup> þéttbýlis (þ.m.t. afmarkað svæði)	Samanlagt, árlegt vergt vinnsluvirði (milljónir evra) * eða samanlagðar, árlegar efnislegar afurðir (tonn)	m <sup>2</sup> þéttbýlis og/eða m <sup>2</sup> afmarkaðs svæðis á milljón evra eða m <sup>2</sup> þéttbýlis og/eða m <sup>2</sup> afmarkaðs svæðis á tonn af afurð

Kjarnavísibendir	Árleg aðföng/áhrif (A)	Samanlagðar, árlegar afurðir fyrirtækis/stofnunar (B)	Hlutfall A/B
Losun gróðurhúsalofttegunda	Árleg losun gróðurhúsalofttegunda í tonnum af CO <sub>2e</sub>	Samanlagt, árlegt vergt vinnsluvirði (milljónir evra) * eða samanlagðar, árlegar efnislegar afurðir (tonn)	Tonn af jafngildiseiningum koltvísýrings á milljón evra eða Tonn af jafngildiseiningum koltvísýrings á tonn af afurð

(\*) Opinbera skilgreiningu á vergu vinnsluvirði er að finna í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1503/2006 (Stjtið. ESB L 281, 12.10.2006, bls. 15). Hægt er að reikna vinnsluvirði á grunnverði á grundvelli veltu (án virðisauka og annarra sambærilegra, frádráttarbærra skatta sem tengjast veltu beint), að viðbætri framleiðslu sem færð er til eignar, að viðbættum öðrum rekstrartekjum, að viðbættum eða að frádrögnum breytingum á birgðum, að frádrögnum kaupum á vörum og þjónustu, að frádrögnum sköttum á vörur sem tengjast veltu en eru ekki frádráttarbærar, að viðbættum öllum styrkjum sem tengjast mótteknum vörum. Tekjur og útgjöld, sem eru flokkuð sem fjármunatekjur og -gjöld eða óreglulegar tekjur og óregluleg útgjöld í ársreikningum fyrirtækja, falla utan vinnsluvirðis. Vörutengdir styrkir eru þess vegna innifaldir í vinnsluvirði á grunnverði en allir skattar á vörur eru undanskildir. Vinnsluvirði er reiknað „vergt“ þar sem endurmat (s.s. afskriftir) er ekki dregið frá.

*Athugasemd:* Hægt er að nota umhverfisyfirlýsinguna í umhverfisstjórnunarkerfi ESB til að tilgreina tiltekna kjarnavísibenda um árangur, einkum orkunýtni og losun gróðurhúsalofttegunda.

#### 2.4. Sannprófun og fullgilding

„Sannprófun“: ferli samræmismats sem umhverfissannprófandi vinnur til að ákvarða hvort umhverfisrýni fyrirtækis/stofnunar, umhverfisstefna, umhverfisstjórnunarkerfi og innri úttekt og framkvæmd hennar uppfylla kröfurnar í þessarar reglugerð.

„Fullgilding“: staðfesting umhverfissannprófanda, sem framkvæmir sannprófun, á því að upplýsingar og gögn í umhverfisyfirlýsingu og uppfærðri umhverfisyfirlýsingu fyrirtækis/stofnunar séu áreiðanleg, trúverðug og rétt og uppfylli kröfurnar í reglugerðinni.

Framkvæmdastjórnin hefur þróað geiratengd tilvísunarskjöl sem taka ætti tillit til þegar árangur í umhverfismálum í fyrirtækinu/stofnuninni er kannaður. Umhverfisyfirlýsingin ætti að skýra hvernig tillit var tekið til geiratengdu tilvísunarskjálanna, ef þau voru fánleg.

##### 2.4.1. Hverjum er heimilt að sannprófa og fullgilda umhverfisstjórnunarkerfi ESB?

Aðeins faggiltir umhverfissannprófundur eða umhverfissannprófundur með leyfi geta framkvæmt þau verkefni.

„umhverfissannprófandi“: samræmismatsstofa eins og hún er skilgreind í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 <sup>(17)</sup> eða samtök eða hópur slíkra aðila, sem hlotið hefur faggildingu í samræmi við þessa reglugerð, eða einstaklingur eða lögaðili, eða samtök eða hópur slíkra aðila, sem hlotið hefur leyfi til þess að inna af hendi sannprófanir og fullgildingar í samræmi við þessa reglugerð.

- Fyrirtækinu/stofnuninni er heimilt að hafa samband við þar til bærar aðila umhverfisstjórnunarkerfis ESB í sínu aðildarríki eða faggildingar- eða leyfisveitingarstofu umhverfisstjórnunarkerfis ESB sem ber ábyrgð á faggildingu sannprófanda umhverfisstjórnunarkerfis ESB til að fá upplýsingar um faggilta umhverfissannprófundur. Ef fyrirtæki/stofnun vill fá upplýsingar frá öðrum aðildarríkjunum um sannprófundur sem starfa innan þeirra geira þá er slíkt hægt í gegnum skrá umhverfisstjórnunarkerfis ESB <sup>(18)</sup>.
- Umfang faggildingar eða leyfis umhverfissannprófanda er skilgreint í samræmi við kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1893/2006. Þegar fyrirtæki/stofnun gerir samning við umhverfissannprófanda þá verður að tryggja að sannprófundinn sé faggiltur eða með leyfi að því er varðar tiltekinn kóða atvinnugreinaflokkunar sem svarar til starfsemi fyrirtækisins/stofnunarinnar.
- Þegar sannprófundinn hefur hlotið faggildingu eða leyfi í einu aðildarríki getur hann starfað í öllum löndum innan ESB <sup>(19)</sup>, ef hann uppfyllir eftirlitskröfur faggildingar- eða leyfisveitingarstofunnar í því aðildarríki þar sem hann ætlar að starfa, eins og tilgreint er í 24. gr. reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB.
- Upplýsingar um sannprófundur sem hlotið hafa faggildingu eða leyfi eru aðgengilegar annaðhvort á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar fyrir umhverfisstjórnunarkerfi ESB eða í gegnum viðeigandi aðila í aðildarríkjunum.

<sup>(17)</sup> Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30.

<sup>(18)</sup> [http://ec.europa.eu/environment/emas/registration/index\\_en.htm](http://ec.europa.eu/environment/emas/registration/index_en.htm)

<sup>(19)</sup> Ef hann uppfyllir eftirlitskröfur faggildingar- eða leyfisveitingarstofunnar í því aðildarríki þar sem hann ætlar að starfa, eins og tilgreint er í 24. gr. reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB.



## 2.4.2. Hver eru verkefni umhverfissannprófenda?

- 1) Að sannprófa hvort fyrirtækið/stofnunin uppfylli allar kröfnar í reglugerðinni um umhverfisstjórnunarkerfi ESB að því er varðar upphaflegu umhverfisráðgjöf, umhverfisstjórnunarkerfið, umhverfisúttektina og niðurstöður hennar og umhverfisfyrirséinguna.
- 2) Að kanna hvort fyrirtækið/stofnunin uppfylli viðeigandi lagakröfur Bandalagsins, eða viðeigandi landsbundnar, svæðisbundnar eða staðbundnar lagakröfur, varðandi umhverfið.

*1. athugasemd:* Sannprófandi skal kanna hvort fyrirtækið/stofnunin hafi komið upp, innleitt og viðhaldið verklagsreglu(m) um reglulegt mat á því hvort viðkomandi lagalegum kröfum sé hlítt <sup>(20)</sup>. Sannprófandi vinnur ítarlegt mat á samræmi fyrirtækis/stofnunar við lög. Hluti af þessu verkefni er að staðfesta, á grundvelli sönnunargagna sem hann hefur fengið í hendur, að ekki hafi verið brotið í bága við umhverfislöggjöf <sup>(21)</sup>. Sannprófandi er heimilt að nota niðurstöður eftirlitsyfirvalda. Ef engar vísendingar um að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum finnast skal það tilgreint í umhverfisfyrirséingunni og hún undirrituð af sannprófandanum. Það er þó skylda sannprófandans að kanna, með venjulegum aðferðum við úttekt, hvort að kröfnar í reglugerðinni séu uppfylltar. Þetta þýðir að hann mun ekki geta kannað hvort lagalegum kröfum sé hlítt á sama hátt og eftirlitsyfírvöld.

*2. athugasemd:* Ef sannprófandi verður var við að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum á tímabilinu á milli tveggja skráninga þá hefur hann eftirfarandi valkosti. Hann getur annaðhvort tilkynnt þar til bærum aðila um að það þurfi að afskrá umrætt fyrirtæki/stofnun úr umhverfisstjórnunarkerfi ESB. Hafi fyrirtækið/stofnunin sýnt fram á að það hafi gert tímanlegar ráðstafanir í samstarfi við eftirlitsyfírvöld til að koma aftur á samræmi við lög getur sannprófandi enn undirritað yfirséinguna um sannprófun og fullgildinguna, samkvæmt VII. viðauka við reglugerðina.

- 3) Að kanna hvort fyrirtækið/stofnunin bæti stöðugt umhverfisárangur sinn.
- 4) Að kanna hvort gögnin sem falla undir og eru notuð í umhverfisfyrirséingunni í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, ásamt öllum umhverfisupplýsingum sem á að fullgilda, séu áreiðanleg, trúverðug og nákvæm.
- 5) Að heimsækja fyrirtæki/stofnun eða athafnasvæði. Verklagsreglurnar eru mismunandi eftir því hvort um er að ræða fyrirtæki/stofnun með eitt athafnasvæði eða mörg athafnasvæði og það er mikilvægt að leggja áherslu á muninn á þessum tveimur nálgunum. Í reglugerðinni um umhverfisstjórnunarkerfi ESB (4. mgr. 25. gr.) er þess krafist að fyrirtæki/stofnun sé heimsótt í hvert skipti sem fullgildingar-/sannprófunarstörf þurfa að fara fram. Ef um er að ræða fyrirtæki með eitt athafnasvæði þarf sannprófandi að heimsækja svæðið árlega. Ef um er að ræða litið fyrirtæki/stofnun með eitt athafnasvæði og ef hægt er að beita undanþágunni fyrir litil fyrirtæki/stofnanir (7. gr.) skal inna fullgildingar-/sannprófunarstörf af hendi eftir tvö og fjögur ár og sannprófandanum ber skylda til að heimsækja athafnasvæðið eftir tvö og fjögur ár. Ef um er að ræða skráð fyrirtæki/stofnun með mörg athafnasvæði er þess þó enn krafist í 4. mgr. 25. gr. að fyrirtækið/stofnunin sé heimsótt í hvert skipti sem fullgildingar-/sannprófunarstörf eru innt af hendi. Lagalega séð er því hægt að lita svo á að þessi skylda sé uppfyllt þegar sannprófandi heimsækir fyrirtækið/stofnunina (hugsanlega eitt eða fleiri athafnasvæði, hugsanlega mismunandi athafnasvæði) á hverju ári. Heimsóknaráætlunin skal þó tryggja að öll athafnasvæðin, sem falla undir skráningarnúmer þessa fyrirtækis/stofnunar með mörg athafnasvæði, séu í það minnsta heimsótt (sannprófuð að fullu) einu sinni á 36 mánuðum. Hafi sannprófandi ekki sannprófað að fullu öll athafnasvæðin, sem falla þar undir, a.m.k. einu sinni á þessu tímabili hefur hann ekki uppfyllt það verkefni sem af honum er krafist samkvæmt reglugerðinni um umhverfisstjórnunarkerfi ESB III. Þetta þýðir einnig að áður en fyrsta skráning á sér stað verður umhverfissannprófandi að heimsækja öll athafnasvæði fyrirtækis/stofnunar með mörg athafnasvæði.

*Athugasemd:* Það er gagnlegt fyrir fyrirtækið/stofnunina að kanna hvort sannprófandi hafi greint viðkomandi faggildingar- eða leyfisveitingarstofu frá upplýsingum um faggildinguna sína eða leyfi og um stað og stund sannprófunarinnar, a.m.k. fjórum vikum áður en sannprófunin fer fram.

**Fyrsta sannprófunin**

Sannprófandi skal a.m.k. kanna hvort fyrirtækið/stofnunin uppfylli eftirfarandi kröfur:

- að komið hafi verið á fót umhverfisstjórnunarkerfi sem er tilbúið til notkunar,
- að gerð hafi verið fullbúin úttektaráætlun,
- að rýni stjórnenda sé lokið, og
- að umhverfisfyrirséing í umhverfisstjórnunarkerfi ESB hafi verið samin og að tekið hafi verið tillit til geiratengdra tilvísunarskjala ef þau voru fánleg.

<sup>(20)</sup> Liður A.5.2 „Mat á hlítinu“ í II. viðauka við reglugerðina og fyrir frábrigði, úrbætur og forvarnir (liður A.5.3 í II. viðauka við reglugerðina).

<sup>(21)</sup> Ákvæði c-liðar 2. mgr. 13. gr. og staðfesta að engar kvartanir, málinu viðvíkjandi, hafi borist frá hagsmunaaðilum eða að kvartanir hafi fengið farsæla úrlausn (d-liður 2. mgr. 13. gr.).

2.5. *Málsmeðferð við skráningu*

Í reglugerðinni um umhverfisstjórnunarkerfi ESB III er kveðið á um almennar reglur um skráningu. Aðildarríkjum er heimilt að innleiða þær í eigin umhverfislöggjöf.

Þegar búið er að innleiða og sannprófa kerfið og umhverfisyfirlýsingin í umhverfisstjórnunarkerfi ESB hefur verið fullgilt er næsta skref fyrirtækisins/stofnunarinnar að sækja um skráningu hjá þar til bærum aðila.

## 2.5.1. Hvaða þar til bæra aðila á fyrirtæki/stofnun að hafa samband við?

Tafla 9

**Þar til bærir aðilar <sup>(1)</sup> fyrir mismunandi skráningar**

Mismunandi aðstæður	Skráningarstaður
Fyrirtæki/stofnun með eitt athafnasvæði í ESB	Þar til bær aðili sem tilnefndur er opinberlega af hálfu aðildarríkisins þar sem fyrirtækið/stofnunin er staðsett.
Fyrirtæki/stofnun með mörg athafnasvæði innan eins aðildarríkis (sambandsríki eða svipað)	Þar til bær aðili sem aðildarríkið hefur tilnefnt.
Skráning fyrirtækja/stofnana með mörg athafnasvæði í mörgum aðildarríkjum ESB (samskráning í ESB)	Ef um er að ræða samskráningu í ESB er það staðsetning höfuðstöðvanna eða stjórnarseturs fyrirtækisins/stofnunarinnar (í þessari röð) sem ákvarðar hver þar til bæri forystuaðilinn skal vera.
Skráning fyrirtækja/stofnana með eitt eða fleiri athafnasvæði í þriðju löndum (skráning í þriðju löndum)	Ef aðildarríki ákveður að annast skráningu í þriðju löndum, skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB, fer skráningin í því tiltekna aðildarríki í raun eftir því hvort aðgengi sé að faggiltum sannprófendum. Sannprófundinn sem kemur til greina skal vera faggiltur í því tiltekna aðildarríki sem annast skráningu í þriðju löndum, að því er varðar viðkomandi þriðja land og tiltekna atvinnugrein eða -greinar (ákvarðað á grundvelli kóða atvinnugreinaflokunar Evrópubandalaganna).
Skráning fyrirtækis/stofnunar með mörg athafnasvæði í aðildarríkjum og í þriðju löndum (hnattræn skráning)	Aðildarríkið, þar sem þar til bæri aðilinn sem ber ábyrgð á ferlinu verður staðsettur, er ákvarðað á grundvelli skilyrðanna í eftirfarandi forgangsröð: <ol style="list-style-type: none"> <li>1) Ef fyrirtækið/stofnunin er með höfuðstöðvar í aðildarríki, sem annast skráningu í þriðju löndum, skal umsóknin lögð fyrir þar til bærann aðila í viðkomandi aðildarríki.</li> <li>2) Ef höfuðstöðvar fyrirtækisins/stofnunarinnar eru ekki staðsettar í aðildarríki sem annast skráningu í þriðju löndum en hefur þar stjórnarsetur skal umsóknin lögð fyrir þar til bærann aðila í viðkomandi aðildarríki.</li> <li>3) Ef fyrirtækið/stofnunin sem sækir um hnattræna skráningu hefur hvorki höfuðstöðvar né stjórnarsetur í aðildarríki sem annast skráningu í þriðju löndum verður fyrirtækið/stofnunin að setja á stofn sérstakt stjórnarsetur í aðildarríki sem annast skráningar í þriðju löndum og umsóknin skal lögð fyrir þar til bærann aðila í viðkomandi aðildarríki.</li> </ol>

(<sup>1</sup>) Skrá yfir samskiptaupplýsingar þar til bærra aðila, faggildingaraðila eða umhverfissannprófenda í aðildarríkjum ESB og Noregi er að finna á: [http://ec.europa.eu/environment/emas/tools/contacts/countrymap\\_en.htm](http://ec.europa.eu/environment/emas/tools/contacts/countrymap_en.htm)

Mismunandi aðstæður	Skráningarstaður
	<p><i>Athugasemd:</i></p> <p>Ef fleiri en eitt aðildarríki fellur undir umsóknina verður að fara eftir samræmingarferlinu milli hlutaðeigandi þar til bærra aðila, eins og komið er á í lið 3.2. (leiðbeiningar varðandi samskráningu í ESB, skráningu í þriðju löndum og hnattræna skráningu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1221/2009). Þar til bæri aðilinn starfar þá sem þar til bær forystuaðili samkvæmt þeim þáttum ferlisins er varða samskráningu í ESB.</p>

*Athugasemd:* Að því er varðar skráninguna getur viðkomandi skipulag verið mismunandi frá einu aðildarríki til annars. Yfirleitt er einn þar til bær aðili í hverju aðildarríki en þó er algengt í sumum aðildarríkjum að hafa mismunandi þar til bæra aðila á svæðisvísu.

#### 2.5.2. Skjöl og/eða kröfur vegna skráningar

Umsóknin skal lögð fram á opinberu tungumáli aðildarríkisins þar sem fyrirtækið/stofnunin vill vera skráð. Hún skal innihalda:

- 1) Fullgilda umhverfisyfirlýsingu í umhverfisstjórnunarkerfi ESB (rafræna eða prentaða útgáfu).
- 2) Yfirlýsingu undirritaða af umhverfissannprófundanum sem staðfestir að fullgilding og sannprófun hafi verið framkvæmd í samræmi við reglugerðina (VII. viðauki við reglugerðina).
- 3) Útfyllt umsóknareyðublað (VI. viðauki við reglugerðina) með upplýsingum um fyrirtækið/stofnunina, athafnasvæði og umhverfissannprófundann.
- 4) Sönnun um greiðslu gjalda ef við á.

#### 2.5.3. Skilyrði sem skal uppfylla fyrir/i skráningarferli umhverfisstjórnunarkerfi ESB

- 1) Sannprófun og fullgilding er framkvæmd í samræmi við reglugerðina.
- 2) Umsóknareyðublað er útfyllt að fullu og öll fylgiskjöl í lagi.
- 3) Þar til bæri aðilinn er þess fullviss, á grundvelli sönnunargagna, að ekki hafi verið brotið í bága við lagakröfur varðandi umhverfið. Skrifleg skýrsla frá eftirlitsyfirvöldum um að engar vísbendingar séu um slíkt brot væri viðeigandi sönnunargagn.
- 4) Engar kvartanir, málinu viðvíkjandi, hafa borist frá hagsmunaaðilum eða kvartanir hafa fengið farsæla úrlausn.
- 5) Þar til bæri aðilinn er þess fullviss, á grundvelli gagna sem hann hefur fengið í hendur, að fyrirtækið/stofnunin uppfylli allar kröfur í reglugerðinni.
- 6) Þar til bæra aðilanum hefur borist gjaldið sem ber að greiða, ef við á.

Það teljast bestu starfsvenjur ef þar til bær aðili tekur endanlega ákvörðun varðandi fyrirtæki/stofnun sem sækir um skráningu í umhverfisstjórnunarkerfi ESB innan þriggja mánaða frá því að umsókn er samþykkt. Eingöngu í undantekningartilvikum er hægt að réttlæta lengra tímabil til að taka endanlega ákvörðun um skráningu.

#### 2.5.4. Tímabundin eða varanlega afskráning fyrirtækja/stofnana

Þetta getur gerst ef:

- þar til bær aðili hefur ástæðu til að telja að fyrirtæki/stofnun fari ekki eftir reglugerðinni,
- þar til bærum aðila berst skrifleg eftirlitsskýrsla frá faggildingar- eða leyfisveitingarstofu sem sýnir fram á að umhverfissannprófundinn hafi ekki framkvæmt skyldur sínar í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar,
- fyrirtækið/stofnunin vanrækir að afhenda þar til bærum aðila eitthvað af neðangreindu innan tveggja mánaða frá því að þess var krafist: fullgilta umhverfisyfirlýsingu, uppfærða umhverfisyfirlýsingu eða yfirlýsingu um sannprófun og fullgildingunni undirritaða af sannprófundanum (VII. viðauki), umsóknareyðublaðið (VI. viðauki),


- þar til bær aðili hefur í skriflegri skýrslu frá eftirlitsfirvaldi verið upplýstur um að brotið var í bága við lagakröfur varðandi umhverfið.

Þar til bær aðili getur eingöngu afturkallað tímabundna afskráningu hafi honum borist fullnægjandi upplýsingar um að fyrirtækið/stofnunin fari að ákvæðum reglugerðarinnar.

Í reglugerðinni um umhverfisstjórnunarkerfi ESB er ekki tilgreind tímallengd tímabundinnar afskráningar og því er það undir viðkomandi þar til bærum aðilum komið að ákveða hana. Hún ætti þó ekki að vera lengri en 12 mánuðir.

Mynd 10

**Stoðir umhverfisstjórnunarkerfis ESB. Málsmeðferð við skráningu**




2.6. Umtalsverðar breytingar

Fyrirtæki/stofnun sem gerir breytingar í rekstri, uppbyggingu, stjórn, vinnsluferli, starfsemi, vörum eða þjónustu skal taka tillit til umhverfisáhrifa slíkra breytinga þar sem þær geta haft áhrif á gildi skráningarinnar í umhverfisstjórnunarkerfi ESB. Minni breytingar geta fallið inn í en ef um umtalsverðar breytingar er að ræða er gerð krafa um að umhverfisráðgjafi, stefnan, áætlunin, stjórnunarkerfið og yfirlýsingin séu uppfærð. Öll uppfærð skjöl verða að vera sannprófuð og fullgilt innan sex mánaða. Að fullgildingunni lokinni verður fyrirtækið/stofnunin að tilkynna þar til bæra aðilanum um breytingarnar og nota til þess VI. viðauka við reglugerðina.

Mynd 11

## Flæðirit yfir meðhöndlun umtalsverðra breytinga samkvæmt umhverfisstjórnunarkerfi ESB



## 3. Notkun á EMAS-kennimerkinu

*Hvað er EMAS-kennimerkið?*

EMAS-kennimerkið er mynd sem felur í sér:

- rétta framkvæmd á umhverfisstjórnunarkerfi ESB,
- skuldbindingu um að bæta stöðugt árangur í umhverfismálum,
- virka þátttöku starfsmanna,
- trúverðugar upplýsingar um árangur fyrirtækisins/stofnunarinnar í umhverfismálum,
- sönnun þess að farið sé að lögum.

EMAS-kennimerkið er góð leið til að sýna að fyrirtækið/stofnunin er umhverfisvæn.

3.1. *Hvernig skal nota EMAS-kennimerkið?*

Eingöngu fyrirtækjum/stofnunum með gilda skráningu í umhverfisstjórnunarkerfi ESB er heimilt að nota EMAS-kennimerkið.

- Kennimerkið skal alltaf hafa skráningarnúmer fyrirtækisins/stofnunarinnar nema þegar það er notað til kynningar og markaðssetningar í tengslum við umhverfisstjórnunarkerfi ESB.
- Eingöngu opinbera kennimerkið telst gilt.
- Ef fyrirtækið/stofnunin hefur mörg athafnasvæði sem eru ekki öll í skráningunni er því eða henni eingöngu heimilt að nota kennimerkið fyrir skráðu athafnasvæðin og ekki skal gefið í skyn að fyrirtækið/stofnunin í heild sé skráð.
- Helst ætti kennimerkið að vera á umhverfisyfirlýsingunni.

Mynd 12

## EMAS-kennimerkið



Sannpröfuð umhverfisstjórnun

Skráningarnr. XXXX

**Notkunin á EMAS-kennimerkinu til kynningar og markaðssetningar á kerfinu**

EMAS-kennimerkið er eingöngu hægt að nota án skráningarnúmersins við þessar aðstæður. Þar til bærum aðilum, faggildingar- og leyfisveitingarstofum og öðrum hagsmunaaðilum er heimilt að nota kennimerkið.

3.2. *Hvernig skal ekki nota EMAS-kennimerkið?*

- Á vörur eða umbúðir til að forðast að því sé ruglað saman við merki á vörum.
- Með sambærilegum fullyrðingum varðandi aðra starfsemi og þjónustu.

Kennimerkið má ekki nota þannig að því sé ruglað saman við önnur merki fyrir vörur eða þjónustu.

Tafla 10

**Notkun á EMAS-kennimerkinu: Dæmi**

Nr.	Dæmi eða aðstæður	Leyfilegt
1	Kennimerki á bréfi, umslagi, nafnspjaldi, klæðnaði, tölvu, tösku, fána umhverfisstjórnunarkerfis ESB og önnur svipuð notkun á EMAS-kennimerkinu, hjá skráðu fyrirtæki/stofnun, til kynningar á því sviði.	JÁ, ásamt skráningarnúmeri þar sem það kynnir fyrirtæki/stofnun sem skráð er í umhverfisstjórnunarkerfi ESB.
2	Kennimerki í haus skjals (e. <i>document's header</i> ) sem lagt er fyrir yfirvöld ásamt fullgildum gögnum varðandi árangur fyrirtækisins/stofnunarinnar.	JÁ, ásamt skráningarnúmeri.
3	Kennimerki á möppu sem inniheldur skýrslu um fyrirtæki/stofnun sem er skráð að hluta til.	JÁ, ásamt skráningarnúmeri en kennimerkið skal eingöngu geta þeirra athafnasvæða sem eru skráð.
4	Kennimerki á vöru með árituninni „vistfræðileg vara“.	NEI, því gæti verið ruglað saman við umhverfismerki fyrir vörur.

Nr.	Dæmi eða aðstæður	Leyfilegt
5	Kennimerki í tímariti (um borð í flugvél) hjá skráðum flugrekanda ásamt fullgiltum upplýsingum.	JÁ, ásamt skráningarnúmeri.
6	Kennimerki á flugvél, lest, strætisvagni, bifreið eða vörubifreið, eða neðanjarðarlest hjá skráðu fyrirtæki í umhverfisstjórnunarkerfi ESB.	JÁ, ásamt skráningarnúmeri.
7	Kennimerki sem sett er á vörubifreið skráðs dreifingarfyrirtækis ásamt heiti fyrirtækisins við hlið fullgiltar yfirlýsingar þar sem segir „Á árunum 2009 til 2012 höfum við dregið úr meðalnotkun vörubifreiðaflotans okkar á dísilolíu um 20% í x lítra á hverja 100 km“.	JÁ, ásamt skráningarnúmeri.
8	Kennimerki stimplað á ljósmynd af gístaðstöðu í ferðaþjónustu sem er ekki skráð og er í verðlista skráðrar ferðaskrifstofu.	NEI, notkunin á kennimerkinu er ruglandi. Það má aðeins nota um ferðaskrifstofuna.
9	Kennimerki stimplað á verðlista skráðrar ferðaskrifstofu sem inniheldur fullgiltar upplýsingar um ráðstafanir í sjálfbærri ferðaþjónustu sem fyrirtækið/stofnunin framkvæmir.	JÁ, ásamt skráningarnúmeri.
10	Kennimerki sett á dreifrit sem ætlað er starfsmönnum og inniheldur eingöngu fullgiltar upplýsingar um rekstur umhverfisstjórnunarkerfisins.	JÁ, kennimerkið þarf ekki skráningarnúmerið þar sem um innri samskipti er að ræða í þeim tilgangi að efla almenna vitund.
11	Kennimerki á fréttabréf eða á forsiðu bæklingis fyrir viðskiptavini og birgja þar sem inntakið er tekið úr fullgiltu umhverfisyfirlýsingunni.	JÁ, ásamt skráningarnúmerinu þar sem þetta eru samskipti við almenning þar sem notuð eru skýr dæmi um tiltekið fyrirtæki sem skráð er í umhverfisstjórnunarkerfi ESB og koma frá því skráða fyrirtæki/stofnun.
12	Kennimerki í árlegri umhverfisskýrslu fyrirtækis, sem er með skráð og óskráð athafnasvæði, sem notað er í titli kaflans um fullgiltu umhverfisyfirlýsinguna þar sem athafnasvæði fyrirtækisins/stofnunarinnar sem skráð eru í umhverfisstjórnunarkerfi ESB eru auðgreinanleg.	JÁ, ásamt skráningarnúmeri/númerum. Ef skráningin er samskráning, þar sem nokkur athafnasvæði eru undir sama númeri, þá skal nota það númer. Ef öll athafnasvæðin í umhverfisstjórnunarkerfi ESB eru skráð sér þá verða skráningarnúmer einstakra athafnasvæða að vera greinanleg.
13	Kennimerki sem mynd í bakgrunni fyrir samantekt af fullgiltum gögnum um umhverfismál í viðskiptaskýrslu.	JÁ, ásamt skráningarnúmeri.
14	Almennur kynningarbæklingur hins opinbera sem fjallar um hvernig fyrirtæki/stofnanir sem eru skráð í umhverfisstjórnunarkerfi ESB geti best endurnnið eða meðhöndlað mismunandi þætti úrgangs.	JÁ, án skráningarnúmers þar sem þessi bæklingur er til þess fallinn að efla almenna vitund þá er hann ekki tengdur neinu skráningarnúmeri.
15	Kennimerki við hlið fullgiltar umhverfisupplýsinga á vefsetri fyrirtækis/stofnunar.	JÁ, ásamt skráningarnúmeri.
16	Kennimerki á sýningarbás hjá skráðu fyrirtæki/stofnun þar sem verið er að kynna skráða fyrirtækið/stofnunina sem slíkt eða slíka.	JÁ, ásamt skráningarnúmeri.
17	Kennimerki á sýningarbás hjá skráðu fyrirtæki/stofnun en verið er að kynna umhverfisstjórnunarkerfi ESB almennt sem umhverfisstjórnunarkerfi.	JÁ, kennimerkið þarf ekki skráningarnúmerið þar sem þetta er til kynningar.

Nr.	Dæmi eða aðstæður	Leyfilegt
18	Kennimerki í dagblaði sem mynd í bakgrunni í sameiginlegri auglýsingu tveggja fyrirtækja sem eru að tilkynna samvinnu í umhverfismálum í birgðakeðjunni (annað er skráð en hitt ekki).	NEI, það er ruglandi þar sem annað fyrirtækið/stofnunin er ekki skráð.
19	Kennimerki án skráningarnúmers sem fyrirtæki/stofnun, sem ekki er skráð, notar til kynningar.	JÁ, en eingöngu til að kynna starfsemi umhverfisstjórnunarkerfis ESB og ekki til að kynna fyrirtækið/stofnunina sjálft eða sjálfa.
20	Kennimerki á miðum hjá skráðu flutninga-fyrirtæki sveitarfélags.	JÁ, kennimerkið þarf ekki skráningarnúmerið ef það er notað til að kynna umhverfisstjórnunarkerfi ESB almennt. Ef kennimerkið á miðunum er til að kynna tiltekið fyrirtæki/stofnun sem skráð er í umhverfisstjórnunarkerfi ESB þá þarf það að bera skráningarnúmer viðkomandi fyrirtækis/stofnunar.

#### 4. Hvernig á að skipta úr umhverfisstjórnunarkerfi yfir í umhverfisstjórnunarkerfi ESB?

Umhverfisstjórnunarkerfum, sem er ætlað að mæta þörfum á sérstökum svæðum eða athafnasviðum, fer fjölgandi innan ESB. Staðar- og svæðisyfirvöldum er heimilt að nota slík kerfi til að auka sjálfbærni eða árangur í umhverfismálum. Þau kerfi sem skipta mestu máli eru aðgengileg í gegnum hlekk í viðaukanum við þessa handbók.

Í reglugerðinni um umhverfisstjórnunarkerfi ESB er minnst á möguleikann á því að meta jafngildi milli þess kerfis og annarra kerfa. Opinber viðurkenning sumra eða allra hluta annarra umhverfisstjórnunarkerfa getur auðveldað fyrirtæki/stofnun að skipta yfir í umhverfisstjórnunarkerfi ESB. Aðferðin er eftirfarandi:

- Aðildarríkin skulu leggja skriflega beiðni fyrir framkvæmdastjórnina um viðurkenningu á umhverfisstjórnunarkerfinu eða hluta þess.
- Viðkomandi hluta umhverfisstjórnunarkerfisins og þau atriði sem samsvara umhverfisstjórnunarkerfi ESB skal greina og tilgreina í beiðninni og sýna skal fram á jafngildi við umhverfisstjórnunarkerfi ESB.
- Framkvæmdastjórnin skal leggja tillögu fyrir nefnd umhverfisstjórnunarkerfis ESB (komið á fót í samræmi við 49. gr. reglugerðarinnar).
- Upplýsingar um viðurkennda umhverfisstjórnunarkerfið eða hluta þess skulu birtar í stjórnartíðindum Evrópusambandsins eftir að framkvæmdastjórnin veitir samþykki sitt.

Fyrirtæki/stofnanir sem hafa innleitt viðurkennt umhverfisstjórnunarkerfi eða hluta þess þurfa ekki að endurtaka þá hluta sem þegar eru viðurkenndir þegar skipt er yfir í umhverfisstjórnunarkerfi ESB.

Öll aðildarríki hafa eigin málsmeðferðarreglur til að fjalla um umsóknir um viðurkenningu. Frekari upplýsingar er hægt að nálgast hjá viðkomandi þar til bærum aðila.

#### 5. Umhverfisstjórnunarkerfi ESB III fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki

„,lítil fyrirtæki/stofnanir“:

- örfyrirtæki, lítil fyrirtæki og meðalstór fyrirtæki, eins og þau eru skilgreind í tilmælum 2003/361/EB, eða
- staðaryfirvöld með stjórnslu, sem nær til færri en 10 000 íbúa, eða önnur opinber yfirvöld með færri en 250 starfsmenn og fjárhagsáætlun sem fer ekki yfir 50 milljónir evra eða ársreikning sem fer ekki yfir 43 milljónir evra, þ.m.t. eftirfarandi:
- ríkisstjórn eða aðrar opinberar stjórnslustofnanir eða opinberar ráðgjafarstofnanir á lands-, svæðis- eða staðarvísu,
- einstaklingar eða lögaðilar sem annast opinbera stjórnslu samkvæmt landslögum, þ.m.t. sértæk skyldustörf, starfsemi eða þjónusta í tengslum við umhverfið, og
- einstaklingar og lögaðilar sem bera opinbera ábyrgð, gegna opinberu hlutverki eða veita opinbera þjónustu í tengslum við umhverfið og heyrja undir stjórn aðila eða einstaklings sem um getur í b-lið.“



### **Tímabil sannprófunar og innri úttektar**

Litlum og meðalstórum fyrirtækjum er heimilt að láta framkvæma fulla sannprófun á fjórum árum í stað þriggja. Einnig er hægt að framlengja tímabilið fyrir innri úttekt úr einu ári í tvö ár. Það sama á við um umhverfisyfirlýsinguna. Fyrirtækið/stofnunin skal þó framsenda uppfærðu yfirlýsinguna, sem ekki er búið að fullgilda, til þar til bærs aðila á hverju ári.

Til að njóta ávinnings af þessum valkosti skal fyrirtækið/stofnunin leggja inn umsókn hjá þar til bærum aðila sem getur framlengt tímabilið ef sannprófundinn hefur staðfest skilyrðin í 7. gr.:

- að engin umtalsverð umhverfisáhrifa sé fyrir hendi,
- að ekki hafi orðið neinar umtalsverðar breytingar innan fyrirtækisins/stofnunarinnar,
- að fyrirtækið/stofnunin hafi ekki stuðlað að neinum umtalsverðum, staðbundnum vandamálum.

### **Sannprófun og fullgilding**

Umhverfissannprófundur ættu að taka tillit til sérkenna lítilla fyrirtækja/stofnana til að íþyngja þeim ekki að óþörfu. Lítil og meðalstór fyrirtæki hafa oft takmarkað fjármagn og úrræði og geta því síður ráðið við ítarlega skýrslugjöf og tímafreka málsmeðferð. Sannprófundinn ætti einnig að taka tillit til annarra sérkenna lítilla og meðalstórra fyrirtækja, s.s. starfsfólks sem gegnir mörgum störfum, starfsþjálfunar í vinnunni og hæfni til þess að bregðast fljótt við breytingum. Helsta markmiðið er að finna hlutlæg sönnunargögn fyrir því að umhverfisstjórnunarkerfi ESB sé skilvirkt og að verklagsreglurnar séu í réttu hlutfalli við umfang starfseminnar og hversu margslungin hún er, hæfni starfsfólksins og eðli umhverfisáhrifanna.

### **Gjöld**

Hvert aðildarríki fyrir sig ákveður gjöld fyrir málsmeðferð við skráningu í umhverfisstjórnunarkerfi ESB. Sum innheimta ekki gjöld. Í reglugerðinni er þó tekið fram að gjöldin skulu vera hófleg og í réttu hlutfalli við stærð fyrirtækisins/stofnunarinnar.

### **Tækni- og fjárstuðningur**

Tækni- og fjárstuðningur í tengslum við umhverfisstjórnunarkerfi ESB almennt, einkum í tengslum við lítil og meðalstór fyrirtæki, skal veita á tveimur stigum. Aðildarríki skulu gera upplýsingar um lagakröfur og eftirlitsyfirlýsingar aðgengilegar ásamt tæknilegum upplýsingum um faggilta sannprófundur eða sannprófundur með leyfi, skráningaraðferðir, styrki og fjárstuðning. Framkvæmdastjórnin veitir upplýsingar og greiðir götu fyrirtækja/stofnana sem vilja skrá sig í umhverfisstjórnunarkerfi ESB með því að viðurkenna hluta annarra umhverfisstjórnunarkerfa eða með samþættingu umhverfisstjórnunarkerfisins við önnur stefnumál ESB.

### **„EMAS Easy“-aðferðin**

Þó að ekki sé minnst á „EMAS Easy“<sup>(22)</sup> -aðferðina í reglugerðinni þá ætti að taka tillit til hennar sem verkfæris sem er aðgengilegt litlum fyrirtækjum/stofnunum. Hún aðstoðar þau við að hrinda öllum kröfum umhverfisstjórnunarkerfis ESB í framkvæmd á hraðan, ódýran og einfaldan hátt.

### **Fyrirtækja-/stofnanaklasar og áfangaskipt aðferð**

Staðaryfirlýsing, í samstarfi við verslunarráð, samtök iðnaðarins og aðra, geta veitt litlum og meðalstórum fyrirtækjum, sem vilja innleiða umhverfisstjórnunarkerfi ESB, stuðning með því að greiða fyrir fyrirtækja-/stofnanaklössum og áfangaskiptri aðferð.

Fyrirtækja-/stofnanaklasar er leið til að innleiða umhverfisstjórnunarkerfi ESB sem hópur og er gagnleg fyrir fyrirtæki/stofnanir innan sama athafnasviðs eða sem eru staðsett á sama landfræðilega svæðinu. Fyrirtækin/stofnanirnar geta deilt framkvæmdarferlinu og svo haldið áfram með einstaka skráningu.

Áfangaskipta aðferðin getur verið löguð að þörfum hvers aðildarríkis. Hún getur til dæmis verið tengd almennum verkefnum eða áætlunum til að kynna framkvæmd umhverfisstjórnunarkerfis ESB í sveitarfélagi eða á svæði þar sem mismunandi einingar hafa fyrirhugað að hvetja fyrirtæki/stofnanir til að innleiða góðar starfsvenjur í umhverfismálum með mismunandi ferli eða á mismunandi máta.

*Dæmi:* Gott dæmi um þessa aðferð gæti verið að taka hóp lítilla og meðalstórra fyrirtækja á iðnaðarsvæði eða á svæði sem er undir stjórn sveitarfélagsins, í samstarfi við verslunarráð og samtök iðnaðarins sem starfa á svæðinu. Viðkomandi fyrirtæki/stofnanir geta tekið þátt í áfangaskiptri aðferð í framkvæmdaáætlun

<sup>(22)</sup> Viðbótarupplýsingar um EMAS Easy-aðferðina er að finna á: [http://ec.europa.eu/environment/emas/tools/emaseasy\\_en.htm](http://ec.europa.eu/environment/emas/tools/emaseasy_en.htm) og <http://www.emaseasy.eu/downloads.html>

umhverfisstjórnunarkerfis ESB. Fyrsti áfanginn væri að aðstoða fyrirtækin við að framkvæma umhverfisrýni umhverfisstjórnunarkerfis ESB. Annar áfangi væri að taka þátt í að móta og útfæra góðar stjórnunarvenjur. Þriðji áfangi væri að koma upp formlegu umhverfisstjórnunarkerfi s.s. EN ISO 14001. Loks gætu fyrirtækin valið umhverfisstjórnunarkerfi ESB sem eina stjórnunarkerfið.

Þessi hugmynd gæti verið tækifæri til að þróa kynningaráætlanir í hópum fyrirtækja á athafnasviðum eða á tilteknum yfirráðasvæðum þar sem áhugi er fyrir því að kynna framkvæmd formlegra eða óformlegra umhverfisstjórnunarkerfa áður en endanlega er skipt yfir í umhverfisstjórnunarkerfi ESB.

#### VIÐAUKI

Fleiri upplýsingar varðandi umhverfisstjórnunarkerfi ESB sem hægt er að nota í tengslum við þessa notendahandbók er að finna á vefsíðu framkvæmdastjórnarinnar um umhverfisstjórnunarkerfið [http://ec.europa.eu/environment/index\\_en.htm](http://ec.europa.eu/environment/index_en.htm) þar sem er að finna:

- Reglugerð (EB) nr. 1221/2009 — <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2009:342:0001:0045:EN:PDF>
- Upplýsingablöð um nálganir 20 umhverfisstjórnunarkerfa (skref fyrir skref í áttina til umhverfisstjórnunarkerfis ESB)—[http://ec.europa.eu/environment/emas/documents/kit\\_en.htm#stepUp](http://ec.europa.eu/environment/emas/documents/kit_en.htm#stepUp)
- Skrá yfir alla þar til bæra aðila og faggildingar- eða leyfisveitingarstofur sem taka þátt í umhverfisstjórnunarkerfi ESB — [http://ec.europa.eu/environment/emas/tools/contacts/countrymap\\_en.htm](http://ec.europa.eu/environment/emas/tools/contacts/countrymap_en.htm)
- Skjöl í umhverfisstjórnunarkerfi ESB — [http://ec.europa.eu/environment/emas/documents/legislative\\_en.htm](http://ec.europa.eu/environment/emas/documents/legislative_en.htm)
- Upplýsingablöð í umhverfisstjórnunarkerfi ESB um tiltekin viðfangsefni þar sem þörf er á ítarlegri upplýsingum: [http://ec.europa.eu/environment/emas/documents/brochure\\_en.htm#factsheets](http://ec.europa.eu/environment/emas/documents/brochure_en.htm#factsheets)
- Raundæmarannsóknir — [http://ec.europa.eu/environment/emas/casestudies/index\\_en.htm](http://ec.europa.eu/environment/emas/casestudies/index_en.htm)
- Hnatræn skráning í umhverfisstjórnunarkerfi ESB: Ákvörðun 2011/832/ESB um leiðbeiningar varðandi samskráningu í ESB, skráningu í þriðju löndum og hnatræna skráningu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS)

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 859/2013

2014/EES/36/90

frá 5. september 2013

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004 um hagskýrslur  
Bandalagsins um upplýsingasamfélagið (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusam-  
bandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB)  
nr. 808/2004 frá 21. apríl 2004 um hagskýrslur Bandalagsins  
um upplýsingasamfélagið<sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 808/2004 var settur sameiginlegur  
rammi um kerfisbundna evrópska hagskýrslugerð um  
upplýsingasamfélagið.
- 2) Framkvæmdarráðstafanir eru nauðsynlegar til að ákvarða  
gögn sem láta á í té til undirbúnings hagskýrslna í Einingu 1:

„Fyrirtæki og upplýsingasamfélagið“ og Einingu 2: „Ein-  
staklingar, heimili og upplýsingasamfélagið“ og fresti á  
sendingu þeirra.

- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð,  
eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska  
hagskýrslukerfið,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gögnin, sem senda skal til evrópskrar hagskýrslugerðar um  
upplýsingasamfélagið, eins og um getur í 2. mgr. 3. gr. og  
4. gr. reglugerðar (EB) nr. 808/2004, í Einingu 1: „Fyrirtæki og  
upplýsingasamfélagið“ og Einingu 2: „Einstaklingar, heimili  
og upplýsingasamfélagið“ skulu tilgreind í I. og II. viðauka  
við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist  
í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. september 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 238, 6.9.2013, bls. 5. Hennar var getið  
í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2014 frá 16. maí 2014  
um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, biður  
birtingar.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 49.

## I. VIÐAUKI

## EINING 1: FYRIRTÆKI OG UPPLÝSINGASAMFÉLAGIÐ

## 1. VIÐFANGSEFNI OG KÖNNUNARATRIÐI ÞEIRRA

- a) Viðfangsefni, sem fjallað verður um varðandi viðmiðunarárið 2014 og valin eru úr skránni í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 808/2004, eru:

- upplýsinga- og samskiptatæknikerfi og notkun þeirra í fyrirtækjum,
- upplýsinga- og fjarskiptatæknihæfni hjá fyrirtækjaeiningunni og þörfin á upplýsinga- og fjarskiptatæknifærni,
- notkun fyrirtækja á Netinu og öðrum rafrænum netkerfum,
- aðgangur að og notkun á tækni sem gefur færi á að tengjast Netinu eða öðrum netkerfum hvar og hvenær sem er (gegnumsmeygur tengjanleiki),
- rafrænir ferlar í viðskiptum og skipulagsþættir,
- aðgangur að og notkun Netsins og annarrar netkerfatækni til að tengja hluti og búnað (Net hlutanna),
- rafræn verslun.

- b) Safna á eftirfarandi könnunaratríðum varðandi fyrirtæki:

**Upplýsinga- og samskiptatæknikerfi og notkun þeirra í fyrirtækjum**

Könnunaratríði sem á að safna varðandi öll fyrirtæki:

- tölvunotkun.

Könnunaratríði sem á að safna varðandi fyrirtæki er nota tölvur:

- (valkvætt) starfsmenn eða hlutfall heildarfjölda starfsmanna sem nota tölvur í atvinnuskyni.

**Upplýsinga- og fjarskiptatæknihæfni hjá fyrirtækjaeiningunni og þörfin á upplýsinga- og fjarskiptatæknifærni**

Könnunaratríði sem á að safna varðandi fyrirtæki er nota tölvur:

- ráðning sérfræðinga á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni,
- hvers konar ákvæði um tegund þjálfunar til að þróa færni sem tengist upplýsinga- og fjarskiptatækni fyrir sérfræðinga á því sviði á fyrra almanaksári,
- hvers konar ákvæði um tegund þjálfunar til að þróa færni sem tengist upplýsinga- og fjarskiptatækni fyrir aðra starfsmenn á fyrra almanaksári,
- ráðning eða tilraun til ráðningar sérfræðinga í upplýsinga- og fjarskiptatækni á fyrra almanaksári.

Könnunaratríði sem á að safna varðandi fyrirtæki sem nota tölvur og hafa ráðið eða reynt að ráða sérfræðinga í upplýsinga- og fjarskiptatækni á fyrra almanaksári:

- lausar stöður fyrir sérfræðinga í upplýsinga- og fjarskiptatækni sem var erfitt að ráða í á fyrra almanaksári.

**Notkun fyrirtækja á Netinu og öðrum rafrænum netkerfum**

Könnunaratríði sem á að safna varðandi fyrirtæki er nota tölvur:

- aðgangur að Netinu.

Könnunatriði sem á að safna varðandi fyrirtæki er hafa aðgang að Netinu:

- starfsmenn eða hlutfall heildarfjölda starfsmanna sem nota tölvur er hafa aðgang að Netinu í atvinnuskyni,
- tenging við Netið: DSL-tengitækni eða aðrar tegundir fastrar breiðbandstengingar,
- Nettenging: mældur hámarkshraði niðurhals á hröðustu Nettengingu í megabætum á sek (mb/s); ([0;<2], [2;<10], [10;<30], [30;<100], [≥100]),
- Nettenging: færanleg breiðbandstenging fyrir milligöngu færanlegs búnaðar sem notar dreifikerfi farsíma („3G“ eða „4G“),
- (valkvætt) Nettenging: færanleg breiðbandstenging fyrir milligöngu ferðatölvu sem notar dreifikerfi farsíma („3G“ eða „4G“),
- (valkvætt) Nettenging: færanleg breiðbandstenging fyrir milligöngu annars færanlegs búnaðar, s.s. snjallsíma, sem notar dreifikerfi farsíma („3G“ eða „4G“),
- Nettenging: önnur tenging um farsíma með því að nota dreifikerfi farsíma,
- starfsmenn eða hlutfall heildarfjölda starfsmanna sem nota í viðskiptaskyni færanlegan búnað sem fyrirtækið veitir og gerir ráð fyrir Nettengingu fyrir milligöngu dreifikerfa farsíma,
- (valkvætt) notkun samfélagsmiðla, ekki aðeins til að birta greiddar auglýsingar,
- (valkvætt) notkun bloggs eða örbloggs fyrirtækja, ekki aðeins til að birta greiddar auglýsingar,
- (valkvætt) notkun vefsetra sem miðla margmiðlunarefni, ekki aðeins til að birta greiddar auglýsingar,
- (valkvætt) notkun viki-tengdra tækja til þekkingarmiðlunar, ekki aðeins til að birta greiddar auglýsingar,
- notkun vefseturs.

Könnunatriði sem á að safna varðandi fyrirtæki sem eru með vefsetur:

- (valkvætt) ákvæði um eftirfarandi atriði: lýsing á vörum og þjónustu, verðlistar,
- ákvæði um eftirfarandi atriði: að pantar, taka frá eða bóka á Netinu,
- (valkvætt) ákvæði um eftirfarandi atriði: gestum er gert kleift að sérsníða eða sérhanna vörur eða þjónustu á Netinu,
- (valkvætt) ákvæði um eftirfarandi atriði: fylgni við eða staða innlagðra pantana,
- (valkvætt) ákvæði um eftirfarandi atriði: efni, sem er miðað að þörfum hvers og eins, á vefsetrinu fyrir fasta- eða reglulega gesti,
- (valkvætt) ákvæði um eftirfarandi atriði: tenglar eða vísanir til lýsinga á fyrirtækinu í samfélagsmiðlum,
- (valkvætt) ákvæði um eftirfarandi atriði: stefnumarkandi yfirlýsing um einkalíf, merkingar til verndar friðhelgi einkalífsins, eða vottorð um öryggi vefsetursins,
- (valkvætt) ákvæði um eftirfarandi atriði: auglýsing um lausar stöður eða atvinnuumsókn á Netinu,
- ákvæði um eftirfarandi atriði: kvartanir eru lagðar fram með rafrænum hætti.

**Aðgangur að og notkun á tækni sem gefur færi á að tengjast Netinu eða öðrum netkerfum hvar og hvenær sem er (gegnumsmeygur tengjanleiki)**

Könnunatriði sem á að safna varðandi fyrirtæki sem hafa aðgang að Netinu:

- (valkvætt) ákvæði um fjaraðgang að tölvupóstkerfi, gögnum og hugbúnaði fyrirtækisins,

- (valkvætt) notkun greiddra auglýsinga á Netinu,
  - notkun skýjavinnsluþjónustu, að undanskilinni ókeypis þjónustu.
- Könnunaratriði sem á að safna varðandi fyrirtæki er hafa aðgang að Netinu og kaupa skýjavinnsluþjónustu:
- notkun tölvupósts sem skýjavinnsluþjónustu,
  - notkun skrifstofuhugbúnaðar sem skýjavinnsluþjónustu,
  - hýsing á gagnagrunni eða gagnagrunnum fyrirtækisins sem skýjavinnsluþjónustu,
  - geymsla skjala sem skýjavinnsluþjónustu,
  - notkun skrifstofuhugbúnaðar sem skýjavinnsluþjónustu,
  - notkun CRM-hugbúnaðar sem skýjavinnsluþjónustu,
  - notkun tölvuaflgjafa til að knýja eigin hugbúnað fyrirtækisins sem skýjavinnsluþjónustu,
  - notkun skýjavinnsluþjónustu, sem fengin er frá sameiginlegum netþjónum þjónustuveitenda,
  - notkun skýjavinnsluþjónustu, sem afhent er frá netþjónum þjónustuveitanda sem eru algjörlega fráteknir fyrir fyrirtækið,
  - þættir sem takmarka notkun skýjavinnsluþjónustu: hætta á öryggisbroti,
  - þættir sem takmarka notkun skýjavinnsluþjónustu: vandamál við aðgengi að gögnum eða hugbúnaði,
  - þættir sem takmarka notkun skýjavinnsluþjónustu: erfiðleikar við að segja upp og skipta um þjónustuveitanda (þ.m.t. athugunarefni að því er varðar færarleika gagna),
  - þættir sem takmarka notkun skýjavinnsluþjónustu: óvissa varðandi staðsetningu gagna,
  - þættir sem takmarka notkun skýjavinnsluþjónustu: óvissa varðandi gildandi lög, lögsögu og tilhögun við lausn deilumála,
  - þættir sem takmarka notkun skýjavinnsluþjónustu: mikill kostnaður við kaup á skýjavinnsluþjónustu,
  - þættir sem takmarka notkun skýjavinnsluþjónustu: ófullnægjandi þekking á skýjavinnslu,
  - (valkvætt) hversu mikill ávinningur hlaut vegna lækkunar á kostnaði tengdum upplýsinga- og fjarskiptatekni, á stærðarkvarðanum: „mjög mikill“, „að vissu marki“, „að takmörkuðu leyti“, „alls ekki“,
  - (valkvætt) hversu mikill ávinningur hlaut af sveigjanleika sem varð við skölnun á skýjavinnsluþjónustu, upp eða niður, á stærðarkvarðanum: „mjög mikill“, „að vissu marki“, „að takmörkuðu leyti“, „alls ekki“,
  - (valkvætt) hversu mikill ávinningur hlaut vegna skjótrar þróunar lausna sem byggðar eru á skýjavinnslu, á stærðarkvarðanum: „mjög mikill“, „að vissu marki“, „að takmörkuðu leyti“, „alls ekki“.
- Könnunaratriði sem á að safna varðandi fyrirtæki er hafa aðgang að Netinu og kaupa ekki skýjavinnsluþjónustu:
- (valkvætt) þættir sem hindra notkun skýjavinnsluþjónustu: hætta á öryggisbroti,
  - (valkvætt) þættir sem takmarka notkun skýjavinnsluþjónustu: óvissa um staðsetningu gagna,
  - (valkvætt) þættir sem hindra notkun skýjavinnsluþjónustu: óvissa um gildandi lög, lögsögu og tilhögun við lausn deilumála,
  - (valkvætt) þættir sem hindra notkun skýjavinnsluþjónustu: mikill kostnaður við kaup á skýjavinnsluþjónustu,
  - (valkvætt) þættir sem hindra notkun skýjavinnsluþjónustu: ófullnægjandi þekking á skýjavinnslu.

**Rafrænir ferlar í viðskiptum og skipulagsþættir**

Könnunaratriði sem á að safna varðandi fyrirtæki sem nota tölvur:

- reikningar sendir til annarra fyrirtækja eða opinberra yfirvalda á fyrra almanaksári,
- hlutfall allra reikninga sem voru sendir á fyrri almanaksárum til annarra fyrirtækja eða opinberra yfirvalda sem rafrænir reikningar í stöðluðu fyrirkomulagi sem hentar sjálfvirkri vinnslu,
- hlutfall allra reikninga sem voru sendir á fyrri almanaksárum til annarra fyrirtækja eða opinberra yfirvalda með rafrænum hætti í stöðluðu fyrirkomulagi sem hentar ekki sjálfvirkri vinnslu,
- hlutfall allra reikninga sem voru á fyrra almanaksári aðeins sendir til annarra fyrirtækja eða opinberra yfirvalda á pappír,
- hlutfall allra reikninga sem tekið var á móti á fyrra almanaksári sem rafrænum reikningum í stöðluðu fyrirkomulagi sem henta sjálfvirkri vinnslu,
- hlutfall allra reikninga sem tekið var á móti á fyrra almanaksári með rafrænum hætti í stöðluðu fyrirkomulagi og henta ekki sjálfvirkri vinnslu,
- notkun ERP-hugbúnaðarpakka, hugbúnaðar um verðmætaskipulag fyrirtækja (e. *Enterprise Resource Planning*), til að deila upplýsingum milli mismunandi starfssviða,
- notkun hvers konar hugbúnaðar til að vinna með upplýsingar um viðskiptavini (e. *Customer Relationship Management* – hugbúnaðar fyrir stjórnun viðskiptatengsla) til að safna, geyma og gera upplýsingar um viðskiptavini aðgengilegar til annarra viðskiptavina fyrirtækisins,
- notkun hvers kyns hugbúnaðar til að vinna með upplýsingar um viðskiptavini (hugbúnaður fyrir stjórnun viðskiptatengsla) sem gerir mögulegt að greina upplýsingar um viðskiptavini með markaðssetningu í huga,
- notkun boðskipta með rafrænum gagnaskiptum (e. *Electronic Data Interchange (EDI)*) til að senda greiðslufyrirmæli til fjármálastofnana,
- notkun boðskipta með rafrænum gagnaskiptum til að senda eða taka á móti gögnum til/frá opinberum yfirvöldum,
- rafræn miðlun upplýsinga um stjórnun aðfangakeðju (e. *Supply Chain Management*) til birgja eða viðskiptavina í því skyni að samræma tiltækileika og afhenda vöru eða þjónustu til lokaneytanda, án þess að upplýsingarnar séu skráðar handvirkt.

Könnunaratriði sem á að safna varðandi fyrirtæki sem miðla rafrænt upplýsingum um stjórnun aðfangakeðju til viðskiptavina eða birgja:

- rafræn miðlun upplýsinga um stjórnun aðfangakeðju til birgja og viðskiptavina fyrir milligöngu vefsetra (vefseturs fyrirtækisins, vefseturs viðskiptafélaga eða vefgátta),
- rafræn miðlun upplýsinga um stjórnun aðfangakeðju til birgja og viðskiptavina fyrir milligöngu rafrænna upplýsingaskipta sem henta sjálfvirkri vinnslu.

**Aðgangur að og notkun Netsins og annarrar netkerfataekni til að tengja hluti og búnað (Net hlutanna)**

Könnunaratriði sem á að safna varðandi fyrirtæki sem nota tölvur:

- notkun tækja fyrir auðkenningu með fjarskiptatíðni (e. *Radio Frequency Identification (RFID)*) til að auðkenna aðila eða aðgangsstýringar,
- notkun tækja fyrir auðkenningu með fjarskiptatíðni (RFID) sem hluta af afhendingarferli fyrir framleiðslu og þjónustu,
- notkun tækja fyrir auðkenningu með fjarskiptatíðni (RFID) til að auðkenna vöru eftir að framleiðsluferlinu lýkur.

**Rafræn verslun**

Könnunaratriði sem á að safna varðandi fyrirtæki sem nota tölvur:

- tekið á móti pöntunum á vörum og þjónustu á fyrra almanaksári, sem lagðar voru fram fyrir milligöngu vefseturs (vefsölur),

- tekið á móti pöntunum á vörum og þjónustu á fyrra almanaksári, með boðskiptum með rafrænum gagnaskiptum, (sala með rafrænum gagnaskiptum),
- pantanir lagðar inn á vörum og þjónustu á fyrra almanaksári fyrir milligöngu vefseturs eða með boðskiptum með rafrænum gagnaskiptum.

Könnunaratriði sem á að safna varðandi fyrirtæki sem hafa tekið á móti pöntunum fyrir milligöngu vefseturs á fyrra almanaksári:

- notkun greiðslukerfa á Netinu til sölu fyrir milligöngu vefseturs, þ.e. greiðsla sem er samþætt pöntunarfærslunni,
- notkun greiðslukerfa utan Nets til sölu fyrir milligöngu vefseturs, þ.e. greiðsla sem er ekki samþætt pöntunarfærslunni,
- verðgildi eða hlutfall af heildarveltu sölu í rafrænni verslun sem hlýst af pöntunum sem lagðar voru inn fyrir milligöngu vefseturs, á fyrra almanaksári,
- hlutfall af sölu í rafrænni verslun til einkaneytenda (rafræn samskipti fyrirtækis við neytanda (e. B2C)) sem hlýst af pöntunum sem lagðar eru inn á fyrra almanaksári fyrir milligöngu vefseturs,
- hlutfall af sölu í rafrænni verslun til annarra fyrirtækja (rafræn samskipti fyrirtækis við fyrirtæki (e. B2B)) og sölur í rafrænni verslun til opinberra yfirvalda (rafræn samskipti fyrirtækis við stjórnsýslu (e. B2G)) sem hlýst af pöntunum sem lagðar eru inn á fyrra almanaksári fyrir milligöngu vefseturs.

Könnunaratriði sem á að safna varðandi fyrirtæki sem hafa tekið á móti pöntunum á vörum eða þjónustu fyrir milligöngu boðskipta með rafrænum gagnaskiptum:

- virði eða hlutfall af heildarveltu sölu í rafrænni verslun sem hlýst af pöntunum sem tekið var við fyrir milligöngu boðskipta með rafrænum gagnaskiptum á fyrra almanaksári.

Könnunaratriði sem á að safna varðandi fyrirtæki sem hafa lagt inn pantanir fyrir milligöngu vefseturs eða boðskipta með rafrænum gagnaskiptum:

- (valkvætt) innlagðar pantanir á vörum eða þjónustu fyrir milligöngu vefseturs á fyrra almanaksári,
- (valkvætt) innlagðar pantanir á vörum eða þjónustu fyrir milligöngu boðskipta með rafrænum gagnaskiptum á fyrra almanaksári,
- innlagðar pantanir á vörum eða þjónustu að virði allt að 1% af virði heildarkaupna á fyrra almanaksári.

- c) Safna á eftirfarandi bakgrunnskönnunaratriðum varðandi fyrirtækið eða nálgast þau eftir öðrum leiðum:

Könnunaratriði sem á að safna varðandi öll fyrirtæki:

- aðalatvinnustarfsemi fyrirtækisins á fyrra almanaksári,
- meðalfjöldi starfsmanna á fyrra almanaksári,
- heildarvelta (miðað við verðgildi, án VSK) á fyrra almanaksári.

## 2. UMFANG

Könnunaratriðunum, sem tilgreind eru í b- og c-undirlið 1. liðar þessa viðauka, á að safna og afla að því er varðar fyrirtæki sem flokkast undir eftirfarandi atvinnustarfsemi, eftirfarandi stærð fyrirtækis og eftirfarandi landfræðilegt gildissvið:

- a) Atvinnustarfsemi: fyrirtæki sem falla undir eftirfarandi flokka í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, endursk. 2):

Flokkur í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna	Lýsing
Báلكur C	„Framleiðsla“
Báلكur D, E	„Rafmagn, gas og gufa, vatnsveita, fráveita og meðhöndlun úrgangs“
Báلكur F	„Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð“
Báلكur G	„Heildverslun og smásala og viðgerðir á vélknúnum ökutækjum og bifhjólum“
Báلكur H	„Flutningar og geymsla“



Flokkur í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna	Lýsing
Bálgur I	„Starfsemi tengd gístiaðstöðu og veitingarekstri“
Bálgur J	„Upplýsingar og fjarskipti“
Bálgur L	„Fasteignaviðskipti“
Deildir 69–74	„Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi“
Bálgur N	„Stjórnunar- og stuðningsþjónusta“
Flokkur 95.1	„Viðgerðir á tölum og fjarskiptabúnaði“

- b) Stærð fyrirtækis: fyrirtæki með 10 starfsmenn eða fleiri. Valfrjálst er hvort fjallað er um fyrirtæki með færri en 10 starfsmenn.
- c) Landfræðilegt gildissvið: fyrirtæki sem eru staðsett á yfirráðasvæði aðildarríkisins.

### 3. VIÐMIÐUNARTÍMABIL

Viðmiðunartímabilið er árið 2013 fyrir könnunatriðin sem vísa til fyrra almanaksárs. Viðmiðunartímabilið er árið 2014 fyrir önnur könnunatriði.

### 4. SUNDURLIÐANIR

Afhenda á eftirtalin bakgrunnskönnunatriði varðandi viðfangsefnið og könnunatriði þeirra sem talin eru upp í b-undirlíð 1. liðar þessa viðauka:

- a) Sundurliðun eftir atvinnustarfsemi: samkvæmt eftirfarandi samtölum í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna 2. endurskoðun:

Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 2. endurskoðun, samtala fyrir hugsanlegan útreikning á landbundnum samtölum	
10–18	
19–23	
24–25	
26–33	
35–39	
41–43	
45–47	
49–53	
55	
58–63	
68	
69–74	
77–82	
26.1–26.4, 26.8, 46.5, 58.2, 61, 62, 63.1, 95.1	

Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 2. endurskoðun, samtala fyrir hugsanlegan útreikning á evrópskum samtölum	
10–12	
13–15	
16–18	
26	
27–28	
29–30	
31–33	

---

Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 2. endurskoðun, samtala  
fyrir hugsanlegan útreikning á evrópskum samtölum

---

45  
46  
47  
55–56  
58–60  
61  
62–63  
77–78 + 80–82  
79  
95.1

---

- b) Sundurliðun eftir stærðarflokkum: sundurliða skal gögn í eftirfarandi stærðarflokka eftir fjölda starfsmanna:

---

Stærðarflokkur

---

10 starfsmenn eða fleiri  
10–49 starfsmenn  
50–249 starfsmenn  
250 starfsmenn eða fleiri

---

Beita á eftirfarandi sundurliðunum við fyrirtæki sem eru með færri en 10 starfsmenn, ef við á. (Valkvætt er að veita könnunatriði fyrir stærðarflokka „Færri en 5 starfsmenn“ og „5–9 starfsmenn“.)

---

Stærðarflokkur

---

Færri en 10 starfsmenn  
Færri en 5 starfsmenn (valkvætt)  
5–9 starfsmenn (valkvætt)

---

## 5. TÍÐNI

Gögnin á að leggja fram einu sinni fyrir árið 2014.

## 6. SKILAFRESTIR

- a) Senda skal gagnasöfnin, sem um getur í 6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004, til Hagstofu Evrópusambandsins fyrir 5. október 2014, merkt með trúnaðarmerki eða óáreiðanleikamerki ef nauðsyn krefur, til Hagstofu Evrópusambandsins fyrir 5. október 2014. Þann dag verður gagnasafnið að vera fullgert, fullgilt og samþykkt.
- b) Senda á lýsigögnin, sem vísað er til í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 808/2004, til Hagstofu Evrópusambandsins fyrir 31. maí 2014.
- c) Senda á gæðaskýrsluna, sem um getur í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 808/2004, til Hagstofu Evrópubandalaganna fyrir 5. nóvember 2014.
- d) Afhenda skal Hagstofu Evrópusambandsins gögnin og lýsigögnin í samræmi við skiptistaðalinn sem Hagstofa Evrópusambandsins tilgreindi, með því að nota miðlæga gagnagrunnsþjónustu. Afhenda skal lýsigögnin og gæðaskýrsluna á stöðluðu lýsigagnaskipulagi sem Hagstofa Evrópusambandsins hefur skilgreint.

## II. VIÐAUKI

## EINING 2: EINSTAKLINGAR, HEIMILI OG UPPLÝSINGASAMFÉLAGIÐ

## 1. VIÐFANGSEFNI OG KÖNNUNARTRÍÐI ÞEIRRA

- a) Viðfangsefni, sem fjallað verður um varðandi viðmiðunarárið 2014, og valin eru úr skránni í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 808/2004, eru:
- aðgangur að og notkun einstaklinga og/eða heimila á upplýsinga- og samskiptatækni,
  - notkun einstaklinga og/eða heimila á Netinu og öðrum rafrænum kerfum í mismunandi tilgangi,
  - upplýsinga- og fjarskiptatæknihæfni og leikni,
  - hindranir á notkun á upplýsinga- og fjarskiptatækni og Netinu,
  - notkun einstaklinga á upplýsinga- og fjarskiptatækni til að skiptast á upplýsingum og þjónustu við hið opinbera og opinbera stjórnsýslu (rafræn stjórnsýsla),
  - aðgangur að og notkun tækni sem gefur færi á að tengjast Netinu eða öðrum netkerfum hvar og hvenær sem er (gegnumsmeygur tengjanleiki).
- b) Safna á eftirfarandi könnunatriðum:

**Aðgangur að og notkun einstaklinga og/eða heimila á upplýsinga- og fjarskiptatækni**

Könnunatriði sem á að safna varðandi öll heimili:

- aðgangur að Netinu á heimilinu (með hvaða búnaði sem er).

Könnunatriði sem á að safna varðandi heimili með Netaðgang:

- borðtölva sem notuð er til aðgangs að Netinu á heimilinu:
- ferðatölva (fartölva, fistölva, spjaldtölva) til að tengjast Netinu á heimilinu,
- önnur farsamskiptatæki (farsími eða snjallsími, margmiðlunar- eða leikjaspilari, lestölva) til aðgangs að Netinu á heimilinu,
- sjónvarpstenging við Netið (snjallsjónvarp),
- leikjatölva sem notuð er til aðgangs að Netinu á heimilinu,
- búnaður sem ekki er vitað til að notaður sé til aðgangs að Netinu á heimilinu,
- tegund breiðbandstengingar sem notuð er til aðgangs að Netinu á heimilinu: fóst breiðbandstenging, t.d. DSL-tengitækni, ADSL-tenging, VDSL-tenging, kapall, ljósleiðarakapall, gervihnattasamband, almennar WiFi-tengingar (þráðlaust staðarnet),
- tegund breiðbandstengingar sem notuð er til aðgangs að Netinu á heimilinu: færanleg breiðbandstenging (um dreifikerfi farsíma, að minnsta kosti 3G, þ.e. altæka farsímakerfið með því að nota SIM-kort eða USB-lykil, farsíma eða snjallsíma sem mótað),
- (valkvætt) tegund tengingar sem notuð er til að tengjast Netinu á heimilinu: hringiaðgangur með hefðbundinni símalínu eða ISDN-tengingu,
- (valkvætt) tegund tengingar sem notuð er til að tengjast Netinu á heimilinu: farsímatenging um mjóband (minna en 3G, t.d. 2G+/GPRS, sem er almenn, þráðlaus þjónusta, sem notuð er með farsíma, snjallsíma eða mótaði í fartölvu).

Könnunatriði sem á að safna varðandi alla einstaklinga:

- tölva síðast notuð á heimilinu, við vinnu eða annars staðar (á undanförunum þremur mánuðum, á bilinu þrjú mánuðir til eitt ár, fyrir meira en einu ári, hefur aldrei notað tölvu).

Könnunatriði sem á að safna varðandi einstaklinga sem hafa notað tölvu á undanförunum þremur mánuðum:

- meðaltíðni tölvunotkunar (daglega eða nær daglega, a.m.k. vikulega (en ekki daglega), sjaldnar en vikulega).

**Netnotkun einstaklinga og/eða heimila í mismunandi tilgangi**

Könnunaratriði sem á að safna varðandi alla einstaklinga:

- Netið síðast notað (á undanföllum þremur mánuðum, á bilinu þrjú mánuðir til eitt ár, fyrir meira en einu ári, hefur aldrei notað Netið).

Könnunaratriði sem á að safna varðandi einstaklinga sem þegar hafa notað Netið:

- Netið síðast notað til viðskipta í eigin þágu (á undanföllum þremur mánuðum, á bilinu þrjú mánuðir til eitt ár, fyrir meira en einu ári, hefur aldrei keypt neitt eða pantað á Netinu).

Könnunaratriði sem á að safna varðandi einstaklinga sem hafa notað Netið á undanföllum þremur mánuðum:

- meðaltíðni Netnotkunar á undanföllum þremur mánuðum (daglega eða nær daglega, a.m.k. vikulega (en ekki daglega), sjaldnar en vikulega),
- Netið notað á undanföllum þremur mánuðum til að senda og taka við tölvupóstum,
- Netið notað í eigin þágu á undanföllum þremur mánuðum fyrir talsímtöl um Netið, myndsímtöl (með vefmyndavél) um Netið (með því að nota hugbúnað),
- Netið notað í eigin þágu á undanföllum þremur mánuðum til að taka þátt í samfélagsmiðlum (búa til notendalýsingu, senda inn skilaboð eða með annars konar framlagi),
- Netið notað í eigin þágu á undanföllum þremur mánuðum til að lesa fréttir, dagblöð eða fréttatímarit á netinu,
- Netið notað í eigin þágu á undanföllum þremur mánuðum til upplýsingaöflunar varðandi vörur eða þjónustu,
- Netið notað í eigin þágu á undanföllum þremur mánuðum til að hlusta á vefútvarp,
- Netið notað í eigin þágu á undanföllum þremur mánuðum til að spila eða hlaða niður leikjum, myndum, kvikmyndum eða tónlist,
- Netið notað í eigin þágu á undanföllum þremur mánuðum til að hlaða upp eigið efni (texta, myndum, myndböndum, tónlist, hugbúnaði o.s.frv.) til miðlunar á vefsetri,
- Netið notað í eigin þágu á undanföllum þremur mánuðum til að búa til vefsetur eða blogg,
- Netið notað í eigin þágu á undanföllum þremur mánuðum til að koma á fundi við sérfræðinga fyrir milligöngu vefseturs (t.d. sjúkrahús eða heilsugæslustöð),
- Netið notað í eigin þágu á undanföllum þremur mánuðum til notkunar á þjónustu í tengslum við ferðir eða ferðatengda gistingu,
- Netið notað í eigin þágu á undanföllum þremur mánuðum til sölu á vörum eða þjónustu, t.d. á Netuppböðum,
- Netið notað í eigin þágu á undanföllum þremur mánuðum til bankaviðskipta á Netinu,
- notkun á geymslusvæði á Netinu í eigin þágu á undanföllum þremur mánuðum til að vista gögn, myndir, tónlist, myndbönd eða aðrar skrár,
- notkun í eigin þágu á tölvupóstum með skrár í viðhengi á undanföllum þremur mánuðum til að miðla gögnum, myndum eða öðrum skráum með rafrænum hætti,
- notkun á persónulegum vefsetrum (t.d. blogg) eða vefsíðum samfélagsmiðla í eigin þágu á undanföllum þremur mánuðum til að miðla gögnum, myndum eða öðrum skráum með rafrænum hætti,
- notkun í eigin þágu á geymslusvæði á Netinu eða samnýtingarþjónustu skráa á undanföllum þremur mánuðum til að miðla gögnum, myndum eða öðrum skráum með rafrænum hætti,
- notkun í eigin þágu á öðrum leiðum en Netinu, t.d. á minnislykli, stafrænum mynddiski (DVD) eða með Blátönn (e. *Bluetooth*), á undanföllum þremur mánuðum til að miðla gögnum, myndum eða öðrum skráum með rafrænum hætti,
- engum skráum var miðlað í eigin þágu með rafrænum hætti á undanföllum þremur mánuðum,
- notkun hugbúnaðar, sem keyrður er á Netinu til að vinna með textaskrár, töflureikna eða kynningar,

- (valkvætt) notkun hugbúnaðar sem keyrður er á Netinu til að vinna með myndir eða klippa myndbönd,
- (valkvætt) notkun þjónustu sem keyrð er á Netinu til að spila tónlist eða myndskrár sem voru upphalaðar eða geymdar á geymslusvæði á Netinu.

Könnunatriði sem á að safna varðandi einstaklinga sem hafa notað Netið í eigin þágu á undanförunum þremur mánuðum til að spila eða niðurhala leikjum, myndum, kvikmyndum eða tónlist:

- Netið notað í eigin þágu á undanförunum þremur mánuðum til að spila netleiki með öðrum einstaklingum.

Könnunatriði sem á að safna varðandi einstaklinga sem hafa notað geymslusvæði á Netinu í eigin þágu á undanförunum þremur mánuðum til að vista eða miðla skrár:

- notkun geymslusvæðis á Netinu til að vista eða miðla textum, töflureiknum eða rafrænum kynningum,
- notkun geymslusvæðis á Netinu til að vista eða miðla myndum,
- notkun geymslusvæðis á Netinu til að vista eða miðla rafbókum og raftímaritum,
- notkun geymslusvæðis á Netinu til að vista eða miðla tónlist,
- notkun geymslusvæðis á Netinu til að vista eða miðla myndböndum (þ.m.t. kvikmyndum og sjónvarpsþáttum),
- notkun geymslusvæðis á Netinu til að vista eða miðla öðrum skrár,
- greiðsla fyrir geymslusvæði á Netinu eða samnýtingarþjónustu skráa,
- greiddi ekki fyrir geymslusvæði á Netinu eða samnýtingarþjónustu skráa,
- ástæður fyrir því að nota geymslusvæði á Netinu til að vista eða miðla skrár: möguleiki á að nota skrár frá ýmsum búnaði eða stöðum,
- ástæður fyrir því að nota geymslusvæði á Netinu til að vista eða miðla skrár: möguleiki á að nota stærra minnissvæði,
- ástæður fyrir því að nota geymslusvæði á Netinu til að vista eða miðla skrár: vörn gegn því að gögn glatist,
- ástæður fyrir því að nota geymslusvæði á Netinu til að vista eða miðla skrár: möguleiki á að miðla skrár til annars fólks á auðveldan máta,
- ástæður fyrir því að nota geymslusvæði á Netinu til að vista eða miðla skrár: aðgengi að stórum söfnum tónlistar, sjónvarpsþátta eða kvikmynda,
- vandamál sem koma upp við notkun geymslusvæðis á Netinu eða samnýtingarþjónustu skráa: lítill aðgangur eða notkunarhraði,
- vandamál sem koma upp við notkun geymslusvæðis á Netinu eða samnýtingarþjónustu skráa: ósamrýmanleiki milli mismunandi búnaðar eða skráasniða,
- vandamál sem koma upp við notkun geymslusvæðis á Netinu eða samnýtingarþjónustu skráa: tæknileg vandamál í netþjóni, t.d. að þjónusta liggur niðri,
- vandamál sem koma upp við notkun geymslusvæðis á Netinu eða samnýtingarþjónustu skráa: birting upplýsinga til þriðju aðila vegna öryggisvandamála eða -brota,
- vandamál sem koma upp við notkun geymslusvæðis á Netinu eða samnýtingarþjónustu skráa: óleyfileg notkun þjónustuveitanda á persónuupplýsingum,
- vandamál sem koma upp við notkun geymslusvæðis á Netinu eða samnýtingarþjónustu skráa: þjónustuskilmálar og -skilyrði eru tvíræð eða erfitt að skilja þau,
- vandamál sem koma upp við notkun geymslusvæðis á Netinu eða samnýtingarþjónustu skráa: erfiðleikar við að flytja skrá frá einum þjónustuveitanda til annars,
- engin vandamál koma upp við notkun geymslusvæðis á Netinu eða samnýtingarþjónustu skráa.

Könnunatriði sem á að safna varðandi einstaklinga sem hafa notað Netið en ekki geymslusvæði á Netinu í eigin þágu á undanförunum þremur mánuðum til að vista eða miðla skrár:

- einstaklingar sem vita af tilvist þjónustuaðila sem bjóða geymslusvæði á Netinu,

— einstaklingar sem vita ekki af tilvist þjónustuaðila sem bjóða geymslusvæði á Netinu.

Könnunaratriði sem á að safna varðandi einstaklinga sem hafa notað Netið en ekki geymslusvæði á Netinu í eigin þágu á undanföllum þremur mánuðum og vissu af tilvist slíkrar þjónustu:

— ástæða fyrir því að nota ekki þjónustu aðila sem bjóða geymslusvæði á Netinu: skrár eru vistaðar á eigin búnaði, tölvupóstfangi eða sjaldan/aldrei vistaðar,

— ástæða fyrir því að nota ekki þjónustu aðila sem bjóða geymslusvæði á Netinu: skrár er miðlað með öðrum hætti (tölvupósti, samfélagsmiðlum, minnislykli) eða skrár er alls ekki miðlað til annarra á Netinu,

— ástæða fyrir því að nota ekki þjónustu aðila sem bjóða geymslusvæði á Netinu: skortur á þekkingu um hvernig nota eigi slíkt geymslusvæði,

— ástæða fyrir því að nota ekki þjónustu aðila sem bjóða geymslusvæði á Netinu: áhyggjur af öryggi eða friðhelgi einkalífs,

— ástæða fyrir því að nota ekki þjónustu aðila sem bjóða geymslusvæði á Netinu: áhyggjur af áreiðanleika þjónustuveitenda.

Könnunaratriði sem á að safna varðandi einstaklinga sem hafa notað Netið í eigin þágu til netviðskipta á undanföllum tólf mánuðum:

— Netið notað til að panta matvæli eða matvörur á undanföllum 12 mánuðum,

— Netið notað til að panta heimilisvörur á undanföllum 12 mánuðum,

— Netið notað til að panta lyf á undanföllum 12 mánuðum,

— Netið notað til að panta fatnað eða íþróttavörur á undanföllum 12 mánuðum,

— Netið notað til að panta tölvuvélbúnað á undanföllum 12 mánuðum,

— Netið notað til að panta rafeindabúnað (þ.m.t. myndavélar) á undanföllum 12 mánuðum,

— Netið notað til að panta fjarskiptaþjónustu (t.d. sjónvarp, breiðbandsáskriftir, fastlínu- eða farsímaáskriftir, upphaf fjármuna á fyrirframgreidd simakort) á undanföllum 12 mánuðum,

— Netið notað til að kaupa hlutabréf, váttryggingarsamninga og aðra fjármálaþjónustu á undanföllum 12 mánuðum,

— Netið notað til að panta orlofsgistingu (hótel o.s.frv.) á undanföllum 12 mánuðum,

— Netið notað til að panta annars konar ferðatilhögun (farseðlar, bílaleiga o.s.frv.) á undanföllum 12 mánuðum,

— Netið notað til að panta aðgangsmiða á viðburði á undanföllum 12 mánuðum,

— Netið notað til að panta kvikmyndir eða tónlist á undanföllum 12 mánuðum (tilgreinið sérstaklega: hvort afhending fer fram á Netinu),

— Netið notað til að panta bækur, tímarit eða dagblöð (þ.m.t. rafbækur) á undanföllum 12 mánuðum (tilgreinið sérstaklega varðandi rafrænt námsefni: hvort afhending fer fram á Netinu),

— Netið notað til að panta rafrænt námsefni á undanföllum 12 mánuðum (tilgreinið sérstaklega varðandi bækur, tímarit eða dagblöð: hvort afhending fer fram á Netinu),

— Netið notað til að panta skjáleikshugbúnað, annan tölvuhugbúnað eða hugbúnaðaruppfærslur á undanföllum 12 mánuðum (tilgreinið sérstaklega: hvort afhending fer fram á Netinu),

— Netið notað til að panta aðrar vörur eða þjónustu á undanföllum 12 mánuðum,

— vörur eða þjónusta keyptar eða pantaðar á undanföllum 12 mánuðum frá innlendum seljendum,

— vörur eða þjónusta keyptar eða pantaðar á undanföllum 12 mánuðum frá seljendum í öðrum ESB-löndum,

— vörur eða þjónusta keyptar eða pantaðar á undanföllum 12 mánuðum frá seljendum sem eru þriðju aðilar,

— vörur eða þjónusta keyptar eða pantaðar á undanföllum 12 mánuðum: upprunaland seljenda er óþekkt,

- greiðslumáti fyrir vörur eða þjónustu sem pöntuð er á Netinu til einkanota á undanförunum 12 mánuðum: upplýsingar veittar um númer krítar- eða debetkorta yfir Netið,
- greiðslumáti fyrir vörur eða þjónustu sem pöntuð er á Netinu til einkanota á undanförunum 12 mánuðum: upplýsingar veittar um númer fyrirframgreiddra krítarkorta eða reikninga yfir Netið,
- greiðslumáti fyrir vörur eða þjónustu sem pöntuð er á Netinu til einkanota á undanförunum 12 mánuðum: rafræn yfirfærsla greiðslu fyrir milligöngu bankaviðskipta á Netinu,
- greiðslumáti fyrir vörur eða þjónustu sem pöntuð er á Netinu til einkanota á undanförunum 12 mánuðum: greiðsla fer ekki fram yfir Netið (reiðufé, með hefðbundinni bankayfirfærslu o.s.frv.).

#### **Hæfni og leikni í upplýsinga- og fjarskiptatækni**

Könnunaratriði sem á að safna varðandi einstaklinga sem hafa einhvern tíma notað tölvu:

- tölvufærni til að taka afrit af eða færa til skrá eða möppu,
- tölvufærni til að nota afritunar- og límingarverkfæri til að afrita eða færa til upplýsingar innan skjals,
- tölvufærni til að beita einföldum reikniformúlum í töflureikni,
- tölvufærni til að þjappa (e. *zipping*) skrám,
- tölvufærni til að tengja og setja upp nýjan búnað, t.d. mótald,
- tölvufærni til að skrifa tölvuforrit á sérhæfðu forritunarmáli,
- tölvufærni til að millifæra skrár milli tölva og annars búnaðar (frá stafrænni myndavél eða frá/til farsíma, mp3/mp4 spilara),
- (valkvætt) tölvufærni til að breyta eða sannreyna breytur er tengjast samskiptanotkunarhugbúnaðar (að undanþegnum Netvöfrum),
- tölvufærni til að skapa rafræna framsetningu með því að nota hugbúnað til framsetningar (t.d. skyggjur), þ.m.t. hlutir eins og myndir, hljóð, hreyfimyndir eða kort,
- tölvufærni til að setja upp nýtt stýrikerfi eða skipta út eldra stýrikerfi.

#### **Hindranir við notkun á upplýsinga- og fjarskiptatækni og Netinu**

Könnunaratriði sem á að safna varðandi heimili sem ekki hafa aðgang að Netinu:

- ástæða fyrir því að hafa ekki aðgang að Netinu á heimilinu: aðgangur að Netinu annars staðar,
- ástæða fyrir því að hafa ekki aðgang að Netinu á heimilinu: þurfa ekki á Netinu að halda (kemur ekki að notum, vekur ekki athygli o.s.frv.),
- ástæða fyrir því að hafa ekki aðgang að Netinu á heimilinu: kostnaður við búnaðinn er of hár,
- ástæða fyrir því að hafa ekki aðgang að Netinu á heimilinu: aðgangskostnaður er of hár (sími, DSL-tengitækni, áskrift o.s.frv.),
- ástæða fyrir því að hafa ekki aðgang að Netinu á heimilinu: skortur á færni,
- ástæða fyrir því að hafa ekki aðgang að Netinu á heimilinu: áhyggjur af friðhelgi eða öryggi einkalífs,
- ástæða fyrir því að hafa ekki aðgang að Netinu á heimilinu: breiðbandsnetsamband er ekki aðgengilegt á okkar svæði,
- ástæða fyrir því að hafa ekki aðgang að Netinu á heimilinu: önnur.

#### **Notkun einstaklinga á upplýsinga- og fjarskiptatækni til að skiptast á upplýsingum og þjónustu við hið opinbera og opinbera stjórnsýslu (rafræn stjórnsýsla)**

Könnunaratriði sem á að safna varðandi einstaklinga sem hafa notað Netið á undanförunum 12 mánuðum:

- Netið notað í eigin þágu á undanförunum 12 mánuðum til að afla upplýsinga af vefsetrum opinberra yfirvalda eða þjónustuaðila,

- Netið notað í eigin þágu á undanförunum 12 mánuðum til að niðurbíða opinberum eyðublöðum af vefsetrum opinberra yfirvalda eða þjónustuaðila,
- Netið notað í eigin þágu á undanförunum 12 mánuðum til að skila útfylltum vefeyðublöðum til opinberra yfirvalda eða vegna opinberrar þjónustu.

Könnunaratriði sem á að safna varðandi einstaklinga sem skiluðu ekki útfylltum eyðublöðum á vefsetrum opinberra yfirvalda í eigin þágu á undanförunum 12 mánuðum:

- ástæða þess að útfylltum eyðublöðum var ekki skilað á vefsetrum opinberra yfirvalda: ekki þurfti að skila opinberum eyðublöðum.

Könnunaratriði sem á að safna varðandi einstaklinga sem skiluðu ekki útfylltum eyðublöðum á vefsetrum opinberra yfirvalda í eigin þágu á undanförunum 12 mánuðum og nefndu ekki að ástæðan væri sú að þeir þyrftu ekki að skila opinberum eyðublöðum:

- ástæða þess að leggja ekki fram útfyllt eyðublöð til opinberra yfirvalda á Netinu: engin slík vefsetursþjónusta er tiltæk,
- ástæða þess að leggja ekki fram útfyllt eyðublöð til opinberra yfirvalda á Netinu: skortur á færni eða þekkingu (t.d. vissi ekki hvernig nota skyldi vefsetur eða notkunin var of flókin),
- ástæða þess að leggja ekki fram útfyllt eyðublöð til opinberra yfirvalda á Netinu: áhyggjur af vernd og öryggi persónuupplýsinga,
- (valkvætt) ástæða þess að leggja ekki fram útfyllt eyðublöð til opinberra yfirvalda á Netinu: skortur á rafrænni undirskrift eða rafrænum skilríkjum eða rafrænu vottorði (sem krafist er til auðkenningar eða til að geta notað þjónustuna),
- ástæða þess að leggja ekki fram útfyllt eyðublöð til opinberra yfirvalda á Netinu: annar aðili gerði það fyrir mína hönd (t.d. ráðgjafi, skattaráðgjafi, skyldmenni eða aðstandandi),
- ástæða þess að leggja ekki fram útfyllt eyðublöð til opinberra yfirvalda á Netinu: önnur.

#### **Aðgangur að og notkun tækni sem gefur færi á að tengjast Netinu eða öðrum netkerfum hvar og hvenær sem er (gegnumsmeygur tengjanleiki)**

Könnunaratriði sem á að safna varðandi einstaklinga sem hafa notað Netið á undanförunum þremur mánuðum:

- notkun farsíma (eða snjallsíma) til að tengjast Netinu utan heimilis eða vinnustaðar,
- notkun farsíma (eða snjallsíma) um dreifikerfi farsíma til að tengjast Netinu utan heimilis eða vinnustaðar,
- notkun farsíma (eða snjallsíma) um þráðlaust netkerfi (t.d. þráðlausar tengingar (e. *WiFi*)) til að tengjast Netinu utan heimilis eða vinnustaðar,
- notkun ferðatölvu (t.d. fartölvu, spjaldtölvu) til að tengjast Netinu utan heimilis eða vinnustaðar,
- notkun ferðatölvu (t.d. fartölvu, spjaldtölvu) um dreifikerfi farsíma, með því að nota minnislykil, SIM-kort, farsíma eða snjallsíma fyrir mótað, til að tengjast Netinu utan heimilis eða vinnustaðar,
- notkun ferðatölvu (t.d. fartölvu, spjaldtölvu) um þráðlaust netkerfi (t.d. þráðlausar tengingar (e. *WiFi*)) til að tengjast Netinu utan heimilis eða vinnustaðar,
- notkun annars búnaðar til að tengjast Netinu utan heimilis eða vinnustaðar,
- engin farsamskiptatæki eru notuð til að tengjast Netinu utan heimilis eða vinnustaðar.

## 2. UMFANG

- a) Hagskýrslueiningarnar fyrir könnunaratriðin sem skráð eru í b-undirlíð 1. liðar þessa viðauka og tengjast heimilum eru: heimili þar sem a.m.k. einn aðili er í aldurshópnum 16 – 74 ára.
- b) Hagskýrslueiningarnar fyrir könnunaratriðin sem skráð eru í b-undirlíð 1. liðar þessa viðauka og tengjast heimilum eru: aðilar á aldrinum 16 – 74 ára.



- c) Landfræðilegt gildissvið samanstendur af heimilum og/eða einstaklingum sem búa einhvers staðar á yfirráðasvæði aðildarríkisins.

### 3. VIÐMIÐUNARTÍMABIL

Aðalviðmiðunartímabilið fyrir söfnun hagskýrslna er fyrsti ársfjórðungur 2014.

### 4. FÉLAGSLEG- OG HAGRÆN BAKGRUNNSKÖNNUNARTRÍÐI

- a) Safna á eftirtöldum bakgrunnskönnunatriðum varðandi viðfangsefnið og þau könnunatriði þeirra sem talin eru upp í b-lið 1. liðar þessa viðauka og tengjast heimilum:

- búsetusvæði (samkvæmt flokkun svæða í flokkun hagskýrslusvæða 1 (NUTS1)),
- (valkvætt) búsetusvæði samkvæmt flokkun hagskýrslusvæða 2 (NUTS2),
- landfræðileg staðsetning: búseta á landsvæðum sem eru á eftir í þróun; búseta á svæðum í umbreytingarferli; búseta á þróaðri landsvæðum,
- stig þéttbýlismyndunar: búseta á þéttbýlu svæði; búseta á meðalþéttbýlu svæði; búseta á strjálbýlu svæði,
- fjölskyldugerð: fjöldi heimilismanna, (valkvætt) fjöldi einstaklinga 16–24 ára, (valkvætt) fjöldi nema 16–24 ára, (valkvætt) fjöldi einstaklinga 25–64 ára, (valkvætt) fjöldi einstaklinga 65 ára eða eldri (safna skal sérstaklega: fjöldi barna undir 16 ára aldri, (valkvætt) fjöldi barna 14–15 ára, (valkvætt) fjöldi barna 5–13 ára, (valkvætt) fjöldi barna 4 ára og yngri),
- (valkvætt) mánaðarlegar hreinar tekjur heimilis (taka skal saman sem gildi eða í stærðarflokkum sem eru samrýmanlegir tekjufjórðungum),
- (valkvætt) jafngildar mánaðarlegar nettótekjur heimilis, gefnar upp í fimmtungsmörkum.

- b) Safna á eftirtöldum bakgrunnskönnunatriðum varðandi viðfangsefnið og þau könnunatriði þeirra sem talin eru upp í b-undirlið 1. liðar þessa viðauka og tengjast einstaklingum:

- kyn: karl; kona,
- fæðingarland: innfæddir, fæddir utanlands: fæddir í öðru aðildarríki ESB, fæddir utanlands: fæddir í landi utan aðildarríkja ESB,
- ríkisfangsland: innlent, erlent: ríkisfang í öðru aðildarríki ESB, erlent: ríkisfang utan aðildarríkja ESB,
- (valkvætt) hjúskaparstaða að lögum: ógift(ur), gift(ur) (þ.m.t. skráð sambúð), ekkja/ekkill og ekki gift(ur) aftur (þ.m.t. ekkja/ekkill úr skráðri sambúð), fráskilin(n) og ekki gift(ur) á ný (þ.m.t. skilin(n) að borði og sæng og uppleyst skráð sambúð),
- (valkvætt) hjúskaparstaða í reynd: einstaklingur sem býr í óvígðri sambúð (makar eru ekki giftir hvor öðrum), einstaklingur sem býr ekki í óvígðri sambúð,
- aldur í heilum árum, (valkvætt) yngri en 16 ára og/eða eldri en 74 ára,
- menntunarstig (hæsta stig menntunar sem lokið er með árangursríkum hætti) samkvæmt Alþjóðlegu menntunarflokkuninni (ISCED 2011): á lægsta framhaldsskólastigi (ISCED 0, 1 eða 2), efra framhaldsskólastig og viðbótarstig háskólastigs (ISCED 3 eða 4), háskólastig (ISCED 5, 6, 7 eða 8), minna en barnaskólamenntun (ISCED 0), barnaskólamenntun (ISCED 1), unglingsstig (ISCED 2), framhaldsskólamenntun (ISCED 3), viðbótarmenntun eftir framhaldsskóla (ISCED 4), fyrrihlutanám á háskólastigi (ISCED 5), bakkalársstig (BA/BS-próf) eða sambærilegt (ISCED 6), meistarastig eða sambærilegt (ISCED 7), doktorsstig eða sambærilegt (ISCED 8),

- atvinnustaða: starfsmaður eða sjálfstætt starfandi, þ.m.t. einstaklingar sem vinna við fyrirtæki eigin fjölskyldu (valkvætt: starfsmaður eða sjálfstætt starfandi í fullu starfi, starfsmaður eða sjálfstætt starfandi í hlutastarfi, starfsmaður, starfsmaður í föstu starfi eða með ótilgreindan ráðningartíma, starfsmaður í tímabundnu starfi eða með starfssamning í takmarkaðan tíma, sjálfstætt starfandi þ.m.t. einstaklingar sem vinna við fyrirtæki eigin fjölskyldu),
- (valkvætt) atvinnuvegur á vinnumarkaði:

Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endurskoðun, bálkar	Lýsing
A	Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar
B, C, D og E	Framleiðsla, námugróftur, vinnsla hráefna úr jörðu og aðrar atvinnugreinar
F	Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð
G, H og I	Heild- og smásöluverslanir, flutningar, rekstur gististaða og veitingarekstur
J	Upplýsingar og samskipti
K	Fjármála- og váttryggingarstarfsemi
L	Fasteignaviðskipti
M og N	Viðskiptaþjónusta
O, P og Q	Opinber stjórnarsýsla og varnarmál, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta
R, S, T og U	Önnur þjónusta

- atvinnustaða: atvinnulaus; háskólanemar ekki á vinnumarkaði, aðrir sem ekki eru á vinnumarkaði (valkvætt fyrir aðra sem ekki eru á vinnumarkaði: á eftirlaunum, snemmtæknum eftirlaunum eða eru hættir atvinnustarfsemi, varanlega fatlaðir, í skyldubundinni herþjónustu eða þjónustu á vegum sveitarfélaga, heimavinnandi, aðrir einstaklingar utan vinnumarkaðar),
- starfsgrein samkvæmt alþjóðlegu starfsgreinaflokkuninni (ISCO-08): verkafólk, annað starfsfólk en verkafólk, starfsmenn í upplýsinga- og fjarskiptatækni, annað starfsfólk en starfsmenn í upplýsinga- og fjarskiptatækni, (valkvætt) allar starfsgreinar samkvæmt alþjóðlegu starfsgreinaflokkuninni, kóðaðar í tveggja tölustafa þrepi.

## 5. TÍÐNI

Leggja á gögnin fram einu sinni fyrir árið 2014.

## 6. FRESTUR SEM VEITTUR ER TIL AÐ SENDA NIÐURSTÖÐUR

- a) Senda skal stöku gagnaskrárnar til Hagstofu Evrópusambandsins fyrir 5. október 2014, þegar bein auðkenning viðkomandi hagskýrslueininga, sem um getur í 6. gr. og 6. lið II. viðauka reglugerðar (EB) nr. 808/2004, er ekki möguleg. Þann dag verður gagnasafnið að vera fullgert, fullgilt og samþykkt.
- b) Senda á lýsigögnin, sem vísað er til í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 808/2004, til Hagstofu Evrópusambandsins fyrir 31. maí 2014.
- c) Senda á gæðaskýrsluna, sem um getur í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 808/2004, til Hagstofu Evrópubandalaganna fyrir 5. nóvember 2014.
- d) Afhenda skal Hagstofu Evrópusambandsins gögnin og lýsigögnin í samræmi við skiptistaðalinn sem Hagstofa Evrópusambandsins tilgreindi, með því að nota miðlæga gagnagrunnsþjónustu. Afhenda skal lýsigögnin og gæðaskýrsluna á stöðluðu lýsigagnaskipulagi sem Hagstofa Evrópusambandsins hefur skilgreint.

## ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

32014/EES/36/91

frá 23. mars 2011

**um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2002/55/EB að því er varðar skilyrði fyrir því að veita leyfi til að setja á markað litlar pakkningar með blöndum af stöðluðu fræi af mismunandi grænmetisyrkjum sem tilheyra sömu tegund**

(tilkynnt með númeri C(2011) 1760)

(2011/180/ESB) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/55/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu grænmetisfræs,<sup>(1)</sup> einkum 3. mgr. 26. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Nokkur aðildarríki hafa tilkynnt framkvæmdastjórninni að eftirspurn sé á markaðnum eftir litlum pakkningum með blöndum af grænmetisyrkjum sem tilheyra sömu tegund. Því er nauðsynlegt að koma á ítarlegum kröfum að því er varðar slíkar litlar pakkningar.
- 2) Með tilliti til eftirspurnar í viðkomandi aðildarríkjum skal þessi ákvörðun ná yfir allar tegundir sem falla undir gildissvið tilskipunar 2002/55/EB. Hámarksstærð slíkra lítilla pakkninga skal gefin upp sem hámarks eigin þyngd þess fræs sem þær innihalda og eins og hún er skilgreind í g-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/55/EB.
- 3) Koma skal á ítarlegum reglum fyrir merkingu slíkra lítilla pakkninga til að tryggja rekjanleika og fullnægjandi upplýsingar til notenda.
- 4) Aðildarríkin skulu, við árslok 2012, gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um beitingu þessarar ákvörðunar til að gera framkvæmdastjórninni kleift að meta skilvirkni þessarar ákvörðunar og til að greina hugsanleg atriði sem gætu þurft frekari umfjöllunar.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Aðildarríkjunum er heimilt að leyfa sínum framleiðendum að setja á markað litlar pakkningar með blöndum af stöðluðu fræi af þeim tegundunum sem eru skráðar í b-lið 1. mgr. 2. gr.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 78, 24.3.2011, bls. 55. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 34, 21.6.2012, bls. 7.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 33.

tilskipunar 2002/55/EB. Slíkar litlar pakkningar mega eingöngu innihalda mismunandi yrki af sömu tegund.

2. gr.

Litlu pakkningarnar sem um getur í 1. gr. mega innihalda fræ upp að þeirri eigin þyngd sem mælt er fyrir um í g-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/55/EB.

3. gr.

Aðildarríki skulu tryggja að á litlum pakkningum, eins og um getur í 1. gr., sé merkimiði birgis eða prentuð eða stimpluð tilkynning.

Á þessum merkimiða eða þeirri tilkynningu skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- a) orðin „ESB-reglur og -staðlar“,
- b) nafn og heimilisfang eða auðkennismerki þess aðila sem ber ábyrgð á að festa merkimiðann á,
- c) árið þegar pakkningunni var lokað, gefið upp sem: „lokað...“ (ár) eða það ár þegar síðasta sýnataka fór fram í þeim tilgangi að gera síðustu prófun á spírunarhæfni, gefið upp sem: „sýni tekið...“ (ár), bæta má við upplýsingunum „notist fyrir...“ (dagsetning),
- d) orðin „blanda með yrkjum af...“ (heiti tegundar),
- e) yrkisheitin,
- f) hlutfall yrkjanna, gefið upp sem eigin þyngd eða sem fjöldi fræja,
- g) tilvísunarnúmer framleiðslueiningarinnar, sem úthlutað er af þeim aðila sem ber ábyrgð á því að festa merkimiðana á,
- h) uppgefin eigin eða heildarþyngd eða uppgefinn fjöldi fræja,
- i) tegund efnameðhöndlunar eða aukefnis og einnig nálgunarhlutfall milli þyngdar fræklasa eða hreinna fræja og heildarþyngdar þegar þyngd er tilgreind og notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur aukefni á föstu formi.

4. gr.

Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um beitingu þessarar ákvörðunar fyrir 31. desember 2012.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. mars 2011.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

John DALLI

*framkvæmdastjóri.*

---

## FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/36/92

frá 10. febrúar 2012

## um breytingu á ákvörðun 2007/453/EB að því er varðar stöðu Danmerkur og Panama með tilliti til kúariðu

(tilkynnt með númeri C(2012) 678)

(2012/111/ESB) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrönnunar<sup>(1)</sup>, einkum þriðju undirgrein 2. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru settar reglur um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu smitandi svampheilakvilla [áður smitandi heilahrönnun] í dýrum. Í þessu skyni skal, skv. 1. mgr. 5. gr. og II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, ákvarða stöðu aðildarríkja eða þriðju landa eða svæða innan þeirra (hér á eftir „landa eða svæða“) með tilliti til kúariðu, með því að flokka þau í einn af þremur flokkum eftir áhættu í tengslum við kúariðu, nánar tiltekið óverulega áhættu í tengslum við kúariðu, áhættu í tengslum við kúariðu sem er haldið í skefjum og óskilgreinda áhættu í tengslum við kúariðu.
- 2) Í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB frá 29. júní 2007 um að ákvarða stöðu aðildarríkja, þriðju landa eða tiltekinna svæða innan þeirra með tilliti til kúariðu út frá áhættu á sjúkdómnum<sup>(2)</sup> er skrá yfir lönd eða svæði með tilliti til stöðu þeirra varðandi áhættu í tengslum við kúariðu.
- 3) Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin (OIE) er í forystuhlutverki hvað varðar flokkun landa eða svæða samkvæmt áhættu í tengslum við kúariðu og notar viðmiðanir sem eru jafngildar þeim sem voru fastsettar í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001. Skráin í viðaukanum við ákvörðun 2007/453/EB er tekin saman með hliðsjón af ályktun nr. 18 — Viðurkenning á stöðu

aðila með tilliti til áhættu í tengslum við kúariðu —sem Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin samþykkti í maí 2010 að því er varðar stöðu aðildarríkja og þriðju landa með tilliti til kúariðu<sup>(3)</sup>.

- 4) Í maí 2011 samþykkti Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin ályktun nr. 17 — Viðurkenning á stöðu aðila með tilliti til kúariðu. Í þeirri ályktun eru Danmörk og Panama viðurkennd sem lönd þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg. Því ber að breyta skránni í viðaukanum við ákvörðun 2007/453/EB svo hún verði í samræmi við þá ályktun að því er varðar þessi lönd<sup>(4)</sup>.
- 5) Því ber að breyta ákvörðun 2007/453/EB til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra,

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við ákvörðun 2007/453/EB komi textinn í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John DALLI

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 50, 23.2.2012, bls. 49. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 192/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 6, 24.1.2013, bls. 3.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 172, 30.6.2007, bls. 84.

<sup>(3)</sup> Sjá bls. 44 og 158 í skýrslu aðalfundar 23.–28. maí 2010 á [http://www.oie.int/eng/session2011/A\\_FR\\_2010PUB.pdf](http://www.oie.int/eng/session2011/A_FR_2010PUB.pdf)

<sup>(4)</sup> Sjá bls. 49 og 149 í skýrslu aðalfundar 22.–27. maí 2011 á [http://www.oie.int/fileadmin/Home/eng/About\\_us/docs/pdf/A\\_FR\\_2011\\_PUB.pdf](http://www.oie.int/fileadmin/Home/eng/About_us/docs/pdf/A_FR_2011_PUB.pdf)

## VIÐAUKI

## „VIÐAUKI

## SKRÁ YFIR LÖND EÐA SVÆÐI

## A. Lönd eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg

*Aðildarríki*

- Danmörk
- Finnland
- Svíþjóð

*EFTA-lönd*

- Ísland
- Noregur

*Þriðju lönd*

- Argentína
- Ástralía
- Síle
- Indland
- Nýja-Sjáland
- Panama
- Paragvæ
- Perú
- Singapúr
- Úrúgvæ

## B. Lönd eða svæði þar sem áhættu í tengslum við kúariðu er haldið í skefjum

*Aðildarríki*

- Belgía, Búlgaría, Tékkland, Þýskaland, Eistland, Írland, Grikkland, Spánn, Frakkland, Ítalía, Kýpur, Lettland, Litháen, Lúxemborg, Ungverjaland, Malta, Holland, Austurríki, Pólland, Portúgal, Rúmenía, Slóvenía, Slóvakía, Bretland

*EFTA-lönd*

- Liechtenstein
- Sviss

*Þriðju lönd*

- Brasilía
- Kanada
- Kólumbía
- Japan
- Mexíkó
- Suður-Kórea
- Taívan
- Bandaríkin

## C. Lönd eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óskilgreind

- Lönd eða svæði sem ekki eru skráð í A- eða B-lið þessa viðauka.“
-